Ýmsar tekjur		1,0
Samtals		**100,0**

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1976, fjárlögum 1977 og frumvarpi til fjárlaga 1978, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti) [1]

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**547 525**	**556 226**	**925 286**
101	Embætti forseta Íslands	25 931	48 252	40 557
201	Alþingi	443 280	434 400	770 795
301	Ríkisstjórn	55 509	47 423	75 763
401	Hæstiréttur	22 805	26 151	38 171
01	**Forsætisráðuneytið**	**1 225 911**	**1 740 042**	**2 568 567**
101	Aðalskrifstofan	52 021	46 590	61 278
102	Þjóðhagsstofnun	27 504	33 613	48 243
171	Framlag til Byggðasjóðs	1 123 000	1 630 000	2 409 000
901	Húsameistari ríkisins	13 072	16 692	31 860
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	10 314	13 147	18 186
02	**Menntamálaráðuneytið**	**11 392 165**	**13 460 637**	**19 734 423**
101	Aðalskrifstofa	168 427	155 556	220 598
201	Háskóli Íslands	676 440	999 843	1 417 461
202	Tilraunastöð háskólans á Keldum	26 695	33 550	61 421
203	Raunvísindastofnun háskólans	90 356	118 730	172 208
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	36 280	49 321	65 773
206	Orðabók háskólans	10 355	13 929	20 847
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	21 569	29 370	39 503
232	Rannsóknaráð ríkisins	25 523	27 170	43 700
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	52 590	55 641	56 000
301	Menntaskólinn í Reykjavík	121 836	149 411	203 552
302	Menntaskólinn á Akureyri	104 923	121 997	177 531
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	47 301	39 886	61 902
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	153 098	163 841	246 711
305	Menntaskólinn við Tjörnina / Sund	127 194	167 652	258 351
306	Menntaskólinn á Ísafirði	61 222	70 520	89 442
307	Menntaskóli á Austurlandi, bygging	33 001	71 000	143 000
308	Menntaskólinn í Kópavogi	37 369	45 746	82 993
319	Menntaskólar, almennt	1 588	77 677	107 567
321	Kennaraháskóli Íslands	186 368	198 430	308 256
322	Æfinga- og tilraunaskóli kennarahás.		44 957	66 909
331	Íþróttakennaraskóli Íslands	17 757	25 276	37 350
336	Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	7 208	11 292	12 652
351	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	159 427	135 331	251 220
352	Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	74 727	70 414	98 430
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	23 002	52 305	143 864
354	Fjölbrautaskólinn á Akranesi	—	—	41 949
421	Fræðslumyndasafn	9 257	14 374	18 939
422	Ríkisútgáfa námsbóka	119 965	128 510	168 326
423	Endurskoðun námsefnis	46 615	52 858	87 987

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
431	Iðnfræðsluráð	21 517	34 170	53 607
501	Tækniskóli Íslands	142 000	163 302	193 184
506	Vélskóli Íslands	84 045	100 279	126 992
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	37 992	50 735	73 370
514	Iðnskólinn í Reykjavík	201 391	197 196	335 602
515	Iðnskólar utan Reykjavíkur	116 052	106 980	158 452
516	Iðnskólar, almennt	*	52 800	73 000
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	21 635	19 945	31 874
518	Fiskvinnsluskólinn	21 174	25 219	29 793
521	Hjúkrunarskóli Íslands	88 440	97 728	90 152
522	Nýi hjúkrunarskólinn	22 316	21 324	25 702
523	Fósturskóli Íslands	14 275	20 582	31 638
553	Hússtjórnarskólar	82 090	90 763	127 182
561	Myndlista- og handíðaskólinn	27 303	31 610	45 382
562	Leiklistarskólinn	16 914	27 122	39 140
563	Tónlistarfræðsla	94 191	155 488	252 665
571	Sjómannaskólahúsið	47 682	55 087	69 389
581	Verslunarskólar	83 881	151 114	208 522
582	Stýrimannaskólinn í Vestm.eyjum	618	4 807	7 113
601	Héraðsskólinn í Reykholti	35 983	25 267	37 615
602	Héraðsskólinn á Núpi	41 321	29 033	42 549
603	Héraðsskólinn í Reykjanesi	30 078	19 502	28 436
604	Héraðsskólinn á Reykjum	67 074	23 518	35 473
605	Alþýðuskólinn á Eiðum	42 430	31 937	45 351
606	Héraðsskólinn að Skógum	28 229	24 836	35 366
607	Héraðsskólinn á Laugarvatni	24 383	20 180	28 878
609	Héraðsskólinn á Laugum	62 055	23 118	37 141
610	Héraðsskólar, almennt	*1 218	164 500	211 000
621	Skálholtsskóli	5 000	6 000	14 615
679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	4 233	4 000	4 000
700	Grunnskólar í Reykjavík	1 429 948	1 232 536	1 793 079
710	Grunnskólar, Reykjanesumdæmi	937 452	828 845	1 211 941
730	Grunnskólar, Vesturlandsumdæmi	360 257	324 914	487 285
740	Grunnskólar, Vestfjarðaumdæmi	241 452	218 237	325 160
750	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	338 870	266 625	391 396
760	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	612 287	544 071	804 081
770	Grunnskólar, Austurlandsumdæmi	348 962	331 924	456 293
780	Grunnskólar, Suðurlandsumdæmi	499 919	421 540	684 780
791	Grunnskólar, almennt	74 238	214 969	284 211
792	Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra	*	1 312 070	1 655 000
793	Bygging skóla f. þroskahömluð börn	5 586	45 000	60 000
797	Stofnanir afbrigðilegra barna	126 643	167 733	312 770
799	Heyrnlevsingjaskólinn	44 965	46 672	72 403
800	Dagheimili fyrir fjölfötluð börn	8 461	—	—
801	Vistheimilið Breiðavík	14 978	12 196	14 545
802	Vernd barna og ungmenna	2 342	6 853	11 237

* Gjöldum skipt á viðkomandi skóla eða stofnanir.

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
803	Dagvistarheimili, stofnkostnaður ..	82 031	110 700	165 000
871	Upptökuheimilið í Kópavogi	17 637	16 388	24 982
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna ..	1 245 869	1 000 000	1 408 135
881	Náms- og fræðimenn, framlög	24 728	43 220	45 800
882	Styrkur til myndlistarskóla	1 368	1 750	1 750
883	Til lektora í íslensku við erlenda háskóla	1 264	1 627	2 464
884	Til jöfnunar á námskostnaði	130 809	170 000	200 000
885	Fullorðinsfræðsla	2 631	3 200	3 200
901	Landsbókasafn Íslands	39 294	50 518	68 637
902	Þjóðminjasafn Íslands	54 320	60 488	86 539
903	Þjóðskjalasafn Íslands	19 193	24 979	33 151
904	Safnahúsið	6 262	7 106	9 976
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	3 311	2 527	3 810
906	Listasafn Einars Jónssonar	2 331	3 120	2 566
907	Listasafn Íslands	30 273	65 260	89 303
931	Náttúruverndarráð	39 838	52 465	70 148
972	Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgj.	87 806	95 000	340 000
973	Þjóðleikhúsið, framlög	199 059	260 937	359 053
974	Sinfóníuhljómsveitin	65 213	60 857	82 236
975	Vísindasjóður	9 750	5 000	5 000
976	Menningarsjóður, framlag	18 325	21 800	30 000
977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu ..	4 913	50 000	270 000
981	Almenningsbókasöfn	4 400	—	—
982	Listir, framlög	89 948	105 203	125 515
983	Ýmis vísindaleg starfsemi	4 585	5 056	1 400
984	Norræn samvinna	12 236	17 236	24 189
985	Félagsheimilasjóður	73 510	90 900	130 500
986	Íþróttasjóður	94 895	143 780	261 340
987	Endurbætur á Viðeyjarstofu	3 665	4 000	5 000
988	Æskulýðsmál	11 330	19 770	23 720
989	Ýmis íþróttamál	25 495	36 932	48 732
991	Húsfriðunarsjóður	4 116	6 503	7 171
998	Ýmsir styrkir (áður á 1-02-101) ..	—	10 000	—
999	Ýmislegt	29 787	37 401	43 300
03	**Utanríkisráðuneytið**	**917 106**	**1 020 590**	**1 355 036**
101	Aðalskrifstofa	153 405	150 877	202 344
102	**Varnarmáladeild**	16 805	17 901	23 000
201	Lögreglustjórinn á Keflav.flugvelli ..	176 686	191 707	281 736
301	Sendiráðið í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði	46 161	29 818	39 498
302	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	32 861	36 666	39 476
303	Sendiráðið í London	26 460	35 114	40 046
304	Sendiráðið í Moskvu	23 887	26 730	33 011
305	Sendiráðið í Osló	38 013	38 946	36 483
306	Sendiráðið í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	34 942	39 105	46 216
307	Sendiráðið í Stokkhólmi	22 867	26 347	31 756
308	Sendiráðið í Washington	34 959	37 708	36 106

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
309	Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðism.skrifstofa Íslands í New York	61 576	41 534	47 866
311	Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO	32 753	42 091	58 823
312	Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	29 663	35 621	35 880
313	Sendiráð, almennt	—	29 000	—
399	Ýmis utanríkismál	13 890	32 300	48 600
401	Alþjóðastofnanir	172 178	209 125	354 195
04	**Landbúnaðarráðuneytið**	**3 725 084**	**4 845 588**	**6 871 282**
101	Aðalskrifstofa	25 020	29 464	44 957
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	22 258	38 390	41 650
172	Jarðasjóður	4 106	12 000	12 000
201	Búnaðarfélag Íslands	100 412	131 694	181 511
205	Veiðistjóri	23 892	17 813	26 248
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	166 481	224 230	324 518
231	Skógrækt ríkisins	137 578	166 020	228 583
235	Landgræðsla ríkisins	265 704	381 803	488 134
236	Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsh.	9 500	—	—
241	Landnám ríkisins	66 642	92 782	78 502
242	Mat á landbúnaðarafurðum	2 223	5 869	10 904
243	Sauðfjárveikivarnir	34 798	43 026	58 527
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	2 902	3 877	6 913
246	Veiðimálaskrifstofan	32 939	36 401	72 913
247	Embætti yfirdýralæknis	67 789	86 085	113 414
271	Landgræðslusjóður, framlag	17 461	20 378	19 380
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	15 642	14 289	14 082
286	Landbúnaður, framlög	41 718	85 440	92 440
287	Stofnlánadeild landbúnaðarins	263 335	392 200	490 700
288	Jarðræktarframlög	539 624	720 317	872 675
289	Til framræslu	80 000	150 000	200 000
290	Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir	1 545 979	1 800 000	2 963 000
291	Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973	54 800	90 108	126 623
299	Ýmis starfsemi á sviði landbún.mála	14 680	105 031	111 199
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	122 206	105 946	156 879
502	Bændaskólinn á Hólum	26 477	39 680	58 104
503	Garðyrkjuskólinn á Reykjum	40 918	47 745	72 426
504	Bændaskóli í Odda	—	5 000	5 000
05	**Sjávarútvegsráðuneytið**	**2 057 318**	**2 161 762**	**3 090 230**
101	Aðalskrifstofa	44 395	40 215	60 921
201	Fiskifélag Íslands	51 061	65 661	95 492
202	Hafrannsóknastofnun	594 585	619 999	851 219
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	69 773	94 121	143 957
215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	170 167	168 764	251 073
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	10 224	9 722	16 288
222	Síldarverksmiðjur ríkisins	20 052	—	—
271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	67 457	86 753	66 736
272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	8 178	11 658	14 850

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
274	Aflatryggingasjóður	134 747	164 500	274 500
298	Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun	—	150 000	150 000
299	Ýmislegt á sviði sjávarútvegs	831 440	676 519	1 061 657
901	Skrifst. rannsóknastofnana atvinnuveganna	55 239	73 850	103 537
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**	4 535 108	5 307 045	7 380 281
101	Aðalskrifstofa	36 027	38 244	57 913
102	Stjórnartíðindi	23 132	21 609	28 916
103	Kosningar	237	—	—
201	Hæstiréttur	17 427	19 830	27 216
202	Ríkissaksóknari	26 701	35 040	52 528
203	Borgardómaraembættið	50 443	58 253	87 108
204	Borgarfógetaembættið	56 896	58 503	85 259
205	Sakadómaraembættið	148 033	157 094	107 431
206	Lögreglustjórinn í Reykjavík	703 484	868 358	1 271 304
207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	2 376	12 090	9 500
208	Rannsóknarlögregla ríkisins	—	15 000	250 933
211	Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	4 557	2 600	3 000
212	Bæjarfógetinn, Akranesi	49 981	44 239	64 760
213	Sýslumaðurinn, Borgarnesi	27 359	50 033	77 649
214	Sýslumaðurinn, Stykkishólmi	51 965	55 947	76 264
215	Sýslumaðurinn, Búðardal	9 431	10 137	13 681
216	Sýslumaðurinn, Patreksfirði	30 160	33 341	47 464
217	Bæjarfógetinn, Bolungarvík	19 856	21 184	32 439
218	Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði	52 359	49 079	67 344
219	Sýslumaðurinn, Hólmavík	8 909	9 910	13 538
221	Sýslumaðurinn, Blönduósi	40 140	37 436	51 786
222	Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkr.	29 925	28 985	43 580
223	Bæjarfógetinn, Siglufirði	30 138	32 439	45 358
224	Bæjarfógetinn, Ólafsfirði	16 062	15 209	21 851
225	Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri	107 399	124 475	190 276
226	Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík	70 369	67 409	91 174
227	Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisf.	33 257	28 213	41 201
228	Bæjarfógetinn, Neskaupstað	17 727	17 486	24 898
229	Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði	43 893	53 538	85 048
230	Sýslumaðurinn, Höfn í Hornafirði	20 852	21 350	30 499
231	Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal	17 521	16 761	20 434
232	Sýslumaðurinn, Hvolsvelli	26 829	28 369	35 485
233	Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum	74 654	77 951	112 512
234	Sýslumaðurinn, Selfossi	79 871	66 159	96 703
235	Sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík	158 163	147 729	234 487
236	Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarf.	187 283	183 313	259 983
237	Bæjarfógetinn, Kópavogi	99 213	107 747	157 129
238	Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	11 217	13 389	17 872
241	Hegningarhús	26 623	31 431	45 276
242	Vinnuhælið á Litla-Hrauni	93 296	92 077	133 901
243	Vinnuhælið á Kvíabryggju	22 875	21 302	29 634

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
244	Fangelsi í Síðumúla	34 005	33 252	48 229
247	Eftirlitsstofnun með brotamönnum	3 551	5 160	6 899
251	Landhelgisgæsla	1 358 419	1 662 528	2 038 591
252	Bifreiðaeftirlit	131 326	151 310	208 844
253	Almannavarnir	17 719	18 700	24 802
254	Sjómælingar og sjókortagerð	26 746	31 412	46 896
255	Umferðarráð	19 469	19 263	25 663
261	Öryggiseftirlit ríkisins	÷ 398	—	—
262	Löggildingarstofan	6 100	24 799	14 008
281	Dómsmál, ýmis kostnaður	49 223	37 297	52 635
282	Ýmis löggæslukostnaður	23 620	33 830	45 011
283	Fangamál, ýmis kostnaður	22 484	112 900	141 373
284	Áfengis- og fíkniefnamál	1 045	1 456	2 271
301	Þjóðkirkjan	299 584	375 667	538 625
371	Kirkjubyggingasjóður	9 500	12 000	15 000
372	Kirkjugarðasjóður	95	100	100
373	Kristnisjóður	5 980	14 112	28 000
07	**Félagsmálaráðuneytið**	**3 227 321**	**3 947 670**	**5 373 957**
101	Aðalskrifstofa	22 651	23 784	35 977
271	Húsnæðismálastofnun ríkisins	2 568 010	2 948 280	4 308 000
272	Byggingarsjóður verkamanna	218 552	325 000	300 000
301	Skipulagsstjóri	47 173	89 500	116 000
371	Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga	65 985	82 500	112 500
372	Landakaup kaupstaða og kauptúna	10 000	10 000	10 000
391	Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu	—	40 000	—
399	Vatnsveitur	29 492	38 000	50 000
951	Brunamálastofnun ríkisins	÷ 2 639	—	—
952	Endurhæfingarráð	4 574	5 389	7 794
953	Jafnréttisráð	1 476	3 600	5 780
971	Erfðafjársjóður, framlag	74 185	70 000	70 000
972	Bjargráðasjóður	45 546	40 000	71 600
974	Styrktarsjóður fatlaðra	3 800	5 000	5 000
975	Styrktarsjóður vangefinna	31 200	105 000	105 000
981	Vinnumál	31 121	37 450	45 451
999	Ýmis framlög	76 195	124 167	130 855
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**	**22 632 976**	**29 562 306**	**40 782 384**
101	Aðalskrifstofa	41 363	53 155	73 496
271	Tryggingastofnun ríkisins	19 905 183	21 691 500	30 106 000
273	Framlag til atvinnuleysistryggingasj.	719 683	1 017 000	1 390 200
301	Landlæknisembættið	15 938	22 408	33 592
302	Ríkisspítalar, skrifstofa	79 966	91 589	128 380
311	Rannsóknastofa háskólans	128 752	61 274	122 189
312	Blóðbankinn	34 117	22 078	43 477
321	Geislavarnir ríkisins	4 880	5 646	8 097
322	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	14 304	22 727	29 678
323	Tryggingaeftirlitið	÷ 1 576	—	—

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
361	Holdsveikraspítalinn í Kópavogi ..	135	—	—
371	Landspítalinn	318 297	2 714 900	3 728 841
372	Fæðingardeild Landspítalans	66 051	437 200	458 019
373	Kleppsspítali	20 242	826 700	1 147 059
374	Vífilsstaðaspítali	27 714	320 500	409 487
375	Kristneshælið	11 678	147 800	194 790
376	Kópavogshælið	—	351 700	506 550
377	Vistheimilið Gunnarsholti	—	50 000	75 660
378	Læknishéraðasjóður	8 787	9 000	18 000
379	Til kaupa á Landakotsspítala	—	70 000	—
380	Námslán læknastúdenta	—	3 000	3 000
381	Til sjúkrahúsa og læknabústaða	835 089	1 080 977	1 489 097
391	Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	211 437	278 750	423 299
392	Berklavarnir	5 741	3 851	7 523
393	Skólayfirlæknisembættið	3 516	4 017	6 124
399	Ýmis heilbrigðismál	105 990	169 832	258 574
471	Gæsluvistarsjóður, framlag	25 240	64 900	64 900
481	Bindindisstarfsemi	13 190	14 157	18 135
501	Ljósmæðraskóli Íslands	12 972	14 630	21 327
502	Þroskaþjálfaskólinn	24 287	13 015	16 890
09	**Fjármálaráðuneytið**	**2 901 382**	**6 011 535**	**6 158 789**
101	Aðalskrifstofa	73 919	97 302	140 213
103	Ríkisbókhald	54 313	71 039	100 451
104	Ríkisfjárhirsla	17 221	18 271	28 501
201	Embætti ríkisskattstjóra	63 965	80 961	138 826
202	Skattstofan í Reykjavík	124 944	145 275	210 747
203	Skattstofa Vesturl.umdæmis, Akran.	16 813	20 995	30 406
204	Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði	16 953	19 888	31 327
205	Skattstofa Norðurl.umdæmis vestra, Siglufirði	17 547	21 413	30 906
206	Skattstofa Norðurl.umdæmis eystra, Akureyri	27 380	35 384	55 540
207	Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	16 008	17 293	27 848
208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	15 628	17 793	32 484
209	Skattstofa Vestmannaeyja	7 648	9 583	11 640
211	Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafn.	41 564	52 154	74 472
212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	53 765	45 000	51 721
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	12 371	15 023	22 654
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	33 983	40 000	63 162
261	Tollstjórinn í Reykjavík	155 115	130 876	194 830
263	Tollgæsla	161 019	195 180	273 473
282	Tollamál, sameiginlegur kostnaður ..	8 933	9 000	10 000
381	Uppbætur á lífeyri	689 746	796 000	2 090 925
382	Eftirlaun samkvæmt launalögum ..	10 999	11 550	17 153
383	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn	28 045	22 760	22 760
384	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur		15 800	15 800
402	Fasteignamat ríkisins	39 166	38 000	63 832

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	2 810	150 000	150 000
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	13 980	21 926	23 872
971	Ríkisábyrgðasjóður, framlag	612 495	866 700	566 000
981	Skrifstofubygging við Grensásveg	56 000	86 200	105 000
989	Vegna launa- og verðlagsmála	*	2 007 000	—
999	Ýmislegt	529 052	953 169	1 574 246
10	**Samgönguráðuneytið**	**7 945 139**	**9 324 436**	**13 968 311**
101	Aðalskrifstofa	30 841	27 378	42 474
211	Vegagerð ríkisins	4 852 613	5 650 460	9 604 000
321	Strandferðir, framlög	299 731	350 726	355 665
325	Rekstrardeild ríkisskipa	21 951	26 021	37 231
331	Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa	30 641	344 150	64 998
332	Vitamál	93 586	122 340	181 961
333	Hafnamál	1 644 000	1 572 797	1 920 496
341	Siglingamálastofnun ríkisins	57 983	66 626	107 493
342	Sjóslysanefnd	4 530	4 183	6 239
471	Flugmálastjórn	648 023	901 357	1 249 206
481	Flugbjörgunarsveitir, framlög	500	700	700
651	Ferðamál	62 823	36 833	40 000
652	Veðurstofan	151 573	181 948	290 974
656	Landmælingar	31 112	30 417	49 874
672	Sérleyfissjóður	10 664	8 500	17 000
673	Ferðaskrifstofa ríkisins	4 568	—	—
11	**Iðnaðarráðuneytið**	**1 638 046**	**2 846 142**	**3 805 872**
101	Aðalskrifstofa	29 106	32 792	48 072
201	Iðnþróunarstofnun Íslands	37 947	83 968	107 396
202	Rannsóknastofnun iðnaðarins	39 240	53 047	74 454
203	Rannsóknastofnun byggingaiðn.	53 891	61 820	92 845
204	Verkstjórnarnámskeið	2 976	5 343	8 034
205	Stjórnunarnámskeið	3 700	4 800	6 692
206	Námskeið í stjórn vinnuvéla	2 531	4 093	5 784
207	Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði	3 564	7 000	12 000
221	Lánasjóður iðnaðarins	75 000	200 000	300 000
233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	35 000	12 000	—
234	Lagmetisiðjan Siglósíld	10 000	—	—
235	Fyrirtæki og stofnanir, framlög	117 875	55 000	17 400
299	Iðja og iðnaður, framlög	40 486	45 355	51 475
301	Orkustofnun	408 516	473 936	802 620
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	61 526	81 988	104 100
311	Landsvirkjun, eiginfjárframlag	52 250	—	—
371	Orkusjóður	664 438	1 725 000	2 175 000

* Gjöldum skipt á viðkomandi skóla eða stofnanir.

		Reikn. 1976 þús. kr.	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frv. 1978 þús. kr.
12	**Viðskiptaráðuneytið**	**5 241 558**	**5 897 244**	**7 527 003**
101	Aðalskrifstofa	30 911	35 157	51 927
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	5 156 773	5 102 000	6 531 000
202	Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar	—	698 000	856 000
902	Verðlagsskrifstofan	52 449	60 587	86 576
999	Vörusýningar erlendis	1 425	1 500	1 500
13	**Hagstofa Íslands**	**55 379**	**69 310**	**97 495**
101	Aðalskrifstofa	38 615	51 451	71 085
102	Þjóðskráin	16 764	17 859	26 410
14	**Ríkisendurskoðun**	**63 808**	**83 415**	**128 720**
101	Aðalskrifstofan	63 808	83 415	128 720
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**	**2 401 940**	**2 319 299**	**3 378 086**
101	Aðalskrifstofa	30 336	39 155	54 857
181	Ríkisbifreiðir, framlög	*	9 500	12 000
991	Ýmis lán ríkissjóðs	2 371 604	2 270 644	3 311 229
	Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)	**70 507 766**	**89 153 247**	**123 145 722**

* Gjöldum skipt á viðkomandi skóla eða stofnanir.

13. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár

		Kr.
09 382	Samkvæmt launalögum	17 153 000
	Samtals	17 153 000

		Kr.
09 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:	
	Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	120 000
	Aðalsteinn Hallsson, fyrrv. kennari	120 000
	Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður	110 000
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm. ..	210 000
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	90 000
	Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	90 000
	Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	180 000
	Ágúst Kvaran	180 000
	Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	120 000
	Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	100 000
	Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	90 000
	Ásgrímur Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
	Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
	Benedikt Gíslason	210 000
	Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	110 000
	Bergþóra Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	110 000
	Bjarni Ó. Frímannsson, fyrrv. símstjóri	120 000
	Bjarni Jónasson, fyrrv. hreppstjóri	100 000
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. hreppstjóri	100 000
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	90 000
	Bjarni Þorsteinsson	90 000
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
	Björn Einarsson	180 000
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	90 000
	Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	120 000
	Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	260 000
	Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	110 000
	Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	120 000
	Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	110 000
	Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	90 000
	Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	170 000
	Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður ..	110 000
	Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	90 000
	Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	120 000
	Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	110 000
	Emilía Jónasdóttir, leikkona	110 000
	Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	90 000
	Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	150 000
	Eyjólfur J. Stefánsson, fyrrv. söngkennari	100 000
	Finnbogi Lárusson	90 000
	Friðrik Þorvaldsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður ..	130 000

	Kr.
Gísli Guðnason, fyrrv. símstjóri	100 000
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu	110 000
Gísli Sigurðsson	90 000
Grímur Grímsson, fyrrv. næturvörður hjá Alþingi	120 000
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Guðbrandur Benediktsson	90 000
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	90 000
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	90 000
Guðjón Pétursson	120 000
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	90 000
Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	140 000
Guðmundur Guðjónsson, fyrrv. vitagæslumaður	120 000
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	90 000
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	90 000
Guðmundur Þórðarson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Guðríður Einarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Guðrún Davíðsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	100 000
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	110 000
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Gunnar Snjólfsson, fyrrv. hreppstjóri	120 000
Gunnar Þórðarson	120 000
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	90 000
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	120 000
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	90 000
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	190 000
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	90 000
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	120 000
Hálfdán Björnsson	110 000
Helgi Ágústsson	150 000
Helgi Eleesarsson, fyrrv. starfsm. Rafmagnsveitna ríkisins	110 000
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Helgi Kjartansson	90 000
Helgi Tryggvason, bókbindari	110 000
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	110 000
Herdís Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	100 000
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	100 000
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	90 000
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	150 000
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	110 000

	Kr.
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	100 000
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	90 000
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	380 000
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	110 000
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	110 000
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	90 000
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsmaður vitamálastj.	110 000
Jóhann J. E. Kúld, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Jóhann Pétursson, Svarfdælingur	190 000
Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	90 000
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	90 000
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	90 000
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	100 000
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður	120 000
Jón Sigtryggsson, fyrrv. fiskmatsmaður	100 000
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	150 000
Jón Þorkelsson, fyrrv. síldarmatsmaður	90 000
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	90 000
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	90 000
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	120 000
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	90 000
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	90 000
Karl Árnason, fyrrv. póstur	90 000
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000
Klara Guðmundsdóttir	120 000
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Kristín Ingileifsdóttir	130 000
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Kristín Pálmadóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	100 000
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	110 000
Kristján Albertsson, rithöfundur	140 000
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	120 000
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	90 000
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	90 000
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	120 000
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000
Magnús Magnússon, rithöfundur	110 000
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþ.	200 000
María Markan, óperusöngkona	140 000
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000
Nína Sveinsdóttir, leikkona	110 000
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	90 000
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	90 000

	Kr.	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	110 000	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	90 000	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	90 000	
Ólafur Magnússon	120 000	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	150 000	
Óscar Clausen, rithöfundur	140 000	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	110 000	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	90 000	
Ragnheiður Böðvarsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	100 000	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	90 000	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	120 000	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	90 000	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.k.	160 000	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	100 000	
Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri	100 000	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. símaafgr.kona	120 000	
Sigurður Erlendsson, fyrrv. hreppstjóri	100 000	
Sigurður Greipsson	180 000	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	90 000	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	110 000	
Sigurjón Sigurbjörnsson, fyrrv. tollvörður	110 000	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	90 000	
Skúli Skúlason frá Odda	210 000	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	90 000	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	90 000	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	120 000	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	90 000	
Steinþór Þórðarson, fyrrv. símstöðvarstjóri	100 000	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	90 000	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000	
Sörli Hjálmarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000	
Tryggvi Helgason	100 000	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	110 000	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	90 000	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	110 000	
Þorleifur Jónsson	170 000	
Þorsteinn Jónasson, fyrrv. hreppstjóri	120 000	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Þórður Benediktsson	210 000	
Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	90 000	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	90 000	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	110 000	
Samtals		**22 760 000**

09 384 Ekkjur:	Kr.
Agnethe Kamban	190 000
Anna Ólafsdóttir	90 000
Anna Jakobína Árnadóttir	90 000
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	90 000
Arnbjörg Halldórsdóttir	120 000
Arnþrúður Daníelsdóttir	90 000
Ágústa Jónsdóttir	150 000
Ágústa Sigurðardóttir	90 000
Árný Stígsdóttir	90 000
Áslaug Nielsen	120 000
Ásta Jónsdóttir	240 000
Ásta Ólafsdóttir	110 000
Ástríður Eggertsdóttir	90 000
Ástríður Magnúsdóttir	90 000
Björg Þórðardóttir	90 000
Borghildur Thorarensen	150 000
Bryndís Þórarinsdóttir	110 000
Dagbjört Guðjónsdóttir	90 000
Elín Einarsdóttir	130 000
Elín Lárusdóttir	150 000
Elínborg Bogadóttir	120 000
Elísabet Jónsdóttir	90 000
Elísabet Kemp	110 000
Eufemía Ólafsdóttir	180 000
Fríða Hlíðdal	300 000
Guðbjörg Erlendsdóttir	110 000
Guðný Halldórsdóttir	110 000
Guðný Sigurðardóttir	90 000
Guðný Vigfúsdóttir	110 000
Guðný Þórarinsdóttir	90 000
Guðrún Jóhannesdóttir	90 000
Guðrún P. Jónsdóttir	120 000
Guðrún Pálsdóttir	110 000
Halldóra Eiríksdóttir	120 000
Halldóra Eiríksdóttir	120 000
Halldóra Þórðardóttir	90 000
Helga Friðbjarnardóttir	110 000
Helga Pétursdóttir	120 000
Helga Sigurðardóttir	120 000
Hildur Blöndal	270 000
Hjaltlína Guðjónsdóttir	120 000
Hlíf Magnúsdóttir	110 000
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	110 000
Hrafnhildur Eiðsdóttir	120 000
Hróðný Einarsdóttir	230 000
Hulda Þ. Björnæs	120 000
Hulda Davíðsdóttir	120 000
Indíana Sturludóttir	120 000
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	130 000
Ingibjörg Högnadóttir	90 000
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	130 000
Ingibjörg Karlsdóttir	180 000
Ingunn Hlíðar	90 000
Ingveldur Ólafsdóttir	90 000

	Kr.
Jakobína Thorarensen	90 000
Jófríður Guðmundsdóttir	90 000
Jóhanna Vigfúsdóttir	90 000
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	100 000
Jónína Ásmundsdóttir	90 000
Jónína Gissurardóttir	120 000
Jónína Kristjánsdóttir	120 000
Jórunn Guðjónsdóttir	120 000
Karen Louise Jónsson	120 000
Katrín Ingibergsdóttir	120 000
Kristbjörg Hafberg	90 000
Kristín Helgadóttir	90 000
Kristín Pálmadóttir	110 000
Kristín Pálsdóttir	90 000
Kristjana Káradóttir	120 000
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	90 000
Lára Svansdóttir	90 000
Lára M. Vigfúsdóttir	140 000
Laufey Karlsdóttir	90 000
Lelia Stefánsson	210 000
Lilja H. Arndal	140 000
Lilja Jörundsdóttir	110 000
Lilja Magnúsdóttir	120 000
Lilja Steinsen	250 000
Lydia Einarsson	180 000
Mabel Sigurjónsson	140 000
Magdalena Ásgeirsdóttir	90 000
Magnea Magnúsdóttir	110 000
Margrét Árnadóttir	120 000
Margrét Björnsdóttir	90 000
Margrét Eyjólfsdóttir	110 000
Margrét Guðbrandsdóttir	130 000
Margrét Jónasdóttir	180 000
Margrét Jónsdóttir	120 000
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	170 000
Margrét L. Lárusdóttir	90 000
Marta Oddsdóttir	90 000
Málfríður Bjarnadóttir	90 000
Melitta Urbancic	90 000
Nanna Guðmundsdóttir	100 000
Nanna Guðmundsdóttir	110 000
Ólafía Finnbogadóttir	90 000
Ólöf Bjarnadóttir	120 000
Ragnheiður Konráðsdóttir	90 000
Rannveig Gunnarsdóttir	110 000
Rósa Guðnadóttir	120 000
Rut Hermanns Hansen	120 000
Sesselja Benediktsdóttir	100 000
Sigríður Árnadóttir	250 000
Sigríður Árnadóttir	120 000
Sigríður Gísladóttir	90 000
Sigríður Guðmundsdóttir	100 000
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	230 000
Sigríður Stefánsdóttir	90 000

	Kr.	
Sigrún Eiríksdóttir	120 000	
Sigrún Guðmundsdóttir	170 000	
Sigrún Thorarensen	90 000	
Sigurbjörg Jónsdóttir	90 000	
Sigurlaug Jónsdóttir	120 000	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	100 000	
Skúlína Guðmundsdóttir	110 000	
Soffía Touvina	100 000	
Steinunn P. Eyjólfsson	90 000	
Steinunn Tómasdóttir	90 000	
Steinþóra Einarsdóttir	120 000	
Svanborg Jónsdóttir	90 000	
Sveindís Hansdóttir	90 000	
Tove Engilberts	230 000	
Valgerður Helgadóttir	90 000	
Valgerður Ólafsdóttir	90 000	
Vigdís Guðmundsdóttir	110 000	
Þorbjörg Kjartansdóttir	120 000	
Þorbjörg Leifs	110 000	
Þóra Magnúsdóttir	90 000	
Þóra Sigfúsdóttir	90 000	
Þóra Vigfúsdóttir	140 000	
Þórunn Jónsdóttir	110 000	
Þuríður Þorsteinsdóttir	90 000	
Samtals		15 800 000

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í inngangi athugasemda við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1975 var lögð áhersla á þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi að sporna við útþenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Í öðru lagi að stilla opinberum framkvæmdum svo í hóf, að ekki leiddi til óeðlilegrar samkeppni um vinnuafl, þó án þess að atvinnuöryggi væri hætta búin eða að þessi viðleitni hamlaði gegn þjóðhagslega mikilvægustu framkvæmdunum. Í þriðja lagi að styrkja fjárhag ríkissjóðs og stuðla með því að efnahagslegu jafnvægi í víðari skilningi. Baksvið þessarar stefnumörkunar var fyrirsjáanlegur greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1974 og jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum. Eins og kunnugt er náðist ekki sá árangur í þessum efnum á árinu 1975 sem að hafði verið stefnt. Olli því m. a. meira andstreymi í ytri skilyrðum þjóðarbúsins en við hafði verið búist. Á árinu 1976 og á fyrri hluta þessa árs náðist aftur á móti verulegur árangur í átt til jafnvægis á nær öllum sviðum efnahagslífsins. Þjóðarframleiðslan og tekjur tóku að vaxa á ný og mjög dró úr halla í viðskiptum við önnur lönd. Nokkuð dró úr hraða verðbólgunnar. Atvinnuástand hefur verið gott. Enginn vafi er á að ríkisfjármálin hafa gegnt veigamiklu hlutverki í þessari jákvæðu þróun. Á árinu 1976 tókst að ná jöfnuði gjalda og tekna á ríkisreikningi og horfur eru á að niðurstaða ársins 1977 verði ekki lakari.

Á árinu 1977 hefur batinn í íslenskum þjóðarbúskap haldið áfram og horfur eru á að vöxtur þjóðarframleiðslu og tekna verði meiri en í meðallagi miðað við reynslu síðasta aldarfjórðungs. Þó eru ýmsar blikur á lofti. Þannig virðist hætta á að ekki takist að halda áfram þeirri hægfara hjöðnun verðbólgu, sem stóð fram yfir mitt ár 1977, og jafnframt er stefnt að mikilli aukningu kaupmáttar á þessu og næsta ári með þeim kjarasamningum, sem gerðir hafa verið á þessu ári. Í þessu felst hætta á viðskiptahalla og framhaldi skuldasöfnunar við önnur ríki og hætta á aukinni verðbólgu, sem að sínu leyti veikir samkeppnisaðstöðu íslenskra atvinnuvega og veldur margvíslegum efnahagsvanda. Við þessum hættumerkjum verður að bregðast á réttan hátt með því m. a. að beita fjármálum ríkisins á næsta ári í samræmi við það. Frumvarp til fjárlaga, sem hér er lagt fram, endurspeglar þetta viðhorf. Þannig er kappkostað að treysta þann jöfnuð í ríkisfjárhagnum, sem náðst hefur á síðastliðnum tveimur árum, jafnframt því sem haldið er aftur af vexti þjóðarútgjalda bæði með beinum samdrætti í opinberum umsvifum og eins með því að beita sköttum á árinu 1978 þannig að vexti einkaneyslu verði í hóf stillt. Þó er í frumvarpinu reiknað með því að vöxtur einkaneyslu verði um 6% í kjölfar 7—8% aukningar á þessu ári. Markmið frumvarpsins er að koma í veg fyrir vaxandi viðskiptahalla og jafnframt að halda svo aftur af innlendri eftirspurn að dregið geti úr verðbólgu. Þrátt fyrir samdrátt í opinberum framkvæmdum í heild um meira en 5% á næsta ári er að því stefnt með þessu frumvarpi að skapa fjárhagslegt svigrúm fyrir verulegri aukningu vegaframkvæmda á næsta ári. Nú er svo komið að lokið er stórum áföngum í orkumálum og því gefst færi á því að auka vegaframkvæmdir, en þó því aðeins að fjárhagur vegagerðarinnar sé efldur. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir 15 króna hækkun bensíngjalds og hliðstæðri hækkun þungaskatts í þessu skyni. Með tilliti til þess að allt þetta fé, og reyndar meira, rennur til þess að bæta þjónustuna við vegfarendur, þ. e. allan almenning, er ekki skynsamlegt að líta á þessa gjaldtöku sem tilefni verðbótahækkunar launa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 295 millj. kr. greiðsluafgangi 1978 og hefur þá verið reiknað með 3 065 millj. kr. afborgun af skuld ríkissjóðs við Seðlabankann.

Við ákvarðanir um útgjöld ríkisins á næsta ári hefur þess verið freistað að umsvif í opinberri starfsemi verði minni miðað við þjóðarframleiðslu á næsta ári en á þessu ári. Þannig eru útgjöld til samneyslu rétt um 1½% meiri en í ár, eða sem svarar fólksfjölgun. Eins og fyrr greindi verður samdráttur í opinberum framkvæmdum nærri 5%. Þessi minnkun kemur þó einkum fram í minni lántökum til framkvæmda fremur en á sjálfri útgjaldahlið fjárlaga vegna mikilvægis vegaframkvæmdanna, sem eiga og þurfa að aukast. Fjárveitingar og lántökur til vegamála samkvæmt þessu frumvarpi og lánsfjáráætlun mun gera kleift að auka vegaframkvæmdir verulega. Gert er ráð fyrir að endurskoðuð vegáætlun 1978 verði lögð fyrir haustþingið.

Heildarútgjöld ríkisins samkvæmt frumvarpinu eru 123,1 milljarður kr. eða sem svarar 27,3% áætlaðrar þjóðarframleiðslu á sama ári. Er það svipað hlutfall og ætlað er að verði á árinu 1977, nokkru lægra en á árinu 1976 þegar þetta hlutfall var 27,6% en mun lægra en var á árunum 1974 og 1975 er hlutföllin voru 29,6 og 31,4%. Þannig hefur tekist að sporna við vexti ríkisútgjalda á þennan mælikvarða, eins og verið hefur stefnuatriði í fjármálum undanfarin þrjú ár.

Sú krónutöluhækkun, sem á sér stað frá fjárlögum yfirstandandi árs, á að verulegu leyti rætur að rekja til hækkunar launataxta og almenns verðlags á tímabilinu. Af 34,0 milljarða kr. heildarhækkun útgjalda nemur hækkun launakostnaðar þannig 9,8 milljörðum kr., þrátt fyrir óverulega magnaukningu eins og síðar er skýrt, og framlög til almannatrygginga, sem beint og óbeint eru tengd breytingum launataxta, hækka um 8,4 milljarða kr. Þá eykst kostnaður við niðurgreiðslur á vöruverði um 1,4 milljarða kr. og við útflutningsuppbætur um 1,2 milljarða kr. Aðrir rekstrarliðir hækka um samtals 6,0 milljarða kr., sem skýrist að mestu af verðhækkunum, og framkvæmdaframlög í heild um 7,2 milljarða kr. Þessi útgjaldaáætlun er byggð á vissum forsendum um launahækkanir fram í tímann miðað við þá samninga, sem gerðir hafa verið, eins og gerð er grein fyrir síðar í þessum athugasemdum. Hins vegar er ljóst að verulega fjárhæð vantar á launaáætlun ef tekið væri mið af tillögu sáttanefndar í kjaradeilu BSRB og ríkisins.

Heildartekjur ríkissjóðs 1978 eru í frumvarpinu áætlaðar 124,8 milljarðar króna. Þessi áætlun felur í sér ámóta hlutfall ríkisskatta af þjóðartekjum og verða mun á árinu 1977, eða 27—28%, og er þá sjúkratryggingagjald talið með ríkistekjum. Áætlun frumvarpsins um óbeina skatta er reist á þeirri meiginforsendu, að aukning þjóðarútgjalda verði um 4% eða svipuð og sú aukning þjóðarframleiðslu og tekna, sem vonir standa til að megi nást á næsta ári. Verðlagsgrundvöllur tekjuáætlunar er hinn sami og útgjaldaáætlunar, þ. e. í aðalatriðum verðlag í októbermánuði 1977 með áætlaðri viðbót hliðstæðri umsömdum grunnkaupshækkunum samkvæmt gildandi kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði.

Í frumvarpinu er reiknað með tollalækkun í ársbyrjun 1978 skv. gildandi tollskrá og skerðir það tekjur ríkissjóðs á heilu ári um 1600—1800 milljónir króna. Þá er reiknað með áframhaldandi innheimtu sjúkragjalds svo og 18% sérstaks vörugjalds. Eignarskattstiga verði breytt til samræmis við breytta fasteignamatsvísitölu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að láta skattvísitölu við tekjuskattsálagningu á næsta ári taka mið af verðlagsþróun jafnhliða tekjuhækkun. Sú ráðstöfun er nauðsynleg við ríkjandi aðstæður þegar tekjur hækka umfram verðlag og þörf er á að beita ríkisfjármálum gegn vaxandi þunga eftirspurnar. Að öðru leyti er tekjuáætlun reist á gildandi lögum.

Við samanburð gjalda og tekna frumvarpsins við fjárlagatölur 1977 ber að hafa í huga að framangreind launa- og verðlagsáhrif, ásamt öðrum ráðstöfunum, hafa orðið til þess að bæði gjöld og tekjur ársins 1977 munu fara nokkuð fram úr fjárlagatölum ársins. Þó eru þessi frávik hlutfallslega mun minni en oftast áður þar sem fjárlagatölur 1977 fólu í sér áætlun um verðlagshækkanir á því ári. Á

grundvelli upplýsinga um raunverulega útkomu ríkisfjármálanna á tímabilinu janúar—ágúst hefur verið gerð áætlun um afkomu ríkissjóðs á árinu í heild. Þar er gert ráð fyrir að útgjöld verði samtals 95,9 milljarðar kr. á móti 89,2 milljörðum kr. í fjárlögum. Tekjur eru áætlaðar 96,5 milljarðar kr. en voru 90,0 milljarðar í fjárlögum. Jöfnuður lánahreyfinga er áætlaður óbreyttur frá fjárlögum, eða óhagstæður um 0,6 milljarða kr., þannig að útlit er fyrir að jöfnuður náist í fjármálum ríkisins á árinu.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár fylgir frumvarpi þessu yfirlit yfir þær ríkisframkvæmdir (bæði skv. A- og B-hluta fjárlagafrumvarpsins), sem ráðgert er að kosta með lánsfé, og yfir ráðgerða fjáröflun til þessara þarfa. Í yfirlitinu koma fram lántökur að fjárhæð 10,7 milljarðar króna til opinberra framkvæmda á vegum ríkisins á árinu 1978. Með fjárlögum 1977 fylgdu sambærileg lántökuáform að fjárhæð 10 milljarðar króna. Lántökurnar á árinu 1977 verða að líkindum 10,7 milljarðar, þ. e. nær sama fjárhæð og tillaga er gerð um fyrir næsta ár. Með tilliti til verðbreytinga er hér um að ræða mjög mikinn samdrátt í lántökum að raunverulegu verðgildi. Þessi framkvæmda- og lántökuáform eru í reynd fyrsti hluti lánsfjáráætlunar, sem unnið hefur verið að samhliða fjárlagafrumvarpinu, og fjallar um alla lánastarfsemi í landinu á næsta ári. Lánsfjáráætlunin 1978 verður lögð fram á Alþingi í nóvembermánuði, en hana ber að skoða sem hluta af víðtækri stefnumótun í fjármálum og efnahagsmálum sem fjárlagafrumvarpið felur í sér. Lánsfjáráætlunin mun stefna að sama marki og fjárlagafrumvarpið, að treysta fjárhagslegan grundvöll fyrir þjóðhagslega nauðsynlegar framkvæmdir jafnframt því sem aðhaldi sé beitt í því skyni að draga úr verðhækkunum og viðskiptahalla á næsta ári. Til þess að svo megi verða þarf samstilltar ákvarðanir. Lánsfjáráætlanir síðustu ára hafa reynst gagnlegt tæki til að nálgast þau meginmarkmið í efnahagsmálum, sem stefnt hefur verið að. Er mikilvægt að áfram verði unnið að því að bæta gerð þeirra og framkvæmd.

Loks skal þess getið að breytingar hafa verið gerðar á framsetningu greiðsluyfirlits ríkissjóðs skv. 1. gr. frumvarpsins. Auk þess að ná fram sérstaklega fjárhæðum á lánahreyfingum, sem tilheyra A-hluta ríkisfjármálanna, eru jafnframt sýnd tengsl við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar bæði varðandi A- og B- hluta fjárlaga. Þá er með þessu fjárlagafrumvarpi komið á fullt samræmi tölulegra merkinga ráðuneyta, stofnana, viðfangsefna svo og tekju- og gjaldaliða milli fjárlaga og ríkisreiknings. Til viðbótar sérstökum yfirlitum, sem fylgt hafa frumvarpinu, er nú í fyrsta sinn birt yfirlit, nr. 12, er sýnir þróun útgjalda hjá hinum einstöku stofnunum yfir þriggja ára tímabil, þ. e. reikningstölur síðasta árs, fjárlög yfirstandandi árs, svo og frumvarpstölur. Breytingar, sem gerðar hafa verið á bókhaldi og upplýsingastreymi um ríkisfjármálin á undanförnum árum, gera það kleift að hægt er nú að birta hið nýja yfirlit.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1977

Meginforsendur frumvarpsins

Í gjaldaáætlun frumvarpsins eru laun miðuð við samning ríkisins og BSRB, sem rann út 1. júlí s. l., og gildandi samning við BHM. Þar að auki hafa kjarasamningar ASÍ verið yfirfærðir á ríkið eftir mati, þannig að með eru teknar hækkanir 1. desember 1977, 1. júní og 1. september 1978 til samræmis við þann samning. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 5% verðlagsuppbót 1. september s. l., sem reyndist nokkru minni, en á hinn bóginn er ekki áætluð verðlagsuppbót á laun 1. desember n. k. Er gert ráð fyrir, að launa- og verðlagsforsendur verði endurmetnar fyrir afgreiðslu fjárlaganna. Framlög til almannatrygginga eru áætluð munu hækka á hliðstæðan hátt og laun. Almenn verðlagshækkun hefur orðið 27—28% frá gerð síðustu fjárlagaáætlunar og byggingarkostnaður hefur hækkað um 33% á sama tímabili. Er höfð hliðsjón af þessu við áætlanir viðkomandi útgjaldaliða, og jafnframt tekið tillit til raunverulegra útgjalda einstakra stofnana á síðasta reikningsári.

Tekjuáætlun miðast við hliðstæðar kauplags- og verðlagsforsendur og gjaldaáætlun. Magnbreytingar helztu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við 4% aukningu á næsta ári, sem er svipað og búast má við um aukningu þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Í verðlagsforsendum er í aðalatriðum miðað við verðlag í október 1977, en að auki er reiknað með þeim verðlagsbreytingum á næsta ári, sem telja má að fylgt gætu grunnkaupshækkunum samkvæmt kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda frá júní s. l. Einnig er reiknað með svipaðri verðhækkun innflutnings í erlendri mynt og á árinu 1977 en verðhækkun í krónum er miðuð við gengi í september. Í áætlun um tekjuskatt einstaklinga er miðað við skattvísitölu 131 á næsta ári, miðað við 100 í ár, og hækkar skattvísitalan svipað og framfærsluvísitalan á árinu 1977. Að öðru leyti eru beinir skattar áætlaðir á grundvelli gildandi laga og reglna. Eins og áður sagði, verður tekjuöflun til vegagerðar verulega aukin á næsta ári, og eru áætlanir um benzíngjald og þungaskatt við það miðaðar. Þannig er gert ráð fyrir, að benzíngjald hækki um 15 krónur og hliðstæð hækkun verði á þungaskatti. Á hinn bóginn munu tollar lækka á næsta ári samkvæmt gildandi tollskrá og er lækkunin metin um 1 600 — 1 800 m.kr. Að öðru leyti er hér ekki gert ráð fyrir breytingum á mikilvægustu óbeinum sköttum á næsta ári.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru 123 145,7 m.kr. Er það hækkun um 33 992,5 m.kr. frá fjárlögum 1977, eða 38,1%. Þessi samanburður milli ára er þó ekki fyllilega réttmætur, þar sem hluti almannatrygginga af sjúkratryggingagjaldi, sem áætlað er 1 900,0 m.kr. 1978, er nú talið með útgjöldum ríkisins, en það var ekki gert í fjárlögum 1977. Á raunhæfum samanburðargrunni verður því hækkun milli áranna minni, sem þessari fjárhæð nemur, þ. e. 32 092,5 m.kr. eða 36,0%. Af heildarhækkun útgjalda nemur hækkun markaðra tekjustofna 3 610,4 m.kr. eða 28,7%, þannig að hækkun að frátöldum mörkuðum stofnum verður 28 482,0 m.kr., sem er 37,2%, eins og fram kemur á eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1977 þús. kr.	Frumvarp 1978 þús. kr.	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Útgjöld á rekstrarreikningi	89 153 247	123 145 722	33 992 475	38,1
Þar af markaðir tekjustofnar	12 597 468	18 107 900	5 510 432	43,7
Útgjöld án markaðra tekjustofna	76 555 779	105 037 822	28 482 043	37,2

Yfirlit það, sem hér fer á eftir, gefur til kynna skiptingu ríkisútgjaldanna á helztu gjaldategundir ásamt samanburði við fjárlög 1977. Á eftir fylgja skýringar á helztu orsökum útgjaldaaukningarinnar.

	Fjárlög 1977 m. kr.	Frumvarp 1978 m. kr.	Hækkun m. kr.	Hækkun %
Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur:				
Laun	22 089	31 885	9 796	44,3
Önnur rekstrargjöld	8 025	9 523	1 498	18,7
Viðhald	2 388	4 034	1 646	68,9
Vextir	2 275	3 312	1 037	45,6
Almannatryggingar	21 692	30 106	8 414	38,8
Niðurgreiðslur	5 102	6 531	1 429	28,0
Útflutningsuppbætur	1 800	2 963	1 163	64,6
Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur	6 626	9 504	2 878	43,4
Samtals	69 997	97 858	27 861	39,8
Frá dregst: sértekjur	1 659	2 712	1 053	63,4
Mismunur	68 338	95 146	26 808	39,2
Framkvæmdaframlög:				
Hreinar ríkisframkvæmdir	6 553	9 001	2 448	37,4
Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum	4 790	6 372	1 582	33,0
Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga	402	749	347	86,5
Fjárfestingarstyrkir til einstakl. og samt.	214	206	÷ 8	÷ 3,9
Framlög til fjárfestingarsjóða	6 456	9 130	2 674	41,4
Framlög til lánagreiðslna	2 400	2 542	142	5,9
Samtals	20 815	28 000	7 185	34,5
Heildarútgjöld í A-hluta	89 153	123 146	33 993	38,1

Laun. Hækkun launa er í heild 9 796 m.kr., eða 44,3%. Í fjárlögum 1977 voru á hinn bóginn áætlaðar launahækkanir á árinu 1977, og sé tekið tillit til þessa verður hlutfallsleg hækkun launaliðar þeim mun meiri, eða 54,6%. Beinar taxtahækkanir frá áætlunarforsendum fjárlaga eru 54,0%, eins og nánar er skýrt hér á eftir, og felur þetta í sér um 0,4% magnaukningu. Önnur laun en föst voru ekki hækkuð til samræmis við almennar launahækkanir í fjárlagameðferðinni á síðasta ári, þannig að þau byggjast í raun á töxtum frá marz 1976. Við þau er því bætt, 8,83% hækkun í júlí og 6% í október 1976 umfram fasta launaliðinn, sem hækkaður var við fjárlagagerð um þessa hundraðshluta, en önnur laun munu vera nálægt 30% heildarlauna að meðaltali. Auk þessa hafa eftirfarandi hækkanir átt sér stað: Í nóvember 1976 varð 3,11% verðlagsuppbót á laun (innifalið í fyrrnefndri áætlun vegna hækkunar á árinu 1977), 5% umsamin hækkun í febrúar 1977 og 2,5% verðlagsuppbót í marz og 6,73% verðlagsuppbót í júní. Þá hafa samningar ASÍ verið

yfirfærðir á ríkið eftir mati, 11,5% frá 1. júlí, áætluð verðlagsuppbót 1. sept. var 5% (reyndist 3,93% og er mismunurinn til reiðu upp í væntanlegar verðlagsbætur eða hækkanir af öðrum toga), 3,6% 1. desember, er samsvarar 5 000 kr. hækkun skv. ASÍ-samningi, og loks er vegið meðaltal áfangahækkana skv. samningi ASÍ 2,5% á árinu 1978.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaliður hækkar um 1 498 m.kr., eða 18,7%. Á hliðstæðan hátt og átti við laun, voru í fjárlögum 1977 áætlaðar viðbætur á þennan lið vegna verðlagshækkana á því ári, og að þeim frátöldum verður eiginleg hækkun liðarins 27,3%. Meðaltalshækkun verðlags, sem á við þennan útgjaldalið, frá síðustu fjárlagagerð er 27,5%.

Viðhald. Hækkun viðhaldsliðar er 1 646 m.kr. eða 68,9%. Hér munar langmest um vegaviðhald, sem hækkar um 96,1% og verður 3 000 m.kr., þannig að viðhald á öllum öðrum liðum hækkar um 20,5%. Er það alllangt undir verðlagshækkun, sem varðandi þennan lið telst um 33% frá síðustu fjárlagagerð.

Vextir. Vaxtakostnaður eykst um 1 037 m.kr., sem er 45,6% hækkun. Þessi hækkun á annars vegar rætur að rekja til nettóaukningar á skuldum ríkissjóðs og hins vegar til verðtryggingar á hluta lánanna, eins og nánar er að vikið síðar í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga hækka um 8 414 m.kr., eða 38,8%. Er þá meðtalið sjúkratryggingagjald, 1 900 m.kr. 1978, en það var ekki talið með ríkisútgjöldum í fjárlögum 1977. Að því frátöldu verður hækkunin 6 514 m.kr., eða 30,0%. Hér er reiknað með hækkunum bóta lífeyristrygginga og launahluta vistgjalda sjúkrahúsa í samræmi við hækkun launakostnaðar, sem þegar er gerð grein fyrir, auk þess sem áætlað er fyrir nýjum bótaflokki lífeyristrygginga, heimilisuppbót. Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstaka liði frumvarpsins hér á eftir.

Niðurgreiðslur. Á þessum útgjaldalið verður 1 429 m.kr. hækkun, eða 28,0%. Eru niðurgreiðslur áætlaðar á því stigi, sem gilti við gerð fjárlagafrumvarpsins í ágúst s. l., án verðbóta á ull.

Útflutningsuppbætur. Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 1 163 m.kr., eða 64,6%. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu, sem er 10% af landbúnaðarframleiðslu skv. mati Hagstofu Íslands, en í fjárlögum 1977 miðaðist áætlunin við 80% nýtingu verðábyrgðarinnar.

Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur. Þessi flokkur útgjalda hækkar um 2 878 m.kr., eða 43,4%, sem er nálægt eðlilegri launa- og verðlagshækkun, þegar frá er talin 500 m.kr. hækkun á liðnum óviss útgjöld, sem er sérstaks eðlis, eins og skýrt er síðar. Í þessum flokki eru nokkrar stofnanir í B-hluta, sem háðar eru fjárveitingum og þar sem launakostnaður er þungur á metunum.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög hækka í heild um 7 185 m.kr., en það er 34,5% hækkun eða rétt yfir meðaltalsverðhækkun byggingarkostnaðar frá síðustu fjárlagagerð, sem telst um 33%. Veigamestu hækkanirnar verða á framlögum til verklegra framkvæmda, annars vegar hreinna ríkisframkvæmda og hins vegar framkvæmda, sem kostaðar eru af fleiri aðilum, og einnig á framlögum til fjárfestingarsjóða. Þannig hækka hreinar ríkisframkvæmdir um 37,4% og framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum um 33,0% eða samtals verklegar framkvæmdir um 35,5%. Þetta þýðir nokkra magnaukningu þeirra verklegu framkvæmda, sem fram koma í A-hluta fjárlaga, en áætluð er allveruleg magnminnkun opinberra framkvæmda í heild, eins og nánar verður gerð grein fyrir í skýrslu um lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir 1978. Mikilvægasta skýringin á þessari hækkun framkvæmda-

framlaga í fjárlagafrumvarpi á rætur að rekja til þess sérstaka átaks, sem fyrirhugað er í vegamálum, en framlög til verklegra framkvæmda í vegamálum hækka um 56,7%, þannig að önnur framlög í þessum flokki hækka um 27,6%. Þá verður hlutfallslega mikil hækkun á fjárfestingarstyrkjum til sveitarfélaga, eða 86,5%, og munar þar á sama hátt mest um framlög til vegamála, þ. e. til vega í kaupstöðum og kauptúnum, er hækka um 87,9%, en önnur framlög í þessum flokki lækka um 16,7%. Framlög til fjárfestingarsjóða hækka um 41,4, og eru veigamestu hækkunarliðirnir Iðnlánasjóður 66,7%, Fiskveiðasjóður 62,9%, Byggðasjóður 47,8% og Byggingarsjóður ríkisins 46,1%, en allir hafa þessir sjóðir markaða tekjustofna.

Ráðuneyti og málefnaflokkar

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helztu breytingum gjaldaliða frá fjárlögum 1977 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokks. Einnig verður sérstaklega fjallað um breytingar markaðra tekjustofna. Hér er fyrst og fremst um yfirlitshluta að ræða, en í síðasta hluta athugasemdanna er fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt, eftir því sem tilefni gefst.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Fjárlagaliðir í þessum flokki hækka um samtals 369,1 m.kr., og munar þar mest um Alþingi 336,4 m.kr. Kostnaður við ríkisstjórn eykst um 28,4 m.kr., Hæstarétt 12,0 m.kr., en framlag til embættis forseta Íslands lækkar um 7,7 m.kr., enda var sérstök fjárveiting í fjárlögum 1977 vegna umfangsmikilla viðgerða á forsetasetrinu.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar á vegum forsætisráðuneytisins hækka sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	14,7	–
Annað	813,8	5,0
Samtals	828,5	5,0

Yfirstjórn. Hækkunin 14,7 m.kr. stafar að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, en nýtt viðfangsefni er gjöf Jóns Sigurðssonar 1,8 m.kr. og niður fellur framlag til Thor Thors sjóðsins 3,7 m.kr.

Annað. Framlög í þessum flokki hækka um 813,8 m.kr., þar af framlag í Byggðasjóð 779,0 m.kr. (af því er álgjald 5,0 m.kr.), kostnaður við Þjóðhagsstofnun 14,6 m.kr., við húsameistaraembættið 15,2 m.kr. og framlag til þjóðgarðsins á Þingvöllum og Þingvallanefndar hækkar um 5,0 m.kr.

02 Menntamálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	65,0	–
Fræðslumál	5 324,3	11,0
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	884,5	÷ 45,1
Samtals	6 273,8	÷ 34,1

Yfirstjórn. Hækkunin, sem verður á þessum flokki, 65,0 m.kr, er eingöngu vegna launa- og verðlagshækkana.

Fræðslumál. Af heildarhækkun þessa málefnaflokks, 5 324,3 m.kr., er tæplega helmingur, eða 2 557,5 m.kr. vegna grunnskóla (þar af hækkun byggingarframlaga 357,9 m.kr.), 417,6 m.kr. eru vegna háskólans, 740,7 m.kr. vegna mennta- og fjölbrautaskóla, 139,9 m.kr. vegna héraðsskóla, 210,1 m.kr. vegna iðnskóla, 109,8 m.kr. vegna kennaraháskólans, vegna verzlunarskóla 57,4 m.kr., vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna 408,1 m.kr., 97,2 m.kr. vegna tónlistarfræðslu, framlög til bygginga dagvistarheimila hækka um 54,3 m kr., og á öðrum fjárlagaliðum innan þessa málefnaflokks verður samtals 531,7 m. kr. hækkun. Auk þess hækkar einkaleyfisgjald happdrættis háskólans um 11,0 m. kr., en það er markaður tekjustofn, er rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 884,5 m.kr. og koma þannig fram á helztu liðum: Til ríkisútvarpsins, sjónvarps, með hliðsjón af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum, 245,0 m.kr., byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu 220,0 m.kr., íþróttasjóður 117,6 m.kr., Þjóðleikhúsið 98,1 m.kr., Listasafn Íslands 24,0 m.kr., félagsheimilasjóður 39,6 m.kr. og ýmsir smærri liðir 140,2 m.kr. Þá nemur lækkun markaðra tekjustofna 45,1 m.kr., þar af eru aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum 95,0 m.kr., en þau teljast ekki lengur markaður tekjustofn, skemmtanaskattur hækkar um 44,0 m.kr., miðagjald 6,7 m.kr. en hluti ÍSÍ af vindlingagjaldi lækkar um 0,8 m.kr.

03 Utanríkisráðuneytið. Framlög til málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977
Yfirstjórn	56,6
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	90,0
Sendiráð	26,5
Alþjóðastofnanir	161,4
Samtals	334,5

Yfirstjórn. Af 56,6 m.kr. hækkun á málefnaflokknum eru 1,0 m.kr. vegna kostnaðar við samninga við erlend ríki, 1,5 m.kr. vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi, vegna markaðsmála 4,5 m.kr., en fjárveiting til kjörræðismanna lækkar um 5,3 m.kr. Þá er gert ráð fyrir ráðningu ritara 1,7 m.kr. og staða sendiráðsritara er flutt til sendiráðsins í Brussel. Að öðru leyti er um að ræða kostnaðaraukningu af völdum launa- og verðlagshækkana.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Hækkunin, 90,0 m.kr., stafar eingöngu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Sendiráðin. Kostnaður við sendiráðin eykst um 26,5 m.kr. af völdum gengisbreytinga, grunnlauna- og verðlagshækkana í viðkomandi löndum, og eru þessar orsakir skýrðar nánar síðar í þessum athugasemdum. Í fjárlögum 1977 var sérstakur liður, sendiráð almennt, að upphæð 29,0 m.kr., til að mæta ófyrirséðum launa- og verðlagshækkunum í þessum málefnaflokki. Þessi liður fellur nú niður.

Alþjóðastofnanir. Heildarhækkun framlaga, sem flest eru bundin samningum, er 161,4 m.kr. Þyngst vegur þar aukning stofnfjár Alþjóðabankans 90,0 m.kr., sem er

nýr liður, aðstoð Íslands við þróunarlöndin 15,0 m.kr., félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 1,3 m.kr. (nýr liður), Alþjóðaframfarastofnunin 34,0 m.kr. og ýmis önnur framlög til alþjóðastofnana 21,1 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði landbúnaðarráðuneytisins breytast þannig í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	18,8	–
Búnaðarmál	1 912,9	÷ 1,0
Skólar	94,0	–
Samtals	2 025,7	÷ 1,0

Yfirstjórn. Kostnaðarhækkunin 18,8 m.kr. skiptist þannig, að 15,5 m.kr. koma á aðalskrifstofu ráðuneytisins, þar af 2,6 m.kr. kostnaður vegna jarðanefnda, og framlag til jarðeigna ríkisins hækkar um 3,3 m.kr.

Búnaðarmál. Þessi málefnaflokkur hækkar um 1 912,9 m.kr. og munar þar mest um útflutningsuppbætur 1 163,0 m.kr., jarðræktarframlög 152,4 m.kr. og verðuppbót á landgræðsluáætlun 117,3 m.kr. Er framlag til þeirrar áætlunar í heild 528,4 m.kr., þar af verðbætur 328,4 m.kr. Að öðru leyti verður mest hækkun á eftirtöldum liðum: Stofnlánadeild landbúnaðarins 98,5 m.kr., framræsla 50,0 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins án verðbóta á landgræðsluáætlun 79,7 m.kr., Búnaðarfélag Íslands 49,8 m.kr., Veiðimálaskrifstofan 36,5 m.kr., embætti yfirdýralæknis 27,3 m.kr. og aðrir liðir samtals 138,4 m.kr. Hluti landgræðslusjóðs af vindlingagjaldi, sem er markaður tekjustofn, lækkar um 1,0 m.kr.

Skólar. Kostnaður við búnaðarskólana og garðyrkjuskólann hækkar um samtals 94,0 m.kr., þar af rekstur vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana 65,8 m.kr. og stofnkostnaður 28,2 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	20,7	–
Útvegsmál	878,1	43,0
Annað	29,7	–
Samtals	928,5	43,0

Útvegsmál. Breytingar á liðum þessa málaflokks eru helztar þessar: Framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar um 231,2 m.kr., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 49,8 m.kr., Framleiðslueftirlit sjávarafurða 82,3 m.kr., Aflatryggingasjóður 110,0 m.kr., Fiskveiðasjóður 310,0 m.kr., verðbætur á línufisk 10,0 m.kr. og nettóhækkun annarra liða er 84,8 m.kr. Nýtt viðfangsefni er vátryggingasjóður fiskiskipa (framlag 150,0 m.kr.) en niður falla framlög til reksturs stóru togaranna (94,0 m.kr.), ársfundar Alþjóðahafrannsóknaráðsins 1977 (2,0 m.kr.) og athugana á notkun svartolíu í dísilskipum (3,0 m.kr.). Loks hækkar hluti útflutningsgjalds,

sem rennur til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips, byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegs og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um 43,0 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Meginbreytingar á málefnaflokkum þessa ráðuneytis eru eftirfarandi í m.kr:

	Breyting frá fjárlögum 1977
Yfirstjórn	27,0
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	1 866,4
Þjóðkirkjan	179,8
Samtals	2 073,2

Dómsmál, löggæzlumál o. fl. Þessi málefnaflokkur hækkar um 1 866,4 m.kr. og munar þar mestu um embætti sýslumanna og bæjarfógeta 607,5 m.kr. og landhelgisgæzluna 376,1 m.kr., en þessar hækkanir eru að langmestu leyti vegna launa- og verðlagshækkana. Sérstaklega skal getið skipulagsbreytingar á starfssviði og starfsmannahaldi Sakadómaraembættisins og stofnunar Rannsóknarlögreglu ríkisins, en breyting þessi hafði jafnframt áhrif á lögreglustjóraembættið í Reykjavík vegna mannatilfærslna. Til frekari skýringa vísast til athugasemda síðar í frumvarpinu. Framlög til lögreglustjórans í Reykjavík aukast um 402,9 m.kr., en þegar litið er á rannsóknarlögreglu og sakadómaraembættið saman kemur fram 154,8 m.kr. nettóhækkun. Á bifreiðaeftirliti ríkisins kemur fram 57,5 m.kr. hækkun útgjalda, en gert er ráð fyrir að sú útgjaldaaukning jafnist með hækkun tekna af skoðunar-, skráningar- og bifreiðastjóraprófgjöldum. Aðrir útgjaldaliðir þessa málefnaflokks hækka alls um 267,6 m.kr.

Þjóðkirkjan. Hækkun á framlögum til þjóðkirkjunnar er 179,8 m.kr. og stafar að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum. Skipting hækkunarinnar er þannig, að á þjóðkirkjuna sjálfa koma 163,0 m.kr., Kristnisjóð 13,9 m.kr. og Kirkjubyggingasjóð 3,0 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast þannig í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	12,2	–
Húsnæðismál	1 334,7	1 359,7
Önnur félagsmál	79,4	36,4
Samtals	1 426,3	1 396,1

Húsnæðismál. Breytingar á liðum þessa málefnaflokks eru þær, að framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækkar um 1 359,7 m.kr. en framlag til byggingasjóðs verkamanna lækkar um 25,0 m.kr. Sú breyting verður á mörkuðum tekjum, er renna til húsnæðismála, að launaskattshluti byggingarsjóðs ríkisins hækkar um 1 260,0 m.kr., og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum hækka um 99,7 m.kr.

Önnur félagsmál. Hækkun nemur samtals 79,4 m.kr., þar af lánasjóður sveitarfélaga 30,0 m.kr., Bjargráðasjóður 31,6 m.kr., vatnsveitur 12,0 m.kr. og aðrir liðir

5,8 m.kr. Frá fjárlögum 1977 fellur niður framlag vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu 40,0 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 36,4 m.kr., þ. e. erfðafjárskattur 20,0 m.kr., skipulagsgjald 17,0 m.kr. og hluti SVFÍ af eldspýtnagjaldi 0,2 m.kr., en hluti félagsins af vindlingagjaldi lækkar um 0,8 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Útgjöld helztu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	20,3	–
Tryggingamál	8 787,7	2 741,7
Heilbrigðismál	2 397,5	2,0
Önnur mál	14,6	–
Samtals	11 220,1	2 743,7

Tryggingamál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 8 787,7 m.kr. hækkun. Skýringin er sú, að heildarútgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga, þ. e. slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga hækka um 8 714,5 m.kr., þar af eru markaðir tekjustofnar, þ. e. lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda 615,0 m.kr. og slysatryggingagjöld atvinnurekenda 102,3 m.kr. Þá verður sú breyting, að til markaðra tekna heilbrigðismála telst nú sjúkratryggingagjald (1% af útsvarsstofni) 1 900,0 m.kr. Áætluð útgjöld atvinnuleysistryggingasjóðs hækka um 373,2 m.kr., þar af nemur framlag úr ríkissjóði 248,8 m.kr. og markaðar tekjur, þ. e. atvinnuleysistryggingasjóðsgjald, 124,4 m.kr.

Heilbrigðismál. Flokkur þessi hækkar um 2 397,5 m.kr., og skýrist hækkunin af ýmsu. Í fyrsta lagi hækka framlög til ríkisspítalanna um 1 671,6 m.kr., þar af 1 647,0 m.kr. vegna reksturs og 24,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Í öðru lagi hækka framlög til sjúkrahúsa og læknabústaða um 408,1 m.kr. og til héraðslækna og heilsugæzlustöðva um 144,5 m.kr. Í þriðja lagi er vert að nefna nokkrar stofnanir, sem eiga þátt í framlagshækkuninni, en það er skrifstofa ríkisspítalanna 36,8 m.kr., Rannsóknastofa háskólans 60,9 m.kr., Blóðbankinn 21,4 m.kr., og nettóhækkun annarra liða nemur alls 54,2 m.kr. Loks verður nettóhækkun markaðra tekjustofna 2,0 m.kr., þ. e. hluti Krabbameinsfélagsins í vindlingagjaldi lækkar um 1,0 m.kr. og tekjur af samúðarskeytum landsímans hækka um 3,0 m.kr.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977
Yfirstjórn	82,5
Toll- og skattheimta	404,2
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	1 300,5
Önnur mál	÷ 1 640,0
Samtals	147,2

Yfirstjórn. Kostnaðarhækkunin 82,5 m.kr., skiptist þannig, að 42,9 m.kr. koma á aðalskrifstofu ráðuneytisins, 10,2 m.kr. á ríkisfjárhirzlu og 29,4 m.kr. á ríkisbókhald.

Toll- og skattheimta. Liðir þessa málefnaflokks hækka um 404,2 m.kr., þar af skattstofur og embætti ríkisskattstjóra 230,2 m.kr., en gert er ráð fyrir sjö nýjum starfsmönnum við þessi embætti, tollgæzla 78,3 m.kr., embætti tollstjórans í Reykjavík 64,0 m.kr. og aðrir liðir samtals 31,7 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Af heildarhækkuninni 1 300,5 m.kr. eru 1 294,9 m.kr. vegna uppbóta á lífeyri og 5,6 m.kr. vegna eftirlauna samkvæmt launalögum.

Önnur mál. Framlög í þessum málefnaflokki lækka um 1 640,0 m.kr., en í fjárlögum 1977 var sérstakur liður vegna ófyrirséðra útgjalda í launa- og verðlagsmálum að upphæð 2 007,0 m.kr. Þessi liður fellur nú niður, þannig að hækkun annarra liða er 367,0 m.kr. Af þeirri hækkun munar mest um hækkun á liðnum óviss útgjöld 500,0 m.kr., framlög til ríkisábyrgðasjóðs lækka um 300,7 m.kr., 51,5 m.kr. hækkun verður á framlagi til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga, til lífeyrissjóðs bænda 37,5 m.kr., og ýmsir aðrir liðir hækka samtals um 78,7 m.kr.

10 **Samgönguráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins eru þessar í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	15,1	–
Vegamál	3 953,5	2 829,0
Önnur samgöngumál	675,3	10,5
Samtals	4 643,9	2 839,5

Vegamál. Hækkun framlaga til vegamála frá fjárlögum 1977 er 3 953.5 m.kr., þar af markaðir tekjustofnar 2 829,0 m.kr., (innflutningsgjald af benzíni 2 250,0 m.kr., bifreiðaskattur 570,0 m.kr. og gúmmígjald 9,0 m.kr.), lántökur 600,0 m.kr. og ríkissjóðsframlag 524,5 m.kr.

Önnur samgöngumál. Heildarhækkun framlaga til þessa málefnaflokks er 675,3 m.kr. og eru eftirtaldir liðir þar þyngstir á metunum: Hafnamál 347,7 m.kr., Flugmálastjórn 347,8 m.kr., Veðurstofan 109.0 m.kr., vitamál 59.6 m.kr. og nettólækkun á öðrum liðum er 188,8 m.kr., sem skýrist aðallega af framlagi á fjárlögum 1977 til áhaldahúss vita- og hafnamálastofnunarinnar vegna kaupa á dýpkunarskipi 300,0 m.kr., sem nú fellur niður. Loks verður sú breyting á mörkuðum tekjustofnum, að sérleyfisgjald hækkar um 8,5 m.kr. og skipaskoðunargjald um 2,0 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Framlög á sviði þessa ráðuneytis breytast þannig í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	15,3	–
Iðnaðarmál	143,6	24,0
Orkumál	800,8	÷ 827,9
Samtals	959,7	÷ 803,9

Iðnaðarmál. Í þessum málefnaflokki verður 143,6 m.kr. hækkun og kemur hún þannig fram: Framlag til Iðnlánasjóðs hækkar um 100,0 m.kr., Iðnþróunarstofnunar Íslands 23,4 m.kr., Rannsóknastofnunar iðnaðarins 21,4 m.kr. og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 31,0 m.kr., og nettólækkun annarra liða er 32,2 m.kr. Niður falla framlög til Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg 12,0 m.kr., Sölustofnunar lagmetis 25,0 m.kr. og þörungaverksmiðju á Reykhólum 15,0 m.kr. Loks verður 24,0 m.kr. hækkun á mörkuðum tekjustofnum, þ. e. iðnaðargjald 14,0 m.kr. og byggingariðnaðarsjóðsgjald 10,0 m.kr.

Orkumál. Framlög til orkumála hækka um 800,8 m.kr. og skýrist sú hækkun þannig: Orkustofnun 328,7 m.kr., aðallega vegna launa- og verðlagsbreytinga, en þess ber sérstaklega að geta, að niður fellur 90,0 m.kr. framlag Orkusjóðs í fjárlögum 1977 vegna orkurannsókna, en framlagið taldist til sértekna stofnunarinnar, Orkusjóður 450,0 m.kr. og Rafmagnseftirlit ríkisins 22,1 m.kr. Markaðir tekjustofnar á sviði orkumála eru rafmagnseftirlitsgjald, sem hækkar um 22,1 m.kr., og verðjöfnunargjald um 150,0 m.kr. Loks fellur hluti Orkusjóðs í olíugjaldi niður sem markaður stofn, en hann nam 1 000,0 m.kr. í fjárlögum 1977. Orkusjóður fær því framlög eins og þau eru ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1977	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	16,8	—
Niðurgreiðslur	1 429,0	—
Annað	184,0	÷ 600,0
Samtals	1 629,8	÷ 600,0

Niðurgreiðslur. Framlög í þessum flokki hækka um 1 429,0 m.kr., sem skýrist þannig, að eiginlegar niðurgreiðslur á neyzluvöruverði hækka um 1 396,0 m.kr. og framlag í lífeyrissjóð bænda hækkar um 33,0 m.kr.

Annað. Af 184,0 m.kr. hækkun þessa flokks eru 158,0 m.kr. styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar og kostnaður við verðlagsskrifstofuna hækkar um 26,0 m.kr. Hluti olíugjalds, sem ráðstafað var til styrktar notendum olíu til húsahitunar telst ekki lengur markaður tekjustofn, en var 600,0 m.kr. á fjárlögum 1977.

13 **Hagstofa Íslands.** Framlag hækkar um 28,2 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana, þar af aðalskrifstofa 19,6 m.kr. og þjóðskráin 8,6 m.kr.

14 **Ríkisendurskoðun.** Kostnaður eykst um 45,3 m.kr. af völdum launa- og verðlagshækkana.

15 **Fjárlaga- og hagsýslustofnun.** Á fjárlagaliðum þessarar stofnunar verður samtals 1 058,8 m.kr. hækkun, þar af aðalskrifstofa 15,7 m.kr., framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða 2,5 m.kr. og vextir af ríkissjóðslánum 1 040,6 m.kr.

Tekjuhlið

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1978 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári, 1977, og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1978, sem raktar eru hér að framan.

Innheimtar tekjur 1978 eru áætlaðar samtals 124 844 m.kr. samanborið við 96 538 m.kr. í endurskoðaðri tekjuáætlun 1977 og 89 957 m.kr. í fjárlögum ársins 1977. Hér er því gert ráð fyrir, að tekjur hækki um 28 306 m.kr. milli áranna 1977 og 1978 eða um 29%, en frá fjárlögum nemur tekjuaukningin 34 887 m. kr. eða tæplega 39%. Þessi samanburður er hins vegar ekki alls kostar marktækur, þar sem gert er ráð fyrir, að sjúkratryggingagjald skv. lögum nr. 117/1976 verði innheimt á árinu 1978 með sama hætti og í ár, og er það nú fært í fjárlagafrumvarpi, en var ekki í fjárlögum 1977. Tekjur af sjúkratryggingagjaldi eru áætlaðar 1 900 m.kr. 1978 og sé sú fjárhæð dregin frá heildartekjum skv. frumvarpinu, verður tekjuaukningin frá 1977 til 1978 26 406 m.kr. eða rúmlega 27%, og hækkunin frá fjárlögum 1977 verður 32 987 m.kr. eða tæplega 37%.

	Fjárlög 1977 m. kr.	Áætlun 1977 m. kr.	Fjárlaga-frumvarp 1978 m. kr.
Almennar tekjur	79 153	85 347	106 736
Markaðar tekjur	10 804	11 191	18 108
Heildartekjur	89 957	96 538	124 844

Persónuskattar nema í heild 5 672 m.kr., en þar af er sjúkratryggingagjald áætlað nema 1 900 m. kr. Að því frátöldu hækka persónuskattar um 841 m.kr. eða 29%.

Eignarskattar. Í ár nam álagður eignarskattur einstaklinga samkvæmt skattskrá 666 m.kr. (án byggingarsjóðsgjalds) og eignarskattur félaga 673 m.kr. eða samtals 1 399 m.kr. samanborið við 1 160 m.kr. árið áður. Innheimtur eignarskattur einstaklinga er áætlaður 630 m.kr. í ár og eingarskattur félaga 620 m.kr. Eru þetta hvort tveggja nokkuð hærri fjárhæðir en áætlað var í fjárlögum og er ástæðan meiri hækkun eignastofns en þar var gert ráð fyrir. Með lögum nr. 32/1977 var álagningu eignarskatts breytt og var m. a. skattfrjáls eign hækkuð úr 2,7 m.kr. í 6 m.kr. hjá einstaklingum og í 9 m.kr. hjá hjónum. Þessi breyting var gerð í tengslum við hækkun á fasteignamati. Þótt heildarfjárhæð álagningar hafi hækkað milli áranna 1976 og 1977, þá hefur gjaldendum eignarskatts fækkað verulega eða úr 26 200 1976 í 14 500 1977.

Í áætlun fyrir árið 1978 er reiknað með breytingu fasteignamats í samræmi við 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, en niðurstöður um hækkun fasteignamats lágu ekki fyrir, þegar þessi áætlun var gerð. Jafnframt er gert ráð fyrir, að skattstiga verði breytt nokkuð, m. a. með hækkun skattfrjálsrar eignar, að hækkuðu fasteignamati, og önnur aukning skattskyldrar eignar ásamt breytingu á skattstiga feli í sér rúmlega 30% hækkun álagðs eignarskatts. Er álagður eignarskattur einstaklinga þannig áætlaður tæplega 900 m.kr. og eignarskattur félaga einnig tæplega 900 m.kr. Á grundvelli innheimtuforsendna ársins í ár má búast við samtals 1 600 m.kr. innheimtu eignarskatts á árinu 1978. Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti nemi því 16 m.kr.

Tekjuskattur. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1977, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars hefur verið dreginn frá, er 12 150 m.kr. Barnabætur

eru 4 154 m.kr. og afsláttur til greiðslu útsvars er áætlaður 950 m.kr., þannig að nettó-álagning tekjuskatts einstaklinga nemur 7 050 m.kr. Áætlað er, að innheimtur tekjuskattur einstaklinga nemi 6 900 m.kr., þegar barnabætur og greiðsla upp í útsvar hefur verið dregin frá. Innheimtar eftirstöðvar frá fyrri árum eru meðtaldar í þessari tölu. Þetta er 1 200 m.kr. lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun og er ástæðan sú breyting, er gerð var á álagningu tekjuskatts með bráðabirgðalögum nr. 51 22. júní s. l. í tengslum við gerð kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda. Lækkunin samkvæmt bráðabirgðalögunum var reyndar talsvert meiri en þessar tölur gefa til kynna, þar sem tekjuaukning á síðasta ári reyndist meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun, 32% í stað 30%.

Nú er áætlað, að tekjur einstaklinga til skatts hækki um 40% milli áranna 1976 og 1977 að meðtalinni 1 — 1½% fjölgun framteljenda. Áætlun þessi er aðallega reist á mati á breytingum kauptaxta á árinu og munar þar mest um hækkunina í júní í fyrsta áfanga kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda. Auk kauptaxtabreytinga hefur einnig verið litið til þess, sem vitað er um aðrar tekjur, svo sem tekjur sjómanna og ýmsar tilfærslutekjur og eignatekjur, auk vísbendinga um áhrif vinnutíma o. fl. Áætlun um álagðan tekjuskatt einstaklinga 1978 er reist á þessari forsendu um tekjubreytingu, en jafnframt er gert ráð fyrir skattvísitölu 131, miðað við 100 við álagningu 1977. Hækkun milli ára er þannig 31% og er það sama hækkun og áætlað er að verði á vísitölu framfærslukostnaðar milli áranna 1976 og 1977. Samkvæmt þessari áætlun verður álagður tekjuskattur einstaklinga á næsta ári 20 200 m.kr., en um 13 500 m.kr. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars. Miðað við svipaðar forsendur um innheimtu og í ár verður innheimtur tekjuskattur einstaklinga 11 650 m.kr. á árinu 1978 og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót og innheimtu þeirra á næsta ári. Í þessari áætlun er reiknað með óbreyttum lögum og reglum við álagningu tekjuskatts frá því sem gilti við álagingu í ár.

Álagður tekjuskattur félaga 1977 er um 2 670 m.kr., en í fjárlagaáætlun var aðeins reiknað með 2 200 m.kr. álagningu. Árið 1976 var álagður tekjuskattur félaga 1 720 m.kr. þannig að hækkunin í ár nemur 55%. Innheimtur tekjuskattur félaga í ár er áætlaður 2 365 m.kr. Búast má við, að tekjuskattur félaga verði nokkru meiri á næsta ári, þótt aukningin verði sennilega minni en almenn veltubreyting í ár. Er hér reiknað með, að álagning verði 3 200 — 3 300 m.kr. 1978 og innheimtur skattur verði 3 100 m.kr. Í þessari áætlun er miðað við óbreytt lög um tekjuskatt félaga frá því sem gilti við álagningu 1977.

Innheimt byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga (1% álag á tekjuskatt) er áætlað 143 m.kr. í ár og 221 m.kr. á næsta ári.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur tekna nemur 25 447 m.kr. í áætlun 1978 eða 20,4% heildartekna ríkissjóðs, og er það nær sama hlutfall og í fjárlögum 1977. Til samanburðar má nefna, að á árinu 1972 námu gjöld af innflutningi 30,5% af heildartekjum. Sé litið aftur til áranna 1968 og 1969, þ. e. fyrir gildistöku aðildarsamnings Íslands að EFTA og síðar viðskiptasamningsins við EBE, voru þessi gjöld um 37% ríkisteknanna.

Almennar tolltekjur ríkissjóðs eru nú áætlaðar 16 314 m.kr. í ár eða rúmlega 18% meiri en í fjárlagaáætlun, einkum vegna mun meiri innflutnings en miðað var við í fjárlagaáætlun, ekki síst innflutnings hátollavöru. Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir 7—8% aukningu almenns vöruinnflutnings að magni í samræmi við hinar almennu forsendur tekjuáætlunarinnar um breytingar þjóðarútgjalda. Búast má við, að innflutningsverð í erlendri mynt hækki um 7% að meðaltali á árinu 1978, en miðað við gengi í september 1977 svarar það til um 12% verðhækkunar í krónum. Samsetning innflutnings eftir tollflokkum er hér áætluð að mestu óbreytt frá árinu í ár, en á þessu ári hefur mikið verið flutt inn af ýmiss konar hátollavöru og reynist tollhlutfall í ríkissjóð því sennilega nokkru hærra en 1976. Í frumvarpinu er reiknað

með tollalækkun í ársbyrjun 1978 samkvæmt gildandi tollskrá, og er tolltekjutap ríkissjóðs af þeim sökum talið nema um 1 600—1 800 m.kr. 1978. Tolltekjur ríkissjóðs 1978 eru nú áætlaðar 17 730 m.kr. eða tæplega 9% meiri en á þessu ári. Almennur vöruinnflutningur er á hinn bóginn talinn aukast um nær 20% að verðmæti en vegna tollalækkunarinnar lækkar tollhlutfall innflutningsins úr 16,5% 1977 í rúmlega 15% 1978.

Innflutningsgjald af bifreiðum er áætlað 2 100 m.kr. í ár og er það 500 m.kr. umfram fjárlagaáætlun vegna mun meiri bílainnflutnings en reiknað var með. Í ár er talið, að alls verði fluttir inn um 6 500 bílar, en bílainnflutningur var afar lítill árin tvö á undan, 3 350 bílar 1975 og 2 755 bílar 1976 samanborið við 8 400 bíla að meðaltali næstu þrjú árin á undan. Á næsta ári er búizt við svipuðum bílainnflutningi og í ár og að óbreyttri gjaldskrá og með tilliti til verðbreytinga má reikna með, að innflutningsgjald af bifreiðum verði um 2 300 m.kr. á árinu 1978.

Innflutningsgjald af benzíni er í ár áætlað óbreytt frá fjárlagatölum eða 2 410 m.kr. Eins og fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að benzíngjald verði hækkað verulega undir lok þessa árs í því skyni að auka vegagerð. Með hækkun benzíngjaldsins nú um 15 kr. pr. lítra er talið, að heildartekjur af benzíngjaldi verði 4 660 m.kr. 1978 eða 2 250 m.kr. meiri í ár. Er þá ekki gert ráð fyrir frekari hækkun benzíngjalds á árinu. Gúmmígjald er áætlað 90 m.kr. á næsta ári.

Af öðrum aðflutningsgjöldum má nefna, að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 485 m.kr. á næsta ári og er það 20 m.kr. minna en í ár, enda er gjaldið fast í krónutölu, kr. 1,33 pr. kg., og búast má við að enn dragi úr þessum olíuinnflutningi á næsta ári. Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 25 447 m.kr. 1978 eða 18% meiri en í ár.

Skattar af framleiðslu. Tekjur undir þessum lið eru áætlaðar 6 566 m.kr. á þessu ári samanborið við 5 970 m.kr. í fjárlagaáætlun, og stafar aukning umfram áætlun af aukningu sérstaks vörugjalds vegna meiri innflutnings en reiknað var með í fjárlögum. Á árinu 1978 er gert ráð fyrir, að sérstakt vörugjald verði innheimt með sama hætti og í ár, og eru tekjur af gjaldinu áætlaðar 7 000 m.kr. eða 900 m.kr. meiri en á þessu ári, og er þá miðað við sömu verðforsendur innflutnings og í áætlun um tolltekjur, en heldur minni aukningu gjaldskylds innflutnings að magni en notað var um almennan vöruinnflutning.

Tekjur af vörugjaldi skv. lögum nr. 97/1971 eru áætlaðar 260 m.kr. í ár. Gjaldi þessu var breytt með lögum nr. 118/1976, sem gilda til loka þessa árs, en hér er gert ráð fyrir framlengingu þeirra laga og að tekjur af gjaldinu nemi 282 m.kr. á árinu 1978.

Álgjald er áætlað nema 206 m.kr. á þessu ári. Á næsta ári er reiknað með 72 þús. tonna gjaldskyldri framleiðslu, eða sem nemur fullum afköstum verksmiðjunnar, og lágmarksgjaldi, $ 20/tonn, en endanlegt framleiðslugjald er hins vegar einnig háð álverði og afkomu fyrirtækisins, sem ekki verður séð fyrir að svo stöddu. Í heild mun framleiðslugjaldið því nema 294 m.kr. á þessum forsendum, en þar af koma 180 m.kr. í hlut ríkissjóðs og er aðeins sá hluti gjaldsins færður hér.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1977 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar 45,4 milljarðar króna en nú eru horfur á, að þær nemi 48,8 milljörðum króna eða um 7½% umfram fjárlög. Tekjur af söluskatti eru nú áætlaðar 35,1 milljarður króna samanborið við 31,6 milljarð króna á fjárlögum og verða því að líkindum um 11% umfram fjárlagatölur. Meginhluti innheimtunnar umfram fjárlög stafar af meiri veltubreytingu en miðað var við í fjárlögum. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 18% sölugjaldi auk 2% söluskattsauka, sem er óskiptur. Hlutur sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn. Áætlunin um söluskatt 1978 ræðst af þeim forsendum um kauplag og verðlag og þjóðarútgjöld 1978, sem fyrr er getið. Samkvæmt þessum forsendum

eykst innheimtustofn söluskatts 1978 um rúmlega 26% frá þessu ári. Innheimtur söluskattur er áætlaður 44,8 milljarðar króna eða um 36% af heildartekjum ríkissjóðs og er það svipað hlutfall og í ár.

Launaskattur er áætlaður 5 050 m.kr. á þessu ári eða 455 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, en launaforsendur fjárlaganna voru miðaðar við þá samninga, sem í gildi voru um s. l. áramót og þá jafnframt áætlað að nokkru fyrir greiðslu vísitölubóta á árinu. Í áætlun fyrir 1978 er gert ráð fyrir, að launaskattur verði áfram 3,5% og 2% gangi til Byggingarsjóðs ríkisins. Miðað við þær launaforsendur fjárlagafrumvarpsins, sem áður er frá greint, er launaskattur áætlaður 6 800 m.kr. 1978. Þar af ganga 3 885 m.kr. til byggingarsjóðs en 2 915 m.kr. í ríkissjóð.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var í fjárlögum ársins 1977 áætlaður 8,6 milljarðar króna og var þá miðað við nokkra verðhækkun á árinu. Verðbreytingar urðu þó nokkru síðar en ráð var fyrir gert og eins hefur söluverðmæti áfengis, og þó einkum tóbaks, ekki aukizt í þeim mæli, sem meðalverðbreyting milli áranna 1976 og 1977 hefði alla jafna átt að gefa tilefni til. Rekstrarhagnaður ÁTVR verður því vart meiri en 8 milljarðar króna á þessu ári, og miðað við óbreytt útsöluverð eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 9,8 milljarðar króna 1978.

Flugvallagjald var í fjárlögum þessa árs áætlað 255 m.kr. en er nú talið verða 245 m.kr. í ár og 265 m kr. á árinu 1978.

Aðrir skattar af seldum vörum og þjónustu eru áætlaðir 397 m.kr. í ár — 351 m.kr. í fjárlagaáætlun — og 504 m.kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 4 527 m kr. í ár og er það 146 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Á næsta ári eru þessi gjöld samtals áætluð 5 794 m.kr. Sem fyrr vega stimpilgjöld, þinglýsingar og aukatekjur hér þyngst og eru samtals áætluð 2 345 m.kr. samanborið við 1 984 m.kr. í ár. Verðjöfnunargjald af raforku er í ár áætlað óbreytt frá fjárlagatölum, 725 m.kr., en 875 m.kr. á næsta ári. Bifreiðaskattur — þungaskattur af dísilbílum — var í fjárlögum 1977 áætlaður 780 m.kr. en verður að líkindum heldur minni eða um 730 m.kr. að því nú er talið. Á næsta ári er gert ráð fyrir, að þungaskattur verði hækkaður í hátt við þá sérstöku hækkun benzíngjalds, sem áður er getið, og nemi samtals 1 350 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta hækka úr 223 m.kr. í fjárlögum 1977 í 383 m kr. í áætlun 1978, nær einvörðungu vegna meiri tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 1 169 m.kr. í ár eða 228 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, einkum vegna meiri vaxtatekna en áður var reiknað með. Á árinu 1978 eru þessar tekjur áætlaðar 1 219 m.kr., og þar af eru vaxtatekjur 900 m.kr.

Yfirlit. Hér fer á eftir yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1978 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1977 og áætlun um innheimtar tekjur þessa árs. Fyrstu átta mánuði ársins námu tekjur ríkissjóðs 58,5 milljörðum króna og höfðu aukizt um 44% frá sama tíma í fyrra. Hér er gert ráð fyrir, að heildarinnheimta í ár verði 96,5 milljarðar króna, þannig að 37,7 milljarðar króna verði innheimtir síðustu fjóra mánuði ársins og yrði það 38% meiri innheimta en á sama tíma í fyrra.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1977 var sett fram endurskoðuð áætlun um tekjur ársins 1976. Voru heildartekjur þar áætlaðar 68,9 milljarðar króna en reyndust 68,3 milljarðar króna eða 600 m.kr. undir áætluninni, og er það innan við 1% frávik.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs 1976 var um 12½%, eins og þær voru þá taldar. Þetta hlutfall var 12% í fjárlögum þessa árs og reynist að líkindum heldur lægra í ár en fjárlög gerðu ráð fyrir eða um 11½%. Á næsta ári hækkar hlutfallið hins vegar í 14,5% að sjúkratryggingagjaldinu meðtöldu en að því frátöldu hækkar hlutfallið engu að síður í 13% vegna hækkunar markaðra tekna til vegagerðar.

Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 14,2% í stað 16,1% í fjárlögum ársins, en hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 82,6% í fjárlögum í 84,4% í áætlun 1977, en aðrar tekjur eru rúmlega 1%. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutdeild beinna skatta 17,9%, og stafar hækkunin m. a. af því, að sjúkratryggingagjald er nú fært í fjárlögum í fyrsta sinn. Hlutdeild óbeinna skatta verður 80,8% og hlutdeild annarra tekna verður óbreytt, rúmlega 1%.

	Fjárlög 1977	Endurskoðuð áætlun 1977	Frumvarp 1978
1. Persónuskattar	**2 930**	**2 930**	**5 672[3]**
2. Eignarskattar[1]	**1 267**	**1 343**	**1 706**
3. Tekjuskattar[1]	**10 279**	**9 408**	**14 971**
a) Einstaklingar	8 226	7 019	11 840
b) Félög	2 053	2 389	3 131
4. Gjöld af innflutningi	**18 553**	**21 580**	**25 447**
a) Almenn aðflutningsgjöld[2]	13 867	16 400	17 823
b) Benzín- og gúmmígjald	2 491	2 495	4 750
c) Innflutningsgjald af bílum	1 600	2 100	2 300
d) Annað	595	585	574
5. Skattar af framleiðslu	**5 970**	**6 566**	**7 462**
a) Sérstakt vörugjald	5 510	6 100	7 000
b) Annað	460	466	462
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu	**45 411**	**48 792**	**62 189**
a) Söluskattur	31 610	35 100	44 820
b) Launaskattur	4 595	5 050	6 800
c) ÁTVR	8 600	8 000	9 800
d) Annað	606	642	769
7. Aðrir óbeinir skattar	**4 382**	**4 527**	**5 794**
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	**223**	**223**	**383**
9. Ýmsar tekjur	**942**	**1 169**	**1 219**
Samtals	**89 957**	**96 538**	**124 844**
Markaðar tekjur	10 804	11 191	18 108
Almennar tekjur	79 153	85 347	106 736
Beinir skattar	14 476	13 681	22 349
Óbeinir skattar	74 316	81 465	100 892
Aðrar tekjur	1 165	1 392	1 602

[1]) Byggingarsjóðsgjald meðtalið.
[2]) Byggingarsjóðsgjald og aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum meðtalin.
[3]) Sjúkratryggingagjald meðtalið.

Lánahreyfingar

Nokkur breyting er nú gerð á framsetningu lánahreyfinga skv. 1. gr. frumvarpsins til samræmingar við ríkisreikning. Auk þess er tilgangurinn með þessari breytingu annars vegar að fá sérstaklega fram þær tölur á lánahreyfingum, sem tilheyra A-hluta ríkisfjármálanna og hafa þannig áhrif á greiðslujöfnuð ríkissjóðs, og hins vegar að sýna tengslin við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, bæði í A- og

B-hluta. Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins er halli á lánajöfnuði 1 403 m.kr., sem jafnaður er með afgangi á rekstrarjöfnuði. Innlend fjáröflun byggist á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg og á heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins ásamt 3. gr. laga nr. 77/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands. Heimildar til erlendrar lántöku verður leitað með sérstöku lagafrumvarpi. Verður nú vikið að helztu þáttum lánajafnaðarins, en nánar verður fjallað um lánamálin í heild í skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun fyrir árið 1978, sem lögð verður fram á haustþinginu.

Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga skv. 1. gr. frumvarpsins er 5 306 m.kr., og tilheyrir hún öll A-hluta. Er þar í fyrsta lagi um að ræða hlutafjárframlag í járnblendifélaginu 970 m.kr., í öðru lagi lánsframlag til iðnþróunarsjóðs Portúgals skv. samningi EFTA landanna 38 m.kr., og í þriðja lagi afborganir af almennum ríkissjóðslánum 4 298 m.kr., sem skiptist þannig að 3 065 m.kr. eru vegna umsaminna lána í Seðlabanka og 1 233 m.kr. vegna annarra lána. Eins og fram kemur í athugasemdum við lánahreyfingar inn eru áætlaðar lántökur vegna opinberra framkvæmda í A-hluta, sem fram koma sem útgjöld á rekstrarreikningi og hlutafjárframlags 3 878 m.kr. og til B-hluta 6 796 m.kr., eða samtals 10 674 m.kr. Er á eftirfarandi yfirliti sýnd skipting þessa lánsfjár á einstök verkefni í m.kr. ásamt samanburði við fjárlög 1977, og fylgir greinargerð um hvert og eitt.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

	Fjárlög 1977	Frumvarp 1978
A-hluti fjárlaga:		
Þjóðarbókhlaða	–	170
Laxastigi í Laxá	75	75
Vegagerð	1 600	2 200
Landshafnir	195	195
Hafnargerð við Grundartanga	150	188
Dýpkunarskip, kaup	300	–
Flugöryggistæki	76	80
Samtals	2 396	2 908
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	939	970
Samtals A-hluti	3 335	3 878
B-hluti fjárlaga:		
RARIK, almennar framkvæmdir	1 873	2 279
Sveitarafvæðing	200	200
Byggðalínur	1 833	2 306
Kröfluvirkjun:		
a. Stöðvarhús og vélar	1 876	1 301
b. Borholur og aðveitukerfi	913	278
Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl.	–	370
Endurlán vegna Grundartangahafnar	50	62
Samtals B-hluti	6 745	6 796
Samtals A- og B-hluti	10 080	10 674

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 170 m.kr. lántöku úr þjóðhátíðarsjóði til byggingarframkvæmda við þjóðarbókhlöðu. Auk þess er bein fjárveiting í fjárlögum ráðgerð 100 m.kr., þannig að til framkvæmda verða samtals 270 m.kr. á árinu 1978. Með fjárfestingu ársins 1977 hefur verið ráðstafað 103 m.kr. til verksins, en samkvæmt áætlun hefjast framkvæmdir haustið 1977. Heildarkostnaður er áætlaður 2 133 m.kr. á verðlagi í maí 1977.

Laxastigi í Laxá. Sú 75 m.kr. lántaka, sem hér um ræðir, er til að ljúka framkvæmdum við laxastigann, og er kostnaður þá orðinn alls 150 m.kr., en jafnhá fjáröflun var á lánsfjáráætlun ársins 1977.

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar er hér ráðgerð 2 200 m.kr., sem er 600 m.kr. hækkun frá 1977. Þar af er almenn lántaka 1 400 m.kr., en lánsfé sérstaklega tengt Norður-Austurvegi er 800 m.kr. Heildarútgjöld til vegamála eru áætluð 9 600 m.kr., eins og nánar er vikið að hér á eftir.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 195 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir, og er það sama tala og 1977. Skipting þessa fjármagns er þannig, að til lokaframkvæmda við Þorlákshöfn fara 25 m.kr., til framhalds framkvæmda á Rifi 50 m.kr. og til Njarðvíkurhafnar 120 m.kr., þar af 50 m.kr. til skuldagreiðslu og 70 m.kr. til framkvæmda við tengingu grjótgarðs.

Hafnargerð við Grundartanga. Lánsfjáröflun vegna ríkishlutans er áætluð 188 m.kr. og vegna hluta sveitarfélaganna 62 m.kr., sem færist undir B-hluta í samræmi við bókhaldsreglur eða samtals 250 m.kr. Í lánsfjáráætlun 1977 er heildarfjáröflun til þessarar framkvæmdar 200 m.kr., þannig að heildarkostnaður er áætlaður 450 m.kr.

Flugöryggistæki. Ráðgerð er 80 m.kr. lántaka til kaupa á flugöryggistækjum, sem er 4 m.kr. hækkun frá lánsfjáráætlun 1977. Auk þessarar lántöku er gert ráð fyrir 450 m.kr. beinni fjárveitingu til framkvæmda í flugmálum auk þess sem áætlað ráðstöfunarfé vegna sölu flugskýlis o. fl., 70 m.kr., verður varið til slíkra framkvæmda. Verður framkvæmdafé flugmála þannig um 600 m.kr. á árinu 1978, eins og nánar er gerð grein fyrir síðar í þessum athugasemdum.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Til samræmis við reglur ríkisbókhalds eru hlutafjárframlög færð á lánahreyfingar í A-hluta, en í lánsfjáráætlun 1977 er hlutafjárframlag til Járnblendifélagsins talið til B-hluta. Hér er um að ræða 970 m.kr. fjáröflun, en var 939 m.kr. 1977. Auk þessa 970 m.kr. hlutafjárframlags eru afborganir og vextir vegna fyrri lána, samtals 241 m.kr., fjármagnaðar af almennum skattatekjum ríkissjóðs, en í áætlun 1977 voru þessar lánaendurgreiðslur 139 m.kr. og fjármagnaðar með lántöku. Eru þær innifaldar í áðurgreindri 939 m.kr. lántöku fyrir árið 1977.

B-hluti fjárlaga

RARIK, almennar framkvæmdir. Lántökur vegna almennra framkvæmda RARIK eru 2 279 m.kr., og er það 406 m.kr. hækkun frá 1977. Af þessari fjáröflun eru 200 m.kr. til framlengingar lána vegna rekstrarörðugleika fyrirtækisins á yfirstandandi ári. Eru því 2 079 m.kr. vegna framkvæmda og auk þess 140 m.kr. framlag úr orkusjóði til styrkingar dreifikerfi í sveitum og 65 m.kr. tekjur af heimtaugargjöldum, eða samtals 2 284 m.kr. til framkvæmda. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í lánsfjáráætlun 1978, en helztu framkvæmdaþættir eru þessir: Virkjanir (lúkning) 39 m.kr., stofnlínur 597 m.kr., aðveitustöðvar 740 m.kr., innanbæjarkerfi 476 m.kr., sveitaveitur, styrking, 140 m.kr. og aðrir þættir samtals 292 m.kr.

Sveitarafvæðing. Gert er ráð fyrir 200 m.kr. lántöku til rafvæðingar í sveitum, og er það sama fjárhæð og 1977. Rafvæðingaráætlun um tengingu býla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifilínum mun ljúka í ár, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um, hvert framhald verður við nýlagnir eða viðbætur við eldri veitur. Nánari grein verður gerð fyrir framkvæmdaáformum við sveitarafvæðingu í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

Byggðalínur. Samtals er ráðgerð 2 306 m.kr. lántaka vegna byggðalína, en samsvarandi lántaka á lánsfjáráætlun 1977 er 1 833 m.kr., og er því um 473 m.kr. hækkun að ræða. Af fyrrnefndri fjárhæð eru 1 662 m.kr. til framkvæmda, þar af lína Krafla-Eyrarteigur 1 069 m.kr., aðveitustöð, fjarstýribúnaður o. fl. á Norðurlínu 386 m.kr. og aðveitustöð á Brennimel í Hvalfirði 207 m.kr. Afgangur lántökunnar, 644 m.kr., er vegna afborgana og vaxta af fyrri lánum til byggðalína, þar af 477 m.kr. vegna Norðurlínu, 115 m.kr. vegna línu Krafla-Akureyri, og 52 m.kr. vegna línu Krafla-Eyrarteigur.

Kröfluvirkjun:

a. Stöðvarhús og vélar. Meginhluti nauðsynlegrar fjáröflunar vegna þessarar framkvæmdar er til að standa undir fjármagnsútgjöldum, þ. e. afborgunum og vöxtum, eða samtals 1 151 m.kr., en 150 m.kr. eru ætlaðar til nauðsynlegs frágangs í stöðvarhúsi. Heildarlánsfjáröflun er þannig 1 301 m.kr., en það er 575 m.kr. lækkun frá lánsfjáráætlun 1977.

b. Borholur og aðveitukerfi. Sökum mikillar óvissu um aðstæður á Kröflusvæðinu er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir fjáröflun til áframhaldandi framkvæmda, en gert ráð fyrir að málið komi til sérstakrar athugunar við gerð lánsfjáráætlunar, sem lögð verður fyrir haustþingið. Sú 278 m.kr. lánsfjáröflun, sem hér um ræðir, er þannig eingöngu til að standa undir fjármagnsútgjöldum. Þetta er 635 m.kr. lægri fjárhæð en á lánsfjáráætlun 1977.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl. Ráðgert er að hefja framkvæmdir við jarðstöð og tengd mannvirki á árinu 1978 og afla til þess 370 m.kr. lánsfjár. Framkvæmdatími er áætlaður tvö ár, og er skipting á hluta póst- og símamálastofnunarinnar á helztu framkvæmdaþætti sem hér segir í m.kr.:

	1978	1979	Samtals
Jarðstöð	150	550	700
Sjálfvirkt talsamband milli landa	100	270	370
Hús fyrir sjálfvirka millilandastöð	70	30	100
Radiofjölsími	–	40	40
Ófyrirséð	50	70	120
	370	960	1 330

Kostnaðaráætlun fyrir jarðstöðina sjálfa er 1 000 m.kr., og koma 700 m.kr. í hlut Íslands. Húsbygging fyrir sjálfvirku millilandastöðina og aðra starfsemi landsímans er ráðgerð við Grensásstöð landsímans. Talið er að um helmingur af kostnaði við húsbygginguna sé vegna þessarar sjálfvirku stöðvar, en heildarbyggingarkostnaður er áætlaður 200 m.kr., og verður hinn helmingurinn fjármagnaður með eigin tekjum pósts og síma.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og að framan greinir, mun ríkið annast lánsfjáröflun vegna hlutar viðkomandi sveitarfélaga við þessa hafnargerð, sem árið 1978 er áætlaður 62 m.kr. Er þá miðað við, að heildarkostnaður á árunum 1977 og 1978 verði 450 m.kr.

Loks er á eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1977 í þús. kr.

	Fjárlög 1977	Frumvarp 1978	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands:	**2 380 484**	**3 065 165**	**684 681**
Lán vegna yfirdráttarskulda	1 462 000	2 061 558	599 558
Lán vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins	378 737	376 877	÷ 1 860
Lán vegna yfirdráttarskuldar RARIK	246 137	322 490	76 353
Lán vegna Áburðarverksmiðju	40 000	40 000	–
Lán vegna kaupa á Þórshamri	5 640	17 793	12 153
Lán vegna vegagerðar, yfirdráttarskuld	86 981	125 855	38 874
Lán vegna vegagerðar, erlent lán	119 132	113 962	÷ 5 170
Lán vegna vegagerðar, yfirtekin lán	1 126	3 158	2 032
Ýmis önnur lán en til vegagerðar	40 731	3 472	÷ 37 259
Önnur lán:	**591 657**	**1 233 132**	**641 475**
Spariskírteinalán önnur en til vegagerðar (endurlán)	82 276	107 018	24 742
Ýmis endurlán (erlend)	16 326	132 753	116 427
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	1 000	356	÷ 644
Ríkisfyrirtæki í A-hluta	400	400	–
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	2 682	2 784	102
Lánastofnanir (fjárfestingarsj. og lífeyrissj.) erl. fé	10 746	13 254	2 508
Lánastofnanir (fjárfestingarsj. og lífeyrissj.) innl. fé	10 263	2 959	÷ 7 304
Bæjar- og sveitarfélög	13	13	–
Ýmis erlend lán	57 569	39 651	÷ 17 918
Ýmis innlend lán	20 590	41 848	21 258
Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri (innlend og erlend)	55 663	55 782	119
Lán vegna kaupa á Landakotsspítala	–	31 500	31 500
Lán vegna járnblendiverksmiðju	–	92 000	92 000
Skyldusparnaður, innheimtur með sköttum	–	238 551	238 551
Lán til vegagerðar (önnur en hjá Seðlabanka):			
Spariskírteinalán (endurlán)	111 966	151 280	39 314
Önnur endurlán	134 202	120 056	÷ 14 146
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	3 102	1 070	÷ 2 032
Lánastofnanir, erlent fé	71 440	173 623	102 183
Ýmis innlend lán	28	2 081	2 053
Lán ríkisstofnana í A-hluta:			
Ríkisútgáfa námsbóka	416	400	÷ 16
Skógrækt ríkisins	356	172	÷ 184
Landnám ríkisins	1 789	1 376	÷ 413
Landmælingar	10 250	11 705	1 455
Iðnþróunarstofnun Íslands	580	12 500	11 920
Samtals	2 972 141	4 298 297	1 326 156

Lánahreyfingar inn

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins er heildarfjáröflun að meðtöldu innheimtufé endurlánaðra spariskírteina 12 113 m.kr., en af innheimtufénu verður 1 439 m.kr. varið til innlausnar spariskírteina, sem út voru gefin 1964 og 1965, þannig að fjáröflun vegna framkvæmda á lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar er alls 10 674 m.kr. Af þessu fé verður 6 796 m.kr. varið til B-hluta framkvæmda og 3 878 m.kr. til A-hluta framkvæmda, og auk þess nemur innheimta af veittum lánum

25 m.kr., þannig að innstreymi vegna A-hlutans verður samtals 3 903 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting lánsfjáröflunar til opinberra framkvæmda og samanburður gerður við fjárlög 1977 í millj. kr.

	Fjárlög 1977	Frumvarp 1978	Hækkun
Innlend fjáröflun:			
Verðbréfaútgáfa	1 700	2 000	300
Sérstök fjáröflun vegna þjóðarbókhlöðu	–	170	170
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	1 710	2 316	606
	3 410	4 486	1 076
Erlend fjáröflun:			
Vörukaupalán	763	–	÷ 763
Önnur lán	5 907	6 188	281
	6 670	6 188	÷ 482
Fjáröflun samtals	10 080	10 674	594

Á eftirfarandi yfirliti er sundurliðun á innheimtum afborgunum veittra lána, samtals 25 m.kr., ásamt samanburði við fjárlög 1977 í þús. kr.

	Fjárlög 1977	Frumvarp 1978	Mismunur
Landsvirkjun vegna aðflutningsgjalda	3 375	3 375	
Lagmetisiðjan Siglósíld	346	346	
Bifreiðakaupalán	3 600	3 520	÷ 80
Gjaldeyrisdeild bankanna	940	940	
Hampiðjan hf. vegna Heyrnleysingjaskólans	1 000	1 000	
Borgartún 7, húseign	2 816	2 816	
Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna	450	630	180
Tunnuverksmiðjur ríkisins		2 500	2 500
Ýmsir aðilar	7 473	9 873	2 400
Samtals	20 000	25 000	5 000

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður vikið nánar að helztu breytingum einstakra gjaldaliða, sem orðið hafa frá fjárlagatölum 1977. Þó verður ekki rætt sérstaklega um breytingar á fjárlagaliðum, sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunarinnar, enda hefur verið gerð sérstök grein fyrir þætti hennar varðandi útgjaldahækkanir framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 **Embætti forseta Íslands.** Á þessum lið kemur fram lækkun um 7 695 þús.kr., sem stafar af sérstakri fjárveitingu árið 1977, 21 000 þús.kr., til endurbóta á forsetasetrinu á Bessastöðum, sem nú fellur niður. Að þessu frátöldu er hækkun launa- og annarra rekstrargjalda 12 580 þús.kr., sem er rúmlega verðlagshækkun, en höfð var hliðsjón af reikningstölum 1976.

201 **Alþingi.** Kostnaður við Alþingi hækkar um 336 395 þús.kr. Er þetta nokkuð umfram eðlilegar verðlagshækkanir, en miðað var við niðurstöðu reiknings 1976.

301 **Ríkisstjórn.** Kostnaður eykst um 28 340 þús.kr. Þar af eru eðlilegar launahækkanir ráðherra og bifreiðastjóra 7 001 þús.kr., rekstur bifreiða og annar kostnaður 1 988 þús.kr. Aðrar hækkanir, 19 351 þús.kr., stafa af vanáætluðum rekstrarkostnaði bifreiða, þegar mið er tekið af reikningstölum 1976.

01 Forsætisráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 14 688 þús.kr., þar af vegna launa 11 042 þús.kr., sem eru eðlilegar launahækkanir að öðru leyti en því, að auka- og sérfræðivinna eykst nokkuð. Þá er gert ráð fyrir 500 þús.kr. fjárveitingu til kaupa á skrifstofuvélum o. fl. Inn er tekinn nýr liður, gjöf Jóns Sigurðssonar 1 800 þús.kr., sem áður var færður undir ýmis framlög í menntamálaráðuneytinu. Þá fellur niður framlag til Thor Thors sjóðsins 3 714 þús.kr. Aðrar hækkanir eru 5 060 þús.kr.

171 **Byggðasjóður, framlag.** Framlag hækkar um 779 000 þús.kr. og verður 2 409 000 þús.kr. Jafngildir það 2% af útgjöldum samkvæmt þessu frumvarpi.

02 Menntamálaráðuneytið

201 **Háskóli Íslands.** Framlag hækkar um 417 618 þús.kr., þar af eykst rekstrarkostnaður nettó um 472 618 þús.kr., en framlag ríkissjóðs til byggingarframkvæmda, sem er 55 000 þús.kr. í fjárlögum 1977, fellur niður. Aftur á móti hækkar áætlað framlag frá Happdrætti H. Í. og úr byggingarsjóði til framkvæmda um 163 000 þús. kr., þannig að í raun verður 108 000 þús.kr. nettóaukning framkvæmdafjár. Launaliður hækkar um 432 500 þús.kr., þar af vegna nýráðninga og stöðubreytinga 12 978 þús.kr., sem eru eftirfarandi: Við yfirstjórn ½ ritari 803 þús. kr., við *námsbraut í sjúkraþjálfun* lektor 2 346 þús.kr., við heimspekideild lektor í klassiskum málum 2 346 þús.kr. og rannsóknalektor í sagnfræði 2 346 þús.kr., í verkfræði- og raunvísindadeild dósent í bergfræði 2 624 þús.kr. og dósent í þróunarfræði 2 624 þús.kr., við íþróttakennslu baðvörður 1 383 þús.kr., í félagsvísindadeild lektor í stað erlends gistilektors 676 þús.kr., en niður fellur staða ættfræðiprófessors í lagadeild 2 170 þús. kr. Rekstur rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði hefur í fjárlögum fram að þessu verið settur upp sem hreinn kostnaður, en sú breyting er nú gerð á framsetningu, að sýndar eru brúttóstærðir gjalda og tekna. Vegna þessa kemur fram hækkun rekstrarkostnaðar, sem nemur 15 607 þús.kr., og 14 150 þús. kr. tekjuaukning. Að öðru leyti má rekja hækkun rekstrarkostnaðar háskólans til verðlags- og launahækkana og aukningar stundakennslu.

Sem fyrr greinir hækkar áætlað ráðstöfunarfé til framkvæmda um 108 000 þús. kr. og verður 388 000 þús.kr. Áætlað er, að það skiptist þannig á verkefni í þús.kr.:

Nýbyggingar á Landspítala- og háskólalóðum	290 000
Viðhald húsa, lóða og búnaðar	33 000
Tækjakaup	40 000
Skipulagning lóðar og áætlanagerð vegna nýbygginga á háskólalóð	5 000
Endurnýjun húsgagna og búnaðar	8 000
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námsleiða	12 000
Samtals	388 000

202 **Tilraunastöð háskólans.** Framlag hækkar um 27 871 þús.kr., þar af er ráðning fisksjúkdómafræðings 2 528 þús.kr. Önnur hækkun er afleiðing eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana við rekstur stofnunarinnar 51 132 þús.kr., er gert ráð fyrir ráðningu sérfræðings á efnafræðistofu 2 346 þús.kr.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag hækkar um 16 530 þús.kr., þar af venjubundinn rekstur vegna launa- og verðlagshækkana 10 985 þús.kr., en framlög til einstakra viðfangsefna hækka um 5 545 þús.kr., sem skiptist þannig: Niður fellur viðfangsefnið frumathuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins 4 000 þús.kr. Þess í stað er nýtt viðfangsefni, til nýrra rannsóknarverkefna 7 700 þús.kr. Þátttökugjald í Nordforsk hækkar um 348 þús.kr. og til starfsáætlunar um 797 þús.kr., en ylræktarverkefni í Hveragerði 5 000 þús.kr. fellur niður. Loks er tekið inn 5 700 þús.kr. framlag vegna stofnunar nýrrar deildar, upplýsingaþjónustu þar af er ráðning sérfræðings 2 725 þús.kr.

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag til sjóðsins verður 56 000 þús.kr., sem er framlag frá Happdrætti Háskóla Íslands og skiptist þannig: Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum 33 200 þús.kr., viðgerðir á húsi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins 13 000 þús.kr., lagfæring lóða og vega 4 000 þús.kr., annað 5 800 þús.kr.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Kostnaður eykst um 22 016 þús.kr., þar af 5 000 til framkvæmda við lóð skólans, sem enn er ófrágengin. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Kostnaður eykst um 82 870 þús.kr., þar af 3 000 þús.kr. til stofnkostnaðar, sem verður 8 000 þús. kr., til ýmissar frágangsvinnu í skólahúsinu. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

305 **Menntaskólinn við Sund.** Framlag til skólans hækkar um 90 699 þús.kr. Er þar annars vegar um að ræða eðlilegar hækkanir við rekstur skólans 68 669 þús.kr., en hins vegar hækkun stofnkostnaðar um 22 000 þús.kr., sem verður 50 000 þús.kr. Er þar um að ræða aðra endurgreiðslu samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg vegna húsakaupa fyrir skólann, 45 000 þús.kr., og til ýmissa endurbóta við skólahúsið 5 000 þús.kr.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Reksturskostnaður hækkar um 18 922 þús.kr., þar af er gert ráð fyrir ráðningu húsbónda á heimavist 2 020 þús.kr. Stofnkostnaður verður 19 000 þús.kr., sem er óbreytt frá fjárlögum 1977, þar af 12 000 þús.kr. til að standa undir vöxtum og afborgunum af íbúðum, sem keyptar voru fyrir kennara. Til frágangs í kjallara heimavistar eru ætlaðar 2 000 þús.kr. og 5 000 þús.kr. til framhalds hönnunar á nýju kennsluhúsnæði.

307 **Menntaskóli á Austurlandi.** Byggingarframlag hækkar um 72 000 þús.kr. og verður 143 000 þús.kr., en sú upphæð á skv. verksamningum að nægja til þess að gera mötuneytisálmu byggingarinnar tilbúna undir tréverk og steypa upp og múrhúða heimavistarálmu að hálfu á næsta ári.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Kostnaður eykst um 37 247 þús.kr., þar af eru 15 000 þús.kr. stofnkostnaður til framhalds hönnunar og byrjunarframkvæmda við skólahús. Rekstrarkostnaður hækkar um 22 247 þús.kr., sem er afleiðing launa- og verðlagshækkana auk nemendafjölgunar.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Framlag eykst um 109 826 þús.kr., þar af vegna rekstrar 80 326 þús.kr. Er þar um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir þremur nýjum lektorsstöðum í stað tveggja kennarastaða 3 590 þús.kr. Byggingarframlag hækkar um 29 500 þús.kr. og verður 57 500 þús.kr., sem ætlað er til að steypa upp nýtt kennsluhús.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Framlag hækkar um 12 074 þús.kr., þar af rekstrarkostnaður vegna launa- og verðlagshækkana 7 074 þús.kr. Stofnkostnaður hækkar um 5 000 þús.kr. og verður 12 000 þús. kr., sem ætlað er til framhalds hönnunar nýrra mannvirkja við skólann.

423 **Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.** Kostnaður eykst um 35 129 þús.kr., sem er 10 000 þús.kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir, en nú er í fyrsta sinn fjárveiting til endurskoðunar námsefnis á framhaldsskólastigi.

431 **Iðnfræðsluráð.** Auk eðlilegra verðlags- og launahækkana 16 437 þús.kr. er framlag hækkað um 3 000 þús.kr. til aukningar námsskrárgerðar.

351 **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.** Á þessum lið verður 115 889 þús.kr. hækkun, sem auk verðlagshækkana stafar af mikilli nemendafjölgun og auknum rekstrarkostnaði húsnæðis, en á þessu ári bætist yfir 1 000 m² verknámshús við húsnæði skólans.

353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja.** Hækkun nemur 91 559 þús.kr., sem skýrist annars vegar af verðlagshækkunum og hins vegar af mikilli fjölgun nemenda.

354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Hér er um nýjan skóla að ræða, sem hefur starfsemi haustið 1977. Heildarkostnaður er áætlaður 41 949 þús.kr.

514 **Iðnskólinn í Reykjavík.** Fram kemur hækkun á þessum lið, sem nemur 138 406 þús.kr., þar af vegna verðlags- og launabreytinga um 98 000 þús.kr. Hækkanir umfram þetta eru vegna mikillar fjölgunar nemenda í verknámsdeildum skólans í kjölfar breytinga á kennslufyrirkomulagi almenns iðnáms. Þá er gert ráð fyrir ráðningu bókavarðar 2 177 þús.kr., en sú staða var samþykkt af fjárveitinganefnd fyrr á þessu ári við athugun á óheimilum stöðum.

516 **Iðnskólar, almennt.** Framlag hækkar um 20 200 þús.kr., þar af viðhald 2 000 þús.kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 18 200 þús.kr. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur í heild 63 000 þús.kr. og skiptist þannig á einstaka skóla í þús.kr.:

Reykjavík	40 000
Hafnarfjörður	2 000
Akranes	2 000
Ísafjörður	2 000
Sauðárkrókur	2 000
Akureyri	5 000
Neskaupstaður	4 000
Vestmannaeyjar	6 000
Samtals	63 000

Í Reykjavík verður 23 000 þús. kr. varið til skuldnagreiðslna vegna framkvæmda á árinu 1977, og 7 000 þús.kr. til tækjakaupa og til að ljúka við frágang á I. og II. byggingaráfanga skólans 10 000 þús.kr. Í Hafnarfirði verður 2 000 þús.kr. varið til tækjakaupa. Á Akranesi er um að ræða 2 000 þús. kr. til skuldagreiðslna. Til tækjakaupa verður varið 2 000 þús.kr. á Ísafirði, 2 000 þús.kr. til framhalds hönnunar á Sauðárkróki, 3 000 þús.kr. til tækjakaupa á Akureyri og auk þess er 2 000 þús.kr. framhaldsfjárveiting til hönnunar nýs

verknámshúss á Akureyri. Á Neskaupstað er gert ráð fyrir 4 000 þús.kr. til innréttingar húsnæðis. Í Vestmannaeyjum er unnið að innréttingu á sameiginlegu kennslurými fyrir iðnskóla, vélskóla og stýrimannaskóla, og verður framlag til þess 6 000 þús.kr.

517 **Hótel- og veitingaskóli Íslands.** Við þessa stofnun bætist einn kennari vegna námskeiðs matsveina 2 020 þús. kr., en staða þessi var samþykkt af fjárveitinganefnd. Hækkun annarra liða er 9 909 þús. kr.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Framlag til skólans lækkar frá fjárlögum 1977 um 7 576 þús. kr., sem skýrist af því, að niður eru felldar launagreiðslur til hjúkrunarnema enda gert ráð fyrir að nemarnir hljóti fyrirgreiðslu Lánasjóðs ísl. námsmanna í samræmi við reglur sjóðsins fyrir hliðstætt nám. Í fjárlögum 1977 voru laun nema áætluð 33 000 þús. kr., þannig að nettóhækkun annarra liða er 25 424 þús. kr., eftir að tekið hefur verið tillit til hækkunar sértekna. Gert er ráð fyrir ráðningu 3ja kennara vegna fjölgunar nemenda.

522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Um Nýja hjúkrunarskólann gegnir sama máli og áður er frá greint varðandi Hjúkrunarskóla Íslands, þ. e. að framlag hækkar aðeins um 4 378 þús. kr. vegna niðurfellingar á launum nema.

562 **Leiklistarskóli Íslands.** Gert er ráð fyrir ráðningu ½ ritara 1 088 þús. kr., og nettóhækkun annarra liða er 10 930 þús. kr.

610 **Héraðsskólar, almennt.** Framlag hækkar um 46 500 þús. kr., þar af viðhald um 8 000 þús. kr. og stofnkostnaður, um 38 500 þús. kr. og verður í heild 177 000 þús. kr. Skipting stofnkostnaðar á einstaka skóla verður sem hér segir í þús. kr.

Reykholt	27 000
Núpur	10 000
Reykjanes	12 000
Reykir	25 000
Laugar	60 000
Eiðar	35 000
Skógar	2 000
Laugarvatn	6 000
Samtals	177 000

Í Reykholti verður 15 000 þús. kr. varið til endurbóta gamla skólahússins og til lagningar hitaveitu um staðinn, 2 000 þús. kr. til tækja- og húsgagnakaupa og 10 000 þús. kr. til framhaldsframkvæmda við nýbyggingu. Á Núpi fara 9 000 þús. kr. til endurbóta á eldri húsum skólans og 1 000 þús. kr. til kaupa á búnaði og kennslutækjum. Í Reykjanesi verður 5 000 þús. kr. varið til breytinga á eldra húsi vegna tengingar við nýbyggingu og lóðarlögun og 7 000 þús. kr. til framhalds undirbúnings byggingar íþróttahúss. Á Reykjum fara 15 000 þús. kr. til framhalds á endurbyggingu gamla skólahússins og 10 000 þús. kr. til lóðarlögunar og ýmissa endurbóta. Á Laugum verður fjárveitingunni varið til að ljúka byggingu íþróttahúss. Á Eiðum verður 10 000 þús. kr. varið til lagfæringa á íþróttasal og 25 000 þús. kr. til byggingarframkvæmda við byggingu heimavistarhúss, en undirbúningsfjárveiting til þess verks er á fjárlögum 1977. Á Skógum verður fjárveitingunni varið til ýmissa húsabóta og á Laugarvatni til lóðalögunar, auk húsabóta.

621 **Skálholtsskóli.** Hækkun framlags 8 615 þús. kr. stafar af nýsettum lögum um Skálholtsskóla, en samkvæmt þeim lögum skal rekstrarkostnaður skólans greiddur að fullu úr ríkissjóði, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist að ⅘ hlutum úr ríkissjóði.

700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Engar meiri háttar breytingar hafa orðið á viðfangsefnum, er falla undir þennan lið, aðrar en að kostnaður vegna framhaldsdeildarinnar við grunnskóla Akraness fellur niður vegna stofnunar fjölbrautarskóla Akraness. Er áætlað að útgjöld vegna deildarinnar hefðu orðið 20 717 þús. kr. Heildarhækkun rekstrar grunnskóla nemur 1 985 393 þús. kr. eða 47,6%. Meginþorri útgjaldahækkunarinnar er vegna launa, 1 835 521 þús. kr., en launagjöld hækka um 48,3%. Í heild hækka önnur rekstrargjöld um 142 302 þús. kr., en utan Reykjavíkur er það akstur skólabarna, sem myndar stærstan hluta rekstrarútgjaldanna. Þá hækka framlög til fræðsluskrifstofa (tilfærslur til sveitarfélaga) um 7 500 þús. kr. eða 25%, en hækkunin er aðallega vegna hækkaðs nemendaframlags, sem leiðir af almennum launahækkunum. Innbyrðis skipting framlaga til fræðsluskrifstofanna er nokkuð breytt frá fjárlögum 1977, og er það gert samkvæmt ósk menntamálaráðuneytisins.

791 **Grunnskólar, almennt.** Á liðnum kemur fram 98 491 þús. kr. lækkun vegna tilfærslu stofnana afbrigðilegra barna á sérstakan lið, 798, þannig að raunverulega verður hækkun annarra liða 69 242 þús. kr. eða 32,2%. Hækkun annarra liða er sem hér segir: Forfallakennsla o. fl. 28 945 þús. kr., framkvæmd sundskyldu 16 005 þús. kr., laun kennara í orlofi 10 086 þús. kr., yfirvinna skólastjóra 9 082 þús. kr., kostnaður við stjórnskipaða prófdómara 4 034 þús. kr. og til umferðafræðslu í skólum 1 090 þús. kr.

792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 342 930 þús. kr. og verða samtals 1 655 000 þús. kr. Eins og venja hefur verið, mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu þessa fjár á einstakar framkvæmdir.

793 **Bygging skóla fyrir þroskaheft börn.** Byggingarframlög hækka um 15 000 þús. kr. eða 33,3% og nema í heild 60 000 þús. kr. Um skiptingu þessarar fjárveitingar á einstakar framkvæmdir fer eftir ákvörðun fjárveitinganefndar.

798 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Þetta er nýr fjárlagaliður, sem var áður talinn sem viðfangsefni undir 791- Grunnskólar, almennt og hækkar um 145 037 þús. kr. eða 86,5%. Auk launa- og verðlagshækkana stafar þessi hækkun af verulegri vanáætlun undanfarin ár, nokkurri aukningu í kennslumagni og ráðningu tveggja sérfræðinga til starfa við þessar stofnanir, sálfræðings og félagsráðgjafa.

799 **Heyrnleysingjaskólinn.** Hækkun á þessum lið er 12 848 þús. kr., þar af 4 390 þús. kr. vegna ráðningar tveggja nýrra kennara, en gert er ráð fyrir bæði fjölgun bekkjardeilda og breyttrar skiptingar í kennsluhópa.

803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag til byggingar dagvistarheimila hækkar um 54 300 þús. kr. og verður samtals 165 000 þús. kr.

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Framlag hækkar um 408 135 þús. kr. og verður 1 408 135 þús. kr. í heild. Þessi áætlun er við það miðuð, að sjóðurinn geti staðið undir 85% umframfjárþarfar eins og hún er metin af sjóðsstjórn og er það óbreytt frá gildandi reglu. Gert er ráð fyrir heimild í 6. gr. frumvarpsins um 270 m.kr. lántöku til að gera þetta kleift, miðað við að framangreind áætlun um umframfjárþörf standist, en vegna breytinga á útlánsreglum ríkir allmikil óvissa um tölu lánsumsókna.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Hækkun þessa liðar er 2 580 þús. kr., þar af styrkur til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum 700 þús. kr., til félagsstofnunar stúdenta 3 000 þús. kr., en framlag til hjónagarða lækkar um 1 120

þús. kr. og verður 15 000 þús. kr., sem er síðasta greiðsla úr ríkissjóði til efnda á fyrirheitum um minningargjöf.

884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Hækkun framlags á þessum lið er 30 000 þús. kr. og verður í heild 200 000 þús. kr.

901 **Landsbókasafn.** Gert er ráð fyrir ráðningu bókavarðar í ⅔ starf 1 565 þús. kr. og ennfremur ráðningu ritara í ½ starf 1 009 þús. kr. Að öðru leyti hækkar rekstrarkostnaður safnsins um 15 545 þús. kr.

907 **Listasafn Íslands.** Framlag hækkar um 24 043 þús. kr., þar af er ráðning safnvarðar 2 346 þús. kr., en byggingarframlag hækkar um 15 000 þús. kr. og verður 60 000 þús. kr. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

972 **Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld:** Vegna aukins innflutnings litsjónvarpstækja er áætlað að aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum aukist um 245 000 þús. kr. og verði 340 000 þús. kr. Framlag ríkissjóðs er áætlað í samræmi við það.

973 **Þjóðleikhús.** Framlag til Þjóðleikhússins hækkar um 98 116 þús. kr., þar af er ráðning þriggja A-leikara 6 700 þús. kr. Að öðru leyti er um verðlags- og launahækkanir að ræða.

976 **Menningarsjóður.** Hækkun á þessum lið 8 200 þús. kr. stafar af áætlaðri hækkun miðagjalds, er rennur í sjóðinn.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Byggingarframlag hækkar um 220 000 þús. kr. og verður 270 000 þús. kr. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að fjármagna 170 000 þús. kr. með lántöku, eins og fram kemur hér að framan í greinargerð um lánahreyfingar.

982 **Listir, framlög.** Sú breyting verður á þessum fjárlagalið, að í stað margra sundurleitra viðfangsefna, þar sem framlög eru merkt ákveðnum viðtakendum, verður tekin upp viðfangsefnaskipting, sem miðast við listgreinar. Hækkun framlaga er 20 312 þús. kr. frá fjárlögum 1977.

983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Framlög lækka um 3 656 þús. kr., þar sem lokið er tveggja ára áætlun um sérstakar rannsóknir við Kröflu. Önnur framlög eru óbreytt frá fjárlögum 1977.

984 **Norræn samvinna.** Liður þessi hækkar um 6 953 þús. kr., sem er hækkun framlags til norræns samstarfs 1 000 þús. kr., vegna norrænu menningarfjárlaganna 5 374 þús. kr. og fyrsta framlag Íslands af þremur til byggingar norræns húss í Þórshöfn 579 þús. kr.

985 **Félagsheimilasjóður.** Hækkunin, 39 600 þús. kr., er vegna áætlunar um tekjur af skemmtanaskatti, sem renna í sjóðinn.

986 **Íþróttasjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 117 560 þús. kr. og er þar eingöngu um hækkun byggingarframlaga að ræða. Byggingarframlög verða samtals 247 640 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að skipting þessarar fjárveitingar, eftir byrjunarárum framkvæmda, verði ákveðin í fjárlagameðferð á þinginu.

987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Framlag hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr.

989 **Ýmis íþróttamál.** Fram kemur 11 800 þús. kr. hækkun á þessum lið og er þar um að ræða flutning tveggja viðfangsefna af fjárlagalið 999 „Ýmislegt“, sumar-

námskeið í Heiðarskóla 1 200 þús.kr., og styrk til náms í íþróttum fyrir fatlaða 500 þús. kr. Þá hækkar framlag til Íþróttasambands Íslands um 10 100 þús. kr.

991 **Húsfriðunarsjóður.** Framlag hækkar um 668 þús. kr. og verður alls 7 171 þús. kr., en samkvæmt lögum er hér um að ræða framlag, sem miðast við ákveðna fjárhæð á hvern íbúa og breytist í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

999 **Ýmislegt.** Eins og á fjárlagaliðnum „Listir, framlög" er gerð sú breyting, að í stað yfir 70 viðfangsefna í fjárlögum 1977, þar sem framlög voru merkt ákveðnum viðtakendum, er framlögum skipt í eftirfarandi þrjú viðfangsefni: Söfn og minjar, félög og samtök og önnur framlög. Við þessa breytingu eru nokkur viðfangsefni flutt á aðra fjárlagaliði. Til sumardvalarheimila 2 000 þús. kr. er flutt á vernd barna og unglinga, þjóðhátta- og byggðakvikmyndir 500 þús. kr. telst hér eftir með framlögum til kvikmyndagerðar á framlögum til lista, á ýmis íþróttamál eru flutt sumarnámskeið í Heiðarskóla 1 200 þús. kr. og styrkur til náms í íþróttum fyrir fatlaða 500 þús. kr. Gjöf Jóns Sigurðssonar 1 800 þús. kr. er flutt á forsætisráðuneytið. Þá er felld niður við þessa breytingu fjárlagaliður 998 „Ýmsir styrkir", en hækkun á þessum fjárlagalið vegna þess er 14 000 þús. kr. Þá fellur niður framlag til byggingar sögualdarbæjar 2 100 þús. kr. Nettóhækkun á þessum lið verður því 5 900 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 51 467 þús. kr., þar af á yfirstjórn ráðuneytisins 49 767 þús. kr. Sú breyting verður á starfsliði ráðuneytisins, að gert er ráð fyrir ráðningu ritara 1 658 þús. kr., en staða sendiráðsritara er flutt til sendiráðsins í Brussel. Framlög til einstakra viðfangsefna utan yfirstjórnar breytast sem hér segir: Kostnaður vegna samninga við erlend ríki eykst um 1 000 þús. kr., vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 1 500 þús. kr. og vegna markaðsmála 4 500 þús. kr. Aftur á móti lækkar fjárveiting til kjörræðismanna um 5 300 þús. kr. (og verður 3 000 þús. kr.), en í fjárlögum 1977 var sérstök fjárveiting til ráðstefnu ræðismanna Íslands.

301—312 **Sendiráðin.** Heildarkostnaður við sendiráðin eykst um 26 481 þús. kr. Í fjárlögum 1977 var sérstakur liður, sendiráð almennt, að upphæð 29 000 þús. kr., til að mæta ófyrirséðum launa- og verðlagshækkunum. Þessi liður fellur nú niður, þannig að fram kemur 55 481 þús. kr. hækkun kostnaðar við einstök sendiráð. Launaliður hækkar um 8 820 þús. kr., þar af eru nýjar stöður og kostnaður við stöðutilfærslur 7 509 þús. kr. Í Bonn er gert ráð fyrir ráðningu flutningsskylds ritara í staða erlends, niður fellur tímabundin heimild fyrir ritara í Kaupmannahöfn, staða sendiráðsritara í London, sem verið hefur hálft starf, verður fullt starf, og loks flyzt sendiráðsritari af aðalskrifstofu ráðuneytisins til sendiráðsins í Brussel. Launaliður hækkar ekki meira en raun ber vitni, þar eð búsaleigugreiðslur starfsmanna sendiráðanna eru nú taldar með öðrum rekstrargjöldum. Skipting hækkunar launaliðs er þannig í þús. kr:

Nýráðningar	7 509
Grunnkaupshækkanir ísl. starfsfólks	7 371
Gengi breytingar	15 218
Vísitöluhækkanir	16 632
Launatengd gjöld og flutningur launa á milli sendiráða	÷ 16 955
Erlent starfsfólk	5 493
Húsaleiga	÷ 26 448
Samtals	8 820

Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 52 597 þús. kr., þar af áhrif gengisbreytinga 6 716 þús. kr. og húsaleigukostnaður 34 554 þús. kr., aðrar hækkanir 11 327 þús. kr. Viðhaldsliður lækkar um 8 740 þús. kr., og er sú lækkun vegna sérstakrar fjárveitingar í fjárlögum 1977 til breytinga á sendiherrabústaðnum í Osló. Loks hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 2 804 þús. kr.

401 **Alþjóðastofnanir.** Heildarhækkun framlaga til alþjóðastofnana er 145 070 þús. kr. og skiptist í meginatriðum sem hér segir: Aukning stofnfjár Alþjóðabankans skv. l. nr. 7/1977 90 000 þús. kr., Sameinuðu þjóðirnar 3 430 þús. kr., alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 1 010 þús. kr., alþjóðaveðurfræðistofnunin 1 160 þús. kr., þróunaraðstoð S.þ. 1 600 þús. kr., til alþjóðahafrannsókna 2 380 þús. kr., NATO 4 690 þús. kr., alþjóðaframfarastofnunin 34 000 þús. kr. og aðrir liðir samtals 6 800 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Fram kemur 15 493 þús. kr. hækkun á þessum lið, þar af er þóknun til jarðanefnda 2 600 þús. kr., en samkvæmt nýsettum jarðalögum skal ríkissjóður greiða helming af kostnaði við jarðanefndir.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlög hækka um samtals 3 260 þús. kr., þar af vegna ábúendaskipta 3 050 þús. kr., til endurbóta 560 þús. kr., til nýbygginga 3 550 þús. kr., en framlög til annarra greiðslna lækka um 3 900 þús. kr.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Framlag hækkar um 49 817 þús. kr., þar af er ráðning skrifstofumanns í 70% starf 1 012 þús. kr., en fjárveitinganefnd samþykkti þá stöðu fyrr á þessu ári. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagsbreytingar.

205 **Veiðistjóri.** Sú hækkun sem verður á þessum lið 8 435 þús. kr. skýrist af því, að inn er tekin fjárveiting 1 888 þús. kr. til að greiða laun hundahirðis, en fjárveitinganefnd hefur heimilað ráðningu í þá stöðu og 700 þús. kr. til reksturs hundabús. Framlag vegna eyðingar refa, minka og svartbaks hækkar um 3 717 þús. kr. og verður 17 300 þús. kr. Aðrar hækkanir 2 130 þús. kr. eru eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Framlag hækkar um 100 288 þús. kr. Launaliður hækkar um 34 907 þús. kr., þar af er ráðning í stöðu rannsóknamanns sem samþykkt hefur verið af fjárveitinganefnd 1 605 þús. kr. Aðrir rekstrarliðir og stofnkostnaður hækka um 25 084 þús. kr., þar af eru verðbætur á landgræðsluáætlun 8 986 þús. kr. Gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki um 5 000 þús. kr. Framlög til tilraunastöðva landbúnaðarins hækka um 45 297 þús. kr. og verða 107 275 þús. kr. Er skipting þeirra sem hér segir í þús. kr.:

Hestur	23 202
Reykhólar	7 792
Möðruvellir	31 489
Skriðuklaustur	35 740
Sámsstaðir	9 052
Samtals	107 275

Af fjárveitingunni til Hestbúsins fara 12 367 þús. kr. til rekstrar, 2 800 þús. kr. til ýmissa tækjakaupa og 8 035 þús. kr. til að jafna rekstrarhalla frá fyrri árum. Gert er ráð fyrir að á Reykhólum verði fjárfesting í ýmsum

tækjum 1 150 þús. kr. Að öðru leyti er um rekstrarfjárveitingu að ræða. Heildarfjárfesting á Möðruvöllum verður 12 240 þús. kr., þar af til framhalds fjósbyggingar 10 000 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir 8 530 þús. kr. fjárveitingu til að jafna halla frá fyrri árum, en að öðru leyti er um rekstrarfjárveitingu að ræða. Af framlagi til Skriðuklausturs fara 13 390 þús. kr. til rekstrar, 3 300 þús. kr. til að jafna halla frá fyrri árum og fjárfest verður fyrir 19 050 þús. kr., sem skiptist þannig, að til byggingar starfsmannahúss fara 17 500 þús. kr. og til ýmissa tækjakaupa 1 550 þús. kr. Á Sámsstöðum er gert ráð fyrir að tækjakaup verði 3 700 þús. kr., en að öðru leyti fer fjárveiting til rekstrar.

231 **Skógrækt ríkisins.** Fram kemur 62 563 þús. kr. hækkun á þessum lið. Verðtrygging framkvæmda samkvæmt landgræðsluáætlun nemur 23 717 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 39 196 þús. kr. og stofnkostnaðaraukning utan landgræðsluáætlunar 4 650 þús. kr. Þá hækkar tekjuáætlun um 5 000 þús. kr.

235 **Landgræðsla.** Framlag hækkar um 106 331 þús. kr., þar af verðtrygging landgræðsluáætlunar 78 419 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 25 209 þús. kr., stofnkostnaðaraukning utan landgræðsluáætlunar 6 203 þús. kr. og loks hækkar tekjuáætlun um 3 500 þús. kr.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag lækkar um 14 280 þús. kr., sem skýrist þannig, að eðlilegar hækkanir rekstrar eru 7 987 þús. kr. og gert er ráð fyrir ráðningu lausráðins starfsmanns 1 153 þús. kr. Vextir sem í fjárlögum 1977 voru 2 420 þús. kr. eru fluttir á ýmis lán ríkissjóðs, og hið sama á við um lánahreyfingar. Framlög til grænfóðurverksmiðjanna í Saltvík og Hólminum, sem voru samtals 20 000 þús. kr. í fjárlögum 1977, eru felld niður og ennfremur framlag til Inn-Djúpsáætlunar 7 000 þús. kr. Inn er tekið nýtt viðfangsefni, til sérstakra verkefna, 3 250 þús. kr. Þá hækka framlög til byggingar íbúðarhúsa um 2 750 þús. kr. og til skipulagningar 1 000 þús. kr. Loks er gert ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki um 1 000 þús. kr.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Hækkun framlags er 36 512 þús. kr., þar af er ráðning fiskifræðings 2 346 þús. kr., rekstrargjöld og stofnkostnaður vegna stofnunar útibús 2 753 þús. kr. Þá hækka framlög til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði um 19 295 þús. kr. og verða 22 335 þús. kr., sem verður varið til framlengingar á vatnslögn og til að jafna rekstrarhalla frá fyrra ári. Aðrar hækkanir, sem verða í þessum lið, 12 118 þús. kr., eru eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins lækkar um 998 þús. kr. og verður í heild 19 380 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds, er rennur í sjóðinn.

286 **Landbúnaður, framlög.** Á þessum lið kemur fram 7 000 þús. kr. hækkun, þar af vegna jarðræktar- og húsagerðarsamþykkta 5 000 þús. kr. og stofnframlag til mjólkurbúa 2 000 þús. kr.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlag hækkar um 98 500 þús. kr. og verður í heild 490 700 þús. kr., þar af fast framlag samkvæmt lögum 25 000 þús. kr. og mótframlag gegn 1% álagi á söluvörur landbúnaðarins 465 700 þús. kr.

288 **Jarðræktarframlög.** Framlög þessi, sem eru verðtryggð, hækka um 152 358 þús. kr. og skiptist hækkunin sem hér segir: Plógræsi 6 250 þús. kr., önnur jarðrækt 66 000 þús. kr., byggingarframkvæmdir 66 000 þús. kr., framlag til vatnsveitna lækkar um 5 000 þús. kr. og loks hækka framlög til héraðsráðunauta um 19 108 þús. kr.

289 **Framræsla.** Liðurinn hækkar um 50 000 þús. kr. og verður 200 000 þús. kr., þar af er sérstök flýtigreiðsla 45 000 þús. kr.

290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Útflutningsuppbætur eru áætlaðar 1 163 000 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1977 eða alls 2 963 000 þús. kr. Er þá miðað við, að verðábyrgð ríkissjóðs verði nýtt að fullu, en eins og fram kom í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi 1977 miðaðist áætlun þess árs við nálægt 80% nýtingu. Framangreind tala er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða verðlagsárið 1977/78, sem Hagstofa Íslands hefur áætlað.

291 **Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973.** Framlög þessi, sem eru að mestu lögbundin, hækka um 36 515 þús. kr., þar af ráðning tveggja starfsmanna á kynbótastöðina í Laugardælum 2 563 þús. kr., en ríkissjóður greiðir 65% af launum þeirra sem og annarra frjótækna.

299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Hækkun, sem verður á þessum lið, 6 168 þús. kr., er eingöngu vegna verðuppbóta á landgræðsluáætlun.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Kostnaður eykst um 50 933 þús. kr., þar af rekstur 34 288 þús. kr., sem er nokkuð umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir, en haft var mið af reikningi 1976 við áætlun þessa. Viðhald á tækjum, vélum og húsum hækkar um 3 795 þús. kr., en stofnkostnaður hækkar um 12 850 þús. kr. og verður 62 850 þús. kr. Skipting stofnkostnaðar er þessi í þús. kr.:

Lúkning á starfsmannaálmu skólabyggingar	30 000
Bygging skólastjórabústaðar	10 000
Endurbætur á eldri skólastjórabústað	10 000
Endurbætur á fjóshlöðu	8 000
Lóðir og lagnir	2 000
Tækjakaup	2 850
Samtals	62 850

502 **Bændaskólinn á Hólum.** Hækkun á þessum lið er 18 424 þús. kr., þar af eðlilegar hækkanir rekstrar- og viðhaldskostnaðar að frádreginni hækkun sértekna 11 024 þús. kr., en fjárveiting til stofnkostnaðar hækkar um 7 400 þús. kr. og verður 18 100 þús. kr. Skipting stofnkostnaðar er þessi í þús. kr.:

Til byggingar hesthúss	4 000
Til brunavarna	2 000
Til lagningar hitaveitu	10 000
Til kipulagningar	1 000
Tækjakaup	1 100
Samtals	18 100

503 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Fram kemur 24 681 þús. kr. hækkun á þessum lið, þar af er hækkun rekstrarkostnaðar 18 681 þús. kr., sem er nokkuð umfram eðlilegar verðlagshækkanir, en gert er ráð fyrir auknum umsvifum skólans við tilraunastarfsemi. Þá er áætlað að sértekjur skólans hækki um 2 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 8 000 þús. kr. og verður 23 000 þús. kr., sem varið verður til heimavistarálmu og anddyris.

05 Sjávarútvegsráðuneytið

101 **Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa.** Heildarhækkun nemur 20 706 þús. kr., þar af 1 441 þús. kr. vegna stöðu skrifstofumanns (samþ. af fjárveitinganefnd) og vegna ráðningar fulltrúa í áður heimilaða stöðu 2 435 þús. kr. Launa- og verðlagshækkanir nema samtals 16 830 þús. kr.

201 **Fiskifélag Íslands.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 29 831 þús. kr. Skýrist hækkunin þannig: Staða fulltrúa 2 346 þús. kr., staða tæknifræðings, vegna athugana á notkun svartolíu 2 435 þús. kr., launahækkanir 19 694 þús. kr., og aðrir útgjaldaliðir hækka um 7 356 þús. kr. Á móti kemur hækkun sértekna um 2 000 þús. kr.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Heildarhækkun kostnaðar nemur 231 220 þús. kr. eða 37.2%. Laun hækka um 141 496 þús. kr. og aðrir liðir um samtals 89 724 þús. kr. Þá eru stofnuninni reiknaðar eigin tekjur, alls 21 300 þús. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1977.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Kostnaður við stofnunina eykst um 49 836 þús. kr., þar af vegna nýrrar stöðu skrifstofumanns (hálf) 775 þús. kr., vegna stöðu fisktæknis 1 874 þús. kr., vegna launahækkana 31 717 þús. kr. og vegna annarra rekstrargjalda 6 770 þús. kr. Þess ber sérstaklega að geta, að stofnkostnaður eykst um 10 000 þús. kr. vegna stofnunar útibús á Akureyri og eigin tekjur stofnunarinnar aukast um 1 300 þús. kr.

215 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Hækkun nemur 82 309 þús. kr. sem skiptist þannig: Tvær stöður matsmanna 3 748 þús. kr., viðbót við hlutastarf á Drangsnesi 171 þús. kr., almennar launahækkanir 62 578 þús. kr. og rekstrargjöld 14 612 þús. kr. Þá nemur hækkun annarra útgjaldaliða að frádreginni hækkun sértekna 1 200 þús. kr.

221 **Verðlagsráð sjávarafurða.** Kostnaður vegna ráðsins eykst um 6 566 þús. kr., sem er meira en almennar launa- og verðlagshækkanir gefa tilefni til. Hér veldur hækkun þóknunar til fulltrúa ráðsins samkvæmt ákvörðun þóknananefndar.

271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Framlag lækkar um 20 017 þús. kr. vegna lækkandi afborgana og vaxta af lánum.

274 **Aflatryggingasjóður.** Ríkissjóðsframlag til sjóðsins hækkar um 110 000 þús. kr. og verður samtals 274 500 þús. kr. Þar af er fast framlag vegna togaradeildar 2 500 þús. kr. og mótframlag vegna almennrar deildar 272 000 þús. kr.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlög á þessum lið hækka alls um 235 138 þús. kr., sem skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Fiskveiðasjóður, mótframlag 310 000 þús. kr., vátryggingasjóður fiskiskipa 150 000 þús. kr., veiðieftirlit 13 440 þús. kr., verðbætur á línufisk 10 000 þús. kr., eftirlit með hvalvinnslustöðvum 98 þús. kr., til skólabáta 400 þús. kr. og til viðgerða á fiskileitartækjum 200 þús. kr. Þá er þess að geta, að framlög til eftirtalinna verkefna falla niður: Rekstrarstyrkur til stóru togaranna 94 000 þús. kr., til athugana á notkun svartolíu í dísilskipum 3 000 þús. kr., framlag til ársfundar Alþjóðahafrannsóknaráðsins 1977 2 000 þús. kr. auk þess sem viðfangsefnið „Fiskleit, vinnsluþróun og markaðskönnun", sem hefur fengið fjárveitingu á þessum lið fjárlaga, 150 000 þús. kr., hlýtur nú sérstakt fjárlaganúmer, 05-298.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Heildarhækkun nemur 19 669 þús. kr. sem skýrist í megindráttum þannig: 1 821 þús. kr. er vegna tilfærslu fulltrúa frá sakadómi til aðalskrifstofu til að annast sérstök verkefni, 14 208 þús. kr. vegna umsaminna launahækkana og 3 640 þús. kr. vegna annarra útgjalda.

202 **Ríkissaksóknari.** Kostnaður vegna embættisins eykst alls um 17 488 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu löglærðs fulltrúa, 2 346 þús. kr., og launagjöld

hækka um 12 866 þús. kr. vegna áhrifa kjarasamninga. Önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar samtals um 2 276 þús. kr. frá fjárlögum 1977.

203 **Borgardómaraembætti.** Framlag hækkar um 27 135 þús. kr. vegna launa, þar af um 2 435 þús. kr. vegna ráðningar í stöðu löglærðs fulltrúa. Þá hækka önnur rekstrargjöld og aðrir útgjaldaliðir um 1 720 þús. kr. Hækkun framlagsins nemur því alls 28 855 þús. kr.

204 **Borgarfógetaembætti.** Hækkun nemur 26 756 þús. kr., sem skiptist þannig á einstaka liði: Laun 24 827 þús. kr., þar af 2 435 þús. kr. vegna ráðningar í stöðu löglærðs fulltrúa, en að öðru leyti vegna áhrifa kjarasamninga, önnur rekstrargjöld 2 629 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga og viðhald og stofnkostnaður lækka um 700 þús. kr.

205 **Sakadómaraembætti.** Vegna skipulagsbreytinga á dóms- og löggæzlustofnunum við stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins hafa m. a. orðið breytingar á starfssviði og starfsmannahaldi sakadómaraembættisins. Mannatilfærslur eru þær, að 25 rannsóknarlögreglumenn, 2 löglærðir fulltrúar og 2 ritarar flytjast frá sakadómi til rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá fækkar starfsmönnum um 5, þ. e. 3 rannsóknar- og boðunarmenn og 2 skrifstofumenn, en þeir flytjast til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Síðan er þess að geta að einn fulltrúi flyzt til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna dómafullnustu. Af öðrum skipulagsbreytingum á starfsemi sakadóms ber að nefna, að aðskilnaður er nú gerður á milli sakadóms, rannsóknarlögreglu Reykjavíkur og Hegningarhússins í Reykjavík. Til samræmis við þetta hefur Hegningarhúsið nú hlotið sérstakt fjárlaganúmer (06-241). Í heild lækka útgjöld vegna sakadómaraembættis um 81 094 þús. kr., sem skýrist þannig: Laun 64 163 þús. kr., önnur rekstrargjöld 15 831 þús. kr. og viðhald og stofnkostnaður samanlagt um 1 100 þús. kr.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Kostnaður við lögreglustjóraembættið eykst um 402 946 þús. kr., sem jafngildir 46,5% hækkun. Útgjaldahækkunin skýrist þannig: Launagjöld hækka alls um 355 076 þús. kr. eða 52,4%, þar af vegna ráðningar í nýjar stöður 21 274 þús. kr. og vegna áhrifa kjarasamninga 333 802 þús. kr. Nýjar stöður eru alls 12, þ. e. löglærður fulltrúi 2 435 þús. kr., 2 skrifstofumenn, sem flytjast af sakadómaraembættinu 2 996 þús. kr., 7 rannsóknarlögreglumenn, þar af 3 frá sakadómaraembætti 12 961 þús. kr. og auk þess 2 stöður eftirlitsmanna með vínveitingahúsum 2 882 þús. kr. Tvær síðasttöldu stöðurnar hafa þó ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þar sem eigin tekjur aukast að sama skapi. Hækkun annarra rekstrarliða er 48 308 þús. kr. og gjaldfærðs stofnkostnaðar 3 838 þús. kr. Verður gjaldfærður stofnkostnaður alls 30 254 þús. kr., en þar af renna 15 000 þús. kr. til áframhalds framkvæmda við lögreglustöð í Breiðholti. Eigin tekjur stofnunarinnar hækka um 4 276 þús. kr., að hluta vegna ráðningar eftirlitsmanna með vínveitingahúsum, sem fyrr greinir.

207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Framlag lækkar um 2 590 þús. kr. og verður 9 500 þús. kr. Verður því annars vegar varið til frágangs við loftvarnarbyrgi og æfingasal í kjallara og hins vegar til málningar, veggfóðrunar og annars lokafrágangs.

208 **Rannsóknarlögregla ríkisins.** Heildarframlag er 250 933 þús. kr. en var í fjárlögum 1977 15 000 þús. kr. Af heildarframlaginu nema laun 199 283 þús. kr., þar af laun fastra starfsmanna, að launatengdum gjöldum meðtöldum, 89 820

þús. kr. og önnur laun 109 463 þús. kr. Að baki fastra launa eru eftirfarandi stöðuheimildir:

	Fjöldi staða	Þar af flutt frá sakadómi	Fjölgun — nýjar stöður
Rannsóknarlögreglustjóri ...	1	–	1
Fulltrúar (löglærðir)	3	2	1
Skrifstofustjóri	1	–	1
Ritarar, símavarzla o. fl.	3	2	1
Rannsóknarlögreglu- og boðunarmenn	32	25	7
	40	29	11

Auk þess er ákveðið, að einn lögreglumaður flytjist frá dómstól og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum til rannsóknarlögreglunnar. Heimilaðar stöður eru því alls 41 talsins. Rekstrargjöld eru áætluð 38 650 þús. kr. og viðhald 3 000 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir 10 000 þús. kr. gjaldfærðum stofnkostnaði vegna tækja og búnaðar stofnunarinnar.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Nokkur stöðufjölgun á sér stað hjá sýslumönnum og bæjarfógetum og skiptast stöðurnar samkvæmt eftirfarandi yfirliti (fjárhæðir í þús. kr.):

Akureyri: löglærður fulltrúi	2 346
2 fangaverðir	3 424
Húsavík: 1½ ritari (samþykkt af fjárveitinganefnd)	2 325
Neskaupstaður: ½ bókari (samþykkt af fjárveitinganefnd)	788
Höfn: ½ ritari	720
Selfoss: ½ löglærður fulltrúi	1 218
skrifstofumaður	1 605
Keflavík: ½ löglærður fulltrúi	1 218
Kópavogur: símavörður	1 383
Samtals	15 027

Engar nýjar stöður lögreglumanna eru ráðgerðar og er það m. a. í samræmi við ákvörðun fjárveitinganefndar Alþingis þess efnis, að í lögregluliði skuli ekki fjölgað fyrr en að undangenginni endurskoðun á tilhögun löggæzlu í landinu.

Heildarhækkun framlaga nemur 607 504 þús. kr., eða 45,6%, og verður heildarkostnaður 1 938 543 þús. kr. Launaliður verður 1 443 986 þús. kr. og hækkun alls um 488 647 þús. kr., eða 51,2%, þar af um 15 027 þús. kr. vegna starfsliðsaukningar, sem að ofan greinir, og um 473 620 þús. kr. vegna launahækkana. Önnur rekstrargjöld aukast um 66 875 þús. kr. og viðhald um 3 991 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 64 994 þús. kr. og verður alls 138 836 þús. kr. Hæstu framkvæmdaframlögin eru til Keflavíkur til byggingar lögreglustöðvar 29 100 þús. kr. og 6 000 þús. kr. til frágangs skrifstofuhúsnæðis, til Borgarness til áframhalds byggingar lögreglustöðvar og skrifstofuhúss 35 000 þús. kr., til Bolungavíkur til byggingar lögreglustöðvar 10 000 þús. kr. og til Eskifjarðar til byggingar embættisskrifstofu 30 000 þús. kr., en til annarra embætta renna samtals 28 736 þús. kr. Loks er þess að geta, að sértekjur hækka um 17 003 þús. kr. og verða alls 21 788 þús. kr.

238 **Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.** Framlag hækkar um 4 483 þús. kr., sem skýrist þannig: Laun 3 598 þús. kr., en þá hefur launaliður verið lækkaður sem nemur launum eins rannsóknarlögreglumanns, sem er fluttur á rannsóknarlögreglu ríkisins. Önnur útgjöld hækka um 885 þús. kr.

241 **Hegningarhús.** Ákveðið er að Hegningarhúsið í Reykjavík fái sérstakt fjárlaganúmer, enda er það sjálfstæð stofnun frá 1. júlí 1977, sbr. greinargerð um sakadómaraembættið. Heildarútgjöld stofnunarinnar eru áætluð 45 276 þús. kr., og er það hækkun frá fjárlögum 1977, sem nemur 6 647 þús. kr., eingöngu vegna launa- og verðlagshækkana.

242 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Hækkun er 41 824 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig í einstaka útgjaldaþætti: Laun hækka um 40 656 þús. kr., þar af vegna 5 nýrra fangavarða 8 023 þús. kr. og vegna almennra launahækkana 32 633 þús. kr. Þá hækka önnur rekstrargjöld og viðhald um 11 168 þús. kr., en á móti kemur 10 000 þús. kr. hækkun sértekna.

251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður eykst um 376 063 þús. kr., sem skýrist að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagsbreytingum, þannig að umfang starfseminnar verður svipað og í ár.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Kostnaður við starfsemi bifreiðaeftirlitsins er áætlaður 251 068 þús. kr. án tillits til eigin tekna stofnunarinnar, en það er aukning um 61 135 þús. kr. frá fjárlögum 1977. Hækkun launa er 51 346 þús. kr., rekstrargjalda 12 839 þús. kr., viðhalds 590 þús. kr., en stofnkostnaður lækkar um 3 640 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að innheimt gjöld af bifreiðaeigendum vegna skrásetningar, skoðunar og bifreiðastjóraprófa auk eigin tekna bifreiðaeftirlitsins af námskeiðahaldi og sölu skrásetningarskilta verði hækkuð, þannig að tekjur af þeim jafngildi kostnaði við starfsemi bifreiðaeftirlitsins. Tekjur og gjöld vegna starfsemi bifreiðaeftirlits er sýnt í eftirfarandi yfirliti.:

Gjaldahlið:		**Tekjuhlið:**	
Laun	160 559	Skrásetningargjald	146 300
Önnur rekstrargjöld	72 509	Skoðunargjald	46 500
Viðhald	3 000	Prófgjald bifreiðastjóra ..	16 000
Gjaldfærður stofnkostnaður	15 000	Sértekjur stofnunar	42 268
Alls	251 068	Alls	251 068

Þess má að lokum geta, að gjöld vegna skrásetningar, skoðunar og bifreiðaprófa eru innheimt til ríkissjóðs.

254 **Sjómælingar og kortagerð.** Hækkun nemur 15 484 þús. kr., þar af laun, rekstrargjöld og viðhald 13 284 þús. kr. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 5 200 þús. kr. og verður alls 6 000 þús. kr., en 2 500 þús. kr. er áætlað til endurnýjunar bifreiðar og 2 700 þús. kr. er framlag til kaupa staðsetningartækja.

261 **Öryggiseftirlit ríkisins.** Framlag hækkar alls um 18 996 þús. kr., þar af 2 528 þús. kr. vegna ráðningar efnaverkfræðings og 13 817 þús. kr. vegna áhrifa kjarasamninga. Önnur útgjöld stofnunarinnar hækka um 2 651 þús. kr. Staðið er undir kostnaði við rekstur eftirlitsins með tekjum af öryggiseftirlitsgjaldi. Til þess að svo megi verða, hækka tekjur að sama skapi og kostnaður eða um 18 996 þús. kr.

262 **Löggildingarstofan.** Lækkun nemur 10 791 þús. kr., sem skýrist þannig: Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 7 169 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostn-

aður lækkar alls um 16 000 þús. kr. Þá hækka eigin tekjur stofnunarinnar um 1 965 þús. kr.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 15 338 þús. kr., sem skiptist þannig: Málskostnaður 4 500 þús. kr., meðdómsmenn 6 214 þús. kr., setu- og varadómarar 2 741 þús. kr. og aðrir liðir 1 883 þús. kr.

282 **Ýmis löggæzlukostnaður.** Hækkun framlags til þessa liðar er 11 181 þús. kr., sem skiptist þannig á viðfangsefni: Héraðslögregla 1 183 þús. kr., lögreglubifreiðar 5 000 þús. kr. og ýmis löggæzlukostnaður 4 998 þús. kr.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Framlag til þessa liðar hækkar um 28 473 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig á einstök viðfangsefni: Bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla 25 000 þús. kr. (verður 125 000 þús. kr.), sjúkrakostnaður refsifanga 2 000 þús. kr., námskeið fangavarða 130 þús. kr. og til geðlækninga og sálfræðiþjónustu við refsifanga 1 343 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Kostnaður eykst um 162 958 þús. kr., þar af laun um 112 836 þús. kr. vegna launahækkana eingöngu, önnur rekstrargjöld 25 302 þús. kr., viðhald 8 250 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 11 450 þús. kr. og tilfærslur til einstaklinga, heimila og samtaka 5 120 þús. kr. Framlög til viðfangsefna, sem einna mest hækka frá fjárlögum 1977, eru þessi: Prestar og prófastar 122 704 þús. kr. vegna launa og rekstrargjalda, yfirstjórn 9 097 þús. kr., æskulýðsstörf 4 420 þús. kr., söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 2 083 þús. kr., viðhald embættibústaða 7 500 þús. kr., framlag til Hallgrímskirkju í Reykjavík 2 750 þús. kr., byggingar á prestsetrum 7 000 þús. kr. og aðrir liðir hækka samtals um 7 404 þús. kr.

371 **Kirkjubyggingasjóður.** Framlag hækkar um 3 000 þús. kr. og verður alls 15 000 þús. kr.

373 **Kristnisjóður.** Framlag hækkar um 13 888 þús. kr. og verður alls 28 000 þús. kr. Hér er um að ræða lögbundið framlag, sem nemur launum í fimmtán prestaköllum, er lögð hafa verið niður samkvæmt lögum nr. 35/1970.

07 Félagsmálaráðuneytið

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga til stofnunarinnar nemur samtals 1 359 720 þús. kr. eða 46,1% og verður alls 4 308 000 þús. kr. Hækkun hluta byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti er 1 260 000 þús. kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum hækka um 99 720 þús. kr.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag lækkar um 25 000 þús. kr. og verður 300 000 þús. kr. Lækkunin er vegna greiðslu eftirstöðva frá 1976, sem kom inn í fjárlög 1977.

301 **Skipulagsstjóri.** Hækkun nemur 26 500 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur skipulagsgjald til embættisins. Þá er gert ráð fyrir ráðningu arkitekts 2 346 þús. kr.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag hækkar um 30 000 þús. kr. og verður alls 112 500 þús. kr., en samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár.

399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna er alls 50 000 þús. kr. og er það 12 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1977.

953 **Jafnréttisráð.** Ákveðið er að Jafnréttisráð hljóti sérstakt númer í fjárlögum. Framlög til ráðsins hækka um 2 141 þús. kr., þar af 1 048 þús. kr. vegna nýrrar stöðu (hálf) og 1 092 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana.

972 **Bjargráðasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 31 600 þús. kr. og verður 71 600 þús. kr. Hér er um að ræða lögbundið framlag, sem er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins (sbr. lög frá 31. des. 1976). Framlög sveitarfélaga til sjóðsins nema jafnhárri upphæð.

981 **Vinnumál.** Þessi liður hækkar um 4 401 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig á viðfangsefni: Félagsdómur 973 þús. kr., sáttanefndir 5 728 þús. kr. og framkvæmd áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins 1 300 þús. kr. Niður fellur framlag til Jafnréttisráðs 3 600 þús. kr., en ráðið fær nú fjárveitingu á sérstöku fjárlaganúmeri.

999 **Ýmis framlög.** Framlög á þessum lið hækka um 6 688 þús. kr., þar af meðlög 6 000 þús. kr. og Slysavarnafélag Íslands 2 688 þús. kr., en framlag til Elliheimilisins Fellsenda, sem var 2 000 þús. kr. á fjárlögum 1977, fellur niður.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysatrygginga, lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1977 sýnd:

Almannatryggingar 1977 og 1978
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1977	Frumvarp 1978	Hækkun
Slysatryggingar	835	937	102
Lífeyristryggingar	12 547	16 942	4 395
(Þar af atvinnurekendur)	(1 757)	(2 372)	(615)
Sjúkratryggingar	8 310[1])	12 227	3 917
Samtals	21 692	30 106	8 414
Hlutur ríkissjóðs	19 100	26 797	7 697
Hlutur atvinnurekenda	2 592	3 309	717

[1]) Þ. e. áætlað framlag ríkissjóðs á árinu.

Í byrjun ráðstefnu þessarar kynnti menntamálaráðherra hugmyndir að samkomulagi um breytingar á stafsetningunni. Þær fengu nokkrar undirtektir en þó ekki almennan stuðning. Sama gildir raunar um aðrar hugmyndir sem fram komu á ráðstefnunni og síðar á fámennari fundum menntamálaráðherra með málvísindamönnum og íslenskukennurum. Breytingar á reglum um stóran og lítinn staf virtust þó fá mestan hljómgrunn og mæta jafnframt minnstri andstöðu.

Hinn 28. júní síðastliðinn gaf menntamálaráðherra út auglýsingu um breytingu á auglýsingu um íslenska stafsetningu nr. 132/1974 í þá veru að reglur um stóran og lítinn staf eru færðar í svipað horf og venja hafði skapast um áður en fyrrgreind auglýsing var gefin út. Engu öðru er haggað í auglýsingu þessari sem prentuð er með frumvarpinu sem fylgiskjal. Í framhaldi af því, sem hér hefur verið rakið, er frumvarp til laga um setningu reglna um íslenska stafsetningu flutt á ný óbreytt en því fylgdi svofelld greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er stefnt að því að setja ákveðin fyrirmæli um hvernig standa skuli að því að setja reglur um íslenska stafsetningu. Ekki þykir eðlilegt að binda það í löggjöf hvernig stafsetningu skuli háttað heldur séu um það ákvæði í lögum hvernig ákvörðun um þau efni skuli bera að. Engin löggjöf er nú í gildi um þessi mál og hafa því auglýsingar þær um íslenska stafsetningu, sem út hafa verið gefnar þrisvar eða öllu heldur fjórum sinnum á þessari öld, ekki átt við lagafyrirmæli að styðjast. Auglýsingar þær, sem hér um ræðir, eru þessar:

1) Auglýsing nr. 15/1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum.
2) Auglýsing um íslenska stafsetningu, sbr. Lögbirtingablað nr. 9, 22. ár, 28. febrúar 1929.
3) Auglýsing nr. 272/1973, um afnám z, og
4) Auglýsing nr. 132/1974, um íslenska stafsetningu.

Þess ber að geta að auglýsing um afnám z, nr. 272/1973, var felld inn í auglýsingu nr. 132/1974 með mjög smávægilegum breytingum, einkum orðalagsbreytingum.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að menntamálaráðuneytið setji reglur um íslenska stafsetningu og gildissvið slíkra reglna skilgreint.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipun nefndar sem leitað skuli til um tillögur áður en stafsetningarreglum sé breytt. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji menn með sérþekkingu á íslenskri tungu og reynslu af kennslu móðurmálsins. Um verkefni Íslenskrar málnefndar, sem er einn tilnefningaraðila, er vísað til reglna um starf-

semi hennar, nr. 49/1965 (sbr. og auglýsingu nr. 32/1966) sem prentaðar eru með frumvarpinu sem fylgiskjal.

Síðari málsgrein greinarinnar lýtur að því að ráðuneytið geti leitað umsagnar um tillögur nefndarinnar hjá ýmsum sérfróðum aðilum ef ástæða þykir til.

Um 3. gr.

Hér er lögð áhersla á að festa sé æskileg í stafsetningu og er greininni ætlað að tryggja að þeirra sjónarmiða verði gætt við framkvæmd laganna.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er ætlast til að þær stafsetningarreglur eða breytingar á þeim, sem menntamálaráðuneytið hyggst gefa út að fengnum tillögum sérfræðinga, sbr. 2. gr., verði hverju sinni lagðar fyrir sameinað Alþingi sem fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um heimild handa ráðherra til þess að setja nýjar reglur eða breyta gildandi reglum. Þannig er reynt að tryggja hvort tveggja að sjónarmið sérfræðinga njóti sín en verði þó ekki gerð gildandi án þess að Alþingi hafi kynnt sér þau og samþykkt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa."

Fylgiskjal I.

Stj.tíð. B, nr. 49/1965.

REGLUR
um starfsemi Íslenskrar málnefndar.

Með bréfi, dags. 30. júlí 1964, hefur menntamálaráðuneytið stofnað nefnd sem vinna á að íslensku málverndarstarfi. Þessari nefnd, sem bera skal nafnið Íslensk málnefnd, eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Íslensk málnefnd er ráðgjafarstofnun. Henni ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málleg efni á fræðilegum grundvelli.

Af sérstökum verkefnum, sem henni ber að sinna, skulu þessi talin:

1. Nefndin skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýyrða og við nýyrðasmíði. Auk þess skal hún leitast við að fylgjast með því hver nýyrði ná festu í málinu.
2. Nefndin skal hafa samvinnu við nýyrðanefndir sem einstök félög eða stofnanir hafa sett á fót og vera þeim til aðstoðar.
3. Nefndin skal svara fyrirspurnum sem henni berast frá stofnunum eða einstaklingum og leitast við að hafa góða samvinnu við aðilja sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem blöð, útvarp og skóla. Allar fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.
4. Nefndin skal hafa samstarf við norrænu málnefndirnar og senda fulltrúa á hin árlegu þing þeirra ef við verður komið.

Auk þess getur ráðuneytið falið málnefndinni önnur verkefni sem varða íslenskt mál, svo sem stafsetningarmál, ráðgjafarstarf um útgáfu handbóka og kennslubóka o. s. frv.

2. gr.

Í Íslenskri málnefnd skulu eiga sæti 3 aðalmenn og 1 varamaður, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu 2 aðalmenn vera kennarar í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir Háskólans. A. m. k. einn aðalmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenskri málfræði sem sérgrein. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár. Nefndin kýs sér formann.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun til nefndarmanna, svo og til sérfræðinga sem nefndin leitar til. Formaður annast fjárreiður nefndarinnar og gefur ráðuneytinu árlega skýrslu um þær. Hann ræður aðstoðarmann í samráði við nefndina og semur um þóknun til hans í samráði við menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið 10. mars 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjal II.

Stj.tíð. B, nr. 261/1977.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

a) **Þjóðaheiti, nöfn á íbúum landshluta (héraða, hreppa, borga og kaupstaða), nöfn á mönnum kenndum við bæi eða forfeður,** svo og **nöfn á íbúum heimsálfa** skal rita með stórum staf, t. d. **Íslendingur, Austfirðingur, Keldhverfingur, Reykvíkingur, Seyðfirðingur, Stokkseyringur, Oddaverjar, Sturlungar, Knýtlingar, Evrópumenn, Ameríkanar.**

b) **Hátíðanöfn** skal því aðeins rita með stórum staf að fyrri hluti þeirra sé sérnafn, t. d. **Margrétarmessa, Þorláksmessa** o. s. frv.

c) **Um viðurnefni og nokkur önnur orð, samsett á sama hátt,** gildir sama regla og um hátíðanöfn, t. d. (Helgi) **Hundingsbani, Hólsfjallahangikjöt, Vernerslögmál** o. s. frv. **Viðurnefni leidd af staðanöfnum** skal einnig rita með stórum staf **ef þau eru nafnorð,** t. d. (Þorvaldur) **Vatnsfirðingur,** (Þórður) **Hítnesingur,** (Einar) **Þveræingur,** (Ormur) **Svínfellingur** o. s. frv. Um viðurnefni almennt, sjá 10. gr., og hátíðanöfn, 15. gr.

10. gr. verði þannig:

Viðurnefni skal rita með litlum staf (sbr. þó Um stóran staf 9. gr. c-lið), t. d. (Ari) **fróði,** (Jón) **lærði,** (Auðun) **vestfirski** o. s. frv.

11. gr. verði þannig:

a) **Þjóðflokkaheiti** skal rita með litlum staf, t. d. **mongóli, indíáni, germani, slafi.**

b) **Tungumálaheiti og nöfn á mállýskum** skal rita með litlum staf, **t. d. íslenska, vestfirska, jóska.**

12. gr. verði þannig:

a) **Nöfn á fylgismönnum stefna, jafnt stjórnmálastefna sem annarra,** svo og **nöfn á fylgismönnum einstakra forystumanna** skal rita með litlum staf, t. d. **framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, alþýðuflokksmaður, sósíalisti, guðspekingur, nýguðfræðingur, stalínisti, hitlersinni, maóisti, gaullisti** o. s. frv.

b) **Nöfn trúflokka og fylgismanna þeirra** skal rita með litlum staf, t. d. **múhameðstrú, múhameðstrúarmaður, kristin trú, kalvínstrú, húgenotti** o. s. frv.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Hafa skal hliðsjón af ákvæðum 42. gr. að því er varðar heimild til að nota kennslubækur með fyrri stafsetningu.

Menntamálaráðuneytið 28. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Sþ. **4. Tillaga til þingsályktunar** [4. mál]

um breytingu á kosningalögum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Gils Guðmundsson, Stefán Jónsson, Geir Gunnarsson, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er skipuð sé einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, til að semja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52 1959, um kosningar til Alþingis, er miði að því að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi kosningalögum er stjórnmálaflokkunum áskilinn réttur til að leggja fram raðaðan framboðslista og ákveða þannig fyrir fram hvaða frambjóðendur hafi mesta möguleika til að ná kosningu. Kjósandinn hefur að vísu rétt til að strika út frambjóðanda eða breyta röðinni, en raunveruleg áhrif kjósenda á röð frambjóðenda hafa löngum reynst lítil, og raunar engin eftir þær breytingar sem gerðar voru á kosningalögum árið 1959. Í 110. gr. laga nr. 52 1959 er svo fyrir mælt, að þrátt fyrir útstrikun eða breytingu á atkvæðaseðli fái frambjóðendur listans ⅔ atkvæðisins, eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum. Með öðrum orðum má segja að aðeins sé tekið tillit til þriðja hluta þeirra breytinga sem gerðar eru á röð frambjóðenda.

Sú skoðun hefur átt vaxandi fylgi að fagna, að réttur kjósenda til að hafa áhrif á röð frambjóðenda þess lista, sem þeir kjósa, sé allt of takmarkaður. Hefur þetta m. a. leitt til þess, að prófkosningar eða skoðanakannanir til undirbúnings framboðslista hafa orðið tíðari og verið reyndar í ýmsum myndum. Því er þó ekki að leyna, að prófkosningar eru á ýmsan hátt gallaðar, enda almennt óæskilegt í stjórnmálum að kosningar snúist fyrst og fremst um persónulega verðleika einstaklinga. Með þessu er þó alls ekki sagt að hæfileikar og dugnaður einstakra manna skipti litlu við skipan framboðslista, en gæfulegra er að pólitískar kosningar snúist fyrst og fremst um málefni, en ekki eingöngu um menn.

Eðlilegast virðist að á kjördegi geti kjósandinn valið milli flokka á málefnalegum grundvelli og samtímis átt þess kost að velja milli frambjóðenda flokksins. Þess háttar fyrirkomulag tíðkast í mismunandi myndum í öðrum löndum og koma ýmsir möguleikar til greina.

Hér verður bent á nokkra valkosti til skýringar:

Hugsanlegt er að kjósandinn fái að velja hvort hann greiðir flokknum atkvæði eða ákveðnum frambjóðanda flokksins, sbr. dönsku kosningalögin sem greina milli **persónulegra atkvæða** og **flokksatkvæða.** Einnig er hugsanlegt að flokkum sé í sjálfsvald sett hvort þeir leggja fram raðaðan lista eða ekki. Flokksatkvæði yrðu reiknuð frambjóðendum á röðuðum lista, en á óröðuðum lista skiptust atkvæðin milli frambjóðenda í hlutfalli við persónulegu atkvæðin.

Álitamál er hvort réttara væri að kjósandi, sem greiðir persónubundið atkvæði, merki við eitt nafn eða fleiri á atkvæðaseðlinum. Merking við eitt nafn er eðlileg í kjördæmi sem ekki fær nema einn eða tvo þingmenn, en óeðlileg í stórum kjördæmum. Í Danmörku getur kjósandinn aðeins merkt við eitt nafn á seðlinum, en þar er kjördæmaskipan mjög ólík því sem er hér á landi.

Til greina gæti komið að kjósandi, sem greiðir persónubundið atkvæði, hafi rétt til að merkja við eitt eða tvö nöfn í kjördæmum þar sem 5—6 þingmenn eru kosnir, en megi merkja við allt að fjögur nöfn þar sem 12 þingmenn eru kjörnir.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa enn ekki tekið afstöðu til þess, hvaða leið yrði heppilegust í þessum efnum, enda eðlilegast að væntanleg þingnefnd kanni

fyrst nánari framkvæmd málsins. Hins vegar er það aðalatriðið, að sú leið, sem valin er, sé sanngjörn og jafnframt verði kosningaaðferðin einföld og auðskilin.

Með þessari tillögu er lögð áhersla á að á þessu stigi málsins samþykki Alþingi viljayfirlýsingu þess efnis, að kjósendum verði gert auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um allsherjarathugun og úttekt á öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara sérstaka allsherjarathugun og úttekt á öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Öryggiseftirlit ríkisins og Heilbrigðiseftirlit ríkisins skulu stjórna athuguninni og framkvæmd hennar gerast í samráði við vinnuveitendur, trúnaðarmenn starfsfólks og viðkomandi verkalýðsfélög.

Greinargerð.

Alvarleg vinnuslys undanfarna mánuði sýna að rík nauðsyn er að gefa gaum að öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum um land allt. Sú heildarathugun og úttekt á þeim málum, sem tillaga þessi fjallar um, mundi án efa leiða í ljós fjölmargar hættur sem unnt er að fyrirbyggja. Auk þess mundi hún verða ómetanleg stoð við þá endurskoðun laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem nú stendur yfir.

Í viðræðum um kjarasamninga síðastliðið sumar lagði verkalýðshreyfingin mikla áherslu á að lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum yrðu endursamin. Með bréfi 22. júní féllst ríkisstjórnin á að skipa 9 manna nefnd til að vinna það verk, og skyldi stefna að því, að ný lög taki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1979.

Þá lagði verkalýðshreyfingin jöfnum höndum áherslu á, að „gerð verði sérstök allsherjarathugun og úttekt á ástandi aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum". Var þess óskað, að úttekt þessi færi fram á næstu 12 mánuðum samkvæmt sérstöku umboði stjórnvalda, svo og að allar nauðsynlegar úrbætur yrðu gerðar samkvæmt gildandi lögum að viðlagðri lokun vinnustaðanna. Enn fremur var farið fram á að fyrirtækjum yrðu veitt sérstök lán til að gera úrbætur á þessu sviði.

Ríkisstjórnin fékkst ekki til að fallast á kröfu þessa nema að litlu leyti. Hún lofaði í áðurnefndu bréfi athugun, sem „...mun ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða...".

Enda þótt mikill ávinningur sé að endursamningu laganna og takmarkaðri úttekt vinnustaða sýnir reynslan, að allsherjarathugun, eins og samninganefndir verkalýðsfélaganna óskuðu eftir, er brýn nauðsyn. **Samþykkt Alþingis á þessari tillögu mundi ekki aðeins verða mikilsverður stuðningur við þetta mál, heldur aðkallandi útvíkkun á því loforði sem ríkisstjórnin gaf.**

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa ár eftir ár flutt tillögur um vinnuvernd og starfsumhverfi, þar sem lagt hefur verið til að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta semja frumvörp til nýrra laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum, svo og íhlutun starfsfólks um næsta umhverfi sitt við vinnu. Þessar tillögur hafa ekki náð fram að ganga. Samninganefnd verkalýðsfélaganna tók málið hins vegar upp við samningagerð síðastliðið sumar með ágætum árangri. Sú áhersla, sem verkalýðshreyfingin leggur á þetta mál, kom einnig fram í samningunum sjálfum, en 4. grein þeirra hljóðar á þessa leið:

„Á vinnustöðum skal vera fyrir hendi, til afnota fyrir starfsfólk, sá öryggisútbúnaður, sem Öryggiseftirlit ríkisins telur nauðsynlegan vegna eðlis vinnunnar eða tiltekinn er í kjarasamningi.

Starfsfólki er skylt að nota þann öryggisbúnað, sem getið er um í kjarasamningum og reglugerðum, og skulu verkstjórar og trúnaðarmenn sjá um að hann sé notaður. Ef starfsfólk notar ekki öryggisbúnað, sem því er lagður til á vinnustað, er heimilt að vísa því fyrirvaralaust úr starfi eftir að hafa aðvarað það skriflega. Trúnaðarmaður starfsfólks skal tafarlaust ganga úr skugga um að tilefni uppsagnar hafi verið fyrir hendi, og skal honum gefinn kostur á að kynna sér alla málavexti. Sé hann ekki samþykkur tilefni uppsagnar, skal hann mótmæla uppsögninni skriflega og kemur þá fyrirvaralaus uppsögn eigi til framkvæmdar.

Brot á öryggisreglum, sem valda því að lífi og limum starfsmanna er stefnt í voða, skal varða brottvikningu án undangenginna aðvarana, ef trúnaðarmaður og forsvarsmaður fyrirtækis eru sammála um það.

Ef öryggisbúnaður sá, sem tiltekinn er í kjarasamningum og Öryggiseftirlit ríkisins hefur gefið fyrirmæli um að nota skuli, er ekki fyrir hendi á vinnustað, er hverjum þeim starfsmanni, er ekki fær slíkan búnað, heimilt að neita að vinna við þau störf, þar sem slíks búnaðar er krafist. Sé ekki um annað starf að ræða fyrir viðkomandi starfsmann, skal hann halda óskertum launum.

Komi til ágreinings vegna þessa samningsákvæðis, er heimilt að vísa málinu til fastanefndar A.S.Í. og V.S.Í.-V.M.S.“

Þessi samningsgrein gefur nokkra hugmynd um hversu mikil áhersla nú er lögð á öryggismálin.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um bætta starfshætti Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd þingmanna til að endurskoða þingsköp og bera fram tillögur um breytingar á þeim til að bæta starfshætti þingsins.

Störf nefndarinnar skulu m. a. miðast við eftirtalin markmið:

1) Að breyta skipan og verkefnum fastanefnda þingsins, fækka þeim verulega og gera hverjum þingmanni kleift að einbeita sér að 1—2 nefndum.
2) Að láta fastanefndir starfa milli þinga, halda fundi utan þingstaðar, fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um lagasetningu eða breytingu laga.
3) Að setja í þingsköp reglur varðandi umræður utan dagskrár, þannig að þingmenn eigi þess jafnan kost að hefja umræður um aðkallandi mál, sem ekki þola bið venjulegra þingmála, án þess að önnur þingstörf truflist af þeim sökum.
4) Að breyta meðferð þingsályktunartillagna til að stytta þann tíma, sem fer í umræður um annað en beina lagasetningu.
5) Að taka upp forsætisnefnd, er stjórni málum Alþingis með auknum völdum og aukinni ábyrgð.
6) Að staðfesta í lögum þá hefð, að þingforsetar gegni störfum milli þinga, jafnvel þegar þing er rofið.

Greinargerð.

Flutningsmaður hefur undanfarin 15 ár flutt mörg frumvörp um breytingar á þingsköpum, þar á meðal 3. mál síðasta þings. Fyrir rösklega áratug leiddi slíkt frumvarp til þess, að skipuð var nefnd til að endurskoða þingsköp, og að þessu sinni er lagt til að farin verði sú leið. Er raunar eðlilegast að nefndir þingmanna

vinni að endurskoðun á starfsháttum þingsins og tillögur um breytingar komi frá þeim.

Vöxtur þjóðarinnar, félagsleg umbrot og tæknibylting hafa á síðustu áratugum aukið til muna verkefni Alþingis og kröfur þjóðarinnar til þess.

Enda þótt kjördæmaskipan hafi verið breytt, þingmönnum fjölgað, aðstaða þeirra og launakjör bætt til muna, hafa litlar breytingar verið gerðar á starfsháttum þingsins sjálfs. Slíkar breytingar verður þingið þó að gera til að fylgjast með tímanum og gegna hlutverki sínu.

Gagnrýnendur hafa haldið fram, að Alþingi hafi undanfarna áratugi misst mikið af valdi sínu til ráðuneyta, embættismanna og sérfræðinga. Óneitanlega er nokkuð til í þeirri gagnrýni, en sú þróun stafar ekki af geðleysi þingmanna, heldur því, hve tæknileg og flókin mörg löggjöf er orðin. Þingið hefði átt að jafna metin með því að auka eftirlit og aðhald með framkvæmdavaldinu, en það hefur ekki gerst. Er kominn tími til að efla þann þátt í starfi Alþingis, eins og gert hefur verið í öðrum löndum.

Þau markmið, sem um getur í tillögunni, er öll að finna í frumvarpinu frá síðasta þingi, nema eitt. Verður hér látið nægja að vísa til þess og greinargerðar, er fylgdi því, um skýringar á hugmyndum flutningsmanns. Þar er þó ekki að finna tillögur um umræður utan dagskrár. Þær hafa oft truflað verulega önnur þingstörf, og hefur orðið ljósara með hverju ári að setja verður þeim fastan ramma í þingsköpum. Slíkar umræður eru einn veigamesti þáttur allra þingstarfa, og er mikið í húfi, að þeim verði fundinn traustur staður í störfum þingsins. Það er óhugsandi að ekki sé greið leið til að ræða á Alþingi mikilsverð mál, sem ber skyndilega að höndum og ekki þola bið eins og önnur þingmál eða eiga ekki heima í formi frumvarpa eða tillagna. Öll löggjafarþing hafa leyst þetta vandamál á einhvern hátt, og það á einnig að vera hægt hér.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

V. kafli. Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. breytist þannig:

a) 2. málsliður 4. mgr. 30. gr. orðist svo:

Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga félagsins.

b) 1. mgr. 32. gr. orðist svo:

Engan má kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og sé fjár síns ráðandi. Þá má hluthafafundur eigi kjósa neinn þann í stjórn hlutafélagsins, sem eigi á hlut í félaginu og eigi fullnægir lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka, og til að mega eiga þær eignir, sem félagið á eða ætlar að eignast.

2. gr.

Aftan við V. kafla. **Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl.** komi nýr kafli, er orðist sem hér segir, en töluröð annarra kafla og greina, sem á eftir fara, breytist samkvæmt því:

VI. kafli. Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.

38. gr. Séu starfsmenn hlutafélags, sem skila að meðaltali 20 eða fleiri vinnustundum á viku, fjörtíu eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin

þrjú ár, öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa úr sínum hópi í stjórn hlutafélagsins til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af hluthafafundi þá tölu stjórnarmanna, sem samsvarar því að sem næst ⅓ hluti stjórnarmanna hlutafélagsins sé kjörinn af starfsmönnum þess, en þó aldrei færri en tvo, auk varamanna.

Skylt er hlutafélaginu að láta slíka kosningu fara fram ef verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð sem hlutafélagið starfrækir, óska þess skriflega við stjórn hlutafélagsins eða ef meira en helmingur starfsmanna hlutafélagsins sendir um það skriflega ósk til stjórnar þess. Slík ósk verður að hafa borist stjórn hlutafélagsins eigi síðar en 14 dögum eftir lok reikningsárs (almanaksárs) eða 3 mánuðum fyrir reglulegan hluthafafund (ársfund), ella er stjórn hlutafélagsins ekki skylt að verða við henni á því ári.

Nú hefur stjórn hlutafélags borist lögmæt ósk um að kjör fulltrúa starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látið fara fram, og skal þá stjórn hlutafélagsins án tafar tilkynna þeim verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn meðal starfsmanna, og starfsmönnum sjálfum um að slík kosning verði látin fara fram.

39. gr. Kjörnefnd skipuð þremur starfsmönnum hlutafélagsins og þremur varamönnum þeirra annast undirbúning kosninganna og framkvæmd þeirra. Stjórn hlutafélagsins tilnefnir einn kjörnefndarmanninn og varamann hans, en þau verkalýðsfélög, sem eiga trúnaðarmenn á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, tilnefna tvo kjörnefndarmenn og varamenn þeirra.

Skipun kjörnefndar skal lokið eigi síðar en 14 dögum eftir að stjórn hlutafélagsins hefur tilkynnt, sbr. 38. gr., að kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látin fara fram.

40. gr. Kosningarrétt hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins sem unnið hafa samfellt starf hjá hlutafélaginu í hið minnsta þrjá mánuði áður en kosning fer fram. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins sem fullnægja ákvæðum fyrri málsliðar 1. mgr. 32. gr. og hafa auk þess unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram.

41. gr. Stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum fyrirtækisins taka sæti í stjórninni strax á fyrsta fundi stjórnarinnar að loknum reglulegum hluthafafundi (ársfundi) og sitja í stjórninni með öllum sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. Kjörtímabil þeirra skal vera hið sama og annarra stjórnarmanna. Hlutafélagið skal skapa stjórnarmönnum kjörnum af starfsfólki aðstöðu til þess að halda a. m. k. tvisvar á ári reglulega fundi með starfsfólki fyrirtækisins um málefni hlutafélagsins.

42. gr. Nú hefur kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags farið fram, og skal þá endurtaka slíkar kosningar reglulega án þess að sérstök ósk þar um þurfi að berast, svo fremi ákvæðum 1. mgr. 38. gr. sé fullnægt. Heimilt er þó að láta slíka kosningu niður falla ef skrifleg ósk berst um það frá a. m. k. helmingi starfsmanna hlutafélagsins og verkalýðsfélög þau, sem eiga trúnaðarmenn á vinnustöð er hlutafélagið starfrækir, mæla með því. Hverfa þá stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum úr stjórn þess þegar kjörtímabil þeirra er útrunnið og engir koma í þeirra stað. Hafi slíkt gerst og komi síðar upp ósk um að starfsmenn fái á ný að kjósa úr sínum hópi stjórnarmenn í hlutafélaginu, fer um það samkvæmt ákvæðum 38. gr.

43. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni kjörnefnda og framkvæmd kosningar. Allur beinn kostnaður við störf kjörnefndar og kosningu fulltrúa starfsfólks í stjórn hlutafélags greiðist af viðkomandi hlutafélagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Tilgangurinn með frv. þessu er sá, að fyrsta skrefið verði stigið í þá átt, að viðurkennt verði að sköpun verðmæta byggist framar öðru á vinnuframlagi manna og þeir, sem vinnuna leggja fram, eigi því að sjálfsögðu að hafa áhrif á ráðstöfun verðmætanna. Með því að veita vinnandi fólki rétt til aðildar að stjórn fyrirtækis þess, sem það starfar fyrir, er stefnt í átt til atvinnulýðræðis, en lýðræði í efnahags- og atvinnumálum er vitaskuld aðeins eðlilegt framhald sams konar þróunar á sviði stjórnmála og félagsmála. Á sama hátt og ekkert samfélag er frjálst þar sem frelsi er takmarkað við aðeins einstaka þætti mannlegra samskipta getur ekkert samfélag talist lýðræðislegt nema það, sem virðir og viðurkennir sömu grundvallarreglur lýðræðis jafnt í atvinnu- og efnahagsmálum sem í félags- og stjórnmálum.

Af eðlilegum ástæðum hafa lýðræðislegar framfarir jafnan fyrst orðið á sviði stjórnmála og félagsmála og síðan breiðst út til annarra sviða mannlegra samskipta. Meðal margra nágrannaþjóða okkar er þessa t. d. löngu farið að gæta á sviði efnahags- og atvinnumála. Má rekja áhrif frá lýðræðislegri framþróun í stjórnmálum á efnahags- og atvinnumál allt aftur til ársins 1912 í þessum löndum. Sem dæmi um síðari tíma framfarir má t. d. nefna að í **Noregi** eru í gildi lög, sem veita starfsmönnum aðild að stjórnum fyrirtækja, og má rekja undirbúning þeirrar lagasetningar allt aftur til ársins 1953. Í **Danmörku** eiga þessi mál sér einnig langa sögu, en þar hafa síðan 1. janúar 1974 verið í gildi lög sem heimila starfsmönnum fyrirtækja að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn þeirra, og í **Vestur-Þýskalandi** og í **Júgóslavíu** er ástandið svipað. Hér á Íslandi hefur hins vegar lítið sem ekkert gerst í þessum efnum ef frá eru taldar veikburða tilraunir örfárra aðila í atvinnurekstri til þess að hafa samráð við starfsfólk sitt um stjórnunarmál. Stærstu og jafnframt nýjustu tíðindin eru án efa sú ákvörðun Sambands íslenskra samvinnufélaga að heimila starfsmönnum að kjósa fulltrúa til setu á stjórnarfundum án atkvæðisréttar. Þessi ákvörðun er allra góðra gjalda verð, en sýnir í rauninni fátt annað betur en það, hversu langt við Íslendingar erum á eftir öðrum þjóðum í atvinnulýðræðismálum þegar það þykja markverð og ánægjuleg tíðindi á Íslandi, að eitt stærsta og voldugasta atvinnufyrirtæki landsmanna tekur upp takmarkað samráð við starfsfólk sitt á sama tíma og öll umtalsverð atvinnufyrirtæki í ýmsum nálægum löndum hafa um langt skeið haft fulltrúa starfsmanna í æðstu stjórnum með fyllstu réttindum.

Þótt við Íslendingar getum staðist samjöfnuð við ýmsar nágrannaþjóðir okkar hvað varðar lýðréttindi á sviðum stjórnmála og félagsmála er ástandið í þessum efnum í atvinnu- og efnahagsmálum svo forneskjulegt hjá okkur, að það minnir um margt á lénsskipulagið á miðöldum. Á sama tíma og allir án tillits til efna og ástæðna eiga — a. m. k. í orði kveðnu — sama rétt til íhlutunar um opinber mál; um stjórn landsins og sveitarfélags síns; er hnefaréttur fjármagnsins algerlega einráður í málefnum atvinnulífsins, þar er sá nánast algerlega réttlaus sem aðeins hefur að bjóða orku hugar og handa. Það er mikill misskilningur, að afskipti ríkisvaldsins af efnahags- og atvinnumálum og starfsemi einstakra atvinnufyrirtækja breyti hér einhverju um. Þau afskipti geta verið góð eða ill, mikil eða lítil eftir atvikum, en þau geta aldrei komið í staðinn fyrir lýðræðisleg réttindi einstaklingsins til áhrifa. Ríkisvaldið getur ekki gætt hagsmuna starfsfólks fyrirtækja varðandi lýðræðislegan meðákvörðunarrétt með opinberri afskiptasemi af stjórnendum eða eigendum fyrirtækja fremur en ríkisvaldið getur tryggt hagsmuni sama fólks varðandi stjórn landsins með því að taka að sér að greiða fyrir það atkvæði í kosningum. Atvinnulýðræði og ríkisforsjá í atvinnu- og efnahagsmálum er tvennt ólíkt.

Það sem hið opinbera vald hins vegar á að gera og getur gert, er að tryggja landsmönnum sambærilegt jafnrétti til áhrifa í atvinnu- og efnahagsmálum og þeir njóta í félags- og stjórnmálum. Þetta þarf að sjálfsögðu að gera með sama

hætti í báðum tilvikunum — þ. e. a. s. með lagasetningu. Þannig hefur málum verið hagað í þeim nálægum löndum sem vitnað var til að framan, og reynslan kennir okkur, að einnig með þeim hætti verðum við Íslendingar að halda á málum. Aðrar leiðir skila engum árangri. Það sést best af því, að 12 ár eru nú liðin frá því atvinnulýðræðismálum var fyrst hreyft á Alþingi. Í öllum þeim tilvikum, sem slíkar tillögur hafa komið til afgreiðslu, hafa þær verið látnar óafgreiddar með tilvísun til þess, að verið væri að athuga möguleika á samkomulagi um málið milli aðila vinnumarkaðarins. Þrátt fyrir vilja Alþýðusambands Íslands og annarra launþegasamtaka um, að samkomulag af slíku tagi gæti náðst, hefur aldrei af því orðið og má segja að nefnd, sem sérstaklega var til þess skipuð árið 1973 að leita eftir slíku samkomulagi, hafi gefist algerlega upp við störf sín. Þetta er okkar reynsla. Sama reynsla varð einnig í öðrum löndum. Einmitt þess vegna var þar brugðið á það ráð að fela löggjafanum málið til úrlausnar, enda er hér um að ræða hreint og klárt löggjafaratriði, algerlega sambærilegt við önnur slík um aukin lýðréttindi á sviði félagsmála eða stjórnmála. Að halda því fram að löggjafinn eigi ekki að hafa önnur afskipti af réttindum vinnandi fólks til lýðræðislegra áhrifa í efnahags- og atvinnumálum en þau að staðfesta samkomulag, sem e. t. v. kynni með tíð og tíma að verða gert milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda, t. d. í tengslum við vinnudeilur, er ósköp svipað og að halda því fram, að löggjafinn ætti ekki að hafa önnur afskipti af hugmyndum um að veita yngra fólki en tvítugu kosningarrétt í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum en þau að staðfesta samkomulag sem e t. v. yrði einhvern tíma gert sem liður í samkomulagi milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins í tengslum við launamál — eða kannske milli SH og SÍNE annars vegar og hæstvirts menntamálaráðherra hins vegar í tengslum við lánamál!

Að veita starfsfólki atvinnufyrirtækja þau réttindi til áhrifa á stefnumótun þeirra, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er pólitísk ákvörðun. Hún er löngu orðin tímabær. Alþingi hefur of lengi skotið sér undan að taka hana með því að reyna að ýta vandanum af sér og yfir á aðra, sem bæði reynsla okkar og annarra sýnir að ekki eru þess umkomnir að leysa, enda hér um að ræða lýðréttindi sem eru löggjafaratriði, en ekki samningsatriði. Öllu lengur geta alþingismenn ekki látið þessi mál upp á sig standa.

Á síðasta Alþingi fluttum við flm. þessa frv. frumvarp til laga um atvinnulýðræði á þskj. 315, en einn kaflinn í því frv. fjallaði um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 77/1921. Frv. það, sem hér er flutt, er efnislega samhljóða þeim kafla. Frv. hefur þó verið einfaldað nokkuð frá upphaflegri gerð, m. a. í þá átt að fella niður nákvæm fyrirmæli um framkvæmd kosninga á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélaga og um verksvið kjörnefnda. Þess í stað er ráð fyrir því gert í frv., að ráðherra setji nánari fyrirmæli um slík framkvæmdaatriði í reglugerð.

Í umræðum um frv. til laga um atvinnulýðræði, sem fram fóru á síðasta þingi, komu einnig fram ábendingar um, að hafður yrði annar háttur á flutningi málsins en þá var, en í því frv. var gert ráð fyrir breytingum á allmörgum lögum auk þess sem í upphafskafla frv. var fjallað um samstarfsnefndir, sem er nýjung og á ekki heima í öðrum lögum. M. a. vegna þessara ábendinga hefur sú leið nú verið valin við endurflutning málsins að flytja það, sem fólst í frv. til l. um atvinnulýðræði, sem fjögur sjálfstæð mál — þ. e. a. s. frv. það, sem hér er lagt fram, frv. til l. um samstarfsnefndir, frv. til l. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins og frv. til l. um breyt. á l. um Sementsverksmiðju ríkisins. Aðeins einn háttur stendur þá eftir af frv. til l. um atvinnulýðræði sem flutt var í fyrra, en það er IV. kafli þess, sem fjallaði um breyt. á l. um samvinnufélög, nr. 46/1937. Samvinnuhreyfingin hefur nú þegar tekið ákveðið frumkvæði um þessi mál, sem að framan var um rætt, svo fastlega má ætla, að ef frv. þetta og fylgifrv. þess ná samþykki breytt eða óbreytt muni samvinnufélögin af eigin hvötum fylgja því fordæmi. Verði ekki svo er auðvitað hægur vandi að koma því í kring með sambærilegum breytingum á lögum um samvinnufélög. Rétt er að benda á,

að einmitt þessi sami háttur var á hafður í Noregi þegar hlutafélagalögunum var breytt þar árið 1971—1972.

Með frv. til l. um atvinnulýðræði á þskj. 315, sem flutt var í fyrra, er að finna ýtarlega grg. með upplýsingum um atvinnulýðræði, þróun þeirra mála í nálægum löndum og jafnframt rakin saga þeirra mála hér á Íslandi. Einnig er þar að finna ábendingar um efnisatriði sem eiga enn við. Ástæðulaust er að endurprenta þetta allt að þessu sinni og er því látið nægja að vísa til umræddra atriða í grg. frv. um atvinnulýðræði á þskj. 315, sem prentuð er í þingtíðindum.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Þessi grein frv. er í tveimur stafliðum. **Hún gerir aðeins ráð fyrir minni háttar breytingum, nánast aðeins orðalagsbreytingum, á núgildandi lagaákvæðum. Þessar orðalagsbreytingar verður þó að gera svo kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélaga verði við komið.**

Orðalagsbreytingin í staflið a) í 1. gr. frv. er á þá lund, að síðari málsliður 4. mgr. 30. gr. laga um hlutafélög, sem nú hljóðar þannig: „**Þá skal kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri ...**“ verði: „**Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn ...**“. Þessi breyting er aðeins til þess gerð, að tekin verði af öll tvímæli um að einnig sé hægt að kjósa í stjórn hlutafélags af öðrum en hluthöfum á aðalfundi — þ. e. a. s. af starfsmönnum hlutafélags, ef það uppfyllir skilmála 2. gr. frv.

Stafliður b) er einnig umorðun gerð í sama skyni á gildandi ákvæðum laga um hlutafélög. Efnislega er breytingin, sem lögð er til, sú, að 1. mgr. 32. gr. laganna, sem nú er einn málsliður, verði gerð að tveimur, en öll efnisatriði mgr. standi óbreytt. Í 1. mgr. 32. gr. er fjallað um skilmála þá, sem þeir verða að uppfylla sem kjörnir eru í stjórn hlutafélags. Eins og nú standa sakir, þar sem mgr. þessi er einn málsliður, eru skilmálarnir þeir, að viðkomandi verður að vera lögráður, fjár síns ráðandi, hluthafi í félaginu og fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu sem félagið rekur eða ætlar að reka o. s. frv. Óeðlilegt er að stjórnarmaður, sem kjörinn er af starfsmönnum fyrirtækisins, þurfi að uppfylla öll þessi skilyrði — t. d. síðari skilmálana tvo: um hlutafjáreign og um að mega reka þá atvinnu sem félagið rekur. Því er sú breyting gerð á orðalagi mgr. í staflið b) í 1. gr. frv., að mgr., sem var einn málsliður, er gerð að tveimur málsliðum. Í fyrri málsliðnum segir, að engan megi kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og fjár síns ráðandi. Skv. frv. eiga þessir skilmálar að gilda um alla stjórnarmenn án tillits til hver kýs þá. Síðari málsliðurinn á síðan aðeins við þá stjórnarmenn sem kjörnir eru af hluthöfum, en þar segir að slíkir menn verði auk framanritaðra almennra skilmála að vera hluthafar í félaginu og fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu sem félagið rekur o. s. frv.

Breytingin er sem sé aðeins um framsetningu, en hefur engar efnisbreytingar í för með sér gagnvart hluthöfum og fulltrúum sem þeir kjósa til setu í stjórn.

Við 2. gr.

Í þessari grein er fólgin sú efnisbreyting sem með frv. er ætlað að gera á lögum um hlutafélög. Hér er lagt til að nýjum kafla verði bætt inn í gildandi lög um hlutafélög. Verði kafli þessi VI. kafli laganna og hljóti heitið: „**Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.**“ Í kafla þessum eru skv. frv. alls 6 gr., sem yrðu 38. til og með 43. gr. laganna. Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um hverja þessara greina fyrir sig.

38. gr. Í grein þessari er fjallað um til hvaða hlutafélaga breytingin með frv. á að taka. Bæði í Noregi og í Danmörku var talið óráðlegt, þegar sambærilegar breyt. á l. um hlutafélög voru gerðar, að ákvæðin um, að starfsmenn öðluðust rétt

til þess að kjósa fulltrúa úr sínum hópi til þátttöku í stjórnun hlutafélagsins, næðu til allra hlutafélaga án tillits til umsvifa. Í Noregi t. d. er miðað við að hlutafélagið hafi minnst 50 manns í þjónustu sinni, svo ákvæðin um rétt starfsmanna til kjörs á fulltrúum til setu í stjórnum nái til þeirra, og ef hlutafélagið hafi 200 manns eða fleiri starfandi á sínum vegum verði enn önnur skipan höfð á — þ. e. a. s. að þá verði kjörið sérstakt fyrirtækjaráð skipað að ⅔ fulltrúum eigenda, en að ⅓ fulltrúum starfsmanna er síðan kjósi úr sínum hópi stjórn fyrirtækisins.

Í frv. þessu er höfð nokkru lægri viðmiðun en notuð er í Noregi — miðað er við 40 starfsmenn að meðaltali undanfarin þrjú ár sem lágmark og starfsmaður í þessu sambandi talinn sá sem skilar sem svarar hálfs dags vinnu eða meiru að jafnaði. Starfsmenn slíkra hlutafélaga fá skv. ákvæðum gr. rétt til að kjósa fulltrúa úr sínum hópi í stjórn félagsins. Skulu fulltrúar þannig kjörnir vera sem næst ⅓ hluti stjórnarmanna, en þó aldrei færri en tveir. Er þetta sambærilegt við ákvæði norskra laga um sama efni. Samkvæmt þessu geta stjórnarmenn hlutafélags, sem hefur 40 starfsmenn eða fleiri, fæstir verið 5 (3 fulltrúar hluthafa, 2 fulltrúar starfsmanna) ef starfsmenn nota rétt sinn til kosninga, en 3 fæstir, ef starfsmenn nota ekki sinn rétt.

Í 2. mgr. 38. gr. eru svo ákvæði um, hvenær hlutafélagi er skylt að láta efna til kosninga á fulltrúum starfsmanna í stjórn. Það getur orðið með tvennu móti. Í fyrsta lagi ef meira en helmingur starfsmanna fyrirtækisins óskar skriflega eftir því að fá að nota þann rétt sem frv., ef að lögum verður, veitir þeim. Í öðru lagi ef verkalýðsfélög þau, sem eiga fulltrúa á vinnustöð, sem félagið starfrækir, krefjast þess. Frumkvæðið getur sem sé verið hjá tveimur aðilum. Hjá starfsmönnunum sjálfum annars vegar. Hjá viðkomandi verkalýðsfélögum hins vegar. Þá eru einnig í þessari mgr. ákvæði um, fyrir hvaða tíma slíkar óskir verða að hafa borist svo hlutafélaginu sé skylt að verða við þeim í það sinnið.

Ástæða er til þess hér að vekja aftur athygli á því atriði í frv., að það gerir ráð fyrir að veita starfsmönnum hlutafélaga af tiltekinni stærð **rétt** til að kjósa úr sínum hópi fulltrúa til stjórnarsetu, en **leggur ekki slíka skyldu** þeim á herðar. Það er svo starfsmannanna eða stéttarfélaga þeirra að ákveða, hvort þann rétt eigi að nota.

39. gr. fjallar um kjörnefnd sem stýra á kjöri á stjórnarmönnum starfsmanna hlutafélags. Er ráð fyrir því gert, að stjórn hlutafélagsins tilnefni einn kjörnefndarmann og varamann hans, en viðkomandi verkalýðsfélög tvo og varamenn þeirra. Í 43. gr. eru svo ákvæði um að ráðherra ákveði nánar í reglugerð verk- og valdsvið kjörnefndar og um framkvæmd kosninganna.

40. gr. mælir fyrir um, að allir starfsmenn viðkomandi hlutafélags, sem unnið hafa samfellt starf hjá félaginu í minnst 3 mánuði áður en kosning fer fram, hafi rétt til að kjósa. Engin önnur skilyrði eru sett fyrir kosningarrétti — t. d. engir skilmálar um lágmarksaldur starfsmanna. Slíkir skilmálar eru hins vegar settir hvað kjörgengi starfsmanna varðar, því auk þess að hafa unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram verða starfsmenn að fullnægja ákvæðum fyrri málsliðar 1. mgr. 32. gr. eins og hann yrði skv. frv. — þ. e. a. s. að viðkomandi sé lögráður og fjár síns ráðandi — til þess að hljóta kjörgengi.

41. gr. fjallar um, að kjörgengi stjórnarmanna kjörinna af starfsfólki hlutafélags sé hið sama og annarra stjórnarmanna, að þeir taki sæti í stjórninni strax á fyrsta fundi hennar að loknum aðalfundi eins og aðrir stjórnarmenn og sitji í stjórninni með sömu réttindum og þeir sem kjörnir eru af hluthöfum. Í greininni eru einnig fyrirmæli um, að hlutafélagið skuli skapa fulltrúum starfsmanna í stjórn félagsins aðstöðu til þess að halda a. m. k. tvisvar á ári fund með starfsfólki til þess að ræða málefni félagsins, vinnustaðamál o. fl. Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að fulltrúar starfsmanna í stjórnum hlutafélaga hafi meira samráð og samstarf við starfsmenn fyrirtækisins en aðeins í þessi tvö skipti á ári, en þau ákvæði eru sett

hér inn til þess að tryggja a. m. k. ákveðið lágmarkssamráð milli starfsmanna og stjórnarmanna þeirra.

42. gr. fjallar um, hvernig endurtaka eigi kjör á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags, en ástæðulaust er að fara í hvert skipti eins að og þegar fyrsta kjör á sér stað. Þá er í grein þessari einnig gert ráð fyrir því, að slíkt endurkjör geti fallið niður ef sömu aðilar og segir í 2. mgr. 38. gr. að frumkvæði geti átt að því, að réttur starfsmanna hlutafélags til þess að kjósa stjórnarmenn úr sínum hópi verði notaður, koma sér saman um að fella slíkt kjör niður — þ. e. a. s. meiri hluti starfsmanna félagsins og viðkomandi verkalýðsfélög.

Við 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja og stofnana.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til stofnana og fyrirtækja, sem starfrækt eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríki eða sveitarfélögum og hafa í þjónustu sinni 40 starfsmenn eða fleiri sem skila 20 eða fleiri vinnustundum á viku, miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár. Undanþegin lögunum eru þó Áburðaverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan.

2. gr.

Við fyrirtæki eða stofnanir, sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., skal koma á fót samstarfsnefndum eigenda eða stjórnenda annars vegar og starfsmanna hins vegar. Samstarfsnefnd skal skipuð fjórum mönnum og jafnmörgum til vara. Tveir aðalmenn ásamt varamönnum þeirra skulu kjörnir af starfsmönnum stofnunarinnar eða fyrirtækisins samkvæmt reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur. Tveir aðalmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu tilnefndir af eigendum, ef um er að ræða stofnun eða fyrirtæki sem starfrækt er af einstaklingi eða sameignarfélagi, en af stjórnunarnefnd, ef um er að ræða fyrirtæki eða stofnun sem ríki eða sveitarfélag starfrækir — af forstöðumanni, ef engin stjórnunarnefnd er starfandi.

Skipun samstarfsnefndar skal vera lokið eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert og gilda til eins árs í senn.

3. gr.

Hlutverk samstarfsnefndar er að vera stjórnendum fyrirtækis eða stofnunar til ráðuneytis um hvaðeina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi. Ávallt skal leita umsagnar nefndarinnar um allar umtalsverðar breytingar á húsnæði, búnaði vinnustaðar, starfsháttum, vinnuskipulagi og í skyldum málum. Samstarfsnefnd skal einnig fylgjast með hollustuháttum á vinnustað, öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks og gera tillögur til stjórnenda um breytingar eða umbætur ef þurfa þykir. Beri slíkar tillögur ekki árangur eða fáist óskir fulltrúa starfsmanna í samstarfsnefnd um aðgerðir í slíkum málum ekki samþykktar í nefndinni, ber þeim að gera viðvart þeim opinberu aðilum sem eiga að annast lögboðið eftirlit með því að lágmarksreglum um slík atriði sé framfylgt.

4. gr.

Samþykktir samstarfsnefndar eru ekki bindandi fyrir fyrirtækið eða stofnunina né heldur stjórnendur eða eigendur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Frv. um sama efni og hér um ræðir var flutt af sömu flm. á síðasta Alþingi — þá sem I. kafli í frv. til laga um atvinnulýðræði á þskj. 315. M. a. vegna ábendinga, sem fram komu í umræðum um það frv., er málið nú endurflutt lítillega breytt sem sérstakt þingmál, en í tengslum við þrjú önnur, þ. e. a. s. frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, frv. til l. um breyt. á l. um Áburðaverksmiðju ríkisins, nr. 43/1971, og frv. til l. um breyt. á l. um sementsverksmiðju, nr. 35/1948. Enda þótt frv. það, sem hér um ræðir, sé flutt í tengslum við framangreind þingmál — en efnisatriði þeirra voru öll í frv. til l. um atvinnulýðræði sem flutt var á síðasta þingi — er engu að síður um sjálfstætt mál að ræða, sem unnt er að útkljá og afgreiða út af fyrir sig ef mönnum sýnist svo.

Almennur tilgangur með flutningi þessa frv. og þeirra annarra í tengslum við það, sem að framan var á minnst, er að stigin verði fyrstu skrefin í átt til atvinnulýðræðis á Íslandi. Almennt um atvinnulýðræði vísast til grg. með frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, sem skv. framansögðu er flutt í tengslum við þetta mál af sömu flm., og til ítarlegrar grg. með frv. til l. um atvinnulýðræði á þskj. 315 frá því á síðasta Alþingi, en það er prentað í þingtíðindum. Þar er m. a. að finna ítarlega úttekt á stöðu þeirra mála í nokkrum nálægum löndum og rakin að nokkru saga þeirra tilrauna sem gerðar hafa verið hér á landi til þess að koma svipuðu skipulagi á.

Því verður að sjálfsögðu ekki neitað, að það fylgir því nokkur vandi að fá vinnandi fólk á Íslandi í hendur rétt til íhlutunar um málefni atvinnufyrirtækja sem það starfar hjá. Sá vandi er fyrst og fremst vegna þess, hve fyrirtækjalöggjöf hér á landi er fábrotin og úrelt. Löggjöfin um hlutafélög er langt á eftir tímanum og þarfnast endurskoðunar, og lögum um samvinnufélög er í mörgu mjög áfátt. Engu að síður eru þó til lög um slík félagsform og því hægt að búa svo um hnútana að tryggja starfsfólki fyrirtækja, sem rekin eru af slíkum félögum, áhrif á stjórn þeirra með breytingum á umræddum lögum. Þá fyrst fer hins vegar að harðna á dalnum þegar litið er til fyrirtækja sem starfrækt eru af einstaklingum eða sameignarfélögum, því engin sérstök löggjöf er til um slík rekstrarform og vart á slík fyrirbæri minnst nema þá í lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, og svo auðvitað í skattalögunum. Hvorugur sá lagabálkur hentar þó beinlínis vel fyrir breytingar af því tagi sem vakir fyrir flm. þessa frv. með flutningi þess. Er þessi skortur á löggjöf um „einkafyrirtæki“ og sameignarfyrirtæki bagalegur ekki aðeins af þessum sökum, því nokkur slík fyrirtæki eru í hópi meiri háttar atvinnufyrirtækja á Íslandi.

M. a. af þessum sökum og einnig vegna þess, að skv. frv. er aðeins verið að stíga fyrsta spor í átt til atvinnulýðræðis, er lögð til sú bráðabirgðalausn, það skammtímamarkmið, að við fyrirtæki, sem rekin eru af einstaklingum eða sameignarfélögum, og fyrirtæki og stofnanir, sem starfrækt eru af ríki eða sveitarfélögum, verði komið á fót samstarfsnefndum. Valdsvið samstarfsnefnda af þessu tagi er og hlýtur ávallt að verða miklu takmarkaðra en átt er við með orðinu atvinnulýðræði að starfsfólk atvinnufyrirtækja öðlist. Réttur sá, sem starfsfólki „einkafyrirtækja“, sameignarfyrirtækja og fyrirtækja og stofnana í eigu hins opinbera er fenginn, er þannig mun minni en t. d. ætlunin er að fá starfsfólki hlutafélaga með flutningi frv. um

breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, þar sem gert er ráð fyrir því, að fulltrúar kjörnir af starfsmönnum taki sæti í stjórn hlutafélaga með sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. En við því er ekki gott að gera eins og mál nú standa, þegar bókstaflega engin fyrirmæli er að finna í lögum um hvaða starfsreglum þær fyrirtækjagerðir skulu hlíta sem hér eru til umræðu — að undanskildum að sjálfsögðu nokkrum meiri háttar stofnunum og fyrirtækjum hins opinbera sem sérstök lög eru til um. Er því eins og sakir standa mjög torvelt að koma við hliðstæðri réttindaveitingu handa starfsfólki „einkafyrirtækja“ og sameignarfyrirtækja og ætlunin er af hálfu flm. að starfsfólk hlutafélaga fái með samþykkt frv. um breyt. á hlutafélagalögunum. Var því brugðið á það ráð að gera tillögu að sérstakri og sjálfstæðri lagasetningu um samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja sem rekin eru af einstaklingum eða sameignarfélaginu. Þótti flm. eðlilegt að hafa sama hátt á gagnvart fyrirtækjum og stofnunum sem rekin eru af ríki og sveitarfélögum, að tveimur veigamestu atvinnufyrirtækjunum undanteknum, þótt formlega sé unnt að veita starfsfólki sumra þeirra aðild að stjórn eða stjórnunarnefnd. Flm. telja hins vegar eðlilegt og nauðsynlegt af ýmsum ástæðum að sett verði sérstök lög um fyrirtæki rekin af einstaklingum og um sameignarfélög hliðstæð lögum um hlutafélög og um samvinnufélög, og þá er sjálfsagt að fella inn í slík lög ákvæði um aðild starfsfólks slíkra fyrirtækja að stjórnun þeirra.

Skýringar við einstakar greinar frv.

Við 1. gr.

Í grein þessari er sagt hvaða fyrirtæki og stofnanir það eru sem lögunum er ætlað að ná til. Miðað er við öll fyrirtæki og stofnanir sem starfrækt eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríki eða sveitarfélögum og hafa ákveðin lágmarksumsvif. Í því sambandi er miðað við að 40 starfsmenn hið fæsta hafi starfað hjá fyrirtækinu eða stofnuninni miðað við meðaltal næstliðinna þriggja ára og hálfs dags starf eða meira hjá hverjum og einum. Fyrirtæki af þeirri stærð og stærri falla sem sé undir ákvæði laganna. Er þetta sambærileg viðmiðun og fram kemur í frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, sem þetta frv. er flutt í tengslum við.

Í 1. gr. eru gerðar tvær undanþágur frá ákvæðum laganna. Eru það Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan, en sömu flm. flytja frv. um að starfsfólk þessara ríkisverksmiðja kjósi fulltrúa úr sínum hópi til setu í stjórnum þeirra.

Við 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skipan samstarfsnefnda. Miðað er við að ein nefnd verði starfrækt á vegum hvers fyrirtækis eða stofnunar sem fellur undir ákvæði 1. gr. Í hverri nefnd séu 4 aðalmenn og jafnmargir varamenn. Helmingur nefndarmanna verði kjörinn af starfsmönnum fyrirtækisins eða stofnunarinnar samkvæmt reglugerð sem félagsmálaráðherra setji, en hinn helmingurinn tilnefndur af eigendum, ef um er að ræða „einkafyrirtæki“ eða sameignarfyrirtæki, en stjórnendum, ef um opinbera stofnun eða fyrirtæki er að ræða.

Þá eru í 2. gr. ákvæði um hvenær skipun samstarfsnefndar skuli vera lokið — fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert — og um kjörtímabil, er vera skal eitt ár.

Við 3. gr.

3. gr. fjallar um hlutverk samstarfsnefnda. Ekki er ætlast til þess að nefndin gangi inn á verksvið annarra aðila, svo sem trúnaðarmanna verkalýðsfélaga, og hafi t. d. engin afskipti af launamálum. Viðfangsefni hennar er fyrst og fremst vinnustaðurinn sjálfur, tengsl milli starfsmanna og stjórnenda og samráð sem ætti að geta komið báðum aðilum til góða.

Einkum og sér í lagi er lögð áhersla á skyldur nefndarinnar í sambandi við aðbúnað á vinnustöð, starfsumhverfi o. þ. h. og á samráðsskyldu vinnuveitandans við hana um slík mál. Þá er beinlínis gert ráð fyrir því, að fulltrúar starfsmanna í samstarfsnefnd tilkynni til þess bærum opinberum eftirlitsaðilum um óskir sem ekki ná fram að ganga í sambandi við aðbúnaðar- og öryggismál, og ætti það í senn að geta orðið til aukins öryggiseftirlits á vinnustöðum, sem reyslan sýnir að ekki er vanþörf á, og eins verkað sem hvati gagnvart forráðamönnum um að hafast að.

Við 4. gr.

Ákvæði 4. gr. eru mjög eðlileg með tilliti til verksviðs samstarfsnefndar, enda óeðlilegt að annar aðili en sá, sem formlega telst stýra fyrirtæki eða stofnun, taki ákvarðanir í þess nafni. Næsta takmark flm. er auðvitað það, að starfsmenn öðlist beina aðild að ákvarðanatekt slíks aðila, en í grg. eru skýrðir þeir formlegu erfiðleikar sem á því eru að fá slíkt fram gagnvart fyrirtækjum af þeirri tegund sem hér um ræðir.

Við 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 frá 16. apríl 1971.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins kjörnum til jafnlangs tíma af starfsfólki verksmiðjunnar samkvæmt reglugerð, sem landbúnaðarráðherra setur. Landbúnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fimm stjórnarmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Mál um sama efni var flutt af sömu flm. á síðast Alþingi — þá sem V. kafli í frv. til laga um atvinnulýðræði á þskj. 315. M. a. vegna ábendinga, sem fram komu við umr. um það frv., er málið nú flutt sem sérstakt þingmál, en þó í tengslum við þrjú önnur: frv. til l. um breyt. á hlutafélagalögum, nr. 77/1921, frv. til l. um breyt. á l. um sementsverksmiðju, nr. 35/1948, og frv. til l. um samstarfsnefndir starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja og stofnana, en þessi mál öll voru áður sérstakir kaflar frv. um atvinnulýðræði. Engu að síður er þetta mál alveg sjálfstætt og sérstakt, þannig að út af fyrir sig er hægt að samþykkja frv. þetta án tillits til hver úrslit hinna þingmálanna verða.

Hér er um að ræða einn þátt af mörgum í málatilbúnaði þingmanna Alþýðuflokksins um að fyrstu skrefin verði stigin í átt til atvinnulýðræðis á Íslandi, en í

þeim efnum höfum við dregist langt aftur úr nálægum þjóðum. Um atvinnulýðræði almennt vísast til grg. með frv. til l. um breyt á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, sem — eins og áður sagði — er flutt í tengslum við þetta frv., svo og til ítarlegrar grg. með frv. sömu flm. um atvinnulýðræði frá því á síðasta Alþingi.

Um þetta sérstaka mál er það að segja, að Áburðarverksmiðja ríkisins, ásamt með Sementsverksmiðjunni, nýtur nokkurrar sérstöðu meðal opinberra fyrirtækja. Starfsemi þessara verksmiðja er í senn umfangsmikil, jöfn og óslitin og tiltölulega litlar breytingar á starfsliði milli ára. Starfsfólk hefur því hlotið í senn mikla starfsreynslu og mikla þekkingu á málefnum verksmiðjanna hver frá sínum sjónarhóli, sem áreiðanlega mundi nýtast betur með beinni aðild starfsmannafulltrúa að stjórnum verksmiðjanna. Af ýmsum ástæðum var talið eðlilegt, að í þessum stærstu verksmiðjum í opinberum rekstri fengi starfsfólk að kjósa fulltrúa til setu í stjórn við hlið fulltrúa kjörinna af Alþingi með sömu réttindum og skyldum. Sá er tilgangurinn hvað Áburðarverksmiðjuna varðar með flutningi þessa frv.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Greinin kveður á um að starfsmenn Áburðarverksmiðju ríkisins skuli kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu í stjórn verksmiðjunnar til viðbótar við þá sem sameinað Alþingi kýs. Stjórnarmenn yrðu því alls 9 í stað 7 áður. Kosningin færi fram skv. reglugerð sem landbúnaðarráðherra setti.

Þá er sú breyting einnig lögð til — í þetta sinn á 3. mgr. 6. gr. — að í stað þess að nú þarf undirskrift 4ra stjórnarmanna til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðju ríkisins, þurfi undirskrift 5 stjórnarmanna. Er þetta eðlileg breyting í framhaldi af fjölgun stjórnarmanna.

Aðrar breytingar eru ekki gerðar á 6. gr. laganna.

Við 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum um sementsverksmiðju, nr. 35 frá 1. apríl 1948.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum verksmiðjunnar, sem kjörnir eru til jafnlangs tíma af starfsfólki hennar samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Iðnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Iðnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til þess að skuldbinda sementsverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Mál um sama efni var flutt af sömu flm. á síðasta Alþingi — þá sem VI. kafli í frv. til l. um atvinnulýðræði á þskj. 315. M. a. vegna ábendinga, sem fram komu við umr. um frv., er málið nú flutt sem sérstakt þingmál, en þó í tengslum við þrjú önnur: frv. til l. um breyt. á hlutafélagalögum, nr. 77/1921, frv. til l. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins og frv. til l. um samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja og stofnana, en þessi mál voru öll áður sérstakir kaflar í frv. um atvinnulýðræði. Engu að síður er þetta mál alveg sjálfstætt og sérstakt, þannig að út af fyrir sig er hægt að samþykkja frv. án tillits til þess hver úrslit hinna málanna verða.

Um atvinnulýðræði almennt vísast til grg. með frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, sem — eins og áður sagði — er flutt í tengslum við þetta mál, svo og til ítarlegrar grg. með frv. því um atvinnulýðræði sem sömu flm. fluttu á síðasta Alþingi og prentað er í þingtíðindum.

Um þetta sérstaka mál er það að segja, að það hefur áður komið til kasta Alþingis — nánar til tekið árið 1967, en þá flutti **Benedikt Gröndal** frv. þess efnis, að starfsfólki sementsverksmiðjunnar væri heimilað að kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu í stjórn með sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn. Frumvarp þetta var rætt og sent í nefnd, en átti þaðan ekki afturkvæmt. Nú kemur frv. um sama efni sem sé í þriðja sinn til kasta Alþingis, og er fyllilega tímabært að málið verði afgreitt með jákvæðum hætti. Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir málinu í framsögu.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Í greininni er lagt til að þær breytingar verði gerðar á 1. málslið 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, að í viðbót við þá 5 stjórnarmenn sementsverksmiðjunnar, sem Alþingi kýs, skuli starfsfólk verksmiðjunnar kjósa tvo fulltrúa sína í stjórn hennar samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Þá er lögð til sú breyting við 2. málslið sömu greinar laganna, að í stað þess, sem þar segir, að atvinnumálaráðherra skipi formann verksmiðjustjórnar, komi það í hlut iðnaðarráðherra. 3. málsliður 4. gr. er óbreyttur í frv. frá gildandi lögum, en 4. málsliður sömu gr. breytist þannig, að í stað atvinnumálaráðherra setur iðnaðarráðherra stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Þá er lagt til að ný mgr. — 2. mgr. — bætist við 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, þar sem segi, að til þess að skuldbinda verksmiðjuna þurfi undirskrift fjögurra stjórnarmanna. Er þessi breyting gerð til samræmis við 3. mgr. 6. gr. laga um Áburðarverksmiðju ríkisins og er engin meginefnisbreyting heldur aðeins til samræmis.

Við 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um vandamál fatlaðra.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að beita sér fyrir því í samráði við ríkisstjórnina að á fjárlögum ársins 1978 verði fjárveiting til þess að koma fyrir lyftu í lyftugöngum þeim sem eru í Þjóðminjasafnsbyggingunni. Verði lyftan við það miðuð að fatlað fólk, m. a.

í hjólastólum, eigi sem greiðastan aðganga að öllum salarkynnum hússins. Gerðar verði breytingar innanhúss í sama tilgangi, m. a. þær að ganga svo frá salernum að unnt sé að aka inn í þau í hjólastólum, fjarlægja þröskulda og skipa sýningarmunum þannig að fatlaðir eigi greiðan aðgang að þeim.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að skipa nefnd sem í eigi sæti fulltrúar fatlaðra og sérfræðingar. Skal hlutverk nefndarinnar vera að endurskoða lög, reglugerðir og samþykktir um samgöngumál, skipulagsmál, byggingarmál og önnur hliðstæð verkefni í því skyni að tryggja fötluðum sem mest jafnrétti í þjóðfélaginu. Nefndinni skal veitt fjármagn til þess að ráða sér starfsmann og leita til sérfræðinga.

Frv. það, sem hér er flutt, er einn þáttur af mörgum í málatilbúnaði þingmanna Alþýðuflokksins um að fyrstu skrefin verði stigin í átt til atvinnulýðræðis á Íslandi.

Greinargerð.

Árið sem lýðveldi var stofnað á Íslandi, 1944, var ákveðið að reisa myndarlega byggingu til þess að hýsa Þjóðminjasafn Íslands, og skyldi sú bygging vera hátíðargjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín. Húsið var vígt 1952 og hýsti þá auk Þjóðminjasafnsins Listasafn Íslands. Hefur starfsemi þessara safna verið myndarleg og sýningar þeirra jafnan forvitnilegar fyrir hvern mann. Hins vegar hefur lengi verið allt of þröngt um þessar stofnanir og það staðið starfsemi þeirra fyrir þrifum, en úr því rætist væntanlega innan skamms þegar Listasafn Íslands flyst í ný húsakynni.

Þegar Þjóðminjasafnsbyggingin var teiknuð og byggð, var gert ráð fyrir lyftu sem næði allt upp í turnhæð hússins. Þessari lyftu mun fyrst og fremst hafa verið ætlað að flytja þunga og erfiðlega lagaða gripi inn í húsið. Hins vegar hafa lyftugöngin nú staðið ónotuð í aldarfjórðung — **í þau hefur aldrei verið sett lyfta!** Hafa starfsmenn safnanna oft átt við verulegan vanda að stríða af þeim sökum, **og auk þess hefur lyftuskorturinn gert það að verkum að allstór hluti landsmanna hefur aldrei getað hagnýtt gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín.** Inngangurinn í safnið er um mjög erfiðar tröppur, sem að vetrarlagi geta verið hættulegar alheilbrigðu fólki vegna hálku auk þess sem þar myndast stundum háskalegar rokhviður. Enginn, sem bundinn er við hjólastól, getur hagnýtt þennan inngang nema með umfangsmeiri aðstoð en svo að unnt sé að láta hana í té að staðaldri.

Þannig getur æðistór hluti landsmanna hvorki haft ánægju né gagn af gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín. Fjöldi þessa fólks er meiri en flestir gera sér grein fyrir. Í skýrslu, sem flutningsmaður hefur séð frá Landssambandi fatlaðra í Finnlandi, er talið að 15% þjóðarinnar eigi við svo alvarlega fötlun að stríða, að þetta fólk geti ekki notað almenningsfarartæki. Í þessari tölu eru innifaldir andlega fatlaðir og börn á aldrinum 0—3 ára. Sé ástandið hliðstætt á Íslandi, svo sem líklegt má telja, nemur þessi hópur yfir 33 þúsundum manna hérlendis. Verulegur hluti þessa fólks gæti notið mikillar gleði og fróðleiks, ef það kæmist inn í Þjóðminjasafnsbygginguna. Í Þjóðminjasafni og Listasafni og á Kjarvalsstöðum geta fatlaðir, sem tök hafa á að komast inn í húsin, fengið léða hjólastóla; þar er þó ekki um að ræða fyrirhyggju stjórnvalda, heldur eru stólarnir gjöf frá Elliheimilinu Grund.

Hér er sérstaklega minnst á Þjóðminjasafnsbygginguna vegna þess, að þar átti að vera menningarstofnun sem yrði tiltæk þjóðinni allri. Í annan stað er minnt á bygginguna vegna þess að þar væri á skömmum tíma unnt að gera verulegar umbætur í þágu fatlaðra án mikils tilkostnaðar. Hins vegar er Þjóðminjasafnsbyggingin ekki undantekning, heldur regla. Leikhús það, sem kennt er við þjóðina, er til að mynda hvorki hannað utandyra né innanhúss með hliðsjón af sérstöðu fatlaðra. Vinnustaðir eru ekki þannig hugsaðir að gert sé ráð fyrir störfum fatlaðra, og nægir flutningsmanni að benda á alþingishúsið í því sambandi. Umferð er á engan hátt miðuð við þarfir fatlaðra, t. a. m. getur maður, sem bundinn er við hjólastól, engan veginn ferðast með almenningsfarartækjum. Ekki er heldur hægt að

nota hjólastóla á götum Reykjavíkur; yfirleitt er ekki gert vik í gangstéttarbrúnir, þannig að unnt sé að aka hjólastól yfir götur; engin leið er að aka hjólastól um miklar umferðargötur og raunar lífshættulegt að nota slík farartæki á brautum sem einvörðungu eru ætlaðar bifreiðum. Heita má að öll íbúðarhús séu þannig gerð að fatlaðir eiga erfitt með að athafna sig þar. Hægt væri að lýsa þessu ástandi ýtarlega, en þess gerist naumast þörf; hver maður getur leitt hugann að umhverfi sínu og áttað sig á því hvernig fötluðum muni takast að athafna sig þar. Á þessum sviðum öllum er hins vegar unnt að gera verulegar breytingar til þess að tryggja sem mest jafnrétti. Allar reglur um samgöngumál, skipulagsmál, byggingarmál og önnur hliðstæð verkefni verða að taka tillit til þess að meira en sjöundi hver maður er að jafnaði fatlaður í þjóðfélaginu. Öll ný mannvirki verður að hanna með tilliti til þess og breyta eldri mannvirkjum smátt og smátt, eftir því sem unnt er. Þessum framkvæmdum verður að sjálfsögðu ekki komið í verk í einu vetfangi, en þær eru óhjákvæmilegar ef Íslendingar vilja lifa í jafnréttisþjóðfélagi.

Fötlun er að sjálfsögðu jafngömul mannkyninu. Samt eru ekki liðin nema 30—40 ár síðan læknavísindin tóku að fást við fötlunarvandamál í heild á skipulegan hátt. Síðan hefur náðst undraverður árangur með heilbrigðisþjónustu og þjálfun. Þessi starfsemi hefur staðið svo skamma hríð að enn munu ekki vera til tölfræðilegar kannanir á því, hvort hundraðshluti fatlaðra hefur lækkað í heild þar sem skipuleg endurhæfing er orðin þáttur í heilbrigðisþjónustunni. Hitt er staðreynd, að endurhæfingin hefur leitt til þess, að æ stærri hluti fatlaðra fær svo mikinn bata að þeir hafa þrek og getu til að athafna sig í þjóðfélaginu og stunda störf. En þá hefur annað vandamál komið í ljós. Þjóðfélög hafa ekki verið skipulögð þannig að fatlað fólk geti hagnýtt sér stofnanir þeirra, til að mynda samgöngur og vinnustaði. Er víða hafin markviss starfsemi til þess að draga úr þessu vandamáli, til að mynda annars staðar á Norðurlöndum. Einnig hér á Íslandi hefur endurhæfingarstarfsemi aukist ört og borið mikinn árangur, þótt enn skorti skynsamlegt heildarskipulag og nægilegt fjármagn til þeirrar heilbrigðisþjónustu. Að því er varðar samgönguþjónustu, byggingarmál og vinnustaði erum við miklir eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða, og er tímabært að tekið verði á því vandamáli á dugmikinn hátt.

Allir íslenskir stjórnmálaflokkar segjast aðhyllast jafnrétti, þótt mjög mismunandi merkingar séu lagðar í það orð. Hvergi er misrétti jafnhróplegt og milli fatlaðra og heilbrigðra. Fatlað fólk, sem á afkomu sína undir bótum almannatrygginga, er snauðasta fólkið í þjóðfélaginu, auk þess sem skipulag þjóðfélagsins dæmir flest þetta fólk til félagslegrar einangrunar. Eðlilegt væri að allir íslenskir stjórnmálaflokkar sameinuðust um að draga úr þessu hróplega misrétti og gera Ísland að fyrirmyndarþjóðfélagi að því er varðar jafnrétti á þessu sviði. Til þess þarf bæði stóraukið fjármagn og aukinn mannlegan skilning, en Íslendingum ber að setja sér þetta mark.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um Iðntæknistofnun Íslands.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.
Nafn, aðsetur o. fl.

1.1. Iðntæknistofnun Íslands (ITSÍ) er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið.

1.2. Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík eða nágrenni, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

2. gr.
Hlutverk.

2.1. Tilgangur ITSÍ er að vinna að tækniþróun íslensks iðnaðar með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans sem og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

2.2. Stofnuninni er einnig heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa not fyrir þá sérþekkingu, er hún hefur yfir að ráða á hverjum tíma.

2.3. Til þess að gegna hlutverki sínu skal stofnunin m. a. vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun.

3. gr.
Starfsfólk.

3.1. Meðal starfsfólks ITSÍ skulu vera:

1. Sérfræðingar um tækni- og rekstrarfræðileg efni, sem vinna bæði að sjálfstæðum tæknilegum rannsóknum og öðrum þáttum þjónustunnar, sbr. mgr. 2.3. Þeir skulu hafa lokið prófum á háskólastigi. Þó er í undantekningartilvikum heimilt að ráða sérfræðing án slíks prófs, ef stjórn stofnunarinnar metur menntun og reynslu hans jafngilda.
2. Ráðunautar um tækni- og rekstrarfræðileg efni, sem vinna sjálfstæð störf, einkum að ráðgjöf og fræðslu, tilraunum, prófunum og tæknilegu eftirliti.
3. Tæknilegir aðstoðarmenn.
4. Skrifstofufólk.
5. Starfsmenn við stjórnunarstörf.

3.2. Í ákvæðum þessara laga um ákvörðunarrétt almennra starfsmanna teljast til starfsmanna allir þeir, sem vinna við stofnunina á hverjum tíma og hafa starfað við hana a. m. k. hálft ár í senn í fullu starfi eða a. m. k. eitt ár í senn í hálfu starfi eða meira.

3.3. Stofnuninni er heimilt að leita til innlendra og erlendra aðila um sérfræðilega aðstoð við einstök verkefni samkvæmt sérstökum samningum hverju sinni.

4. gr.
Skorir.

4.1. Smæstu stjórneiningar Iðntæknistofnunar nefnast skorir. Skoraskipting fer eftir verkefnaflokkum.

4.2. Heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því, sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja skor. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum skorarinnar við iðnaðinn. Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar skorir skuli hagað.

5. gr.
Skorarfundir.

5.1. Skorarfundur tekur ákvörðun um mál, er varða skorina eina, í samráði við forstöðumann deildar og innan þess ramma, sem ákvarðanir stjórnar stofnunarinnar marka. Hann gerir m. a. tillögur um starfs- og fjárhagsáætlun skorarinnar til forstöðumanns deildar og framkvæmdastjóra.

5.2. Á skorarfundum eiga sæti með fullum réttindum starfsmenn skorarinnar og tengimenn við hana, sbr. mgr. 3.2. og 4.2. Einnig er forstöðumanni þeirrar deildar, sem skorin tilheyrir, og framkvæmdastjóra ITSÍ heimilt að sitja skorarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Skorarformaður.

6.1. Skorarformaður sér um daglega stjórnun skorarinnar, í samráði við forstöðumann deildar, sbr. 9. grein hér á eftir.
6.2. Stjórn ITSÍ ræður skorarformann til tveggja ára í senn að fengnum tillögum skorarfundar.
6.3. Skorarformaður skal valinn úr hópi sérfræðinga og ráðunauta við skorina, sbr. 3. grein, og skal hann fá sérstaka aukaþóknun fyrir þetta verkefni, enda skulu störf hans að öðru leyti haldast óbreytt að mestu.

7. gr.

Almennt um deildir.

7.1. Skorum Iðntæknistofnunar er skipað saman í a. m. k. fjórar deildir, sbr. 8. grein.
7.2. Heimilt er að breyta deildaskiptingu síðar með reglugerð, ef þróun mála gefur tilefni til þess.

8. gr.

Einstakar deildir.

8.0. Deildir ITSÍ skulu fyrst um sinn vera þessar:
8.1. Iðntæknideild, sem annast tækniþjónustu við framleiðslu- og þjónustuiðnað.
8.2. Byggingatæknideild, sem annast tækniþjónustu við byggingaiðnað.
8.3. Stjórnunarmáladeild, sem annast þjónustu við allan iðnað á sviði stjórnunarmála og framleiðsluhagræðingar. Ennfremur sér deildin um skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.
8.4. Fræðsludeild, sem skipuleggur og hefur umsjón með fræðslustarfsemi Iðntæknistofnunar. Er þá m. a. meðtalin fræðsla og þjálfun iðnverkafólks og annars faglærðs og ófaglærðs iðnstarfsfólks, almennt námskeiðahald og útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónusta og kynning á starfsemi stofnunarinnar. Fræðsludeild sækir kennslukrafta og sérfræðiþekkingu til annarra deilda og til aðila utan stofnunarinnar eftir ástæðum. Fræðsludeild skal í starfi sínu að fræðslu og þjálfun iðnstarfsfólks hafa náið samstarf við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem kunna að vinna að svipuðum verkefnum. Með reglugerðum skal kveðið nánar á um verkaskiptingu og samstarf á þessu sviði.

9. gr.

Forstöðumaður deildar.

9.1. Forstöðumaður deildar sér um daglega stjórnun hennar í samráði við framkvæmdastjóra og í umboði stjórnar stofnunarinnar, sbr. 10. og 13. grein. Forstöðumaður skal tryggja hagkvæmt samstarf milli skora deildarinnar, m. a. með reglubundnum fundum allra skora deildarinnar. Ennfremur samhæfir forstöðumaður tillögur einstakra skora um starfs- og fjárhagsáætlanir.
9.2. Stjórn stofnunarinnar ræður forstöðumann til allt að 4ra ára í senn að fenginni umsögn sameiginlegs fundar starfsmanna deildarinnar, sbr. mgr. 3.2.

10. gr.

Framkvæmdastjóri.

10.1. Framkvæmdastjóri vinnur m. a. að framkvæmd stefnu stjórnar og sér um daglega stjórnun stofnunarinnar sem heildar í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar í heild. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar gagnvart stjórn.

10.2. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar. Skal hann skipaður til allt að 4ra ára í senn.

11. gr.

Framkvæmdanefnd.

11.1. Forstöðumenn deilda mynda framkvæmdanefnd ITSÍ ásamt framkvæmdastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Einnig á fulltrúi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins sæti í framkvæmdanefnd.

11.2. Framkvæmdanefnd skal m. a. tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis og við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, t. d. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

12. gr.

Skipun stjórnar.

12.1. Iðnaðarráðherra skipar stjórn Iðntæknistofnunar sem hér segir:

einn fulltrúa án tilnefningar,
einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,
einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna úr hópi meistara í byggingariðnaði,
einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,
einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,
einn fulltrúa starfsfólks stofnunarinnar samkvæmt tilnefningu sameiginlegs fundar, sbr. mgr. 3.2.

Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

12.2. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna, sbr. mgr. 12.1.

12.3. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4ra ára í senn. Þó er tilnefningaraðilum heimilt að endurskoða skipun þeirra að 2 árum liðnum, ef sérstakt tilefni er til.

12.4. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

12.5. Fulltrúi starfsfólks í stjórn skal ekki fjalla um kjaramál einstakra starfsmanna.

13. gr.

Hlutverk stjórnar.

13.1. Stjórn stofnunarinnar fer með yfirstjórn hennar og markar henni stefnu. Meðal sérstakra verkefna stjórnar, sem ekki er kveðið á um annars staðar í lögum þessum, má nefna:

1. Að semja áætlanir um starfsemi Iðntæknistofnunar, bæði áætlanir til langs tíma og árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir.
2. Að skipta fjárveitingum milli deilda og skora með hliðsjón af tillögum skorarfunda og meðferð forstöðumanna deilda og framkvæmdastjóra.
3. Að marka stofnuninni stefnu í starfsmannahaldi og kjaramálum.

4. Að ákveða gjaldskrá stofnunarinnar og þóknun fyrir meiriháttar verkefni, þegar það á við.
5. Að sjá um útgáfu árlegrar starfsskýrslu stofnunarinnar.
6. Að ákveða skoraskiptingu og verksvið einstakra skora.
7. Að hafa eftirlit með samstarfi milli deilda og gera ráðstafanir til úrbóta, ef þörf krefur.
8. Að halda fundi með starfsmönnum stofnunarinnar a. m. k. einu sinni á ári.

13.2. Stjórn ITSÍ og framkvæmdastjóri í umboði hennar fara með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið varðandi eigin málefni hennar.

14. gr.
Tekjur.

14.0. Tekjur ITSÍ skulu m. a. vera sem hér segir:

14.1. Beint ríkisframlag á fjárlögum, sem skal nema 0.3—0.6% af áætluðu framleiðsluverðmæti íslensks iðnaðar (vergum tekjum á tekjuvirði) árið á undan fjárlagaárinu, enda hafi iðnaðarráðuneytið samþykkt starfsáætlun stofnunarinnar.

14.2. Framlög frá sjóðum iðnaðarins, sem hafa m. a. það hlutverk að styrkja slíka starfsemi.

14.3. Eigin tekjur samkvæmt gjaldskrá fyrir þjónustu, sem veitt er t. d. einstökum aðilum. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda, eðlis þjónustunnar o. s. frv. Eigin tekjur hverrar deildar skulu renna til starfsemi hennar.

14.4. Greiðslur frá opinberum aðilum, samtökum o. s. frv. vegna meiri háttar verkefna, samkvæmt sérstökum samningum hverju sinni.

15. gr.
Ráðning starfsfólks.

15.1. Framkvæmdastjóri ræður sérfræðinga og ráðunauta, sbr. 3. grein, í umboði stjórnar og í samráði við forstöðumann viðkomandi deildar, en forstöðumaður deildar ræður annað starfslið hennar í samráði við framkvæmdastjóra.

15.2. Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:
1. Með fastri ráðningu.
2. Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.
3. Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.

15.3. Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

15.4. Störf framkvæmdastjóra og forstöðumanna deilda falla undir ákvæði 2. tl. mgr. 15.2. um tímabundna ráðningu.

16. gr.
Störf starfsmanna utan stofnunarinnar.

16.1. Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.

16.2. Starfsmönnum ITSÍ er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

17. gr.

Eignir, réttindi, skyldur o. fl.

17.1. Iðntæknideild ITSÍ tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins.
17.2. Byggingatæknideild ITSÍ tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins.
17.3. Stjórnunarmáladeild og fræðsludeild ITSÍ taka við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Iðnþróunarstofnunar Íslands, samkvæmt skiptingu, sem stjórn ITSÍ ákveður, með hliðsjón af verksviðum deildanna.
17.4. Stjórn Iðntæknistofnunar fer með framkvæmd þessarar greinar af hálfu deilda.

18. gr.

Um þagnarskyldu.

18.1. Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og fyrir greiðslu, ef verkbeiðandi bannar slíkt. Brot gegn þagnarskyldu varða ábyrgð samkvæmt hegningarlögum.

19. gr.

Um reglugerð.

19.1. Heimilt er að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Afnám annarra lagaákvæða.

20.1. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31/1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. og VII. kafli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Gildistaka.

21.1. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Stjórn ITSÍ skal skipuð innan mánaðar frá gildistöku laga þessara, en þá falla niður umboð stjórna Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.
II. Gjöld samkvæmt 45. og 53. grein laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skulu innheimt óbreytt til loka ársins 1977 og renna til ITSÍ.
III. Heimilt er að fresta skoraskiptingu í stjórnunarmála- og fræðsludeild, þar til slík skipting þykir eðlileg.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 94. löggjafarþingi af iðnaðarnefnd neðri deildar, samkvæmt beiðni þáverandi iðnaðarráðherra. Það var aftur flutt á síðasta þingi, en um svipað leyti og því var útbýtt kom á borð alþingismanna plagg um væntanleg frumvörp frá núverandi ríkisstjórn; þar var að finna fyrirheit um að frumvarp um iðntæknistofnun kæmi fram á þinginu frá núverandi iðnaðarráðherra.

Það frumvarp kom þó aldrei fyrir augu þingmanna á síðasta þingi, en fyrirheitið var notað af meiri hluta iðnaðarnefndar neðri deildar til þess að neita að fjalla um frumvarp það sem hér er enn flutt. Þingmenn ættu að minnast þess að þeir eru þjóðkjörnir fulltrúar og ráðherrar aðeins framkvæmdastjórar Alþingis; það er ekki sæmandi að neita að fjalla um þingmál vegna þess að það sé einhverjum ráðherra móti skapi.

Þegar frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi hafði hagtölum verið breytt í samræmi við breytingar sem gerst höfðu síðan það var flutt í öndverðu. Flutningsmaður hefur ekki átt þess kost að endurskoða hagtölurnar frá því í fyrra, en það eiga að vera hæg heimatök fyrir iðnaðarnefndarmenn að afla sér nýrrar vitneskju, ef á þarf að halda.

Almennar athugasemdir.

Aðdragandi þess frumvarps, sem hér er lagt fram, er bæði langur og margþættur. Hér verður hann þó ekki rakinn lengra en til fyrri hluta árs 1971, þegar hæstvirt Alþingi hafði til meðferðar frumvarp til laga um Iðnþróunarstofnun Íslands. Með bréfi dagsettu 15. mars 1971 gaf Félag íslenskra iðnrekenda umsögn um frumvarpið, og setti þar m. a. fram þá tillögu,

> „að athugað verði, hvort ekki væri æskilegt að sameina Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ásamt Iðnaðarmálastofnun Íslands í eina stofnun, er lúti yfirstjórn Iðnþróunarstofnunar Íslands. Eru ýmsir þættir starfsemi þessara stofnana það tengdir, að eðlilegast er að þeir séu unnir hjá einum aðila. Má og benda á góða reynslu af slíku hjá nágrönnum vorum í Noregi og Danmörku, sbr. Teknologisk Institut í Osló og Kaupmannahöfn. Þá eru aðstæður okkar á Íslandi það smáar, að vafasamt er að þær réttlæti slíka verkaskiptingu."

Þær tæknistofnanir (teknologisk institut) á Norðurlöndum, sem hér er vísað til, gegna sérstöku og mjög mikilvægu hlutverki í tæknibróun þessara landa. Stofnanir þessar einbeita sér að fræðslu og ráðgjöf ásamt nauðsynlegum tilraunum og prófunum, en sinna ekki eiginlegum rannsóknum. Þær stefna markvisst að því í starfi sínu að ná sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, ekki síst þau smæstu, sem ættu annars erfitt með að tileinka sér tæknibekkingu og nýjungar.

Annar þáttur í aðdraganda þessa frumvarps snýr að fyrirhugaðri bróun íslensks iðnaðar á næstu árum. Aðildin að EFTA og samningarnir við EBE hafa bæði í för með sér harðnandi samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur á innanlandsmarkaði og aukna möguleika til útflutnings á samkeppnishæfum íslenskum iðnaðarvörum. Þannig eykst fjölbreytni íslensks útflutnings og þjóðarbúskapurinn verður ekki eins háður verðsveiflum í einstökum útflutningsgreinum, en slíkt styrkir efnahagslegt sjálfstæði okkar þegar til lengdar lætur. — Sú iðnbróun, sem hér hefur verið lýst stuttlega, kallar að sjálfsögðu á aukna og breytta tæknibjónustu við iðnaðinn. Megintilgangur þessa frumvarps er einmitt að mæta þeirri þörf.

Með bréfi dags. 8. maí 1972 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra 5 manna nefnd

> „til þess að vinna að því að samhæfa starfsemi þeirra stofnana ríkisins, er vinna að sérfræðilegum rannsóknum og tækniaðstoð við iðnaðinn, í eina allsherjar tæknistofnun.
>
> Þær stofnanir, sem hér um ræðir, eru: Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Er gert ráð fyrir því, að slík stofnun starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf og geti tekist á við ólevst vandamál varðandi tæknihlið framleiðslunnar".

Í þessari nefnd áttu sæti:

Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Félagi íslenskra iðnrekenda;

Pétur Sigurjónsson, forstjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins;
Haraldur Ásgeirsson, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins;
Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarstofnunar Íslands;
Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.

Nefndin skilaði áliti í desember 1972, og ber það heitið „Samhæfing tæknistofnana iðnaðarins". Er það að ýmsu leyti meginundirstaða þessa frumvarps. Í nefndarálitinu er lýst opinberri þjónustu við iðnaðinn nú og síðan gerðar tillögur um nýja og breytta starfsemi. Að lokum eru gerðar tillögur um skipulag starfseminnar. Iðnaðarráðuneytið sendi nefndarálitið ýmsum aðilum til umsagnar eða kynningar, og bárust allmargar ýtarlegar umsagnir. Með bréfi dags. 27. júní 1973 ákvað iðnaðarráðuneytið síðan

„að skipa 3ja manna nefnd til þess að semja frumvörp til laga um breytingu á þeim lögum, er nefndarálit um samhæfingu tæknistofnana iðnaðarins frá desember 1972 tekur til.

Gert er ráð fyrir, að nefndin hagi störfum þannig, að unnt verði að leggja fram frumvörp í þessu skyni fyrir næsta reglulegt Alþingi á hausti komanda."

Í þessari nefnd eiga sæti:
Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri;
dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, efnaverkfræðingur;
Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.

Nefndin hóf þegar störf og hélt alls 37 fundi. Hún byrjaði starf sitt með því að fara rækilega yfir fyrrnefndar umsagnir um álit samhæfingarnefndar. Þá hafði hún samráð við nokkra aðila vegna tiltekinna mikilvægra atriða, sem ekki voru gerð fullnaðarskil í samhæfingarálitinu. Er þar um að ræða fjármálaráðuneytið vegna fjármála væntanlegrar iðntæknistofnunar, fulltrúa byggingaiðnaðarins vegna stöðu hans innan stofnunarinnar og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins vegna tengsla stofnunarinnar við ráðið og laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Nefndin hófst síðan handa um að semja drög að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Byggði hún í meginatriðum á skipulagstillögum samhæfingarnefndar, svo langt sem hær náðu, en nokkrum atriðum voru gerð rækilegri skil en unnt var á fyrra stigi málsins.

Jafnhliða starfi sínu að frumvarpsdrögunum átti nefndin gott og lærdómsríkt samstarf við tvo danska verkfræðinga, Erik Frost og Mogens Höst, sem dvöldust hér á vegum Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNIDO). Eru þeir nákunnugir skipulagi og framkvæmd iðntækniþjónustu víða um heim, og naut nefndin mjög góðs af reynslu þeirra og þekkingu. Annar þeirra, Mogens Höst, gerði að ósk nefndarinnar skýrslu um þarfir íslensks trjáiðnaðar fyrir tæknibjónustu („Hvad mangler Islands træindustri af teknologisk service," dags. október 1973). Íslenskaður útdráttur úr skýrslu þessari fylgdi frumvarpinu sem fylgiskjal, en er ekki endurprentaður hér. Líta ber á þessa athugun Hösts sem sýnisathugun, sem gefi einnig nokkra vísbendingu um þjónustuþarfir annarra iðngreina en trjáiðnaðar, þótt aðstæður þeirra séu vissulega ekki að öllu leyti þær sömu. Jafnframt gefur skýrsla Hösts mjög góða hugmynd um sjálfa starfsemina, sem höfð er í huga við samningu þessa frumvarps, en nauðsynlegt er einnitt að hafa allskýrar hugmyndir um starfið sjálft áður en farið er að vinna að skipulagi, sem er auðvitað aðeins tæki til að ná þeim markmiðum, sem starfinu er ætlað.

Með bréfi dags. 29. okt. 1973 sendi nefndin iðnaðarráðherra drög að frumvarpi til laga um Iðntæknistofnun Íslands ásamt athugasemdum við einstakar greinar. Lagði nefndin til, að drögin yrðu að lokinni meðferð ráðherra send helstu málsaðilum til skjótrar umfjöllunar. Var það síðan gert með bréfi nefndarinnar dags. 15. nóv. 1973 og aðilum jafnframt send fyrrnefnd skýrsla M. Hösts. Fulltrúar aðila voru

boðaðir til fundar með nefndinni hinn 30. nóvember s. l., en sumir skiluðu jafnframt skriflegum umsögnum. Þeir aðilar, sem áttu þannig kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, voru þessir:

Fjármálaráðuneytið,
Menntamálaráðuneytið,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Stjórn Iðnþróunarstofnunar Íslands,
Stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins,
Stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins
Stjórn Stjórnunarfræðslunnar,
Stjórn Verkstjóranámskeiða,
Framkvæmdastofnun ríkisins,
Iðnþróunarsjóður,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Félag íslenskra iðnrekenda,
Landssamband iðnaðarmanna,
Meistarasamband byggingamanna
Samband byggingamanna,
Landssamband iðnverkafólks,
Málm- og skipasmíðasamband Íslands,
Samband íslenskra samvinnufélaga,
Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands,
Iðnskólinn í Reykjavík,
Tækniskóli Íslands,
Samband málm- og skipasmiðja.

Auk þess hélt nefndin sérstakan fund með nokkrum starfsmönnum þeirra þriggja stofnana, sem Iðntæknistofnun er ætlað að taka við af.

Þá voru ennfremur haldnir tveir fundir með fulltrúum fjármálaráðuneytisins til rækilegrar umræðu um fjármál og starfsmannahald væntanlegrar Iðntæknistofnunar o. fl. Komu þar fram ýmis mikilsverð atriði.

Á fundum þessum, sem og í nokkrum bréfum, sem nefndinni bárust, komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar. Reyndi nefndin að taka þær til greina eftir því, sem kostur var, án þess að meginmarkmið frumvarpsins færi forgörðum, og reyndist það að mati nefndarinnar gerlegt í langflestum tilvikum. Gekk nefndin þannig frá endanlegum tillögum sínum í mynd þess frumvarps, er liggur hér fyrir.

Hér verða nú rakin helstu efnisatriði frumvarpsins, að nokkru leyti með samanburði við skylda starfsemi í landinu nú.

Sem fyrr segir er það meginstefna frumvarpsins að tengja opinbera tækniþjónustu sem best við einstök iðnfyrirtæki, einstakar iðngreinar og iðnaðinn sem heild. Jafnframt er reynt að tryggja nauðsynlega samvinnu og samhæfingu hinna ýmsu þátta þjónustunnar til þess að fjármunir, starfskraftar og tæknibúnaður nýtist sem best. Þá er reynt að tryggja nokkur áhrif starfsmanna á stjórnun stofnunarinnar og einstakra eininga innan hennar. Reynt er að tryggja Iðntæknistofnun öruggan og sjálfstæðan fjárhag ásamt samsvarandi sveigjanleika í starfsmannahaldi. Hér fer á eftir upptalning á nokkrum einstökum atriðum frumvarpsins, sem eru liðir í ofangreindri stefnu:

A. TENGSL VIÐ IÐNAÐINN.

1. **Aukin áhersla á ráðgjöf og fræðslu, upplýsingaþjónustu o. fl.,** sbr. m. a. mgr. 2.3. um hlutverk Iðntæknistofnunar og 1. tl. mgr. 3.1. um verksvið sérfræðinga.
2. **Tilkoma sérstakra ráðunauta, sem starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf,** sbr. mgr. 3.1., 2. tl.

3. Tilkoma tengimanna frá iðnaðinum eða einstökum iðngreinum, sem fylgjast með starfi einstakra skora og vinna þannig með starfsmönnum stofnunarinnar (mgr. 4.2.).
4. Tilkoma fræðsludeildar, sem hafi það sérstaka hlutverk að skipuleggja og hafa umsjón með fræðslustarfsemi Iðntæknistofnunar (mgr. 8.4.).
5. Aðild heildarsamtaka iðnaðarins að stjórn Iðntæknistofnunar, sem er raunar með svipuðum hætti og aðild að stjórn núverandi stofnana. Hins ber þó að gæta, að stjórninni er ætlað mun mikilvægara hlutverk en nú tíðkast (mgr. 12.1.).

B. SAMHÆFING.

1. Sameining iðntækniþjónustu undir eina stjórn (13. grein) ásamt framkvæmdastjóra (10. grein).
2. Samhæfing fræðslu- og upplýsingastarfsemi í þágu iðnaðar í einni deild, fræðsludeild (mgr. 8.4.).
3. Tilkoma framkvæmdanefndar, sem tryggi hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar og við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, m. a. með forgöngu um myndun verkefnahópa með starfsmönnum ýmissa deilda og skora (11. grein). Rétt er að leggja áherslu á, að framkvæmdanefnd er fyrst og fremst ætlað að tryggja samstarf, en hún er ekki sérstakt þrep í formlegum stjórnstiga stofnunarinnar.

C. ÁHRIF STARFSMANNA.

1. Allir starfsmenn skorar eiga sæti á skorarfundum með fullum réttindum og gera m. a. tillögur um val skorarformanna (5.—6. grein).
2. Sameiginlegur fundur starfsmanna gefur umsögn um val forstöðumanns deildar (mgr. 9.2.).
3. Forstöðumaður deildar skal gangast fyrir reglubundnum fundum allra skora deildarinnar (mgr. 9.1.).
4. Starfsfólk kýs einn fulltrúa í stjórn á sameiginlegum fundi (mgr. 12.1.).
5. Stjórn skal halda fundi með starfsmönnum a. m. k. einu sinni á ári (mgr. 13.1., 8. tl.).

D. FJÁRHAGUR OG STARFSMANNAHALD.

1. Stjórn stofnunarinnar skiptir fjárveitingum milli deilda og skora, markar stefnu í starfsmannahaldi og kjaramálum, ákveður gjaldskrá o. s. frv. (mgr. 13.1., 2.—4. tl.).
2. Settur er rammi um ríkisframlag til stofnunarinnar á fjárlögum, er tryggi sæmilegan og stöðugan fjárhag, sem er tengdur framleiðsluverðmæti iðnaðar. Jafnframt veitir ramminn nokkurt svigrúm til sveigjanleika í tekjuöflun stofnunarinnar (mgr. 14.1.).
3. Gert er ráð fyrir að eigin tekjur vegna veittrar þjónustu aukist verulega (mgr. 14.3.).
4. Auk fastráðins starfsfólks verði starfslið ráðið með tímabundinni ráðningu, t. d. til ákveðinna verkefna, eða með lausri ráðningu (mgr. 15.2.).
5. Í öll stjórnunarstörf innan stofnunarinnar verður ráðið með tímabundinni ráðningu (mgr. 6.2., 9.2. og 10.2.).


Eins og minnst er á hér að framan gaf nefndin tengslum byggingaiðnaðarins við Iðntæknistofnun sérstakan gaum, m. a. með sérstöku samráði við fulltrúa hans. Var þetta raunar í framhaldi af fyrirvara, sem samhæfingarnefnd gerði um


þetta atriði í álitinu frá desember 1972. Telja verður, að tengsl byggingaiðnaðarins við hina nýju Iðntæknistofnun verði jafnvel betri en tengsl hans við tækniþjónustu á þessu sviði í dag. Þetta álit hefur komið fram í óformlegum viðræðum við fulltrúa byggingaiðnaðarins. Gert er ráð fyrir fulltrúa byggingaiðnaðar í stjórn Iðntæknistofnunar, sem fær allvíðtækt verksvið. Sérstök deild stofnunarinnar verður helguð tæknimálum byggingaiðnaðar, en auk þess er fræðslu- og stjórnunarmáladeildum ætlað að sinna honum ekki síður en framleiðsluiðnaði. Þyngst á metunum eru þó hin sérstöku tengsl við skorirnar, því að gera verður ráð fyrir að einmitt byggingaiðnaðurinn tilnefni tengimenn við skorir byggingatæknideildar. Slík tengsl geta einmitt orðið miklu virkari og áhrifameiri en þau, sem skapast af tilnefningum einstakra manna í stjórnir og nefndir. Ennfremur má búast við, að sérstaða byggingaiðnaðar gagnvart framleiðsluiðnaði fari minnkandi á næstu árum, ef t. d. fjöldaframleiðsla byggingahluta færist í vöxt. Með slíkri þróun verður vaxandi hætta á skörun eða tvíverknaði í tækniþjónustu við byggingaiðnað annars vegar og við framleiðsluiðnað hins vegar, nema skipulag þjónustunnar tryggi eðlilega samvinnu.

Skipulagsmál rannsókna á Íslandi voru allmjög á dagskrá á árunum 1967—71. Nefndin, sem samdi þetta frumvarp, taldi sig ekki geta tekið afstöðu í þeim deilum, sem þá urðu um þessi mál. Hins vegar tók nefndin upp nokkur atriði, sem komu fram í umræðum, og allir eða flestir aðilar voru sammála um. Má þar til nefna aukna áherslu á starf ráðunauta, nokkurt sjálfstæði í fjármálum og launamálum og nokkur áhrif starfsmanna á stjórn stofnana. Varðandi tengsl þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir, við Rannsóknaráð ríkisins hefur nefndin kosið að gera sem minnstar breytingar. Þannig mundu viðeigandi deildir Iðntæknistofnunar taka við þeirri aðild að Rannsóknaráði, sem Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Iðnþróunarstofnun Íslands hafa nú (sbr. 17. gr. frv.). Það er því ekki fjarri lagi, að eina breytingin á tengslunum við Rannsóknaráð sé fólgin í því formsatriði, að 2 kaflar í lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru felldir niður með frv., og í stað þeirra og ýmissa annarra laga (sjá 20. grein) koma lög um Iðntæknistofnun, ef frv. þetta verður að lögum.

Sem fyrr segir gerir frv. ráð fyrir hlutfallslegri aukningu ýmissa annarra tækniþjónustuþátta en eiginlegra rannsókna. Með þessu er þó alls ekki sagt, að rannsóknir verði útundan eða að úr þeim dragi, miðað við núverandi skipulag. Þvert á móti getur það orðið til eflingar rannsóknum, þegar til lengdar lætur, að þær tengist öðrum þáttum tækniþjónustu, sem eru nátengdari sjálfu atvinnulífinu.

Nokkuð hefur borið á því, að mönnum hefur sýnst stjórnstigi innan Iðntæknistofnunar allviðamikill samkvæmt frumvarpinu. Að svo miklu leyti sem þessi gagnrýni beindist að ákveðnum atriðum í upphaflegum drögum, sem hægt var að bæta úr, var hún tekin til greina þegar frv. var samið. Að öðru leyti virðist sem hér sé að nokkru leyti um misskilning að ræða, t. d. á hlutverki framkvæmdanefndar, sbr. lið B.3. hér að framan og aths. við 11. grein hér á eftir. Einnig ráða nýstárleg orð í frumvarpinu sennilega nokkru um þetta, t. d. orðið skorarformaður, sem kemur í stað orðsins deildarstjóri skv. núverandi skipulagi þessarar þjónustu, og táknar því heldur ekki nýtt þrep í stjórnstiganum. Þegar rætt er um þessi mál, er nauðsynlegt að hafa í huga skipulagið eins og það er nú, en það er að ýmsu leyti viðameira en gert er ráð fyrir í Iðntæknistofnun, þótt um mun minni og fábreyttari starfsemi sé að ræða (sbr. skipurit á myndum 1 og 2). Þannig er stjórnum fækkað a. m. k. úr þremur í eina skv. frv. og lögskipaðar ráðgjafanefndir og Iðnþróunarráð lögð niður. Eina atriðið, sem talist getur nýtt í stjórnkerfinu, er hins vegar framkvæmdastjórastarfið. Miðað við fyrirhugaða starfsemi og verksvið Iðntæknistofnunar hefur nefndin, sem samdi frv., hvorki komið auga á frekari ráð til að einfalda stjórnkerfið, né hafa henni borist ákveðnar tillögur um slíkt.


IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
STJÓRN
FRAMKVÆMDASTJÓRI
FORSTÖÐUM.
FORSTÖÐUM.
FORSTÖÐUM.
FORSTÖÐUM.
SKORAFORMENN
SKORIR
SKORAFORMENN
SKORIR
SKORAFORMENN
SKORIR
SKORAFORMENN
SKORIR
SAMTÖK IÐNAÐARINS
ÚTFLUTNINGS-MIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS
TENGI-MENN
BYGGINGA-TÆKNIDEILD
IÐNTÆKNI-DEILD
STJÓRNUNAR-MÁLADEILD
FRÆÐSLU-DEILD
MYND 1: STJÓRNSKIPURIT IÐNTÆKNISTOFNUNAR



MYND 2: STJÓRNSKIPURIT NÚV. IÐNTÆKNIÞJÓNUSTU

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Eftir rækilegar umræður um ýmsa valkosti hefur verið horfið að nafninu „Iðntæknistofnun Íslands", sem virðist bæði þjált og hæfilega víðtækt miðað við fyrirhugað verksvið stofnunarinnar, skv. frumvarpinu.

Orðalag mgr. 1.1. skýrist nánar með öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Þar sem mikill hluti íslenskra iðnfyrirtækja er á Reykjavíkursvæðinu, þykir rétt að stofnunin hafi aðalaðsetur þar. Á hinn bóginn er eðlilegt að gera ráð fyrir útibúum úti um land samkvæmt aðstæðum og bolmagni stofnunarinnar á hverjum tíma. M. a. kemur Akureyri mjög fljótlega upp í hugann í þessu sambandi. Einnig er nauðsynlegt og sjálfsagt að stofnunin haldi námskeið úti um land eftir aðstæðum, skipuleggi ferðalög ráðunauta um landið o. s. frv., en óþarft virðist að kveða sérstaklega á um þetta í lögum.

Um 2. gr.

Miðað við núgildandi löggjöf er með þessari grein hlutfallslega aukin áhersla lögð á ýmiss konar beina tækniþjónustu við iðnaðinn, aðra en rannsóknir, svo sem ráðgjöf og fræðslu, upplýsingastarfsemi og prófanir.

Með orðinu „iðnaður" í greininni er átt við allan framleiðsluiðnað ("manufacturing industry") að undanskildum fiskiðnaði, slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaði og álvinnslu. Einnig er meðtalinn allur byggingariðnaður, bæði á vegum einkaaðila og opinberra aðila, sem og allur þjónustuiðnaður. Það má heita rótgróin hefð að telja fiskiðnað ekki til iðnaðar í íslensku hagkerfi, og má geta þess hér að sérstök stofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sinnir þörfum hans á þessu sviði. Slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaður teljast til landbúnaðar og álvinnsla hefur algera sérstöðu innan iðnaðar á Íslandi.

Nokkru nánari skilgreiningu verksviðs ITSÍ er að finna í 8. grein, sem fjallar um einstakar deildir stofnunarinnar. Annars hefur ekki verið talið rétt að setja mjög ýtarleg ákvæði um verksvið stofnunarinnar í lög, t. d. í formi langrar upptalningar. Reynslan sýnir að slíkt hefur takmarkað gildi í reynd og getur jafnvel orðið til trafala, þegar taka þarf upp ný og eðlileg verkefni, sem voru ekki séð fyrir við samningu laga.

Í heimildarákvæði mgr. 2.2. er t. d. höfð í huga eftirfarandi starfsemi:

— stöðlunarstarfsemi fyrir aðrar atvinnugreinar en iðnað,
— fræðsla og ráðgjöf um stjórnun fyrir sömu aðila,
— tæknileg aðstoð við lánastofnanir vegna lánsumsókna iðnfyrirtækja, en mikil þörf mun vera fyrir ráðgjöf um slík mál,
— tæknileg aðstoð við uppfinningamenn,
— þjónustu við opinberar stofnanir, sem vinna að áætlanagerð og hagrannsóknum,
— þjónusta við opinbera framkvæmdaaðila,
— o. s. frv.

Um 3. gr.

Í 1. tl. mgr. 3.1. er tekið fram, að sérfræðingar ITSÍ skuli ekki aðeins sinna rannsóknum. Í þessu felst nokkur víkkun á verksviði þeirra miðað við núverandi hlutverk rannsóknastofnana, og er það í samræmi við það atriði í meginstefnu frv. að tengja sem best hina ýmsu þætti iðntækniþjónustu og auka hlutfallslega áherslu á aðra þætti en sjálfstæðar rannsóknir.

Samkvæmt málnotkun, sem ryður sér nú til rúms í umræðum um skólamál, hafa orðin „próf á háskólastigi", sem eru notuð í fyrrnefndum 1. tl., nokkru víðtækari merkingu en orðið „háskólapróf". T. d. teljast tæknifræðingar hafa próf á háskólastigi.

Með 2. tl. mgr. 3.1. er sérstaklega bent á hið mikilvæga hlutverk ráðunauta með margs konar sérmenntun eða þjálfun, í væntanlegu starfi ITSÍ. Gert er ráð fyrir, að verulegur hluti ráðunautsstarfsins fari fram utan veggja stofnunarinnar,

t. d. með heimsóknum og starfi í iðnfyrirtækjunum sjálfum. Hér ber að hafa í huga, að fæst íslensk iðnfyrirtæki ráða yfir starfskröftum með verulega sérmenntun. Þess vegna er ekki víst að menn með mikla sérmenntun nýtist alltaf til fulls í þessu starfi. Á hinn bóginn þarf menntun eða reynsla ráðunautanna þó að nægja til þess, að þeir geti miðlað starfsfólki iðnaðarins af þekkingu sinni með árangri. Hæfni til tjáningar og umgengni við aðra skiptir auðvitað miklu í starfi ráðunauta. Ekki er gert ráð fyrir, að ráðunautar verði endilega settir skör lægra en almennir sérfræðingar, t. d. í launum; bæði störfin krefjast sjálfstæðis og frumkvæðis. Hins vegar má búast við, að ráðunautar spanni stærra bil launastigans en sérfræðingar.

Aukin áhersla á starfi ráðunauta er eitt af meginatriðum frumvarpsins, og getur skv. framansögðu orðið til að bæta mjög tengsl opinberrar tækniþjónustu við iðnaðinn, frá því, sem nú er.

Með mgr. 3.2. er skilgreint hvaða starfsmenn skuli njóta þess ákvörðunarréttar, sem frumvarpið kveður á um, svo að ekki komi til eftirmála um slíkt.

Oft kann að reynast hagkvæmt að neyta þeirrar heimildar, sem felst í mgr. 3.3., t. d. þegar stofnunin ræður ekki yfir sérþekkingu á viðkomandi sérsviði og verkefnin eru ekki svo mikil, að rétt sé að ráða sérstakan starfsmann til þeirra.

Um 4. gr.

Norges Eksportråd var stofnað árið 1945. Er það skipað fjörutíu og sjö mönnum tilnefndum af aðilum vinnumarkaðarins og opinberum stofnunum. Fimmtán manna stjórn er í ráðinu og þrjár fastanefndir starfa á vegum þess (arbeidsutvalget, finansutvalget og kontrollkomite). Árið 1956 voru samþykkt lög í Noregi um eflingu útflutnings. Í þessum lögum er ákveðið, að starfsemi Norges Eksportråd sé fjármögnuð af Norges Eksportfond með því að útflutningsgjald (¾‰) sé lagt á allan norskan útflutning nema skip, þó ekki á útflutning að verðmæti minna en 13 þús. n. kr. Norges Eksportråd ber ábyrgð á rekstri sjóðsins, en tekjur hans voru 1974 20.4 millj. n. kr. Starfsemi ráðsins fer fram í mörgum deildum og gefa heiti deildanna nokkra hugmynd um þá yfirgripsmiklu og margþættu starfsemi, sem þar fer fram: Stabskontor for spesialoppgaver; Handelspolitisk kontor; Eksportjuridisk kontor; Norges utenrikshandel, sem annast fréttamiðlun innanlands; Avdeling for industriland, sem annast markaðsstarfsemi í Vestur-Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada, þeirri deild er síðan skipt eftir vöruflokkum; Avdeling for stathandelsland, sem sér um markaðsstarf í Austur-Evrópu og sósíalískum ríkjum Asíu, sú deild skiptist eftir markaðssvæðum; Avdeling for oversjöiske områder, þ. e. viðskipti við ríki í Afríku, Suður-Ameríku, Asíu og Ástralíu; Avdeling for markedsdata; Avdeling for toll og statistikk; Presseavdeling, sem sér um fréttamiðlun erlendis, útgáfu tímarita og bæklinga, auglýsingar o. fl.; Eksportörveiledning, sem felur m. a. í sér fræðslustarfsemi ýmiss konar og í tengslum við hana er Norges Eksportskole; Prosjektavdeling, sem m. a. sér um kynningar, þátttöku í vörusýningum og námskeiðum. Auk þess er stjórnunar- og rekstrardeild. Starfslið í Noregi er yfir 100 manns, en þar að auki eru skrifstofur ráðsins í 19 löndum víðs vegar um heiminn með um 60 starfsmenn. Starfsemin erlendis er oft í tengslum við sendiráð Norðmanna á viðkomandi stöðum. Þá hefur ráðið sent menn út af örkinni, sem dvalið hafa 3—4 mánuði á ákveðnum mörkuðum og aflað upplýsinga um tækifæri og komið á viðskiptatengslum við norsk útflutningsfyrirtæki. Þá hefur Norges Eksportråd mikla og góða samvinnu við starfslið norsku utanríkisþjónustunnar heima og erlendis.

Heimildir: Norges Eksportråd (1974). Norges Eksportråd: Årsberetning 1975.

Svíþjóð: Sveriges Exportråd

Sveriges exportråd er rekið sameiginlega af sænska ríkinu og aðilum vinnumarkaðarins. Tók það til starfa 1972 og hefur nú að loknum þriggja ára aðlögunartíma hafið starfsemi af fullum krafti. Ýmsar stofnanir, sem fengust við skyld verkefni, hafa sameinast ráðinu og samvinna við sænsku utanríkisþjónustuna verið mikið efld. Skipulag ráðsins er þannig, að stjórn er skipuð fulltrúum atvinnulífsins og opinberra stofnana. Nefnd, kjörin af fulltrúum fyrirtækja í smáiðnaði, er ráðgefandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um málefni er varða smáiðnaðinn. Skrifstofa ráðsins skiptist í fjórar deildir: Deild, sem sér um framkvæmd einstakra verkefna, markaðsdeild, útflutningsdeild (exportteknisk) og rekstrardeild. Mikið samstarf er við viðskiptafulltrúa í sænskum sendiráðum, verslunarráð og ræðismenn Svía. Árið 1975 voru aðilar að samtökunum 1828. Hlutverk ráðsins er að efla og þróa sænskan útflutningsiðnað með margháttaðri aðstoð. Helstu verkefni eru ráðgjafa- og upplýsingaþjónusta, aðstoð við afmörkuð verkefni, mikið af þeim langtíma markaðsátök. Kostnaður við slík afmörkuð verkefni er greiddur af ríkinu og viðkomandi fyrirtækjum í sameiningu. Þá er fengist við mál eins og söluáætlanir, markaðsspár, tollavandamál o. fl., o. fl. og unnið að lausn þeirra í samvinnu við fyrirtækin. Skipulagðar hafa verið söluferðir með hópa fyrirtækja á valda markaði. Ráðið annast útgáfu kynningarbæklinga og tímarita, skipulag ráðstefna og funda o. s. frv. Fulltrúar ráðsins hafa tekið þátt í undirbúningi samninga, svo sem við EFTA, EBE, GATT o. fl. Samstarf er við ýmsar stofnanir t. d. um lögfræðiaðstoð.

Heimild: Svensk export, nr. 5, 1975.

Danmörk: Eksportfremmerådet

Eksportfremmerådet var stofnað haustið 1975, eftir að viðræður höfðu farið fram milli aðila vinnumarkaðarins og ýmissa opinberra aðila um hvernig best yrðu nýttir þeir fjármunir hjá Danmarks Erhvervsfond (stofnaður 1965), sem ætlaðir eru til eflingar útflutningi. Með stofnun ráðsins var stefnt að því að sameina starfsemi, sem áður hafði verið á margra höndum, og nýta þannig betur þá þekkingu, sem fyrir hendi var. Viðskiptaráðuneytið skipaði tuttugu menn í ráðið, fulltrúa vinnumarkaðarins og ríkisins. Hlutverk ráðsins er að móta stefnu um fjárveitingar úr Erhvervsfonden. Ráðinu til aðstoðar er framkvæmdanefnd (Bevillingsudvalg), sem í eiga sæti sjö manns. Tekur hún til meðferðar og afgreiðir umsóknir um styrki úr sjóðnum. Fulltrúar atvinnulífsins eru í meiri hluta bæði í ráðinu og nefndinni. Fjögur samtök atvinnuveganna stofnuðu í tengslum við þessa starfsemi Erhvervens Eksportfremme Sekretariat, sem er sjálfseignarstofnun, en rekstur hennar styrktur af viðskiptaráðuneytinu. Annast hún þjónustu við Eksportfremmerådet og Bevillingsudvalget. Helstu verkefnin eru ráðgjafaþjónusta ýmiss konar, skipulagning þátttöku í vörusýningum, kynningum og ráðstefnum, útgáfa kynningarbæklinga, kvikmynda o. s. frv. Einnig er unnið að skipulagningu útflutningsstarfsemi almennt. Við stofnun ráðsins voru lagðar niður ýmsar stofnanir, sem starfað höfðu að svipuðum málaflokkum.

Heimildir: Udenrigsministeriets tidskrift nr. 36, 26. sept. 1975. Industrirådet 1975—1976. Pressemeddelelse: Grosserer-societet, Håndverksrådet, Industrirådet, Landbrugsrådet, okt. 1975.

Finnland: Finlands Utrikeshandelsförbund

Finlands utrikeshandelsförbund er stjórnað af fulltrúum finnska ríkisins og vinnumarkaðarins. Ráðið skipa þrjátíu og átta menn, en níu manna framkvæmdastjórn er í stofnuninni. Hlutverk UF er að stuðla að eflingu utanríkisverslunar

Finna, sérstaklega með aukningu útflutnings. Starfsemin er fjármögnuð í sameiningu af finnska ríkinu og aðilum vinnumarkaðarins og er markmiðið með henni:

— að afla, vinna úr og dreifa upplýsingum um erlenda markaði;
— að veita ráðgjafaþjónustu um utanríkisviðskipti;
— að annast framkvæmd verkefna, sem stuðla að auknum útflutningi;
— að kynna framleiðsluvörur finna erlendis.

Upplýsingamiðstöð (informationscentralen), sem hjá starfa um 75 manns, sér um fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Reka þeir bókasafn, gefa út skrár yfir vörusýningar, skýrslur um utanríkisviðskipti Finna, halda námskeið og kynningarfundi um margvísleg málefni. Þá sjá þeir um samhæfingarstarfsemi og þjónustu við fastanefndir ráðsins, sem vinna að útflutningsmálum. Upplýsingamiðstöðin starfar í fjórum deildum. Mikið samstarf er milli hennar og viðskiptafulltrúa í sendiráðum Finnlands. Miðstöðin annast framkvæmd ýmissa sérverkefna. Sem dæmi má nefna: að kynna sér möguleika og aðstæður á ákveðnum markaðssvæðum, efla áætlanagerð um útflutning, vera ráðgefandi um ráðstöfun ríkisframlags til eflingar útflutningi og gera tillögur um starfsemi UF. UF gefur út ýmis rit, sem dreift er bæði innanlands og utan. 735 fyrirtæki eiga aðild að samtökunum, sem voru endurskipulögð fyrir fáum árum með þátttöku ríkisins.

Heimild: Finlands utrikeshandelsförbund; Verksamhetsberättelse, 1975.

Nd. 18. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [18. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Í 11. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skulu í 3. mgr. falla niður orðin „í sameinuðu þingi“.

2. gr.

32. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

3. gr.

38. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Alþingi hefur rétt til að senda forseta lýðveldisins ávörp.

4. gr.

39. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:
Alþingi getur skipað nefndir þingmanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingið getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

5. gr.

Síðari mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

6. gr.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar falli niður orðið „Sameinað“ í fyrri mgr.

7. gr.

44. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umr.

8. gr.

45. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

9. gr.

Í 49. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr., skal í stað orðanna „samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í“ koma: samþykkis þingsins.

Í 2. mgr. skal í stað orðanna „nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi“ koma: nema þingið leyfi.

10. gr.

52. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Alþingi kýs sér forseta og þrjá varaforseta.

11. gr.

53. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði.

12. gr.

54. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál og beiðast um það skýrslu ráðherra.

13. gr.

55. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Eigi má Alþingi taka við neinu málefni, nema einhver þingmanna flytji það.

14. gr.

56. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál, getur það vísað því til ráðherra.

15. gr.

Í 57. gr. stjórnarskrárinnar skulu falla niður orðin „beggja deilda og sameinaðs“.

16. gr.

58. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

17. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar, fyrri mgr., hljóði svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi síðan ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa undanfarin þing flutt frumvarp um afnám deildaskiptingar Alþingis og flytja nú óbreytt. Því hefur fylgt eftirfarandi greinargerð:

Deildaskipting Alþingis var ákveðin með stjórnarskránni 5. janúar 1874, en kom til framkvæmda á þinginu 1875.

Enda þótt deildaskiptingin hafi enst heila öld, af því að Íslendingar hafa haft öðrum stjórnskipunarmálum að sinna, var hún frá upphafi umdeild og vafasöm og torveldaði sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Deildaskiptingin er erlent fyrirbæri, sem á sér engar forsendur í stéttlausu þjóðfélagi Íslendinga, en hefur kostað bæði fé, tíma og stjórnarfarsleg vandkvæði.

Deildaskipting þingsins hefur hvað eftir annað gert ríkisstjórnum, sem studdar voru af hreinum meiri hluta alþingismanna, erfitt að gegna hlutverki sínu. Afleiðingin hefur orðið veikara stjórnarfar, sem oft hefur jaðrað við upplausn og ýtt undir ábyrgðarleysi og ævintýrapólitík. Þess vegna er tími til kominn að afnema deildaskiptinguna og skipa Alþingi í eina málstofu.

Alþingi starfaði óskipt frá endurreisn þess til 1875. Kom varla til greina að skipta 26 þingmönnum í deildir, enda tefldu Danir ekki í neina tvísýnu, þar sem konungkjörnir þingmenn voru 6 og kosningarréttur miklum takmörkunum háður. Á þessum árum var mikið rætt og ritað um skipan Alþingis, og var ekki að undra, þótt imprað væri á þeim möguleika að taka upp deildaskiptingu. Erlendis barðist borgarastéttin hvarvetna fyrir réttindum og völdum. Konungar og aðall létu undan síga, en vörðu sig með því að ríghalda í sérstakar þingdeildir fyrir forréttindastéttir. Trúðu þá margir, meðal annars á Íslandi, að slík skipan væri eðlileg og sjálfsögð.

Þetta mál bar á góma á Þjóðfundinum 1851, en mikill meiri hluti fulltrúa undir forustu Jóns Sigurðssonar tók afstöðu með einni málstofu. Þeir viðurkenndu að vísu, að tvískipting gæti átt rétt á sér, þar sem stéttamunur og aðrar aðstæður væru fyrir hendi, en um það væri ekki að ræða á Íslandi.

Konungur lagði nýtt og að mörgu leyti merkilegt frumvarp til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi 1867. Þingið átti að fá aukin völd, en jafnframt taldi stjórnin rétt að setja á það nokkur höft, enda þótt einni málstofu væri haldið. Nefnd alþingismanna fjallaði ítarlega um málið og gerði tillögu um deildaskiptingu, en einnig að þjóðkjörnum þingmönnum yrði fjölgað verulega.

Jón Sigurðsson var ekki ánægður með þessa þróun mála, og í Nýjum félagsritum 1870 sagði hann: „Með því að þröngva frelsi Alþingis í frumvarpinu 1867 (33. gr.) kom stjórnin því til leiðar, að stungið var upp á að skipta þinginu í tvær deildir, eða málstofur, sem eykur bæði málalenging og kostnað meira en þörf er á og gefur hinum konungkjörnu færi á að ónýta hvert mál á þinginu, ef þeir vilja. Stjórnin hefur líka fundið, að þetta var eins sterkt ófrelsisband eins og hitt, og hefur því samþykkt uppástunguna, þó hún í raun og veru sýnist vera henni mótfallin. En það hyggjum vér, að mjög fáir mundu vera með tvískiptu þingi, ef þeir ættu kost á að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust."

Skoðanir Jóns fengu stuðning frá ýmsum einstaklingum og í bænaskrám. Samt sem áður samþykkti næsta þing enn skiptinguna, og henni var haldið í stjórnarskránni 1874, sem þó í heild var hin mesta stjórnarbót, ekki síst af því að Alþingi fékk löggjafarvald í sérmálum Íslendinga.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar og fram eftir hinni tuttugustu var meira rætt og deilt um sjálfstæðismálið en nokkuð annað, og kom skipan Alþingis þar mikið við sögu. Það var Íslendingum að sjálfsögðu þyrnir í augum, að hinir konungkjörnu þingmenn gátu með helming atkvæða í efri deild fellt hvaða mál sem þeim sýndist. Tókst loks að fá þessu breytt 1903, er þingmönnum deildarinnar var fjölgað um tvo og hinum þjóðkjörnu þar með tryggður meiri hluti.

Óskipt þing átti sér ávallt nokkra formælendur á þessum árum, en flestir stjórnmálamenn virtust þó ekki reiðubúnir til að afnema deildaskiptinguna, að minnsta kosti meðan konungkjörnir þingmenn sátu enn á þingi. Benedikt Sveinsson sagði til dæmis, að með tímanum gæti svo farið, að óskipt þing þætti hagkvæmast, en hann taldi það ekki tímabært. Í stað þess komu fram ýmsar hugmyndir, svo sem að láta kjósa til efri deildar með takmörkuðum kosningarrétti, að láta kjósa deildarmenn tvöfaldri kosningu með kjörmönnum eða að kjósa þá hlutfallskosningu, ýmist í fáum kjördæmum eða með landið allt eitt kjördæmi.

Íslendingum reyndist, eins og Bjarni Benediktsson orðaði það, „vandi að mynda nýtilega efri deild“.

Landskjörið var tekið upp 1915, þegar konungkjör þingmanna var lagt niður. Hinir sex landskjörnu þingmenn voru kosnir, fyrst til 12, en síðar til 8 ára, hlutbundnum kosningum með landið allt eitt kjördæmi. Kosningarréttur og kjörgengi voru bundin við 35 ár, þegar almennur kosningarréttur var miðaður við 25 ár. Árið 1934 var landskjörið afnumið, og síðan hafa þingmenn allir verið kjörnir á sama hátt á sama tíma, en sameinað þing hefur kjörið til efri deildar. „Er óneitanlegt, að deildaskiptingin hefur þar með, a. m. k. að nokkru leyti, misst sína fyrri þýðingu, þótt hún kunni enn að réttlætast af öðrum ástæðum,“ segir Ólafur Jóhannesson í Stjórnskipun Íslands.

Alþýðuflokkurinn hafði áður á stefnuskrá sinni, að landið skyldi gert að einu kjördæmi og allir þingmenn sitja í einni málstofu. Flutti Jón Baldvinsson um þetta frumvarp 1933 og sagði þá í greinargerð: „Í einni málstofu geta þingmenn hvorki skotið sér undir það, að mál verði betur athugað í hinni deildinni, né treyst því, að það verði tafið þar eða fellt. Afstaða alþingismanna til allra mála verður því hreinni og þau betur athuguð.“ Mótbárum um hættu á flaustursleg ri afgreiðslu mála í einni málstofu mætti Jón, eins og margir aðrir á undan honum, með því að benda á, að hafa megi fjórar umræður um lagafrumvörp.

Núgildandi kjördæmaskipan, með algerum hlutfallskosningum í fáum kjördæmum og uppbótarþingsætum, fer svo nærri hugmyndinni um landið sem eitt kjördæmi, að Alþýðuflokkurinn hefur látið þar við sitja. Hins vegar heldur hann enn fram hugmyndinni um eina málstofu, eins og þetta frumvarp ber með sér.

Bjarni Benediktsson kunni betri skil á deildaskiptingu Alþingis en nokkur annar. Kom út frá hans hendi mikið fræðirit um þetta efni 1939 (Deildir Alþingis), og ítarleg ritgerð um sama efni birtist í bókinni Land og lýðveldi, I. bindi.

Enda þótt Bjarni héldi sig við fræðilega könnun málsins, sagði hann á einum stað: „Þýðing tvískiptingar þingsins hefur tvímælalaust farið minnkandi,“ og á öðrum: „Í bili horfir helst þannig, að tvískipting þingsins muni smám saman hverfa.“

Lengst hefur verið gengið í þessu máli í forsætisráðherratíð Bjarna í samstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Í stefnuræðu, er hann flutti í upphafi fyrsta þings eftir kosningarnar 1967, gaf hann þessa yfirlýsingu: „Teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþingi verði ein málstofa.“

Deilt hefur verið um, hvort raunverulega eigi að telja Alþingi tvískipt, þar eð þingmenn eru allir kjörnir á sama hátt á sama tíma. Hafa sumir sagt, að deildirnar væru lítið meira en nefndir kjörnar af sameinuðu þingi. Aðrir hafa látið það ráða, að hvor deild getur fellt mál og þær hafa þannig mikið sjálfstætt vald. Þetta þýðir, eins og Bernharð Stefánsson segir í endurminningum sínum, að „í rauninni gildir atkvæði efri-deildar-þingmanns tvöfalt á við neðri-deildar-þingmann í öllum almennum löggjafarmálum.“ Sex þingmenn í efri deild geta fellt frumvarp, ef ellefu eru á fundi og greiða atkvæði.

Hins vegar hefur því ekki verið gaumur gefinn, að Alþingi hefur í raun réttri ekki tvær málstofur, heldur þrjár. Sameinað þing hafði sáralítið hlutverk í fyrstu. Einar Arnórsson segir í Réttarsögu Alþingis um störf þess eftir breytinguna 1874: „Það má telja undantekningu, að Alþingi starfi í einni málstofu, því að venjulega fara störf þess fram í deildunum.“ Eftir því sem árin hafa liðið, hefur sameinað þing þó vaxið að verkefnum og völdum og hefur nú meiri þýðingu en deildirnar. Fjárlög voru upphaflega afgreidd í deildum, en flutt til sameinaðs þings 1934. Þingsályktunartillögur þekktust varla fyrr á árum, en eru nú ekki aðeins umfangsmikið form þingmála, heldur eru þær notaðar til að stofna lýðveldi, gera mikilvægustu alþjóðasamninga og ákveða aðild að alþjóðlegum samtökum, marka stefnu í landhelgismálum og fleiri stórmálum, staðfesta áætlanir um framkvæmdir og margs fleira. Fyrirspurnir höfðu áður litla þýðingu og voru fáar, en eru nú loftvog lands-

málanna og eftirlætis auglýsingaform þingmanna. Allt hefur þetta valdið því, að sameinað þing tekur nú oft tvo af fjórum fundadögum Alþingis í viku hverri.

Störf Alþingis mundu án efa verða einfaldari og ódýrari í einni málstofu en þrem. Breyting á nefndaskipan mundi hafa mikla þýðingu, þar eð nefndum mætti fækka úr 24 í 13, og hver þingmaður mundi sitja í færri nefndum, sem hann gæti sinnt betur en nú gerist. Slíkar endurbætur á nefndastarfi Alþingis eru aðkallandi. Þá mundi tími ráðherra nýtast betur, ef þeir þyrftu ekki að taka þátt í umræðum um mál sín í tveim deildum.

Veigamikil röksemd fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis er áhrif hennar á meirihlutavald og ríkisstjórn. Þingmenn eru nú 60, en ekki nægir fyrir flokk eða flokka að hafa 31 þingmann til að stjórna landinu. Til þess þarf meiri hluta í báðum deildum, að minnsta kosti 21:19 í neðri deild og 11:9 í efri deild, og verður ríkisstjórn því að hafa 32 stuðningsmenn hið minnsta — eða 53.3%.

Stundum hefur verið haldið fram, að þessi krafa um aukinn meiri hluta stuðlaði að sterkum ríkisstjórnum. Reynslan hefur þó sýnt hið gagnstæða. Deildaskiptingin hefur hvað eftir annað veikt stjórnir, sem þó höfðu meiri hluta þingmanna að baki sér, og leitt til margvíslegra erfiðleika.

Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Hafði ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og hraktist fljótlega frá völdum. Hún var að vísu veik, af því að hún hafði aðeins 35% kjósenda á bak við þinglið sitt, en þannig var kjördæmaskipan þá.

Eftir kosningarnar 1934 höfðu Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn 25 þingmenn af 49. Þá skorti eitt atkvæði í neðri deild til þess að hafa starfhæfan meiri hluta, en Ásgeir Ásgeirsson kom þeim til bjargar, svo og Magnús Torfason.

Eftir að stjórn Emils Jónssonar var mynduð 1959, skapaðist það ástand, að með stuðningi Sjálfstæðisflokksins hafði hún 27 þingmenn gegn 25. Samt hafði stjórnarandstaðan (Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag) meiri hluta í efri deild. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins áleiðis, að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis, enda þingrof framundan.

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhvarf Bjarna Guðnasonar stuðnings meiri hluta þingmanna (31:29), en hafði ekki meiri hluta í neðri deild og gat ekki komið þýðingarmestu málum gegnum þingið. Þetta skapaði stóralvarlegt ástand og leiddi til þingrofs og kosninga.

Ábyrgir menn verða að hugsa þetta mál og gera sér grein fyrir því, hver hætta er á, að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfi sínu.

Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, hljóta menn að fallast á, að tími sé kominn til að afnema deildaskiptingu Alþingis. Það þarf að gera fyrir næstu kosningar, svo að ný skipan geti komið til framkvæmda snemma á næsta kjörtímabili.

Sþ. 19. Fyrirspurnir. [19. mál]

I. Til forsætisráðherra um sundlaug við Endurhæfingardeild Borgarspítalans.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvers vegna framkvæmdi ríkisstjórnin ekki þann einróma vilja Alþingis að gera ráð fyrir fjárveitingu til byggingar sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans þegar fjárlög fyrir árið 1978 voru undirbúin?

II. Til menntamálaráðherra um sjónvarp.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Hvað líður framkvæmd áætlunar um sjónvarp til allra landsmanna? Sérstaklega er spurt:

1. Hvað hefur verið varið miklu fjármagni til undirbúnings útsendingar í lit?
2. Hvaða nýjar dreifistöðvar sjónvarps hafa verið eða verða reistar í ár?
3. Hvaða nýjar dreifistöðvar sjónvarps eru ráðgerðar á árinu 1978?

Ed. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa frv. á þá lund, að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf, sé hún fyllilega samkeppnisfær.

Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum, verði læknum lögð viss skylda á herðar að nýta þau umfram hin erlendu lyf.

Jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Miklar umræður um verðmismun erlendra og innlendra lyfja hafa vakið athygli og ýmsar spurningar.

Ljóst er að svör fást ekki, né úrbætur, nema með nákvæmri athugun færustu aðila, og ótvírætt þarf sú athugun að fara fram og ráðstafanir í kjölfar hennar.

Æskilegt hlýtur að teljast, að lyf séu sem ódýrust, og þegar margfaldur verðmismunur kemur fram, þá er von að krafist sé skýringa og aðgerða.

Þrátt fyrir það að fram kemur, að innlend lyf, jafngild hinum erlendu að áhrifum, eru í sumum tilfellum margfalt ódýrari, eru erlendu lyfin flutt inn og á þau vísað e. t. v. jafnmikið eða meira. Þá er von að við sé staldrað og þess krafist að vissar lágmarksráðstafanir séu gerðar.

Í tíð vinstri stjórnar voru lögð fram viðamikil frumvörp um lyfjaframleiðslu og sölu, þar sem þessi mál voru tekin til vandlegrar meðferðar. Núverandi ríkisstjórn hefur svæft meginhugmyndir þeirra frumvarpa.

Róttækra kerfisbreytinga er því síður en svo að vænta. En lágmarkskrafa hlýtur að vera sú sem þessi tillaga gerir ráð fyrir: Annars vegar að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs, einkum þar sem hún er fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu, og hins vegar að læknum sé gert að miða lyfseðlaútgáfu við það að öðru jöfnu að innlend lyf sitji í fyrirrúmi þar sem þau gefa jafngóðan árangur og þau erlendu.

Hér er um svo mikilvægt atriði fyrir sjúklinga, sjúkratryggingar, innlenda lyfjaframleiðslu og þjóðarhag að ræða, að þess verður að krefjast að ýtrustu ráðstafanir séu gerðar í þá átt, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni í framsögu.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

Í stað „réttri röð“ í 42. gr. laganna komi: stafrófsröð.

2. gr.

Í stað „réttri röð“ í 53. gr. laganna komi: stafrófsröð.

3. gr.

Í stað „breyta nafnaröð“ í 2. málsgr. 84. gr. laganna komi: raða frambjóðendum.

4. gr.

2.—4. málsgr. 110. gr. laganna falli niður og í stað þeirra komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum. Hafi kjósendur notað rétt sinn skv. 2. málsgr. 84. gr. til þess að raða frambjóðendum á listann ræður sú röðun við úthlutun þingsæta af listanum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar umræður um kjördæmaskipunina og lögin um kosningar til Alþingis. Mismunur vægis atkvæða í einstökum kjördæmum er nú orðinn slíkur, að ekki verður lengur við unað. Færa má gild rök fyrir því, að mikill hluti landsmanna njóti verulega skertra borgararéttinda við núverandi skipan þessara mála. En til þess að veruleg breyting verði á þessu þarf að koma breyting á stjórnarskránni, og það er mikið verk og vandasamt. Í því sambandi er rétt — einu sinni enn — að deila á þann seinagang, sem einkennt hefur vinnubrögð stjórnarskrárnefdar þeirrar, sem kosin var á Alþingi 19. maí 1972, til þess að athuga þessi mál.

Flutningsmaður frv. þessa flutti á síðasta þingi þingsályktunartillögu um að athuga bæri möguleika þess að kjósa samtímis til Alþingis og sveitarstjórna. Tilgangur hans með þeim tillöguflutningi var sá að fá athugað, hvort það þjónaði ekki veigamiklum þjóðfélagshagsmunum að stytta þann tíma, sem fer í kosningaundirbúning fyrir sveitarstjórna- og alþingiskosningar og draga þannig úr kostnaðinum við langa kosningabaráttu, án þess að skerða á nokkurn hátt rétt kjósenda. Ekki virðist blása byrlega fyrir þeirri tillögu á Alþingi, þrátt fyrir að veigamikil mótrök hafi ekki komið fram gegn efni hennar.

Eins og alkunnugt er færast prófkjör og skoðanakannanir nú mjög í aukana. Er það eðlileg þróun, en þó hvergi nærri gallalaus. Reynslan hefur sýnt, að oft vilja prófkjör skilja eftir sár meðal samherja, sem síðar verða að vinna saman í sjálfum kosningunum. Frv. þetta bætir, ef samþykkt verður, úr þessum stóra galla prófkjöranna og einfaldar allan kosningaundirbúning.

En fleira ynnist við samþykkt þess og skal nokkuð upp talið:

a) Lýðræðið ykist með auknum rétti kjósenda til þess að velja þingmenn og áhugi almennings á stjórnmálastarfi glæddist væntanlega við það.
b) Með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði komist næst kostum persónubundinna kosninga án þess að taka upp einmenningskjördæmi, sem illa henta hér sökum fámennis.
c) Þingkosningar og prófkjör í raun færu fram samtímis.

Fyrir nokkru komu formenn stjórnmálaflokkanna fram í sjónvarpi og lýstu því þá yfir sérstaklega aðspurðir, að vel gæti komið til greina að gera þær breytingar á kosningalögum, er gæfu kjósendum færi á að raða frambjóðendum á lista þess flokks, sem þeir kjósa. Mun ég í framsögu víkja að þessum yfirlýsingum og vænti þess m. a. með hliðsjón af þeim, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins.

Flm.: Ingi Tryggvason, Tómas Árnason, Gunnlaugur Finnsson, Pálmi Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Páll Pétursson, Sverrir Hermannsson, Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um kostnað við uppbyggingu þjóðvegakerfisins í hinum snjóþyngri héruðum landsins með það fyrir augum að þjóðvegir um byggðir verði gerðir vetrarfærir á næstu 4—6 árum. Kostnaður við þetta verkefni verði greiddur af Vegasjóði og fjár til þess aflað með erlendum eða innlendum lántökum, ef þörf krefur, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð: argerð:

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að því stefnt að Alþingi lýsi vilja sínum um framkvæmd ákveðins verkefnis í samgöngumálum, uppbyggingu þjóðvega í hinum snjóþyngri landshlutum. Það er skoðun flutningsmanna að við liggi þjóðarsómi, að sem fyrst verði svo frá gengið að vegir um byggðir landsins og aðalleiðir milli byggðarlaga verði fær ökutækjum allan ársins hring án þess að stórfé þurfi að verja til snjómoksturs. Til að svo megi verða þarf að hækka vegina og byggja þá upp með tilliti til vetrarumferðar, en þá mun líka undir flestum kringumstæðum lítið kosta að halda vegunum opnum í venjulegri vetrarveðráttu.

Engum dylst, sem um landið fer, að stórvirki hefur verið unnið í vegamálum á undanförnum árum. Umhverfis Reykjavík, um Suðurnes og austur í Árnessýslu eru komnir vegir með bundnu slitlagi, sannkallað yndi ökumanna. Annars staðar eru myndarlega uppbyggðir malarvegir, að vísu misjafnlega jafnir eða ójafnir, háðir duttlungum veðurguða og veghefla, en lengstum færir á vetrum og þarf litlu til að kosta að hreinsa af þeim snjó eftir hríðarbylji.

En svo koma aðrir vegir jafnlágir umhverfi sínu, jafnvel niðurgrafnir, ef til vill gamlar kerruslóðir, byggðir af vanefnum í upphafi, óhæfir til að gegna hlutverki sínu í nútímaþjóðfélagi, fara á kaf í fyrstu snjóum og verður ekki haldið opnum nema með ærnum tilkostnaði. Þessa vegi þarf að endurbyggja, koma þeim upp úr snjónum, og þetta þarf að gera strax. Þetta verkefni hlýtur að hafa forgang í íslenskri vegagerð, þessi fullnæging frumþarfa í samgöngumálum. Hér er

þó aðeins lagt til að áætlun sé gerð um framkvæmd þessa verks, kostnaðaráætlun og fjáröflun. Miðað sé við að ljúka verkinu á næstu 4—6 árum. Það er trú flutningsmanna að áfram verði unnið myndarlega að uppbyggingu þjóðvegakerfisins, en sérstakt átak þurfi til þess að umræddum áfanga verði náð innan skamms.

Ed. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1977:

1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingur	180 000
Hjón	252 000

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrann hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru þann 22. júní 1977, þannig að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1977:

1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingur	180 000
Hjón	252 000

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Gjört í Reykjavík 28. júní 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Ed. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum sbr. lög nr. 33/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og orðist svo:

Umsjónarnefnd skv. 12. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt lögum þessum og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1976—1979 greidd sérstök uppbót umfram það, sem kveðið er á um í 8. gr., þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. mgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar og 1. júlí 1976 og 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert 1977—1979, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa. Gjöld til uppbótargreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að ofangreindu samkomulagi og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum hvert ár um sig. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Um-

sjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1976—1979 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótagreiðslum samkvæmt 1. málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um makalífeyri gilda frá 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum sbr. lög nr. 33/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál, sem heildarlausn í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní 1977, þar sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða á samningssviði þeirra, þess efnis að lífeyrir lífeyrisþega, sem rétt eiga til slíks skv. lögum nr. 63/1971, verði árin 1977—1979 verðtryggður með greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri og verði útgjöld vegna uppbótagreiðslna þessara borin af þeim lífeyrissjóðum, sem í hlut eiga. Enn fremur skortir í lögin nr. 63/1971 ákvæði er heimili greiðslu makalífeyris til fólks, sem búið hefur saman ógift svo árum skipti, og sé brýnt að setja slík heimildarákvæði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og orðist svo:

Umsjónarnefnd skv. 12. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt lögum þessum og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimanna-

sambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1976—1979 greidd sérstök uppbót umfram það, sem kveðið er á um í 8. gr., þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. mgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar og 1. júlí 1976 og 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert 1977—1979, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa. Gjöld til uppbótargreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að ofangreindu samkomulagi og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum hvert ár um sig. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1976—1979 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótagreiðslum samkvæmt 1. málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um makalífeyri gilda frá 1. janúar 1977.

Gjört í Reykjavík 28. júní 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Ed. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977, komi ný 2. mgr. er orðist svo:

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 10 000.00 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

2. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 verði 3. málsgr. 19. gr.

3. gr.

2. og 3. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 verði 4. málsgr. 19. gr. er orðist svo:

Við ákvörðun við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsgr. hér að framan skulu umsóknir rökstuddar t. d. með skattaframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, eftir því sem spurningar á eyðublöðum fyrir umsóknir um uppbætur veita tilefni til. Hliðsjón skal höfð af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

4. gr.

Í stað síðustu málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 komi ný málsgr. er verði 5. málsgr. 19. gr. og orðist svo:

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkv. þessari grein, þar á meðal um nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru 22. júní 1977, þess efnis að tekin yrði upp sérstög heimilisuppbót á lífeyri allra einhleypra tekjutryggingarþega, sem búa einir á eigin vegum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977, komi ný 2. mgr. er orðist svo:

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 10 000.00 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

2. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 verði 3. málsgr. 19. gr.

3. gr.

2. og 3. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 verði 4. málsgr. 19. gr. er orðist svo:

Við ákvörðun við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsgr. hér að framan skulu umsóknir rökstuddar t. d. með skattaframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, eftir því sem spurningar á eyðublöðum fyrir umsóknir um uppbætur veita tilefni til. Hliðsjón skal höfð af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

4. gr.

Í stað síðustu málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 komi ný málsgr. er verði 5. málsgr. 19. gr. og orðist svo:

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkv. þessari grein, þar á meðal um nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar.

5. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1977.

Gjört að Bessastöðum 9. ágúst 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Sþ. 26. Fyrirspurnir. [26. mál]

I. Til fjármálaráðherra um uppsafnaðan söluskatt.

Frá Albert Guðmundssyni.

Hvað líður endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af útfluttum iðnaðarvörum fyrir árin 1975, 1976 og 1977?

II. Til fjármálaráðherra um bifreiðahlunnindi ráðherra.

Frá Steláni Jónssyni og Helga F. Seljan.

1. Hvernig er háttað fríðindum ráðherra varðandi eftirgjöf aðflutningsgjalda af einkabifreiðum og greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaður slíkra bíla?
2. Hversu háa upphæð greiddi ríkissjóður árið 1976 til einkabílstjóra ráðherra?
3. Hvert er starf einkabílstjóranna í þágu hins opinbera annað en akstur hlutaðeigandi embættismanna?

III. Til viðskiptaráðherra um bifreiðahlunnindi bankastjóra.

Frá Stefáni Jónssyni og Helga F. Seljan.

Hvaða rök hníga að því að bankastjórar ríkisbankanna njóti sömu fríðinda og ráðherrar varðandi bifreiðakaup og bílarekstur?

IV. Til fjármálaráðherra um laun forstjóra ríkisfyrirtækja.

Frá Stefáni Jónssyni og Helga F. Seljan.

Hver eru laun eftirtalinna forstjóra:
a) Íslenska járnblendifélagsins?
b) Kísiliðjunnar?
c) Sementsverksmiðjunnar?
d) Áburðarverksmiðjunnar?

Njóta forstjórar þessara fyrirtækja nokkurs konar launabóta í tengslum við afkomu fyrirtækjanna, framleiðslumagn eða afurðasölu? Hver eru hlunnindi forstjóranna ofan á launagreiðslur?

V. Til landbúnaðarráðherra um raforku til grasþögglaframleiðslu.

Frá Stefáni Jónssyni og Helga F. Seljan.

1. Hvaða verð greiða grasköggla- og grasmjölsverksmiðjur fyrir raforku?
2. Hvert er hlutfall raforku í framleiðsluverði innlendra grasköggla?

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

Aftan við síðari málslið 20. gr. laganna bætist: né heldur haglabyssur sem taka fleiri en tvö skothylki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir rúmum 20 árum gerðust Íslendingar aðilar að **Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.**

Þegar samþykkt þessi er borin saman við lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, sést, að við gerð þeirra laga hefur í stórum dráttum verið höfð hliðsjón af samþykktinni. Þó er eitt atriði, sem ekki hefur komist inn í fuglafriðunarlögin, og það er e-liður í 5. grein samþykktarinnar, þar sem aðilar skuldbinda sig til að banna haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki, — marghlaðnar eða sjálfhlaðnar byssur. Notkun slíkra vopna hefur farið mjög í vöxt hér á landi undanfarin ár, bæði við rjúpna- og gæsaveiðar. Eru þau einkum í höndum viðvaninga, sem bæta sér upp takmarkaða skotfimi með því að skjóta öllum skotunum í einu á rjúpna-

og gæsahópa í von um að eitthvað liggi dautt eftir þegar hópurinn tekur flugið, og má geta nærri að margur fuglinn flýgur alvarlega særður frá slíkri hríð.

Að sögn kunnugra hafa öll nágrannalönd okkar bannað þessi skotvopn. Með frumvarpi þessu er lagt til að við íslendingar gerum slíkt hið sama.

(Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, — og fylgdi því ofanskráð grg. Frv. fór í nefnd; kom þaðan ekki aftur.)

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verði: **Almennt um útvarpsrekstur,** og 1. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð merkir í lögum þessum fyrirtæki eða stofnun sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Heimilt er menntamálaráðherra að veita sveitarfélögum, menntastofnunum og einstaklingum leyfi til útvarpsrekstrar. Hver sá, sem vill reka útvarpsstöð, skal sækja um leyfi til ráðherra, er leitar umsagnar útvarpsráðs og póst- og símamálastjórnarinnar um allar slíkar umsóknir.

Leyfisveitingar til útvarpsrekstrar fyrrgreindra aðila eru háðar þeim skilyrðum, að hjá útvarpsstöð starfi dagskrárstjóri, er hafi reynslu í dagskrárgerð fyrir fjölmiðla, og enn fremur tæknistjóri, er hafi meistararéttindi í útvarpsvirkjun eða loftskeytamannspróf.

Rekstrarleyfi skal veitt til þriggja ára í senn og endurnýjast sjálfkrafa ef það er ekki afturkallað 6 mánuðum áður en gildistími rennur út.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöðvar, flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin reglum, sem póst- og símamálastjórnin setur um öldutíðni, útgeislun o. fl., svo sem ákveðið er samkv. alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þ. á m. umferðar- og slysavarnarmálum. Þær skulu kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Þær skulu halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Þær skulu flytja fjölbreytt efni við hæfi fólks á öllum aldri. Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma. Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum máum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

4. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Útvarpsráð**, og orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráð skal vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt það er að útvarpsmálum í landinu lýtur. Skal ráðið bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur sem það telur nauðsynlegar hverju sinni. Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsráð skal vera umsagnaraðili gagnvart menntamálaráðherra um veitingu leyfis til útvarpsrekstrar og annast eftirlit með því, að útvarpsstöðvar fylgi lagaákvæðum um markmið með útvarpsrekstri, sem upp eru talin í 3. gr. I. kafla þessara laga. Getur ráðið mælt með því við menntamálaráðherra, að rekstraraðili útvarpsstöðvar verði sviptur leyfi, ef sýnt er að brotin hafa verið ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni í Ríkisútvarpinu skuli hagað í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá þess, áður en hún kemur til framkvæmda. Ákvarðanir útvarpsráðs um dagskrárefni Ríkisútvarpsins eru endanlegar.

6. gr.

6. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Ríkisútvarp**, og orðist svo:

Ríkisútvarp skal starfrækt og vera sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, og reisir það sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

7. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þ. á m. auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum: fjármáladeild, sem fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu í starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

8. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna, sem verður IV. kafli, verði: **Dreifing og réttindi Ríkisútvarpsins**, og 8. gr. laganna breytist á þessa leið:

Á eftir orðinu „Ríkisútvarpið" í 1. mgr. bætist: og aðrar útvarpsstöðvar.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er Ríkisútvarpinu og Landssíma Íslands að leigja öðrum útvarpsstöðvum

afnot af sendistöðvum og endurvarpsstöðvum eftir því sem tækjabúnaður og aðstæður leyfa.

9. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný mgr., er hljóðar svo:

Skerðingarákvæði þessarar lagagreinar ná þó ekki til útvarpsstöðva, sem starfræktar eru samkvæmt sérstöku leyfi ráðherra.

10. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna, sem verður V. kafli, verði: **Fjármál Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva**, og við 13. gr. laganna bætist svo hljóðandi mgr.:

Með sama hætti og að framan greinir skal öðrum útvarpsstöðvum heimilað að afla tekna með auglýsingum eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis eða annars efnis, sem viðskiptavinir viðkomandi stöðvar kynnu að vilja koma á framfæri við almenning. Útvarpsstöðvar lúta að öllu leyti lögum um tekjuskatt og eignarskatt í samræmi við ákvæði gildandi laga fyrir þau rekstrarform sem stöðvarnar kunna að vera reknar undir.

11. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, sem verður VI. kafli, verði: **Ábyrgð á flutningi efnis í útvarpi**, og 22. gr. laganna breytist sem hér segir:

6. mgr. hljóði svo:

Útvarpsstjóri viðkomandi stöðvar ber ábyrgð á öðru efni.

7. mgr. hljóði svo:

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið eða viðkomandi útvarpsstöð þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

12. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna hljóði svo:

Skylt er útvarpsstöðvum að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

13. gr.

24. gr. laganna breytist sem hér segir:

1. málsl. 1. mgr. hljóði svo:

Brot gegn lögum þessum og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum.

Úr 3. málsl. 1. mgr. falli orðin „sbr. 2. gr." niður.

Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Undanþegnar þessu ákvæði eru útvarpsstöðvar, sem hlotið hafa leyfi til starfrækslu samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 8 12. mars 1975.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram undir lok síðasta þings og kom því ekki til umræðu og afgreiðslu. Þegar það er nú endurflutt í upphafi 99. löggjafarþings er Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, lokað vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Af þessum sökum býr þjóðin við algjört þjónustuleysi á þessu mikilvæga sviði nútímafjölmiðla. Kemur það þúsundum manna mjög illa og einkum því fólki, sem býr í afskekktum landshlutum. Hið alvarlega ástand, sem skapast hefur við

verkfall opinberra starfsmanna, undirstrikar enn frekar þörfina fyrir að afnema þá einokun og rjúfa þá fjötra, sem þjóðin býr við í rekstri hljóðvarps og sjónvarps, ef hérlendis á að ríkja frjáls og óheft skoðanamyndun.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einkaleyfi ríkisins á útsendingum til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum og öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt, verði afnumið. Jafnframt verði ráðherra heimilað að veita öðrum leyfi til útvarpsrekstrar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð.

Eigi þarf að fjölyrða um eðli og tilgang frumvarpsins. Stjórnarskrá Íslands felur í sér að fullt tjáningarfrelsi skuli ríkja í landinu. Hefur svo verið að því er hið prentaða mál varðar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

Ákvæði íslenskra laga um tjáningarfrelsi eru í samræmi við vestrænar lýðræðisvenjur. En þó hefur Ísland dregist aftur úr á einu sviði og beinlínis lagt hömlur á tjáningarfrelsið umfram það, sem þekkist í öðrum lýðræðisríkjum. Er það í sambandi við rekstur hljóðvarps- og útvarpsstöðva í eigu annarra aðila en ríkisins. Enn búa Íslendingar við tæplega hálfrar aldar fyrirkomulag í þessum efnum — fyrirkomulag sem var í sjálfu sér eðlilegt á bernskuskeiði þessa rekstrarforms hér á landi, þegar fjármagn var af skornum skammti og reynsla lítil í framkvæmd þessara mála. Er óhætt að segja, að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, hafi gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði, og er frumvarp þetta ekki flutt til að kasta neinni rýrð á þessa fjölmiðla né starfsemi þeirra.

Tímar eru nú hins vegar gjörbreyttir frá því er einkaleyfi Ríkisútvarpsins var ákveðið árið 1930 og kröfur fólks allt aðrar og meiri. Í flestum lýðræðisríkjum eru nú starfræktar margar útvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Eru þær ýmist í eigu hins opinbera eða félaga og einstaklinga. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð. Notendur þessara fjölmiðla hafa notið meiri fjölbreytni í efnisvali vegna aukinnar samkeppni á sama tíma sem fleiri hafa fengið tækifæri til að verða virkir þátttakendur á þessu sviði.

Á síðasta áratug hafa orðið ótrúlegar tækniframfarir í útsendingu á tali, tónum og myndum. Hið sama gildir um viðtökutækni þess eðlis er hér um ræðir. Sem dæmi má nefna, að án mikils tilkostnaðar má koma upp staðbundnum útsendingum á sviði hljóðvarps og sjónvarps, sem mundu auka mjög á fjölbreytni í efnisvali, auk þess sem unnt er með fjölgun stöðva að fullnægja kröfum um aukna fræðslu á sviði almennra og staðbundinna mála.

Áhersla er lögð á að fyllsta hlutleysis sé gætt í stjórnmálum við útsendingu efnis með svipuðum hætti og nú tíðkast í útsendingum Ríkisútvarpsins. Skulu hinar frjálsu útvarpsstöðvar stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu um hin fjölbreytilegustu efni. Þá skal þeim heimilt að halda uppi fréttaþjónustu. Útvarpsstöðvarnar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum. Hið sama gildir gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

Um rekstrarréttindi og skyldur útvarpsstöðva í eigu einstaklinga og félaga fer að öðru leyti eftir íslenskum lögum. Með reglugerð setur ráðherra nákvæmar reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara mála, þ. á m. ákvæði er heimila útvarpsstöðvunum að selja auglýsingar eða útsendingartíma, m. a. vegna fræðslu- og kynningarefnis sem innlendir aðilar kynnu að vilja koma á framfæri. Þá er nauðsynlegt að setja ákvæði er girða fyrir að erlent fjármagn renni til rekstrar slíkra útvarpsstöðva.

Með frumvarpi þessu eru lögð drög að því, að á Íslandi ríki hliðstætt tjáningarfrelsi og þekkist í vestrænum lýðræðisríkjum á sviði hljóðvarps og sjónvarps. Það er spor í áttina að auknu frelsi fólksins frá miðstýringarvaldi embættis- og stjórnmálamanna á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í upphafi greinarinnar er hugtakið útvarpsstöð skilgreint í víðtækari merkingu en gert hefur verið til þessa. Er orðið útvarpsstöð hér látið ná til allra fyrirtækja og stofnana, sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Þá er með grein þessari afnuminn einkaréttur Ríkisútvarpsins til útsendinga með framangreindum hætti. Ráðherra er samkvæmt greininni heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lagagreinin gerir ráð fyrir því, að í starfi dagskrárstjóra útvarpsstöðva geti verið menn er hafa starfsreynslu á hliðstæðu sviði og dagskrárstjórar útvarps og sjónvarps hafa, svo sem hjá dagblöðum. Skulu rekstrarleyfi veitt til ákveðins tíma, en endurnýjast sjálfkrafa, séu þau eigi afturkölluð áður en gildistími rennur út.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér heimild til handa útvarpsstöð til að reisa sendistöð og útvarpsstöðvar og flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og fleira, sem nauðsynlegt er vegna starfrækslu slíkrar stöðvar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skyldur útvarpsstöðvar varðandi efnisflutning o. fl. Áhersla er lögð á tjáningarfrelsi og óhlutdrægni og að þær stöðvar, er rekstrarleyfi kunna að hljóta, haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Greinin er ítarleg og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 4. gr.

Grein þessi á við um kjör í útvarpsráð Ríkisútvarpsins. Er hún í stórum dráttum í samræmi við gildandi lagaákvæði, að því viðbættu, að starfssvið útvarpsráðs er útvíkkað með tilliti til hinna nýju aðstæðna er skapast við aukið frelsi á sviði útvarpsmála í landinu. Útvarpsráð verður, auk annarra skyldustarfa, ráðgefandi aðili gagnvart Alþingi og ríkisstjórn um allt er að útvarpsmálum í landinu lýtur.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um, að útvarpsráð skuli vera umsagnaraðili gagnvart ráðherra um veitingu leyfa til útvarpsrekstrar annarra stöðva. Þá fjallar hún um með hvaða hætti hægt er að svipta aðila rekstrarleyfi brjóti rekstur útvarpsstöðvar í bága við ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um. 7. gr.

Greinin fjallar um stöðu útvarpsstjóra og atriði er varða yfirstjórn Ríkisútvarpsins. Er greinin það ítarleg, að óþarft er að skýra hana nánar.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér að þeim opinberum aðilum, er vegna sérstöðu sinnar ráða yfir sendistöðvum, sé veitt heimild til að leigja nýjum aðilum afnot af tækjabúnaði o. þ. h. eftir því sem aðstæður leyfa. Er hér m. a. um að ræða hugsanleg afnot af rásum vegna útsendingar sjónvarpsefnis.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða eðlilega breytingu á 12. gr. laganna vegna afnáms einkaréttar Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri í landinu.

Um 10. gr.

Við 13. gr. laganna bætast ákvæði, er heimilia nýjum útvarpsstöðvum eðlilega tekjuöflun til að standa undir rekstrarkostnaði. Þá er og kveðið á um að rekstrarform stöðvanna ráði með hvaða hætti þær séu reknar varðandi réttindi og skyldur umfram það, sem kveðið er á um í lögum um útvarp.

Um 11.—14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um Sinfoníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og að auðvelda mönnum að njóta hennar m. a. með hljómlistarflutningi víðsvegar um landið.

3. gr.

Sinfóníuhljómsveitin er sameign eftirgreindra aðila í sömu hlutföllum og þeir greiða stofn- og rekstrarkostnað hennar:

a) Ríkissjóður 37%.
b) Ríkisútvarp 28%.
c) Þjóðleikhús 10%.
d) Borgarsjóður Reykjavíkur, bæjarsjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness 25%. Reykjavíkurborg er greiðsluaðili framlags þessara sveitarfélaga til Sinfóníuhljómsveitarinnar, en framlag og eignaraðild skiptist í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hluti skemmtanaskatts (10%) samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, rennur til greiðslu kostnaðar við hljómsveitina. Annan kostnað að frádregnum tekjum, greiða aðilar í ofangreindum hlutföllum.

4. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, — einum tilnefndum af þeim bæjarfélögum, sem aðild eiga að hljómsveitinni samkvæmt 2. gr. d., einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af þjóðleikhúsráði, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu, en útvarpsstjóri á sæti í stjórninni samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður hennar.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórnina til 4 ára og ákveður henni þóknun fyrir störf sín. Greiðist hún af rekstrarfé stofnunarinnar.

5. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Hann skal ráðinn til 4 ára í senn, en endurráðning er heimil. Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

6. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar ræður, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina, auk hljómsveitarstjóra, ritara og umsjónarmanns. Skal gerður ráðningarsamningur við hljómlistarmenn til ákveðins tíma í senn. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni hverju sinni krefjast, en að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárframlög til hljómsveitarinnar heimila.

7. gr.

Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitarinnar skal stjórn hennar njóta aðstoðar þriggja manna nefndar, er sé þannig skipuð: framkvæmdastjóri og hljómsveitarstjóri svo og tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins.

8. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar semur starfs- og fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar fyrir a. m. k. eitt ár í senn og með nægum fyrirvara til þess að þau gögn liggi fyrir þegar fjárlög eru undirbúin og afgreidd og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Framkvæmdastjóri býr starfs- og fjárhagsáætlun í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að fjárreiður og reikningshald Sinfóníuhljómsveitarinnar sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður þegar að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

9. gr.

Sinfóníuhljómsveit og Þjóðleikhús hafa samvinnu um flutning söngleikja eftir því sem stjórn hljómsveitarinnar og þjóðleikhúsráð telja henta. Starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar fullnægja hluta af starfsskyldu sinni með vinnu á vegum Þjóðleikhúss.

10. gr.

Heimilt er að semja við Ríkisútvarpið um að það annist skrifstofuhald fyrir hljómsveitina gegn þóknun, sem um semst milli stjórnar hljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd og prentað hér í þeirri gerð, sem meirihluti nefndarinnar (B. Th., A. B., Ól. B. Th.) varð ásáttur um. Um ágreiningsefni vísast til álits minnihluta nefndarinnar (Pálma Jónssonar og Arnar Marinóssonar), sem birt er sem fylgiskjal II.

Frá nefndarinnar hendi fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Með bréfi dagsettu 27. október 1976 skipaði menntamálaráðherra Vilhjálmur Hjálmarsson nefnd til þess að semja frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í nefndina völdust: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, skipaður án tilnefningar, Andrés Björnsson, útvarpsstjóri, samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins, Ólafur B. Thors, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, samkvæmt tilnefningu borgarinnar, Pálmi Jónsson, alþingismaður, samkvæmt tilnefningu fjárveit-

inganefndar Alþingis og Örn Marinósson, skrifstofustjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar mánudaginn 1. nóvember 1976 og lauk störfum 27. apríl 1977.

Fyrir milligöngu utanríkisráðuneytis og sendiráða Íslands aflaði menntamálaráðuneytið ýmissa gagna um sinfóníuhljómsveitir í öðrum löndum, svo sem í Bandaríkjunum, Bretlandi, Finnlandi, Noregi, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, Sovétríkjunum og Svíþjóð. Kristinn Hallsson, óperusöngvari, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, kannaði þessi gögn og gerði útdrátt úr þeim fyrir nefndina.

Að beiðni nefndarinnar komu þeir Sigurður Björnsson, óperusöngvari, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Ívar H. Jónsson, skrifstofustjóri Þjóðleikhússins, og Sveinn Einarsson, þjóðleikhússtjóri, á fundi í nefndinni til viðræðna.

Um Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa aldrei verið sett lög. Starfsaldur hennar hefur verið talinn frá 9. mars 1950, þótt hún nefndist ekki Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrr en frá 1. mars 1956.

Nokkrir þættir úr sögu og forsögu hljómsveitarinnar fara hér á eftir og hefur Guðmundur Jónsson, óperusöngvari og framkvæmdastjóri hjá Ríkisútvarpinu, tekið þá saman:

„Árið 1876 var að líkindum gerð fyrsta tilraun hérlendis til að mynda hljómsveit. Þá er stofnað „Lúðraþeytarafélag Reykjavíkur“ og voru hljóðfærin sex í þeirri fyrstu sveit. Forystumaður, kennari og stjórnandi var Helgi Helgason tónskáld. Lúðraþeytarafélagið starfaði um árabil við miklar vinsældir. Tvær lúðrasveitir voru stofnaðar í Reykjavík árið 1912, og sama ár voru hér haldnir tónleikar þar sem „hljóðfæraflokkur Oscars Johansens“ lék lög eftir Sibelius, Ole Bull o. fl. Oscar Johansen, danskur fiðluleikari, sem hér starfaði nokkur ár í byrjun aldar, mun hafa fengið til liðs við sig nokkra áhugasama hljóðfæraleikara og æft þá saman. Árni Thorsteinsson segir í minningum sínum að „hinn smekkvísi og vandaði flutningur Johansens á stærri og smærri tónverkum“ hafi haft mikil og þroskandi áhrif á tónlistarsmekk bæjarbúa á þessum árum. Ekki starfaði þessi „hljóðfæraflokkur“ þó nema skamma hríð. Sumarið 1921 var von á Kristjáni X. konungi til Íslands, og var þá leitað til Þórarins Guðmundssonar um að hann næði saman og æfði hljómsveit, sem léki síðan í veislu konungi til heiðurs. Úr þessu varð 20 manna hljómsveit og í framhaldi af leik hennar var svo stofnuð „Hljómsveit Reykjavíkur“ síðar á árinu 1921. Enda þótt tónleikahald hljómsveitarinnar væri óreglulegt hafði hún ótrúlega mikil áhrif á tónlistarlíf hér þá nærfellt þrjá áratugi, sem hún starfaði. Óþarft er að tíunda hér það fórnarstarf, sem íslenskir hljóðfæraleikarar inntu af hendi á þessum árum, en hætt er við að ýmislegt hefði hér verið fátæklegra ef engin hefði verið hljómsveitin. Nægir að nefna Alþingishátíðina, ýmsa söngleiki í Iðnó, „Sköpunina“ og „Árstíðirnar“ eftir Haydn, „Messías“ eftir Händel og „Jóhannesarpassíuna“ eftir Bach.

Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins 1975 er grein um Sinfóníuhljómsveit Íslands 25 ára. Þar segir m. a.:

„Á árinu 1949 var þessum málum svo komið, að Hljómsveit Reykjavíkur var hætt störfum vegna ýmislegra erfiðleika, en í sambandi við Tónlistarskólann starfaði strengjasveit, og voru kennarar skólans máttarstoðir hennar. Félag íslnskra hljóðfæraleikara hafði sett saman hljómsveit, sem varð mjög skammlíf. Síðan stofnuðu hljóðfæraleikarar Synfóníuhljómsveit Reykjavíkur, en einnig hún virtist varla geta átt langt líf fyrir höndum. Mestallt þetta starf fram að þessu var borið uppi af áhuganum einum, og var lítt eða ekki launað. Hljómsveitarmenn þurftu flestir að sjá sér farborða með annarri vinnu, sem misjafnlega samrýmdist þessu áhugastarfi, og hlaut það að koma niður á starfsaðstöðu og starfsárangri hljómsveitarinnar.

Hjá Ríkisútvarpinu var þessu nokkuð á annan veg farið. Útvarpið hafði snemma á árum ráðið til sín nokkra hljóðfæraleikara og síðan fjölgað þeim smám saman, uns þeir voru, þegar hér var komið sögu, orðnir 15 talsins. Töldust þeir vera í hálfu

starfi eða þar um bil og tóku laun samkvæmt því. Mörgum áhugamönnum um tónlist þótti þetta ástand mála í heild óviðunandi, dýrmætum kröftum væri dreift og sóað, þegar höfuðnauðsyn væri að sameina þá í uppbyggingu vaxandi tónlistarlífs í landinu. Auk þess var haft í huga, að Þjóðleikhúsið mundi taka til starfa áður en langt um liði, og gert ráð fyrir verulegum tónlistarflutningi þar, m, a, í sambandi við óperu- og ballettsýningar.“

Árið 1947 voru uppi ráðagerðir um stofnun Sinfóníuhljómsveitar, og stæðu Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið og Tónlistarfélagið sameiginlega að rekstri hljómsveitarinnar, sem að auki nyti sérstaks skatts, sem lagður yrði á aðgöngumiða að kvikmyndahúsum. Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis bar fram á þingi 1948 frumvarp um „rekstrarsjóð Synfóníuhljómsveitar Íslands“, en það varð ekki útrætt. Þegar langt var liðið á ár 1949 og séð varð að ekkert gerðist í þessum málum, lögðu forstöðumenn tónlistardeildar Ríkisútvarpsins fyrir útvarpsstjóra áætlun um að verja allt að 200 þús. kr. í tilraunaskyni til starfrækslu Sinfóníuhljómsveitar frá febrúarbyrjun til 15. júní 1950. Að sjálfsögðu skyldu þeir hljóðfæraleikarar, sem þegar voru í hálfu starfi hjá Ríkisútvarpinu, verða hluti Sinfóníuhljómsveitarinnar. Var tillaga um þetta borin fram af þáverandi útvarpsstjóra og tónlistardeild, og var hún samþykkt á fundi útvarpsráðs 7. febr. 1950. Þá höfðu hljómsveitarmálin verið rædd áður á sex fundum ráðsins í árslok 1949 og ársbyrjun 1950. Því er ekki að leyna að ekki voru allir á einu máli um þessa ráðstöfun. Óttuðust sumir að þessi samþykkt hlyti að koma illa niður á annarri dagskrá útvarpsins, þegar svo miklum hluta dagskrárfjárins væri varið til rekstrar hljómsveitarinnar. Eigi að síður var tillagan samþykkt, sem fyrr segir, og snemma á þessu sama ári veitti Reykjavíkurborg 150 þús. kr. til rekstrar hljómsveitarinnar. Þann 9. mars 1950 hélt svo Sinfóníuhljómsveitin fyrstu tónleika sína. Frá upphafi var litið svo á að hljómsveitin væri sérstök stofnun, en í nánum tengslum við Ríkisútvarpið. Stjórn hljómsveitarinnar skipuðu þrír menn, tilnefndir af Ríkisútvarpi, bæjarráði Reykjavíkur og hljóðfæraleikurum. Árið 1952 er fyrst veittur ríkisstyrkur til hljómsveitarinnar, og var þar í ákveðinn hundraðshluti af skemmtanaskatti. Ört vaxandi dýrtíð á þessum árum gerði rekstur hljómsveitarinnar æ erfiðari og jók á óvissuna um framtíð hennar. Vorið 1955 var ljóst orðið að til stórvandræða horfði um framtíð hljómsveitarinnar. Þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, skipaði þá fimm manna nefnd (Birgi Thorlacius, Sigtrygg Klemenzson, E. Ragnar Jónsson, Guðlaug Rósinkranz og Vilhjálm Þ. Gíslason) til að fjalla um málið, og um haustið lagði hún til að „Sinfóníuhljómsveitin verði rekin sem sjálfstætt fyrirtæki í eitt ár til reynslu.“

Hljómsveitin hóf síðan störf á ný 1. mars 1956, en starfsemin hafði að mestu legið niðri frá hausti 1955. Var hljómsveitinni sett sjö manna hljómsveitarráð, skipað fulltrúum þeirra aðila, sem áttu hagsmuna að gæta.

Fyrsta starfsárið var gert ráð fyrir 900 þús. kr. framlagi Ríkisútvarpsins og 400 þús. kr. frá Þjóðleikhúsinu gegn ákveðnu vinnuframlagi hljómsveitarinnar. Aðrir tekjustofnar voru 10% álag á skemmtanaskatt, 550 þús. kr., styrkur úr bæjarsjóði 400 þús. kr., framlög tryggð af Tónlistarfélaginu 150 þús. kr. og tónleikatekjur 150 þús. kr. Fastráðnir voru 28 hljóðfæraleikarar í fullt starf, 11 á hálfum launum og að auki var gert ráð fyrir allt að 16 lausráðnum hljóðfæraleikurum fyrir einstaka tónleika.

Í Ársskýrslu Ríkisútvarpsins 1975 segir enn:

„Þessi skipan mála hélst að mestu óbreytt fram á vor 1961. Fjárhagsörðugleika átti hljómsveitin sífellt við að stríða, því að þó að framlög hækkuðu að mestu í samræmi við hækkandi kaupgjald, kom sú hækkun að jafnaði ekki fyrr en eftir á, og þannig safnaði hljómsveitin vaxandi skuldabagga, sem að lokum varð lítt viðráðanlegur. Sumarið 1961 var því aftur horfið að því að fela Ríkisútvarpinu rekstur-inn, og hefur sú skipan haldist síðan.“

Þá varð samkomulag milli Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins f. h. ríkissjóðs um það að Ríkisútvarpið annaðist rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Enginn formlegur samningur var gerður um þetta, heldur einungis ótímabundið samkomulag. Samkomulagið fjallaði um tvennt aðallega:

1. að Ríkisútvarpið annaðist daglegan rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar, og
2. að föst skipan var tekin upp um fjárframlög til hljómsveitarinnar. Sú skipan var í því fólgin að fjórir aðilar bundust samtökum um að leggja hljómsveitinni til rekstrarfé, og í þessum hlutföllum: Ríkissjóður 36.6%, Ríkisútvarpið 28.0%, Borgarsjóður Reykjavíkur 21.4% og Þjóðleikhúsið 14.0%. — Voru þessi hlutföll óbreytt í tíu ár, en 1971 tók ríkissjóður að sér að greiða framlag Þjóðleikhússins, og hefur framlag ríkissjóðs því síðan verið 50.6% af mismun tekna og gjalda hljómsveitarinnar. Frá þeim tíma hefur Þjóðleikhúsið keypt hljómlistarflutning á frjálsum markaði."

Það verður að teljast með öllu óeðlilegt að ekki skuli vera til löggjöf um svo stóra og mikilsháttar stofnun sem Sinfóníuhljómsveitin er og henni búin eðlileg starfsskilyrði. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir hvað sinfóníuhljómsveit kostar og taka afstöðu til þess, hvort verja skuli til hennar þeim fjármunum sem þarf eða fella starf hennar niður. Rætt hefur verið um, hve fjölmenn hljómsveitin eigi eða þurfi að vera. Miðað við að hún geti flutt venjuleg sinfóníuverk telur framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar, Sigurður Björnsson, óperusöngvari, að 65 hljóðfæraleikara þurfi sem fasta starfsmenn. auk hljómsveitarstjóra. Hér er þó raunar um lágmarksstærð að ræða og bæta þarf við lausráðnum hljóðfæraleikurum ef sérstök verkefni gera það nauðsynlegt.

Í hljómsveitinni eru nú (1977) 59 hljóðfæraleikarar auk hljómsveitarstjóra, og er sú tala hljóðfæraleikara í samræmi við bréf menntamálaráðuneytisins 2. júní 1976. Hins vegar eru fjárveitingar 1977 ekki í samræmi við þetta, heldur er þar miðað við 50 hljóðfæraleikara og miðast það sjónarmið við að stundum hafi Sinfóníuhljómsveitin starfað án þess að fastir starfsmenn væru fleiri. Slíkt hefur aftur leitt til aukins fjölda lausráðinna hljóðfæraleikara.

Rekstraraðilar hljómsveitarinnar eru nú:

Ríkissjóður, sem greiðir 50.6%.
Borgarsjóður Reykjavíkur, sem greiðir 21.4%.
Ríkisútvarpið, sem greiðir 28%.

Þó er þess að geta um framlag Ríkisútvarpsins, að auk þess hlutfalls sem að framan greinir kemur ýmiskonar kostnaður aukalega á útvarpið vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, svo sem afnot af tækjum, sem Ríkisútvarpið á.

Í lögum nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, 7. gr., er ákveðið að 10% skattsins skuli renna til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þetta hefur verið túlkað svo í framkvæmd að þarna væri um hluta af ríkisframlaginu að ræða. Í peningum nemur þessi fjárhæð væntanlega um 11 milljónum króna á árinu 1977. Hvað sem líður þessari túlkun, þá virðist eðlilegra að hér sé um sameiginlegt framlag að ræða af skemmtanaskatti og að greiðsluhlutfall aðila miðist við kostnaðinn að þessum 10% frádregnum.

Heildarkostnaður við Sinfóníuhljómsveit Íslands á árinu 1976 nam krónum 135 587 823.00.

Framlög rekstraraðila voru árið 1976 sem hér segir:

Ríkissjóður	kr. 65 212 688.00
Borgarsjóður Reykjavíkur	— 27 580 070.00
Ríkisútvarp	— 36 086 073.00

Nánar vísast til rekstrar- og efnahagsreiknings hljómsveitarinnar, sem birtur er hér sem fylgiskjal I.

Um hríð voru hljómleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar fremur fásóttir og aðsókn fór þverrandi. En þetta hefur gjörbreyst. Hljómleikar hafa hin síðari ár verið haldnir í Háskólabíói, sem tekur 976 manns í sæti, og hefur húsið yfirleitt verið þéttsetið. Það leynir sér því ekki að mikill áhugi er á starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar, enda

er hún tvímælalaust ómissandi í íslensku tónlistarlífi. Aftur á móti verður ekki séð, að unnt sé að halda starfi hljómsveitarinnar áfram á þeim ótrygga fjárhagsgrundvelli, sem hún á nú við að búa. Til þess að ráða bót á þessu er framangreint lagafrumvarp samið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Sinfóníuhljómsveitin hefur borið þetta nafn síðan 1. mars 1956 og er því haldið, enda á hún að þjóna öllu landinu þótt heimili hennar og varnarþing sé í Reykjavík. Málefni hljómsveitarinnar hafa jafnan heyrt undir menntamálaráðuneytið, en kjaramál eru þó eins og önnur slík á sviði fjármálaráðuneytisins, sbr. niðurlag 5. gr. frv.

Um 2. gr.

Tilgangurinn með starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er að sjálfsögðu sá að glæða og efla áhuga á æðri tónlist í landinu, veita mönnum þá menntun og gleði sem góðri tónlist er samfara, stuðla að því að hún verði veigamikill þáttur í menningarlífi þjóðarinnar og búa íslenskum hljómlistarmönnum og tónskáldum starfsvettvang. Leggja ber áherslu á að sem flestir landsmenn geti notið starfs hljómsveitarinnar, t. d. með því að hún efni til hljómleika oft og víða.

Um 3. gr.

Álitamál er, hver skuli vera greiðsluhlutföll milli aðila Sinfóníuhljómsveitarinnar. Samkvæmt þeirri skiptingu sem greinin gerir ráð fyrir, fellur meginhluti kostnaðarins eða 75% á ríkissjóð, Ríkisútvarp og Þjóðleikhús. Borgarsjóði Reykjavíkur og nágrannabyggðum eru ætluð 25% og gætu síðan bæst í þann aðilahóp fleiri sveitarfélög. Auk þessara nýju aðila gerir frv.-greinin ráð fyrir að Þjóðleikhúsið verði á ný beinn rekstraraðili að hljómsveitinni. Hefur þetta m. a. í för með sér að leikhúsið þyrfti að fá fjárframlög í fjárlögum, sem sérstaklega væru ætluð til viðfangsefna, sem unnið yrði að í samstarfi við Sinfóníuhljómsveitina, svo sem flutnings söngleikja (óperur, óperettur), enda gera þjóðleikhúslög og frv. það til þjóðleikhúslaga, sem liggur fyrir Alþingi, ráð fyrir að Þjóðleikhúsið sinni slíkum verkefnum. Hefur leikhúsið einnig gert það eftir því sem aðstæður hafa leyft.

Starfsvettvangur hljómsveitar og leikhúss vex með þessu móti, þótt þegar hafi verið og sé samstarf með þessum aðilum.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, eiga 10% skemmtanaskatts að renna til greiðslu kostnaðar við Sinfóníuhljómsveitina. Nemur þessi fjárhæð á árinu 1977 væntanlega um 11 milljónum króna. Í framkvæmd hefur þetta verið svo, að ríkissjóður hefur talið skemmtanaskattsframlagið hluta af sínu framlagi. Frv.-greinin gerir ráð fyrir að þessu verði hagað á annan veg, þ. e. að skemmtanaskattsframlagið komi til greiðslu sameiginlegs kostnaðar við hljómsveitina, en það sem á vantar skiptist milli greiðsluaðila.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn hljómsveitarinnar sé í höndum 5 manna, sem menntamálaráðuneytið skipar samkvæmt tilnefningu. Einn skal tilnefndur sameiginlega af þeim sveitarstjórnum, sem rekstraraðild eiga að hljómsveitinni, einn af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einn af fjármálaráðuneytinu og einn af þjóðleikhúsráði. Útvarpsstjóri á sæti í stjórninni samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður og fulltrúi menntamálaráðuneytisins.

Skipunartími stjórnarinnar er 4 ár. Ákveður menntamálaráðuneytið þóknun fyrir störfin og greiðist hún af rekstrarfé stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Samkvæmt þessari grein ræður stjórnin sér framkvæmdastjóra til 4 ára, en endurráðning er heimil. Um launakjör og vinnutíma fer eftir kjarasamningi við fjármálaráðuneytið.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir allt að 65 fastráðnum hljóðfæraleikurum, auk hljómsveitarstjóra, ritara og umsjónarmanns. Eins og rakið hefur verið hér að framan eru skiptar skoðanir um hver vera skuli fjöldi fastráðinna hljóðfæraleikara, en þessi er tillaga meiri hluta nefndarinnar. Lausamenn má ráða í einstök verkefni, ef slíkt er innan marka fjárveitinga.

Um 7. gr.

Um efnisval hefur hljómsveitarstjórnin ákvörðunarvald, en henni til ráðuneytis er framkvæmdastjóri og hljómsveitarstjóri svo og tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins. Hér er að sjálfsögðu átt við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitarinnar sjálfrar, en þegar um er að ræða samstarfsverkefni Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar þá þarf samráð þessara aðila og með þessu er á engan hátt skertur ákvörðunarréttur Þjóðleikhúss um sín eigin mál. Fleiri má að sjálfsögðu kveðja til um verkefnaval, ef ástæða þykir til.

Um 8. gr.

Leggja ber áherslu á að starfs- og fjárhagsáætlun Sinfóníuhljómsveitar (og Þjóðleikhúss þegar um samstarfsverkefni er að ræða) sé gerð með nægum fyrirvara til þess að þessi áætlun sé fyrir hendi til hliðsjónar þegar aðilar fjalla um fjárframlög til hljómsveitarinnar. Er miðað við að slík áætlun sé til a. m. k. eins árs fram í tímann.

Þá fjallar greinin um reikningsskil og endurskoðun.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir samstarfi Sinfóníuhljómsveitar og Þjóðleikhúss og að starfsmenn hljómsveitarinnar fullnægi hluta af vinnuskyldu sinni á vegum Þjóðleikhússins.

Um 10. gr.

Ráðgert er að Ríkisútvarpið annist áfram skrifstofuhald fyrir Sinfóníuhljómsveitina, en óeðlilegt er að slíkt sé kvöð á útvarpinu, heldur fari um þetta eftir samningi og fái útvarpið eðlilega greiðslu fyrir þetta framlag sitt.

Um 11. gr.

Hér er veitt heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna, ef ástæða þykir til.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Fylgiskjal I.

Rekstrar- og efnahagsreikningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir árið 1976.

Rekstrarreikningur árið 1976.

Tekjur:

4210—1300	Aðgöngumiðar		kr.	6 320 771
4221—1300	Auglýsingar í efnisskrám		—	1 383 000
4222—1300	Efnisskrár		—	341 350
4287—1800	Vaxtatekjur		—	4 669
4270—1300	Söluskattur		—	1 340 798
4231—1300	Ríkisútvarpið 28%	kr. 36 086 073		
4291—1900	Borgarsjóður 21.4%	— 27 580 070		
4291—1900	Ríkissjóður 50.6%	— 65 212 688		
			—	128 878 831
			Kr.	135 587 823

Gjöld:

Laun og starfsmannagjöld			kr.	107 073 600
4311—0111	Skýrsluvélalaunagjöld:			
	Dagvinna	kr. 67 303 822		
	Yfirvinna	— 2 157 732		
	Álagsvinna	— 2 109 005		
	Ákvæðisvinna	— 482 306		
	Aukastörf	— 805 878		
	Starfskostnaður	— 4 134 576		
	Launatengd gjöld	— 7 697 947		
			—	84 691 266
4313—0111	Mismunur á launaflokkum		—	605 074
4314—0111	Laun fastráð. starfsm. greidd af RUV	kr. 10 024 703		
	Laun lausráðinna starfsmanna	— 2 775 228		
	Önnur laun	— 1 695 482		
			—	14 495 413
4314—0447	Aukafólk, hópar		—	455 000
4315—0111	Hljómsveitarstjórar		—	2 159 869
4316—0111	Sólistar		—	1 157 563
4321—0121	Eftirvinna		—	71 512
4323—0123	Ómæld yfirvinna		—	178 209
4324—0124	Aukastörf		—	431 905
4331—0131	Vaktaálag		—	113 360
4340—0142	Greitt fyrir unnið orlof		—	40 000
4350—0151	Húsaleigustyrkir		—	1 291 840
4350—0159	Aðrar greiðslur í hlunnindum		—	224 400
4370—0171	Launatengd gjöld greidd af RUV		—	1 158 189

Önnur rekstrargjöld				—	28 514 223
4712—0447	Stefgjöld	kr.	460 286		
4713—0424	Hljómsveitarstjórar erl., fargjöld	—	377 620		
4713—0447	Hljómsveitarstjórar erl., þóknun	—	679 331		
4714—0424	Sólistar erl., fargjöld	—	1 167 661		
4714—0447	Sólistar erl., þóknun	—	3 943 050		
4715—0218	Nótnaleiga	—	1 590 491		
4716—0395	Nótnablöð	—	273 961		
				—	8 492 400
4720—0213	Húsaleiga	kr.	6 465 620		
4720—0216	Leiga hljóðfæra	—	2 016 795		
4720—0266	Trygging verkfæra og áhalda	—	739 887		
4720—0272	Aðkeypt viðhald húsa	—	710 637		
4720—0276	Aðkeypt viðhald áhalda og hljóðfæra	—	786 477		
				—	10 719 416
4730—0431	Aðkeyptur akstur og flutningsgjöld			—	600 460
4751—0411	Ritföng og pappír	—	57 031		
4751—0412	Prentun, fjölritun, bókband	—	1 666 352		
4751—0411	Símakostnaður	—	541 801		
4751—0415	Burðargjöld	—	51 553		
4751—0416	Auglýsingar	—	1 134 033		
4752—0423	Dvalarkostnaður innanlands	—	999 806		
4752—0424	Fargjöld til útlanda	—	1 670 345		
4752—0425	Dagpeningar vegna ferðalaga erl.	—	273 346		
4752—0427	Risna	—	272 160		
4752—0429	Gjafir	—	55 000		
4753—0443	Endurskoðun	—	216 000		
4753—0445	Læknar	—	122 190		
4753—0449	Ýmis aðkeypt þjónusta	—	242 874		
4759—0394	Lyf og sáraumbúðir	—	30 188		
4761—0450	Þátttaka í launakostn. hljóðv.	—	613 000		
4762—0450	Þátttaka í rekstrarkostn. hljóðv.	—	250 000		
4790—0940	Styrkur vegna listahátíðar	—	20 000		
				—	8 216 579
4770—0791	Afskrifaðar tapaðar skuldir			—	77 578
4780—0865	Afskriftir áhalda 10% af kr. 4 077 895			—	407 790
				Kr.	135 587 823

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1976.

Eignir:

4000—8051	Hljómsveitin okkar		kr.	52 125
4000—8611	Áhöld	kr. 4 077 895		
	Keypt á árinu	— 13 434		
		Kr. 4 091 329		
4000—8651	÷ Afskrifað 1970	kr. 407 790		
	Afskrifað áður	— 985 458		
		— 1 393 248		
			—	2 698 081
4001—7381	Ríkissjóður		—	7 641 789
4001—7382	Þjóðleikhúsið		—	3 222 259
4055—7383	Útistandandi auglýsingar		—	1 500 100
	Bráðabirgðalán		—	1 451 551
			Kr.	16 565 905

Skuldir:

4082—7282	Ríkisútvarpið	kr.	14 660 905
4056—7383	Fyrirframgreiddir aðgöngumiðar	—	1 205 000
4000—8970	Lagt til hliðar	—	700 000
		Kr.	16 565 905“

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 2. maí 1977.

Til menntamálaráðherra,
Reykjavík.

Með bréfi dags. 27. apríl s. l. skilaði nefnd sú, er skipuð var til þess að semja frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, áliti sínu. Í bréfi þessu er tekið fram, að nefndin hafi eigi komist að sameiginlegri niðurstöðu og að tveir nefndarmanna, við undirritaðir, Pálmi Jónsson og Örn Marinósson, muni gera sérstaka grein fyrir viðhorfum sínum.

Í framhaldi af því viljum við undirritaðir taka eftirfarandi fram:

1. Hlutfallsleg skipting stofnrekstrarkostnaðar hljómsveitarinnar samkv. 3. gr. frv. felur í sér mjög sambærilega byrði ríkissjóðs og verið hefur að undanförnu, þrátt fyrir nokkuð breytt fyrirkomulag. Teljum við að þar sé gengið til hins ítrasta að því er eðlilega hlutdeild ríkissjóðs varðar.
2. Við teljum eðlilegt, að fjöldi hljóðfæraleikara, samkv. 6. gr., sé ákveðinn með afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Getum við því ekki staðið að því að leggja til, að lögfest verði, að við hljómsveitina starfi 65 fastráðnir hljóðfæraleikarar.
3. Við undirritaðir leggjum sérstaka áherslu á, að fjárhagsleg þátttaka Þjóðleikhússins í rekstri hljómsveitarinnar sé háð þeim skilyrðum, sem fram koma í 9. gr. frumvarpsins, þ. e. að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar fullnægi hluta af vinnuskyldu sinni hjá Þjóðleikhúsinu, í samræmi við þarfir þess. Væntum við, að þetta fyrirkomulag hafi í för með sér að komist verði að mestu hjá aðkeyptum tónlistarflutningi.

Virðingarfyllst,

Pálmi Jónsson. Örn Marinósson.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um skipulag orkumála.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Ingi Tryggvason, Halldór Ásgrímsson, Jón Skaftason, Ásgeir Bjarnason, Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Jón Helgason, Tómas Árnason, Gunnlaugur Finnsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar, að stefnt skuli að jöfnun orkukostnaðar um land allt. Í því skyni skal lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta og tryggja þannig sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samkeyrslu allra orkuvera og dreifikerfa. Í þessum tilgangi skal stefnt að eftirgreindu skipulagi orkumála:

1. Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. Ríkisstjórnin taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsveitu. Aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50 af hundraði. Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja.
2. Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum, sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjái um framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnum þeirra verði sveitarfélögin og landsveitan.
3. Orkustofnun verði ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og annist upplýsingasöfnun hvers konar um orkulindir þjóðarinnar, geri áætlanir um nýtingu þeirra og annist frumrannsóknir fyrir virkjanir. Orkustofnun veiti landsveitunni og landshlutaveitum nauðsynlega þjónustu.

Greinargerð.

Á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins vorið 1976 var gerð samhljóða samþykkt um skipulag orkumála. Var tillaga um það efni unnin af starfshópi, sem framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins hafði skipað haustið 1975.

Frá því að þetta gerðist hafa ýmsir tekið undir þau sjónarmið, sem lýst er í samþykkt miðstjórnar Framsóknarflokksins. M. a. hafa verið fluttar á Alþingi tillögur til þingsályktunar, sem ganga í sömu átt.

Á s. l. vetri skipaði orkumálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um skipulag orkumála. Því starfi er ekki lokið og getur dregist nokkuð, enda að verkefninu unnið á mjög breiðum grundvelli.

Þingmenn Framsóknarflokksins telja, að ekki verði lengur beðið með að marka ákveðna stefnu um skipulag á yfirstjórn orkumála. Því hafa þingmenn flokksins ákveðið að leggja fram sem tillögu til þingsályktunar samþykkt þá, sem gerð var á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins vorið 1976 um skipulag orkumála.

Í greinargerð með tillögunni á aðalfundinum 1976 sagði meðal annars:

Það hefur lengi verið yfirlýst stefna stjórnvalda í landinu, að raforkuverð verði hið sama um land allt, sem þýðir að sjálfsögðu, að verðið verði eitt og hið sama til sams konar nota, eða m. ö. o. að gjaldskrá verði hin sama fyrir raforku í landinu. Þessu markmiði verður varla náð í einum áfanga. Framleiðsluverð á raforku er mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum og sömuleiðis er dreifingar-

kostnaður mjög breytilegur. Eðlilegt virðist að stefna að því í fyrsta áfanga, að gjaldskrá fyrir raforku í heildsölu verði ein og hin sama um land allt. Til þess að þetta megi takast er mjög æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að tengja saman öll raforkukerfi landsins og leggja áherslu á sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samrekstri á allri orkuframleiðslu. Það verður tvímælalaust best gert með því, að orkuframleiðslan og tengikerfi framleiðslustöðvanna séu á einni hendi. Sá aðili getur þá ákveðið rekstur orkuveranna og flutning raforku á milli landshluta, þannig að sem hagkvæmast verði fyrir heildina.

Til þess að fá sama raforkuverð í smásölu er í fyrsta lagi nauðsynlegt að sameina hinar ýmsu rafveitur, sem eru í hverjum landshluta, og samræma þannig rekstur þeirra á einni hendi innan landshlutans. Jafnframt getur reynst nauðsynlegt að jafna mismunandi rekstrarkostnað með einhverju verðjöfnunargjaldi. Það þarf nánari athugunar við.

Fjárfesting á sviði raforkumála án heildarskipulags hefur verið áberandi. Kjördæmasjónarmið hafa ráðið miklu, en hagkvæmni hinna ýmsu kosta ekki skoðuð á þjóðhagslegum grundvelli. Þetta hefur að sjálfsögðu reynst ákaflega kostnaðarsamt, bæði í framkvæmd og þó ekki síður í rekstri. Þessi staðreynd hvetur jafnframt mjög til þess, að framkvæmdir á sviði orkuvinnslu og flutnings á milli landshluta verði á einni hendi og hagkvæmni framkvæmda fyrir þjóðarheildina látin ráða.

Lagt er til, að ofangreindum sjónarmiðum um hagkvæmni í framkvæmd og rekstri verði náð með því að sameina orkuframleiðendur í landinu í einni landsveitu, sem selji raforku með sömu gjaldskrá til allra landshluta. Nauðsynlegt er, að ríkissjóður hafi sterk ítök í slíku fyrirtæki. Því er lagt til, að eignarhluti ríkissjóðs verði a. m. k. 50 af hundraði. Hins vegar er jafnframt nauðsynlegt að tryggja sem best samband á milli landsveitunnar og rafveitna í hinum ýmsu landshlutum. Því er eðlilegt, að landshlutaveitur verði einnig aðilar að landsveitunni og að stjórn fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir því, að landshlutaveitur verði settar á fót með aðild sveitarfélaga og ríkisins. Ef slíks er óskað virðist eðlilegt, að sveitarfélög geti átt meirihlutaaðild að slíkum veitum og stjórn þeirra. Eðlilegt er jafnframt, að landshlutaveitur eigi og reki jarðvarmaveitur eða fjarhitunarstöðvar. Í ýmsum tilfellum kemur til greina að reka slíkar stöðvar þannig að nota megi hvort sem er jarðvarma eða raforku, auk svartolíu, eftir því sem þörf krefur. Nauðsynlegt getur því verið að samræma sem best rekstur raforkukerfisins og rekstur slíkra fjarhitunarstöðva. Því er æskilegt að þetta sé á einni hendi. Landshlutaveitur mundu þannig annast sölu á bæði raf- og hitaorku til notenda. Eðlilegast virðist, að slíkar landshlutaveitur verði sjálfseignarfélög og eignaraðild sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda.

Lagt er til, að Orkustofnun verði eftir sem áður sjálfstæður aðili. Ríkisstjórn, sem fer að sjálfsögðu hverju sinni með yfirstjórn raforkumála, þarf að hafa aðgang að óháðum aðila sér til ráðuneytis. Slíkur aðili þarf að hafa heildaryfirsýn yfir orkubú landsmanna, gera áætlanir um þörf og framleiðslu og undirbúa virkjanir með rannsóknum. Sömuleiðis þurfa landsveitan og landshlutaveitur að hafa aðgang að sérfræðilegri þjónustu eins og þörf krefur.

Með tilliti til þess, að Orkustofnun þjónar bæði ríkisvaldi, landsveitu og landshlutaveitum, er eðlilegt, að þessir aðilar allir eigi aðild að stjórn stofnunarinnar.

Orkulindir landsmanna, bæði í fallvötnum og jarðvarma, eru einhver dýrmætasta eign þjóðarinnar. Mjög mikilvægt er, að þessar orkulindir verði virkjaðar og notaðar af skynsemi og hagkvæmni. Því miður hefur þar skort mjög á. Fyrst og fremst virðist þetta eiga rætur sínar að rekja til þess, að yfirstjórn orkumála er þess vanbúin að takast á við verkefnið. Því verður að vinda bráðan bug að bættu skipulagi og yfirstjórn. Með þessum tillögum er stefnt að því að leggja grundvöll að slíku skipulagi, sem án tafar þarf að vinna nánar í ýmsum smáatriðum og hrinda í framkvæmd.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um tafarlausar ráðstafanir til aukinnar leitar og rannsókna á djúprækjumiðunum fyrir Norðurlandi.

Flm.: Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja ítarlega leit að djúprækju fyrir Norðurlandi, jafnframt því sem lagt verði af mörkum nægilegt fé til rannsókna á þeim hafsvæðum, svo að úr því verði skorið með sem skjótustum hætti hversu miklum flota mætti beina á slíkar veiðar nú um sinn.

Greinargerð.

Nú þegar er hafin mjög svo arðgæf útgerð til rækjuveiða á djúpslóð fyrir Norðurlandi. Hafa starfsmenn Hafrannsóknastofnunar lagt verulegan skerf til leitar og rannsókna nyrðra, en þó mun sannast sagna að einkum hafi það verið framtak sjómanna sjálfra, sem leitt hafi til þess að við getum nú þegar gengið að allmiklum afla vísum af þessu dýrmæta sjávarfangi. Sökum þess að ekki hefur fengist nægilegt fé til skipulagðra rannsókna og leitar verður ekki sagt um það með vissu hversu stór þau svæði eru á landgrunninu nyrðra sem djúprækjan finnst á í veiðanlegu magni, né heldur það hversu mörgum togskipum má halda úti til djúprækjuveiða með góðum árangri án þess að gengið verði of nærri stofninum. Líkur benda þó til þess, að ekki sé ofætlað að gera megi út 15 til 20 litla skuttogara á rækjuveiðar eingöngu, og smærri togskip að auki meðan hlífast verður við botnfiskastofnunum.

Fyrir liggur álit sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar á þá lund, að ef gagn ætti af að verða þyrftu þeir að hafa til afnota duglegt togskip til leitar og rannsókna fyrir Norðurlandi í sjö mánuði á næsta ári, frá aprílbyrjun til októberloka. Þörf fyrir rækjuleit á þessum slóðum er býsna brýn nú þegar á þessu hausti þar sem útgerðarmenn hafa ekki bolmagn til að halda uppi neinni teljandi leit af eigin rammleik, en skipin bundin við veiðar á takmörkuðum svæðum þar sem afli getur brugðist og veður hamlað veiðum á Kolbeinseyjarsvæðinu þótt sjóveður sé gott austar, þar sem ætla má að einnig finnist nóg rækja.

Varðandi kostnaðarhliðina má geta þess, að togskip, sem Hafrannsóknastofnunin leigir nú til kolmunnaveiða, kosta um 25 milljón krónur á mánuði í úthaldi. Er þar reiknað með kostnaðarútreikningum Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ætla má að kostnaður við úthald togskips til rækjuleitar yrði álíka.

Sþ. 32. Fyrirspurnir. [32. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um rafmagn á sveitabýli.

Frá Jónasi Árnasyni.

a) Hver er ástæða til þess að Rafmagnsveitur ríkisins geta ekki sinnt beiðnum um tengingu íbúðarhúsa í sveitum við rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins?
b) Hve margar beiðnir liggja nú fyrir um tengingu, sem Rafmagnsveiturnar hafa ekki getað sinnt?
c) Hve mörg eru þau sveitabýli sem enn hafa ekki fengið rafmagn frá samveitum, en þó er ráðgert að fái það síðar?

II. Til menntamálaráðherra um ráðstöfun húsakynna að Staðarfelli.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í húsakynnum húsmæðraskólans fyrrverandi að Staðarfelli.

III. Til iðnaðarráðherra um úrvinnslu áls á Íslandi.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hefur verið rannsakað, hvort grundvöllur er fyrir stofnun og rekstur íslenskra iðnfyrirtækja til úrvinnslu áls, sem framleitt er í landinu?
2. Ef svo er, hver er niðurstaðan?

IV. Til viðskiptaráðherra um afslátt af farmgjöldum og of hátt verðlag.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hafa verðlagsyfirvöld kannað, hvort skipafélög veita innflytjendum afslátt af farmgjöldum eftir á?
2. Ef svo er, hefur vöruverð ekki verið of hátt, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til afsláttarins við verðlagningu?
3. Hvað hyggjast verðlagsyfirvöld gera til að koma í veg fyrir of háa verðlagningu af þessum sökum í framtíðinni?

Ed. 33. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. mai 1964.

Frá Oddi Ólafssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein er verði svo hljóðandi:

13. gr. IV. kafla orðist svo:

Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta, samkv. 10.—11. gr. Þar skal meðal annars ákveðið um mælikvarða og frágang uppdrátta og hver greinargerð skuli fylgja uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur skuli gera um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miðað við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti.

Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss.

Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar.

Kveðið skal á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðum og öldruðum auðvelt að komast leiðar sinnar. Ef um sérstök íbúðarhús fyrir fatlaða og aldraða er að ræða á framkvæmdasvæðum, skulu þau sett sem næst miðju, þar sem umferðarmöguleikar eru bestir, og í nágrenni þjónustustofnana. Götur, gangstéttar, bílastæði og opin svæði skulu gerð þannig, að fatlaðir og aldraðir eigi þar greiðan gang um. Bifreiðastæðin næst aðalinngangi hvers húss skulu ætluð fötluðum og stærð miðuð við þarfir þeirra. Gangbrautir yfir götur skulu merktar í sterkum litum vegna sjóndapurra og afmarkaðar með nokkurra millimetra upphækkunum. Ákveða má að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsstjórnar.

Nd. 34. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Ellert B. Schram.

1. gr.

Á 6. mgr. 27. gr. laganna verði gerð svo hljóðandi breyting:

Í stað orðanna „og gildir í eitt ár frá útgáfudegi“ komi: og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

2. gr.

Í stað málsliðarins „Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi“ o. s. frv. í 6. mgr. 27. gr. laganna komi: Áður en ökuskírteini er endurnýjað, skal umsækjandi standast skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Skal prófi þannig hagað, að próftaki merki við rétt svör á prófverkefnablöðum, er dómsmálaráðuneytið leggur til.

3. gr.

Aftan við 27. gr. laganna bætist nýtt ákvæði:

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal færð skrá í spjaldskrárformi yfir ökuferil handhafa ökuskírteinis í öllum lögsagnarumdæmum landsins. Á skrána skulu færð brot, er varða öryggisreglur í umferð, svo sem ölvun við akstur, of hraðan akstur, brot á biðskyldu, stöðvunarskyldu eða almennum umferðarrétti, brot á reglum um umferðarljós o. s. frv. Í skrána skal enn fremur færð aðild ökumanna að umferðarslysum og óhöppum, sem lögregluskýrslur eru gefnar um, hvort sem aðili er talinn í sök eða ekki. Lögreglustjórar og dómarar tilkynni til ökuferilsskrár afgreiðslu á framangreindum brotum svo og aðild ökumanna að umferðarslysum eða óhöppum. Dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hvaða brot skuli færð á ökuferilsskrá og hvernig haga skuli upplýsingaskiptum milli ökuferilsskrár og einstakra lögsagnarumdæma. Komi í ljós að ökumaður eigi ítrekað sök á umferðarslysi eða gerist ítrekað brotlegur gegn öryggisreglum í umferð verði það tilkynnt lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Skal þá beitt ökuleyfissviptingu til bráðabirgða. Ríkissaksóknari gefi út leiðbeiningar um vægi einstakra brota og tímalengd í ökuferilsskrá, svo og um framkvæmd bráðabirgðaökuleyfissviptingar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum, en ekki hlotið afgreiðslu. Má ætla, að ágreiningur um ákvæði um lögbundna notkun öryggisbelta í bifreiðum hafi valdið þar mestu um, en það ákvæði hefur nú verið fellt út og einnig ákvæði um ökuskóla. Þær greinar, sem eftir standa, ættu ekki að valda ágreiningi. Þær hníga allar að sama marki: að auknu aðhaldi og eftirliti með því, að umferðarreglur séu haldnar, og að auknum kröfum um almenna hæfni og ábyrgð ökumanna. Það er álit Umferðarráðs, að lögfesting þeirra ákvæða, sem frumvarpið felur í sér, mundi stuðla að stórauknu öryggi í umferðinni. Ábyrgir aðilar í umferðarmálum hafa staðhæft, **að aðalorsök hins óhugnanlega fjölda slysa og dauðsfalla í umferðinni að undanförnu séu þverbrotnar umferðarreglur.** Það varðar því miklu, að löggjafinn fyrir sitt leyti reyni að kveða niður það virðingarleysi fyrir settum reglum, sem í dag virðist háskalega almennt og veldur fjölda einstaklinga harmi og þjáningu og þjóðfélaginu í heild stórkostlegu fjárhagslegu tjóni.

Í 1. gr. frv. er kveðið svo á, að gildistími bráðabirgðaökuskírteina skuli lengdur úr einu í tvö ár. Skýrslur um umferðarslys sýna, að slysatíðni er mjög há hjá

ungum ökumönnum, sérstaklega þó 2—3 fyrstu árin. Eftir að ökumaður hefur haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár fær hann samkv. núgildandi lögum fullnaðarskírteini, sem gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Getur þetta m. a. leitt til þess, að ökuleyfishafi telji sér alla vegi færa með fullnaðarskírteini upp á vasann. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að fyrstu 5 ökumannsárin eru hættulegust. Lögleiðing bráðabirgðaskírteinis var nýmæli og skref fram á við, en til að slík ráðstöfun hafi enn meiri áhrif er nauðsynlegt að lengja þennan tíma í tvö ár að minnsta kosti. Ísland eitt Norðurlanda hefur lágmarksaldur til ökuprófs 17 ár. Á hinum Norðurlöndunum öllum er hann 18 ár og er svo víða annars staðar í Evrópu. Það kann að vera fullróttæk ráðstöfun að hækka lágmarksaldurinn. Þess í stað er mælt með því að gildistími bráðabirgðaskírteinis sé lengdur í tvö ár.

Samkv. 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga er heimilt að ákveða, að við endurnýjun fullnaðarskírteinis skuli hlutaðeigandi ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Þessari heimild hefur ekki verið beitt. Því er lagt til í 2. gr. þessa frv., að nú verði slíkt próf gert að skyldu. Hér er ekki átt við skriflegt próf sambærilegt því, sem fram fer við ökuprófið sjálft, heldur eingöngu könnun til upprifjunar á helstu umferðarreglum (t. d. 10—20 spurningar, sem svara verður á 15 mínútum). Þetta leiðir til þess, að flestir þeir, sem endurnýja ökuskírteini sitt, munu rifja upp umferðarreglurnar, enda nauðsynlegt, m. a. vegna breytinga, sem á þeim verða, lögleiðingar nýrra umferðarmerkja o. s. frv.

Mistakakerfið eða punktakerfið eins og það er stundum nefnt, er í dag talin ein árangursríkasta slysavörnin. Athygli manna víða um heim hefur í vaxandi mæli beinst að þessu kerfi. Hér er um að ræða aðferð til þess að auðvelda þeim, sem gefa eiga út ökuleyfi, að fylgjast með ökuferli manna og leggja mat á það hverjir þurfi endurhæfingar við og hvenær. Samkvæmt mistakakerfinu hafa brot á umferðarlögum og reglugerðarfyrirmælum mismunandi gildi eftir því hversu alvarleg þau eru. Mistakakerfið er fyrst tekið upp í Connecticut í Bandaríkjunum 1947. Síðan hefur það verið tekið upp í öllum ríkjum Bandaríkjanna og víða í Evrópu. Má nefna sem dæmi Frakkland, Þýskaland, Svíþjóð, Sviss og að nokkru í Englandi. Í Sovétríkjunum er reynt mistakakerfi, þótt það sé nokkuð frábrugðið því kerfi sem almennt tíðkast. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur mælt eindregið með því að punktakerfið verði tekið upp í öllum löndum sem aðild eiga að ráðinu. Í nær öllum löndum eru reglur sem takmarka rétt manna til aksturs. Reglur þessar hafa fyrst og fremst byggst á læknisfræðilegum atriðum, svo sem að maður hefur skerta sjón eða að hann hafi orðið fyrir einhverjum veikindum sem gera hann óhæfan til aksturs. Í vaxandi mæli þarf að takmarka ökuréttindi vegna umferðarbrota. Þjóðfélagið verður að hindra, að óhæfur ökumaður sé á ferli í umferðinni. Réttindamissir getur undir mörgum kringumstæðum reynst árangursrík slysavarnaaðgerð, bæði frá sjónarmiði einstaklingsins og almennings. Viss fjöldi mistaka (punkta) veldur ökuskírteinissviptingu í ákveðinn tíma. Ökuleyfissvipting í fyrsta sinn er yfirleitt stutt eða tveir til þrír mánuðir og þá miðað við það, að viðkomandi fari á námskeið til þess að rifja upp helstu umferðarreglur. Forsenda þess, að unnt sé að koma upp slíku kerfi hér á landi, er að haldin sé ökuferilsskrá yfir alla ökumenn á einum stað. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ökuferilsskráin verði færð við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, enda gefa lögreglumenn í Reykjavík yfir helming allra lögregluskýrslna um umferðarslys og umferðarbrot. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík hefur verið færð ökuferilsskrá um rúmlega 10 ára skeið. Ljóst er að starf þetta hefur borið góðan árangur, og fyrir 4 árum var tekin upp sú nýbreytni að boða þá ökumenn, sem höfðu slæman feril, til könnunar á akstursþekkingu. **Tillaga, sem í 3. gr. frv. felst, miðar að því að renna styrkari stoðum undir þetta starf og beita ökuleyfissviptingu í vaxandi mæli.** Það kemur einnig til greina, að ökuferilsskrá verði færð hjá embætti ríkissaksóknara, sem hefur með höndum sakaskrá ríkisins, eða hjá Umferðarráði, sem hefur með höndum skráningu umferðarslysa.

Sþ. 35. Fyrirspurnir. [34. mál]

I. Til samgönguráðherra um Djúpveg.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvenær má vænta þess, að ákvörðun verði tekin um tengingu Djúpvegar við aðalþjóðvegakerfi landsins?

II. Til heilbrigðisráðherra um fóstureyðingalöggjöfina.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvenær er að vænta reglugerðar með fóstureyðingalöggjöfinni?
2. Hvað líður framkvæmd á þeim kafla laganna, sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu?

Ed. 36. Frumvarp til laga [35. mál]

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi, 1977.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um ræðissamband sem gerður var í Vínarborg 24. apríl 1963 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og að viðbótarbókunum varðandi ríkisborgararétt og skyldubundna lausn deilumála.

Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi konungsúrskurður um réttindi ræðismanna annarra ríkja frá 25. apríl 1821 og konungsúrskurður um réttindi útlendra ræðismanna frá 5. ágúst 1834.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1963 var af hálfu Sameinuðu þjóðanna boðað til ráðstefnu í Vínarborg til að ræða samningsgerð um ræðissamband, en drög að slíkum alþjóðasamningi höfðu þá verið gerð af þjóðréttarnefndinni. Ráðstefnan hófst 4. mars og í lok hennar, 24. apríl 1963, var undirskrifaður samningur um ræðissamband, Vínarsamningurinn um ræðissamband, er tók gildi 19. mars 1967.

Með lögum nr. 16, 31. mars 1971, var ríkisstjórninni heimilað að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband frá 1961, og gekk sá samningur í gildi gagnvart Íslandi hinn 17. júní 1971. Ráðgert var að Ísland gerðist fljótlega einnig aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband frá 1963 en staðið hefir á íslenskri þýðingu samningatextans þar til nú. Hinn 20. apríl 1977 höfðu eftirtalin 84 ríki gerst aðilar að þeim samningi:

Alsír, Alþýðulýðveldið Laos, Argentína, Ástralía, Austurríki, Bahama, Bandaríki Ameríku, Belgía, Bólivía, Brasilía, Bretland, Cameroon, Chile, Costa Rica, Danmörk, Dominikanska lýðveldið, Efri Volta, Egyptaland, Ekvador, El Salvador, Fiji, Filippseyjar, Frakkland, Gabon, Ghana, Grikkland, Guatemala, Guinea, Guyana, Hondúras, Írak, Íran, Írland, Ítalía, Jamaica, Jórdanía, Júgóslavía, Kanada, Kenya,

Kolombía, Kuwait, Kúba, Kýpur, Lesótó, Líbanon, Liechtenstein, Luxemborg, Lýðveldið Kórea, Madagascar, Mali, Máritíus, Marokkó, Mexíkó, Nepal, Nicaragua, Niger, Nigería, Nýja Sjáland, Oman, Pakistan, Panama, Páfaríkið, Papúa Nýja Guinea, Paraguay, Portúgal, Rúmenía, Rwanda, Sameinuðu Arabafurstadæmin, Senegal, Sómalía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tanzanía, Tékkóslóvakía, Tonga, Trinidad og Tobago, Túnis, Tyrkland, Uruguay, Venezúela, Viet Nam, Zaire og Sambandslýðveldið Þýskaland.

Ýmis önnur ríki hafa undirritað samninginn en ekki fullgilt hann ennþá.

Það er ræðismönnum Íslands í hag að Ísland gerist aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband. Samningurinn hefur að geyma skrásetningu á gildandi reglum þjóðaréttarins varðandi ræðismenn, svo sem um störf þeirra, réttindi og skyldur og um stofnun, meðferð og slit ræðissambands.

Með hliðsjón af því að langflestir ræðiserindrekar Íslands erlendis eru kjörræðiserindrekar (þ. e. ólaunaðir ræðismenn) er ráðgert að gefa svohljóðandi yfirlýsingu þegar Ísland gerist aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband:

„Með skírskotun til 22. greinar samningsins lætur ríkisstjórn Íslands í ljós þá ósk, að í löndum þar sem venja hefir verið að leyfa ríkisborgurum viðtökuríkisins eða þriðja ríkis að taka við skipun sem kjörræðiserindrekar fyrir Ísland, verði þeirri venju haldið áfram. Íslenska ríkisstjórnin lætur einnig í ljós þá von, að önnur ríki sem taka upp ræðissamband við Ísland muni fylgja sömu venju og veita samþykki til skipunar kjörræðiserindreka í samræmi við 2. og 3. mgr. 22. greinar samningsins."

Fylgiskjal I.

VÍNARSAMNINGURINN UM RÆÐISSAMBAND	VIENNA CONVENTION ON CONSULAR RELATIONS
Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum	**The States Parties to the present Convention,**
minna á að ræðissamband hefur frá fornu fari tíðkast milli þjóða,	**Recalling** that consular relations have been established between peoples since ancient times,
hafa í huga markmið og grundvallarreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi jafnræði fullvalda ríkja, varðveislu friðar og öryggis í milliríkjasamskiptum og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða í milli,	**Having in mind** the Purposes and Principles of the Charter of the United Nations concerning the sovereign equality of States, the maintenance of international peace and security, and the promotion of friendly relations among nations,
hafa hliðsjón af því að ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um stjórnarsamskipti og friðhelgi samþykkti Vínarsamninginn um stjórnmálasamband sem lagður var fram til undirritunar 18. apríl 1961,	**Considering** that the United Nations Conference on Diplomatic Intercourse and Immunities adopted the Vienna Convention on Diplomatic Relations which was opened for signature on 18 April 1961,
álíta að alþjóðasamningur um ræðissamband, forréttindi og friðhelgi muni einnig stuðla að eflingu vinsamlegra samskipta þjóða í milli hvert sem stjórnskipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er,	**Believing** that an international convention on consular relations, privileges and immunities would also contribute to the development of friendly relations among nations, irrespective of their differing constitutional and social systems,
eru þeirrar skoðunar að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að	**Realizing** that the purpose of such privileges and immunities is not to benefit

ívilna einstaklingum heldur að tryggja árangursríka framkvæmd á störfum ræðisstofnana á vegum ríkja sinna,

staðfesta að venjureglur þjóðarréttarins gilda áfram um þau atriði er ákvæði samnings þessa taka ekki ótvírætt til,

gera samkomulag um það sem fer hér á eftir:

1. gr.
Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum skulu neðangreind heiti hafa þessa merkingu:

a) „ræðisstofnun“ er sérhver aðalræðisskrifstofa, ræðisskrifstofa, vararæðisskrifstofa eða umboðsræðisskrifstofa;

b) „ræðisumdæmi“ er það landsvæði þar sem ræðisstofnun er ætlað að inna af hendi ræðisstörf;

c) „forstöðumaður ræðisstofnunar“ er maður sem hefur verið falið að gegna slíkri stöðu;

d) „ræðiserindreki“ er hver sá sem falið hefur verið sem slíkum að framkvæma ræðisstörf, og er þar með talinn forstöðumaður ræðisstofnunar;

e) „ræðisstarfsmaður“ er hver sá sem er ráðinn til að vinna skrifstofu- eða tæknistörf hjá ræðisstofnun;

f) „þjónustustarfsmaður“ er hver sá sem er ráðinn til að vinna heimilisstörf hjá ræðisstofnun;

g) „starfsmenn ræðisstofnunar“ eru ræðiserindrekar, ræðisstarfsmenn og þjónustustarfsmenn;

h) „ræðisstarfslið“ er ræðiserindrekar, að undanskildum forstöðumanni ræðisstofnunar, ræðisstarfsmenn og þjónustustarfsmenn;

i) „einkaþjónustustarfsmaður“ er sá sem er ráðinn eingöngu í einkaþjónustu starfsmanns ræðisstofnunar;

j) „ræðisstofnunarsvæði“ er þær byggingar eða hlutar bygginga og tilheyrandi lóð sem nýtt er eingöngu í þágu ræðisstofnunar hver svo sem eigandinn er;

k) „ræðisskjalasafn“ er öll blöð, skjöl, bréf, bækur, kvikmyndir, segulbönd og

individuals but to ensure the efficient performance of functions by consular posts on behalf of their respective States,

Affirming that the rules of customary international law continue to govern matters not expressly regulated by the provisions of the present Convention,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

1. For the purposes of the present Convention, the following expressions shall have the meanings hereunder assigned to them:

a) "consular post" means any consulate-general, consulate, vice-consulate or consular agency;

b) "consular district" means the area assigned to a consular post for the exercise of consular functions;

c) "head of consular post" means the person charged with the duty of acting in that capacity;

d) "consular officer" means any person, including the head of a consular post, entrusted in that capacity with the exercise of consular functions;

e) "consular employee" means any person employed in the administrative or technical service of a consular post;

f) "member of the service staff" means any person employed in the domestic service of a consular post;

g) "members of the consular post" means consular officers, consular employees and members of the service staff;

h) "members of the consular staff" means consular officers, other than the head of a consular post, consular employees and members of the service staff;

i) "member of the private staff" means a person who is employed exclusively in the private service of a member of the consular post;

j) "consular premises" means the buildings or parts of buildings and the land ancillary thereto, irrespective of ownership, used exclusively for the purposes of the consular post;

k) "consular archives" includes all the papers, documents, correspondence,

skrár ræðisstofnunar ásamt dulmáls- og merkjamálsgögnum, spjaldskrám og hvers kyns húsmunum sem ætlaðir eru til að hlífa þeim og varðveita.

2. Ræðiserindrekar skiptast í tvo flokka, þ. e. sendiræðiserindreka og kjörræðiserindreka. Ákvæði 2. kafla samnings þessa taka til ræðisstofnana sem sendiræðiserindrekar veita forstöðu en ákvæði 3. kafla til ræðisstofnana undir stjórn kjörræðiserindreka.

3. Um hina sérstöku stöðu þeirra starfsmanna ræðisstofnana sem eru ríkisborgarar viðtökuríkisins eða hafa þar fasta búsetu gilda ákvæði 71. greinar samnings þessa.

books, films, tapes and registers of the consular post, together with the ciphers and codes, the card-indexes and any article of furniture intended for their protection or safekeeping.

2. Consular officers are of two categories, namely career consular officers and honorary consular officers. The provisions of Chapter II of the present Convention apply to consular post headed by career consular officers; the provisions of Chapter III govern consular posts headed by honorary consular officers.

3. The particular status of members of the consular posts who are nationals or permanent residents of the receiving State is governed by Article 71 of the present Convention.

I. KAFLI
RÆÐISSAMBAND ALMENNT

I. þáttur.
Upptaka og meðferð ræðissambands.

2. gr.
Upptaka ræðissambands.

1. Upptaka ræðissambands milli ríkja fer fram með gagnkvæmu samkomulagi.

2. Samþykki sem veitt er til upptöku stjórnmálasambands milli tveggja ríkja felur jafnframt í sér samþykki til upptöku ræðissambands nema annað sé tekið fram.

3. Slit stjórnmálasambands skal ekki sjálfkrafa hafa í för með sér slit ræðissambands.

3. gr.
Framkvæmd ræðisstarfa.

Ræðisstofnanir inna af hendi ræðisstörf. Sendiráð annast einnig slík störf í samræmi við ákvæði samnings þessa.

4. gr.
Opnun ræðisstofnunar.

1. Ræðisstofnun má eigi koma á fót í landi viðtökuríkisins nema með samþykki þess.

CHAPTER I
CONSULAR RELATIONS IN GENERAL

Section I
Establishment and conduct of consular relations.

Article 2
Establishment of consular relations.

1. The establishment of consular relations between States takes place by mutual consent.

2. The consent given to the establishment of diplomatic relations between two States implies, unless otherwise stated, consent to the establishment of consular relations.

3. The severance of diplomatic relations shall not **ipso facto** involve the severance of consular relations.

Article 3
Exercise of consular functions.

Consular functions are exercised by consular posts. They are also exercised by diplomatic missions in accordance with the provisions of the present Convention.

Article 4
Establishment of a consular post.

1. A consular post may be established in the territory of the receiving State only with that State's consent.

2. Sendiríkið skal ákveða aðsetur ræðisstofnunar, stig hennar og umdæmi, en samþykki viðtökuríkisins er áskilið.

3. Breytingar á aðsetri ræðisstofnunar, stigi hennar eða umdæmi má sendiríkið eigi gera nema með samþykki viðtökuríkisins.

4. Samþykki viðtökuríkisins þarf einnig til að koma ef aðalræðisskrifstofa eða ræðisskrifstofa vill opna vararæðisskrifstofu eða umboðsræðisskrifstofu annars staðar en þar sem hún sjálf hefir aðsetur.

5. Ótvírætt fyrirframsamþykki viðtökuríkisins er líka nauðsynlegt til þess að opna skrifstofu sem telst hluti ræðisstofnunar, en er ekki á aðsetursstað hennar.

5. gr.
Ræðisstörf.

Ræðisstörf eru fólgin í því:

a) að gæta hagsmuna sendiríkisins og ríkisborgara þess, jafnt einstaklinga sem lögaðila, í viðtökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðarétturinn setur;

b) að stuðla að aukningu viðskiptalegra, efnahagslegra, menningarlegra og vísindalegra samskipta sendiríkisins og viðtökuríkisins og efla með öðrum hætti vinsamleg samskipti þeirra í samræmi við ákvæði samnings þessa;

c) að afla með öllum löglegum ráðum upplýsinga um ástand og þróun viðskipta-, efnahags-, menningar- og vísindamála í viðtökuríkinu, gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um þessi efni og skýra einstaklingum, sem þess óska, frá þeim;

d) að gefa út vegabréf og ferðaskilríki til handa ríkisborgurum sendiríkisins, og staðfestingaráritanir eða nauðsynleg skilríki til handa þeim, sem ætla að ferðast til sendiríkisins;

e) að veita ríkisborgurum sendiríkisins, jafnt einstaklingum sem lögaðilum, aðstoð og fyrirgreiðslu;

f) að koma fram sem notarius publicus og skráningarstjóri eða gegna svipuðum störfum, og annast viss stjórn-

2. The seat of the consular post, its classification and the consular district shall be established by the sending State and shall be subject to the approval of the receiving State.

3. Subsequent changes in the seat of the consular post, its classification or the consular district may be made by the sending State only with the consent of the receiving State.

4. The consent of the receiving State shall also be required if a consulate-general or a consulate desires to open a vice-consulate or a consular agency in a locality other than that in which it is itself established.

5. The prior express consent of the receiving State shall also be required for the opening of an office forming part of an existing consular post elsewhere than at the seat thereof.

Article 5
Consular functions.

Consular functions consist in:

a) protecting in the receiving State the interests of the sending State and of its nationals, both individuals and bodies corporate, within the limits permitted by international law;

b) furthering the development of commercial, economic, cultural and scientific relations between the sending State and the receiving State and otherwise promoting friendly relations between them in accordance with the provisions of the present Convention;

c) ascertaining by all lawful means conditions and developments in the commercial, economic, cultural and scientific life of the receiving State, reporting thereon to the Government of the sending State and giving information to persons interested;

d) issuing passports and travel documents to nationals of the sending State, and visas or appropriate documents to persons wishing to travel to the sending State;

e) helping and assisting nationals, both individuals and bodies corporate, of the sending State;

f) acting as notary and civil registrar and in capacities of a similar kind, and performing certain functions of an ad-

sýslustörf, enda sé þetta í engu andstætt lögum og reglum viðtökuríkisins;

g) að gæta hagsmuna ríkisborgara sendiríkisins, einstaklinga jafnt sem lögaðila, vegna arfstæmingar í viðtökuríkinu, og þá í samræmi við lög og reglur viðtökuríkisins;

h) að vernda, innan þeirra takmarka, sem lög og reglur viðtökuríkisins setja, hagsmuni þeirra, sem eigi hafa náð lögaldri og annarra manna, sem skortir fullt gerhæfi og eru ríkisborgarar sendiríkisins, einkum þegar þörf er á einhvers konar lögráðamennsku eða fjárhaldsmennsku fyrir slíka menn;

i) að koma fram eða útvega viðeigandi fulltrúa til að koma fram fyrir hönd ríkisborgara sendiríkisins fyrir dómstólum eða öðrum stjórnvöldum viðtökuríkisins í samræmi við venjur og reglur viðtökuríkisins, enda sé tilgangurinn sá að gera bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins í því skyni að vernda réttindi og hagsmuni þessara ríkisborgara, þegar þeir geta ekki í tæka tíð gætt réttinda sinna og hagsmuna vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum;

j) að koma réttarskjölum og utanréttarskjölum til skila eða koma réttartilmælum eða beiðnum um öflun sönnunargagna handa dómstólum sendiríkisins á framfæri og þá í samræmi við gildandi alþjóðasamninga eða á annan hátt, er samrýmist lögum og reglum viðtökuríkisins, séu alþjóðasamningar um þetta ekki til;

k) að hafa með höndum þá umsjón og það eftirlit með skipum af þjóðerni sendiríkisins, loftförum skrásettum þar og áhöfnum þeirra, sem mælt er fyrir um í lögum og reglum sendiríkisins;

l) að aðstoða skip þau og loftför, sem nefnd eru í k-lið greinar þessarar og áhafnir þeirra, taka við skýrslum varðandi ferð skips, rannsaka og árita skipsskjöl, framkvæma rannsóknir á atburðum, sem gerðust í sjóferð, enda brjóti slík rannsókn ekki í bága við valdbeitministrative nature, provided that there is nothing contrary thereto in the laws and regulations of the receiving State;

g) safeguarding the interests of nationals, both individuals and bodies corporate, of the sending State in cases of succession **mortis causa** in the territory of the receiving State, in accordance with the laws and regulations of the receiving State;

h) safeguarding, within the limits imposed by the laws and regulations of the receiving State, the interests of minors and other persons lacking full capacity who are nationals of the sending State, particularly where any guardianship or trusteeship is required with respect to such persons;

i) subject to the practices and procedures obtaining in the receiving State, representing or arranging appropriate representation for nationals of the sending State before the tribunals and other authorities of the receiving State, for the purpose of obtaining, in accordance with the laws and regulations of the receiving State, provisional measures for the preservation of the rights and interests of these nationals, where, because of absence or any other reason, such nationals are unable at the proper time to assume the defence of their rights and interests;

j) transmitting judicial and extra-judicial documents or executing letters rogatory or commissions to take evidence for the courts of the sending State in accordance with international agreements in force or, in the absence of such international agreements, in any other manner compatible with the laws and regulations of the receiving State;

k) exercising rights of supervision and inspection provided for in the laws and regulations of the sending State in respect of vessels having the nationality of the sending State, and of aircraft registered in that State, and in respect of their crews;

l) extending assistance to vessels and aircraft mentioned in sub-paragraph k) of this Article and to their crews, taking statements regarding the voyage of a vessel, examining and stamping the ship's papers, and, without prejudice to the powers of the authorities of the receiving

ingu stjórnvalda viðtökuríkisins, og leiða til lykta hvers kyns deilur milli skipstjóra, annarra yfirmanna og óbreyttra skipverja, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt lögum og reglum sendiríkisins;

m) að inna af hendi hvers konar önnur störf, er sendiríkið felur ræðisskrifstofu og eru ekki óheimil samkvæmt lögum og reglum viðtökuríkisins, eða viðtökuríkið mótmælir ekki, eða fjallað er um í gildandi alþjóðasamningum milli sendiríkisins og viðtökuríkisins.

State, conducting investigations into any incidents which occurred during the voyage, and settling disputes of any kind between the master, the officers and the seamen in so far as this may be authorized by the laws and regulations of the sending State;

m) performing any other functions entrusted to a consular post by the sending State which are not prohibited by the laws and regulations of the receiving State or to which no objection is taken by the receiving State or which are referred to in the international agreements in force between the sending State and the receiving State.

6. gr.
Framkvæmd ræðisstarfa utan ræðisumdæmisins.

Þegar sérstaklega stendur á getur ræðiserindreki með samþykki viðtökuríkisins framkvæmt störf sín utan ræðisumdæmis síns.

Article 6
Exercise of consular functions outside the consular district.

A consular officer may, in special circumstances, with the consent of the receiving State, exercise his functions outside his consular district.

7. gr.
Framkvæmd ræðisstarfa í þriðja ríki.

Sendiráðið má fela ræðisstofnun sem komið hefur verið á fót í ákveðnu ríki að fara með framkvæmd ræðisstarfa í öðru ríki enda hafi hlutaðeigandi ríkjum verið tilkynnt það fyrir fram og hvorugt hreyft ótvíræðum mótmælum.

Article 7
Exercise of consular functions in a third State.

The sending State may, after notifying the States concerned, entrust a consular post established in a particular State with the exercise of consular functions in another State, unless there is express objection by one of the States concerned.

8. gr.
Framkvæmd ræðisstarfa fyrir hönd þriðja ríkis.

Að undanfarinni viðhlítandi tilkynningu til viðtökuríkisins má ræðisstofnun sendiríkisins annast ræðisstörf í viðtökuríkinu fyrir hönd þriðja ríkis nema viðtökuríkið beri fram mótbárur gegn því.

Article 8
Exercise of consular functions on behalf of a third State.

Upon appropriate notification to the receiving State, a consular post of the sending State may, unless the receiving State objects, exercise consular functions in the receiving State on behalf of a third State.

9. gr.
Stig forstöðumanna ræðisstofnana.

1. Forstöðumenn ræðisstofnana hafa fjögur stig, þ. e.:
a) aðalræðismenn,
b) ræðismenn,
c) vararæðismenn,
d) umboðsræðismenn.

2. Fyrsta málsgrein greinar þessarar takmarkar á engan hátt rétt neins aðila

Article 9
Classes of heads of consular posts.

1. Heads of consular posts are divided into four classes, namely:
a) consuls-general;
b) consuls;
c) vice-consuls;
d) consular agents.

2. Paragraph 1 of this Article in no way restricts the right of any of the Con-

þessa samnings til að ákveða starfsheiti annarra ræðiserindreka en forstöðumanna ræðisstofnana.

tracting Parties to fix the designation of consular officers other than the heads of consular posts.

10. gr.
Skipun og starfsheimild forstöðumanna ræðisstofnana.

1. Sendiríkið skipar forstöðumenn ræðisstofnana en viðtökuríkið veitir þeim starfsheimild.

2. Með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum samnings þessa fer um formsatriði varðandi skipun og starfsheimild forstöðumanns ræðisstofnunar samkvæmt lögum, reglum og venjum sendiríkisins og viðtökuríkisins eftir því sem við á.

Article 10
Appointment and admission of heads of consular posts.

1. Heads of consular posts are appointed by the sending State and are admitted to the exercise of their functions by the receiving State.

2. Subject to the provisions of the present Convention, the formalities for the appointment and for the admission of the head of a consular post are determined by the laws, regulations and usages of the sending State and of the receiving State respectively.

11. gr.
Skipunarbréf til ræðisstarfa eða tilkynning um skipun.

1. Sendiríkið skal láta forstöðumanni ræðisstofnunar í té skjal, í formi skipunarbréfs eða svipaðs skjals, og skal það sérstaklega útbúið fyrir hverja skipun. Þar skal tilgreina stöðu hans og að jafnaði skal taka fram fullt nafn hans, flokk og stig, hvert ræðisumdæmið er og aðsetur ræðisstofnunarinnar.

2. Sendiríkið skal koma skipunarbréfinu eða áþekku skjali stjórnarboðleið eða á annan viðeigandi hátt til stjórnar þess lands þar sem forstöðumaður ræðisstofnunar á að framkvæma störf sín.

3. Í stað skipunarbréfs eða áþekks skjals getur sendiríkið með samþykki viðtökuríkisins sent hinu síðarnefnda tilkynningu þar sem greint er frá þeim atriðum sem áskilin eru samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar.

Article 11
The consular commission or notification of appointment.

1. The head of a consular post shall be provided by the sending State with a document, in the form of a commission or similar instrument, made out for each appointment, certifying his capacity and showing, as a general rule, his full name, his category and class, the consular district and the seat of the consular post.

2. The sending State shall transmit the commission or similar instrument through the diplomatic or other appropriate channel to the Government of the State in whose territory the head of a consular post is to exercise his functions.

3. If the receiving State agrees, the sending State may, instead of a commission or similar instrument, send to the receiving State a notification containing the particulars required by paragraph 1 of this Article.

12. gr.
Viðurkenning.

1. Forstöðumanni ræðisstofnunar er veitt heimild til að framkvæma störf sín með viðurkenningu af hálfu viðtökuríkisins og kallast viðurkenningin **exequatur** í hvaða formi sem hún er.

2. Ríki sem neitar að veita viðurkenningu er ekki skylt að skýra sendiríkinu frá ástæðum til slíkrar neitunar.

Article 12
The exequatur.

1. The head of a consular post is admitted to the exercise of his functions by authorization from the receiving State termed an **exequatur**, whatever the form of this authorization.

2. A State which refuses to grant an **exequatur** is not obliged to give to the sending State reasons for such refusal.

3. Forstöðumaður ræðisstofnunar skal ekki hefja störf sín fyrr en hann hefur fengið viðurkenningu, nema samkvæmt reglum 13. gr. og 15. gr.

13. gr.
Bráðabirgðastarfsheimild forstöðumanna ræðisstofnana.

Meðan viðurkenningar er beðið má veita forstöðumanni ræðisstofnunar bráðabirgðaheimild til að rækja störf sín. Í slíku tilviki skulu ákvæði samnings þessa gilda.

14. gr.
Tilkynning til stjórnvalda í ræðisumdæmi.

Þegar forstöðumanni ræðisstofnunar hefur verið veitt heimild til að rækja störf sín, jafnvel til bráðabirgða, skal viðtökuríkið þegar í stað veita hlutaðeigandi stjórnvöldum ræðisumdæmisins vitneskju um það. Jafnframt skal það sjá til þess að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að forstöðumaður ræðisstofnunar geti gegnt starfi sínu og notið þess hagræðis er felst í ákvæðum þessa samnings.

15. gr.
Framkvæmd starfa forstöðumanns ræðisstofnunar um stundarsakir.

1. Ef forstöðumaður ræðisstofnunar getur ekki gegnt störfum sínum eða staða forstöðumanns ræðisstofnunar er laus má settur forstöðumaður ræðisstofnunar starfa um stundarsakir sem forstöðumaður ræðisstofnunarinnar.

2. Sendiráð sendiríkisins skal tilkynna utanríkisráðuneyti viðtökuríkisins eða þeim stjórnvöldum sem það vísar á fullt nafn setts forstöðumanns ræðisstofnunar. Ef sendiríkið hefur ekki sendiráð í viðtökuríkinu skal forstöðumaður ræðisstofnunarinnar sjá um tilkynninguna. Geti hann það ekki skulu þar til bær stjórnvöld sendiríkisins annast það. Tilkynningu þessari skal að jafnaði koma á framfæri fyrir fram. Sé settur forstöðumaður ræðisskrifstofu hvorki sendierindreki né ræðiserindreki sendiríkisins í viðtökuríkinu getur viðtökuríkið gert starfsheimild hans háða samþykki sínu.

3. Subject to the provisions of Articles 13 and 15, the head of a consular post shall not enter upon his duties until he has received an **exequatur.**

Article 13
Provisional admission of heads of consular posts.

Pending delivery of the **exequatur,** the head of a consular post may be admitted on a provisional basis to the exercise of his functions. In that case, the provisions of the present Convention shall apply.

Article 14
Notification to the authorities of the consular district.

As soon as the head of a consular post is admitted even provisionally to the exercise of his functions, the receiving State shall immediately notify the competent authorities of the consular district. It shall also ensure that the necessary measures are taken to enable the head of a consular post to carry out the duties of his office and to have the benefit of the provisions of the present Convention.

Article 15
Temporary exercise of the functions of the head of a consular post.

1. If the head of a consular post is unable to carry out his functions or the position of head of consular post is vacant, an acting head of post may act provisionally as head of the consular post.

2. The full name of the acting head of post shall be notified either by the diplomatic mission of the sending State or, if that State has no such mission in the receiving State, by the head of the consular post, or, if he is unable to do so, by any competent authority of the sending State, to the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or to the authority designated by that Ministry. As a general rule, this notification shall be given in advance. The receiving State may make the admission as acting head of post of a person who is neither a diplomatic agent nor a consular officer of the sending State in the receiving State conditional on its consent.

3. Þar til bær stjórnvöld viðtökuríkisins skulu veita settum forstöðumanni ræðisstofnunar aðstoð og vernd. Á meðan hann veitir ræðisstofnuninni forstöðu skulu ákvæði samnings þessa taka til hans á sama grundvelli sem til forstöðumanns hlutaðeigandi ræðisstofnunar. Viðtökuríkið skal samt sem áður ekki vera skylt að veita settum forstöðumanni ræðisstofnunar neina slíka aðstöðu, forréttindi né friðhelgi ef forstöðumaður ræðisstofnunarinnar nýtur þeirra aðeins að fullnægðum skilyrðum sem settur forstöðumaður ræðisstofnunar fullnægir ekki.

4. Þegar svo stendur á sem greint er í 1. mgr. greinar þessarar og sendiríkið tilnefnir stjórnarsendimann úr sendiráði sendiríkisins í viðtökuríkinu sem settan forstöðumann ræðisstofnunar skal hann eftir sem áður njóta forréttinda og friðhelgi stjórnarsendimanna ef viðtökuríkið hreyfir ekki andmælum gegn því.

3. The competent authorities of the receiving State shall afford assistance and protection to the acting head of post. While he is in charge of the post, the provisions of the present Convention shall apply to him on the same basis as to the head of the consular post concerned. The receiving State shall not, however, be obliged to grant to an acting head of post any facility, privilege or immunity which the head of the consular post enjoys only subject to conditions not fulfilled by the acting head of post.

4. When, in the circumstances referred to in paragraph 1 of this Article, a member of the diplomatic staff of the diplomatic mission of the sending State in the receiving State is designated by the sending State as an acting head of post, he shall, if the receiving State does not object thereto, continue to enjoy diplomatic privileges and immunities.

16. gr.
Innbyrðis virðingarröð forstöðumanna ræðisstofnana.

1. Virðingarröð forstöðumanna ræðisstofnana með sama stigi skal miða við það hvaða dag viðurkenning var veitt.

2. Ef forstöðumanni ræðisstofnunar er veitt heimild til að rækja störf sín um stundarsakir áður en hann fær viðurkenningu skal sæti hans í virðingarröð miðað við það hvaða dag bráðabirgðastarfsheimild var veitt. Virðingarröð þessi skal haldast eftir að viðurkenning hefur verið veitt.

3. Ef tveir eða fleiri forstöðumenn ræðistofnana hafa fengið viðurkenningu eða bráðabirgðastarfsheimild sama dag skal sæti þeirra í virðingarröðinni ákvarðað með hliðsjón af því hvaða daga viðtökuríkinu voru látin í té skipunarbréf þeirra eða svipuð skjöl eða tilkynningar þær sem 3. mgr. 11. gr. fjallar um.

4. Settir forstöðumenn ræðisstofnana skulu taka sæti í virðingarröðinni á eftir öllum forstöðumönnum ræðisstofnana. Fer innbyrðis virðingarröð þeirra eftir því hvaða dag þeir hófu störf sín sem

Article 16
Precedence as between heads of consular posts.

1. Heads of consular posts shall rank in each class according to the date of the grant of the **exequatur.**

2. If, however, the head of a consular post before obtaining the **exequatur** is admitted to the exercise of his functions provisionally, his precedence shall be determined according to the date of the provisional admission; this precedence shall be maintained after the granting of the **exequatur.**

3. The order of precedence as between two or more heads of consular posts who obtained the **exequatur** or provisional admission on the same date shall be determined according to the dates on which their commission or similar instruments or the notifications referred to in paragraph 3 of Article 11 were presented to the receiving State.

4. Acting heads of posts shall rank after all heads of consular posts and, as between themselves, they shall rank according to the dates on which they assumed their functions as acting heads of

settir forstöðumenn ræðisstofnana og er þá miðað við tilkynningar þar að lútandi samkvæmt 2. mgr. 15. gr.

5. Kjörræðiserindrekar sem eru forstöðumenn ræðisstofnana skulu innan hvers stigs taka sæti í virðingarröð á eftir forstöðumönnum sendiræðisstofnana, í þeirri röð og samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í ofangreindum málsgreinum.

6. Forstöðumenn ræðisstofnana skulu taka sæti framar í virðingarröðinni en ræðiserindrekar sem hafa ekki þá stöðu.

posts as indicated in the notifications given under paragraph 2 of Article 15.

5. Honorary consular officers who are heads of consular posts shall rank in each class after career heads of consular posts, in the order and according to the rules laid down in the foregoing paragraphs.

6. Heads of consular posts shall have precedence over consular officers not having that status.

17. gr.
Framkvæmd stjórnarerindreksturs af hálfu ræðiserindreka.

1. Í ríki þar sem sendiríkið hefur ekki sendiráð og sendiráð þriðja ríkis er ekki fulltrúi þess má með samþykki viðtökuríkisins heimila ræðiserindreka að hafa með höndum stjórnarerindrekstur án þess að það hafi áhrif á stöðu hans sem ræðiserindreka. Framkvæmd slíks erindreksturs af hálfu ræðiserindreka skal ekki veita honum neinn rétt til þess að krefjast forréttinda og friðhelgi sem sendierindrekar hafa.

2. Ræðiserindreki má vera fulltrúi sendiríkisins hjá hvaða alþjóðastofnun sem er eftir að viðtökuríkinu hefur verið tilkynnt það. Á meðan hann gegnir slíku hlutverki skal hann hafa rétt á að njóta allra þeirra forréttinda og friðhelgi sem slíkum fulltrúum eru veitt samkvæmt þjóðréttarvenjum og alþjóðasamningum. Við framkvæmd ræðisstarfa skal hann þó ekki eiga rétt á frekari undanþágu frá lögsögu en ræðiserindreki hefur samkvæmt samningi þessum.

Article 17
Performance of diplomatic acts by consular officers.

1. In a State where the sending State has no diplomatic mission and is not represented by a diplomatic mission of a third State, a consular officer may, with the consent of the receiving State, and without affecting his consular status, be authorized to perform diplomatic acts. The performance of such acts by a consular officer shall not confer upon him any right to claim diplomatic privileges and immunities.

2. A consular officer may, after notification addressed to the receiving State, act as representative of the sending State to any inter-governmental organization. When so acting, he shall be entitled to enjoy any privileges and immunities accorded to such a representative by customary international law or by international agreements; however, in respect of the performance by him of any consular function, he shall not be entitled to any greater immunity from jurisdiction than that to which a consular officer is entitled under the present Convention.

18. gr.
Tvö eða fleiri ríki skipa sama mann ræðiserindreka.

Tvö eða fleiri ríki mega með samþykki viðtökuríkisins skipa sama mann ræðiserindreka í því ríki.

Article 18
Appointment of the same person by two or more States as a consular officer.

Two or more States may, with the consent of the receiving State, appoint the same person as a consular officer in that State.

19. gr.
Skipun ræðisstarfsliðs.

1. Með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum 20. gr., 22. gr. og 23. gr. hefir sendiríkið frjálsar hendur varðandi skipun ræðisstarfsliðs.

2. Sendiríkið skal tilkynna viðtökuríkinu fullt nafn, flokk og stig allra ræðiserindreka nema forstöðumanns ræðisstofnunar það snemma að viðtökuríkið hafi nægan tíma til þess að neyta réttar síns samkvæmt 3. mgr. 23. gr. ef það kýs að gera það.

3. Sendiríkið má fara þess á leit við viðtökuríkið að það veiti öðrum ræðiserindreka en forstöðumanni ræðisstofnunar viðurkenningu ef slíkt er áskilið í lögum og reglum sendiríkisins.

4. Viðtökuríkið getur veitt öðrum ræðiserindreka en forstöðumanni ræðisstofnunar viðurkenningu, ef slíkt er áskilið í lögum og reglum þess.

Article 19
Appointment of members of consular staff.

1. Subject to the provisions of Articles 20, 22 and 23, the sending State may freely appoint the members of the consular staff.

2. The full name, category and class of all consular officers, other than the head of a consular post, shall be notified by the sending State to the receiving State in sufficient time for the receiving State, if it so wishes, to exercise its rights under paragraph 3 of Article 23.

3. The sending State may, if required by its laws and regulations, request the receiving State to grant an **exequatur** to a consular officer other than the head of a consular post.

4. The receiving State may, if required by its laws and regulations, grant an **exequatur** to a consular officer other than the head of a consular post.

20. gr.
Stærð ræðisstarfsliðsins.

Þegar ekki er gerður ótvíræður samningur um stærð ræðisstarfsliðsins getur viðtökuríkið krafist þess að stærð starfsliðsins séu sett takmörk sem það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í ræðisumdæminu og þörfum hlutaðeigandi ræðisstofnunar.

Article 20
Size of the consular staff.

In the absence of an express agreement as to the size of the consular staff, the receiving State may require that the size of the staff be kept within limits considered by it to be reasonable and normal, having regard to circumstances and conditions in the consular district and to the needs of the particular consular post.

21. gr.
Innbyrðis virðingarröð ræðiserindreka við ræðisstofnun.

Sendiráð sendiríkisins — eða forstöðumaður ræðisstofnunar ef það ríki hefur ekki sendiráð í viðtökuríkinu — skal tilkynna utanríkisráðuneyti viðtökuríkisins eða þeim stjórnvöldum er það ráðuneyti vísar á innbyrðis virðingarröð ræðiserindreka við ræðisstofnunina, svo og allar breytingar þar á.

Article 21
Precedence as between consular officers of a consular post.

The order of precedence as between the consular officers of a consular post and any change thereof shall be notified by the diplomatic mission of the sending State or, if that State has no such mission in the receiving State, by the head of the consular post, to the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or to the authority designated by that Ministry.

22. gr.
Ríkisfang ræðiserindreka.

1. Það skal vera meginregla að ræðiserindrekar séu ríkisborgarar sendiríkisins.

Article 22
Nationality of consular officers.

1. Consular officers should, in principle, have the nationality of the sending State.

2. Ræðiserindreka má ekki skipa úr hópi ríkisborgara viðtökuríkisins nema með ótvíræðu samþykki þess ríkis og má afturkalla slíkt samþykki hvenær sem er.

3. Viðtökuríkið getur áskilið sér sama rétt að því er varðar ríkisborgara þriðja ríkis sem eru ekki jafnframt ríkisborgarar sendiríkisins.

2. Consular officers may not be appointed from among persons having the nationality of the receiving State except with the express consent of that State which may be withdrawn at any time.

3. The receiving State may reserve the same right with regard to nationals of a third State who are not also nationals of the sending State.

23. gr.
Menn lýstir óæskilegir.

1. Viðtökuríki getur hvenær sem er tilkynnt sendiríkinu að ræðiserindreki sé óæskilegur (**persona non grata**) eða að einhver annar úr ræðisstarfsliðinu sé ekki viðtökuhæfur. Í slíku tilviki skal sendiríkið, eftir því sem við á, annaðhvort kalla hlutaðeigandi mann heim eða binda enda á störf hans við ræðisstofnunina.

2. Ef sendiríkið neitar að framkvæma skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar eða lætur það undir höfuð leggjast innan hæfilegs frests getur viðtökuríkið, eftir því sem við á, annaðhvort afturkallað viðurkenningu á hlutaðeigandi manni eða hætt að telja hann til ræðisstarfsliðsins.

3. Lýsa má yfir því að maður sem skipaður hefur verið starfsmaður ræðisstofnunar sé ekki viðtökuhæfur, annaðhvort áður en hann kemur í land viðtökuríkisins eða áður en hann hefur störf sín hjá ræðisstofnuninni ef hann er kominn í viðtökuríkið. Í tilvikum sem þessum skal sendiríkið ætíð afturkalla skipun hans.

4. Þegar svo stendur á sem um getur í 1. og 3. mgr. greinar þessarar er viðtökuríkið ekki skylt að gefa sendiríkinu skýringar á ákvörðun sinni.

Article 23
Persons declared non grata.

1. The receiving State may at any time notify the sending State that a consular officer is **persona non grata** or that any other member of the consular staff is not acceptable. In that event, the sending State shall, as the case may be, either recall the person concerned or terminate his functions with the consular post.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969, bls. 510, var fjallað um deilur Skagfirðinga og Eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Undirréttur dæmdi Skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandinu í samræmi við afsal frá árinu 1464, en Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn hefði „fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landssvæði því, sem um er að tefla í máli þessu". „Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfalandssvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina."

Í greinargerð fyrir frumvarpi til námulaga, sem samþykkt var á Alþingi árið 1973, segir m. a., að ákvæði 1. gr. námulaga nr. 50/1909 séu á þeim sjónarmiðum reist, „að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign".

III. Um **námur í jörðu** gildir nú sú stefna hér á landi, að landeigandi telst eigandi námunnar. Sums staðar gildir sú regla í öðrum löndum, að finnandi námunnar telst eigandi. En mjög víða og m. a. í mörgum kapítalískum ríkjum er talið sjálfsagt, að þjóðin öll tileinki sér slík auðæfi, og hefur þá ríkið umráð þessara réttinda og selur vinnsluaðilum leyfi til námugraftar. Sjálfsagt er að bæta landeigendum tjón af námugrefti eða annarri efnistöku, en að öðru leyti virðist eðlilegast, að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti.

IV. Eignarréttur að **orku í rennandi vatni** hefur lengi verið deiluefni á Íslandi. Það er óumdeilt, að land, sem til þarf undir orkuver, ber að þjóðnýta og taka eignarnámi. Það er einnig óumdeilt, að bændur, sem verða fyrir tjóni af þessum sökum, eiga rétt á bótum, t. d. vegna lands, sem þeir missa undir byggingu orkuvers og önnur mannvirki, stíflur, spennistöðvar og háspennulínur. Þeir eiga einnig rétt til bóta, ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði í vötnum eða ám spillist eða önnur almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. Hitt er fráleitt, að einstaklingar geti átt orkuna í rennandi vatni og selt hana öðrum.

Þegar orkumálin voru sem mest á dagskrá fyrir tæpum 60 árum, var það álit meiri hluta svonefndrar fossanefndar og ráðgjafa hennar, Einars Arnórssonar, þáverandi lagaprófessors og síðar hæstaréttardómara, að orka vatnsins væri ekki undirorpin eignarrétti landeiganda, en talsmenn séreignarstefnunnar stóðu fast á móti, svo að ekki tókst að lögfesta þetta sjónarmið. Nú er tími til kominn, að því verði slegið föstu með ákvæði í stjórnarskrá.

V. Eignarréttur landeigenda á **jarðhita** djúpt í jörðu er ekki síður fráleitur en eignarréttur á orku vatnsins. Með stjórnarskrárákvæði þarf að tryggja rétt samfélagsins til orkunnar í iðrum jarðar og taka af öll tvímæli um það, að eignarréttarákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar verndi ekki rétt landeigandans til jarðhita á ótakmörkuðu dýpi.

Það er margyfirlýst skoðun fræðimanna, sem um þetta hafa fjallað, m. a. skoðun prófessoranna Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar, að landeigandi eigi ekki rétt til jarðhita niður á hvaða dýpi sem er og því megi með lögum takmarka rétt hans við ákveðið dýpi, t. d. 50—100 metra dýpi, en séreignaröflin munu vafalaust spyrna á móti, eins lengi og þau geta, og vísa til 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna þarf að ákveða það í stjórnarskrá, að allur jarðhiti, a. m. k. neðan við 100 metra dýpi, sé sameign þjóðarinnar.

Ed. **38. Frumvarp til laga** [37. mál]

um breyting á l. nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna, staflið c, bætist: Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Við 10. gr. laganna, um landsútsvör, bætist eftirfarandi stafliðir:

f) Vátryggingafélög.
g) Flugfélög.
h) Eimskipafélag Íslands hf., Hafskip hf.
i) Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Innkaupadeild LÍÚ, ferðaskrifstofur.
j) Samband ísl. samvinnufélaga.

3. gr.

E-liður 11. gr. laganna orðist svo:

2% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. c.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í eftirfarandi tilvikum miðast fjárhæð landsútsvara við ákveðið hlutfall af rekstrarútgjöldum næstliðins almanaksárs skv. ákvæðum V. kafla um aðstöðugjald:

f) 1% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. f.
g) 0.33% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. g.
h) 0.65% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. h.
i) 1.30% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. i.
j) 0.50—1.30% af rekstrarútgjöldum þess fyrirtækis, sem nefnt er í 10. gr. j, í samræmi við reglur um aðstöðugjöld í Reykjavík.

5. gr.

Við 36. gr. laganna bætist:

Fyrirtæki, sem greiða landsútsvar samkvæmt ákvæðum 10. gr. f-j, greiða ekki aðstöðugjald.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 10. og 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 1972, eru ákvæði um greiðslu landsútsvara, og eru þau við það miðuð, að nokkur stærstu fyrirtæki landsins, sem óumdeilanlega hafa starfsvettvang um land allt, greiði framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt 13. gr. kemur fjórðungur landsútsvara, sem til fellur í hverju sveitarfélaga, í hlut þess, en að öðru leyti er úthlutunarfé Jöfnunarsjóðs skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fær hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins.

Í frv. þessu er lagt til að fjölga nokkuð þeim fyrirtækjum sem greiða landsútsvar. Mjög mörg fyrirtæki hafa landið allt sem viðskiptasvæði, en hér er aðeins gerð tillaga um nokkur hin stærstu.

Ed. 39. Frumvarp til iðnaðarlaga. [38. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Lög þessi taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni. Til iðnaðar telst bæði handiðnaður og verksmiðjuiðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru, og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru. Heimilisiðnaður, skal undanskilinn ákvæðum laganna.

2. gr.

Enginn má reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptaþekkingu svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

4. gr.

Nú vill félag eða stofnun reka iðnað og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skulu allir, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla þau skilyrði, sem í 3. gr. eru sett.
2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar og stjórnendur félags, skilyrðum 3. gr.
3. Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna, búsettra á Íslandi.

Iðnaðarráðherra getur veitt samskonar undanþágur frá ákvæðum 1. og 2. töluliðs og í 3. gr. segir.

5. gr.

Leyfi glatast, ef leyfishafi missir einhverra þeirra skilyrða, sem í 3. og 4. gr. segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum. Nú missir stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags slíkra skilyrða, eða félag eða stofnun missir íslenskt heimilisfang, og skal þá aðili hafa komið málinu í löglegt horf innan 3ja mánaða frá því að breyting varð, en hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Leyfi er bundið við nafn. Rétt er maka að halda áfram iðnaði látins maka síns án nýs leyfis, enda fullnægi makinn lögmæltum skilyrðum.

Bú aðila, er leyfi hafði, má reka iðnaðinn, að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má reka iðnað arfleiðanda án nýs leyfis, þar til hann er fjárráða, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Greina skal í iðnaðarleyfi, hvers konar verksmiðjuiðnað heimilt sé að reka samkvæmt því, og hvar hann megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka verksmiðjuiðnað annarrar tegundar en nefnd er í leyfi.

Veita má sama aðila leyfi til að reka verksmiðjuiðnað í fleiri en einni grein, og leyfi til að reka verksmiðjuiðnað á fleiri stöðum en einum.

8. gr.

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Ráða má þó verkafólk til iðnaðarstarfa. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt. Ennfremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

Í sveitum, kauptúnum og þorpum, með færri en 100 íbúa, mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.

9. gr.

Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni.

10. gr.

Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðninni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi, eigi skemur en tvö ár.

Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

11. gr.

Sá hefur fyrirgert meistarabréfi sínu, sem missir einhvers þeirra skilyrða, er fullnægja þarf til þess að öðlast það.

12. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf að fenginni umsögn hlutaðeigandi iðnráðs, svo og iðnaðarleyfi.

Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf eða iðnaðarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðila þá rétt að bera málið undir iðnaðarráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir iðnaðarleyfi og meistarabréf.

13. gr.

Halda skal skrá yfir iðnaðarleyfi og meistarabréf, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt.

Leyfishafar skulu jafnan tilkynna lögreglustjóra heimilisfang atvinnustöðvar sinnar og útibú, og allar breytingar, er þar á verða. Lögreglustjóri framsendir síðan þær tilkynningar til skrár þeirrar, sem haldin er.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli um þessi efni.

14. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skal hlutverk þess vera að veita lögreglustjórum aðstoð við að halda uppi eftirliti með ákvæðum laga þessara varðandi handiðnað, auk þess að starfa samkvæmt lögum um iðnfræðslu.

Í iðnráði skulu vera fulltrúar frá löggiltum iðngreinum. Ráðherra setur reglugerð um kosningu til þeirra og starfssvið.

15. gr.

Það varðar sektum:

1. Ef maður rekur iðnað, án þess að hafa leyst leyfi eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns.
2. Ef maður tekur að sér störf meistara, án þess að hafa leyst meistarabréf.
3. Ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistara til forstöðu.
4. Ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr.
5. Ef maður eða fyrirtæki tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eða það eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í, eða heldur nemendur án löglegs samnings.

Sektir renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Heimilt er að dæma mann, er sekur gerist um ítrekað brot gegn lögum þessum, til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs, tímabundið eða jafnvel ævilangt, ef um mjög gróft brot er að ræða.

17. gr.

Óskert skulu atvinnuréttindi þeirra manna, er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæðum eldri laga.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 79, 13. ágúst 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi iðnaðarlöggjöf er að meginstofni frá árinu 1927 (lög nr. 18 1927 með nokkrum breytingum, aðallega frá árinu 1936), en síðast var lögunum breytt árið 1970 (lög nr. 8 1970), sem síðan voru felld inn í gömlu lögin og endurútgefin sem lög nr. 79 1971.

Lögin frá 1927 voru fyrsta löggjöf um þetta efni á Íslandi og munu að ýmsu leyti hafa byggst á norskum lögum frá 1913 (lögum frá 25. júlí 1913.) Snemma árs 1950 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lögin frá 1927. Varð nefndin sammála um „frumvarp til iðnaðarlaga“, sem lagt var fram á Alþingi 1952 sem stjórnarfrumvarp, með nokkrum breytingum af hálfu iðnaðarráðuneytisins. Þrátt fyrir samstöðu í nefndinni, sem samdi frumvarpið, milli fulltrúa iðnaðarmanna og iðnrekenda voru iðnaðarmenn óánægðir með ýmis ákvæði þess, og einnig komu verkfræðingar og opinberir aðilar (Póstur og sími) fram með sérsjónarmið. Er iðnaðarnefnd neðri deildar varð ljós þessi ágreiningur, lagði hún til, að málið væri afgreitt með rökstuddri dagskrá og ríkisstjórninni falið að reyna að ná samkomulagi við þá aðila, sem málið varðaði sérstaklega. Var rökstudda dagskráin samþykkt.

Ráðuneytið endurskipaði frumvarpshöfundana í nefnd hinn 17. jan. 1953, til að samræma sjónarmiðin á nýjan leik.

Nefndin skilaði ósamhljóða áliti hinn 16. nóv. 1953. Þrír nefndarmanna skiluðu nýju lagafrumvarpi, en tveir nefndarmanna (fulltrúar verksmiðjuiðnaðarins) vildu ekki samþykkja þær tillögur að öllu leyti.

Málið lá óhreyft þangað til 2. nóv. 1954, er ráðuneytið skipaði framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenskra iðnrekenda í tveggja manna nefnd, til þess að þrautreyna samkomulag um lagabreytingarnar. Samkomulag náðist ekki um tillögur.

Við aðild Íslands að EFTA árið 1970 er gerð breyting á lögunum frá 1927, er miða að því að efla stöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir stundað geti verksmiðjurekstur hér á landi.

Árið 1975 var samþykkt eftirfarandi þingsályktun, sem lögð var fram af Gunnari J. Friðrikssyni o. fl.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um iðju og iðnað, nr. 79 13. ágúst 1971, og leggja frumvarp til nýrra iðnaðarlaga fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Til þess að vinna þetta verk skal ríkisstjórnin skipa sjö manna nefnd. Skulu fimm nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Sambands íslenskra samvinnufélaga, Landssambands iðnverkafólks og samtaka iðnsveina.

Tveir nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar.“

Í samræmi við ofanritaða þingsályktun skipaði iðnaðrráðherra nefnd til endurskoðunar gildandi laga um iðju og iðnað.

Í nefndina voru skipaðir:

Björgvin Frederiksen, framkvæmdastjóri.

Páll S. Pálsson, hrl., samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,

Sigurður Kristinsson, málarameistari, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna,

Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga,

Guðmundur Þ. Jónsson, iðnverkamaður, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,

Sigurður Guðgeirsson, prentari, samkvæmt tilnefningu Iðnsveinaráðs A. S. Í.

Þorvarður Alfonsson, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Ritari nefndarinnar var Gísli Einarsson, fulltrúi.

Samkvæmt beiðni Iðnnemasambands Íslands, heimilaði ráðuneytið fulltrúa þess, Steinþór Jóhannssyni húsgagnasmíðanema, að sækja fundi nefndarinnar með tillögurétti.

Nefndin varð sammála um frumvarp það og greinargerð, sem hér er lagt fram, með örfáum breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum nr. 79/1971, sem bera heitið lög um iðju og iðnað, er tekið fram í 1. gr., að iðja merki í lögunum allan annan iðnað en handiðnað og heimilisiðnað. Í 13. gr. laganna er tekið fram, að iðnaður heiti hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnfræðslu.

Þá var lögunum skipt í tvo kafla, I. kafli um iðju, og II. kafli um iðnað.

Hér er tekið upp sameiginlegt heiti, iðnaður, og tekur heitið til handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru, og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru. Heimilisiðnaður er undanskilinn sem fyrr.

Um 2. gr.

Til þess að reka iðnað í atvinnuskyni þarf leyfi samkvæmt lögum þessum, og varðandi handiðnað jafngildir meistarabréf í iðninni leyfi til þess að reka þá iðngrein, sem meistarabréf tekur til.

Um 3. gr.

Í 3. gr. gildandi laga eru talin upp skilyrði til iðjuleyfis.

Hér heita leyfin iðnaðarleyfi og sbr. 10. gr. samsvarar meistarabréf í iðngrein slíku leyfi í iðngreininni.

Nýmæli er hér, að íslenskur ríkisborgararéttur er skilyrði til leyfis, svo og bókhaldsþekking sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.

Þá er og nýmæli, að eigi má veita þeim leyfi, sem hlotið hefur dóm fyrir verknað, er varðar sviptingu starfsréttinda, sbr. 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki þykir þó rétt að hafa skilyrði þessi algjör og er því iðnaðarráðherra veitt heimild til þess að veita undanþágu frá þessum skilyrðum.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um viðskipta og bókhaldsþekkingu. Í iðnskólum er kennt bókhald og þykir sjálfsagt, þar sem iðnskólapróf er undanfari sveinsréttinda og meistararéttinda, að hið sama gildi um iðnaðarleyfi til verksmiðjureksturs.

Nú er það staðreynd, að menn geta hlotið bókhaldsþekkingu í starfi, án þess að hafa próf í bókhaldi frá skóla. Ekki þykir rétt að útiloka slíka menn frá rétti til iðnaðarleyfis. Því er ráðherra veitt heimild til undanþágu frá þessu skilyrði, enda gert ráð fyrir að umsækjandi leggi fram sannanir fyrir þekkingu sinni, t. d. með vottorðum um starfstíma við bókhald.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um, hvernig skuli með fara, þegar um félög eða stofnanir er að ræða, sem reka vilja iðnað, og eru ákvæði hennar efnislega samhljóða gildandi lögum.

Í 1. tölulið er fjallað um félög, þar sem nokkrir eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum. Skulu þá allir, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla skilyrði 3. gr. Sé um rekstur handiðnaðar að ræða, skulu þeir sem ábyrgð bera hafa leyst meistarabréf í iðninni.

Sé aftur á móti um félag að ræða, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldbindingum, þá skulu framkvæmdastjóri og stjórnendur uppfylla skilyrði 3. gr., og á sama hátt hafa leyst meistarabréf í iðninni, ef um handiðnað er að ræða. Þá skal félagið eiga heimili og varnarþing hér á landi. Hér er ráðherra og veitt undanþáguheimild með vísun til 3. gr.

Í 3. tl. er ákvæði um að meira en helmingur hlutafjár skuli vera eign manna búsettra hér á landi, ef um hlutafélög er að ræða.

Um 8. gr.

Í 15. gr. gildandi laga eru ákvæði um að sveina- og meistarafélag í sömu iðn geti gert með sér samning um að nota megi verkafólk til iðnaðarstarfa. Þá eru og ákvæði um, að þar sem ekki er sveina- og meistarafélag, geti meirihluti samiðnaðarmanna á staðnum veitt samskonar leyfi.

Í 8. gr. frumvarpsins segir: „Ráða má þó verkafólk til iðnaðarstarfa“. Eðlilegt er talið, að meistari geti ráðið til sín aðstoðarfólk til iðnaðarstarfa. Iðnlært fólk hefur ætíð forgang til iðnaðarstarfa samkvæmt kjarasamningum.

Í 14. gr. gildandi laga er dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana, undir eftirliti húsameistara ríkisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að starfsmenn opinberra stofnana, ríkis- og einkafyrirtækja geti séð um minniháttar viðhald á eignum þessara aðila. Staðreynd er, að starfsmenn fyrirtækja sjá um minni-

háttar viðhald í fyrirtækjum, og því þykir rétt að viðurkenna þá staðreynd og taka ákvæði um þetta í lög. Reynslan hefur sýnt, að með þessu ákvæði, er ekki gengið á rétt iðnlærðs fólks að neinu marki. Þótt í frumvarpinu sé notað orðalagið „minniháttar viðhald“ í stað „algenga iðnaðarvinnu“, er ekki gert ráð fyrir að hér sé um efnisbreytingu að ræða.

Í 15. gr. gildandi laga segir, að í sveitum og kauptúnum með 300 íbúa eða færri megi óiðnlærðir menn vinna að byggingariðnaðarstörfum. Samkvæmt 4. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 er skylt að gera skipulagsuppdrætti að öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.

Eðlilegt þykir því að miða við þá tölu og heimila óiðnlærðum mönnum að vinna að iðnaðarstörfum í sveitum, kauptúnum og þorpum með færri en 100 íbúa. Í gildandi lögum tekur heimild þessi eingöngu til byggingariðnaðarstarfa. Samkvæmt frumvarpinu tekur heimildin til hvers konar iðnaðarstarfa.

Um 9. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Þykir sjálfsagt að iðnlærðir menn hafi lögvernd um starfsheiti sitt, svo sem t. d. verkfræðingar, tæknifræðingar og húsameistarar.

Að sjálfsögðu er nemum í iðngreinum heimilt að kenna sig sem nema í viðkomandi iðngrein t. d. prentnemi, húsgagnasmíðanemi.

Um 10. gr.

Hér eru greind skilyrði sem uppfylla þarf til að leysa meistarabréf. Skal viðkomandi hafa lokið sveinsprófi í iðn sinni og hafa unnið undir stjórn meistara, að loknu sveinsprófi, ekki skemur en eitt ár, svo og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla.

Þá segir, að meðan ekki er meistaraskóli í iðninni, geti hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein, að loknu sveinsprófi, eigi skemur en tvö ár. Ýmsar greinar iðnaðar eru nátengdar t. d. í málmiðnaði, svo sem ketilsmíði, plötusmíði o. fl.

Í stað heimildar ráðherra í 18. gr. gildandi laga að ákveða, að enginn fái meistarabréf nema að afloknu meistaraprófi, er með þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að meistaraskóli komi í öllum iðngreinum. Meistaraskóli er nú þegar í nokkrum iðngreinum.

Í b lið 17. gr. gildandi laga nr. 79/1971 segir að hver maður, karl eða kona, geti öðlast meistararéttindi ef viðkomandi: „hefur sveinsbréf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara“. Þetta ákvæði hefur valdið erfiðleikum og menn ekki verið á einu máli um, hvernig skýra beri. Hér eru nú tekin af öll tvímæli.

Um 13. gr.

Samkvæmt gildandi lögum halda lögreglustjórar skrár yfir leyfi, sem veitt eru lögum samkvæmt. Skrár þessarar eru því eigi til á einum stað, en ætlunin er að heildarskrá um leyfin verði á einum stað. Er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari fyrirmæli í þessu efni.

Um 15. gr.

Hér eru tekin til meðferðar refsiákvæði og er lagt í vald dómara að ákveða fjárhæð sekta.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Flm.: Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.
2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.
3. Öryggisútbúnaði og lýsingu á Þingeyrarflugvelli.
4. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugun þessari skal hraðað svo sem frekast er kostur og skulu niðurstöður liggja fyrir það snemma árs 1978, að hægt sé að gera ráð fyrir fjárveitingum til framkvæmda á fjárlögum 1979.

Greinargerð.

Ekki verður annað sagt en þróun flugmála hér á landi þau 40 ár, sem liðin eru síðan hún hófst, hafi verið hröð. Fjöldi flugvalla í landinu er talinn vera um eitt hundrað. Margir þeirra eru að vísu vart annað en nafnið tómt og tækja- og öryggisbúnaður í öllum tilfellum vægast sagt af skornum skammti. Aðeins átta þessara flugvalla hafa það fullkomna lýsingu, að lending í myrkri sé möguleg. Enginn slíkur flugvöllur er til á Vestfjörðum þrátt fyrir þá staðreynd, sem enginn mælir á móti, að Vestfirðir eru sá landshluti, sem hvað verst er settur hvað varðar samgöngur á vetrum.

Á veturna eru Vestfirðir svo vikum skiptir einangraðir frá öllum samgöngum við aðra landshluta. Það verður því að teljast mjög svo brýnt að gera allt sem hægt er til að bæta alla þá aðstöðu, sem gerir mögulegt að tryggja Vestfirðingum greiðfærari og tryggari samgöngur en nú er. Einn þessara samgönguþátta og ekki sá minnsti er flugið. Flugsamgöngur við Vestfirði eru oft á tíðum mjög stopular og kemur þar margt til. Að því er varðar flug til Ísafjarðar, þá eru aðstæður til aðflugs á Ísafjarðarflugvelli mjög svo erfiðar vegna þrengsla, engrar lýsingar og einnig vegna óhagstæðrar vindáttar, sem í meinleysisveðri getur hamlað flugi dögum saman. Vart mun þess að vænta, að lausn finnist varðandi þessi óhagstæðu skilyrði að því er varðar vindátt við Ísafjarðarflugvöll.

Það er því brýnt, að athugað verði hvort ekki sé hægt að snúast gegn þessu vandamáli með stækkun og endurbótum á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík og nota þær í þeim tilvikum sem ekki er hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli. Enginn vafi er á því, að slík lausn mundi mjög treysta og bæta flugsamgöngur við norðanverða Vestfirði.

Varðandi lýsingu á Ísafjarðarflugvelli og aðflugi að honum, þá hefur verið haldið fram, að framkvæmdir í þeim efnum væru svo kostnaðarsamar, að litlar sem engar líkur væru á að í slíkar framkvæmdir yrði ráðist. Fullyrðingar um það hafa þó ekki, að því er best er vitað, við nein rök að styðjast þar sem engar athuganir í ljósi nútímatækni hafa farið fram. Þó mun hafa komið fram hugmynd um flóðlýsingu á þessu svæði, sem gegndi öllu í senn: lýsingu til aðflugs að vellinum, lýsingu Ísafjarðarflugvallar og lýsingu Ísafjarðarkaupstaðar.

Hvað varðar Þingeyrarflugvöll þá er nauðsynlegt að bæta þar öryggi og aðbúnað allan og einnig kanna möguleika á lýsingu vallarins.

Þess eru mörg dæmi að skilyrði til lendingar á Þingeyrarflugvelli vegna veðurs geta verið hagstæð á sama tíma og ófært er á Ísafjarðarflugvelli, og nokkur dæmi eru þess að farþegum til og frá Ísafirði hefur verið ekið milli Ísafjarðar og Þingeyrar, en það er um eins og hálfs til tveggja klukkustunda akstur að sumarlagi. Hins vegar er sú leið lokuð sjö til níu mánuði ársins vegna snjóa. Það er því ekki líklegt að Þingeyrarflugvöllur verði nýttur sem varavöllur fyrir Ísafjarðarflug, bæði vegna þess hversu langt er þar í milli landleiðina og eins að leiðin er lokuð mikinn hluta ársins.

Að því er varðar suðurhluta Vestfjarða, þá er Patreksfjarðarflugvöllur miðdepill í flugsamgöngum með stærri flugvélum. Engin lýsing er á þeim flugvelli, en brýn nauðsyn að henni verði komið upp og öryggi og aðbúnaður þar að öðru leyti bætt.

Eins og áður er að vikið, eru Vestfirðir sá landshluti sem í öllum skilningi er verst settur að því er varðar samgöngur, a. m. k. að vetri til.

Þessi þingsályktunartillaga er aðeins um einn þátt samgöngumála, þ. e. flugið. Tillagan er flutt vegna þeirrar skoðunar flutningsmanna, að vegna þessarar sérstöðu Vestfjarða varðandi mjög svo ófullnægjandi samgöngur sé til þess sérstök ástæða að taka þann landshluta út úr hinni almennu könnun úrbóta í flugmálum og hraða þessari athugun að því er Vestfirði varðar eins og frekast er kostur, svo hægt sé að hefjast handa um úrbætur.

Það er skoðun flutningsmanna, að athugun þessari eigi að geta verið lokið á komandi sumri og þannig hægt að taka tillit til framkvæmda við gerð fjárlaga fyrir árið 1979. Einnig ætti að vera augljóst öllum, að miðað við þær aðstæður, sem Vestfirðingar nú búa við varðandi flugsamgöngur, ættu framkvæmdir til úrbóta í flugmálum á Vestfjörðum að njóta algjörs forgangs.

Nd. 41. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Flm.: Karvel Pálmason, Jónas Árnason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum, sem hafa innan við 4000 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Einnig skal ríkissjóður greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar þeirra sundlauga, sem eru í byggingu og ekki hefur verið gengið formlega frá samningum um kostnaðarskiptingu.

Greinargerð.

Samhljóða frv. hefur verið flutt á tveim undanförnum þingum, en í hvorugt skiptið hlotið afgreiðslu.

Enn er þess freistað að flytja málið í trausti þess að þingheimur sjái og viðurkenni í verki með samþykkt frv., að hér er ekki einungis um að ræða sjálfsagt réttlætismál, heldur einnig lífsnauðsynlegt fyrir sjómannastéttina og þjóðarheildina.

Sundkennsla er mikilvægur liður í menntun barna og unglinga, enda er lágmarkskunnátta í sundíþróttinni gerð að skilyrði við fullnaðarpróf.

Það er öllum til gagns og ánægju að kunna að synda, enda hafa Íslendingar löngum verið hreyknir af færni sinni í þeirri íþrótt.

En sundkunnátta er þó sérstaklega mikilvæg við sjávarsíðuna, þar sem sjósókn er helsti atvinnuvegurinn. Það getur einfaldlega ráðið úrslitum um líf og dauða sjómanns, ef óhapp ber að höndum, hvort hann er syndur eða ekki.

Það hefur lengi verið ljóst, að með núgildandi ákvæðum um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu stofnkostnaðar skólahúsnæðis og óbreyttri stefnu í hönnun slíkra mannvirkja, þar á meðal sundlauga, eiga fjölmörg minni sveitarfélög við sjávarsíðuna víðs vegar um landið þess engan kost að koma upp sundlaugum svo að viðunandi sé.

Lítil og févana sveitarfélög geta með engu móti lagt fram 50% af stofnkostnaði slíkra mannvirkja, enda sýna þær upplýsingar sem fyrir liggja að ástand í þessum málum er hið hörmulegasta og fjöldi útgerðarstaða á landinu hefur alls enga aðstöðu til sundkennslu.

Af þeim 64 útgerðarstöðum, sem hafa íbúatölu undir 4000, er aðeins um að ræða 21 stað, sem hefur sundkennsluaðstöðu, 11 sem hafa algerlega ófullnægjandi aðstöðu eða eru með slíka aðstöðu í endurbyggingu eða smíðum. Af þessu er ljóst að aðeins 21 útgerðarstaður af 62 hefur aðstöðu til sundkennslu. 30 útgerðarstaðir hafa enga slíka aðstöðu og ekki sjáanlegt að um breytingu þar á verði að ræða að óbreyttum lögum.

Þó nokkuð sé mismunandi ástand í þessum efnum eftir kjördæmum, þá er áberandi verst ástandið á Vestfjörðum. Þar mundu 13 staðir falla undir ákvæði frv. þessa ef samþ. verður, og af þessum 13 stöðum hafa 8 alls enga sundaðstöðu, 3 staðir eru með ófullnægjandi aðstöðu eða aðstöðu sem er í byggingu, aðeins 2 staðir á Vestfjörðum af 13 hafa því aðstöðu til sundkennslu.

En þó ástand þessara mála sé verst á Vestfjörðum, þá sýna upplýsingarnar á meðfylgjandi fylgiskjali, að úrbóta er víðar þörf.

Þetta frumvarp er flutt til að bæta úr þessu. Það felur í sér, að við byggingu sundlauga í minni sjávarþorpum, þ. e. þeim sem hafa innan við 4000 íbúa, skuli ríkissjóður greiða 75% stofnkostnaðar í stað 50%. Með slíkri breytingu væri þeim sjávarþorpum, sem nú hafa enga möguleika á að eignast sundlaugar, gert kleift að byggja slík mannvirki.

Fylgiskjal

Kjördæmi	Hafa sundaðstöðu	Ófullnægjandi eða í smíðum	Engin aðstaða	Alls
Reykjanes	1	1	4	6
Vesturland	3	2	2	7
Vestfirðir	2	3	8	13
Norðurl. v.	5	0	2	7
Norðurl. e.	6	2	4	12
Austfirðir	4	3	6	13
Suðurland	0	0	4	4
	21	11	30	62

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um skipulag sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í sem flestum greinum læknisfræðinnar á heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar og auka og bæta þannig þá þjónustu, sem heilsugæslustöðvarnar eiga að veita skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Áætlun um þessa sérfræðiþjónustu verði gerð af heilbrigðisráðuneytinu og liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 1978 og jafnframt verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda áætluninni í framkvæmd þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Óþarft er að hafa mörg orð uppi til rökstuðnings þessari tillögugerð.

Lögin um heilbrigðisþjónustu frá 1973 stefndu ekki hvað síst að því að tryggja íbúum landsbyggðarinnar í hvívetna bætta þjónustu sem allra fyrst. Alveg sérstaklega átti þetta og á við sérfræðiþjónustu og nauðsynlegustu rannsóknir á sjúklingum. Í dag verða menn að sækja þessa þjónustu til höfuðborgarinnar að langmestu leyti með þeim mikla tilkostnaði og óþægindum, sem slíkt hefur í för með sér.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa áður í frumvarpsformi reifað það hér á þingi, að sjúkratryggingarnar greiddu hluta af ferðakostnaði þessa fólks. Það frumvarp fékk þá afgreiðslu, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar, m. a. í því skjóli, að verið væri að koma þessari þjónustu inn á heilsugæslustöðvarnar. Þessa sjást hins vegar lítil merki og er greinilegt að til þarf skipulegt átak til þess að úr verði bætt af myndarskap, svo sem yfirlýstur tilgangur laganna um heilbrigðisþjónustu var og er. Hins vegar gera flm. sér það vel ljóst, að ekki er unnt að veita þessa þjónustu nú þegar í því formi, að hún sé stöðug, heldur yrði fyrst að því keppt, að sérfræðingar heimsæktu heilsugæslustöðvarnar með vissu millibili, og mætti þar hafa í huga þá mikilvægu þjónustu sem augnlækningaferðir á vegum heilbrigðisyfirvalda hafa veitt um langt árabil. Efalaust eru margir annmarkar á þessari framkvæmd, bæði hvað snertir vilja sérfræðinga í þessum efnum og rannsóknaraðstöðu á heilsugæslustöðvunum. En hér er um hvort tveggja að ræða: öryggismál fyrir íbúana, einkum hvað snertir fyrirbyggjandi aðgerðir, og gífurlegt fjárhagslegt hagræði, og ef við viljum framfylgja lögunum og anda þeirra ber einskis að láta ófreistað til að hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst og best.

Jöfn aðstaða allra landsmanna til heilsugæslu byggist ekki hvað síst á þessum þætti, og ef okkur er alvara í þeim efnum, þá hljótum við að stuðla hér að sem skjótast. Því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 43. Fyrirspurn [42. mál]

til samgönguráðherra um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar á vegum samgönguráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins, er fjalla skyldi um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur og bifreiðakaup fatlaðra?
2. Hvenær má vænta niðurstöðu af störfum nefndarinnar?

Sþ. 44. Fyrirspurn [43. mál]

til dómsmálaráðherra um afstöðu Framsóknarflokksins til erlendrar hersetu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Vill dómsmálaráðherra og formaður Framsóknarflokksins lýsa yfir því:

1) að í kosningabaráttunni fyrir næstu alþingiskosningar leggi Framsóknarflokkurinn áherslu á þann eindregna ásetning sinn að á næsta kjörtímabili verði allar erlendar herstöðvar fjarlægðar frá Íslandi;
2) að enginn verði í kjöri á vegum Framsóknarflokksins nema hann heiti því afdráttarlaust að berjast fyrir þessu stefnumiði?

Efni fyrirspurnar samrýmist ekki ákvæðum 32. gr. þingskapa Alþingis um fyrirspurnir og er því synjað.

Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um upplýsinga- og fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að sjónvarpið hefji svo fljótt sem verða má reglulega upplýsinga- og fræðsluþætti um efnahagsmál í umsjá viðskiptadeildar Háskólans og Þjóðhagsstofnunar.

Greinargerð.

Margir eru nú uggandi vegna þeirrar stefnu, sem efnahagsmál landsins virðast vera að taka. Yfirstandandi verkfall, vaxandi verðbólga, erlend skuldasöfnun, fallandi gjaldmiðill og yfirvofandi hætta á eyðileggingu náttúruauðlinda eru dæmi um málefni, sem gefa tilefni til þessa uggs.

Allt á sitt upphaf. Þegar vandamál rísa, þarf að finna orsakir þeirra, ef von á að vera um úrbætur. Hverjar eru réttar orsakir ofannefndra vandamála? Fjarri fer því, að landsmenn séu sammála um svör í þeim efnum.

Í lýðræðisþjóðfélagi er forsenda þess, að réttar ákvarðanir verði teknar — m. a. í efnahagsmálum — sterkt almenningsálit, sem byggist á þekkingu á grundvallaratriðum efnahagslífsins.

Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur áralöng verðbólga verið undirrót velflestra vandamála efnahagslífsins og undirrót fleiri siðferðilegra vandamála en mörgum kann að virðast í fljótu bragði.

Af hverju stafar þessi verðbólga?

Af hverju gengur okkur svo miklu verr en öðrum menningarþjóðum að ráða við hana?

Er sú útbreidda skoðun meðal landsmanna, að velflestir græði á verðbólgu, á rökum reist eða helber vitleysa?

Þetta eru spurningar, sem brjóta þyrfti til mergjar í þáttum þeim, sem lagt er til í tillögu þessari að sjónvarpið hefji. Margar fleiri mætti nefna, en það bíður framsögu málsins.

Tillaga þessi byggir á því, að viðskiptadeild Háskóla Íslands og Þjóðhagsstofnun hafi umsjón með þáttum þessum. Það þýðir þó engan veginn það, að flutningsmaður telji að einungis hagfræðingar og nemar í viðskiptafræðum komi fram

í þeim. Nauðsynlegt er, að í þeim sameinist sú þekking, er fæst fyrir bóklegt nám, og ekki síður sú, er fæst fyrir reynslu í lífsins skóla.

Forustumenn í atvinnulífinu, úr röðum vinnuveitenda og launþega, fulltrúar einstakra starfsstétta og stjórnmálamenn þurfa að koma fram í þeim líka.

Nánar í framsögu.

Nd. 46. Frumvarp til laga [45. mál]

um Iðnþróunarstofnun Austurlands.

Flm.: Lúðvík Jósepsson.

1. gr.

Setja skal á fót Iðnþróunarstofnun Austurlands sem vinni að eflingu iðnaðar á Austurlandi.

2. gr.

Verkefni Iðnþróunarstofnunar Austurlands skulu m. a. vera þessi:

1. Að hafa forgöngu um að koma á fót nýjum iðnfyrirtækjum á Austurlandi og efla þau, sem fyrir eru.
2. Að koma á sem hagkvæmustu sölufyrirkomulagi á iðnaðarframleiðslu fjórðungsins.
3. Að veita fjárhagslegan stuðning og fyrirgreiðslu til stofnunar nýrra iðnfyrirtækja þar sem sérstaklega verði leitast við að koma upp samrekstri nokkurra byggðarlaga um iðnaðarframleiðslu.

3. gr.

Stjórn Iðnþróunarstofnunar Austurlands skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Ríkisstjórnin skipar 2 án tilnefningar og 2 til vara, en Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi velur 3 og 3 til vara. Stjórnin skal skipuð til 3 ára.

4. gr.

Ríkissjóður skal leggja Iðnþróunarstofnun Austurlands til 20 milljónir króna á ári í 3 ár, 1978—80, enda leggi sveitarfélög á Austurlandi hálft framlag á móti ríkinu. Framlög þessi skulu vera óafturkræf sem stofnframlög.

5. gr.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð ákveða nánar um störf stofnunarinnar, þar með talið reikningshald og endurskoðun.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða því, sem hér er lagt fram, var flutt á síðasta þingi. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Nú er rætt mikið um eflingu iðnaðar í landinu. Iðnkynning fer fram í ýmsum byggðarlögum og mikill áróður er rekinn fyrir stuðningi við iðnað og fyrir því að landsmenn kaupi og noti íslenskan iðnvarning.

Enginn vafi er á því, að enn eiga Íslendingar mikið ógert á sviði iðnaðar. Flest iðnfyrirtæki í landinu eru lítil og standa oft höllum fæti í samkeppni við erlendan stórrekstur.

Sérstaklega á þetta við um vöruframleiðsluiðnað. Hann er að mestu leyti rekinn fyrir lítinn innanlandsmarkað og oft eru framleiðslufyrirtækin þó mörg í sömu grein.

Vegna smæðar hins íslenska markaðar hefur þróunin orðið sú, að mestur hluti vöruframleiðsluiðnaðarins hefur vaxið upp í aðalfjölbýli landsins, þ. e. a. s. á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Hlutur landsbyggðarinnar á þessu sviði hefur orðið harla lítill. Það hefur því orðið hlutskipti fólksins á landsbyggðinni að vinna fyrst og fremst við undirstöðuatvinnuvegina, sjávarútveg og landbúnað, og við fiskiðnað og að nokkru leyti við iðnaðarframleiðslu úr landbúnaðarvörum. Það hlutskipti hefur vissulega verið þýðingarmikið fyrir þjóðarheildina og það hefur ekki heldur verið neitt vandræðahlutskipti fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Það er skoðun flm., að þessi undirstöðustörf, sem flest fólk úti á landi vinnur við, verði áfram megingrundvöllur atvinnulífsins þar. Hitt er líka skoðun flm., að til viðbótar við sjávarútvegsstörf og landbúnaðarstörf þurfi að koma fjölbreyttari starfsmöguleikar úti á landi, m. a. í sambandi við iðnrekstur og þjónustustörf af ýmsu tagi.

Stofnun iðnfyrirtækja úti á landi og öruggur rekstur þeirra er hins vegar ekkert auðvelt mál í fámennum byggðarlögum.

Þar er víðast hvar lítill markaður á staðnum, en langt að senda framleiðsluvörur til aðalmarkaðssvæðanna, og um vöruframleiðslu til útflutnings er ekki mikið að ræða, nema í sambandi við úrvinnslu sjávarafla eða landbúnaðarafurða.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir, að komið verði á fót sérstakri iðnþróunarstofnun fyrir Austurland, með stuðningi ríkisins og í samstarfi við sveitarstjórnarsamtök í fjórðungnum.

Það er skoðun flutningsmanns að helst verði tekist á við það vandamál að efla iðnað á Austurlandi, þannig að umtalsvert verði, á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. með sameiginlegu átaki heimamanna og stuðningi ríkisins.

Sérstaklega er lögð áhersla á að ná samvinnu nokkurra byggðarlaga um tiltekna framleiðslugrein.

Þá er gert ráð fyrir að hluti framleiðslunnar fari fram á einum stað og annar hluti á öðrum og ef til vill samsetning síðan á þeim þriðja. Slík framleiðslusamvinna er þekkt víða erlendis og hún á auðvitað sérstaklega við í fámennum byggðarlögum.

Til þess að koma á slíkri framleiðslu þarf sameiginlega forustu eða miðstöð, og að sjálfsögðu þarf nokkurt byrjunarfjármagn. Þá skiptir líka miklu máli að til staðar sé kunnátta í iðnrekstri, þekking á markaðsaðstæðum og gott söluskipulag.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekist verði á við það vandamál að koma upp iðnaðarfyrirtækjum úti á landi með því að setja á fót Iðnþróunarstofnun Austurlands. Þar yrði þá fyrst hafist handa á þessum grundvelli, en síðan væri sjálfsagt að taka málið upp annars staðar, ef þetta form reyndist vel.“

Nd. 47. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23 10. maí 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

16. gr. laganna (sbr. 6. gr. l. nr. 23/1977) orðist svo:

Kjaradómur tekur kjaradeilur til meðferðar samkvæmt 14. gr. Hann leitar sátta en kveður upp dóm um ágreiningsefni aðalkjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrests.

Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó fresta dómsuppkvaðningu fram yfir þann tíma, þó ekki lengur en tvær vikur í senn. Ósk um slíkan frest skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

2. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 7. gr. l. nr. 23/1977) orðist svo:

Kjaradómur skal hafa kveðið upp dóm um ágreining um sérkjarasamninga eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests eða gerð aðalkjarasamnings, hvort sem síðar reynist. Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó lengja þennan frest um einn mánuð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um tveggja vikna fyrirvara að frestun dómsuppkvaðningar skal Kjaradómi heimilt að fresta dómsuppkvaðningu skv. 1. gr. í þeim málum þar sem dómur skal hafa gengið í október 1977, þótt fyrirvara þessum sé ekki fullnægt, enda sé ákvæðum 1. gr. fullnægt að öðru leyti.

Greinargerð.

Með setningu laga nr. 23/1977 var gert ráð fyrir að BSRB hefði lokið sinni samningsgerð fyrir þær tímasetningar sem lögin tilgreina.

Vegna þeirrar óvissu sem nú ríkir um samninga BSRB er hér gert ráð fyrir heimildarákvæði um frestun uppkvaðningar Kjaradóms ef með þarf og allir aðilar samþykkja.

Taki Kjaradómur afstöðu í máli BHM áður en BSRB hefur lokið samningsgerð má búast við öðru kjaradómsmáli í kjölfar dómsins á grundvelli 7. gr. laga nr. 46/1973 sbr. 1. gr. l. nr. 23/1977.

Endurskoðun nær þó eingöngu til launastigans en ekki annarra kjaraatriða sem nú eru óljós.

Þótt þessar sérstöku ástæður valdi því, að slíkrar lagabreytingar sem þessar þyki þörf einmitt nú, er fullljóst, að eins og nú háttar er lögunum ábótavant að því leyti, að þau gera ekki ráð fyrir að unnt sé að fresta uppkvaðningu kjaradóma, enda þótt allir málsaðilar æski þess. Því þykir eðlilegra, að sú heimild, sem hér er lagt til að veitt verði, sé ekki eingöngu háð þeim kjarasamningum, sem nú standa yfir, heldur komi að fullu inn í lögin sem varanleg heimild.

Um 1. gr.

Hér er bætt við 2. mgr. svohljóðandi:

„Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó fresta dómsuppkvaðningu fram yfir þennan tíma, þó ekki lengur en tvær vikur í senn. Ósk um slíkan frest skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.“

Hvað varðar 2. málslið 2. mgr. þykir nauðsynlegt, að Kjaradómur hafi nokkurn fyrirvara ef æskt er frestunar dómsuppkvaðningar, enda gæti naumur fyrirvari haft óeðlileg áhrif á störf dómsins. Gert er ráð fyrir, að þessum ákvæðum verði jafnan beitt þannig að Kjaradómur hafi nægan tíma til að ljúka málum.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að frestir milli aðalkjarasamnings og sérkjarasamninga verði ekki styttri en nú er, og leiðir þessi breyting af breytingunni skv. 1. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Leiðir af 2. málslið 2. gr. og þarfnast ekki frekari skýringar.

Nd. **48. Frumvarp til laga** [47. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. síðari breytingar.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Aftan við staflið h í 43 gr. laganna bætist nýr stafliður, er orðist svo:

i. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagsmanns til sjúkrahúss eða sambærilegrar stofnunar vegna fyrirmæla læknis um eftirmeðferð, reglubundið eftirlit eða rannsóknir, sjúkra- eða orkuþjálfun ef um lengri vegalengd á landi er að ræða en 50 km eða ef nota þarf skip eða flugvél til flutninganna. Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu fyrir eina ferð á ári, en ¾ fyrir hverja ferð umfram eina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfitt fólk víða úti á landi á með að leita sér lækninga. Einkum og sér í lagi á þetta við um hvers kyns sérfræðiþjónustu í heilbrigðismálum. Oftast er slíka læknishjálp ekki að fá nema í Reykjavík, og verða því íbúar landsbyggðarinnar að leggja fram talsvert háar fjárupphæðir bæði í ferðakostnað og í dvalarkostnað til þess að ná fundum slíkra lækna. Segja má að fólki, sem yfirleitt býr við góða heilsu og þarf því aðeins á slíkri sérfræðiþjónustu að halda í örfá skipti á ævinni, sé ekki íþyngt um of fjárhagslega þótt það þurfi að kosta nokkru til. Öðru máli gegnir hins vegar um þá sjúklinga úti á landsbyggðinni, sem reglulega þurfa að leita sér sérfræðilegrar læknismeðferðar í Reykjavík. Útgjöldin vegna ferða til og frá heimilum í því skyni eru oft mjög mikil, dvalarkostnaður bætist stundum þar á ofan og svo oft á tíðum tekjutap til viðbótar. Sjúklingar þeir, sem hér um ræðir, eru þar að auki oft lágtekjufólk, þannig að slík útgjöld geta ráðið úrslitum um afkomuna. Einmitt vegna þess, hversu kostnaðarsamt það er fyrir þá, sem eiga heima úti á landsbyggðinni, en þurfa reglulega að leita sérfræðilegrar meðhöndlunar fjarri heimabyggð, er þetta fólk oft neytt til þess að flytja búferlum — hverfa frá umhverfi, sem það þekkir og metur, og frá störfum, sem það kann og unir vel við, til aðstæðna, sem eru því framandi, og atvinnu, sem ekki hæfir. Slík niðurstaða er oft báðum í óhag — einstaklingnum, sem í hlut á, og samfélaginu í heild.

Takmarkið með flutningi þessa frv. er að bæta hér nokkuð úr. Eins og fram er tekið í 43. gr. laga um almannatryggingar greiða sjúkratryggingar skv. ákveðnum reglum t. d. ferðakostnað læknis til sjúklinga, sem ekki eru ferðafærir, svo og flutningskostnað sjúks samlagsmanns á sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum ef sjúklingurinn verður ekki fluttur með venjulegum hætti (þ. e. sjúkraflutning). Með þessu móti er komið til móts við annars vegar sjúklinga, sem eru svo veikir að þeir verða ekki fluttir og sækja þarf lækni til, og hins vegar sjúklinga, sem t. d. þarf að flytja milli landshluta til sérfræðimeðhöndlunar og eru svo veikir að þeir verða ekki fluttir með venjulegum hætti, heldur þarf sérstaka sjúkraflutninga til. Hins vegar þurfa þessir sjúklingar og ýmsir aðrir stundum að koma aftur eftir aðgerð eða önnur meðhöndlun hefur farið fram og þeir náð heilsu, t. d. til eftirmeðferðar, rannsóknar eða þjálfunar. Sumir þeirra þurfa að koma reglulega jafnvel um margra ára skeið. Kostnaður slíkra sjúklinga getur að sjálfsögðu orðið margfaldur á við kostnaðinn sem af því hlýst t. d. að flytja sjúkling með sjúkraflugvél milli landshluta. Samt sem áður tekur sjúkrasamlag aðeins þátt í greiðslu ferðakostnaðar hins síðarnefnda þótt þörf hins fyrrnefnda sé e. t. v. margfalt meiri fyrir aðstoð. Slíkur mismunur er óréttlátur. Í frv. þessu er lagt til að úr verði bætt.

Nú er það svo, að flestallir þeir, sem lagðir eru inn á sjúkrahús til aðgerðar eða annarrar meðhöndlunar, þurfa ekki frekari meðferðar við síðar. Samkvæmt upplýsingum, sem flm. hafa aflað sér, er það svo vaninn gagnvart sjúklingum utan af landi, sem koma til sérfræðilegrar meðhöndlunar á sjúkrahúsum í Reykjavík og þurfa eftirmeðferðar við, að þeir eru ekki útskrifaðir og sendir heim fyrr en eftirmeðferð er lokið. Sá hópur, sem sendur er heim að meðhöndlun lokinni og kallaður til baka síðar til eftirmeðferðar af einhverju tagi, er því mjög fámennur. Samþykkt þessa frv. leiðir því ekki til mikils útgjaldaauka almannatryggingakerfisins, eins og á við um flestar breytingar á lögum um almannatryggingar. Hér er um tiltölulega lítið fé að ræða sem kæmi til greiðslu árlega ef af samþykkt frv. verður — en engu að síður fé sem þá einstaklinga munar mikið um, sem um er að ræða, og getur ráðið úrslitum um efnalega afkomu margra þeirra, heill þeirra og hamingju.

Nd. 49. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 23 10. maí 1977.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur, skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda, skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram, fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti, sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Ef hlutabréf félags hljóða á handhafa, skal boðun vera opinber.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

69. gr.

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til meðferðar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá, er það því ekki til fyrirstöðu, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

70. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra, nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar samkvæmt 2. mgr. 67. gr., ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal fundarstjóri gera skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð, þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir, ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

71. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi

upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á reikningum félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi, skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum, er þess hafa óskað.

72. gr.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

73. gr.

Ákvörðun um breyting félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim, sem nefnd eru í 16., 36. og 42. gr., skal tekin á hluthafafundi. Ákvörðun verður því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli, er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 74. gr.

Samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags skal tilkynnt til hlutafélagaskrár þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi, fyrr en hún hefur verið skráð.

74. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess, að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða til annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 19. og 20. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess, að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó, að 1. tl. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild, að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild, að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum, sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna, ef hluthafar, sem eiga meira en 9/10 hluta hlutafjár þess hlutaflokks, er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

75. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun, sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

76. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geta höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar, sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti, eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því, að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild.

Ákvæði 2. málsgreinar eiga ekki við:

a. Þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa.
b. Þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa, til þess að ákvörðun öðlist gildi, og slíkt samþykki er ekki fengið.
c. Þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra, sem um fundarboðun gilda, hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt.
d. Þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál, eftir að frestur sá, sem tiltekinn er í 2. mgr., er útrunninn, en þó innan tveggja ára, eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau, að ákvörðun hluthafafundar telst ógild, og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera, að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða, hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa, er ekki hafa staðið að málshöfðun.

Endurrit dóma í slíkum málum skal senda til hlutafélagaskrár og þar skráð niðurstaða þeirra, ef ástæða þykir til.

X. KAFLI

Endurskoðun og sérstakar rannsóknir.

77. gr.

Á aðalfundi skal kjósa endurskoðendur, tvo eða fleiri, í samræmi við samþykktir félagsins. Aðalfundur getur einnig kosið varaendurskoðendur. Í samþykktum félagsins má ákveða, að einn eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli tilnefndir á annan hátt.

Ef hluthafahópur, sem ræður minnst 1/10 hlutafjár, krefst þess á aðalfundi, þar sem endurskoðendur skal kjósa, skal stjórn félags fara þess á leit við ráðherra, að hann nefni til einn endurskoðanda, er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt kjörnum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Ef stjórn félagsins hefur ekki komið ósk þessari á framfæri innan tveggja vikna frá aðalfundi, getur hver hluthafi borið fram ósk þessa við ráðherra.

Ráðherra skal þá nefna til löggiltan endurskoðanda. Ráðherra ákveður þóknun til þess endurskoðanda, er hann tilnefnir og skal félagið greiða hana.

78. gr.

Endurskoðendur hlutafélags skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Af endurskoðendum félags skal að minnsta kosti einn vera heimilisfastur hér á landi.

Endurskoðendur skulu með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum, sem nauðsynleg er til rækslu starfans.

Þegar endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun, skal sá, sem falin er endurskoðunin uppfylla skilyrði 78.—80. gr.

Óheimilt er að kjósa samstarfsmenn eða sameigendur að endurskoðunarstofu, sem endurskoðendur í sama hlutafélagi.

Kjósa skal einn af endurskoðendum móðurfélags sem endurskoðanda í dótturfélagi, ef þess er nokkur kostur.

79. gr.

Í hlutafélögum með hlutafé að fjárhæð 5 000 000 króna eða þar yfir, eða þegar skuldir og bundið eigið fé nemur samtals 100 000 000 króna eða þar yfir, eða heildarvelta nemur 300 000 000 króna eða meira, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar, að einhverju af framangreindum mörkum verði þegar náð, skal regla 1. ml. gilda frá þeim tíma, en annars skal við það miða, að skuldir og bundið eigið fé eða heildarvelta hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningum tveggja síðastliðinna reikningsára.

Í félögum, þar sem hlutabréf eru háð opinberri verðskráningu, skulu kosnir endurskoðendur eigi vera færri en tveir og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

Í öðrum félögum getur hluthafahópur, sem ræður yfir minnst 1/10 hlutafjár, krafist þess, að kosinn verði einn löggiltur endurskoðandi. Krafa um þetta skal fram borin á aðalfundi, þar sem kjósa skal endurskoðendur.

80. gr.

Endurskoðandi hlutafélags má ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd þess, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður. Eigi má hann heldur vera í þjónustu stjórnarmanns félagsins, framkvæmdastjóra þess, prókúruhafa eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi þess eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Þann, sem ekki er hlutgengur við kosningu endurskoðanda í móðurfélagi, má ekki kjósa sem endurskoðanda í dótturfélagi.

Endurskoðandi má hvorki vera skuldskeyttur félaginu né félögum í sömu samstæðu.

81. gr.

Í samþykktum félags skal kveðið á um starfstíma endurskoðanda. Starfi endurskoðanda skal ljúka við lok þess aðalfundar, sem haldinn er eftir lok síðasta reikningsárs, sem endurskoðandi var kosinn fyrir, eða ef endurskoðandi er kosinn til óákveðins tíma, þá þegar annar endurskoðandi er kosinn í hans stað.

Endurskoðandi getur hvenær sem er sagt af sér störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra, er kusu hann eða tilnefndu.

Ljúki starfi endurskoðanda, áður en kjörtímabili hans er lokið, eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til að vera endurskoðandi, og enginn varamaður er til að koma í hans stað, þá skal stjórnin annast um, að kosinn verði nýr endurskoðandi í hans stað eins fljótt og unnt er.

82. gr.

Ef endurskoðandi er ekki kosinn eða kosning hans brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 78. gr., 1. og 2. mgr. 79. gr., eða 1. og 2. mgr. 80. gr. eða er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins, þá skal ráðherra tilnefna endurskoðanda, ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða hluthafa

Hafi á aðalfundi ekki verið sinnt kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda skv. ákvæðum 3. mgr. 79. gr., skal ráðherra tilnefna þennan endurskoðanda, þegar tilmæli um það koma fram frá hluthafa. Tilmæli skulu borin fram í síðasta lagi einum mánuði, eftir að aðalfundurinn var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar gildir þar til nýr endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

83. gr.

Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn, og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu, í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Ef um móðurfélag er að ræða, skulu endurskoðendur einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna.

Endurskoðendur skulu fylgja þeim kröfum, sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun, ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju.

84. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skulu sömu aðilar einnig sjá til þess, að endurskoðendur fái þau gögn, þær upplýsingar og þá aðstoð, sem þeir álíta nauðsynlega til að framkvæma verk sitt. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri dótturfélags hafa samsvarandi skyldur við endurskoðendur móðurfélags.

85. gr.

Eftir að endurskoðun er lokið, skulu endurskoðendur með vísun til endurskoðunarskýrslu sinnar, staðfesta með áritun á ársreikninginn, að þeir hafi endurskoðað hann. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram í áritun sinni.

86. gr.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu, er leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund.

Í endurskoðunarskýrslu skal vera yfirlýsing um, hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur, séu samdir í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar, sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti, eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags, skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótar upplýsingar í skýrslu sinni, ef kostur er. Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun, að atvik liggi fyrir, sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra, skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni, sem þeir telja rétt, að hluthafar fái vitneskju um.

87. gr.

Endurskoðendur skulu færa endurskoðunarbók til notkunar fyrir stjórnina, sem hún skal geyma á öruggan hátt. Þar skulu þeir skýra frá, hvaða endurskoðunarvinna hefur verið framkvæmd og þar skal ennfremur færa ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórnina. Eftir hverja færslu skal leggja bókina fyrir næsta stjórnarfund, þar sem stjórnarmenn skulu staðfesta með undirskrift sinni, að þeir hafi kynnt sér það, sem fram kemur í henni.

88. gr.

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félags og skulu vera viðstaddir, þegar til meðferðar eru málefni, sem krefjast nærveru þeirra.

89. gr.

Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félags. Endurskoðanda, sem segir af sér starfi, er þó heimilt að tilkynna þeim endurskoðanda, sem kemur í hans stað, ástæðuna fyrir uppsögn sinni.

90. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða á öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um, að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps, sem ræður yfir minnst ¼ hlutafjárins, getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins, farið þess á leit við ráðherra, að hann tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina, svo framarlega sem ráðherra telur nægilegar ástæður til þeirra. Ráðherra skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess, og þegar við á þeim, sem málið varðar, tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna, áður en hann tekur ákvörðun sína. Ráðherra ákveður fjölda rannsóknarmanna, en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði 1. mgr. 78. gr., 80. gr., 84. gr., 88. gr. og 89. gr. eiga einnig við um rannsóknarmenn, eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafundar. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af ráðherra.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

XI. KAFLI
Ársreikningur.

91. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og jafnframt reikning félagasamstæðu, ef um móðurfélag er að ræða. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirritaðir af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi eða samstæðureikningi, skulu þeir undirritaðir með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu, hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

92. gr.

Reikningsár hlutafélags skal vera tólf mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó ekki lengra en átján mánuðir.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár, nema sérstakar aðstæður gefi efni til annars.

93. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 97., 99. og 100. gr. um eignarhluta í hlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum.

Ársreikningi fylgi upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar. Einnig skulu fylgja honum skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 100. gr.

94. gr.

Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum, sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

95. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. fastafjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst kostnaður við endurbætur, sem færður hefur verið sérstaklega á reikningsárinu eða eignfærður hefur verið á fyrri reikningsárum. Fastafjármuni má annars ekki, að undanteknum ákvæðum 4. og 6. mgr. þessarar greinar, færa á hærra verði en bókfært verð þeirra er í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Fastafjármunir, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu árlega afskrifaðir a. m. k. um þá fjárhæð, er nemur verðrýrnuninni, nema viðkomandi eign hafi þegar verið afskrifuð nægilega. Afskrifa skal, þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, ber að lækka verð viðkomandi eignar að því marki, sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs, má hækka bókfært verð þeirra, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, enda sé hækkunin talin varanleg. Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur má aðeins nota til:

1) nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
2) hækkunar á hlutafé,
3) að leggja í endurmatssjóð, sem aðeins má nota í þeim tilgangi, sem um getur í liðum 1 og 2.

Þá lækkun fastafjármuna, sem ekki verður jöfnuð samkvæmt liðum 1 eða 3 að framan, má jafna með sérstakri afskrift.

Langtímakröfu má færa með áætluðu raunvirði, enda þótt hún hafi verið færð með lægra verði í síðasta efnahagsreikningi sem vafasöm eða verðlaus.

96. gr.

Eigin hlutabréf skulu talin til eignar án verðs, en með upplýsingum um nafnverð bréfanna. Ef hlutabréfin hafa verið löglega keypt á síðustu tveimur reikningsárum, er þó heimilt að færa þau í efnahagsreikningi með verði allt að kostnaðarverði.

Við mat á hlutabréfum móðurfélags í dótturfélagi skal ekki tekið tillit til verðgildis þeirra hlutabréfa, sem dótturfélag kann að eiga í móðurfélagi.

Hafi félag tekið við starfsemi eða fyrirtæki, og kaupverðið er hærra en raunverð hinna fengnu eigna, þá má færa það sem umfram er til eignar meðal fastafjármuna, ef talið verður, að um viðskiptavild sé að ræða. Viðskiptavild skal afskrifa árlega um hæfilega fjárhæð og ekki minna en nemur 10% á ári af kostnaðarverði.

Færa má sem fastafjármuni kostnað við tæknilega og viðskiptalega aðstoð, rannsóknar- og þróunarvinnu, tilraunavinnslu, markaðsrannsóknir og þess háttar, ef um er að ræða verulegt og varanlegt verðmæti fyrir félagið. Árleg afskrift skal nema hæfilegri fjárhæð og ekki lægri en 20% af eignfærðum kostnaði nema við þær sérstöku aðstæður, að lægri afskrift verði talin eðlileg samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána og gengistap vegna slíkra lána, skal eignfæra og afskrifa innan lánstímans, hafi kostnaðurinn ekki verið gjaldfærður strax.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun á hlutafé má ekki eignfæra.

Verðbréf, sem opinber gengisskráning er til um, má ekki færa á hærra verði en síðasta skráðu kaupverði í lok reikningsársins.

Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, má telja með hluta af áætluðum hagnaði, en sýna ber fyllstu varfærni við matið.

97. gr.

Efnahagsreikningur skal sýna eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs.

Eftirfarandi liðir skulu sérgreindir í efnahagsreikningi. Þó skal frekari greining gerð, þar sem aðstæður gefa tilefni til þess. Víkja má frá uppsetningu þessari, að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

A. EIGNIR

1. **Veltufjármunir**
   - 1.1. Sjóður.
   - 1.2. Innstæður í bönkum o. þ. h.
   - 1.3. Viðskiptakröfur.
   - 1.4. Viðskiptavíxlar.
   - 1.5. Aðrar skammtímakröfur.
   - 1.6. Fyrirframgreiðslur.
   - 1.7. Vörubirgðir.
   - 1.8. Verk í vinnu.

2. **Fastafjármunir**
   - 2.1. Hlutabréf og stofnfé í dótturfélögum.
   - 2.2. Hlutabréf og stofnfé í öðrum félögum.
   - 2.3. Skuldabréf og önnur verðbréf.
   - 2.4. Innstæður hjá dótturfélögum.
   - 2.5. Aðrar langtímakröfur.
   - 2.6. Fyrirframgreiðslur.
   - 2.7. Vélar, áhöld og önnur varanleg rekstrartæki.
   - 2.8. Skip og flugvélar.
   - 2.9. Fasteignir.
   - 2.10. Einkaleyfi og hliðstæð réttindi.
   - 2.11. Viðskiptavild, sbr. 3. mgr. 96. gr.
   - 2.12. Skipulagningarkostnaður og annar eignfærður stofnkostnaður, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr.

3. **Aðrar eignir**
   - 3.1. Hlutafjárloforð.
   - 3.2. Eigin hlutabréf.

B. SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

1. **Skammtímaskuldir**
   - 1.1. Skuldir í bönkum.
   - 1.2. Viðskiptaskuldir.
   - 1.3. Viðskiptavíxlar.

1.4. Aðrar víxilskuldir.
1.5. Aðrar skammtímaskuldir.
1.6. Fyrirframgreiðslur.
1.7. Ógreiddur arður.
1.8. Ógreiddur tekju- og eignarskattur.
1.9. Ógreiddir aðrir skattar.

2. Langtímaskuldir

2.1. Veðskuldir.
2.2. Aðrar langtímaskuldir.

3. Bundið óskattlagt fjármagn og aðrar hliðstæðar ráðstafanir

4. Eigið fé

4.1. Bundið eigið fé.
4.1.1. Hlutafé.
4.1.2. Lögbundinn varasjóður.
4.1.3. Endurmatssjóður.
4.2. Frjálst eigið fé.
4.2.1. Frjáls varasjóður.
4.2.2. Yfirfært til næsta árs. Ójafnað tap færist sem frádráttarliður.

Í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum skal ennfremur veita upplýsingar um:

1. Veðsetningar

1. Skrá yfir veð í fasteignum félagsins.
2. Skrá yfir aðrar veðsetningar, með upplýsingum um bókfært verð veðsins.

2. Ábyrgðarskuldbindingar

2.1. Víxlaábyrgðir.
2.2. Aðrar ábyrgðar- og tryggingaskuldbindingar.

98. gr.

Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal tilgreina sérstaklega í efnahagsreikningi. Heimilt er þó að gefa upplýsingar um fjárhæðir slíkra krafna eða skulda í texta í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum. Á sama hátt skal gefa upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir dótturfélög eða móðurfélög.

Hafi félag lánað verðmæti til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess, eða móður- eða dótturfélags, skal samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hafi félag sett veðtryggingu eða tekið á sig aðrar ábyrgðarskuldbindingar fyrir þá aðila, sem nefndir eru í þessari málsgrein, skal þess einnig sérstaklega getið í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum.

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar fyrir þriðja aðila, án þess að það falli undir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

99. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig, að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð, eftir því sem rekstur félagsins gefur tilefni til.

Meðal tekna skal sérstaklega greina:

1. Tekjur af aðalstarfsemi með upplýsingum um heildartekjur og -gjöld.
2. Arð af hlutabréfum í dóttur- eða móðurfélagi.
3. Arð af hlutabréfum í öðrum félögum.
4. Vaxtatekjur.
5. Hagnað, sem fram kemur við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
6. Aðrar óreglulegar tekjur.

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. Vaxtagjöld.
2. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
3. Tap, sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
4. Önnur óregluleg gjöld.
5. Tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir.
6. Tekju- og eignarskatt vegna reikningsársins.

Hagnað þann eða tap, sem tilgreint er í 5. lið 3. mgr. og 3. lið 4. mgr. þessarar greinar, svo og afskriftir og niðurfærslur, sem nefndar eru í 2. lið 4. mgr., skal færa á viðeigandi liði í efnahagsreikningi. Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 6. lið 3. mgr. og 4. lið 4. mgr. svo og þær ráðstafanir, sem nefndar eru í 5. lið 4. mgr. þessarar greinar, skal sundurliða eftir tegundum.

100. gr.

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í ársreikningi, komi þau ekki greinilega fram í ársreikningnum sjálfum.

1. Eignahluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignahluta og bókfært verð í efnahagsreikningi.
2. Varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða. Þar komi fram kostnaðarverð hvers eignaflokks í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum. Þá skal greina heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins. Niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi.
3. Gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra.
4. Hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði, skal það upplýst, ásamt fjárhæð mismunar.
5. Endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun.
6. Ef eftirlaunaskuldbinding félags er ekki færð í efnahagsreikning, skal gefa upplýsingar um hana.
7. Þegar útgefin hlutabréf eru ekki öll sömu tegundar, skal greina frá því, að hvaða leyti bréfin eru frábrugðin, og heildarfjárhæð bréfa í hverjum flokki.
8. Breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða.
9. Ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs, sem hafa verulega áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu.

10. Heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings, sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu.
11. Ef gerðar eru verulegar breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi, sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs, skal gera grein fyrir þeim breytingum.
12. Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið eigin hlutabréf á reikningsárinu eða hlutabréf í móður- eða dótturfélagi, sbr. 43. gr., skal upplýsa um nafnverð þeirra og kaupverð og hlutfall af heildarhlutafé viðkomandi félags.
13. Hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd, skal það koma fram ásamt greinargerð um matið.
14. Þau atriði, sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á skattalega stöðu félagsins, svo sem ef um heimild til yfirfærslu á rekstrartapi frá fyrri árum er að ræða eða ef sala eða önnur afhending á eignum félagsins fyrir bókfært verð gæti leitt til skattlagningar.
15. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 93. og 97. gr.
16. Kröfur á eða skuldir við dótturfélög eða móðurfélög skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 98. gr.
17. Ábyrgðarskuldbindingar vegna hluthafa, stjórnarmanna o. fl. aðila, sbr. 2. og 3. mgr. 98. gr.

101. gr.

Í ársskýrslu skal gefa, nema sérstakar ástæður séu til að ætla, að slíkt gæti skaðað félagið, upplýsingar um atriði, sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

Ársskýrsla skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu félagsins. Ágóðahluti til stjórnar og framkvæmdastjóra skal sérgreindur.

Stjórnin skal í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

Í ársskýrslu móðurfélags skal veita upplýsingar um afkomu félagssamstæðunnar á reikningsárinu, ásamt upplýsingum um frjálst eigið fé hennar eða ójafnað tap.

102. gr.

Í móðurfélagi skal gera samstæðureikning, sem ná skal til sama tímabils og ársreikningur þess. Ef samsetning samstæðunnar eða aðrar sérstakar aðstæður gefa tilefni til, má í stað samstæðureiknings gera samstæðuskýrslu.

Samstæðureikningurinn skal hafa að geyma samantekt á efnahag móður- og dótturfélaganna, saminn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og með hliðsjón af ákvæðum 97. og 98. gr. Í samstæðureikningi skal greina frá afkomu samstæðunnar á reikningsárinu ásamt upplýsingum um frjálst eigið fé eða ójafnað tap. Við gerð reikningsins skal fella brott innbyrðis tekjur og arðgreiðslur milli félaga í samstæðunni.

Í samstæðuskýrslu skal gera grein fyrir kröfum móðurfélags á hvert einstakt dótturfélag og skuldum við það, svo og kröfum eða skuldum hvers dótturfélags við önnur dótturfélög. Í skýrslunni skal einnig veita upplýsingar um afkomu móðurfélagsins á reikningsárinu og frjálst eigið fé þess eða ójafnað tap. Sömu upplýsingar skal gefa um hvert dótturfélag, að því er varðar þann hluta, er viðkemur móðurfélagi. Ennfremur skal veita upplýsingar um afkomu samstæðunnar á reikningsárinu ásamt frjálsu eigin fé hennar eða ójöfnuðu tapi. Við útreikninga þessa skal fella brott innbyrðis tekjur og arðgreiðslur milli félaga í samstæðunni.

Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar, svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi, sem aflaði hennar.

103. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreikningsins, þó ekki síðar en sjö mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár. Með ársreikningnum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um, hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi. Móðurfélag skal ennfremur senda staðfestan samstæðureikning eða samstæðuskýrslu.

XII. KAFLI
Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

104. gr.

Óheimilt er að nota fjármuni félagsins til að greiða hluthafa nema slíkt fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs, eða vegna félagsslita.

Að því marki, sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, skal í félagssamþykktum greint, hvernig ráðstafa skuli ágóða og hvernig skuli fara með eignir félagsins við félagsslit.

105. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði árságóða samkvæmt samþykktum reikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum ágóða frá fyrri árum og frjálsum sjóðum, eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, það fé, sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa, og hæfilegt fé tekið frá til greiðslu áætlaðra skatta til ríkis og sveitarfélaga vegna rekstrar félagsins á reikningsárinu. Nú nemur varasjóður ekki einum tíunda hluta af hlutafénu og má þá ekki greiða hærri arð, en sem nemur tíu hundraðshlutum af greiddu hlutafé, sbr. og 40. gr.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði, að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar, enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

106. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess árságóða, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára, skal leggja í varasjóð, uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð, skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar, þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti, þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað, skal fé það, sem greitt var umfram nafnverð, lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé, sem félagið hefur fengið vegna sölu hlutabréfa samkvæmt 38. gr.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap, sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá, sem umfram er, til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 41. gr. gætt, til annarra þarfa.

107. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs, eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, geta krafist þess á aðalfundi, sé krafan fyrirfram tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 66. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð, sem minnst svarar til helmings þess, sem eftir stendur af árságóða, þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað, það dregið frá, sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess, að meiru sé úthlutað, en sem nemur fimm hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum, eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

108. gr.

Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara, skal hann endurgreiða það, sem hann hefur við tekið, með vöxtum. Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs, ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita, að greiðslan var ólögmæt.

Nú kemur í ljós, að fé fæst ekki endurgreitt, og skulu þá þeir, sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna, framkvæmd hennar, í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila, bera ábyrgð eftir ákvæðum 130.—132. gr.

109. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti, sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins svo og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum, miðað við fjárhagsstöðu félagsins, í sama skyni, sem um getur í 1. mgr.

110. gr.

Félagi er einungis heimilt gegn fullnægjandi tryggingu, og aðeins að því marki, sem eigið fé félagsins er hærra en hlutafé, að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán eða setja tryggingu fyrir þá. Trygging félagsins fyrir áðurnefnda aðila er þó bindandi nema viðsemjendur vissu eða máttu vita, að tryggingin var sett andstætt framanskráðu.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers þess láns, sem veitt hefur verið samkvæmt 1. mgr., svo og sérhverrar þeirrar tryggingar, sem sett hefur verið.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um lán til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags. Ákvæðunum verður ekki heldur beitt um banka.

XIII. KAFLI

Félagsslit.

111. gr.

Um skyldu hlutafélags til að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti.

Nú verða eignir afgangs, þegar bú hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eftir að allar kröfur hafa verið greiddar og úthlutar þá skiptaráðandi þeim til hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, nema lögmætur hluthafafundur ákveði að halda starfsemi félagsins áfram, enda sé lögmæltum skilyrðum til þess fullnægt.

112. gr.

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin af hluthafafundi.

Ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins.

Slíta skal hlutafélagi samkvæmt ákvörðun skiptaréttar:

1. **Þegar félagi skal slíta samkvæmt ákvæðum í lögum eða samþykktum félagsins, en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.**
2. **Ef hluthafar verða færri en tíu.**
3. **Þegar félagið hefur ekki tilkynnt hlutafélagaskrá um stjórn og stjórnarmenn, sem fullnægja skilyrðum, sem ákveðin eru í lögum, eða hefur ekki framkvæmdastjóra, þegar þess er krafist í lögum.**
4. **Þegar ársreikningar, samþykktir og endurskoðaðir, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir hin síðustu þrjú reikningsár.**

Kröfu um slit félags samkvæmt ákvæðum í félagssamþykktum getur einungis hluthafi gert. Þegar þau atvik að öðru leyti liggja fyrir, sem um ræðir í 1.—4. tl. 3. mgr., skal ráðherra tilkynna það skiptaréttinum og krefjast þess, að bú félagsins verið tekið til skipta. Jafnan skal gefa félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf.

113. gr.

Hluthafar, er ráða yfir 1/10 hluta hlutafjárins, geta krafist þess, að félagi sé slitið, ef hluthafar hafa af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félags.

114. gr.

Hafi hluthafafundur tekið ákvörðun um félagsslit, skal þegar í stað tilkynna hlutafélagaskrá þá ákvörðun.

Hluthafafundur sá, sem ákveður félagsslit, skal kjósa skilanefnd, er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins, enda hafi hluthafafundur ekki ákveðið að fá skiptarétti bú félagsins til meðferðar. Hluthafahópur, sem ræður yfir meiru en 1/3 hluta hlutafjár, hefur rétt til að ráða vali eins skilanefndarmanns. Skilanefndarmenn skulu þegar í stað óska löggildingar ráðherra á starfa sínum.

115. gr.

Skilanefnd gerir, svo fljótt sem unnt er, rekstrarreikning fyrir tímabil það, sem liðið er frá síðustu reikningsskilum, svo og efnahagsreikning við upphaf félagsslita. Skylt er fráfarandi félagsstjórn og framkvæmdastjóra að veita alla nauðsynlega aðstoð við reikningsgerð þessa.

116. gr.

Skilanefnd skal láta birta þrisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

117. gr.

Þegar innköllunarfrestur er liðinn, skuldir hafa verið greiddar eða næg trygging sett fyrir þeim að dómi ráðherra og lokið er að koma eignum félagsins í verð, skal skilanefnd gera skýrslu um störf sín og frumvarp að úthlutunarskrá til hluthafa og annarra, sem við eignum eiga að taka. Greiðsla til hluthafa skal vera í réttu hlutfalli við hlutaeign þeirra, nema annað sé ákveðið í félagssamþykkum.

Þegar aflað hefur verið álits löggilts endurskoðanda um skýrslur skilanefndar og frumvarp að úthlutunarskrá, skal nefndin leggja hvort tveggja fyrir hluthafafund til samþykktar.

118. gr.

Skilanefnd skal annast greiðslur samkvæmt úthlutunarskrá, eftir að úthlutun hefur verið ákveðin til fullnaðar. Ef hluthafa eða öðrum hefur verið greitt meira en honum ber, skal hann endurgreiða það, enda ábyrgist skilanefndarmenn, einn fyrir alla og allir fyrir einn, endurheimtuna.

119. gr.

Ágreining um skuldakröfur, skiptingu félagseigna og kostnað af félagsslitum má bera undir skiptarétt, þar sem félag á varnarþing, enda sé um ágreining að ræða, sem bæri undir skiptarétt við opinber búskipti.

Nú rís ágreiningur um málefni, sem í 1. mgr. getur, og skal hann þá borinn undir dómstól innan sex vikna frá því, að skilanefnd tilkynnti aðila véfengingu eða honum varð véfenging á annan hátt kunn.

120. gr.

Ef aðili vitjar ekki fjár þess, sem í hlut hans hefur komið við félagsslit, skal það varðveitt í banka, sem hefur heimild til að taka við geymslufé (despositum), og skal það tilkynnt aðila, ef unnt er. Féð verður eign ríkissjóðs, ef þess er ekki vitjað innan 10 ára frá því, að það var afhent bankanum.

121. gr.

Þegar skilanefnd hefur lokið greiðslum samkvæmt 118. gr. eða komið fé í vörslu samkvæmt 120. gr., skal hún tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá, að félaginu sé slitið. Tilkynningu skal fylgja eintak af úthlutunarskrá, kvittanir fyrir greiðslum eða eftirrit þeirra svo og vörsluskírteini, ef um þau er að ræða.

Skilanefnd sendir hlutafélagaskrá bækur félags og gögn, og skulu þau varðveitt í 10 ár frá félagsslitum hið skemmsta.

Skilanefnd skal birta í Lögbirtingablaði niðurstöður skipta svo og, að skiptum sé lokið.

Nú hefur skiptaréttur fengið bú hlutafélags til opinberra skipta og skal hann þá tilkynna hlutafélagaskrá upphaf og lok skipta.

122. gr.

Nú koma fram eignir, eftir að félagsslitum er lokið og skal skilanefnd þá taka skipti upp að nýju án innköllunar til kröfuhafa. Ef þess er ekki kostur, að skilanefnd taki upp skiptin, skal ráðherra hlutast til um, að skiptaréttur framkvæmi þau.

Tilkynna skal til hlutafélagaskrár upphaf og lok framhaldsskipta og senda þangað eintak af úthlutunarskrá ásamt fylgigögnum.

123. gr.

Meðan greiðslur til hluthafa hafa ekki farið fram, getur hluthafafundur ákveðið, að félagsslitum, er ráðin hafa verið samkvæmt 2. mgr. 112. gr., skuli hætt og félagið haldi áfram störfum, enda gjaldi hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins, því jákvæði.

Samþykkt er því aðeins gild, að greiddar séu eða tryggðar kröfur allra lánardrottna, er ekki hafa fallist á samþykktina. Samþykkt skal tilkynna til hlutafélagaskrár þegar í stað. Ekki má félag hefja starfsemi að nýju, fyrr en samþykkt um það hefur verið skráð í hlutafélagaskrá, enda fullnægi félagið lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

XIV. KAFLI
Samruni hlutafélaga

124. gr.

Með þeirri undantekningu, sem um getur í 129. gr., hefur hluthafafundur einn vald til þess að taka ákvörðun um slit hlutafélags án skuldaskila með þeim hætti, að félagið sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi. Þegar ákvörðun er tekin um þetta, skal gætt fyrirmæla 73. gr. auk frekari fyrirmæla, er félagssamþykktir kunna að kveða á um varðandi félagsslit eða samruna. Á hluthafafundinum skulu lögð fram drög að samningi milli félaganna og skal fylgt ákvæðum 4. mgr. 68. gr. um það. Einnig skal lagt fram endurskoðað, sameiginlegt reikningsyfirlit, er sýnir allar eignir og skuldir hvors félagsins um sig, þær breytingar, sem samruninn er álitinn hafa í för með sér, og drög að efnahagsreikningi (upphafsreikningi) þess félags, sem við tekur, eins og hann mun verða, þegar samruninn hefur farið fram.

Eftir fyrirmælum 1.—3. málsliðar 1. mgr. skal farið með hliðstæðum hætti, ef hluthafafundur ákveður að framselja íslenska ríkinu eða íslensku sveitarfélagi allar eignir hlutafélags. Auk þess skal ákvæðum 126. gr. beitt með hliðstæðum hætti. Framsalið getur farið fram án þess, að gætt sé fyrirmæla 128. gr. Félagsstjórn skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðunina innan viku og getur um leið tilkynnt, að félaginu sé slitið. Tilkynningu skal fylgja samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., og skal hann annað hvort vera í frumriti eða staðfestu endurriti.

125. gr.

Nú er ákveðið að sameina tvö eða fleiri hlutafélög og stofna þannig nýtt félag og eiga þá ákvæði 1. mgr. 124. gr. svo og ákvæði 126.—128. gr. við með hliðstæðum hætti. Ef kjör félagsstjórnar og endurskoðenda fer ekki fram, eftir að hluthafafundirnir hafa samþykkt sameininguna og staðfest samþykktir og efnahagsreikning (upphafsreikning) hins nýja félags, skal innan viku þar frá halda hluthafafund í nýja félaginu til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur.

Tilkynningar vegna sameiningarinnar skulu sendar hlutafélagaskrá innan viku frá samþykkt hennar.

126. gr.

Hluthafar í því félagi eða félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því, að hlutabréf þeirra verði innleyst, ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því, að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu, að þeir, sem nota vilja innlausnarréttinn, gæfu til kynna vilja sinn í því efni og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði, að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði, sem svarar til verðmætis hlutanna og sem skal ákveðið, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því, að mat hefur farið fram.

127. gr.

Ákvörðun um samruna skal tilkynna til hlutafélagaskrár innan viku frá því, að hún var gerð. Hafi tilkynning ekki farið fram innan tveggja mánaða frá því, að ákvörðunin var tekin, fellur hún úr gildi.

128. gr.

Stjórn þess félags, sem sameinað er öðru, skal láta birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið. Eignum félagsins skal halda að-

greindum, þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf að halda eignunum aðgreindum, ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging. Ráðherra úrskurðar eftir kröfu aðila, hvort trygging sú, sem fram er boðin, sé fullnægjandi.

Ef það félag, sem við eignum og skuldum tekur, verður gjaldþrota, meðan það hefur aðgreindar eignir þess félags, sem sameinað er, skulu kröfur á hendur síðarnefnda félaginu svo og kröfur fyrri hluthafa til greiðslu samkvæmt samningnum njóta forgangsréttar til greiðslu af eignum félagsins.

Þegar ekki er lengur skylt að halda eignum þess félags aðgreindum, sem sameinað er öðru og hluthöfum þess félags hefur verið fullnægt, skal senda tilkynningu til hlutafélagaskrár um afskráningu félagsins innan viku. Félagsstjórnir beggja félaganna skulu undirrita tilkynninguna.

Ef endurgjald hluthafa í því eða þeim félögum, sem sameinuð eru öðru hlutafélagi, er að öllu leyti eða hluta fólgið í hlutabréfum í síðarnefnda félaginu, skal ákvæðum 32. gr. ekki beitt um þá hækkun hlutafjár félagsins, sem við þetta verður óhjákvæmileg.

129. gr.

Ef móðurfélag á meira en 9/10 hluta hlutabréfanna í dótturfélagi og fer með samsvarandi hluta atkvæðanna, geta stjórnir félaganna tekið ákvörðun um innlausn móðurfélagsins á þeim hluta hlutabréfanna í dótturfélaginu, sem ekki eru í eigu móðurfélagsins og ákveðið, að móðurfélagið taki við öllum eignum og skuldum dótturfélagsins. Ákvæði 127. gr. og 1.—3. mgr. 128. gr. eiga við með hliðstæðum hætti.

Nú næst ekki samkomulag við hluthafa þá, sem í minnihlutanum eru, um innlausnarverð, og skal það þá ákveðið af matsmönnum, sbr. 3.—5. málsl. 126. gr.

Hluthafar þeir, sem í minnihlutanum eru, eiga rétt á því, að móðurfélagið innleysi hluti þeirra í dótturfélaginu. Ákvæði 2. mgr. eiga þá við með hliðstæðum hætti.

XV. KAFLI
Skaðabætur og fleira

130. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir, þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

131. gr.

Ákvörðun um, að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 130. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð, geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst 1/10 af heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist, að kostnaður sé greiddur af félaginu allt að þeirri fjárhæð, sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð, er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins, ef félagið telst hafa verið ógjaldfært, þegar ákvörðun var tekin eða gjaldþrotaskipti hefjast innan árs frá ákvörðuninni.

132. gr.

Skaðabótamál þau, sem um ræðir í 131. gr., skal höfða, nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a) Gegn stofnendum innan þriggja ára frá því, að ákvörðun um stofnun félags var tekin.
b) Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan þriggja ára frá lokum þess reikningsárs, þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.
c) Gegn endurskoðendum innan tveggja ára frá því, að endurskoðun var gerð og lögð fram á aðalfundi.

Mál samkvæmt 3. mgr. 131. gr. skal höfða síðast þrem mánuðum eftir, að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

XVI. KAFLI
Erlend hlutafélög.

133. gr.

Ráðherra getur veitt hlutafélagi, sem á lögheimili og varnarþing erlendis, rétt til að starfa hér á landi, ef fullnægt er eftirtöldum skilyrðum:

1. Að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
2. Að félagið fullnægi meginskilyrðum laga þessara fyrir því að teljast hlutafélag.
Í 2. mgr. er vísað til ákvæða 4. mgr. 68. gr. varðandi framlagningu tillögu um hlutafjárhækkun til athugunar fyrir hluthafa og samkvæmt því ber að leggja slíka tillögu fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis viku fyrir hluthafafund hið skemmsta og samtímis senda hana sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess hefur óskað.

Þegar reikningar síðasta reikningsárs eru ekki til umræðu á hluthafafundi, þar sem fjalla skal um tillögu um hækkun hlutafjár, þ. e. a. s. þegar hlutafjárhækkun er til meðferðar á aukafundi, skal leggja fram þau gögn, sem greind eru í a)—c) lið 2. mgr. og veita eiga upplýsingar um fjárhagsstöðu félagsins. Er þar um að ræða eftirrit reikninga síðasta reikningsárs, skýrslu stjórnar um atriði, er skipta verulegu máli um fjárhagsstöðu félagsins frá gerð síðustu reikninga og umsögn endurskoðanda um framangreinda skýrslu stjórnar. Ekkert er því til fyrirstöðu, að ákvörðun um hlutafjárhækkun sé tekin á aukafundi og er ákvæðum b) og c) liðs um upplýsingaskyldu stjórnar og umsögn endurskoðanda þá ætlað að tryggja, að upplýsingar liggi fyrir um mikilvæg atriði varðandi fjárhagsstöðu félagsins, sem breyst kunna að hafa, eftir að reikningar voru gerðir. Í skýrslu stjórnar ber ekki aðeins að veita upplýsingar um atriði, sem hafa beint bókhaldslegt gildi, heldur einnig um breytt atvik, er skipt geta máli um fjárhagslega stöðu félagsins, þegar litið er til lengri tíma, svo sem verðlags- og markaðsbreytingar.

Um 28. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu, að hluthafar skuli við hækkun hlutafjár eiga rétt til áskrifta að nýjum hlutum í hlutfalli við hlutaeign sína. Regla þessi er reist á þeim sjónarmiðum, að rétt sé og eðlilegt, að fyrri hluthafar haldi hlutdeild sinni í heildarhlutafjáreign félags hlutfallslega, þótt nýjum hlutum sé bætt við og þar með aðstöðu sinni og áhrifum í félaginu. Þá verður ennfremur að telja rétt, að eldri hluthafar njóti forgangs til þess hagnaðar, sem útgáfa nýrra hluta getur veitt, ef fjárhagur félags er góður.

Framangreind meginregla er þó frávíkjanleg á þann veg, að samkvæmt 4. mgr. er hluthafafundi heimilt að víkja frá henni með þeim atkvæðameirihluta, sem þarf til breytinga á samþykktum og greindur er í 73. gr. Samkvæmt því þarf samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, til þess að frávik frá meginreglunni um forgangsrétt eldri hluthafa sé gilt. Auk þessa atkvæðameirihluta þarf ákvörðun að öðru leyti að uppfylla frekari fyrirmæli, er félagssamþykktir kunna að kveða á um. Ljóst er því, að forgangsréttur til áskriftar að nýjum hlutum er ekki í eðli sínu réttur hvers hluthafa fyrir sig og óskerðanlegur nema samþykki allra komi til. Hins vegar gæti komið til kasta 3. mgr. 74. gr. og 75. gr., ef aðeins á að skerða forgangsrétt sumra hluthafa.

Samkvæmt 2. mgr. er unnt að ákveða fyrirfram með ákvæðum í samþykktum, að einungis sumir hlutir hafi forgangsrétt til áskriftar.

Sérreglu er að finna í 3. mgr. um þau tilvik, þegar fleiri en einn hlutaflokkur er í hlutafélagi. Skal þá beita reglum samþykkta um innbyrðis áskriftarrétt flokkanna og er vísað til 17. gr., sem m. a. kveður á um að taka skuli fram um mun milli hlutaflokka í samþykktum, þ. á m. um rétt til áskriftar að nýju hlutafé.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Markmið þeirra er að tryggja, að hluthafar geti notfært sér forgangsrétt sinn til áskriftar að nýjum hlutum við hækkun hlutafjár eða hlutdeildar í útgáfu jöfn-

unarhluta. Því er lagt til í greininni, að hver hluthafi skuli eiga rétt á því að fá áskriftarvottorð fyrir hvert hlutabréf, sem hann á, þar sem greint sé, hvers krafist er til áskriftar að nýjum hlutum eða jöfnunarhlutum við hækkun hlutafjár.

Hér er ekki mælt fyrir um fortakslausa skyldu til útgáfu áskriftarvottorða, þannig að félaginu beri af eigin frumkvæði að láta í té áskriftarvottorð fyrir hvern hlut í því, heldur er hér einungis um að ræða rétt fyrir hluthafa til að krefjast þessara skilríkja. Hluthafa kann að vera þörf á áskriftarvottorði fyrir hvern hlut t. d., ef hann hyggst framselja hluta af áskriftarrétti sínum.

Í 2. mgr. greinarinnar eru ákvæði, sem ætlað er að tryggja það, að réttur aðili beiti áskriftarréttinum.. Samkvæmt þeim skal framvísa hlutabréfum við útgáfu áskriftarvottorða og árita þau um útgáfuna. Ennfremur skal rita á hlutabréf um áskrift, þegar áskrift er gerð að hlutafjárauka eða jöfnunarbréf gefin út án þess, að notað sé áskriftarvottorð.

Um 30. gr.

Í grein þessari er fjallað um þau atriði, sem geta ber í ákvörðun um hækkun hlutafjár. Greinin nær einungis til þeirrar hlutafjárhækkunar, sem fer fram með áskrift nýrra hluta. Í 37. gr. er kveðið á um, hvað greina skuli í ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta.

Í 1.—7. tl. 1. mgr. eru rakin þau atriði varðandi hina nýju hluti, sem í sérhverri ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal veita upplýsingar um, þ. e. a. s. um er að ræða lágmarksupplýsingar. Upplýsingar um það efni, er getur í 2. mgr., þarf því aðeins að hafa í ákvörðuninni, að hömlur þær, sem þar um ræðir, eigi að gilda um hina nýju hluti.

Um einstök atriði greinarinnar skal eftirfarandi tekið fram:

1. tl. Fjárhæð hækkunarinnar skal annað hvort ákveðin með tiltekinni upphæð eða innan tiltekinna marka.

2. tl. Um hlutaflokka sjá 17. gr. Ef mynda á nýja hlutaflokka í félaginu, verður að greina sérreglur þær, sem um þá skulu gilda.

3. tl. Um forgangsrétt hluthafa sjá 28. gr.

4. tl. Lengd áskriftarfrests takmarkast af ákvæðum 2. mgr. 34. gr., sem fjallar um tilkynningu til hlutafélagaskrár um ákvörðun um hlutafjárhækkun.

5. tl. Viðvíkjandi þessum tölulið skal bent á 16. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að við hækkun hlutafjár skuli hlutir greiddir að fullu í síðasta lagi ári eftir, að hækkunin hefur verið tilkynnt hlutafélagaskrá, en samkvæmt 2. mgr. 34. gr. skal minnst fjórðungur hlutafjáraukans vera greiddur, áður en tilkynning er gerð til hlutafélagaskrár og skal tilkynna samkvæmt síðastnefndu ákvæði innan árs frá því, að ákvörðun um hlutafjárhækkun var tekin.

6. tl. Minnt skal á ákvæði 1. mgr. 13. gr. um, að greiðsla hlutar megi ekki vera lægri en nafnverð hans.

7. tl. Um það, hvenær hlutir verði að hljóða á nafn, sjá 18.—21. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um viðskiptahömlur og innlausnarskyldu á hinum nýju hlutum. Í ákvörðun um hlutafjárhækkunina þarf því aðeins að taka fram um þetta, ef hömlur þessar og takmarkanir eiga að gilda um hina nýju hluti.

Í 3. mgr. er fjallað um það, hvenær hlutafjárhækkun skal teljast komin til framkvæmda í þeim skilningi, að áskrifandi geti beitt réttindum sínum sem hluthafi í félaginu. Lagt er til, að réttindanauln þessi miðist við skráningardag hlutafjárhækkunarinnar, en jafnframt verði heimilt að víkja frá þessari reglu í samþykkt hluthafafundar um hækkunina. Hluthafafundur getur því í ákvörðun sinni látið réttindi þessi koma til framkvæmda fyrr eða síðar en framangreind meginregla segir til um.

Um 31. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli.

Aðalákvæðin um efni það, er greina ber í ákvörðun um hækkun hlutafjár, eru í 30. gr.

Í þessari grein er hins vegar mælt svo fyrir, að ákvörðun um hækkun hlutafjár skuli, auk þeirra atriða, sem talin eru í 30. gr., hafa að geyma sérstakar reglur um greiðslu hinna nýju hluta, ef ætlunin er, að þá megi greiða á annan hátt en með reiðufé eða ef áskrifandi má skuldajafna kröfu þeirri, sem af áskriftinni er risin, við kröfu, sem hann kann að eiga á hendur félaginu. Ákvæði þessu er ætlað að vernda hagsmuni hluthafa með því að koma í veg fyrir, að félagsstjórn hafi óbundnar hendur við ákvörðun á greiðslufyrirkomulagi hinna nýju hluta. Í síðari málsl. 1. mgr. er kveðið svo á, að ákvæði 5. gr. skuli gilda, ef ákveðið er við hlutafjárhækkun, að hina nýju hluti megi greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé. Gilda því sömu reglur um þetta efni við hækkun hlutafjár og við stofnun félags. Skal því m. a. gera grein fyrir þeim atriðum, sem nauðsynleg eru til þess, að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti, er hlutafélagið skal taka við svo og leggja fram reikninga og önnur gögn, ef taka á við fyrirtæki í rekstri. Vísun greinarinnar til 5. gr. hefur ennfremur í för með sér, að ákvæði 4. mgr. 5. gr. um ógilda samninga eiga við um samninga, sem ekki hljóta staðfestingu hluthafafundar í sambandi við hækkun hlutafjár. Til nánari upplýsinga um þessi efni má að öðru leyti vísa til 5. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana.

Rétt er að vekja athygli á því, að stundum kann að leika vafi á, hvort líta beri á, að greiðsla sé innt af hendi með skuldajöfnuði annars vegar eða í reiðufé eða öðrum verðmætum hins vegar. Á hinn bóginn er ekki vandkvæðum bundið að greina á milli greiðslna í reiðufé annars vegar og öðrum verðmætum hins vegar.

Til þess að auðvelda hluthöfum að taka afstöðu til hækkunar hlutafjár, sem greiða á í öðrum verðmætum en reiðufé eða með skuldajöfnuði, er svo mælt fyrir í 2. mgr. greinarinnar, að löggiltur endurskoðandi skuli gefa skýrslu um þau atriði, sem um ræðir í 1. mgr. og vikið hefur verið að hér að framan, þ. á m. skal endurskoðandinn sérstaklega greina, hvort skuldajöfnuður eða greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé sé eðlileg. Ákvæði síðari málsl. 2. mgr. um framlagningu skýrslu endurskoðanda og annarra skjala miða að því, að gefa hluthöfum tóm til að kynna sér málið og gera upp hug sinn í þessum efnum fyrir hluthafafund.

Um 32. gr.

Í 32.—34. gr. eru settar reglur um áskrift að nýjum hlutum við hækkun hlutafjár og er hér ýmist um ný eða fyllri ákvæði að ræða en nú eru í lögum. Áskrift að nýjum hlutum er formbundin hliðstætt og gildir við stofnun félags.

Aðalreglan er sú samkvæmt 1. mgr., að áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá, sem félagsstjórn gerir og undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundarins um hlutafjárhækkun og geta þær upplýsingar annað hvort verið sjálfstæð greinargerð eða í formi endurrits úr gerðabók hluthafafundar. Samkvæmt þessu skal áskriftarskrá hafa að geyma upplýsingar um þau efni, er greinir í 30. og 31. gr., sbr. og 5. gr. Til frekari upplýsinga fyrir áskrifendur að hinum nýju hlutum er í 1. mgr. mælt fyrir um framlagningu nokkurra gagna við áskrift. Er þar um að ræða samþykktir félags og gögn þau, er greinir í 2. mgr. 27. gr., þ. e. a. s. eftirrit reikninga síðasta reikningsárs, skýrslu stjórnar um atriði, er verulegu máli skipta um fjárhagsstöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir gerð reikninga og umsögn endurskoðanda um fyrrnefnda skýrslu stjórnar. Ef greiðsla hlutafjárins lýtur ákvæðum 1. mgr. 31. gr. skal leggja fram við áskriftina gögn þau, er um ræðir í 2. mgr. 31. gr., þ. e. a. s. skýrslu löggilts endurskoðanda um tiltekin atriði og skjöl þar að lútandi.

Í 2. mgr. er heimild til þess að víkja frá aðalreglu 1. mgr., að áskrift nýrra hluta skuli gerð á áskriftarskrá, og einfaldari aðferð höfð við áskrift að því þó til-

skildu, að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Frávikið er fólgið í því, að áskrift má fara fram með skráningu í gerðabók fundarins og skilyrðin fyrir heimild til slíks eru þau, að áskrift þeirra, sem samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins hafa rétt til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutum, fáist á hluthafafundinum að öllum hlutum. Í þessum tilfellum er því unnt að nota gerðabók fundarins sem áskriftarskrá.

Um 33. gr.

Í þessari grein er fjallað um afleiðingar þess, að fyrirmælum í 32. gr. um form og aðferð við áskrift er ekki fylgt eða áskrift er gerð með fyrirvara. Greinin kveður svo á um, að beitt skuli reglum 7. gr. í þessum tilfellum, en sú grein fjallar m. a. um það, hvernig með skuli fara, ef út af þeim reglum er brugðið, sem settar eru um áskrift að hlutum í sambandi við stofnun félags. Vísast um þetta efni til 7. gr. og athugasemda við hana.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Í 1. tl. 1. mgr. 30. gr. er mælt svo fyrir, að tilgreina skuli fjárhæð hlutafjáraukans í ákvörðun um hækkun hlutafjár og samkvæmt 4. tl. 1. mgr. sömu greinar ber að taka fram um áskriftarfrest í ákvörðuninni. Í frumvarpinu er lengd áskriftarfrests settar ákveðnar skorður. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 30. gr. má fresturinn ekki vera skemmri en tvær vikur og með ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar, um tilkynningu til hlutafélagaskrár um ákvörðun um hlutafjárhækkun innan árs, er fresturinn takmarkaður á hinn veginn. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um, hversu með skuli fara, ef áskrift hefur ekki fengist að því lágmarki hlutafjárauka, sem ákveðið hefur verið, áður en áskriftarfresturinn er liðinn. Afleiðingin er sú, að ákvörðunin um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa, sem þegar hafa skráð sig fyrir hlutum, falla niður. Eftir að áskrift að hlutafjárauka er hafin, er ekki gerlegt að breyta lágmarksfjárhæð eða áskriftarfresti. Til þess að gera slíkar breytingar er ekki um annað að ræða en hefjast handa að nýju með nýrri ákvörðun um hækkun hlutafjár.

Eftir að áskriftarfrestur er liðinn, kann svo að fara, að stjórn félags neiti að samþykkja svo mikinn hluta þeirrar fjárhæðar, sem áskrift hefur fengist fyrir, að það, sem skráð hefur verið og samþykkt, er lægra en hin ákveðna lágmarksfjárhæð hlutafjáraukans. Slík tilfelli falla undir ákvæði 1. mgr.

Ef hlutafjárhækkun fer út um þúfur þannig að beita verður ákvæðum 1. mgr., sem að framan er lýst, verður að sjálfsögðu að endurgreiða það, sem þegar hefur verið greitt af hlutafé, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna reglur um tilkynningu til hlutafélagaskrár um hlutafjárhækkun og eru þær reglur áþekkar ákvæðum 11. gr., um tilkynningu félags til skráningar. Þegar áskrift hefur fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjáraukans innan áskriftarfrestsins, hefur hlutafjárhækkunin heppnast að því leyti, að ekki kemur til kasta ákvæða 1. mgr. Er þá stjórn félags skylt að tilkynna hlutafélagaskrá um hlutafjárupphæð þá, sem skráð hefur verið og stjórnin hefur samþykkt og ekki er ómerkt samkvæmt ákvæðum 16. gr. Tilkynning þessi getur þó ekki farið fram, fyrr en minnst fjórðungur hlutafjáraukans hefur verið greiddur og skal í tilkynningunni greina þá fjárhæð, sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina. Þegar skilyrði eru fyrir því, að tilkynning geti farið fram, svo sem að framan er lýst, kemur til kasta ákvæða 145. gr., um að tilkynna skuli breytingar á félagssamþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, innan mánaðar. Upphaf þessa mánaðarfrests telst frá því tímamarki, er áðurnefnt innborgunarskilyrði er uppfyllt. Þess er ekki krafist, að fjórðungur hvers hlutar um sig sé greiddur, heldur er nægilegt, að greiðsla fjórðungs af heildarfjárhæðinni hafi farið fram, sbr. um hliðstæð atriði í 11. gr. og athugasemdum við hana. Vegna ákvæða 16. gr. um skyldu ráðherra til að láta skrá lækkun hlutafjár verður hins vegar að taka fram í tilkynningunni um innborgun á hvern hlut.

Ákvæði síðari málsl. 2. mgr. um, að reglur 1. mgr. skuli eiga við, ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan árs frá því, að ákvörðun var tekin, fela í sér skorður við því, hversu langur greiðslufrestur lágmarks hlutafjáraukans (fjórðungs) má vera. Ef greiðslufresturinn er ákveðinn lengri en 11 mánuðir, skerðist tilkynningafresturinn skv. 145. gr. tilsvarandi.

Reglur um greiðslu hlutafjár að öðru leyti og um afleiðingar þess, ef út af þeim er brugðið, er að finna í III. kafla frumvarpsins. Auk framangreinds ákvæðis um áhrif þess, að tilkynning er ekki gerð innan árs, er svo kveðið á um í síðari málsl. 2. mgr., að reglur 1. mgr. skuli eiga við, ef skráningu er synjað. Rétt er að benda á að líta verður á ákvæði 2. mgr. greinar þessarar með hliðsjón af 16. gr., sem hefur að geyma reglur um greiðslu hluta við hækkun hlutafjár að fullu, og tilkynningar þar um.

Um 35. gr.

Grein þessi fjallar um heimild stjórnar til þess að hækka hlutaféð. Í 24. gr. gildandi laga er fjallað um þetta efni og er þar kveðið svo á um, að hluthafafundur geti heimilað stjórninni að hækka hlutaféð svo og að stjórn sé heimilt að bjóða út hlutafjárauka að áskildu samþykki hluthafafundar. Heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár er því með tvennum hætti samkvæmt gildandi lögum. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til, að breyting verði gerð frá gildandi lögum á þá lund, að stjórn geti því aðeins hækkað hlutaféð með áskrift nýrra hluta, að hún hafi til þess sérstaka heimild samkvæmt ákvæðum samþykkta. Segja má, að stjórnin hafi samkvæmt þessari skipan nokkuð rýmri hendur um hækkun hlutafjár en samkvæmt gildandi lögum að því leyti, að ekki þarf samþykki hluthafafundar til að koma hvorki fyrirfram né eftir á. Heimild stjórnar samkvæmt greininnni til hækkunar hlutafjár byggist alfarið á ákvæðum samþykkta um það svo sem áður getur.

Hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta er mikilvæg ráðstöfun, sem eðlilegt er, að hluthafafundur einn hafi almennt vald til þess að ákveða, sbr. 27. gr. Hins vegar ber að taka tillit til þess, að of tímafrekt og umfangsmikið kann að reynast að kveðja saman aukafund, einkum í stórum félögum, þegar hraða þarf hlutafjárhækkun, sem oft getur reynst nauðsynlegt til þess, að tilganginum með hækkuninni verði náð. Í löggjöf um hlutafélö.g hefur því víðast hvar verið tekið tillit til þessa með því að veita stjórn ákveðna heimild til hækkunar hlutafjár. Mismunandi er, hversu langt heimild stjórnar nær og hvernig henni er fyrir komið.

Ef sett eru ákvæði í samþykktir um heimild fyrir félagsstjórn til þess að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta, skal samkvæmt greininnni taka fram í samþykktunum hámark og lágmark þeirrar fjárhæðar, sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, ásamt þeim atriðum, sem um getur í 2., 3. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. Samþykktir skulu því hafa að geyma ákvæði um sömu atriði og vera skulu í ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjár samkvæmt 30. gr. Undanskilin eru þó þau atriði, sem greinir í 4.—6. tl. 1. mgr. 30. gr., þ. e. a. s. um fresti til áskriftar og greiðslu hinna nýju hluta, nafnverð þeirra og útboðsgengi. Upplýsingar um þessi efni skulu hins vegar vera í áskriftarskrá, sbr. 3. mgr. 36. gr., enda er tæpast unnt að taka ákvörðun um þau, fyrr en hlutafjárhækkunin á að fara fram.

Samkvæmt síðari málsl. 2. mgr. getur stjórn ekki ákveðið, að hækkunin skuli að nokkru eða öllu gerð án greiðslu í reiðufé, nema þess sé sérstaklega getið í samþykktum. Ef samþykktir á hinn bóginn heimila greiðslu með skuldajöfnuði eða öðrum verðmætum en reiðufé, getur stjórn ákveðið nánari kjör, þegar hlutafjárhækkunin á að greiðast með slíkum hætti.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. um, að eigi megi ákveða hækkun hlutafjár, fyrr en félagið hefur verið skráð, eru því ekki til fyrirstöðu, að heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar sé sett í félagssamþykktir þegar við stofnun félags. Stjórnin getur hins vegar ekki notað heimildina, fyrr en félagið er skráð.

Á það skal bent, að samkvæmt grein þessari er einungis unnt með ákvæðum í samþykktum að heimila stjórn að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta. Ekki verður því stjórn með ákvæðum í samþykktum veitt heimild til hækkunar hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta.

Um 36. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar heimilar stjórn félags að gera þær breytingar á samþykktum, sem leiða af hlutafjárhækkun samkvæmt 35. gr. að því tilskildu, að ekki séu í sambandi við ákvörðun um hækkun hlutafjárins gerðar aðrar breytingar á þeim. Hér er um heimild að ræða til handa stjórn félags. Þótt stjórnin noti vald sitt til hækkunar hlutafjár samkvæmt ákvæðum samþykkta, kann hún að vilja, að hluthafafundur afgreiði breytingar þær á samþykktum, sem af hlutafjárhækkuninni leiða, og er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu. Ofannefnd heimild stjórnar nær til sérhverrar þeirrar breytingar á samþykktum, sem er bein afleiðing hlutafjárhækkunarinnar, svo sem varðandi upphæð hlutafjár og einstakra hluta, tilkomu nýs hlutaflokks og sérstakra reglna um hann, breyting reglna um ráðningu framkvæmdastjóra, sbr. 46. gr., o. fl.

Í 2. mgr. greinarinnar er mælt svo fyrir, að þeim hluthöfum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skuli strax eftir ákvörðun stjórnar um hlutafjárhækkun send tilkynning um það eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar ásamt upplýsingum um, hvernig þeir skuli bera sig að, ef þeir vilja nota sér forgangsrétt sinn til áskriftar. Ákvæði þetta er hliðstætt 3. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um, hvaða upplýsingar áskriftarskráin skal hafa að geyma svo og hvaða reglur að öðru leyti skuli gilda um áskriftina. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr. og 32. gr., að áskriftarskrá hafi að geyma sömu upplýsingar og ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjárins. Með ákvæðum þessarar málsgreinar er ætlunin að tryggja, þegar hlutafjárhækkun fer fram samkvæmt ákvörðun stjórnar, að áskrifendur að hlutafé eigi aðgang að upplýsingum í áskriftarskrám í sama mæli og að framan greinir. Rétt er að geta þess, að við áskrift skal leggja fram gögn þau, er greinir í 2. mgr. 27. gr., þar sem í síðari málsl. 3. mgr. er m. a. vísað til 32. gr. frumvarpsins, en sú grein vísar til 2. mgr. 27. gr.

Um 37 gr.

Ákvæði um útgáfu jöfnunarhlutabréfa eru ekki í gildandi lögum um hlutafélög og er hér því um nýmæli að ræða.

Svo sem fram kemur í athugasemdum við 27. gr. eiga ákvæði 27.—29. gr. við um hækkun hlutafjár, hvort sem hún fer fram með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Ákvæði 30.—36. gr. gilda hins vegar aðeins um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta og ákvæði 37.—38 gr. einvörðungu, þegar hækkun hlutafjár fer fram með útgáfu jöfnunarhluta.

Samkvæmt meginreglunni um jafnan rétt í félaginu, sbr. 17. gr. og 3. mgr. 74. gr., eiga allir hluthafar rétt til hlutfallslegrar hlutdeildar í jöfnunarhlutum.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um, með hvaða hætti hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta getur farið fram.

Þær leiðir, sem um er að ræða, eru sem hér segir:

1. Yfirfærðar eru fjárhæðir, sem samkvæmt 105. gr. má greiða sem arð.

   Sú fjárhæð, sem unnt er að nota til útgáfu jöfnunarhluta samkvæmt þessu, er því ágóði samkvæmt samþykktum ársreikningi, yfirfærður ágóði frá fyrri árum svo og frjálsir sjóðir, allt að því tilskildu, að fé hafi verið dregið frá eða lagt til hliðar til þeirra þarfa, sem mælt er fyrir um, sbr. nánar í 105. gr. Í 2. málsl. 1. mgr. 105. gr. er hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta á þann hátt, er hér um ræðir, settar nokkrar skorður, þar sem þar er svo kveðið á um, að ekki megi úthluta sem arði hærri fjárhæð en sem nemur 10% af greiddu hlutafé, ef varasjóður er lægri en 1/10 af hlutafénu.

Þar eð 37. gr. vísar ekki til 107. gr., er hluthafafundur ekki bundinn við afstöðu stjórnar til upphæðar hlutafjárhækkunarinnar. Rökin eru þau, að fjárhæðir þær, sem yfirfærðar eru vegna útgáfu jöfnunarhluta, haldast í félaginu. Hins vegar eiga ákvæði 2. mgr. 105. gr. við, sem leiðir til þess, að mögguleikar móðurfélags til útgáfu jöfnunarhluta eru háðir fjárhagsstöðu samstæðunnar í heild.

2. Yfirfærðar eru fjárhæðir, sem komið hafa fram vegna verðhækkunar eigna samkvæmt 4. mgr. 95. gr.

   Um verðhækkanir fastafjármuna og notkun þeirrar fjárhæðar, sem hækkuninni nemur, skal vísað til 4. mgr. 95. gr.

3. Yfirfærðar eru fjárhæðir frá lögmæltum varasjóði samkvæmt 3. mgr. 106. gr.

   Í 3. mgr. 106. gr. er kveðið svo á um, að einungis sé unnt að nota þann hluta lögmælts varasjóðs, sem umfram er einn fjórða hluta hlutafjárins, til hækkunar hlutafjár. Að öðru leyti skal vísað til 3. mgr. 106. gr. og athugasemda við hana.

Svo sem fjallað hefur verið um í sambandi við 35. gr., er ekki unnt að heimila stjórn að hækka hlutaféð með útgáfu jöfnunarhluta. Það er því hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um hækkun hlutafjár, sem fara á fram með þeim hætti.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal greina, hve mikið hlutaféð skal hækka. Tilgreina verður því ákveðna fjárhæð, en ekki innan tiltekinna marka, svo sem heimilað er samkvæmt 30. gr. Að öðru leyti gilda þau ákvæði 30. gr., sem átt geta við um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

Ákvæði 2. mgr. hafa það í för með sér, að ekki má gefa út jöfnunarhlutabréf, fyrr en ákvörðunin hefur verið tilkynnt og skráð. Ákvæði þetta er áþekkt reglu 2. mgr. 21. gr.

Um 38. gr.

Grein þessi fjallar um, hvernig með skuli fara, þegar sá, er rétt á til jöfnunarhlutabréfs, krefst ekki afhendingar bréfsins.

Oft kann að bera við, einkum í stórum hlutafélögum, að einhverjir þeirra, er rétt eiga til jöfnunarhlutabréfa, gera ekki kröfu um afhendingu bréfanna. Verður að teljast nauðsynlegt, að settar séu reglur, sem gera félögunum kleift að losna við varðveislu slíkra bréfa eftir hæfilegan tíma, en auk þess óhagræðis, sem félög myndu hafa af varðveislu slíkra bréfa ótímabundið, má benda á þau vandkvæði, sem skapast geta vegna óafhentra bréfa, þegar fjalla skal á hluthafafundum um mál, sem samþykki allra hluthafa eða mjög aukins meirihluta þeirra þarf til.

Ákvæði greinarinnar miða að því að gera félögunum kleift að leysa vandamál af því tagi, sem að framan greinir og upp geta komið.

Samkvæmt greininni er stjórn félags heimilt, séu fimm ár liðin frá skráningu hlutafjárhækkunar vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa og sá, er rétt á til slíkra bréfa, hefur ekki komið fram með kröfu um að fá bréfin afhent, að skora á þá, sem hlut eiga að máli, með tilkynningu í Lögbirtingablaði að sækja bréf sín innan sex mánaða. Segja má, að hér sé um að ræða fyrningu réttar til bréfanna. Hafist hluthafi ekki að innan frestsins, þrátt fyrir áskorun, er stjórn félagsins heimilt að selja bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði. Sé söluandvirðis ekki vitjað innan fimm ára frá söludegi, rennur féð til félagsins. Með reglum þessum er leitast við að gæta hagsmuna beggja aðila, félagsins og hluthafa.

Um VI. KAFLA

Í 26.—27. gr. gildandi laga eru ákvæði um lækkun hlutafjár. Í þessum kafla frumvarpsins (39.—42. gr.) eru sett ný og fyllri ákvæði um það efni. Eitt meginmarkmið reglna um lækkun hlutafjár er að tryggja, að hagur lánadrottna félags skerðist ekki vegna lækkunarinnar.

Um 39. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu, að ákvörðun um lækkun hlutafjár sé einungis á valdi hluthafafundar. Frá þeirri meginreglu eru gerðar tvær undantekningar. Í fyrsta lagi er um að ræða hlutafjárlækkun samkvæmt 16. gr., sem stjórn félags tekur ákvörðun um. Í 16. gr. er mælt fyrir um greiðslu hluta við hækkun hlutafjár, greiðslufresti og tilkynningar til hlutafélagaskrár um greiðslu. Verði hækkunarhlutir ekki greiddir innan tilskilinna tímamarka og stjórnin hefur ekki tilkynnt um hlutafjárlækkun vegna hinna ógreiddu hækkunarhluta, er ráðherra gert skylt að láta skrá lækkun hlutafjár samsvarandi nafnverði hinna ógreiddu hluta. Í öðru lagi getur stjórn ákveðið hlutafjárlækkun samkvæmt 42. gr., en sú grein fjallar um hlutafjárlækkun með innlausn hluta.

Þar sem lækkun hlutafjár hefur í för með sér breytingu á félagssamþykktum, verður ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárlækkun að öðlast samþykki þess meirihluta, sem greinir í 73. gr., til þess að taka gildi. Forsenda fyrir því, að hinar almennu reglur 73. gr., um samþykki breytinga á félagssamþykktum dugi til þess, að hlutafjárlækkun öðlist gildi, er þó sú, að með hlutafjárlækkuninni sé ekki raskað réttarsambandinu milli hluthafa. Leiði ákvörðun um hlutafjárlækkun til röskunar á réttarsambandi milli hluthafa, eiga ákvæði 3. mgr. 74. gr. við.

Samkvæmt síðari málsl. 1. mgr. má ekki taka ákvörðun um lækkun hlutafjár, fyrr en félag hefur verið skráð. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að tryggja, að við stofnun félags leiki enginn vafi á því, hver upphæð hlutafjár er, sbr. 1. mgr. 27. gr. um hliðstætt efni.

Til þess að geta tekið afstöðu til lækkunar hlutafjár, þurfa hluthafar á hliðstæðum upplýsingum að halda og þegar fjallað er um ákvarðanir um hlutafjárhækkun. Því er mælt svo fyrir í 1. málsl. 2. mgr., að ákvæði 2. mgr. 27. gr. skuli gilda um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Samkvæmt þessu skal tillaga um hlutafjárlækkun liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim skv. reglum 4. mgr. 68. gr. svo og lögð fram á hluthafafundi. Um nánari upplýsingar þessu viðvíkjandi skal vísað til 2. mgr. 27. gr. og athugasemda við hana.

Í ákvörðun um hlutafjárlækkun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutaféð um, og í því sambandi ber að gæta ákvæða 2. mgr. 1. gr. um, að hlutafé skuli vera minnst kr. 1 000 000.00. Ennfremur skal ákvörðunin hafa að geyma upplýsingar um, hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu, en því má einungis ráðstafa til þeirra þarfa, sem greinir í 1.—4. tl. 2. mgr. Ákvæði 2. mgr. um ráðstöfun lækkunarfjárhæðarinnar eru því ekki til fyrirstöðu, að fjárhæðinni sé skipt og varið til fleiri en eins markmiðs, sé ekki farið út fyrir þau mörk, sem sett eru í 1.—4. tl. 2. mgr. Í 1.—4. tl. 2. mgr. er talið, svo tæmandi sé, í hvaða tilgangi ráðstafa má lækkunarfjárhæðinni.

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. má ráðstafa lækkunarfénu til jöfnunar taps, sem ekki verður jafnað á annan hátt. Til sönnunar fyrir því, að hlutafjárlækkunin hafi einvörðungu verið notuð til þess að jafna tap, verður tilkynningu til hlutafélagaskrár að fylgja útskrift úr bókum félags, staðfest af endurskoðanda félagsins, þar sem fram kemur upphæð taps á lækkunardegi svo og færslur þær, sem gerðar hafa verið vegna hlutafjárlækkunarinnar.

Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. má ráðstafa lækkunarfénu til greiðslu til hluthafa.

Samkvæmt 3. tl. 2. mgr. má verja lækkunarfénu til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa. Varðandi ákvæði þessa töluliðs verður að hafa hliðsjón af reglum 15. gr. um afleiðingar þess, að hlutir, sem áskrift hefur fengist fyrir við stofnun félags, eru ekki greiddir að fullu innan tilskilinna tímamarka.

Samkvæmt 4. tl. 2. mgr. er heimilt að ráðstafa lækkunarfénu með greiðslu í sérstakan sjóð, sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar. Ákvæði þetta veitir möguleika til þess að afla hluthafafundi heimildar til að ráðstafa lækkunarfé síðar með einfaldri samþykkt meirihluta. Getur þessi leið verið heppileg til þess að mæta atvikum, sem hafa röskun á fjárhagsstöðu félagsins í för með sér.

Í 3. mgr. er greint milli ákvarðana um hlutafjárlækkun á þann hátt, að sé markmiðið það, er greinir í 2., 3. og 4. tl. 2. mgr., verður stjórn að bera fram tillögu um hlutafjárlækkun eða samþykkja slíka tillögu, ef ákvörðun á að ná fram að ganga. Ákvörðun um hlutafjárlækkun í þeim tilgangi, er greinir í 1. tl. 2. mgr., er hins vegar ekki háð samþykki stjórnar. Þar sem ráðstöfun lækkunarfjár til þeirra þarfa, er greinir í 2.—4. tl. 2. mgr., getur beint eða óbeint reynst í eðli sínu úthlutun til hluthafa, ber skv. 41. gr. að gefa út og birta í Lögbirtingablaði áskorun til kröfuhafa félags um að tilkynna kröfur sínar og ennfremur verður samþykki stjórnar til að koma eins og áður segir. Til frekara aðhalds og öryggis er mælt svo fyrir í 2. málsl. 3. mgr. að vera skuli fyrir hendi eftir hlutafjárlækkunina nægar eignir, er svari a. m. k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Með 4. mgr. er ætlunin að tryggja hluthöfum í félaginu og lánardrottnum þess fullnægjandi upplýsingar, ef greiða á hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni. Þetta skiptir máli í þeim tilfellum, þegar greiða á hærri fjárhæð en sem nemur nafnverði hlutanna.

Samkvæmt 5. mgr. skal ákvörðun um lækkun hlutafjár tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVII. kafla frumvarpsins. Fresturinn er því samkvæmt þessu einn mánuður. Þar sem nauðsynlegt er, að tilkynningar þessar séu gerðar fljótt, er mælt svo fyrir, að vanræksla í þessum efnum leiði til þess, að ákvörðun um hlutafjárlækkun missi gildi sitt. Sjá til samanburðar ákvæði 3. mgr. 41. gr., um tilkynningu um framkvæmd hlutafjárlækkunar, en þær reglur eru hliðstæðar.

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Greinin fjallar eingöngu um það tilvik, þegar ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi. Ber þá strax að tilkynna, að hlutafjárlækkun hafi farið fram. Ástæðan til þess að tilkynna ber framkvæmd hlutafjárlækkunar í þessum tilfellum samtímis því, að ákvörðun um lækkunina er tilkynnt, er sú, að framkvæmd lækkunar af þessu tagi er einungis bókhaldslegt atriði svo og, að ekki er um að ræða innköllunarfrest, sem bíða verður eftir, að renni út, sbr. 41. gr.

Þegar hlutafé er lækkað til þess að jafna tap, kann að bera við, að lækkunarfjárhæðin sé meiri en upphæð tapsins, þannig að frjáls sjóður myndist, sbr. 4. tl. 2. mgr. 39. gr. Slík tilfelli falla samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr. að öllu leyti undir reglur 41. gr. og ber því að birta áskorun til kröfuhafa félagsins.

Áskorunin tekur til allrar lækkunarfjárhæðarinnar, en ekki einungis til þess hluta hennar, sem er umfram upphæð tapsins. Á hinn bóginn eiga þá ekki við ákvæðin um samtímis tilkynningar ákvörðunar og framkvæmdar hlutafjárlækkunar svo og reglur um arðgreiðsluhömlur, sbr. tilvísun 40. gr. til 41. gr. og nánar hér á eftir.

Þótt engar úthlutanir eða greiðslur fari fram til hluthafa, þegar lækkunarfjárhæðinni er ráðstafað með þeim hætti, sem um getur í grein þessari, eru þó allt að einu leiðir opnar til þess að skerða hag kröfuhafa félagsins. Til þess að vernda hagsmuni þeirra eru í greininni skorður reistar við arðgreiðslum á þann veg, að næstu þrjú ár frá skráningu tilkynningar um framkvæmd hlutafjárlækkunar, sem gerð er til jöfnunar á tapi einvörðungu, má ekki ákveða hærri arðgreiðslu, en sem nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins árlega, nema hlutaféð hafi aftur verið hækkað um fjárhæð, er svarar til lækkunarinnar eða ákvæða 41. gr. hefur verið gætt. Þar sem ekki þarf að birta áskorun til kröfuhafa félags, þegar um er að ræða hlutafjárlækkun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, getur hagsmunum kröfuhafa m. a. verið hætta búin af því, að lækkunin sé ákveðin meiri en nauðsynlegt er, þannig að frjálsir sjóðir myndist, sem síðan er unnt að nota til úthlutunar í þágu hluthafa. Ennfremur skal á það bent, að fari engin hlutafjárlækkun fram, er ekki unnt að úthluta arði, fyrr en tap hefur verið jafnað og lagt í lögmæltan varasjóð. Væru því ekki ákvæði um arðgreiðsluhömlur, er leið opin til þess að komast hjá fyrr-

nefndum skilyrðum XII. kafla um arðsúthlutanir með því að lækka hlutaféð og ráðstafa lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapinu og skapa þannig möguleika til ótímabærra og óeðlilegra arðsúthlutana hagsmunum kröfuhafa félagsins til tjóns.

Samkvæmt framansögðu má ljóst vera, að ofangreind ákvæði greinarinnar um arðgreiðsluhömlur eru nauðsynleg til öryggis og aðhalds.

Um 41. gr.

Grein þessi felur í sér ýmsar breytingar frá ákvæðum gildandi laga svo og nýmæli.

Ef hlutafé á að minnka um helming eða minna og niðurfærslan veldur því að greiða þarf verð hluta af eignum félagsins eða áskrifendur verða leystir undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum skal samkvæmt 2. mgr. 26. gr. gildandi laga stjórn félagsins birta í Lögbirtingablaðinu áskorun með 6 mánaða fyrirvara til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum, áður en frestur sá sé liðinn. Samkvæmt 43. gr. gildandi laga skal beita reglum þeim, sem gilda um félagsslit, ef ákveðið er að minnka hlutafé félags um meira en helming.

Grein þessi fjallar um þær lækkanir hlutafjár, sem ekki er unnt að framkvæma, nema að undangenginni áskorun til kröfuhafa félags um að tilkynna kröfur sínar og eru ákvæði greinarinnar á ýmsan hátt frábrugðin ákvæðum gildandi laga um þetta efni, sem að framan er lýst. Samkvæmt greininni ræðst það af því, hvernig ráðstafa á lækkunarfjárhæð, hvort ákvæði greinarinnar um áskorun til kröfuhafa o. fl. taka til framkvæmdar hlutafjárlækkunar. Áskorun til kröfuhafa félags um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar skal birta, ef lækkunarfjárhæð á að nokkru leyti eða öllu að ráðstafa til greiðslu til hluthafa, til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa eða til greiðslu í sérstakan sjóð, sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar, sjá 2.—4. tl. 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins, sem vísað er til. Þetta gildir þó ekki, ef hlutaféð hækkar um leið um fjárhæð, er svarar til lækkunarfjárhæðarinnar, þ. e. a. s. þegar upphæð heildarhlutafjárins skerðist ekki í reynd við hlutafjárlækkunina, þar sem áskrift fæst fyrir nýju hlutafé, sem svarar til eða er hærra en greiðslur þær og úthlutanir, er fara fram í sambandi við lækkunina. Undir þeim kringumstæðum, er hér um ræðir, dugar ekki hlutafjárhækkun með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Sú fjárhæð, sem greidd er vegna hlutafjárhækkunarinnar, má ekki vera lægri en fjárhæð sú, sem útborguð er vegna lækkunarinnar og nafnverð hækkunarhlutafjárins verður að svara til nafnverðs lækkunarinnar.

Innköllunarfresturinn er 6 mánuðir samkvæmt gildandi lögum og er lagt til, að hann verði styttur og hafður 3 mánuðir frá fyrstu birtingu áskorunarinnar.

Að innköllunarfresti liðnum verður að ganga frá greiðslu tilkynntra, gjaldfallinna krafna og setja tryggingu fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna. Ákvæði þetta er alveg hliðstætt reglu gildandi laga.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til, að haldið verði þeirri heimild, sem ráðherra er veitt í gildandi lögum til þess að veita undanþágu frá innköllunarskyldu 1. mgr., ef sannað er, að félag eigi fyrir skuldum.

Þegar fresturinn samkvæmt 1. mgr. er liðinn og gengið hefur verið á fullnægjandi hátt frá greiðslu eða tryggingu tilkynntra krafna, eru skilyrði fyrir því, að ákvörðun um lækkun hlutafjár geti komið til framkvæmda með tilkynningu þar um til hlutafélagaskrár. Samkvæmt 3. mgr. er boðið, að auk nauðsynlegra sönnunargagna skuli fylgja tilkynningu um lækkun hlutafjár yfirlýsing undirrituð af stjórn félags og endurskoðanda um, að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu, að hlutafjárlækkun geti farið fram.

Í 39. gr. er glögglega afmarkað og sundurliðað til hvaða þarfa ráðstafa má lækkunarfé og í 40. og 41. gr. eru settar nánari reglur þar að lútandi, annars vegar um ráðstöfun lækkunarfjárins til jöfnunar á tapi og hins vegar til annarra heimilaðra þarfa. Byggt er á því, að hlutafjárlækkun sé í tveimur þáttum að því er varðar formlegar tilkynningar til hlutafélagaskrár. Er þar í fyrsta lagi um að ræða

tilkynningu til hlutafélagaskrár um ákvörðun um hlutafjárlækkun, sbr. 4. mgr. 39. gr., og í öðru lagi tilkynningu um framkvæmd ákvörðunar um hlutafjárlækkun. Samkvæmt 40. gr. skulu slíkar tilkynningar fara fram samtímis. Eðli málsins samkvæmt geta tilkynningar þessar ekki farið fram samtímis, þegar með skal fara samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og er því í 4. mgr. mælt svo fyrir, að tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár verði að hafa borist innan árs frá því, að ákvörðunin var tekin. Ef út af er brugðið, missir ákvörðunin um framkvæmd lækkunarinnar gildi sitt og enn fremur skal ráðherra ex officio láta afmá úr hlutafélagaskrá tilkynningu þá, sem gerð var samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 39. gr., þ. e. a. s. tilkynninguna um ákvörðun um lækkun hlutafjár.

Um 42. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Hér er fjallað um lækkun hlutafjár með innlausn hluta. Reglur þær, sem settar eru í greininni um hlutafjárlækkun með þessum hætti, hafa að geyma tvenns konar frávik frá almennum reglum um hlutafjárlækkun. Í fyrsta lagi getur stjórn félags, þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt, ákveðið hlutafjárlækkunina og í öðru lagi getur hlutafjárlækkun af þessu tagi farið fram án áskorunar til kröfuhafa. Skilyrði þess, að hlutafjárlækkun með innlausn hluta geti farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar án áskorunar til kröfuhafa, eru þau, að innlausnin fari fram samkvæmt ákveðnum reglum, sem, ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar, hafa verið settar í samþykktir félags við stofnun þess eða í þeim tilvikum, þegar um er að ræða útgefin hlutabréf vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

Meginreglan er því sú, að hluthafi þarf ekki að sætta sig við, að innlausnarkvöð verði lögð á hluti hans, nema þeir hafi fyrirfram verið háðir innlausnarskyldu.

Ekki er kveðið á um það, hvernig ákvæði samþykkta um innlausnina skuli vera í einstökum atriðum, en m. a. verður að tilgreina nafnverð þeirrar hlutafjárupphæðar, sem innleysa má, innlausnarverð svo og hvenær innlausn getur farið fram.

Í 2. mgr. er það skilyrði ennfremur sett fyrir því, að hlutafjárlækkun geti farið fram með innlausn samkvæmt ákvæðum 1. mgr. greinarinnar, að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem a. m. k. svara til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Rétt er að benda á nokkur atriði, sem gera það að verkum, að óhætt og eðlilegt hlýtur að teljast, að hlutafjárlækkun geti farið fram með innlausn hluta samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Í fyrsta lagi getur hlutafjárlækkun þessi einungis farið fram á grundvelli reglna, sem settar hafa verið þar að lútandi í samþykktir félags, og er því ekki þörf á afskiptum hluthafafundar varðandi ákvörðun og framkvæmd, enda einungis um það ræða, að komið sé í verk fyrirfram ákveðinni innlausn. Í öðru lagi er heimilað að víkja frá reglum um áskorun til kröfuhafa á þeim forsendum, að ákvæði þau, sem hlutafjárlækkun samkvæmt greininni er reist á, eru skráð í hlutafélagaskrá. Í þriðja lagi eru ákvæði 2. mgr. því til fyrirstöðu, að félög, sem búa við slæman fjárhag, geti beitt hlutafjárlækkun með innlausn hluta samkvæmt reglum þessum.

Greinin fjallar ekki svo tæmandi sé um hlutafjárlækkun með innlausn hluta. Fari slík lækkun fram án þess, að skilyrði greinarinnar séu uppfyllt, verður ákvörðun hluthafafundar til að koma og nauðsyn áskorunar til kröfuhafa ræðst af ákvæðum 40. og 41. gr.

VII. KAFLI

Um 43. gr.

Í 28. gr. gildandi laga er fjallað um eigin hlutabréf. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til, að ýmsar breytingar verði gerðar frá gildandi ákvæðum um þetta efni.

Samkvæmt gildandi lögum er hlutafélagi heimilt að eiga sjálft allt að 10% af greiddu hlutafé sínu. Ráðherra hefur ennfremur heimild til þess að leyfa hærri eigin hlutafjáreign. Gefnar hafa verið út allmargar heimildir til íslenskra hlutafélaga til að eiga sjálf meira en 10% af greiddu hlutafé sínu. Hefur venja skapast í þessum efnum og er framkvæmdin sú, að hlutafélögum hefur verið leyft að eiga allt að 30% af eigin hlutafé að því tilskildu, að ástæður fyrir slíkum beiðnum teljist réttlæta slíkt og viðkomandi félag búi við all trausta fjárhagsstöðu.

Í löggjöf um hlutafélög eru víðast hvar lagðar mjög miklar takmarkanir á rétt hlutafélaga til þess að eignast eigin hlutabréf. Í löggjöf á Norðurlöndum um hlutafélög er hlutafélögum óheimilt að eiga eigin hlutabréf nema í mjög takmörkuðum undantekningartilfellum, svo sem við samruna, og þá aðeins til skamms tíma.

Ýmsar ástæður eru til þess að eigin hlutafjáreign hlutafélaga er varasöm. Með því að heimila hlutafélagi að eignast eigin hluti gegn endurgjaldi opnast auðveld leið til þess að fara í kringum ákvæði frumvarpsins um lækkun hlutafjár, þar sem sú ráðstöfun er í eðli sínu endurgreiðsla hlutafjárins og því að flestu leyti sambærileg við hlutafjárlækkun. Kaup hlutafélags á eigin hlutabréfum geta ennfremur haft í för með sér hættu á, að brotið verði í bága við meginregluna um jafnan rétt hluthafa, þ. e. a. s. á þann veg, að kaupverðið sé ákveðið hærra en raunvirði bréfanna. Á það má einnig benda, að félög, sem boðið hafa út bréf sín meðal almennings, geta með kaupum á eigin hlutabréfum haft áhrif á gangverð þeirra og þar með skapað skilyrði fyrir spákaupmennsku.

Telja verður, að framkvæmdin varðandi leyfi ráðherra handa félögum til að eiga meira en 10% af eigin hlutafé hafi gengið of langt. Er því lagt til, að undanþáguheimild þessi verði felld niður.

Samkvæmt gildandi lögum fylgir atkvæðisréttur eigin hlutabréfum félags og fer stjórn félags yfirleitt með þann rétt.

Þetta gerir eigin hlutafjáreign félags enn varhugaverðari, þar sem félagsstjórn getur í skjóli slíkra ákvæða öðlast óeðlilega mikið vald, enda er yfirleitt í löggjöf um hlutafélög mælt svo fyrir, að atkvæðisréttur skuli ekki fylgja slíkum bréfum. Er lagt til, að hliðstæð regla verði tekin upp.

Gert er ráð fyrir, að því ákvæði gildandi laga, að hlutafélagi sé heimilt að eiga allt að 10 % af eigin hlutafé, verði haldið. Þar sem jafnframt er gert ráð fyrir, að undanþáguheimild ráðherra og atkvæðisréttur fyrir eigin hlutabréf falli niður, sýnist fyrirkomulag þetta vera óhætt og ekki óeðlilegur meðalvegur í þessum efnum.

Í 2. mgr. er lagt til, að ákvæði 1. mgr. um eigin hlutafjáreign hlutafélags, nái einnig til hlutabréfaeignar dótturfélags í móðurfélagi, enda er slík eign óbeint eigin hlutafjáreign og sama hætta því fyrir hendi.

Í 3. mgr. er svo kveðið á um, að hlutafélagi sé óheimilt að taka eigin hlutabréf að veði til tryggingar lánum til hluthafa. Bann þetta tekur bæði til þess, þegar til skuldarinnar er stofnað samtímis veðsetningunni og þegar sett er trygging fyrir áður stofnaðri skuld.

Um VIII. KAFLA

Í þessum kafla (44.—59. gr.) eru all ítarleg ákvæði um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd, störf þeirra og starfsskiptingu, réttindi og skyldur. Um þetta efni er fjallað í V. kafla gildandi laga, einkum 32. gr. Gildandi lög eru mjög fáorð um þetta og ákvæði þeirra ófullkomin og er þessi kafli því að miklu leyti nýmæli. Hafa ber þó í huga, að sumu því, sem hér er lagt til, að verði lögfest, mun fyrir venju vera fylgt hér á landi í framkvæmd.

Mikilvæg nýmæli í þessum kafla eru t. d. ákvæði 46. gr. um skyldu til að ráða framkvæmdastjóra í stærri félögum, ákvæði 44. gr. um val og kjörtímabil stjórnarmanna, ákvæði 47. gr. um skilyrði þau, er stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu uppfylla, ákvæði 49. gr. um hlutverk og starfsskiptingu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra og ákvæði 54. gr. um fulltrúanefnd.

Um 44. gr.

Grein þessi hefur að geyma ýmsar breytingar og nýmæli frá ákvæðum gildandi laga.

Samkvæmt 6. tl. 6. gr. frumvarpsins skal í félagssamþykktum greina fjölda stjórnarmanna eða hámarks- og lágmarksfjölda þeirra og varastjórnarmanna. Ennfremur skal í félagssamþykktum ákveða kjörtímabil stjórnarmanna.

Samkvæmt grein þessari skulu í stjórn hlutafélags eiga sæti fæst þrír menn og er það sama regla og nú gildir, sbr. 4. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Samkvæmt gildandi lögum skal á aðalfundi félags kjósa stjórn þess, þrjá menn eða fleiri. Í 2. mgr. greinar þessarar er lagt til, að stjórnarkjör heyri áfram undir hluthafafund, en þó þannig, að heimilt verði að víkja frá þeirri meginreglu. Er í greininni kveðið á um efni og takmörk þessara frávika. Í fyrsta lagi er unnt að víkja frá meginreglunni um vald hluthafafundar til að ráða stjórnarkjöri með því að fela fulltrúanefnd kjör stjórnar, en samkvæmt 54. gr. frumvarpsins er heimilt að ákveða í samþykktum, að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd og er í greininni kveðið á um hlutverk slíkrar nefndar og verkefni þau, sem fela má henni, þ. á m. stjórnarkjör. Í öðru lagi er heimilt að kveða svo á í samþykktum félags, að stjórnarvöld eða aðrir hafi rétt til þess að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Ákvæði þetta veitir mjög mikið svigrúm til þess að víkja frá meginreglunni um vald hluthafafundar í þessum efnum með því að setja sérstök ákvæði um val stjórnarmanna í samþykktir. Ekki er aðeins unnt að veita ríki, sveitarfélögum eða öðrum opinberum aðilum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn, heldur er með orðunum „eða öðrum“ opnuð leið til þess að veita öðrum en stjórnarvöldum slíkan rétt, t. d. starfsmönnum, minnihlutahópi hluthafa eða tilteknum einstaklingum eða lögaðilum. Til þess að tryggja framangreinda meginreglu um vald hluthafafundar til að ráða kjöri stjórnar og koma í veg fyrir, að það vald verði með ákvæðum samþykkta um of fært í hendur annarra aðila er sú takmörkun sett í greininni fyrir áðurnefndum frávikum, að meirihluti stjórnar skal ætíð kjörinn af hluthafafundi. Í þessu sambandi skal þess getið, að heimili samþykktir minnihlutahópi hluthafa að ráða kjöri eins eða fleiri stjórnarmanna skoðast þeir kjörnir af hluthafafundi.

Í 3. mgr. er kveðið svo á, að umboð stjórnarmanns gildi þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum, en þau takmörk eru þó sett, að kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi 4 árum eftir kjörið. Ákvæðinu um takmörk kjörtímabilsins er ætlað að tryggja eðlilega endurnýjun stjórnar. Hins vegar er ekkert endurkjöri til fyrirstöðu. Framangreind regla um hámarkslengd kjörtímabils á við um alla stjórnarmenn bæði þá, sem kjörnir eru af hluthafafundi og þá, sem valdir eða tilnefndir eru af öðrum.

Í 4. mgr. er mælt svo fyrir, að ákvæði laganna um stjórnarmenn eigi einnig við um varamenn þeirra.

Um 45. gr.

Ákvæði um það efni, er hér um ræðir, eru ekki í gildandi lögum.

Í 1. mgr. segir, að stjórnarmaður geti hvenær sem er sagt starfi sínu lausu. Seta í stjórn hlutafélags er sérstakt trúnaðarstarf. Rétt þykir að kveða skýrt á um það, að menn þurfi ekki að gegna stjórnarstarfi lengur, en þeir sjálfir vilja, enda geta ýmsar ástæður leitt til þess, að nauðsynlegt reynist mönnum að fá sig lausa undan slíku starfi. Stjórnarmaður skal senda stjórn félags tilkynningu um afsögn sína svo og þeim, sem tilnefnt hefur hann, ef hann hefur ekki verið kjörinn af

hluthafafundi. Samkvæmt 145. gr. frumvarpsins skal stjórn félags tilkynna slíka afsögn til hlutafélagaskrár. Telja verður, að stjórnarmaður sé laus undan skyldum sínum, þegar tilkynning hans um afsögn hefur borist stjórn félagsins.

Skv. síðasta málsl. 1. mgr. getur sá aðili, sem kjörið hefur eða tilnefnt stjórnarmann, vikið honum frá störfum, þ. e. a. s. hluthafafundur (fulltrúanefnd), stjórnarvöld eða aðrir þeir, sem rétt hafa til þess að tilnefna stjórnarmenn. Unnt er að samþykkja með einföldum meirihluta atkvæða að víkja stjórnarmanni, kjörnum af hluthafafundi, frá, enda þótt ákvæði séu í samþykktum um, að stjórnarmenn skuli ganga úr stjórn á víxl. Þess er og rétt að geta, að hafi ákveðinn hlutaflokkur ráðið kjöri stjórnarmanns samkvæmt ákvæðum samþykkta, verður honum einungis vikið frá samkvæmt ákvörðun einfalds meirihluta þess sama hlutaflokks.

Í 2. mgr. er fjallað um, hvernig með skuli fara, ef starfi stjórnarmanns lýkur, áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað. Þegar svo ber undir, skulu hinir stjórnarmennirnir efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri. Stjórninni ber því að kveðja saman hluthafafund, ef kjör stjórnarmannsins heyrir undir hann. Ef kjör viðkomandi stjórnarmanns er á valdi fulltrúanefndar eða hann er tilnefndur af stjórnarvöldum eða öðrum, ber stjórninni að tilkynna hlutaðeigandi aðila um, að starfi stjórnarmannsins sé lokið með áskorun um tilnefningu nýs manns í hans stað.

Sú tilslökun er gerð varðandi stjórnarmann, sem kjörinn er af hluthafafundi, að heimilt er að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar, þar sem stjórnarkjör skal fara fram að því tilskildu, að stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum, sem fyrir eru. Samkvæmt 52. gr. frumvarpsins er félagsstjórn ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, svo fremi ekki séu gerðar strangari kröfur í samþykktum félags.

Um 46. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli.

Samkvæmt gildandi lögum er það algerlega frjálst, hvort ráðinn er framkvæmdastjóri eða ekki. Hér er hins vegar lagt til, að í stærri hlutafélögum verði skylt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Í því efni er miðað við, að hlutafé sé tíu milljónir króna eða meira.

Eftir gildandi lögum ræður félagsstjórn framkvæmdastjóra og er gert ráð fyrir því í grein þessari, að ráðning þeirra verði áfram á valdi stjórnarinnar, enda ber hún ábyrgð á því, að starfsemi félags sé jafnan í réttu og góðu horfi og því eðlilegt, að hún hafi ákvörðunarvald um það, hvernig stjórn hins daglega rekstrar skuli fyrir komið. Hluthafafundur getur því ekki af eigin frumkvæði hlutast til um ráðningu framkvæmdastjóra. Á hinn bóginn er ljóst, að stjórn félags getur lagt mál varðandi ráðningu framkvæmdastjóra fyrir hluthafafund, en valdi sínu í þessum efnum getur hún ekki afsalað. Ekki eru sérstök ákvæði um, hver vikið getur framkvæmdastjóra frá störfum. Það ræðst af almennum réttarreglum um, að sami aðili og vald hefur til ráðningar hafi einnig frávikningarheimild.

Ekkert er því til fyrirstöðu, að fleiri en einn framkvæmdastjóri verði ráðinn, en hins vegar er ekki gert ráð fyrir framkvæmdastjórn svo sem skipan mála er í Danmörku. Önnur Norðurlönd gera ekki í hlutafélagalöggjöf sinni ráð fyrir framkvæmdastjórn, en hins vegar framkvæmdastjórum. Þar sem gert er í lögum ráð fyrir, að fleiri en einn jafnsetta framkvæmdastjóra megi ráða eða auk framkvæmdastjóra geti verið varaframkvæmdastjóri, einn eða fleiri, verður ekki í raun um mikinn mun að ræða frá hinu danska fyrirkomulagi.

Í 2. mgr. er lagt til, að í félagi, þar sem hlutafé er tíu milljónir króna eða meira, skuli meirihluti stjórnar vera menn, sem ekki eru framkvæmdastjórar í félaginu. Í sambandi við þetta ákvæði skal bent á 1. mgr. 51. gr., þar sem segir, að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann félagsstjórnar og gildir sú regla án tillits til upphæðar hlutafjár.

Um 47. gr.

Grein þessi hefur að geyma all miklar breytingar frá gildandi lögum.

Þeim skilyrðum gildandi laga, að stjórnarmaður skuli vera lögráða og fjár síns ráðandi er haldið.

Lagt er til, að því skilyrði gildandi laga, að stjórnarmenn skuli eiga hlut í félaginu, verði sleppt. Skilyrði þessu hefur, líkt og skilyrði gildandi laga um framlög stofnenda, upphaflega verið ætlað að leggja áherslu á ábyrgð stjórnarmanna, en hefur í raun ekki skipt miklu máli og trúlega leitt til málamynda hlutareignar í mörgum tilfellum.

Í núgildandi lögum er það skilyrði sett, að stjórnarmenn skuli fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka og til þess að mega eiga þær eignir, sem félagið á eða ætlar að eignast. Það er því vísað til þeirra skilyrða, sem sérlög um viðkomandi atvinnugrein setja rétti einstaklinga til að mega stunda hana. Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði gildandi laga um stofnendur og til nánari skýringar á því skal vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins. Með sömu rökum og þar koma fram er lagt til, að skilyrði þetta verði fellt niður. Þótt þessi almenna vísiregla, sem að framan er lýst, sé felld niður, haldast að sjálfsögðu þau ákvæði sérlaga um einstakar atvinnugreinar, sem gera sérstök hæfisskilyrði til stjórnarmanna í hlutafélögum, ef þau vilja öðlast rétt til að reka viðkomandi starfsemi. Má sem dæmi um slík ákvæði nefna 5. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu. Með breytingu þessari þurfa stjórnarmenn hins vegar ekki að uppfylla skilyrði sérlaga til að reka viðkomandi atvinnustarfsemi í eigin nafni, enda er sú regla allt of ströng. Hæfisskilyrði þau, er sérlög setja einstaklingum þeim, sem rétt vilja öðlast til að reka viðkomandi starfsemi, eru mun meiri en kröfur þær, er sömu lög gera til stjórnarmanna í hlutafélögum, sem sömu starfsemi hyggjast stunda. Þess ber þó að geta, að í þeim tilfellum, þar sem sérlög hafa sérstök ákvæði um skilyrði stjórnarmanna hlutafélags, eru slík ákvæði tæmandi, þannig að ekki reynir á ofannefnda vísireglu um einstaklingsskilyrðin.

Ennfremur haldast ákvæði í lögum, er setja sérstök skilyrði, þ. á m. skilyrði varðandi stjórnendur, fyrir því, að hlutafélög eða aðrir aðilar geti öðlast tiltekin réttindi. Sem dæmi um slík ákvæði má nefna skilyrði í 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Hins vegar verður sú breyting frá því, sem nú gildir, að því er eignir varðar, að stjórnarmenn í hlutafélagi þurfa ekki að fullnægja skilyrðum laga til að eiga sem einstaklingar þær eignir, sem félagið á eða ætlar að eignast og gildir því hér hið sama og um rétt til að reka atvinnustarfsemi, sem sérlög fjalla um, sbr. hér að framan.

Í 1. mgr. er það nýmæli, að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Í 2. mgr. er lagt til, að sú almenna regla verði sett um búsetu, að framkvæmdastjóri og meirihluti stjórnarmanna skuli vera búsettir hér á landi. Búsetuskilyrði ræðst samkvæmt gildandi lögum af ákvæðum sérlaga um hinar einstöku atvinnugreinar, sbr. hér að framan. Það er því ekki um að ræða neina almenna reglu í þessum efnum, enda ýmsar atvinnugreinar, einkum á sviði þjónustustarfsemi, ekki háðar sérstökum lögum. Ennfremur verður ekki lengur vísað beint til skilyrða þeirra, er sérlög um atvinnustarfsemi setja, ef frumvarp þetta verður að lögum. Það er því nauðsynlegt að setja almenna reglu um lágmarkskröfur um jafn mikilvægt atriði og búsetu, er gildi um öll íslensk hlutafélög. Ríkari kröfur í sérlögum hér að lútandi haldast, en um vægari kröfur, en hér er kveðið á um, verður ekki að ræða.

Um 48. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í greininni er mælt fyrir um skyldu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra til að gefa stjórn skýrslu um hlutabréfaeign sína í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu, þegar þeir taka sæti í stjórn eða við

stöðu framkvæmdastjóra. Skýrslur skal ennfremur gefa um síðari kaup þeirra og sölu á slíkum hlutabréfum.

Ástæðan til þessa ákvæðis er sú, að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hafa vegna stöðu sinnar algera sérstöðu um öflun upplýsinga og þar með tækifæri varðandi kaup eða sölu hlutabréfa á tímum, þegar vænta má verðhækkunar eða verðfalls. Hagnýti stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar sér hinar sérstöku upplýsingar, sem þeir hafa aðgang að vegna stöðu sinnar, til þess að afla sér ágóða eða komast hjá tapi með kaupum eða sölu hlutabréfa, mun slík háttsemi yfirleitt ótilhlýðileg gagnvart viðsemjanda og samningur því ógildur eða ógildanlegur samkvæmt almennum reglum samningsréttar. Eigi að síður er full ástæða til að stuðla að sem mestu eftirliti með kaupum og sölu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra á hlutabréfum og er regla sú, er hér um ræðir, hugsuð sem liður í því.

Í lok greinarinnar er kveðið á um, að skýrslur um hlutabréfaeign stjórnarmanna og framkvæmdastjóra svo og um kaup og sölu þeirra á slíkum bréfum skuli færa í sérstaka bók. Bók þessi verði til afnota og upplýsinga fyrir stjórn félags, fulltrúanefnd og endurskoðendur en ekki aðra.

Um 49. gr.

Í þessari grein eru settar nýjar og fyllri reglur um starfssvið félagsstjórnar og framkvæmdastjóra almennt og um skyldur þeirra og heimildir.

Í 1. mgr. er svo mælt fyrir, að félagsstjórn fari með málefni félagsins og skuli annast um, að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Regla þessi er áþekk hinni almennu reglu gildandi laga um hlutverk félagsstjórnar, sem er að finna í 1. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna. Í þessum efnum er þó gert ráð fyrir þeirri breytingu, að hluttaka framkvæmdastjóra í stjórn félags og þar með ábyrgð hans að því leyti verði lögfest. Framangreind meginregla um hlutverk félagsstjórnar á því einungis við að fullu, ef framkvæmdastjóri hefur ekki verið ráðinn. Ef framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn, fer félagsstjórn ásamt honum með stjórn félags. Það, sem hér er lagt til, að lögfest verði, er í fyrsta lagi, að greint sé á milli stjórnar á málefnum félagsins almennt og stjórnar hins daglega rekstrar, sbr. 2. mgr., og í öðru lagi, að félagsstjórn og framkvæmdastjóri fari saman með hina almennu stjórn, en framkvæmdastjóri annist stjórn hins daglega rekstrar og lúti í þeim efnum fyrirmælum og eftirliti félagsstjórnar. Það er því ekki gert ráð fyrir, að framkvæmdastjóri verði í öllum störfum sínum undir félagsstjórn gefinn svo sem túlka virðist verða gildandi lög. Hann verður það áfram að því er varðar daglegan rekstur og er það engin breyting frá núgildandi skipan, en jafnframt er ætlunin, að hann fari með stjórn málefna félagsins að öðru leyti ásamt félagsstjórn. Hlutverk framkvæmdastjóra er því tvíþætt samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. er fjallað sérstaklega um stjórn hins daglega rekstrar. Hana annast framkvæmdastjóri, eins og áður segir, og ber honum í þeim efnum að fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Ekki er gert ráð fyrir neinni yfirstjórn félagsstjórnar á hinum daglega rekstri svo sem er samkvæmt gildandi lögum, sbr. orðalagið í 2. mgr. 32. gr. laganna „hefir umsjón með rekstri atvinnunar“. Orðalag þetta er óljóst og getur valdið vafa um, hvernig ábyrgð félagsstjórnar annars vegar og framkvæmdastjóra hins vegar sé farið. Í stað þessa er lagt til, að framkvæmdastjóri lúti félagsstjórn varðandi stjórn daglegs rekstrar þannig, að mælt sé fyrir um skyldu hans til að fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið.

Ekki er tilgreint, hvað falli undir daglegan rekstur. Í því efni verður að hafa hliðsjón af eðli starfseminnar og umfangi svo og venjum á viðkomandi sviði. Sú almenna greining er þó gerð, að ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar falla ekki undir hinn daglega rekstur. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild félagsstjórnar. Sú tilslökun er þó gerð, að framkvæmdastjóri þarf ekki fyrirfram heimild stjórnar, ef verulegt óhagræði staf-

aði af því fyrir starfsemi félagsins að bíða ákvarðana stjórnar. Félagsstjórn skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

Í gildandi lög skortir skýr ákvæði, er kveða á um skiptingu hlutverka og valds félagsstjórnar annars vegar og framkvæmdastjóra hins vegar varðandi umsjón og eftirlit með bókhaldi og stjórn fjármuna félagsins. Í 3. mgr. er því lagt til, að settar verði reglur um þetta og er aðalábyrgðin þar lögð á framkvæmdastjóra, en eftirlitsskylda skal hvíla á félagsstjórn. Ef enginn framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn, hvílir ábyrgð og skylda í þessum efnum algerlega á félagsstjórn.

Í 4. mgr. er lagt til, að kveðið verði sérstaklega á um það, að veiting prókúruumboðs sé einungis á valdi félagsstjórnar. Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum.

Um 50. gr.

Grein þessi er nýmæli. Ástæðurnar til þeirrar skyldu móðurfélags, sem mælt er fyrir um í fyrri málsl. greinarinnar, að tilkynna stjórn dótturfélags um myndun samstæðu hlutafélaga, eru sumpart þeir almennu hagsmunir dótturfélags að fá vitneskju um, að móðurfélagið hafi náð yfirráðum yfir því og sumpart þær sérstöku skyldur, sem samstæðumyndun hefur í för með sér fyrir dótturfélagið, sbr. t. d. 98. gr. og 1. mgr. 110. gr. frumvarpsins.

Í síðari málslið greinarinnar er sú skylda lögð á stjórn dótturfélags að gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar. Upplýsingaskyldu um þessi efni verður m. a. að skoða með hliðsjón af ákvæðum 102. gr. frumvarpsins um samstæðureikning. Upplýsingaskylda þessi er almenn í þeim skilningi, að hún er ekki bundinn við þann tíma, er samstæðumyndunin fer fram.

Um 51. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipulag og starfshætti félagsstjórnar. Gildandi lög hafa ekki að geyma ákvæði um þetta efni.

Með ákvæðum 1. mgr. er gert ráð fyrir, að í öllum hlutafélögum verði sérstakur formaður félagsstjórnar. Félagsstjórnin kýs formann. Í síðasta málsl. 1. mgr. er lagt bann við að kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann. Bann þetta gildir án tillits til upphæðar hlutafjár. Regla 2. mgr. 46. gr. um, að meirihluti stjórnar skuli vera menn, sem ekki eru framkvæmdastjórar í félaginu, miðast hins vegar við það, að hlutaféð sé 10 milljónir króna eða meira. Ástæðan til þessarar reglu, að sami maður megi ekki samtímis gegna stöðu framkvæmdastjóra og stjórnarformanns, er sú, að félagsstjórn er að verulegu leyti eftirlitsaðili með störfum framkvæmdastjóra og því óeðlilegt og óhæft, að sá, er eftirlit skal haft með, stjórni störfum hennar.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði um stjórnarfundi og eru þau í samræmi við þær venjur, sem oftast er fylgt í þessum efnum. Formaður skal annast fundarboðun og ber ábyrgð á henni. Mælt er fyrir um rétt framkvæmdastjóra til þess að sitja stjórnarfundi, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, með umræðu- og tillögurétti, þó með þeim fyrirvara, að félagsstjórn getur ákveðið annað í einstökum tilvikum og eru þá höfð í huga mál, er varða stöðu og ráðstafanir framkvæmdastjóra.

Ákvæði síðari málsl. 3. mgr., um rétt til þess að fá sérálit bókuð í gerðabók stjórnarfundar, gera einstökum stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum mögulegt að firra sig væntanlegri meðábyrgð á töku ákvörðunar.

Um 52. gr.

Í grein þessari, sem er nýmæli, eru ákvæði um, hvenær félagsstjórn er ákvörðunarbær, og þann meirihluta atkvæða, sem þarf til samþykkis mála á stjórnarfundum.

Félagsstjórn er ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Áður en ákvörðun er tekin, verða þó allir stjórnarmenn að hafa átt kost á því að fjalla

um málið, sem hefur það í för með sér að boða verður alla stjórnarmenn til fundar með hæfilegum fyrirvara. Fyrirvarinn ræðst þó af atvikum hverju sinni, m. a. nauðsyn þess, að taka ákvörðun fljótt.

Ákvæði 2. mgr. um, að einfaldur meirihluti atkvæða ráði úrslitum á stjórnarfundum, nema samþykktir kveði á um annað, mun í samræmi við það, sem tíðkast í framkvæmd. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að atkvæði formanns ráði úrslitum, ef atkvæði eru jöfn. Hafi samþykktir ekki að geyma ákvæði um úrslitaatkvæði formanns, nær tillaga ekki samþykki, þegar atkvæði standa jöfn. Ekki þykir heppilegt að hafa ákvæði um, að hlutkesti skuli ráða, þegar atkvæði eru jöfn, nema um sé að ræða kjör, sbr. 1. mgr. 51. gr.

Um 53. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Greinin fjallar um vanhæfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra til þess að taka þátt í meðferð mála um tiltekin atriði milli félagsins og þeirra eða milli félagsins og þriðja manns.

Vanhæfisreglur þessar eru takmarkaðar við meðferð mála um samningsgerð og um málshöfðun af hálfu félagsins, enda eru það einkum ákvarðanir um þessi efni, sem valdið geta hagsmunaárekstrum þannig, að nauðsynlegt reynist að koma í veg fyrir þátttöku í málsmeðferð með vanhæfisákvæðum. Utan vanhæfisreglnanna geta því ýmis tilvik fallið, sem snerta hagsmuni stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Mjög víðtækar reglur af þessu tagi eru hins vegar ónauðsynlegar og óheppilegar og því er valin sú leið að binda þær við meðferð þeirra mála, er mestu skipta.

Ákvæði greinarinnar um bann við þátttöku í meðferð mála um samningsgerð og málshöfðun gilda skilorðslaust, þegar um er að ræða samningsgerð milli félagsins og stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra eða málshöfðun félagsins gegn þeim. Sé hins vegar um að ræða meðferð mála um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni, er stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra því aðeins óheimilt að taka þátt í meðferð máls, að þeir hafi þar verulegra hagsmuna að gæta, er kynnu að fara í bága við hagsmuni félagsins. Í þessum tilvikum ræðst það því af atvikum, hvort um slíka hagsmunaárekstra er að ræða, að þátttaka í málsmeðferð skuli óheimil.

Að því er varðar meðferð mála um málshöfðun er rétt að geta þess, að greinin tekur aðeins til málshöfðunar af hálfu félagsins en ekki málshöfðun gegn því.

Um 54. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er lagt til, að heimilt verði að hafa fulltrúanefnd í hlutafélögum.

Fulltrúanefndir þekkjast víða, m. a. á Norðurlöndum, en mjög misjafnt er eftir löndum, hversu algengt þetta form er. Í Svíþjóð eru ekki fulltrúanefndir og í Danmörku hafa þær ekki miklu hlutverki að gegna. Vegur fulltrúanefnda er hins vegar meiri í Noregi og Finnlandi og skipa þær þar all mikilvægan sess í skipulagi hlutafélaga. Það sem einkum mælir á móti fulltrúanefndum er, að valda- og ábyrgðarskipting í hlutafélögum kann við það að verða óskýr og komið getur til árekstra milli félagsstjórnar og fulltrúanefndar, félagi til tjóns. Kostir við slíka nefnd eru hins vegar ýmsir. Í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru margir og smáir, getur verið mjög heppilegt að hafa fulltrúanefnd, er starfar sem fastanefnd hluthafa og getur komið á framfæri óskum og hagsmunamálum þeirra. Ef áhugi er á, að starfsmenn eigi fulltrúa í fulltrúanefnd og taki með því móti þátt í stjórn félags, eru samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. greinarinnar möguleikar til að koma slíku við með ákvæðum í samþykktum.

Með tilliti til þeirra kosta, sem geta fylgt því að hafa fulltrúanefnd og að nokkru er lýst hér að framan, þykir rétt að leggja til, að hlutafélögum verði heimilt að koma slíkum nefndum á fót.

Samkvæmt 1. mgr. má því ákveða í félagssamþykktum, að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd. Ekki er því mælt fyrir um neina skyldu til að kjósa fulltrúanefnd, heldur er það látið ráðast af ákvæðum samþykkta.

Kjör fulltrúanefndar heyrir undir hluthafafund sem aðalregla, en ákveða má í samþykktum, að einn eða fleiri fulltrúanefndarmenn skuli tilnefndir með öðrum hætti. Þó skal meirihluti þeirra ætíð kjörinn af hluthafafundi. Er þetta hliðstætt reglu þeirri, sem lagt er til í 2. mgr. 44. gr. að sett verði um kjör og tilnefningu stjórnar.

Samkvæmt 2. mgr. skulu minnst fimm menn eiga sæti í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúanefnd. Sama gildir um varamenn stjórnarmanna, sbr. 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. frumvarpsins má endurskoðandi hlutafélags ekki vera í fulltrúanefnd þess. Um skilyrði til þess að geta verið í fulltrúanefnd gilda sömu reglur og um stjórnarmenn, þar sem 4. mgr. vísar til þeirra ákvæða, sem um stjórnarmenn gilda.

Í 3. mgr. er fjallað um hlutverk fulltrúanefndar. Felst það í því að hafa eftirlit með því, hvernig félagstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins. Í samræmi við þetta hlutverk er fulltrúanefnd samkvæmt 65. gr. frumvarpsins veitt heimild til að krefjast aukafundar. Auk þess að vera eftirlitsaðili skal fulltrúanefnd láta aðalfundi í té umsögn um, hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Lengra nær verksvið fulltrúanefndar ekki samkvæmt beinum ákvæðum greinarinnar. Hins vegar veitir greinin heimild til þess að ákveða verksvið fulltrúanefndar heldur rýmra, en að framan getur, með ákvæðum í samþykktum og er tæmandi talið, hversu langt má ganga í þeim efnum.

Eftirtalin verkefni má fela fulltrúanefnd með ákvæðum í félagssamþykktum:

a) Ákveða má, að félagsstjórn skuli, svo sem frekast er kostur, tilkynna fulltrúanefndinni fyrirfram um tilteknar ráðstafanir, sem ekki falla undir hinn daglega rekstur.
b) Ákveða má, að kjör stjórnar og ákvörðun á þóknun stjórnarmanna sé á valdi fulltrúanefndar.

Ekki er að finna í greininni ákvæði um efni og umfang þeirrar eftirlitsskyldu, sem ætluð er fulltrúanefnd samkvæmt grein þessari. Nánari reglur um það verður að greina í samþykktum, en gæta þarf þess, að með slíkum ákvæðum sé ekki gengið inn á svið, sem lögð eru undir hluthafafund, félagsstjórn og framkvæmdastjóra samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Í 4. mgr. er kveðið svo á, að tiltekin ákvæði frumvarpsins um félagsstjórn og stjórnarmenn skuli gilda um fulltrúanefndarmenn, eftir því sem við á.

Um 55. gr.

Grein þessi fjallar um rétt til þess að rita firma hlutafélags. Ákvæði greinarinnar eru mun ýtarlegri en ákvæði 32. gr. gildandi laga, er fjalla um hliðstætt efni. Í rétti til ritunar firma felst réttur til þess að koma fram fyrir hönd félags við samninga og aðra löggerninga svo og gagnvart dómstólum og stjórnarvöldum. Ákvæði þessarar greinar verður að skoða með hliðsjón af ákvæðum 58. gr. frumvarpsins, sem fjallar um áhrif þess, þegar sá, sem hefur rétt til ritunar firma eða stöðuumboð sem framkvæmdastjóri, fer út fyrir heimild sína.

Í 1. mgr. greinarinnar kveðið á um þá meginreglu, að félagsstjórn komi fram fyrir hönd félags og riti firma þess.

Í 2. mgr. er stjórn félags veitt heimild til þess að framselja réttinn til þess að rita firma félagsins og er í þeim efnum ekki bundin við stjórnarmenn, svo sem núgildandi lög virðast gera ráð fyrir, heldur getur hún veitt hverjum sem er rétt til þess að rita firma félagsins, svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum og hæfisskilyrði eru uppfyllt.

Settar eru reglur um það í 3. mgr. með hvaða hætti takmarka megi ritunarréttinn. Eina takmörkunin á ritunarrétti, sem unnt er að fá skráða, er að fleiri en einn

skuli fara með hann í sameiningu. Það er því ekki unnt að fá skráða takmörkun, sem bindur ritunarréttinn efnislega, t. d. þannig að hann skuli ekki ná til ákveðinna tegunda löggerninga. Félagsstjórn getur gefið fyrirmæli um, að ritunarrétt megi ekki nota með tilteknum hætti, þótt sú takmörkun fáist ekki skráð samkvæmt framansögðu, en fráviki frá slíkum fyrirmælum er hins vegar ekki unnt að halda fram gagnvart grandlausum þriðja manni, sbr. 58. gr. frumvarpsins.

Um 56. gr.

Grein þessi hefur að geyma ákvæði um stöðuumboð framkvæmdastjóra. Rétt þykir, að tekið sé fram, að framkvæmdastjóri geti komið fram fyrir hönd félagsins í málum, sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 49. gr. án tillits til þess, hvernig ritunarrétti er háttað í félaginu.

Um 57. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í greininni er annars vegar lagt til, að lögfest verði sú meginregla, að félagsstjórn, framkvæmdastjóra og öðrum þeim, er heimild hafa til þess að koma fyrir hönd félagsins, beri að gæta hagsmuna allra hluthafa félags innan marka frumvarpsins og hins vegar er lagt til, að settar verði reglur um það, hvernig fyrrnefndir aðilar skuli bera sig varðandi framkvæmd ákvarðana hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félags, ef ákvarðanirnar eru ógildar sökum þess, að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

Fyrri reglan er orðuð í 1. mgr. og er svo mælt fyrir, að félagsstjórn, framkvæmdastjóri eða aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, megi ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Hliðstætt ákvæði um hluthafafund er að finna í 75. gr. frumvarpsins. Þótt telja megi, að meginreglu um þetta sé unnt að leiða af almennum grundvallarreglum félagaréttar, þykir samt sem áður rétt að leggja til, að slík regla verði lögfest.

Kveðið er á um síðari regluna í 2. mgr. greinarinnar og samkvæmt henni mega félagsstjórn og framkvæmdastjóri ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins, ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess, að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir. Í þessu sambandi verður að hafa í huga ákvæði 76. gr. frumvarpsins um, að ákvarðanir hluthafafundar, með ýmsum undantekningum þó, sem teknar hafa verið með ólögmætum hætti eða brjóta í bága við ákvæði frumvarpsins eða félagssamþykktir, öðlist samt sem áður gildi, ef mál til ógildingar er ekki höfðað innan tilskilins frests.

Um 58. gr.

Greinin fjallar um gildi löggerninga, þegar svo er ástatt, að sá, sem kemur fram fyrir hönd félagsins skv. ákvæðum 55. og 56. gr., hefur farið út fyrir heimild sína. Löggerningur, sem gerður er við slíkar aðstæður, er óskuldbindandi fyrir félagið, ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

Um 59. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Þeirri reglu er fylgt, að sá aðili, er kýs eða ræður menn til þeirra starfa í þágu hlutafélags, er upp eru talin í greininni, ákveði jafnframt laun þeirra og starfskjör.

Um IX. KAFLA

Í þessum kafla (60.—76. gr.) eru mörg mikilvæg nýmæli og breytingar frá gildandi lögum.

Ýmiss ákvæði kaflans miða að því að auka eða afmarka réttindi hinna einstöku hluthafa. Í því sambandi má benda á 61. gr. (réttur hluthafa til að láta umboðsmann sækja fund og sækja fund ásamt ráðgjafa), 71. gr. (réttur til að krefjast upplýsinga á hluthafafundi), 1. mgr. 74. gr. (breytingar á samþykktum, sem samþykki allra hluthafa þarf til), 75. gr. (skorður settar við misbeitingu meirihluta hluthafa á valdi sínu) og 76. gr. (auknir möguleikar til málshöfðunar á hendur félagsstjórn til ógildingar á ákvörðunum hluthafafunda).

Í 2. mgr. 64. gr. og 65. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja minnihluta hluthafa ákveðna vernd, en mikilvægustu reglurnar um vernd minnihlutans eru hins vegar í öðrum köflum frumvarpsins.

Gildandi lög eru fáorð um boðun til hluthafafunda, fundarboð, dagskrá, stjórn fundanna o. þ. h. og er því lagt til, að all ýtarlegar reglur verði settar um þessi efni, sbr. 67.—70. gr.

Af mikilsverðum nýmælum og breytingum að öðru leyti í þessum kafla skal sérstaklega bent á 62. gr. (atkvæðisréttur), 64. gr. (aðalfundur), 66. gr. (réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið fyrir á hluthafafundi), 73. og 74. gr. (breytingar á félagssamþykktum).

Um 60. gr.

Í 1. mgr. er tekið upp óbreytt ákvæði 1. mgr. 30. gr. gildandi laga um vald hluthafafundar. Hluthafafundir fara með æðsta vald í málefnum hlutafélags með þeim hætti, sem lög og samþykktir þess ákveða. Þeir eru annað hvort aðalfundir, sbr. 64. gr., eða aukafundir, sbr. 65. gr.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir, að hluthafar fari með ákvörðunarvald sitt í málefnum félags á hluthafafundum. Hluthafar fara því með æðsta vald í málefnum hlutafélags með þátttöku í fundum þessum. Hluthafafundir eru jafnframt eini vettvangurinn, þar sem hluthafar geta beitt ákvörðunarvaldi sínu. Þeir hafa því ekki lagalega rétt til þess að hafa áhrif á starfsemi félagsins með því að snúa sér til stjórnar eða framkvæmdastjóra með fyrirmæli utan hluthafafunda. Ákvæði þetta er því þó ekki til fyrirstöðu, að einstakir hluthafar eða minnihluti hluthafa fari með tilteknar heimildir utan hluthafafunda, sbr. t. d. 66. gr., 67. gr., 2. málsl. 2. mgr. 77. gr., 1. mgr. 90. gr., 2. mgr. 131. gr.

Að því er varðar ofannefnda meginreglu um æðsta vald í málefnum hlutafélags gildir hún, sé ekki í lögum ákveðið eða gert ráð fyrir, að vald skuli að öllu leyti vera í höndum annars stjórnaraðila félags.

Í 3. mgr. er veitt heimild til þess að ákveða í samþykktum, að hluthafi verði að tilkynna þátttöku sína í hluthafafundi innan ákveðins tíma fyrir fund, ef hann vill tryggja sér rétt til fundarsetu. Þau takmörk eru þó sett fyrir tilkynningafresti þessum, að fyrr má hann ekki renna út, en þrír sólarhringar eru til fundar. Ákvæði þessu er ætlað að veita stjórn möguleika á hæfilegum tíma fyrir hluthafafund til undirbúnings hans.

Um 61. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í greininni er annars vegar lagt til, að hluthöfum verði heimilt að láta umboðsmenn sækja hluthafafundi fyrir sína hönd og hins vegar, að hluthafar megi sækja fundi ásamt ráðgjafa.

Þótt í reynd tíðkist að líkindum talsvert, að hluthafar hafi rétt til þess að láta umboðsmenn sækja fundi, er þó ávallt unnt að takmarka eða afnema slíkan rétt með ákvæðum í félagssamþykktum. Því þykir nauðsynlegt að kveða á um þennan rétt hluthöfum til handa í frumvarpinu. Í þessu sambandi ber, eins og áður, að líta

á lögákveðna umboðsmenn hluthafa, svo sem lögráðamenn, stjórnendur opinberra stofnana eða stjórnarmenn og framkvæmdastjóra annarra hlutafélaga, sem hluthafa en ekki sem umboðsmenn. Engar skorður eru settar við vali hluthafa á umboðsmönnum svo sem skilyrði um, að þeir verði að vera úr hópi annarra hluthafa, enda eru slíkar takmarkanir óheppilegar og geta gert þennan rétt lítils virði. Því hefur stefnan víðast verið sú að hverfa frá takmörkunum í þessum efnum, þar sem þær hafa verið í gildi, og taka upp frjálst umboðsmannaval. Telja má víst, að hluthöfum sé oft nauðsyn á sérfræðilegri ráðgjöf við að halda fram sjónarmiðum sínum á hluthafafundum og því er lagt til, að þeim verði tryggður réttur til slíks í frumvarpinu.

Rétt hluthafa til þess að sækja fund ásamt ráðgjafa verður ekki unnt að skerða með ákvæðum í samþykktum frekar en rétt til að láta umboðsmann sækja fund, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Í 2. mgr. eru settar reglur um form umboðs og skorður reistar við gildistíma þess.

Um 62. gr.

Í grein þessari eru ýmiss nýmæli um atkvæðisrétt í hlutafélögum.

Eins og verið hefur er aðalreglan sú, að hluthafar hafa atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Ennfremur er aðalregla, að atkvæðisréttur fylgi hlutum. Frá fyrri reglunni er heimilt að víkja með ákvæðum í félagssamþykktum og eru í 1. mgr. greinarinnar settar reglur um þau frávik. Er þar veitt heimild til að ákveða í samþykktum, að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi, en þau takmörk eru þó sett, að atkvæðagildi þeirra má ekki vera meira en tífalt atkvæðagildi annars jafnhás hlutar eða hlutafjárupphæðar. Hlutafélögum er þannig veitt all mikið svigrúm til þess að víkja frá ofannefndri meginreglu um atkvæðisréttinn. Nauðsynlegt er þó að setja takmörk fyrir því, hve mikill munur má vera á atkvæðagildi hluta, þar sem óheftir möguleikar til útgáfu hluta með aukið atkvæðagildi, geta leitt til misnotkunar í þeim tilfellum, þegar stjórn á félagi er komin í hendur aðila, sem með víðtækri notkun hluta með aukið atkvæðagildi hafa hagnýtt sér viðkomandi félög í skjóli valdaaðstöðu, sem ekki er í samræmi við fjárhagslega áhættu þeirra.

Í 2. mgr., sem er nýmæli, er veitt heimild til að kveða svo á í samþykktum, að hluthafi, sem eignast hefur hluti með framsali, geti ekki farið með atkvæðisrétt fyrir þá, fyrr en eftir ákveðinn tíma. Tími þessi má þó ekki vera lengri en þrír mánuðir, eftir að hluthafinn hefur verið skráður í hlutaskrá eða tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlut. Regla þessi getur því aðeins gilt, að um sé að ræða frjálst framsal inter vivos, þ. e. a. s. á ekki við um eigendaskipti fyrir erfð eða við aðför.

Ákvæði 3. mgr. um, að hlutir dótturfélags í móðurfélagi njóti ekki atkvæðisréttar, er nýmæli. Ennfremur er í 3. mgr. sú breyting frá gildandi lögum, sbr. þó 7. gr. laga nr. 26/1973, að lagt er til, að eigin hlutir félags skuli ekki njóta atkvæðisréttar. Samkvæmt gildandi lögum fylgir atkvæðisréttur þeim hlutum í félaginu, sem það á sjálft og fer félagsstjórn yfirleitt með atkvæðisrétt fyrir slíka hluti. Sú skipan er mjög óheppileg og getur leitt til óeðlilega mikils valds stjórnar, enda er víðast hvar í löggjöf um hlutafélög bann við atkvæðisrétti fyrir eigin hlutabréf jafnframt því, sem slíkri hlutabréfaeign eru yfirleitt miklar skorður settar eins og vikið er að í athugasemdum við 43. gr.

Ákvæði 4. mgr., um bann við þátttöku hluthafa í atkvæðagreiðslu um tiltekin málefni, þar sem þeir hafa sérstakra hagsmuna að gæta, er nýmæli. Bannið nær aðeins til atkvæðagreiðslunnar og er ekkert því til fyrirstöðu, að viðkomandi hluthafi taki þátt í meðferð máls.

Rétt er að vekja athygli á, að gert er ráð fyrir, að sú regla 31. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 59/1957, að enginn hluthafi geti farið með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða í félaginu nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, sveitar-

félög, stofnanir þeirra eða samvinnufélög, verði felld niður. Ákvæðið var upphaflega sett í þeim tilgangi að sporna við óeðlilegu valdi einstakra fésterkra aðila og auka áhrif hinna, sem minni getu hafa til fjárframlaga. Ekki sýnist ástæða til að halda í þetta ákvæði, enda hefur það verið veikt mjög með því að undanþiggja ofannefnda aðila. Einnig ber á það að líta, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir stóraukinni vernd fyrir minnihluta hluthafa, sem ætti að verða raunhæfari, en gildandi takmörkunarregla um meðferð atkvæðisréttarins.

Um 63. gr.

Grein þessi, sem fjallar um fundarstað hluthafafunda, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 64. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um skyldu til að halda aðalfundi, hvenær þá skuli halda og hvaða málefni bera skal þar upp. Ennfremur eru ákvæði um rétt minnihluta hluthafa til þess á aðalfundi að fá ákvörðunum um tiltekin málefni frestað.

Í greininni eru bæði breytingar og nýmæli frá samsvarandi ákvæðum 30. gr. gildandi laga.

Aðalfund skal halda eftir því, sem félagssamþykktir ákveða, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Þau tímatakmörk eru ennfremur sett í þessu efni, að aðalfund skal halda aldrei síðar en innan sex mánaða frá lokum hvers reikningsárs, en samkvæmt 9. tl. 6. gr. frumvarpsins skulu í samþykktum vera ákvæði um, hvert skuli vera reikningsár félags og samkvæmt 92. gr. skal það yfirleitt vera tólf mánuðir. Reikningsárið þarf ekki að vera almanaksárið. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikninga og skýrslu endurskoðenda. Hér er einungis kveðið á um framlagningarskyldu á fundinum á þessum gögnum, en hafa ber í huga, að samkvæmt 4. mgr. 68. gr. skulu þau lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir fund og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem um það hefur beðið.

Í 2. mgr. eru talin upp þau mál, sem taka skal ákvörðun um á aðalfundi. Auk staðfestingar efnahags- og rekstursreiknings og ráðstöfun hagnaðar eða meðferðar taps er þar um að ræða önnur þau mál, er heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum. Í þessu sambandi skal minnt á 8. tl. 6. gr., sbr. og athugasemdir við hann, sem mælir fyrir um skyldu til þess að tilgreina í samþykktum, hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund. Það ræðst því af efni félagssamþykkta, hvaða mál önnur skuli tekin til meðferðar á aðalfundi.

Í 3. mgr. er nýmæli, sem veitir minnihluta hluthafa rétt til þess að krefjast frestunar á afgreiðslu aðalfundar á tilteknum málum. Mál þau, sem þarna er um að ræða, eru mikilvæg og frestur kann að reynast nauðsynlegur til þess að fá þau betur upplýst. Ákvæði þetta er einn liður í því að auka vernd minnihluta í hlutafélögum.

Um 65. gr.

Greinin er að miklu leyti samhljóða 2. og 3. málsl. 2. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Óbreytt er sú aðalregla, að félagsstjórn getur, hvenær sem henni þykir þess þörf, boðað til aukafundar. Í grein þessari er því hins vegar bætt við, að fulltrúanefnd skuli ennfremur hafa rétt til að ákveða að halda aukafund, sé um slíka nefnd að ræða. Fulltrúanefnd boðar á hinn bóginn ekki til aukafunda, sbr. 1. mgr. 67. gr., sem felur félagsstjórn það hlutverk.

Í gildandi lögum er mælt fyrir um skyldu stjórnar til þess að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþykktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Réttur þessi er í greininni rýmkaður á þann veg, að nægilegt er til þess, að skylt verði að halda aukafund, að hluthafar, sem ráða yfir 1/10 hlutafjárins, krefjist þess, enda sé ekki lægra mark

ákveðið í félagssamþykktum. Nýmæli er í greininni, að kjörnum endurskoðendum félags er veittur sami réttur og ofannefndum minnihluta hluthafa til þess að krefjast aukafundar. Frestur sá, sem stjórn er veittur til að boða til aukafundar samkvæmt kröfu minnihluta hluthafa eða kjörinna endurskoðenda, er 14 dagar og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Um það, hvernig með skuli fara, ef stjórn sinnir ekki skyldu til boðunar funda, er fjallað í 2. mgr. 67. gr.

Um 66. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er kveðið á um rétt hluthafa til þess að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi. Skilyrði fyrir þessum rétti hluthafa eru þau, að hann geri skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Varðandi fyrirvara þennan ber að hafa í huga 3. mgr. 68. gr. um, að fundarboð skuli hafa að geyma dagskrá fundarins svo og 1. mgr. 68. gr. og hugsanleg ákvæði félagssamþykkta um boðunarfrest.

Regla þessi um rétt hluthafa til þess að fá ákveðið mál tekið fyrir gildir bæði um aðalfundi og aukafundi.

Um 67. gr.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir, að boðun til hluthafafunda annist félagsstjórn. Þótt tilteknum aðilum sé veittur réttur til að krefjast funda, sbr. 65. gr., hafa þeir aldrei boðunina sjálfa með höndum. Sinni félagsstjórn ekki slíkum kröfum, sem löglega eru fram bornar, verður með að fara samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar.

Í gildandi lögum er ákvæði um, að hluthafar sjálfir geti boðað til aukafundar í þeim tilvikum, þegar stjórn félags sinnir ekki skyldu sinni til að efna til slíks fundar samkvæmt kröfu þess minnihluta hluthafa, sem áskilinn er í lögunum. Í 2. mgr. greinar þessarar eru lagðar til breytingar á því, hvernig boðun skuli hagað, þegar félagsstjórn vanrækir boðunarskyldu sína. Ekki er einungis miðað við aukafundi samkvæmt kröfu minnihluta hluthafa, svo sem í gildandi lögum, heldur almennt hluthafafundi, sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar. Vanræki félagsstjórn skyldu sína í þessum efnum, er ráðherra gert skylt að láta boða til fundarins, ef krafa kemur fram um það frá stjórnarmanni, fulltrúanefndarmanni, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða hluthafa. Umboðsmaður ráðherra skal stýra fundum, sem hann hefur þannig boðað til.

Um 68. gr.

Í grein þessari eru ýmiss nýmæli um boðun til hluthafafunda.

Í 1. mgr. er lagt til, að ófrávíkjanlegar reglur verði settar um það, hvenær fundarboðun skuli fara fram. Er þar um að ræða ákveðið svigrúm á þann veg, að boðun til hluthafafunda getur í fyrsta lagi verið gerð fjórum vikum fyrir fund og sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, í síðasta lagi viku fyrir fund. Ástæðan til lágmarksfrestsins er sú, að hluthöfum sé tryggt hæfilegt ráðrúm til undirbúnings fyrir fund. Ákvæði um hámarksfrest er talið nauðsynlegt, þar sem boðun með of löngum fyrirvara getur haft óhagræði í för með sér, einkum fyrir nýja hluthafa. Með reglum þessum er leitast við að tryggja hag hluthafanna jafnframt því að veita félagsstjórn möguleika á hæfilegu svigrúmi. Í 1. mgr. eru ennfremur reglur um boðun til framhaldsfundar svo og um fundarboðun, þegar gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda. Í frumvarpinu er hvergi gert ráð fyrir því, að gildi ákvörðunar skuli háð samþykki tveggja funda, en hins vegar kunna slík ákvæði að vera í félagssamþykktum og þykir því rétt að hafa ákvæði um fundarboðun í slíkum tilfellum.

Í 2. mgr. er kveðið svo á um, að fundarboðun skuli fara fram með þeim hætti, sem félagssamþykktir ákveða, en samkvæmt 7. tl. 6. gr. frumvarpsins skal greina

í samþykktum, hvernig kveðja skuli saman hluthafafundi. Það er þannig á valdi hlutafélaganna sjálfra samkvæmt ákvæðum þessum að ákveða form fundarboðunar þó með þeim takmörkunum, er greinir í 2. og 3. málsl. 2. mgr., þess efnis, að boðun skal vera skrifleg til þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá og opinber, ef hlutabréf hljóða á handhafa.

Samkvæmt 3. mgr. skal greina dagskrá í fundarboði og er það óbreytt frá gildandi lögum. Nýmæli er hins vegar að greina skal í fundarboði meginefni tillagna til breytinga á samþykktum. Samkvæmt 64. gr. skal ávallt fjalla um þar greind mál á aðalfundi, en allt að einu skal greina þau mál í fundarboði. Ágallar á fundarboðun takmarka hins vegar, að því er þessi mál varðar, ekki ákvörðunarvald aðalfundar, sbr. 69. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um framlagningu tiltekinna gagna á skrifstofu félags svo og hverjum gögn þessi skulu send. Er hér um nýmæli að ræða.

Um 69. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er kveðið á um þá meginreglu, að mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til meðferðar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa. Ákvæðið um, að hluthafafundur geti orðið ákvörðunarbær, komi samþykki allra hluthafa til, hefur raunhæfa þýðingu í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru fáir.

Í greininni eru gerðar tvær undantekningar frá ofannefndri meginreglu. Í fyrsta lagi er um það að ræða, að aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, þótt þess hafi ekki verið getið í dagskrá, ef skylt er að taka það þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum. Um mál þessi er aðallega fjallað í 64. gr. Í öðru lagi er unnt að ákveða að boða til aukafundar til að fjalla um mál, sem ekki hefur verið getið í dagskrá.

Meginregla greinarinnar um, að mála verði að geta í dagskrá, er að sjálfsögðu því ekki til fyrirstöðu, að gerðar séu breytingartillögur við dagskrármál. Ennfremur skal bent á, að einstök ákvæði um réttindi minnihluta hluthafa gera ráð fyrir, að slíkum réttindum sé unnt að beita á hluthafafundum án þess, að það sé greint í fundarboði.

Um 70. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stjórn hluthafafunda, fundarstjóra, fundarritara og fundargerðabækur. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um þetta efni.

Kveðið er á um þá meginreglu, að hluthafafundur kjósi fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum. Ennfremur er lagt til, að skylt verði að kjósa fundarritara og beri fundarstjóra að annast um, að svo verði gert.

Ákvæði greinar þessarar þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Um 71. gr.

Í gildandi lögum er ekki almenn regla um upplýsingaskyldu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra á hluthafafundi. Þar sem hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félags, verður hins vegar að telja, að hann hafi í skjóli þess valds heimild til þess að krefja félagsstjórn og framkvæmdastjóra á fundinum um þær upplýsingar, sem fundurinn telur þörf á að fá.

Í þessari grein er ekki lagt til, að lögfest verði ofannefnd regla um almenna upplýsingaskyldu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra gagnvart hluthafafundi sem slíkum, þar sem ekki sýnist nein þörf á því. Er hins vegar lagt til, að lögfestur verði réttur handa einstökum hluthöfum til þess að krefja félagsstjórn og framkvæmdastjóra um upplýsingar um tiltekin atriði á hluthafafundi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Tilgangurinn með ákvæðum greinarinnar er að veita hinum einstöku hluthöfum aukna möguleika til þess að kynna sér málefni félagsins.

Það, sem hluthafi getur samkvæmt greininni krafið félagsstjórn og framkvæmdastjóra á hluthafafundi upplýsinga um, eru málefni, sem skipta máli varðandi mat á reikningum félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, sem ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingar um þessi atriði öll eru þó háðar því, að þær megi veita án tjóns fyrir félagið og er það á valdi félagsstjórnar að meta, hvort svo sé.

Við kann að bera, að upplýsingar, sem skilyrði eru til að láta í té, séu ekki tiltækar á hluthafafundinum, og skal þá samkvæmt 2. mgr. greinarinnar veita hlut höfum innan 14 daga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og ennfremur skulu þær sendar þeim hluthöfum, er þess hafa óskað.

Um 72. gr.

Í fyrri málslið greinar þessarar er kveðið á um aðalregluna um atkvæðagreiðslu á hluthafafundum, þ. e. a. s. að einfaldur meirihluti atkvæða ráði úrslitum máls á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Víða í frumvarpinu eru sérákvæði um tiltekna málaflokka, þar sem krafist er aukins atkvæðamagns, t. d. 73., 74., 112., 124. og 125. gr. og í öðrum tilfellum kunna félagssamþykktir að hafa að geyma kröfur um meira en einfaldan meirihluta atkvæða.

Í síðari málslið greinarinnar er það nýmæli, að hlutkesti skuli ráða úrslitum í þeim tilfellum, þegar atkvæði eru jöfn við kosningar í félaginu. Heimilt er að víkja frá þessari reglu með ákvæðum í félagssamþykktum, og er ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðið sé í samþykktum, að atkvæði fundarstjóra ráði úrslitum án tillits til, hvort hann er hluthafi eða ekki. Reglu þessari, að hlutkesti skuli ráða, þegar atkvæði eru jöfn, er einungis ætlað að gilda við kosningar í félaginu, þ. á. m. kosningu fundarstjóra og fundarritara. Við afgreiðslu annarra mála leiðir jöfn atkvæðaskipting til þess, að þau ná ekki fram að ganga.

Um 73. gr.

Í þessari grein er kveðið á um aðalregluna um breytingar á félagssamþykktum. Í 74. gr. er fjallað um undantekningar frá aðalreglu þessarar greinar og er þar í ýmsum tilvikum krafist samhljóða samþykkis allra hluthafa eða samþykkis mjög aukins meirihluta þeirra til breytinga á félagssamþykktum. Um efni það, sem tilgreint er í ofannefndum greinum frumvarpsins, er að nokkru leyti fjallað í 31. gr. gildandi laga. Í ákvæðum frumvarpsins felast þó margvíslegar breytingar og nýmæli frá gildandi lögum.

Í 1. mgr. greinar þessarar er svo kveðið á um, að ákvarðanir um breytingar á félagssamþykktum heyri undir hluthafafund. Undantekningar frá þessari reglu er að finna í 16. og 36. gr. Samkvæmt 16. gr. lætur ráðherra skrá hlutafjárlækkun og breytingu á samþykktum samkvæmt því, þegar reglur greinarinnar um greiðslu hækkunarhluta hafa ekki verið haldnar. Í 36. gr. er stjórn félags heimilað að gera þær breytingar á samþykktum, sem beint leiða af hlutafjárhækkun, þegar hlutafjárbreytingin fer fram með þeim hætti, sem kveðið er á um í greininni.

Lagt er til, að sú mikilvæga breyting verði gerð, að upp verði tekin regla um lágmarks meirihluta samþykki við almennar breytingar á félagssamþykktum á þá lund, að ákvörðun um slíkar breytingar nái því aðeins fram að ganga, að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Með reglum þessum er bæði tekið tillit til hlutdeildar í heildarhlutafé og aukins atkvæðaréttar, sem kann að fylgja ákveðnum hlutum.

Aðalregla sú, sem hér er fjallað um, felur í sér lágmarkskröfur, sem ekki er unnt að víkja frá með ákvæðum í félagssamþykktum. Á hinn bóginn er unnt með ákvæðum í félagssamþykktum að setja strangari skilyrði en hér um ræðir.

Samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags ber að tilkynna til skráningar þegar í stað og er það í samræmi við ákvæði 14. gr. gildandi laga. Nýmæli er hins vegar, að lagt er til, að kveðið verði á um, að samþykkt um breyting á félagssamþykktum öðlist ekki gildi, fyrr en hún hefur verið skráð.

Um 74. gr.

Í þessari grein er fjallað um undantekningar frá aðalreglu 73. gr. um breytingar á félagssamþykktum. Til þeirra breytinga á félagssamþykktum, sem hér um ræðir, er annað hvort krafist samþykkis allra hluthafa eða mjög aukins meirihluta þeirra.

Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um breytingar á félagssamþykktum, sem varða veigamestu forsendur fyrir þátttöku í hlutafélagi og mikilvægustu réttindi hluthafa. Ákvarðanir um breytingar þessar verða því að hljóta samþykki allra hluthafa til þess að öðlast gildi. Þær breytingar á félagssamþykktum, sem lagt er til, að falli undir þessa ströngu reglu, eru greindar í 1.—3. tl. 1. mgr. Ekki er um að ræða í 1. mgr. neina tæmandi talningu þeirra tilfella, þar sem samþykki allra hluthafa þarf að koma til, svo að ákvörðun verði gild. Hér er einungis fjallað um breytingar á félagssamþykktum, en ljóst er, að samþykki allra hluthafa getur verið nauðsynlegt til þess, að ákvarðanir, sem ekki fela í sér breytingu á félagssamþykktum, en fjalla um hliðstæð efni og greinir í 1.—3. tl. 1. mgr., verði gildar.

Í 2. mgr. er sérregla um þær breytingar á félagssamþykktum, sem skerða rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félags án þess þó, að 1. tl. 1. mgr. eigi við, þ. e. a. s. skerðingin sé ekki öðrum en hluthöfum til hagsbóta. Ákvörðun um breytingu af þessu tagi verður því aðeins gild, að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði. Ákvæði þetta er liður í því að auka vernd minnihluta í hlutafélögum og verður að skoða það með hliðsjón af 2. mgr. 107. gr., sem tryggir minnihluta, sem samanlagt á minnst einn tíunda hluta hlutafjárins, rétt til að krefjast ákveðins lágmarks arðs.

Í 3. mgr. er svo kveðið á um, að ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, verði því aðeins gild, að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Auk þessa verður að sjálfsögðu til að koma það meirihluta samþykki, sem áskilið er í 73. gr. Nokkur tilslökun er gerð frá framangreindri reglu, þegar svo stendur á, að fleiri en einn hlutaflokkur er í félaginu og breyting á samþykktum raskar réttarsambandinu milli þeirra og eru sérreglur um þessi tilfelli í 2. málsl. 3. mgr. Ennfremur ber í þessum tilfellum að hafa í huga nauðsyn hins almenna meirihluta samþykkis skv. 73. gr.

Um 75. gr.

Grein þessi er nýmæli.

6. Í 37. gr. frv. eru sérstök ákvæði um skipan forráða yfir börnum, er foreldrar slíta samvistir, sem verið hafa í óvígðri sambúð. Sýnilegt er, að meginmunur er á hag óskilgetinna barna eftir því, hvort þau alast upp með foreldrum sínum í óvígðri sambúð eða hvort þau alast upp með einstæðri móður. Þessa munar gætir lítt í lagareglum. Er vafalaust þörf á lagareglum ýmsum um tengsl foreldra, sem búa saman í óvígðri sambúð, og barna þeirra, þ. á m. um forráð barna, svo og skipan forráða, er foreldrar slíta samvistir. Er 35. gr. frv. ætlað að koma nokkuð til móts við þörfina á reglum um forræði barna, er foreldrar búa saman í óvígðri sambúð, en 37. gr. frv. víkur að skipan forræðis yfir börnum, er slíkir foreldrar slíta samvistir.

V.

Rétt þykir að fara hér nokkrum orðum um þann efnisstakk, sem frv. er skorinn. Til athugunar kom að skipa lagaákvæðum um ættleiðingar sem sérstökum kafla í þessu frv. Eru þess dæmi sumsstaðar í Norðurlandalöggjöf, að svo sé gripið á máli, sbr. einkum sænska foreldrabálkinn, andstætt því sem er um dönsku og norsku barnalögin, þar sem sérstök lög eru um ættleiðingar. Lög um ættleiðingar eru að efni til svo sérstæð, miðuð við lög um aðra flokka barna, að tiltölulega lítið er unnið við að skipa ákvæðum um það atriði í almennum barnalögum sem sérkafla í þeim lögum. Var því ákveðið að breyta ekki út frá ríkjandi tilhögun hér á landi um þetta efni, en sérstakt frv. til nýrra ættleiðingarlaga er flutt samfara þessu frv. til barnalaga.

Þá er það ærið álitamál, hvort skipa skuli réttarfarsákvæðum um ákvörðun á faðerni barna (vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna) í barnalögum eða réttarfarslögum. Stefna íslenzkra laga í þessu efni hefir verið nokkuð tvíbent. Barnalögin frá 1921 geymdu réttarfarsákvæði um þessi efni, bæði varðandi skilgetin börn og óskilgetin. Lög nr. 85/1936, XVIII. kafli fjalla um mál út af faðerni óskilgetinna barna og felldu niður hliðstæð ákvæði í lögum nr. 46/1921, svo sem fyrr er greint. Lög nr. 85/1936 geymdu hins vegar ekki beinlínis ákvæði um vefengingarmál og námu ekki úr gildi réttarfarsákvæði laga nr. 57/1921 um það efni. Lög nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna geyma yfirleitt ekki réttarfarsákvæði um barnsfaðernismál og láta sér lynda að vísa til ákvæða XVIII. kafla laga nr. 85/1936. Benda má á, að í Reykjavík er sakadómara falin úrlausn faðernismála, sbr. lög nr. 74/1972, 4. gr. (áður lög nr. 65/1943 og 98/1961), og eru slík mál dæmd á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mismunandi er það í norrænni barnalöggjöf, hvort réttarfarsákvæði séu í þeim, sbr. annars vegar dönsku lögin, sem yfirleitt láta við það sitja að vísa til réttarfarslaga um þessi efni, og hins vegar norsku barnalögin, sem geyma rækileg ákvæði um réttarfar og sænsku og finnsku lögin geyma a. m. k. nokkurn hluta af réttarfarsreglum um þessi mál.

Ljóst er, að höfuðþörf er á að skipa réttarfarsákvæðum um vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna á einum stað samfellt í lögum. Er þá tveggja kosta völ, annaðhvort að skipa þeim ákvæðum í barnalögum eða í lögum um réttarfar í einkamálum.

Í frv. er lagt til, að réttarfarsákvæði um faðernismál verði í barnalögum.

Tekið skal fram, að til athugunar kom að setja ákvæði í frv. um bóta- og refsiábyrgð foreldra á yfirsjónum barna sakir skorts á umsjón með þeim og uppeldislegri gæzlu, svo og að stíla þar ákvæði um bótaábyrgð barna. Frá þessu ráði var þó horfið, enda tengjast slík ákvæði mjög almennum reglum bótaréttar, en skráning bótaréttarins er orðin brýn hér á landi og má vænta þess, að til hennar verði stofnað á næstunni. Skal lögð áherzla á það hér, að rík þörf er á ákvæði í lögum um bótaábyrgð barna og foreldra vegn skaðaverka barna, sbr. og hæstaréttardóm 21. marz 1974. Þótt ákvæði 23. gr. laga nr. 57/1921 verði afnumið, raskar það vitaskuld ekki því, að um ábyrgð þessa fari „eftir almennum reglum“, svo sem þar segir, en lítið hald er að ákvæði þessu.

VI.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í 1. gr. kemur fram, hver stakkur frv. er sniðinn. Frv. fjallar um skilgetin börn og óskilgetin í samfelldum bálki, en tekur hins vegar ekki til laga um ættleiðingu, svo sem áður er greint. Frv. geymir ekki heldur samfelld ákvæði um stjúpbörn og fósturbörn, þótt að þeim flokkum barna sé vikið í einstökum ákvæðum. Er

og ljóst, að ýmis ákvæði frv. taka til þessara barna eftir því sem við á, þótt þess sé ekki sérstaklega getið, sbr. t. d. ákvæðin um framfærsluskyldu og forræði barna o. fl. Er og ljóst, að t. d. fósturbörn teljast til heimilis, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1923. Í megindráttum gilda ákvæðin um skilgetin börn að því er tekur til réttarstöðu kjörbarna, þ. á m. ákvæði frv. þessa, ef lögfest verður.

Frv. er ætlað að ná yfir einkaréttarreglur, er varða tengsl foreldra við börn að lögum, og varða ekki stöðu barna að allsherjarrétti, svo sem framfærsluskyldu að framfærslulögum eða úrræði alsherjarréttareðlis gagnvart börnum og foreldrum, sbr. barnaverndarlög, og því síður lagareglur um refsiábyrgð barna eða foreldra vegna yfirsjóna barna. Er þetta sjónarmið sérstaklega áréttað í 3. málsgr. 1. gr.

Um 1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. er það ákvæði, að réttarstaða óskilgetins barns og skilgetins sé hin sama, nema lög mæli annan veg. Þetta ákvæði fer fyrst og fremst með stefnuyfirlýsingu, og markar þá allsherjarstefnu löggjafarvalds til óskilgetinna barna, að þau skuli njóta jafnréttis á við skilgetin börn. Ákvæði þetta getur haft stefnumarkandi áhrif að því er varðar túlkun á lagaákvæðum um réttarstöðu barna, þ. e. óskilgetin börn skulu hafa sama rétt og skilgetin, nema lög segi ótvírætt annað.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru fyrst ákvæði, er skýrgreina hugtakið skilgetið barn og þá einnig hugtakið óskilgetið barn samkvæmt samræmisályktun, sbr. 2. og 7. gr. Þá er í 3. gr. hin svonefnda almenna faðernisregla um skilgetin börn, er segir, að eiginmaður móður eða sambúðarmaður hennar, skuli teljast faðir barns, ef svo hagar til, sem í frv. segir, uns faðerni sé hnekkt samkvæmt ákvæðum kaflans. Í 4.—6. gr. eru síðan ákvæði um vefengingarmál, er horfa til þess að hnekkja faðerni skilgetins barns. Samkvæmt þessu yfirliti fjallar þessi kafli um skilgetin börn og stöðu þeirra.

Um 2. gr.

1. málsgr. 2. gr. er efnislega í samræmi við 1. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og leysir jafnframt af hólmi 1. gr. laga nr. 87/1947. Mat á því, hvort barn sé „hugsanlega getið í hjúskapnum“ er vitaskuld sönnunaratriði hverju sinni, ef brigður eru á bornar, og nýtur þá við sérfræðilegra álitsgerða lækna og annarra sérkunnáttumanna, eftir atvikum með umsögn Læknaráðs að bakhjarli. Hvorki hér né endranær í frv. þessu er fengist við að skýrgreina með lagaákvæði mörk meðgöngutíma barns.

2. málsgr. 2. gr. er í samræmi við 2. gr. laga nr. 87/1947. Eftirfarandi hjúskapur foreldra barns veldur því samkv. þessu, að barn fær stöðu skilgetins barns frá þeirri stundu, að vígslumaður lýsir hjónaefni hjón, en samkv. 37. gr. laga nr. 46/1921 var barn skilgert með eftirfarandi hjúskap foreldra þess. Í því ákvæði var slegið við þeim varnagla, að maðurinn hefði gengist við faðerni barns eða hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir samkv. eiði eða eiðsfalli. Þessi fyrirvari er hvorki í 2. gr. laga nr. 87/1947 né í frv.-greininni, enda er hjúskapurinn talinn jafngilda faðernisjátningu. Pater-est reglan svonefnda (hin almenna faðernisregla um skilgetin börn) á einnig við um börn, sem talin eru skilgetin samkvæmt þessari sérreglu. Um viðhorf í vefengingarmáli út af faðerni þessa flokks barna vísast til 5. gr. 3. málsgr. frv.

3., 4. og 5. málsgr. eru nýmæli, svo sem áður greinir. Sammerkt þeim er það, að hér er lagt til, að óvígð sambúð móður barns við tiltekinn karlmann á nánar greindum tíma fyrir eða eftir barnsburð valdi því ekki einvörðungu, að með þessu kynni að vera fengin faðernisviðurkenning af hendi sambúðarmanns móður barns, svo sem nú er með vissum skilyrðum skv. 3. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947, heldur feli

sambúð það í sér, að barn teljist skilgetið. Eru hér því í ríkum mæli tengd sömu réttaráhrif við óvígðu sambúðina sem hjúskap, og er það í samræmi við meginstefnu löggjafarinnar í því máli. Samkv. 3. málsgr. er sá áskilnaður gerður, að móðir barns hafi verið í óslitinni sambúð við tiltekinn karlmann 2 ár hin næstu fyrir fæðingu barns og skiptir þá ekki máli, hversu fari um sambúð þeirra eftir fæðinguna. Í 4. málsgr. er skilið til, að sambúð sé óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu og þar til 2 árum eftir hana, en 3 ár eftir fæðingu í 5. málsgr.

Hér vaknar það vandamál, hverju greinimarki eigi að beita um það, hvort karl og kona séu í „sambúð". Er lagt til, að það ráði úrslitum að meginstefnu til, hvort þau séu greind á þjóðskrá sem sambúðarfólk á þessum tíma, en einnig geti önnur „ótvíræð gögn" komið að haldi, svo sem vottorð opinbers starfsmanns eða stofnunar eða vætti nákunnugra manna. Skráning á þjóðskrá er ekki óhrekjanlegt sönnunargagn um sambúð, en það felst í ákvæðinu, að sú skráning skeri úr, uns réttthermi hennar sé hnekkt. Ef annar en sambúðarmaður hefur gengist við faðerni barns eða verið dæmdur faðir þess, á skilgetnaðarregla 4. og 5. málsgr. ekki við. Sá er munur á ákvæðunum, að samkvæmt 3. málsgr. verður barn skilgetið þegar við fæðingu barns, en samkv. 4. og 5. málsgr. öðlast barn eigi réttarstöðu skilgetins barns, fyrr en foreldrar barns hafa verið í sambúð í 2 eða 3 ár eftir fæðingu þess. Í því tilviki, svo og ef 2. málsgr. á við, ætti að gera reka að því að skrá í viðeigandi opinberar skrár, að barn sé skilgetið, en þessa mun yfirleitt ekki gætt. Mun það tíðkast að barn, sem óskilgetið er við fæðingu samkv. kirkjubókum, er talið óskilgetið til frambúðar í þeim bókum, þótt atvik hafi gerst, er valda því, að barn telst skilgetið. Er það miður.

Í 6. málsgr. er ákvæði nánast til varúðar og til þess að taka af hugsanleg tvímæli sbr. nú 9. gr. laga nr. 57/1921, sem er þó ekki sama efnis út í hörgul. Segir hér, að ógilding hjúskapar raski eigi réttarstöðu barns, sem skilgetins, frekar en lögskilnaður foreldra, sbr. og 26. gr. laga nr. 60/1972.

Um 3. gr.

Hér greinir faðernisregluna almennu og inntak hennar um skilgetin börn, svo sem það hugtak er skýrgreint í 2. gr. Faðernisreglan (pater est reglan) hvílir á því, að löglíkur séu fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi samfarir (samfaralíkur) og að barn, er fæðist í hjúskap (sambúð) þeirra sé ávöxtur af samförum þeirra, en barn sé ekki getið af þriðja manni (getnaðarlíkur). Er það verkefni sifjaréttar að gera þessu efni fræðileg skil. Lög búa barni með þessum hætti réttarstöðu yfirleitt að fyrra bragði, þ. e. þegar við fæðingu, en stundum geta atvik, er síðar gerast, þó valdið því, að barn hljóti réttarstöðu skilgetins barns, og á 3. gr. þá almennt einnig við, sbr. vísun hennar til 2. gr. í heild sinni, sbr. þó nánar athugasemdir við 5. gr.

Greinimark 2. gr. um skilgetin börn er ekki hnitmiðað að því leyti, að við getur borið, að 2. gr. í heild sinni helgi barni tvo feður. K fékk t. d. lögskilnað frá manni sínum, M 1, 1. des. 1972. Hún gekk að eiga M 2 1. júní 1973 og ól barn 1. júlí s. á. Sýnilegt er, að barn er getið áður en hjúskap þeirra K og M 1 lauk, og veitir það vísbendingu um, að M 1 sé faðir barns, en jafnframt er barn alið í hjúskap þeirra K og M 2, og bendir það til faðernis M 2. Í norrænum sifjarétti hefur á síðustu árum verið talið, að rétt væri að skrá M 2 í dæminu hér að framan föður barns. Finnsku lögin um réttarstöðu skilgetinna barna hafa brýnt ákvæði, sem tekur af tvímæli um þetta efni, og skal síðari eiginmaður konu teljast faðir barns, þegar svo stendur á, í krafti pater est reglunnar, sbr. 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 409/1957. Er frv. það, sem hér er flutt, reist á þessum skilningi, þótt ekki þyki þörf á brýnu ákvæði í lagatexta um þetta efni, enda virðist lagaframkvæmd helga þessa skýringu.

Réttarstöðu barns, sem öðlast hefur stöðu skilgetins barns verður aðeins breytt með vefengingardómi samkv. 4.–6. gr., svo og með ættleiðingu, en þá fær barn almennt stöðu sem væri það skilgetið barn ættleiðanda.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um sóknaraðild vefengingarmáls og málshöfðunarfresti. Er ákvæði þessu ætlað að leysa af hólmi 2.—5. gr. laga nr. 57/1921.

4. gr. er ætlað að skipa því á tæmandi veg, hverjir geti verið sóknaraðiljar að vefengingarmáli, sbr. þó síðar um rétt erfingja eiginmanns móður barns til að ganga inn í mál, sem hann hefur höfðað. Greinin er sniðin eftir dönsku barnalögunum, en norsku barnalögin hafa nokkuð rýmri aðild en hér er gert ráð fyrir.

Samkvæmt 4. gr. er sóknaraðild í höndum 1. eiginmanns (sambúðarmanns) móður barns, 2. móður þess, 3. barnsins sjálfs og lögráðamanns þess, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta.

Samanburður við 2.—4. gr. laga nr. 57/1921 leiðir í ljós, að sóknaraðild samkv. 4. gr. er rýmri að því leyti, að hér er lagt til, að móður verði veittur réttur til málshöfðunar, en hún hefur ekki slíkan rétt a. m. k. samkv. orðanna hljóðan í I. kafla laga nr. 57/1921. Þykja öll rök mæla með því, að hún geti átt aðild máls, enda eru hagsmunir hennar ríkir og auðsæir. Sóknaraðild er að því leyti þrengri samkv. 4. gr., að hér er ekki getið erfingja eiginmanns barnsmóður. Er þetta gert að fyrirmynd dönsku barnalaganna, en norsku og sænsku lögin halda fyrri tilhögun, sem er hin sama og nú greinir í 4. gr. laga nr. 57/1921. 4. gr. frv. er að þessu leyti reist á þeim rökum, að það sé ekki viðfelldið að láta öðrum eftir að ákveða, hvort faðerni verði vefengt en þeim, sem mál þetta varðar beinlínis, þ. e. eiginmanni, móður og barni. Erfingjar hafa fyrst og fremst fjárhagslegra hagsmuna að gæta, en láta sig minna varða stöðu barnsins eða ákvörðun á ætterni þess sem slíku. Um skipan þessa atriðis geta vitaskuld verið skiptar skoðanir og eru meðal fræðimanna. Á því er byggt, þótt ekki sé það greint berum orðum í frumvarpinu, að erfingjar eiginmanns barnsmóður geti gengið inn í vefengingarmál, sem hann hefur höfðað, sbr. 53. gr. laga nr. 85/1936, og hefur hliðstætt ákvæði í dönsku barnalögunum verið skilið á þá leið.

Í 3. gr. laga nr. 57/1921 er sá varnagli sleginn við um málshöfðun eiginmanns, að hann hafi ekki viðurkennt faðerni barnsins eftir fæðingu þess, sbr. og 4. gr. um kosti erfingja til að höfða vefengingarmál. Þessi fyrirvari er ekki í 4. gr. frv. Bæði er, að óljóst er oft, hvort slík viðurkenning hafi átt sér stað, og hitt, að viðurkenning er oft látin uppi, áður en eiginmanni er kunnugt „um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barnsins". Þykir ekki eðlilegt, að láta viðurkenningu standa því í vegi, að mál sé höfðað. Hitt er það, að það kann að veikja málstað vefengjanda í málssókn hans, og fer það þó eftir atvikum. Tekið skal fram, að þegar rætt er hér um eiginmann (sambúðarmann) móður barnsins, þá er að sjálfsögðu átt við þann eiginmann hennar eða sambúðarmann, sem talinn er faðir barns samkv. 3. gr., en ekki fyrri eða síðari eiginmenn hennar eða sambúðarmenn. Þó ber að hafa hugfast, að við getur borið, að barn sé hugsanlega getið í hjúskap móðurinnar við M 1, en það sé jafnframt alið eftir að hún stofnar til hjúskapar við M 2. Geta M 1 og M 2 þá báðir haft sjálfstæðan málshöfðunarrétt eftir því hvernig háttað er skráningu á faðerni barns.

Eiginmanni (sambúðarmanni) barnsmóður er settur sérstakur málshöfðunarfrestur, svo sem einnig er í lögum nr. 57/1921. Skal hann höfða mál innan árs frá því, að hann fékk vitneskju um atvik, sem geti verið efni til að vefengja faðerni barns, en hvað sem öðru líður skal hann hafa höfðað mál innan 5 ára frá fæðingu barns. Er það fortakslaus frestur án tillits til þess, hvenær eiginmaður öðlaðist vitneskju um atvik, er vakið geti grunsemd um faðernið. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað að mál verði höfðað eftir að frestum þessum lýkur, ef alveg sérstaklega stendur á, og er þar m. a. átt við það, að aðili hafi verið erlendis og ókunnugt um fæðingu barns eða högum hans hafi verið þannig háttað, að hann hafi ekki getað höfðað mál, svo sem vegna veikinda eða vistar í fangelsi o. fl. Einnig er eðlilegt, að tekið sé tillit til annarra atvika, svo sem þess, hvort barni sé verulegt óhagræði búið af málssókn, eins og högum þess er farið. Ef barn hefur hafið skólagöngu getur því orðið mein

að því að breyta skyndilega um nafn. Tillit verður einnig tekið til þess, hvort horfur eru á, að barn hljóti þegar í stað aðra ákveðna feðrun, t. d. verði talið barn síðari eiginmanns móður þess. Leyfi þetta verður aðeins veitt í undantekningartilvikum, og er á því byggt hér, að dómsmálaráðuneyti meti það til hlítar, hvort leyfið verði veitt.

Samkv. 4. gr. er það aðeins eiginmanni (sambúðarmanni) móður, sem settur er málshöfðunarfrestur, og hvorki barn né móðir þarf að hlíta slíkum frestum. Er þetta í samræmi við viðhorf í norrænum barnalögum.

Faðir barns samkv. 3. gr. er oft lögráðamaður barns. Þarf þá að skipa barni sérstakan lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þess eða reka mál vegna þess, og miðast orðalag 4. gr. 1. málsgr. við það, sbr. og 26. gr. lögræðislaga nr. 95/1947.

4. gr. hefur ekki að geyma ákvæði um varnaraðild vefengingarmáls. Ef eiginmaður stefnir, þá er barn til varnaraðildar og ber að stefna lögráðamanni þess, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1921. Þá ber einnig að stefna móður barns til aðildar í máli. Ef ætlunin er að fá dóm fyrir faðerni þriðja manns, ber að stefna honum til að þola dóm, sbr. hrd. XXIII, bls. 177. Má gera þessar tvenns konar kröfur í sama máli, bæði að hafa uppi vefengingu og að dómur verði veittur um faðerni þriðja manns. Ef barn er sóknaraðili máls, stefnir það (eða lögráðamaður þess) eiginmanni (sambúðarmanni) móður þess, en ef hann er látinn, þá erfingjum hans, er ganga jafnhliða barninu eða næst að erfðum eftir hann, sbr. 5. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er sett fram efnislega greinimarkið um það, hvenær krafa um vefengingu geti náð fram að ganga. Svo sem að framan greinir, hafa reglur barnalaganna frá þriðja áratugnum, hér á Norðurlöndum, þ. á m. lög nr. 57/1921 lengi sætt nokkurri gagnrýni, með því að þær reglur feli í sér of harðar kröfur um sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, að eiginmaður barnsmóður sé ekki faðir barns. Viðurkennt er, að faðernisreglan almenna um skilgetin börn sé veigamikil og yfirleitt mjög í hag barni. Hins vegar hefur verið talið, að svo einstrengingsleg sönnunarregla, sem í faðernisreglunni felist, geti stundum leitt beinlínis til rangrar feðrunar, en þjóðfélaginu hljóti að vera keppikefli, að börn séu rétt feðruð.

Ljóst er, að barnalögin eldri, þ. á m. lög nr. 57/1921, eru samin, áður en blóðflokkagreining og það ríka sönnunargagn, sem í henni felst, kom til skjalanna. Hefur það sönnunargagn breytt miklu um úrslit í barnsfaðernismálum, þar sem í hlut eiga óskilgetin börn. Er vissulega brýn þörf á að endurskoða reglur I. kafla laga nr. 57/1921, einkum 7. gr., út frá þessum nýju sönnunarviðhorfum og með tilliti til endurskoðunar þeirrar, sem þegar hefur farið fram á Norðurlöndum.

Í 7. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921 segir, að dómkrafa stefnanda verði því aðeins tekin til greina, „að telja megi víst að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess“, sbr. þó undantekningar 2. málsgr. 7. gr. Ákvæði 5. gr. 1. málsgr. frv. víkja frá 7. gr. 1. málsgr. m. a. að því leyti, að þar er greint sérstaklega það mikilvæga atriði, að þriðji maður sé tilnefndur, sem talinn er hafa haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess, enda séu líkur til, að barn sé ávöxtur þeirra samfara. Við þessar aðstæður er yfirleitt unnt að gera hvort tveggja að hindra fyrri feðrun barns og jafnframt að kveða á um nýja feðrun þess. Við þessar aðstæður er viðurhlutaminna að fallast á vefengingarkröfu en ella. Gert er hér ráð fyrir þeim möguleika, að t. d. blóðraun girði fyrir faðerni eiginmanns (sambúðarmanns) eða kannanir á feðrunarlíkum, miðað við blóðflokkagreiningu aðilja og sérfræðilega úrvinnslu hennar, og eftir atvikum könnun á mannerfðafræðilegum gögnum veiti vísbendingu um, að langtum líklegra sé, að hinn nafngreindi þriðji maður sé faðir barns en stefnandi vefengingarmálsins. Þótt ekki sé unnt að benda á tiltekinn þriðja mann veitir 5. gr. 1. málsgr. svigrúm til að fallast á vefengingarkröfu, „ef telja verður öruggt vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður sé ekki faðir barns“. Hér getur komið sitthvað til, sem vefengingarkrafa er reist á. Í fyrsta lagi getur

hún átt rót að rekja til þess, að hjón (sambúðarfólk) hafi ekki haft samfarir á getnaðartíma barns (reynt er þá að hnekkja samfaralíkum þeim, sem er fyrri þáttur faðernisreglunnar almennu um skilgetin börn). Um þetta atriði horfir 5. gr. frv. sama veg við og ákvæði I. kafla laga nr. 57/1921. Dómstólar hafa verið kröfuharðir um sönnun fyrir slíkri staðhæfingu, ef aðilar hafa verið samvistum. En hér gæti einnig m. a. komið til greina sönnun fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi verið fjarvistum á getnaðartíma barns. Í öðru lagi getur vefengingarkrafa verið á því reist, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess og að barn sé ávöxtur þeirra samfara, en ekki samfara, sem eiginmaður hafi haft við móður (reynt er þá að hnekkja getnaðarlíkum, sem er annar þáttur í pater est reglunni). Staðhæfingin um, að þriðji maður hafi haft samneyti við konu, er til barnsgetnaðar megi leiða, er háð almennu sönnunarmati, og felur 5. gr. eigi í sér neina sérstaka breytingu á því atriði. Viðurkenning móður á, að hún hafi haft samfarir við annan en eiginmanninn, er út af fyrir sig ekki nægileg í þessu efni.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er svipaðs efnis og 7. gr. 2. málsgr. Er það reist á því, að eigi séu rök til þess að láta sönnunarreglu 1. málsgr. 5. gr. gilda, fullum fetum, þegar barn er getið eftir að móðir barns og eiginmaður hennar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða dvöldust fjarvistum vegna ósamlyndis, svo og þegar barn er getið, áður en móðir þess giftist, sbr. 2. gr. 2. málsgr. Hér er eigi jafn ríkum líkum til að dreifa fyrir því, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess samkv. 2. gr., hafi haft samfarir saman, eins og er endranær. Þ. e. sá þáttur í faðernisreglunni, er lýtur að samfaralíkum, er ekki jafn ríkur og ella, þótt þess sé m. a. að gæta, að fólk kunni að hafa búið saman í óvígðri sambúð. Það er inntak 2. málsgr. 5. gr., að þegar svona stendur á, dugar, að sá, sem hefur uppi vefengingarkröfu, staðhæfi, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess, hafi eigi haft samfarir á getnaðartíma barns. Varnaraðili, er andmælir kröfu, verður þá að gera það sennilegt, að slíkar samfarir hafi átt sér stað. Ef sú sönnun tekst, grípur almenna faðernisreglan inn í málið, þ. e. að líkur eru taldar til þess, að þær samfarir hafi leitt til barnsgetnaðar, en aðrar ekki. Að þessu leyti dregur 2. málsgr. verulega úr því sönnunarmagni, sem krafist er.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er lítið eitt á annan veg að efnisinntaki en ákvæði 7. gr. 2. málsgr. Í fyrsta lagi á hún við, án tillits til þess hver er sóknaraðili máls, en 7. gr. 2. málsgr. er einskorðuð við, að eiginmaður sé sækjandi máls. Í öðru lagi er því atriði bætt við í ákvæðinu, að það eigi við, er eiginmaður (sambúðarmaður) og móðir barns voru eigi þegar barn var getið, samvistum **sakir ósamlyndis.** Er þar nánast lagt til, að lögfest verði fræðileg skýring.

Um 6. gr.

Ákvæðið varðar nokkur atriði varðandi vefengingarmál, en um rekstur þeirra er annars aðalregla sett í 51. gr. frv. Samkv. 51. gr. er boðið, að beitt skuli um þessi mál almennum reglum um einkamál, nema annars sé getið, og felst m. a. í því, að horfið er frá þeirri tilhögun, að dómari leiti af sjálfsdáðum sönnunargagna um málið. Í 51. gr. eru þó greind ýmis frávik frá þessari meginreglu, sbr. og 4. og 6. gr. frv.

Rétt þykir að þeir dómendur dæmi vefengingarmál, sem fjalla um almenn einkamál, og segir um þetta í upphafi 6. gr.

Í 6. gr. segir, að aðildareiður sé óheimill, og játning kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og eru þessi atriði óbreytt frá 6. gr. laga nr. 57/1921.

Benda má á, að í 51. gr. frv. felst m. a., að dómari getur með vissum skilyrðum mælt fyrir um blóðrannsóknir á þeim, sem koma við mál þetta, og jafnframt um mannerfðafræðilegar rannsóknir. Er skylt að hlíta því, svo sem greinir í 214. gr. laga nr. 85/1936 um blóðrannsóknir. Eru hér tekin af tvímæli, því að þetta atriði er ekki fullljóst samkv. I. kafla laga nr. 57/1921.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um faðerni óskilgetinna barna, þ. e. efnisreglur í því sambandi, því að flestar réttarfarsreglur eru annars staðar greindar, sbr. IX. kafla. Eru hér reglur um skýrgreiningu hugtaksins óskilgetið barn, sbr. 7. gr., svo og um viðurkenningu á faðerni barns, sbr. 8.—11. gr., en í 12. gr. eru reglur, er varða úrslit faðernismála. Í 13. gr. er vísað til réttarfarsreglna um faðerni barna annarra en þeirra, sem greinir í þessum kafla. Hér eru nokkur nýmæli og sum þeirra veigamikil.

Um 7. gr.

Skýrgreiningin á hugtakinu óskilgetið barn markast af því, með hverjum hætti hugtakið skilgetið barn er skýrgreint, sbr. 2. gr. Ákvæði 7. gr. gegnir í raun réttri aðeins leiðsöguhlutverki, en hefur ekki sjálfstætt efnislegt gildi.

Um 8. gr.

Hér er meginreglan um viðurkenningu á faðerni barns. Er hún sama efnis og 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 87/1947, en því er bætt við, að sé barnsfaðir yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er látin uppi, skuli hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Er þessi regla einnig í dönsku barnalögunum. Þar er valdsmanni, sem tekur við barnsfaðernisyfirlýsingu, boðið að greina glögglega fyrir aðilja, hver réttaráhrif séu tengd við barnsfaðernisyfirlýsingu. Er mikilvægt, að slíkur háttur sé á hafður einnig hér á landi, þótt ekki þyki ástæða til að greina það í lagatexta.

Tekið skal fram, að viðurkenning á barnsfaðerni fær ekki staðist, nema barnsmóðir fallist á hana, ef hennar nýtur við. Þessa atriðis er sérstaklega getið í 3. kap. 2. gr. í sænska foreldrabálkinum. Byggir 8. gr. einnig á þessu, sbr. orðin „sem kona kennir óskilgetið barn sitt“.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Þykir ástæða til þess að greina það hér, að barnsfaðernisviðurkenning sé ekki tæk, ef barnsfaðir er geðveikur eða hálfviti eða geðrænum högum hans að öðru leyti er þannig farið, að ekki er mark takandi á yfirlýsingu hans. Hér er lagt til, að fræðileg skýring verði lögfest.

Ef fleiri en hinn lýsti faðir hefur haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, þykir yfirleitt ekki rétt að taka mark á barnsfaðernisviðurkenningu, heldur á þá dómur að ganga á málið. Þetta þarf þó ekki, ef talið verður að fyrra bragði, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað, einkum með blóðgreiningu.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um atvik, sem geta valdið því, að unnt er að ónýta með dómi faðernisviðurkenningu að kröfu þess, sem gengist hefur við barni eða lögráðamanns hans. Slíka viðurkenningu er og hægt að ónýta, ef gögn koma fram, er sýna, að viðkomandi maður geti eigi verið faðir barns, sbr. t. d. að blóðrannsókn girði fyrir, að hann geti verið faðir.

Um 11. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Getur verið veigamikið, að viðurkenning á faðerni, sem erlendis er fengin, hafi fullt gildi hér á landi. Er vafasamt, að slíkt verði lagt til grundvallar, nema sérstök heimild komi til. Þykir rétt að heimila dómsmálaráðherra að mæla fyrir um þetta efni, enda er ekki sagt, að hinu sama gegni um öll lönd í þessu efni, með því að réttarreglur eru mjög mismunandi á þessu sviði.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um úrslit í barnsfaðernismáli. Gætir hér mjög nýmæla.

Í fyrsta lagi er það nýmæli, að tekið er fyrir það í 3. málsgr., að úrslit verði látin velta á aðildareiði, svo sem nú er heimilt, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Aðildareiður er að vísu heimill í einkamálum almennt, sbr. 160. gr. laga nr. 85/1936. Þessu ákvæði er þó mjög sjaldan beitt og nánast aldrei. Gegn aðildareiði í barnsfaðernismálum er hægt að tefla mörgum hinum sömu rökum og þeim, sem almennt gera slíkan eið varhugaverðan. Aðiljar eiga hér mjög fjárhagsmuna að gæta, en að auki skiptir þá máli siðferðislega og félagslega, hver úrslit máls verði. Freistingin er því mikil til að vinna eið, hversu sem málaefni eru. Hér kemur til að auki, að minni manna um þau atvik, sem hér koma til, er oft ótraust. Alllangur tími líður oft frá því, að talið er, að kynmök hafi átt sér stað, uns málsúrslit liggja fyrir, og dregur það úr traustleika minnisins. Því er og oft haldið fram, að virðing manna fyrir eiðinum sé ekki jafn rík og áður var. Benda má á, að aðildareiður er mjög fátíður sem úrslitagagn á Norðurlöndum, og var t. d. fyrir nokkrum árum með öllu útrýmt í dönskum rétti.

Vissulega má segja, að sönnunargögn í barnsfaðernismálum séu oft ótraust, og sé því vel skiljanlegt, að dómstólar grípi títt til þess fangaráðs að láta úrslit máls velta á eiði annars hvors aðilja. Hér er þess þó að gæta, að blóðflokkarannsóknir og blóðflokkafræði hafa náð meiri þroska en áður var, og auk þess er unnt að beita mannerfðafræðilegum rannsóknum meir en áður var, en þessi fræðilegu gögn geta síðan verið grundvöllur undir tölfræðilegum samanburði á faðernislíkum, t. d. tveggja manna, sem til greina eru taldir koma um faðernið. Eftir tilhögun norrænu laganna, sem lögfest voru síðast á sjötta áratugnum, verður að kosta kapps um að afla rækilegra sérfræðilegra gagna í faðernismálum, og dómstólar verða síðan á grundvelli þeirra gagna að taka afstöðu til krafna í faðernismáli, annað tveggja á þann veg að dæma varnaraðilja — eða einhvern þeirra — föður að barni eða sýkna hann eða þá. Ekki er unnt samkvæmt þessari tilhögun að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan með barni án þess að dæma hann jafnframt föður barns.

Í 12. gr. er lagt til, að þessi tilhögun verði lögfest. Er það **annað nýmæli 12. gr.**, að ekki sé unnt að dæma mann meðlagsskyldan með barni, nema hann sé dæmdur faðir þess, sbr. 4. málsgr. Telja verður það óskapfellt fyrir barn, að tiltekinn maður sé dæmdur meðlagsskyldur með því, án þess að kveðið verði á um faðerni. Sérstaklega hlýtur það að vera óþægilegt fyrir barn að vita til þess, að fleiri en einn maður hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með því, svo sem nú er heimilt samkv. 212. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir kemur, að gert er í lagaframkvæmd. Staða hins „meðlagsskylda“ er og mjög óljós að lögum. M. a. verður það einatt álitamál, hvort hann teljist hafa afstöðu „föður“ gagnvart barninu vegna feðrunarlíkna, svo sem ef hann vill ganga að eiga stúlku, sem hann hefur verið dæmdur meðlagsskyldur með, eða spurning verður um vanhæfi hans til að fara með málefni, er varðar dótturina, svo að dæminu sé haldið áfram, við dómsýslu, stjórnsýslu eða vegna reglna um votthæfi o. s. frv. Hér kemur að vísu það á móti, að móðir fær yfirleitt eigi samkv. 72. gr. laga nr. 67/1971 greitt meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins, nema úrskurður yfirvalds um meðlag liggi fyrir, en Tryggingaráð getur þó fallist á umsókn um greiðslu barnalífeyris, þótt barn sé ófeðrað, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971. Þess ber að gæta, að þau tilvik eru mjög fá ár hvert á landinu öllu, að dæmd sé meðlagsskylda án þess að leyst sé úr faðerni.

1. og 2. málsgr. 12. gr. er ætlað að koma í stað 212. gr. laga nr. 85/1936. Hér er gerður að formi til greinimunur á því, hvort fleiri mönnum sé dreift við móður (2. málsgr.) eða ekki (1. málsgr.), en báðar málsgreinar verður að túlka samfellt, og á grunnregla 1. málsgr. við, þótt varnaraðiljar séu fleiri en einn. Í 1. málsgr. er notað það orðalag í samræmi við hin norrænu lögin, að sá, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns verði dæmdur faðir barns, „nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins“. Hér er var-

færnislegra orðalag en í 212. gr. laga nr. 85/1936 og meir í samræmi við það, sem læknar og líffræðingar telja sig geta staðhæft á grundvelli rannsókna sinna. Gögn, sem til er vísað, lúta fyrst og fremst að blóðrannsóknum og ályktunum af þeim, og svo mannfræðilegum könnunum og úrvinnslu þeirra. Þau taka einnig til þess, að upp komi, að maður sé ófær eða lítt fær til barnsgetnaðar, og einnig veitir orðalagið dómstólum svigrúm til að meta atriði eins og það, hvenær á getnaðartíma (ferlinum) samfarir hafi átt sér stað, upplýsingar um það, hvenær kona hafði síðast á klæðum fyrir barnsburð, svo og atriði eins og notkun getnaðarvarna og hvers kyns þau kynmök eru, sem talin eru hafa átt sér stað, þ. e. hvort þau hafi getað leitt til getnaðar barns. Ástæða er til að taka fram, að sönnunarmat í þessu efni er hjá dómstólum, og gildir hér reglan um hið svonefnda frjálsa sönnunarmat, jafnvel þótt t. d. blóðflokkagreining sé talin girða fyrir, að varnaraðili geti verið faðir barns. Verður dómari og að kosta kapps um að leiða öll atvik að getnaði barns í ljós, eftir því sem fært er, þótt slíkt gagn um blóðflokka liggi fyrir. Þá er það á valdi dómstóla að meta, hvort hinar raunhæfu forsendur, sem sérfræðileg álitsgerð er reist á, séu réttar, t. d. hvort blóðsýni sé viðhlítandi vegna ótryggrar vörslu eða hvort byggjandi sé á upplýsingum um tíðir konu, ef því er að skipta.

Blóðflokkagreining og ályktanir sérkunnáttumanna samkv. þeim tóku að tíðkast sem sönnunargagn í norrænum dómum rétt fyrir og upp úr 1930 (1928 í Danmörku og Svíþjóð, í Noregi 1933). Fyrsti dómur Hæstaréttar Íslands, þar sem blóðflokkagreining var lögð til grundvallar dómi, gekk árið 1934 (hrd. V, bls. 465). Hefur síðan margsinnis verið byggt á þessu gagni sem úrslitagagni. Í Hæstarétti hefur þó enn ekki gengið dómur í vefengingarmáli, þar sem gagn þetta hafi ráðið úrslitum. Með 214. gr. laga nr. 85/1936 er boðið, að aðiljar leggi sig undir slík blóðflokkapróf, svo og barn, sem í hlut á, og má dómari leita aðstoðar lögreglumanna við framkvæmd mála. Hæstiréttur hefur stundum orðið við kröfu um, að aðiljar legðu sig undir blóðrannsókn eða mælt fyrir um nánari úrvinnslu gagna eða ítrekaða blóðtöku og sérfræðilega könnun, þ. á m. að leitað væri til fleiri sérfræðings en eins, eftir atvikum erlendra sérfræðinga (í einu mála tjáðu þrír sérfræðingar sig um sakarefni, sbr. hrd. XXXVIII, bls. 787). Þá hefur og borið við, að blóðrannsókn hafi farið fram á foreldrum lýsts barnsföður í því skyni að kanna nánar, hvernig tilteknum blóðflokki hans sé háttað. Blóðrannsóknir eru oftast framkvæmdar af Rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði, og eru þar nú tök á að beita flestum þeim blóðflokkagreiningum, sem tíðkanlegar eru á Norðurlöndum, en á það getur þó reynt, að þörf sé á að senda blóðsýni til útlanda.

Reglna þarf við um sitthvað, sem varðar framkvæmd blóðrannsókna þ. á m. ákvæði, er stuðli að samræmdri framkvæmd, svo og um það, hvenær barni verði fyrst tekið blóð, hve oft sé rétt að endurtaka blóðraun, um vörslu blóðsýna o. fl. Er vikið að slíkri reglugerð í lokamálsgr. 12. gr., sbr. og 46. og 52. gr. frv.

Mannerfðafræðilegar rannsóknir hafa talsvert farið í vöxt síðustu árin í nágrannalöndunum. Taka þær mið af arfgengum atriðum, eins og augnalit, eyrnalagi og afstöðu eyrna til annarra líkamshluta, vissra þátta í fingra- og táaförum, andlitslagi og höfuðlagi, fæðingarblettum og líkamlegum ágöllum sumum. Þessara rannsókna hefur lítt gætt hér á landi í faðernismálum, en tök munu vera á að framkvæma þær hér. Geta rannsóknir þessar skipt máli við könnun mála, oft sem viðbótargagn við blóðrannsóknir og við tölfræðilegan líkindareikning um faðerni, byggðan á almennri blóðflokkaskipan.

Í 2. málsgr. 12. gr. er fjallað um það meginvandamál, er varnaraðiljar í barnsfaðernismáli eru fleiri en einn. Þegar fleiri en einn maður þykja sannir að kynmökum við konu á getnaðartíma barns, verður samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936 ekki kveðinn upp faðernisdómur í málinu, nema blóðrannsókn eða svipað úrslitagagn girði fyrir, að t. d. annar varnaraðilja geti verið faðir barns. Endranær verður enginn (hvorugur) dæmdur faðir barns, en unnt er að dæma þá meðlagsskylda, þ. á m. að dæma þá skylda til að greiða óskipt meðlag með barni. Í 2. málsgr. 12. gr. er horfið

frá þeirri tilhögun, að unnt sé eingöngu að dæma um meðlagsskyldu án þess að dæmt sé um faðerni, og er það reifað hér á undan. Samkvæmt greininni á dómstóll að meta, þegar svona hagar til, í fyrsta lagi, hvort tiltekinn varnaraðili sé útilokaður frá faðerni samkv. úrslitagögnum í máli, sbr. 1. málsgr., en í öðru lagi verður varnaraðili því aðeins dæmdur faðir barns, „að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið". Það er verkefni dómstóla að framkvæma þetta sönnunar- og líkindamat, en gert er ráð fyrir, að við njóti sérfræðilegra álitsgerða, þ. á m. ef kleift reynist, álit sérkunnáttumanna um samanburð á líkindum fyrir því, að tilteknir varnaraðiljar séu feður barns (m. a. blóð-„statistískar" kannanir).

Samkvæmt álitsgerð varðandi lagalegt mat á blóðflokkarannsóknum í barnsfaðernismálum, sem samin var fyrir nokkrum árum af sérfræðingum frá Norðurlöndum, er m. a. gerð grein fyrir því, að tiltekin blóðflokkakerfi séu 99.9% örugg. (A1-, A2-, BO-kerfi, MN-kerfi, Rh-kerfi, Hp-kerfi, Gc-kerfi), en við önnur tiltekin kerfi sé öryggið frá 99,0—99,9% (Kell-, P-Duffy-, Ge-, Gm-kerfi), en svo er bent á, að önnur kerfi séu til, sem við þurfi kannana og álitsgerða um traustleika í hvert einstakt skipti (t. d. Lewis-, Lutheran- og Kidd-kerfi). Vakin er athygli á, að þessi álitsgerð er nokkurra ára gömul og í nýrri finnskri álitsgerð er t. d. ABO- og MN-kerfi talin 99,99% örugg. Er þar getið fleiri kerfa með u. þ. b. 99% öryggi. Um tölfræðilegt mat á grundvelli blóðflokka aðilja, samanborið við almenna blóðflokkaskipan manna í því þjóðfélagi, sem um er að ræða, segir svo í álitsgerðinni, að „yfirgnæfandi líkur" merki í þessu sambandi, að líkur á faðernis manns sé ekki minna en 19:1. Virðast norrænir dómstólar hafa tekið mjög mið af þessari álitsgerð í dómum sínum. Ljóst er, að dómstólar meta öll gögn málsins, og láta sér ekki lynda sérfræðilegar kannanir einar sér. Í síðustu álitsgerðum er talið, að hægt sé að útiloka faðerni í a. m. k. 83% tilvika, og ef öllum kerfunum er beitt, nálgast þessi hundraðstala 90.

Vera má, að 12. gr. 2. málsgr. leiði til þess, að þegar varnaraðiljar eru tveir eða fleiri, verði málsúrslit oftar þau en nú er, að sýkna verði dæmd. En ávinningurinn er sá m. a. að losna við meðlagsskyldu-kerfið, sem mun eiga sér fáa formælendur. Vakin er í þessu sambandi aftur athygli á 3. gr. 4. málsgr. laga nr. 96/1971, er orðar 14. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 að nýju. Þar er heimilað að greiða barnalífeyri með ófeðruðu barni, en tryggingaráð metur hverju sinni umsókn, er að þessu lýtur.

Um 13. gr.

Hér er vísað almennt til réttarfarsákvæða um faðernismál, með svipuðum hætti og í 4. gr. laga nr. 87/1947, sbr. IX. kafla frv.

Um IV. kafla.

Hér eru sameinuð í einn kafla ákvæði um framfærslu barna, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin, en auk þess er vikið að stjúpbörnum og fósturbörnum í 15. gr. Kemur þessi kafli í stað ýmissa ákvæða í lögum nr. 87/1947, t. d. 6., 7. og 8. gr., og II. kap. í lögum nr. 57/1921. Framfærsluákvæðin í I. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna raskast ekki af ákvæðum frv., en ljóst er t. d., að þegar maka er gert með 2. gr. þeirra laga að „framfæra fjölskylduna", þá er m. a. lögð á hann skylda til að framfleyta börnum, þ. á m. stjúpbörnum og fósturbörnum. Rétt þykir, að það biði heildarendurskoðunar á lögum nr. 20/1923 að skipa ákvæðum I. kafla um framfærslumálin að nýju. Vakin er athygli á, að samkv. 1. gr. 3. málsgr. frv. er sá almenni fyrirvari gerður, að ákvæði um framfærslu lúti eingöngu að einkaréttarskyldum foreldris, en ekki skyldum að opinberum rétti, þ. á m. samkv. framfærslulögum. Víða er þó tekin afstaða til aðgangs manna að Tryggingastofnun ríkisins um einstakar greiðslur.

Í þessum kafla er það helst nýmæli, að foreldrum er gert að skyldu að einkarétti að framfæra börn sín lengur en nú er, þ. e. aldur er hækkaður úr 17 í 18 ár, og getur framfærsluskylda staðið til 24 ára, ef þörf krefur vegna menntunar barns, sbr. 17. gr.

Eru þessi nýmæli samin mjög með hliðsjón af nýju barnalögunum á Norðurlöndum. Þá eru ný ákvæði, er heimila að úrskurða framfærsluskyldan aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, eða vegna sjúkdóms, greftrunar, „eða af öðru sérstöku tilefni", sbr. 19. gr.

Um 14. gr.

Ákvæðið kemur í stað 10.—12. gr. laga nr. 57/1921, sbr. 11. gr. laga nr. 19/1953, og 5. og 6. gr. laga nr. 87/1947. Tekið er sérstaklega fram, að um framfærsluskyldu kjörbarns fari sem um framfærsluskyldu annarra barna, sbr. og 5. gr. framfærslulaga nr. 80/1947. Sama er um stjúpbörn, sbr. ákvæði 12. gr. laga nr. 57/1921, sjá og framfærslulög nr. 80/1947, 4. gr. Tekið er sérstaklega fram í 3. málsgr., að fósturforeldri, sem hefur barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, sé skylt að ala það upp með sama hætti sem það væri skilgetið barn þess.

Greinimarkið um framlög til framfærslu barns, uppeldi þess og menntun er það, að þeim skuli haga „með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna" þ. á m. hæfi og getu til tekjuöflunar. Vakin er athygli á, að þessu ákvæði, er ætlað að fjalla um alla flokka barna, óskilgetin börn eigi síður en önnur börn.

Um 15. og 16. gr.

Ákvæði 15. og 16. gr koma að nokkru leyti í stað 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 og 8. gr. laga nr. 87/1947, svo og laga nr. 91/1971, er hafa viðbótaákvæði að geyma við lög nr. 57/1921, og laga nr. 92/1971, en beggja laganna frá 1971 var getið í upphafskafla þessarar greinargerðar. 3. málsgr. 15. gr. kemur í stað 3. málsgr. 14. gr. laga nr. 87/1947.

Ákvæði 15. og 16. gr. eru í stórum dráttum í samræmi við gildandi lög. Í lokamálsgr. 16. gr. er þó sett það nýmæli, að heimilt er að skjóta úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því að úrskurður gekk, en úrskurður ráðuneytis er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags. Slíkur málskotsréttur hefur verið játaður, þegar um er að ræða framfærslueyri með maka, sem skilinn var, sbr. hrd. XXV, bls. 17. Hér er lagt til, að almennt ákvæði verði lögfest um málskot, og skiptir þá ekki máli með hverjum flokki barna meðlag er ákveðið. Þykir ástæða til þess, að slíkt grundvallaratriði sem málskot á úrskurði valdsmanns sé fest í lögum.

Ákvæði 16. gr. eru í samræmi við lög nr. 91/ og 92/1971, þ. á m. þykir rétt að nefna til tímamarkið 1. janúar 1972, sbr. 2. málsgr. 16. gr.

Um 17. gr.

Í 10. gr. laga nr. 57/1921 eru foreldrar skyldaðir til að framfæra skilgetin börn sín „þangað til þau eru 16 ára gömul", en í 19. gr. sömu laga segir, að foreldrar séu skyldir, svo sem þeir eru færir um, að ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, „og mega börn ekki verða sveitarþurfar, meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau". Síðan segir: „Söm er skylda barna gagnvart foreldri".

Í 5. gr. laga nr. 87/1947 segir, að afstaða móður óskilgetins barns til barnsins sé söm og til skilgetinna barna, þ. á m. um framfærsluskyldu. Meðlagsskylda föður óskilgetins barns er nú miðuð við 17 ára aldur, sbr. lög nr. 92/1971. 1. gr., er breyta 8. gr. laga nr. 87/1947 og vísa um aldur til laga, „sem á hverjum tíma gildir um barnalífeyri skv. almannatryggingalögum". Er það ákvæði, sem nú á við, 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. almannatryggingalaganna nr. 67/1971. Segir í upphafi greindrar 3. gr. laga nr. 96/1971. „Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára ....", sbr. 72. gr. laga nr. 67/1971, er veitir mæðrum aðgang að Tryggingastofnun ríkisins með meðlagskröfur samkv. úrskurði valdsmanns, „þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur". Bent er á, að í 1. gr. laga nr. 91/1971 (er mælir fyrir um nýja grein, 29. gr., í lögum nr. 57/1921) segir, að ekki megi ákveða

lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni en óskilgetnu né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.

Reynt var að afla gagna um, hve mikill hluti þess árgangs unglinga, sem 17 ára er við lok skólaárs, stundi nám í skólum það ár. Eigi er við yngri tölur að styðjast en frá skólaárinu 1967—1968, og reyndist þá 65.1% af árganginum vera við nám, en hliðstæð tala var 31.8% um þá, sem voru 18 ára við lok skólaárs 27.9% og 23.7% um 19 og 20 ára árganga. Líkur eru á, að þessar hundraðstölur hafi hækkað til nokkurra muna allra síðustu árin.

Í reyndinni nýtur allur þorri unglinga, sem eru í skólum, 17 ára að aldri, framlaga frá foreldrum sínum, beint og óbeint, að svo miklu leyti sem tekjur unglinga hrökkva ekki til. Þegar þessi staðreynd er höfð í huga og svo hitt, hve geysimikill hluti 17 ára unglinga er á skólabraut, þykir réttmætt, að leggja til, að frumframfærsluskyldu foreldra ljúki ekki, fyrr en barn hefur náð 18 ára aldri. Jafnframt er lagt til í 17. gr., að framlög til menntunar eða starfsþjálfunar unglings sé heimilt að ákveða allt til þess, er hann nær 24 ára aldri. Er þetta ákvæði að fyrirmynd dönsku barnalaganna frá 1960.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. málsgr. kemur í stað 10. gr. laga nr. 87/1947 og að nokkru í stað 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 57/1921. Í síðargreinda ákvæðinu er mælt fyrir um, að meðlagsupphæð greiðist fyrirfram fyrir ½ ár í senn, en í 10. gr. laga nr. 87/1947 segir, að meðlag með óskilgetnu barni skuli greiðast mánaðarlega fyrirfram. Í 56. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 segir, að bætur skuli greiddar mánaðarlega eftir á. Þykir rétt að leggja til, að reglu 10. gr. laga nr. 87/1947 verði hér haldið, þótt að vísu komi fram munur á reglu barnalaga um þetta efni og reglu almannatryggingalaga.

Ákvæði 2. málsgr. horfir til skýringar og er ætlað að taka af tvímæli.

Í 18. gr. eru ekki ákvæði um það, hver áhrif andlát framfærsluskylds aðilja hafi á skyldu til greiðslu meðlags. Ljóst er, að unnt er að skylda bú hins látna til að greiða meðlag fram til dánardægurs hans. Ef ekkja hans situr í óskiptu búi, hefur a. m. k. í dönskum rétti verið talið, að unnt sé að gera henni að svara til meðlagsgreiðslna. Þá mæla lagarök með því, að bú manns, sem dæmdur hefur verið meðlagsskyldur, en sýknaður af faðerniskröfu, hljóti að svara til meðlagsgreiðslna allt til þess að barn nær 17 ára aldri (18 ára samkv. 17. gr. frv.), enda nýtur barn þá ekki lögerfðaréttar eftir hinn látna.

Um 19. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, svo sem áður er greint. Af skírn, fermingu og sjúkleika barns stafa oftast sérstök útgjöld. Er eðlilegt, að framfærsluskyldur aðili, sem ekki hefur barn hjá sér, standi að nokkru straum af þeim. Sama er um útgjöld til greftrunar barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, svo sem útgjöld vegna tannviðgerða eða t. d. skólaferðalaga, sem eðlilegt þykir að barn taki þátt í. Yfirvald ákveður greiðslur samkv. þessu ákvæði. Fermingarframlag ákvarðast m. a. af útgjöldum vegna fatnaðar barns í tilefni af fermingu.

Skammur frestur er settur í 2. málsgr. til að hafa uppi kröfu um greiðslur samkv. 1. málsgr., enda öllum fyrir bestu, að slíkum kröfum sé lokið sem fyrst. Regla 2. málsgr. á aðeins við um þær sérstöku greiðslur, sem greinir í 1. málsgr. Um almennar framfærslukröfur að þessu leyti vísast til 20. gr.

Um 20. gr.

1. málsgr. 20. gr. er ætlað að leysa af hólmi 4. málsgr. 14. gr. laga nr. 57/1921, þar sem segir að meðlagsúrskurði megi breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun. Ekki er brýnt ákvæði um þetta efni í l. nr. 87/1947, sbr. hins vegar 24. gr. 2. málsgr. laga nr. 46/1921. Telja verður þó, að úrskurði um meðlög vegna óskilgetinna barna megi breyta, ef hagir foreldra eða barna breytist að mun, sbr. meginreglu þá, er greinir í 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921, sbr. og áður 58.

og 78. gr. laga nr. 39/1921, og enn 9. gr. laga nr. 20/1923. Tekið skal fram, að samkv. þessari meginreglu er unnt að breyta úrskurði valdsmanns um meðlög með börnum skilinna foreldra, ef hagur þeirra eða barns breytist, en um það efni eru ekki ákvæði í lögum nr. 60/1972. Er 20. gr. l. og 2. málsgr. ætlað að taka til meðlagsgreiðslna með börnum, sem yfirvald hefir ákveðið í tilefni af skilnaði foreldra sbr. 24. gr. frv. Enn fremur ber að gæta þess, að ákvæði m. a. 9. gr. laga nr. 20/1923 standa óröskuð, þótt frv. þetta verði lögfest.

Samkv. 2. málsgr. er yfirleitt ekki unnt að hagga við framfærsluframlögum, sem eindöguð voru, áður en beiðni er látin uppi við valdsmann, og gæti það helst orðið, ef sýnt væri fram á, að úrskurður hefði verið reistur á röngum upplýsingum um atriði, sem máli skiptir. Kröfur lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram verða yfirleitt ekki teknar til greina. Eru auðsæ rök fyrir því, að vafasamt er að láta breyttan úrskurð verka aftur fyrir sig, svo að nokkru verulegu nemi. Rétt er að benda á, að samkv. 72. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 er Tryggingastofnun ríkisins ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, „nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann“. Við þessu ákvæði verður ekki raskað, þótt frv. þetta nái lögfestingu, og verður hér nokkur munur á, sem veldur því, að sá, er úrskurð fær samkv. 20. gr., kann að verða að sæta því, að eiga ekki aðgang að Tryggingastofnun fyrir kröfu sinni allri. Er æskilegt að breyta greindu ákvæði almannatryggingalaga, ef ákvæði 20. gr. frv. verður lögfest.

Um 21. gr.

Bent skal á, að nokkrar félagslegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar í sambandi við ættleiðingarleyfi hér á landi, sbr. grein Ármanns Snævarr prófessors í Tímariti lögfræðinga 1959 einkum bls. 73—79 og rit próf. Símonar Jóh. Ágústssonar Um ættleiðingu, 1964. Má m. a. benda á, að rannsóknir þessar leiða í ljós, að fjölskylduættleiðingar, einkum af hálfu stjúpforeldra, eru miklum mun tíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

III.

Helstu breytingar, sem felast í frv.

Hér skal gefið stutt yfirlit yfir helstu breytingar, sem felast í frv., en í IV. kafla verða settar fram athugasemdir við einstakar greinar þess.

1. Í 1. gr. frv. er lagt til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að ættleiðingarleyfi sé gefið út af dómsmálaráðuneyti í umboði forseta Íslands, og mælir 1. gr. svo, að dómsmálaráðherra veiti leyfi þetta.

2. Rétt þykir, að kveðið sé á um það þegar í 2. gr. hverju greinimarki verði beitt, þegar meta skal, hvort ættleiðingarleyfi verði veitt, en nú er ákvæði um þetta í 8. gr. laga nr. 19/1953.

3. Í 3. gr. er lagt til, að lögfest verði sú regla, sem nú er talin gild, að manni sé eigi heimilt að ættleiða barn sitt.

4. Leyfi til ættleiðingar verður nú aðeins veitt þeim, sem er 25 ára að aldri hið minnsta. Hjónum má veita leyfi til að ættleiða barn, þótt yngri séu en 25 ára, ef sérstaklega stendur á, þó svo að þau skulu vera 20 ára að aldri, sbr. lög nr. 58/1975. Er frumvarpsgreinin svipuð, að efnisinntaki. Tekið skal fram, að ákvæði frv. ganga ekki í berhögg við 7. gr. ættleiðingarsáttmála Evrópuráðs.

5. Í 7. gr. 1. málsgr. frv. er mælt fyrir um þörf á samþykki til ættleiðingar, ef **barn er undir 18 ára aldri.** Aldursstig þetta var 21 ár, uns lög nr. 33/1969 breyttu því í 20 ár. Hér er valið aldursstigið 18 ár bæði í samræmi við norrænu ættleiðingarlögin nýju og lagaþróun almennt í sifjarétti. Vegna Norðurlandasamnings um ættleiðingu er mikilvægt, að þessu atriði sé skipað á sama veg í norrænu lögunum. 18 ára aldursstig er að visu lítið tíðkað í ísl. lögum, en hér stendur sérstaklega á, sbr. t. d. og lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

6. Í 1. málsgr. 8. gr. frv. er eigi mælt fyrir um, að leita skuli **umsagnar sóknarpres.s.** Byggt er á, að ráðuneyti leiti oft umsagnar prests eða forstöðumanns safnaðar, en einnig þarf oft á umsögn annarra aðilja að halda, og er lagt til, að ráðuneyti meti þetta atriði hverju sinni, sbr. og 23. gr. frv. Í 2. málsgr. 8. gr. er boðið, að leita skuli **umsagnar** annars hjóna, ef ættleiða á hitt, en í lokamálslið 6. gr. núgildandi laga er áskilið, að **samþykki** síðarnefnda makans komi til.

7. Í 9. gr. frv. er boðið að leita **umsagnar lögráðamanns,** ef ættleiða á lögræðissviptan mann, en í 7. gr. ættleiðingarlaga segir, að ættleiðing geti eigi farið fram, þegar svo stendur á, nema samþykki lögráðamanns komi til.

8. Ein af höfuðbreytingum frv. frá gildandi lögum varðar samþykki til ættleiðingar. Í 1. málsgr. 10. gr. frv. er áskilið, að það sé **skriflegt,** sbr. og 6. gr. frv. og **staðfesti samþykkjandi yfirlýsingu sína** fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneyti löggildir til þessa. Í 2. málsgr. 10. gr. er kveðið svo á, að samþykki sé eigi gilt, nema staðfest sé í fyrsta lagi **þremur mánuðum eftir fæðingu barns,** nema alveg sérstaklega standi á. Með þessu ákvæði er lagt til, að samþykki fyrir fæðingu barns sé eigi gilt að höfuðstefnu til. Í 3. málsgr. 10. gr. felst, að **samþykkjandi hafi hlotið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar,** og er boðið að rita skuli á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytis eða annars opinbers starfsmanns eða stofnunar um, að slík fræðsla hafi verið látin í té. Er vissulega mikilvægt að tryggja, að fræðsla um þetta efni sé veitt, þar eð lagaáhrif ættleiðingar eru mjög rík. Í 4. málsgr. 10. gr. er tekin afstaða til þess, hvort **samþykkisyfirlýsing, er greinir eigi nafn væntanlegra kjörforeldra** („in blanco" — samþykki) sé gilt. Er það því aðeins gilt samkv. frv., að samþykki lúti að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir. Í tengslum við þetta eru svo ákvæði 11. gr. frv., þar sem tekin er afstaða til gildis samþykkisyfirlýsingar, sem gefin er erlendis. Orkar ekki tvímælis, að reglur frv. eru tryggilegri um samþykkisyfirlýsingu en reglur þær, sem nú gilda.

9. Í 12. gr. 1. málsgr. frv. er mælt fyrir um áhrif þess, að **samþykki sé tekið aftur,** en um það efni eru eigi ákvæði í ættleiðingarlögum nr. 19/1953. Veldur afturköllun á samþykki, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi því almennt, að eigi er hægt að gefa út leyfið. Undantekning er þó gerð, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla eindregið með því, að það verði ættleitt að öðru leyti og afturköllun þykir eigi styðjast við skynsamleg rök. Þessi síðasti fyrirvari tekur til beggja þeirra tilvika, sem í undantekningarreglunni felast.

10. Í 2. málsgr. 12. gr. er nýmæli, sem orðað er á grundvelli nýju ættleiðingarlaganna dönsku. Er þar heimilað ef alveg sérstaklega stendur á, að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, **þótt samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. gr., sbr. 10. gr. liggi ekki fyrir,** enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála. Í 3. málsgr. er einnig heimiluð ættleiðing, þótt samþykki rétts aðila sé ekki

fengið, ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni, nefndin mælir með þessari skipan og barnaverndarráð fellst á hana. Boðið er í 4. málsgr. að leita umsagnar foreldris barns o. fl. Hér eru einkum höfð í huga börn, sem foreldrar vanrækja eða hugsa ekkert um. Oft eru slík börn á stofnunum á vegum barnaverndarnefnda árum saman og sýnast næstum „gleymd“. Ljóst er, að fara verður varlega í að veita ættleiðingarleyfi, þegar samþykki er eigi fengið, og jafnframt að búa þarf svo um hnúta, að aðila, sem bær var að samþykkja ættleiðingu, sé veittur kostur á að bera mál undir dómstóla, ef því er að skipta. Eru ákvæði um það efni í 13. gr. frv. Nýtur stefnandi máls gjafsóknarkjara.

11. Um **réttaráhrif ættleiðingar** segir svo almennt í 15. gr. frv., að kjörbarn öðlist sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög segi annan veg, enda falla þá niður lagatengsl barns og kynforeldris. Er mikilvægt að hafa slíka almenna stefnuyfirlýsingu í lögum, og getur hún haft gildi við einstakar lögskýringar eða skýringar á löggerningum. Til áréttingar er svo ákvæði 16. gr. frv. um foreldraráð, framfærsluskyldu o. fl. Í 2. málsgr. 15. gr. segir sérstaklega, að barn, sem stjúpforeldri ættleiði, fái réttarstöðu sem væri það skilgetið barn hjónanna. Í 3. málsgr. 15. gr. er mælt fyrir um, að **kjörbarn kenni sig til kjörforeldra**, nema kjörforeldrar óski eftir að barn haldi fyrra kenningarnafni. Í 10. gr. ættleiðingarlaga segir hins vegar, að **leyfa megi** kjörbarni að kenna sig til kjörforeldris. Fer breyting fram á kenningarnafni í öllum þorra tilvika, og er tillaga frv. því raunhæfari en tilhögun 10. gr. laga nr. 19/1953 og sparar fyrirhöfn.

12. Um **niðurfellingu ættleiðingar** eru ákvæði frv. að mestu hin sömu sem í gildandi lögum, en 16. gr. laga nr. 19/1953 er þó felld niður í frv., sbr. 14 hér á eftir. Í 17. gr. 2. málsgr. frv. er veitt svigrúm til að dómsmálaráðherra geti fellt niður ættleiðingu **ólögráða barns**, ef slíkt þykir henta best þörfum barns, enda séu kjörforeldrar og kynforeldrar sammála um það, en 14. gr. laga nr. 19/1953 skýtur með öllu loku fyrir það. Tekið er fram í 2. málsgr. 17. gr. frv., að leita skuli **samþykkis barns**, sem náð hefir 12 ára aldri til niðurfellingar ættleiðingar samkv. þessari grein. Er það nýmæli. Þá er það nýmæli í 17. gr., að heimilt er að fella niður ættleiðingu, ef **kjörforeldrar látast**, enda mæli þarfir barns með því. Lát kjörforeldra fellir ekki af sjálfu sér niður áhrif ættleiðingar, en vera má t. d., að ætlunin sé að annað fólk ættleiði barn eða að barn hverfi til kynforeldra. Getur verið heppilegt að hægt sé í slíkum tilvikum að fella ættleiðingu niður.

13. Krafa um niðurfellingu ættleiðingar getur stafað af framkomu og hegðun kjörforeldra. Samkv. 18. gr. frv. getur barn þá höfðað mál fyrir dómstól til niðurfellingar ættleiðingar eða lögráðamaður barns eftir atvikum eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur málshöfðun. Efnislega greinimarkið í 18. gr. 1. málsgr. er svipað og í 15. gr. laga nr. 19/1953. Í 19. gr. 2. málsgr. er tekið fram, að unnt sé að fella niður ættleiðingu, þótt aðeins annað hjóna hafi sýnt af sér atferli, sem greinir í 1. málsgr. 18. gr.

14. Samkv. 16. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 er kjörforeldri heimilt að krefjast niðurfellingar ættleiðingar, ef kjörbarn gerist sekt um illmæli eða ofbeldi gagnvart kjörforeldri o. fl. Þessi heimild til niðurfellingar ættleiðingar er ekki í frv. Þykir eigi réttmætt að veita kjörforeldri þessa heimild. Ættleiðing er áhættusöm — eigi síður en fyrir foreldra að eignast barn — og þá áhættu verða ættleiðendur að taka. Þjóðfélagið verður að krefjast þess, að kjörforeldrar hlíti slæmri framkomu kjörbarns í þeirra garð eigi síður en kynforeldrar hljóta að hlíta samskonar hegðun kynbarns síns.

Ákvæði 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 19/1953 um þau tilvik, er kjörbarn reynist geðveikt, hálfviti o. fl. er eigi heldur í þessu frv. Þykir eigi réttmætt að kjörforeldri geti losað sig undan foreldraskyldum við barn af þessum sökum með því að fá ættleiðingu **fellda úr gildi**.

15. Í 20. gr. er tekið fram, að þegar barn sé ættleitt öðru sinni, falli niður fyrri ættleiðing, sbr. þó 15. gr. 2. málsgr., þ. e. þegar maki ættleiðir barn (þ. á m. kjörbarn) maka síns. Er þetta nýmæli í frv. Ákvæði 19. gr. laga nr. 19/1953 um, að ættleiðing falli niður, ef kjörforeldri og kjörbarn stofna til hjúskapar, er eigi í frv., enda er þessu efni nú skipað annan veg, með 7. gr. laga nr. 60/1972. Samkv. því girðir ættleiðing fyrir slíkan hjúskap, uns ættleiðing hefir verið úr gildi felld. Byggir frv. á því, að það ákvæði standi til frambúðar.

16. Í 21. gr. frv. eru ákvæði um lagaáhrif þess, að ættleiðing sé felld niður. Eru réttaráhrifin að mestu hin sömu sem samkv. 20. gr. laga nr. 19/1953. 21. gr. 1. málsgr. frv. heimilar dómstól, er fjallar um mál samkv. 18. gr. frv. að kveða svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barns eftir niðurfellingu ættleiðingar. Er það nýmæli. Almennt veldur niðurfelling ættleiðingar því, að lagatengslin milli kynforeldris og kynbarns rakna við, en þó segir um niðurfellingu samkv. 18. gr., að dómstóll meti þetta atriði sérstaklega og geti ákveðið, að tengsl þessi rakni við að nýju. Þá segir almennt, að kjörbarni sé heimilt að kenna sig til kjörforeldris eftir sem áður, en samkv. 20. gr. laga nr. 19/1953 getur dómsmálaráðuneyti heimilað þetta eða dómstóll. Í 22. gr. segir um umsagnir við meðferð dómsmála, og er það nýmæli.

17. Í IV. kafla frv. er 23. gr. nýmæli, en hún heimilar dómsmálaráðuneyti að setja reglur um ættleiðingarumsóknir og um form og efni samþykkisyfirlýsingar og könnun umsókna. Þá fjallar 24. gr. frv. um samninga við önnur ríki um ættleiðingu af hálfu ríkisborgara þeirra hér á landi eða um ættleiðingu á ríkisborgurum viðkomandi ríkis hér á landi. 25. gr. frv. fjallar að sínu leyti um ættleiðingar af hálfu ísl. ríkisborgara erlendis eða ættleiðingar á ísl. ríkisborgurum erlendis. Enn fremur um niðurfellingu ættleiðingar, svo að réttaráhrif hafi hér á landi. Er gert ráð fyrir reglugerðarákvæðum um þetta efni í 25. gr. Þessi ákvæði eru fyllri en ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 19/1953.

IV.

Athugasemdir um einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Frv. er skipt í fjóra meginkafla, en í fimmta kafla eru ákvæði um niðurfelld lög o. fl. Í fyrsta kaflanum eru ákvæði um veitingu ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim. Í öðrum kafla er fjallað um lagaáhrif ættleiðingar, í þriðja kafla um niðurfellingu ættleiðingar og í fjórða kafla eru ýmis ákvæði, þar á meðal um ættleiðingar erlendis á ísl. börnum og ættleiðingu hér á landi á erlendum börnum.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla frv. eru eigi tekin með nokkur ákvæði, sem eru í ættleiðingarlögum nr. 19/1953. Þykir rétt að benda á þau á þessu stigi.

1. Í 1. málsgr. 5. gr. ættleiðingarlaga er það ákvæði, að eigi sé öðrum en hjónum heimilt að ættleiða saman, en mjög mun það fágætt, að til greina komi sameiginleg ættleiðing af hálfu annarra en hjóna.

2. Í 2. málsgr. 8. gr. er dómsmálaráðuneytinu boðið að leita sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegra kjörforeldra og kjörbarns. Samkv. 2. gr. frv. er byggt á því, að framkvæmd sé rækileg athugun af hálfu ráðuneytisins á þessum málefnum og í 23. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðuneytið setji sérstakar reglur um það efni.

3. Fellt er niður það ákvæði í 8. gr. 2. málsgr. ættleiðingarlaga, að skylt sé að leita umsagnar sóknarprests. Vafalaust myndi oft verða leitað umsagnar sóknarprests, en ástæðulaust þykir að lögmæla það, enda eru allmargir menn utan trúarsafnaða á landi hér. Hins vegar er haldið því ákvæði að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar.

4. Enn fremur er ákvæði 3. málsgr. 8. gr. eigi tekið upp í frv. um persónulega kosti væntanlegs ættleiðanda. Ráðuneytið myndi eigi veita leyfi, nema tryggt þætti

að ættleiðendur væru þeim kostum búnir, að forsvaranlegt væri að fela þeim barn til uppeldis og ættleiðingar. Virðist ekki þörf á að greina þá kosti í lögum, enda verða þeir seint fulltaldir.

5. Þá ber enn að benda á, að 4. málsgr. 8. gr. ættleiðingarlaga er eigi tekin í frv., en þar segir, að leyfi til ættleiðingar verði eigi veitt, ef ættleiðandi á arfgenga niðja, nema sérstaklega standi á. Þykja eigi vera rök til að halda því ákvæði í lögum, og samrýmist það naumast nútíma viðhorfum í fjölskyldurétti.

6. Í 2. málsgr. 10. gr. er boðið að tilkynna skuli viðkomandi presti um ættleiðingu og nafnbreytingu, svo og um niðurfellingu ættleiðingar. Það ákvæði er í 15. gr. 3. málsgr. frv.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 getur aðili tekið að sér kjörbarn „með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans". Fyrir lýðveldisstofnun var leyfi veitt af ráðuneytinu að mandatum. svo sem það var nefnt, en leyfið var konungsleyfi. Ekki þykir ástæða til að halda í þetta fyrirkomulag, enda er það dómsmálaráðherra og starfsmenn hans, sem greiða til hlítar úr umsókn. Leyfi þjóðhöfðingja í einkaréttarmálefnum hafa smám saman tínt tölu á síðustu áratugum og raunar öldum, sbr. t. d. í sambandi við hjúskap. Þykir einsætt að leggja hér til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að ættleiðingarleyfi séu forsetaleyfi og verði það dómsmálaráðherra, sem veiti leyfi, og forseta eigi getið við það mál. Í reynd er hér eigi um efnisbreytingu að ræða, sem verulegu skipti. Bent er hér einnig á 23. gr. frumvarps.

Um 2. gr.

Þetta ákvæði svarar til 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 19/1953, en rétt þykir að skipa þessu grundvallarákvæði, sem mælir fyrir um almennar forsendur fyrir ættleiðingu, hér í upphafi I. kafla. Orðalagi er vikið lítið eitt við, en efnisbreyting er eigi fólgin í ákvæði þessu, miðað við 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 19/1953.

Um 3. gr.

Í ýmsum ættleiðingarlögum erlendis er tekið af skarið í lagaákvæði, að manni sé óheimilt að ættleiða barn sitt. Telja verður, að sama regla gildi hér á landi, þótt ólögfest sé. Rétt þykir að leggja til, að slík regla verði lögmælt, með því að hún er ein af grundvallarreglunum í ættleiðingarrétti.

Um 4. gr.

Þessi grein svarar til 1. gr. ættleiðingarlaga, þ. e. þess hluta hennar sem eigi er fjallað um í 1. gr. frv., svo og þeirrar breytingar, sem gerð var á 1. gr. laga nr. 19/1953 með lögum nr. 58/1975. Hér er lagt til, að haldið sé almennt í þann áskilnað, að sá einn geti fengið leyfi til ættleiðingar, sem orðinn er 25 ára gamall, þegar leyfi er veitt.

Ef sérstaklega stendur á, má þó veita leyfi manni, sem orðinn er tvítugur. Ástæðulaust þykir að sérregla sé sett um það efni, er hjón ættleiða saman. Verður heimilt samkv. greininni, ef hún nær lögfestingu, að veita hjónum ættleiðingarleyfi, þegar þau hafa náð tvítugs aldri, þótt hvorugt þeirra sé 25 ára, „ef sérstaklega stendur á", enda eru engin rök til þess að gera frekari kröfur til aldurs hjóna í þessu efni en einstaklings, sem fær leyfi til ættleiðingar. Ef þessi grein er lögfest, er lagt til, að lög nr. 58/1975 séu brott felld. Tekið skal fram, að efnisinntak greinarinnar er svipað og í norrænu lögunum, þótt þar sé víðast áskilið, að annað hjóna sé orðið 25 ára. Svo sem fyrr segir, fær 4. gr. frv. samrýmst 7. gr. ættleiðingarsáttmála Evrópuráðs.

Um 5. gr.

Hún svarar til 3. og 4. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953, og felast eigi efnislegar breytingar í 5. gr. frv.

Um 6. gr.

Fyrri málsliður 6. gr. er sama efnis og 5. gr. ættleiðingarlaga. Síðari málsliður felur í sér nýmæli. Þar er mælt svo fyrir, að samþykki barns, sem orðið er 12 ára, þegar ættleiðing fer fram, skuli gefa skriflega og njóti barn leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr. Vissulega ganga stjórnvöld eftir því í lagaframkvæmd, að samþykki sé látið uppi skriflega, en rétt þykir að slíkt form verði beinlínis lögfest. Hitt er eigi að síður nauðsynlegt, að barn eða unglingur fái rækilega leiðsögn um lagaáhrif ættleiðingar. Um efnisinntak þeirrar leiðsagnar verður fjallað í athugasemdum við 10. gr. frv.

Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 1. málsgr. 6. gr. ættleiðingarlaga, svo sem henni var breytt með lögum nr. 33/1969, 1. gr. Efnislega felst sú ein breyting í 7. gr., að lagt er til, að þörf á samþykki foreldra verði við það bundið, að barn sé undir 18 ára aldri, en eftir gildandi lögum er þörf á samþykki foreldra, ef barn er undir 20 ára aldri. Það aldursstig var 21 ár, uns lög nr. 33/1969 tók gildi. Þessi breyting stendur í tengslum við breytt viðhorf manna á síðari árum til löggerningshæfis ungs fólks, sbr. nú síðast breytinguna á hjónavígslualdri með 1. gr. laga nr. 60/1972, sem ákveður hann 18 ár. Þykir eðlilegt að ákveða aldursstig í sambandi við einhlítt samþykki ungs manns til ættleiðingar á sér með hliðsjón af þessari þróun. Öðrum þræði er og tekið mið af síðustu breytingum ættleiðingarlaganna á Norðurlöndum. Er æskilegt að hafa samræmdar reglur í Norðurlandalögum um þetta efni. Mjög er það fágætt, að unglingur sé ættleiddur á árabilinu 18—20 ára, svo að þessi breyting hefir vafalaust ekki mikið raunhæft gildi, þótt hún að sínu leyti stuðli að almennri stefnumörkun í sambandi við löggerningshæfni ungra manna.

Um 8. gr.

Þessi grein er að öllu verulegu sama efnis og 2. málsgr. 6. gr. ættleiðingarlaga. Ef annað foreldra fer ekki með foreldravald, t. d. vegna þess að það fær eigi forræði barns við skilnað, skal leita umsagnar þess foreldris svo sem nú er, en því er bætt við í frumvarpsgreininni, að þessa sé þó eigi þörf, ef vitrænum högum foreldris sé svo háttað, að eigi sé mark takandi á yfirlýsingu þess.

Ef sá, sem ættleiða á, er í hjúskap, er boðið í 2. málsgr. að leita **umsagnar** maka hans. Í 6. gr. ættleiðingarlaga er áskilið, að **samþykki** makans komi til. Hið breytta orðalag felur í sér, að ráðuneyti er ætlað að meta til hlítar umsókn, en andstaða maka þess, sem ættleiða á, hlyti að orka verulega á það mat.

Í greininni er ekki ákvæði, er skyldi ráðherra til að leita umsagnar sóknarprests, sbr. hér áður. Hins vegar er skylt að leita umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. og 33. gr. laga nr. 53/1966.

Um 9. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. ættleiðingarlaga. Samkv 7. gr. getur ættleiðing eigi farið fram, nem **samþykki** lögráðamanns komi til. Hér er lagt til, að skylt sé að leita **umsagnar** lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni, en umsögn lögráðamanns bindi þó eigi hendur dómsmálaráðherra, sem metur mál eftir öllum aðstæðum með efnisreglu 2. gr. að leiðarljósi.

Um 10.—13. gr.

Í þessum greinum frv. eru nánari fyrirmæli um samþykki, form þess og inntak, staðfestingu þess fyrir opinberum starfsmanni, afturköllun samþykkis, svo og ákvæði þess efnis, að þegar sérstaklega standi á megi ættleiðing fara fram, án þess að samþykki þess eða þeirra sé fengið, sem veita skyldu það samkv. almennum reglum um samþykki forráðamanna barns. Er þessara nýmæla getið hér að framan.

Ljóst er, að ættleiðing er mjög örlagarík og áhrifarík löggerningur, sem varðar mjög hag barns. Verður því að vanda sem best til alls undirbúnings að því, að ættleiðingarleyfi verði látið uppi. Stefna nýmæli frv. að því að treysta vandaða meðferð þessara mála, bæði varðandi form máls og efni. Í því sambandi er þess sérstaklega að geta, að vafasamt er, hvort að forráðamenn barna geri sér ávallt fulla grein fyrir lagaáhrifum ættleiðingar. Er vafalaust þörf á ráðgjöf og leiðsögn vegna þessa, enda sé tryggð sönnun fyrir því, að aðili hafi hlotið slíka leiðsögn. Ýmis vafamál hafa vaknað í lagaframkvæmd út af samþykki til ættleiðingar, m. a. um það, hvort laganauðsyn sé á að nafngreina í samþykkisyfirlýsingu væntanlega ættleiðendur, og enn fremur um það, hvort unnt sé að veita slíkt samþykki, áður en barn fæðist, ef það er ekki staðfest eftir fæðingu barns, svo og um afturköllun samþykkis. Er frv. ætlað að lögfesta reglur, er að þessu lúta.

Um 10. gr.

Í 1. málsgr. er það nýmæli, að samþykki til ættleiðingar skuli vera skriflegt. Reglur um þetta eru ekki í settum ættleiðingarlögum, en ávallt er gengið eftir því í lagaframkvæmd, að samþykki sé skriflegt. Er það raunar hin síðari ár að jafnaði ritað á eyðublað, sem dómsmálaráðuneyti lætur í té, sbr. um það efni 23. gr. frv. Í 1. málsgr. 10. gr. er jafnframt boðið, að samþykkisyfirlýsing skuli staðfest fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa. Þetta nýmæli horfir til réttaröryggis. Oft er það einstæð móðir, ung að árum, sem er lögbær til að samþykkja ættleiðingu, og er full ástæða til að áskilja í lögum, að samþykki sé staðfest fyrir opinberum starfsmanni, raunar einnig þótt högum samþykkjanda sé annan veg farið. Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórar yrðu vafalaust löggiltir til þess að staðfesta undirritun, svo og væntanlega t. d. formenn barnaverndarnefndar eða starfsmaður mæðrastyrktarnefndar. Staðfesting á undirritun stendur og í tengslum við það ákvæði 3. málsgr., er mælir fyrir um, að samþykkjandi skuli hafa fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar. Lætur sá aðili slíka leiðsögn uppi, sem greinir í 1. málsgr. Ber samkv. 3. málsgr. að skrá sérstaklega á samþykkisyfirlýsingu vottorð viðkomandi starfsmanns þess efnis, að samþykkjandi hafi fengið þessa fræðslu. Er með þessu stuðlað að því, að gætt verði ákvæðanna um leiðsögn í lagaframkvæmdinni. Um efni þeirrar fræðslu, sem hér er vikið að, segir það eitt, að hún skuli lúta að lagaáhrifum ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar. Hún á að sjálfsögðu að vera hlutlæg og verður a. m. k. að verulegu leyti bundin við settar lagareglur, einkum ákvæði ættleiðingarlaga. Ekki er gert ráð fyrir því, að hér verði um beina ráðgjöf að ræða. Vafalaust er mikil þörf á, að gefið verði út leiðbeiningarrit um ættleiðingar, ætlað almenningi.

Í 2. málsgr. greinarinnar er mælt um það hvernig fari um samþykki til ættleiðingar, sem látið er uppi fyrir fæðingu barns. Slíkt samþykki hefir verið talið gilt að ísl. rétti, sbr. hrd. 1959, bls. 49. Hér er lagt til, að slíkt samþykki sé því aðeins gilt, að það sé staðfest hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns og þá staðfest með þeim hætti, er segir í 1., sbr. 3. málsgr. Telja verður að ýmsu leyti varhugavert að byggja á samþykkisyfirlýsingu, sem veitt er fyrir fæðingu. Móðir barns, sem oft á ein hlut að máli, er þá oft illa á sig komin andlega og stundum líkamlega, haldin kvíða og vonleysi og eigi skyggn sem skyldi á tiltæka úrkosti. Þessi sjónarmið hafa leitt til þess sums staðar í löndum, að samþykkisyfirlýsing fyrir fæðingu barns er að lögum að vettugi virðandi. Hér þykir eðlilegast að áskilja, að staðfesting fari fram á samþykki eigi fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá fæðingu barns, en eigi er skotið loku fyrir að samþykkisyfirlýsing kunni að vera rituð fyrir fæðingu barnsins. Heimilt er þó samkv. 2. málsgr. að víkja frá þessu ef alveg sérstaklega stendur á. Er þar t. d. átt við það, að samþykkjandi sé horfinn, geðrænum högum hans sé svo háttað, að eigi sé mark takandi á yfirlýsingu hans eða sérstaklega sé brýnt að ganga frá ættleiðingu vegna brottflutnings ættleiðanda úr landi. Hér víkur öðru vísi við

en samkv. 2. málsgr. 12. gr., því að hér er gert ráð fyrir, að fyrir liggi frumsamþykki til ættleiðingar, en það skortir á, að staðfesting fáist.

Í 4. málsgr. er tekin afstaða til gildis samþykkisyfirlýsingar, þar sem væntanlegir ættleiðendur eru eigi nafngreindir í yfirlýsingu („anonyme adoptioner"). Slíkt samþykki hefir verið talið gilt í lagaframkvæmd hér á landi, sbr. hrd. 1959, bls. 49. Þesskonar ættleiðingar geta verið varhugaverðar, enda er samþykkjanda ógerlegt að meta það mikilvæga atriði, hvort væntanlegir ættleiðendur séu hæfir uppalendur, og hæfir að öðru leyti um að sjá barni vel borgið. Viðhorfið breytist nokkuð, ef það er barnaverndarnefnd eða annar aðili, sem til þessa er löggiltur af ráðuneyti, sem ákveður, hverjir ættleiðendur verði, enda má þá telja öruggt, að slík stofnun hafi sérstaklega kynnt sér þetta efni, áður en ákvörðun er tekin um ættleiðendur. Á þessum sjónarmiðum er 4. málsgr. reist. Hún mælir svo, að samþykki sé eigi gilt, ef ættleiðenda sé ógetið, nema þegar samþykki lýtur að ráðstöfun á barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Bent skal á, að hér er vikið að því, að dómsmálaráðuneyti kunni að löggilda aðila til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Er væntanlega orðin þörf á að löggilda slíka aðilja, en milliganga um þetta efni krefst, ef vel er, bæði þekkingar á lagareglum og m. a. lífsreynslu og mannþekkingar hjá þeim, sem um fjallar. Hefir athygli manna víða um lönd beinst að aðiljum, sem hafa milligöngu um ættleiðingu og starfsemi þeirra. Hér er þess að gæta, að víðast hvar í löndum eru miklu fleiri, sem óska eftir börnum til ættleiðingar, en eiga þessa kost. Er þessu einnig farið svo hér á landi. Reynslan í ýmsum löndum sýnir, að hætt er við, að aðiljar takist á hendur milligöngu fyrir fjárgreiðslur, en á slíku verður að hafa þjóðfélagslegan hemil, þ. á m. með því að þeir einir geti haft milligöngu, sem til þessa eru löggiltir. Þetta málefni er eigi tekið sérstaklega til úrlausnar í frv. þessu, en á það er minnt með ákvæði 4. málsgr. 10. gr.

Um 11. gr.

Greinin víkur að samþykkisyfirlýsingum, sem gefnar eru erlendis. Getur ráðherra ákveðið, að samþykki sem veitt er fyrir opinberum starfsmanni eða stofnun erlendis jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða stofnun hér á landi. Má að því leyti heimila frávik frá ákvæðum 1.—3. málsgr. Ljóst er þó, að samþykki verður að vera skriflegt, og hefir það eigi gildi, nema staðfest sé 3 mánuðum hið fyrsta eftir fæðingu barns. Þá á 4. málsgr. 10. gr. alfarið við um slíkar samþykkisyfirlýsingar. Um þetta efni má einnig vísa til 24. gr. frv.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ýmis nýmæli, og er þeirra getið í III hér að framan.

Í 1. málsgr. er fjallað um afturköllun á samþykkisyfirlýsingu. Hefir nokkur óvissa ríkt í sifjarétti um mat á því, hvort unnt sé að veita samþykki eftir að slík yfirlýsing hefir verið tekin aftur. Lagt er til í 1. málsgr., að afturköllun, sem fram fer áður en ættleiðingarleyfi er veitt, valdi því almennt, að eigi geti orðið af ættleiðingu, og er hér byggt á því, að afturköllun sé kunn dómsmálaráðuneyti, áður en leyfi er gefið út. Ef leyfi er gefið út, þegar svona stendur á, er unnt að fá það ónýtt með dómi, nema undantekningarreglur 1. málsgr. eigi við. Eru þær fólgnar í að heimila ættleiðingu, þótt samþykki sé tekið aftur, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarþeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt. Í báðum tilvikum er sleginn við sá varnagli, að afturköllun styðjist eigi við skynsamleg rök. Á því er byggt, að þessum undantekningarreglum verði eigi beitt, nema alveg sérstaklega standi á, en eigi þykir varhugavert að leggja mat á þessu í hendur dómsmálaráðherra innan þeirra tiltölulega þröngu marka, sem greind eru í 1. málsgr. Afturköllunin getur vissulega stuðst við nánast andfélagsleg sjónarmið og verið mjög gegn hagsmunum barns, og þykir nauðsynlegt að lögfesta þær undantekningarreglur, sem felast í 1. málsgr.

Í 2. málsgr. er lagt til, að heimiluð verði ættleiðing, þótt samþykki lögbærs aðila samkv. 7. og 10. gr. liggi ekki fyrir, enda standi alveg sérstaklega á og þarfir barns mæla eindregið með því. Skilið er til, að barnaverndarráð fallist á þá skipan mála. Hér eru einkum höfð í huga hin svonefndu „gleymdu börn", sem oft vistast á stofnunum án þess að nokkur vandamaður hugsi um þau eða jafn vel vitji þeirra. Í norrænum lögum hefir á síðustu árum verið lögfest hliðstætt ákvæði. Ber að leggja áherslu á, að mjög varlega verður að fara í að beita þessari heimild, sbr. orðin „ef alveg sérstaklega stendur á", í 2. málsgr. og orðalagið „ef þarfir barns mæla eindregið með því." Áður en barnaverndarráð lætur uppi samþykki sitt myndi ráðið sjálfsagt leita umsagnar barnaverndarnefndar í umdæmi því, sem um er að ræða.

Ákvæði 3. málsgr. er þessu skylt, en þar er sérstaklega vikið að barni, sem barnaverndarnefnd hefir ráðstafað á stofnun eða til fósturs hjá einstaklingi. Má leyfa ættleiðingu þess barns, þótt samþykki lögbærs aðila samkv. 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilyrðum 2. málsgr. Þarf þar á meðal samþykki barnaverndarráðs að koma til. Verður það vafalaust fágætt, að heimildum 2. eða 3. málsgr. verði beitt, en reynslan á Norðurlöndum hefir sýnt, að rétt sé að hafa slíkar heimildir í lögum.

Í 4. málsgr. er boðið að leita skuli **umsagnar** foreldris, sem láta skyldi uppi samþykki samkv. 7. gr., svo og umsagnar foreldris, sem greinir í 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að varhugavert sé fyrir barnið, að slíkra umsagna sé leitað eða að slíkt valdi skaðsömum drætti á úrlausn máls. Samkv. þessu skal aðeins leitað **umsagnar** foreldris, sem hefir forræði barns, en eigi **samþykkis** þess. Eigi er það greint sérstaklega í ákvæðinu, að ráðuneytið geti sett aðila frest til að skila umsögn. Er vafalaust, að ráðuneytinu er slíkt heimilt án þess að þörf sé á lögmæltri reglu um það efni.

Um 13. gr.

Í þessari grein er ráðuneytinu boðið að skýra frá því án tafar, ef ættleiðingarleyfi er látið uppi án þess að samþykki liggi fyrir, sbr. 12. gr. Skal beina tilkynningu til þeirra, sem réttbærir eru til að samþykkja ættleiðingu. Ber að benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstóla. Slíkt mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að dómsmálaráðuneyti sendi aðila tilkynningu, og skal stefnandi njóta gjafsóknarkjara og þá m. a. vegna flutnings máls fyrir Hæstarétti.

Ákvæði 13. gr. er ætlað að stuðla að réttaröryggi, enda er mikilsvert, að búa svo um hnúta, að aðili geti borið mál undir dómstóla. Metur dómstóll þá hvort lagaskilyrðum sé fullnægt til útgáfu leyfis og getur hnekkt leyfi, ef því er að skipta.

Ljóst er, að unnt er að bera útgáfu ættleiðingarleyfis almennt undir dómstóla, ef því er haldið fram, að ráðuneyti hafi eigi gætt réttra lagaskilyrða við útgáfu leyfis, sbr. 60. gr. stjórnarskrár og t. d. hrd. 1959, bls. 49.

Um 14. gr.

Þessi grein svarar til 9. gr. ættleiðingarlaga. Boðið er að leiða í ljós, hvort innt sé af hendi gjald í tengslum við ættleiðingu eða ætlun sé að gera það og hversu hátt gjald sé, ef því er að skipta. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta efni. Hér er eigi skotið loku fyrir að ættleiða megi barn, þótt greiðsla komi fram vegna ættleiðingar. Í 2. málsgr. er samskonar ákvæði og nú er í 2. málsgr. 9. gr. um það, er innt er af hendi gjald vegna ættleiðingar, og má þá binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

Um II. kafla, 15. og 16. gr.

Hér er skipað ákvæðum um lagaáhrif ættleiðingar, en þau eru þó eigi tæmandi talin. Ákvæðin fela í sér, að ættleiðing veldur því, að barnið fær yfirleitt sömu réttarstöðu sem væri það skilgetið barn kjörforeldra gagnvart þeim, ættmennum þeirra og þeim, sem í kjörsifjum eru við ættleiðendur, nema lög mæli annan veg. Frá þeim

tíma, er ættleiðing tekur gildi, rofna lagatengsl barns við kynforeldri og ættingja þeirra og þá, sem eru í kjörsifjum við þá. Um foreldravald er þessi regla sérstaklega áréttuð í 16. gr. og einnig um framfærslutengsl. Með 5. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er þessi regla lögfest varðandi erfðatengsl kjörbarna og kjörforeldris og ættmenna þeirra.

Í ákvæðunum felst, að lagaáhrifin eru einskorðuð og óhjákvæmileg. Geta aðiljar með samþykki dómsmálaráðuneytis engu um ráðið. Hér er því lögfest ættleiðing, sem felur í sér í langflestum samböndum alger fjölskylduskipti að lögum með mjög ríkum réttaráhrifum. Eru ríkisfangslögin meðal örfárra laga, þar sem ættleiðing veldur því ekki af sjálfu sér, að kjörbarn fái sömu réttarstöðu sem skilgetið barn kjörforeldra. Hefir breskum ríkisfangslögum nú verið breytt svo, að ættleidd börn fylgja ríkisfangi ættleiðenda (föður eða móður), og þykir líklegt, að norrænum lögum verði breytt í það horf.

Ákvæði 15. og 16. gr. svara til 10.—12. gr. ættleiðingarlaga. Í 10. gr. segir, að í ættleiðingarleyfi megi ákveða að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris. Nafnskipti fara nálega alltaf fram í lagaframkvæmd. Þykir því raunhæfara að orða ákvæði þetta svo í 3. málsgr. 15. gr., að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris, nema kjörforeldrar óski þess, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Eigi eru ákvæði í frv. um eiginnafn kjörbarns og heimild til breytingar á því, og þykir rétt, að um það sé fjallað í lögum um mannanöfn.

Í 13. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 segir, að eigi skapist að lögum við ættleiðingu fjölskyldutengsl milli kjörbarns og ættar kjörforeldris og eigi milli kjörbarna innbyrðis. Sýnt er af ákvæðum 15. og 16. gr. frv., að slíkt ákvæði fær eigi staðist í þessu frv. Minna má raunar á 7. gr. laga nr. 60/1972 í því sambandi og 5. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Vakin er athygli á, að 2. málsgr. 12. gr. ættleiðingarlaga er eigi tekin með í þessu frv., en ljóst er, að þegar skipað er forræði barns vegna skilnaðar foreldra, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972, er m. a. tekið tillit til þess, að náið samband hafi verið milli annars hjóna og kjörbarns fyrir giftingu.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara 14.—20. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953. Veigamesta breytingin er sú, að samkv. frv. getur það eigi leitt til niðurfellingar ættleiðingar, þótt kjörbarn brjóti af sér gagnvart kjörforeldri, sbr. nú 16. gr. ættleiðingarlaganna. Er það byggt á þeim rökum, að kjörforeldri hljóti að taka þá áhættu, að kjörbarn brjóti af sér gagnvart því og geti foreldraskyldur eigi rofnað við það. Er hér farin svipuð leið í frv. sem í dönsku ættleiðingarlögunum frá 1972. Hins vegar þykir of langt gengið í sænsku ættleiðingarlögunum, sem þrengja til muna meir kosti á niðurfellingu ættleiðingar, svo sem greinir í I að framan. Ýmsar aðrar breytingar felast í ákvæðum þessa kafla frá gildandi lögum. Verður þeirra getið síðar.

Um 17. gr.

Hún fjallar um sama efni sem 14. gr. ættleiðingarlaga. Samkv. því ákvæði verður ættleiðing ekki felld niður, ef kjörbarn er ólögráða. Þetta þykir of fortakslaust ákvæði, enda getur barni verið velferðarmál, að ættleiðing sé niður felld. Rétt þykir að heimila niðurfellingu ættleiðingar, ef bæði kjörforeldri og kynforeldri eru á það sátt, þótt barn sé ólögráða. Jafnframt þykir réttmætt að áskilja, að samþykki barns komi til, ef það hefir náð 12 ára aldri. Felur 17. gr. 2. málsgr. frv. í sér nokkru sveigjanlegri tilhögun en er samkv. 14. gr. ættleiðingarlaga.

Þótt kjörforeldrar látist, fellur ættleiðing ekki niður af sjálfu sér. Barni getur verið hagsmunamál, að ættleiðing sé formlega niður felld, er svo stendur á, t. d. í því skyni að gera það kleift að ættleiðing fari fram af hálfu annarra aðilja. Samkv. 3. málsgr. er lagt til, að ættleiðing verði felld niður, þegar svo stendur á, samkv. ósk

kynforeldra. Einnig í þessu tilviki er áskilið samþykki kjörbarns, ef það hefir náð 12 ára aldri.

Í 3. málsgr. 17. gr. er nýmæli, sem heimilar dómsmálaráðherra að fella niður ættleiðingu, þegar kjörforeldrar hafa látist, enda óski kynforeldrar eftir því og þarfir barns mæla með því. Einnig í þessu sambandi þarf samþykki barns, sem náð hefir 12 ára aldri. Ákvæði þetta er orðað hér að danskri fyrirmynd. Við andlát ættleiðenda fellur ættleiðing sem slík eigi niður. Getur því þurft t. d. að koma til ný ættleiðing á barni.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er að öllu verulegu sama efnis sem 15. gr. ættleiðingarlaga. Nokkur tilvik, sem greind eru í 15. gr. eru eigi tekin með í 18. gr., en þau koma undir orðalagið, „að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.“ Engir tímafrestir eru orðaðir í sambandi við höfðun dómsmáls samkv. greininni, og þess er eigi getið sérstaklega, að afstaða barns, sem orðið er 12 ára, skipti hér sérstöku máli. Tekið er fram, að stefnandi í héraði njóti gjafsóknarkjara, og gilda þau kjör einnig um kostnað af áfrýjun máls, ef því er að skipta.

Um 19. gr.

Þessi grein kveður á um áhrif niðurfellingar á ættleiðingu gagnvart kjörforeldrum. Svarar hún til 17. gr. ættleiðingarlaga, en er nokkuð annars efnis.

Í 1. málsgr. segir, að niðurfelling ættleiðingar, sem hjón standi að sameiginlega, taki til þeirra beggja, ef hjúskap sé ólokið. Á þetta einnig við í því tilviki, er aðeins annað hjóna brýtur af sér gagnvart barni, sbr. 1. málsgr. 18. gr., og er þetta áréttað með 2. málsgr. 19. gr. Að vísu mætti hreyfa því að þegar svo stendur á, ætti að vera heimilt að fella niður ættleiðingu gagnvart öðru hjóna, en hún héldist gagnvart hinu. Þetta myndi þó vafalitið gefast illa, ef hjón væru samvistum, af uppeldislegum ástæðum auk þess sem lagaflækjur gætu af því stafað. Heimilt er að slíta ættleiðingu, svo að það hafi aðeins áhrif gagnvart öðru hjóna, ef hjúskap ættleiðenda er slitið, hvort sem það er vegna andláts maka, ógildingar hjúskapar eða lögskilnaðar. Mæla lagarök með því að slík málalok séu heimil.

Um 20. gr.

Oft er ættleiðing að formi niður felld, áður en til nýrrar ættleiðingar kemur, sbr. athugasemdir við 3. málsgr. 17. gr. Ef þessu fer eigi fram, er sýnilegt, að yngri ættleiðing gengur fyrir hinni eldri, enda séu báðar gildar að lögum. Sérstök viðhorf gilda um það, er stjúpi eða stjúpa ættleiða kjörbarn maka síns, en við það haggast vitaskuld ekki fyrri ættleiðing. Minna má hér almennt á ákvæði 3. málsgr. 5. gr.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er fjallað um lagaáhrif þess, að ættleiðing sé niðurfelld a) gagnvart kjörforeldrum, sbr. 1. málsgr. og b) gagnvart kynforeldrum, sbr. 2. málsgr. Greinin samsvarar 20. gr. ættleiðingarlaga.

Niðurfelling ættleiðingar veldur því, að lagaáhrif hennar gagnvart kjörbarni og kjörforeldri og ættmennum kjörforeldris falla niður, en dómstól er þó heimilt að kveða svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu kjörbarns, ef sérstaklega stendur á. Er þetta nýmæli í 1. málsgr. 21. gr., og er heppilegt að hafa slíka heimild í lögum, þótt væntalega verði henni sjaldan beitt.

Niðurfelling ættleiðingar samkv. 17. gr. 1. málsgr. veldur því ekki, að lagatengsl milli barns og kynforeldris takist að nýju, sbr. 4. málsgr. 21. gr., en hinsvegar takast tengsl þessi, ef ættleiðing er felld niður samkv. 2. eða 3. málsgr. 17. gr. Ef ættleiðing er felld niður með stoð í 18. gr., getur dómstóll ákveðið, að lagatengsl milli kynforeldra barns og ættmenna rakni við að nýju. Þessar reglur, sem

hér er lagt til að lögfestar verði með norræn lög að fyrirmynd, víkja nokkuð frá gildandi lögum, sbr. lok 20. gr. ættleiðingarlaga. Er hér greint milli ýmissa tilvika frekar en gert er í 20. gr.

Í 3. málsgr. er kjörbarni heimilað að kenna sig til kjörforeldra og halda því kenningarnafni, sem það fékk við ættleiðingu þótt ættleiðing sé niður felld, en jafnframt segir, að barni sé heimilt að taka upp fyrra kenningarnafn. Hér er lagt til, að þetta mál sé alfarið háð mati barnsins sjálfs, og þar þurfi ekki að koma til leyfi ráðuneytis eða úrlausn dómstóls. Er ákvæðið því nokkuð breytt frá því, sem nú er í 20. gr. laga 19/1953. Þykir eðlilegt að ætla barninu sjálfu að meta þetta mál, og er ekki ástæða til að áskilja leyfi ráðuneytisins. Ljóst er, að barn verður að taka skjótlega afstöðu til þessa máls eftir að ættleiðing er niður felld, svo og að tilkynna verður presti (þjóðskrá) um nafnbreytingu.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um skyldu dómstóls til að leita álits þeirra aðilja, sem skyldu samþykkja ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Er það ákvæði sama efnis og 18. gr. ættleiðingarlaga. Í síðara málslið 22. gr. segir, að dómstóll geti ákveðið, ef sérstök rök mæli með því, að umsagnar skuli ekki leitað. Á það einkum við, ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl milli barns og kynforeldra og annarra ættmenna rakna við að nýju. Síðari málsliður er nýmæli, en vænta má þess, að því undantekningarákvæði verði sjaldan beitt.

Um 23. gr.

Hér er kveðið á um reglur, er dómsmálaráðuneyti setur varðandi ættleiðingarumsóknir, form og efni þeirra og samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

Að undanförnu hefir það tíðkast, að umsóknir um ættleiðingu eru ritaðar á sérstök eyðublöð, er dómsmálaráðuneyti leggur til, svo og samþykkisyfirlýsingar. Er þar og greint, hver fylgigögn skuli vera með umsókn. Í 23. gr. er gert ráð fyrir, að um þetta verði settar sérstakar reglur, þ. á m. að skilt sé að rita umsókn og samþykkisyfirlýsingu á þar til gerð eyðublöð. Er það til öryggis, að slíkt form sé á haft.

Þá er m. a. mælt fyrir um það í greininni, að reglur verði settar um könnun á umsóknum, einkum varðandi hagi barnsins, foreldra þess og væntanlegra kjörforeldra. Þarf vissulega að vanda til þeirrar könnunar, jafn örlagarík sem ættleiðing er eða getur verið. Er mikilvægt að afla upplýsinga frá vandamönnum og þeim, er vel þekkja til haga aðilja, og að viðhöfð sé könnun á heimilisaðstæðum hjá væntanlegum kjörforeldrum og leidd séu í ljós atriði, sem varða mat á uppeldishæfni þeirra og hæfni til að sjá vel borgið hag barnsins, þ. á m. um það, hvort kjörforeldrar séu reglusamt fólk, er búi við skipulegan fjárhag, heilbrigð andlega og líkamlega og óspillt að siðferði. Oftast myndi barnaverndarnefnd eða starfsmenn hennar kanna heimilisaðstæður og er þarflegt einnig að fá umsögn sóknarprests eða forstöðumanns safnaðar um slík efni, en fleiri koma hér til greina, svo sem fyrr segir. Er hyggilegra að setja reglur um þetta efni í stjórnvaldsreglum en í lagatexta.

Svo sem fyrr segir, er gert ráð fyrir því, að sá, er samþykkir ættleiðingu, fái fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og lagagildi samþykkisyfirlýsingar, sbr. 10. gr. 2. málsgr. frv. Mætti setja reglur um það efni af hálfu ráðuneytis eftir að nokkur reynsla er fengin um vinnubrögð við slíka fræðslustarfsemi. Hér skal og minnt á það, er fyrr segir um nauðsyn á útgáfu fræðslurits um ættleiðingu, sem æskilegt væri að ráðuneytið beitti sér fyrir,að samið yrði og þá eftir atvikum í samráði við barnaverndarráð.

Í 23. gr. er eigi fjallað sérstaklega um félagsráðgjöf í sambandi við ættleiðingu. Svo sem fyrr segir, er eigi vikið að henni beinlínis með ákvæði 3. málsgr. 10. gr., frv. Vakin er athygli á, að vafalaust er þörf á slíkri ráðgjöf, en ætla má, að nú sé hún mest í höndum barnaverndarnefndar (Félagsmálastofnunar) og mæðrastyrksnefndar í Reykjavík og barnaverndarnefnda víða um land. Ráðgjöf varðandi mat á því, hvort ráðlagt sé að ráðstafa barni til ættleiðingar, er ótvírætt mikið vandaverk. Þarf í stærri kaupstöðum landsins að hyggja að því að koma á fót ráðgjafarstofnunum, er fjalla um fjölskyldumálefni yfirleitt, eða styrkja til muna þær stofnanir, sem fyrir eru og gætu hugsanlega annað því verkefni.

Um 24. og 25. gr.

Þessar greinar fjalla um ættleiðingu á erlendum ríkisborgurum hér á landi og ættleiðingu af hálfu erlendra ríkisborgara hér á landi, svo og um ættleiðingu á íslenskum ríkisborgurum erlendis og ættleiðingu af hálfu ísl. ríkisborgara erlendis. Þá er einnig fjallað um gildi niðurfellingar á ættleiðingu. Ákvæði greinanna svara til 21. og 22. gr. ættleiðingarlaga og eru að öllu verulegu sama efnis sem þær.

Um 26. gr.

Veitir ekki tilefni til athugasemda.

Um 27. gr.

Hér er sérstaklega tekið fram, að ákvæði 10. gr. um form og staðfestingu á samþykkisyfirlýsingu taki ekki til samþykkis, sem látið sé uppi fyrir gildistöku laganna. Hins vegar segir og, að ákvæði III. kafla um niðurfellingu ættleiðingar taki m. a. til ættleiðinga, sem til hefir verið stofnað fyrir gildistöku laganna.

Tekið skal fram, að ætla má að af hálfu utanríkisráðuneytis muni verða til þess stofnað, að sáttmáli Evrópuráðs um ættleiðingu frá 14. desember 1967 verði fullgiltur af Íslands hálfu nú á næstunni.

Nd. 57. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til laga um Sinfoníuhljómsveit Íslands.

Frá Lárusi Jónssyni.

Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Enn fremur fullnægir hljómsveitin hluta af starfsskyldu sinni með flutningi tónlistar víðs vegar um landið og með þátttöku í listahátíð á Íslandi Starfsmönnum hljómsveitarinnar ber ekki sérstök þóknun fyrir framangreind störf.

Sþ. 58. Fyrirspurnir. [53. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um innlenda fóðurbætisframleiðslu.

Frá Stefáni Jónssyni og Helga F. Seljan.

a. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja hagsmuni grasköggla verksmiðjanna vegna niðurgreiðslu efnahagsbandalagsríkjanna og þá Dana sérstaklega á verði fóðurbætis, sem nú er til sölu hérlendis?
b. Hvað líður birtingu skýrslu um niðurstöður rannsókna á fóðurgildi innlendra grasköggla?

II. Til menntamálaráðherra um fræðslu og þátt fjölmiðla í áfengisvörnum.

Frá Helga F. Seljan.

Hvernig er í aðalatriðum fyrirhuguð framkvæmd þingsályktunar frá 29. apríl 1977 um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna?

III. Til menntamálaráðherra um aðstoð Þjóðleikhússins við áhugaleikfélögin.

Frá Helga F. Seljan og Karvel Pálmasyni.

1. Hve marga leikstjóra eða leikara lét Þjóðleikhúsið leikfélögum úti á landi í té á síðasta starfsári og hversu var kjörum þeirra háttað?
2. Í hverju öðru hefur aðstoð Þjóðleikhússins við áhugaleikfélögin verið fólgin?

IV. Til iðnaðarráðherra um orkumál á Austurlandi.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að ráðist verði í virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á næsta ári? Sé svo ekki, hvenær er þá þeirrar ákvörðunar að vænta?
2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að ekki komi til orkuskorts á Austurlandi á vetri komanda?

V. Til iðnaðarráðherra um raforkumál á Austurlandi.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

1. Hvað líður rannsóknum um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal og hvenær verður hægt að taka ákvörðun um byggingu virkjunar þar? Ef niðurstaða um stærð og hagkvæmni virkjunarinnar liggur nú fyrir, hyggst iðnaðarráðherra leggja til að virkjunin verði byggð og þá hvenær?
2. Hvaða rannsóknir áttu sér stað á öðrum virkjunarmöguleikum á Austurlandi í sumar? Hver var árangur rannsóknanna og helstu niðurstöður?
3. Hvaða áætlanir eru um að leggja háspennulínu:
   1. Til Hornafjarðar frá Eyrarteigi í Skriðdal?
   2. Til Vopnafjarðar, væntanlega frá Lagarfossi?
   3. Til Bakkafjarðar frá Þórshöfn?

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Friðjón Þórðarson, Tómas Árnason, Sighvatur Björgvinsson, Jónas Árnason, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að hafinn verði nú þegar af hálfu menntamálaráðuneytisins skipulegur undirbúningur að tónmenntafræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum lögboðnum hætti.

Áhersla verði lögð á að tengja starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntafræðslu grunnskólanna.

Þá verði og tónmenntafræðsla felld, sem valgrein, inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna.

Greinargerð.

Tillaga þessi kom fram seint á síðasta þingi og hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt nú að mestu óbreytt, svo og greinargerð. Tölur frá s. l. vori eru látnar halda sér óbreyttar. Við könnun, sem þær voru byggðar á, kom í ljós, að af 225 grunnskólum á landinu eru rúmlega 60 skólar, sem ekki veita neina tónmenntafræðslu, og allmargir til viðbótar þar sem þessari fræðslu, þótt lögboðin kennslugrein sé, er meira og minna ábótavant. Langsamlega verst settir að þessu leyti eru þeir landshlutar, þar sem dreifbýli er mest og erfiðast um samgöngur. Þarf það ekki að koma á óvart. Af 29 skólum í fimm sýslum, Vestur-Barðastrandarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, veita 8 skólar einhverja tónlistarfræðslu, hinir 21 alls enga.

Hér kemur ýmislegt til. Fámenni í skólum dreifbýlisins gerir það að verkum, að ekki eru nándar nærri nóg verkefni í hverjum skóla til að fullnægja kennsluskyldu sérmenntaðs tónmenntakennara. Þar að auki er almennur skortur á slíkum kennurum. Síðan tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík tók til starfa árið 1959 hefur hún útskrifað um 70 kennara. Starfandi tónmenntakennarar við grunnskóla á landinu munu nú um 70—80 talsins, þar á meðal allmargir eldri kennarar, sem hlutu þjálfun við söngkennaradeild gamla kennaraskólans.

Það er því mikil þörf á að hlúa sérstaklega að þessum þætti kennaramenntunar í landinu, t. d. með þeim hætti, eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir, að hún komi meira en nú er inn í hina almennu kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands. Nú fá kennaraefni tólistarfræðslu í námskjarna, 2 vikustundir í eitt ár, og eiga auk þess kost á einhverju til viðbótar á 2. og 3. ári, þeir sem áhugasamastir eru. Væri hér um fastmótaða valgrein að ræða samkv. námsskrá, mundi það vafalaust laða mun fleiri nemendur að þessari grein og koma síðar til góða mörgum skólanum, sem nú veitir enga tónmenntafræðslu í einu eða öðru formi. Reyndin er líka sú, að hinir fáu sérmenntuðu kennarar, sem völ er á, leita fyrst og fremst inn í tónlistarskólana, þar sem kennslan er auðveldari og meira í samræmi við sérmenntun þeirra heldur en í grunnskólanum.

Vorið 1975 voru samþykkt á Alþingi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þar er kveðið svo á, að ríkið greiði launakostnað skólastjóra og kennara til hálfs á móti sveitarfélögum. Nemur framlag ríkisins á fjárlögum 1978 252,6 millj. kr. til tónlistarfræðslu utan grunnskólans, þ. e. til hinna ýmsu tónlistarskóla víðs vegar um landið. Hér er um mikilsverðan stuðning að ræða við tónlistarlíf í landinu. Má ætla, að almennt njóti grunnskólinn góðs af tilkomu tónlistarskólanna með sérmenntaða starfskrafta, sem þá nýtist jafnframt til kennslu í skyldunámi grunnskólans. Í sumum tilvikum hefur þó reyndin orðið sú, að hin lögboðna tónmenntafræðsla í almenna skólanum hefur hreinlega lagst niður með tilkomu sérstaks tónlistarskóla á viðkomandi stað. Sú öfugþróun er auðvitað óviðunandi. Því er í tillögunni bent sérstaklega á þetta atriði, að tengja verði saman starf grunnskóla og tónlistarskóla, enda í alla staði eðlilegt, þar sem hinir síðarnefndu eru nú samkvæmt lögum styrktir verulega af ríki og sveitarfélögum.

Með tilliti til þess, er að framan segir, er tímabært að yfirvöld fræðslumála geri hér skipulegar ráðstafanir og sinni þannig lögboðinni skyldu, sem í dag er vanrækt. Sýnist flutningsmönnum vænlegasta og sennilega eina færa leiðin — að svo stöddu — vera sú að stofna til tónmenntafræðslu í formi námskeiða og/eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins, þar sem aðstæður eru þannig, að fræðsluskyldu í þessari námsgrein verður ekki sinnt með venjulegum hætti. Er þetta form raunar tíðkað

nú þegar sums staðar á landinu með góðum árangri, t. d. í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu.

Auðvitað kemur hér til nokkur kostnaður, en þó líklega fyrst og fremst skipulagning, og á það ber að líta, að hver grunnskóli á lögboðinn rétt til þessa þáttar skyldunámsins sem annarra og ríkið sparar sér í rauninni — eins og nú er — launagreiðslur til tónmenntakennara í þeim 60—70 grunnskólum, sem enga slíka fræðslu veita í dag. Er því eðlilegt, að þeir fjármunir verði látnir renna til að bæta upp með einhverjum hætti það, sem þeir nemendur fara á mis við, er alls enga tónmenntakennslu fá á skyldunámsstiginu. Mætti jafnvel hugsa sér, að ein til tvær vandaðar tónlistarkynningar, þó ekki væri um neina frekari tónmenntafræðslu að ræða, gætu þarna komið til sem nokkur uppbót.

Sjálfsagt munu margir almennir kennarar við þessa afskiptu skóla hjálpa hér nokkuð upp á sakirnar með almennri söngiðkan nemenda, sem er vissulega mikils virði. En hætt er við, að það geti brugðist til beggja vona eftir áhuga og hæfni kennara á hverjum stað. Sannleikurinn er sá, að hér hefur orðið mikil afturför frá því er áður var, er almennur söngur nemenda þótti sjálfsagður þáttur í skólalífinu. Söngurinn er þagnaður og í fjöldamörgum skólum alger ördeyða að þessu leyti. Hér þarf að koma til skipuleg athugun fræðsluyfirvalda á tiltækum leiðum til úrbóta, sem tryggi það m. a. að fjöldi nemenda á grunnskólum landsins verði hér ekki algerlega afskiptir vegna búsetuástæðna. Þótt naumt sé skammtað til tónmenntafræðslunnar, ein kennslustund á viku, felst þó í henni viðurkenning á því, að þekking og iðkun á tónlist skuli ekki teljast til munaðar og sérréttinda fárra útvaldra, heldur sem sjálfsagður hluti af menntun og menningarlífi almennings.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls.

Flm.: Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram í sambandi við næstu alþingiskosningar þjóðaratkvæðagreislu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls í landinu. Þátttaka í væntanlegri atkvæðagreiðslu skal heimil öllum sem náð hafa 18 ára aldri þegar atkvæðagreiðslan fer fram.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur allmikið verið rætt um það, hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls í landinu. Mjög skiptar skoðanir eru manna á meðal um þetta mál, og sýnist sitt hverjum eins og gengur. Á síðasta Alþingi var til meðferðar frv. sem gerði ráð fyrir nokkrum breytingum á núgildandi áfengislöggjöf. Flm. þessarar þáltill. flutti þá tillögu í sambandi við umrætt frv., sem gerði ráð fyrir því að núgildandi áfengislögum skyldi breytt á þann veg, að framleiðsla og sala áfengs öls yrði heimiluð. Örlög umræddS frumvarps urðu hins vegar þau, að það komst aldrei úr nefnd og dagaði uppi í þinginu, og reyndi því aldrei á hvort þingvilji væri fyrir því að leyfa framleiðslu og sölu áfengs öls eða ekki.

Næsta ár fara fram almennar þingkosningar. Flm. er þeirrar skoðunar, að í máli því, sem hér er til meðferðar, sé ekki óeðlilegt að leitað sé eftir því að fá vitneskju um hver sé hinn raunverulegi þjóðarvilji í jafnumdeildu máli og hér er fjallað um. Auðveld leið og kannske sú marktækasta er að mati flm. að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Og þar sem almennar þingkosningar eru á næsta leiti telur flm. sjálfsagt að nota það tækifæri sem þannig býðst. Flm. telur sjálfsagt að miða þátttöku í væntanlegri atkvæðagreiðslu við 18 ára aldur og vill með því leggja

áherslu á þá skoðun sína, að ákvörðun um framleiðslu og sölu á áfengu öli er ekki síður mál ungu kynslóðarinnar en hinnar eldri, og því ekki nema eðlilegt að unga fólkið fái að láta í ljós álit sitt á málinu.

Sþ. 61. Fyrirspurn [56. mál]

til fjármálaráðherra um innflutning á áfengi og tóbaki.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Óskað er eftir skrá yfir þær tegundir áfengis og tóbaks, sem ÁTVR hefur til sölu, og íslenska umboðsmenn hverrar tegundar.

Hve há umboðslaun eru greidd þessum íslensku milliliðum, hvernig er eftirliti háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvernig er tryggt að umboðsmenn fái ekki greiðslur í gjaldeyri í trássi við íslensk lög?

Hverjar eru umboðslaunatekjur þeirra 20 Íslendinga, sem hæst umboðslaun fengu fyrir innflutt áfengi og tóbak árið 1976, og hverjir voru þeir?

Telja stjórnendur ÁTVR sig hafa hagræði af því að erlendir áfengis- og tóbaksframleiðendur ráði í þjónustu sína íslenska milliliði?

Njóta umboðsmenn erlendra áfengis- og tóbaksframleiðenda einhverra fríðinda í sambandi við kaup á áfengi og tóbaki?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Sþ. 62. Fyrirspurn [57. mál]

til viðskiptaráðherra um verðlagsmál.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Óskað er eftir birtingu á skýrslu þeirri sem verðlagsstjóri boðaði í sjónvarpsþætti að samin yrði um verðlag og verðlagsmyndun í Englandi annars vegar og á Íslandi hins vegar.

Hefur verðlagseftirlitið nægilegt fjármagn til þess að geta gegnt eftirlits- og rannsóknarstörfum sínum á fullnægjandi hátt?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Nd. 63. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og umræðu og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. okt. 1977.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.
Sverrir Hermannsson, fundaskr.
Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason.
Tómas Árnason.
Sighv. Björgvinsson.
Garðar Sigurðsson.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um íslenzka stafsetningu.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Gylfi Þ. Gíslason, Gunnlaugur Finnsson, Steingrímur Hermannsson, Jónas Árnason, Þórarinn Þórarinsson, Helgi F. Seljan, Lárus Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Pálmi Jónsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar, að um íslenzka stafsetningu skuli gilda þær reglur, sem voru ákveðnar í auglýsingu 28. febrúar 1929 og farið var eftir á tímabilinu 1929—1973, með því fráviki, að um ritun z skuli gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Rita skal z fyrir upprunalegt tannhljóð (**d, ð, t**) + **s** í stofni, þar sem tannhljóðið er fallið burt í skýrum framburði, t. d. **hanzki** (hand-ski), **lenzka** (lend-ska), **gæzka** (gæð-ska); **józkur** (jót-skur), **nízkur** (níð-skur); **anza** (and-sa), **beizla** (beit-sla), **verzla** (verð-sla); **unz** (und-s).
2. Ef stofn lýsingarorðs eða sagnorðs endar á **d, ð** eða t (einföldum samhljóða) og tannhljóðið fellur burt í skýrum framburði á undan hástigsviðskeytinu **st** eða sagnorðsendingunni st, skal rita z, t. d. **nyrztur** (nyrð-stur), **elztur** (eld-stur), **beztur** (bet-stur); þú **leizt** (leit-st), þú **hézt** (hét-st), þú **lauzt** (laut-st), ég **læzt** (læt-st), ég **stenzt** (stend-st), ég **bregzt** (bregð-st); **seztu** (set-stu), **láztu** (lát-stu).
3. Ef í stofni orðs er **tt** (tvöfaldur samhljóði) og á eftir fer **s**, skal rita fullum stöfum **tts**, t. d. **kletts, spottskur, styttstur;** þú **battst,** ég hef **settst,** hann hefur **fluttst,** þeir hafa **hittst,** það hefur **rættst** úr honum (af rætast; hins vegar hefur **ræst** af að ræsa).
4. **Ef ð helzt í framburði á undan st skal rita ðst,** t. d. **ég gleðst,** hann hefur **glaðst,** þeir hafa **mæðst,** hún hefur **náðst.**
5. Ekki skal rita z í miðmyndarendingum sagna, nema sagnstofninn (boðháttur eintölu) endi á tannhljóði, sem fellur burt í skýrum framburði. Dæmi: svo hefur **reynst,** margt hefur **gerst,** hún hefur **grennst,** hann hefur **lagst,** **bíllinn** hefur **festst,** þeir hafa **hresstst,** þið **finnist,** þið **fundust,** hann hefur **farist,** þau hafa **glatast.**
6. Rita má z í orðum, sem eru erlend að uppruna.

Reglur þessar gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur gefnar út á kostnað ríkisins eða styrktar af ríkisfé og um embættisgögn, sem út eru gefin.

Ef talin verður þörf á síðar að athuga um breytingar á íslenzkri stafsetningu, skal leita um það álits og tillagna sjö manna nefndar, sem verði þannig skipuð: einn tilnefndur af deildarráði heimspekideildar Háskóla Íslands úr hópi prófessora í íslenzkri málfræði, einn tilnefndur af Íslenzkri málnefnd úr hópi nefndarmanna, einn tilnefndur af stjórn Félags íslenzkra fræða og skal hann vera móðurmálskennari á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi, einn tilnefndur af Landsbókasafni Íslands úr hópi bókavarða, einn tilnefndur af stjórn Félags íslenzkra bókaútgefenda, einn tilnefndur af stjórn Blaðamannafélags Íslands og einn tilnefndur af menntamálanefndum Alþingis. Nefndin kýs sér sjálf formann. Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar.

Stafsetningarreglum þeim, sem ákveðnar eru með ályktun þessari, verður eigi breytt án samþykkis Alþingis.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komizt á mikil ringulreið í stafsetningu íslenzkrar tungu í stað þeirrar festu, sem áður hafði ríkt hátt í hálfa öld. Á tæpum fjórum árum, frá 4. september 1973 til 28. júní 1977, hafa þrívegis verið gefin út fyrirmæli

um breytta stafsetningu. Reyndin er hins vegar sú, að lesefni þjóðarinnar er enn að miklu leyti gefið út með hinni rótföstu stafsetningu undanfarinna áratuga.

Nauðsynlegt er að koma aftur á festu í stafsetningu íslenzkrar tungu. Það verður eigi gert nema fest verði í sessi stafsetning, sem er þjóðinni töm og ber henni víðast fyrir augu. Því er í þingsályktunartillögu þessari lagt til, að tekið verði af skarið í því efni.

Æskilegast væri að halda stafsetningunni frá 1929 óbreyttri. Til sátta við þá, sem telja gildandi z-reglur krefjast meiri þekkingar á íslenzku máli en ætla megi Íslendingum almennt, er þó í tillögu þessari gerður kostur á tilslökun til málamiðlunar.

Ed. 65. Frumvarp til laga [59. mál]

um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum (sbr. 3. gr. og 11. gr.).

2. gr.

Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings.

3. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver og reki, þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum, sbr. 5. gr.

4. gr.

Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.

Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli meta til verðs.

5. gr.

Ár og vötn eru sameign þjóðarinnar, svo sem önnur gögn og gæði landsins, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. Frjálst er þó jarðeiganda að virkja fallvatn fyrir landi sínu til eigin nota, ef það brýtur ekki í bága við almannaþarfir.

Við gildistöku laga þessara skal ríkið láta kanna, hver veiðihagur hefur verið talinn fram af hverri veiðijörð s. l. 20 ár, og greiða eiganda hennar bætur samkvæmt því fyrir veiðiréttinn. Frjálst skal þó veiðiréttareiganda, þegar lög þessi öðlast gildi, að velja á milli framangreindra bóta eða halda veiðiréttinum í allt að 20 ár eða uns sala viðkomandi veiðijarðar eða jarðhluta fer fram, ef fyrr verður, og lækkar þá bótaskylda ríkisins um 1/20 við hvert ár sem líður og fellur niður eftir 20 ár.

6. gr.

Alþingi getur falið viðkomandi sveitarfélögum eftir nánar settum reglum umráðarétt veiði og fiskræktar í ám og vötnum gegn sérstöku gjaldi, er gangi til aukinnar fiskræktar, sömuleiðis samtökum ábúenda aðliggjandi jarða áa og vatna, einnig sérstökum fiskræktarfélögum. Sama rétt má veita einstaklingum, sem einstæðan áhuga og árangur hafa sýnt í fiskræktarmálum.

Skylt skal ábúendum jarða að veiðiám og veiðivötnum að leyfa veiðileyfishöfum nauðsynlegan aðgang að veiðistöðum og umferð milli veiðisvæða, enda sýni veiðileyfishafar fyllstu nærfærni í umgengni sinni, svo að hvergi valdi spjöllum.

7. gr.

Enginn getur átt né eignast óbyggðir né afréttir utan heimalanda nema ríkið sjálft. Geti einhver við gildistöku laga þessara sannað eign sína á slíku landi, skal það eigi að síður verða ríkiseign, en gjalda ber eiganda þess verð fyrir samkvæmt gildi þeirra nota, sem hann hefur af því talið fram s. l. 20 ár.

Viðkomandi sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög skulu halda hefðbundnum afréttarnotum sínum án endurgjalds, enda sinni þau og hefðbundnum skyldum við afréttina, en skylt skal þeim að hlíta settum reglum hverju sinni um ítölu sem og gróður- og náttúruvernd, einnig reglum um umferð og ferðafrelsi innan settra marka.

8. gr.

Skylt er ríkinu að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumarbústaði og láta skipuleggja slík bústaðahverfi, en falið getur það sveitarfélögum þeim, þar sem slík hverfi rísa, þessi verkefni, ef betur þykir henta.

Þurfi að taka bújörð eignarnámi vegna sumarbústaðahverfis, eða hluta bújarðar, skal bæta eiganda hennar samkvæmt mati með hliðsjón af þeim búnotum, sem af eignarnámslandinu hafa verið.

9. gr.

Allur jarðhiti er eign ríkisins, nema á eignarjörð sé, þá er sá jarðhiti, sem er ofan 200 m dýpis, eign viðkomandi jarðeiganda. Megi ætla, að borun ríkisins eftir jarðvarma og virkjun hans valdi notatjóni á viðkomandi bújörð eða aðliggjandi bújörðum, svo sem á matjurtarækt eða upphitun húsa, ber ríkinu að bæta slíkt samkvæmt mati.

10. gr.

Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins og leyfis þess þarf til að leita eftir og vinna, eru eign ríkisins og háð valdi Alþingis.

11. gr.

Allar lóðir og lendur undir húsum og öðrum mannvirkjum skulu eign viðkomandi sveitarfélags, nema ríkisins sé áður, en þá skal Alþingi fela sveitarfélaginu umráðarétt slíkra eigna. Sveitarfélög skulu bótaskyld til eigenda lóða og lendna þeirra, sem í einkaeign eru, þegar lög þessi öðlast gildi, en við ákvörðun bóta skal draga frá að 3/4 hlutum þá verðmætaaukningu, sem dómkvaddir matsmenn ætla að viðkomandi þéttbýlissköpun eða aðrar aðgerðir samfélagsins hafi valdið.

Ekki er sveitarfélagi skylt að inna slíkar bætur af hendi til eigenda nema við missi vinnu vegna aldurs eða örorku, dauðsfall eða burtflutning, og þá eigi fyrr en 2 árum síðar.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um lóðir og lendur undir hús og mannvirki í sveitum, önnur en lúta að búrekstri, þar með taldar lóðir undir sumarbústaði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Greinargerð.

Nokkur þing undanfarið hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt þingsályktunartillögu um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Aðalinntak þeirrar tillögu hefur verið, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið væru í raun sameign þjóðarinnar allrar og ríkisstjórnin ætti að láta sérfróða menn semja frumvarp til laga um þessa eign og þessi eignarráð til samræmis við breytta tíma, breyttan skilning þjóðarinnar á eignarráðum og ýmis ný viðhorf, m. a. vegna algerrar byltingar á sumum sviðum um gildi gagna og gæða landsins.

Þessi tillöguflutningur þingmanna Alþýðuflokksins hefur vakið mikla athygli og sívaxandi umræðu manna á meðal, svo að alþjóð er farin að velta þessu máli fyrir sér af allt öðrum sjónarhóli en áður.

Hér er gerð tilraun til að búa sjónarmiðum Alþýðuflokksins og annarra, er líkar skoðanir hafa og hann á þessum málum, stakk í frumvarpsformi að lögum og þoka þannig málinu til ákveðnari umræðu.

Vorið 1976 var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna fjölmenn ráðstefna um búsetu mannsins á jörðinni. Nefndist hún HABITAT og fór fram í Vancouver í Kanada. Sóttu ráðstefnu þessa fulltrúar rúmlega 120 þjóða, en ekki sá íslenska ríkisstjórnin ástæðu til að senda fulltrúa og ber að harma það. Á ráðstefnu þessari voru gerðar víðtækar samþykktir, sem yfir 120 þjóðir stóðu að einum rómi. Meðal annars er þar kafli um landið, og er athyglisvert fyrir íslenska þjóð að kynnast efni hans. Er þar skemmst af að segja, að ráðstefnan varð einróma sammála um stefnu varðandi landið, sem er mjög í sama anda og tillögur Alþfl. um eignarrétt á landi, gögnum þess og gæðum, svo sem hér skal sýnt í þýðingu nokkurra atriða úr samþykktinni:

Inngangsorð: „Félagslegt réttlæti, endurnýjun byggðar (borga) og framþróun, sem eru skilyrði fyrir mannsæmandi húsnæði og heilsusamlegu umhverfi fólksins, nást því aðeins að landið sé notað í þágu þjóðfélagsheildarinnar."

Samþykktir:

1) „Landið er takmörkuð auðlind og meðferð þess á að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu alþjóðar."
2) „Breytingar á landnotum, sérstaklega frá landbúnaði til þéttbýlis, eiga að vera háðar opinberu eftirliti og reglum."
3) „Óverðugan hagnað, sem myndast af því að land hækkar í verði vegna breyttra landnota, vegna opinberra framkvæmda eða ákvarðana eða vegna almenns vaxtar samfélagsins, skulu opinberir aðilar (þjóðfélagið) geta endurheimt, nema aðstæður kalli á aðrar frekari aðgerðir, svo sem breytta eignaraðild eða upptöku lands."
4) „Tímabundinni eða varanlegri þjóðareign skal beita, þegar nauðsynlegt er til að tryggja, stjórna og vernda land, sem þarf fyrir vöxt þéttbýlissvæða, einnig til framkvæmdar á almennum umbótum í borgum og sveitum til að tryggja almenna þróun hagkvæma þjóðfélaginu."
5) „Eignarréttarformi liðins tíma ber að breyta til samræmis við síbreytilegar þarfir þjóðfélagsins, svo að það sé hagstætt þjóðfélagsheildinni."

Af þessum tilvitnunum má ljóst vera, að þær skoðanir ryðja sér nú mjög til rúms, að taka þurfi eignarráð á landi, gögnum þess og gæðum, til ítarlegrar endurskoðunar og umbreytinga.

Það er ekki viðfelldin staðreynd, að fósturjörðin sé á braskhrakningi. Svo er þó raunin í dag: Hitaveituréttindi, veiðiréttur, sumarbústaðalönd, lóðir og lendur í og við þéttbýli eru eftirsótt verðmæti, svo að engu hófi sætir í kaupum og sölum. Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er lagt til, að þessi brask- og verðbólguhvati sé frá einstaklingum tekinn alfarið með því að þessi verðmæti séu gerð að sameign þjóðarinnar, þannig að ekki verði framar okrað á hitaveituréttindum, góðar bújarðir fari ekki úr búskaparnotum vegna gífurverðs, sumarbústaðalönd fáist á

sanngjörnum kjörum fyrir þéttbýlisbúa, er þess óska, og sveitarfélög þurfi ekki framar að kaupa sér „lífsrúm“ á okurverði né lax- og silungsveiðimenn að sæta afarkostum til slíkra veiða.

Hér er um sanngirnis- og skynsemismál að ræða, sem hlýtur að vinna sér land.

Þetta frv. er nú aftur flutt óbreytt frá síðasta þingi, en þá var Bragi Sigurjónsson fyrri flutningsmaður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er því slegið föstu sem aðalreglu, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar allrar.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint, að umráðaréttur þessarar sameignar sé í höndum Alþingis, en það geti með sérstökum lögum, ef henta þykir, falið öðrum aðilum umráða- og notarétt tiltekinna hluta af sameigninni, svo sem sveitarfélögum og öðrum félagssamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Er hér m. a. átt við umráð lóða og lendna í þéttbýli eða þar sem vinnsla jarðefna fer fram eða verksmiðjur eru reknar, svo og búrekstur fer fram á erfðafestulandi, svo dæmi séu tekin. Sjá um veiðirétt síðar.

Um 3. gr.

Þótt það sé skoðun flutningsmanna, að bændum sé í raun hagkvæmara að hafa búlönd sín í t. d. erfðafestu fremur en eigu, þykir þeim rétt, að bændum sé frjálst að velja á milli, meðan þeir svo kjósa, enda sé einvörðungu um jarðnæði til eigin búrekstrar að ræða og hver verði að afsala sér eignarráðum á bújörð, sem hann býr ekki á.

Um 4. gr.

Hér er ríkinu lögð tvenns konar kvöð á herðar bændum til efnalegs öryggis: að þeir geti hvenær sem þeim þóknast svo við að horfa selt ríkinu jarðir sínar á gildandi gangverði bújarða bænda í milli hverju sinni, og að þeir þurfi aldrei að ganga slyppir og snauðir frá jörð, húsum og ræktun, fari bújörð úr byggð vegna úrleiðis, óbyggis eða einhverra annarra hluta, svo að ekki fáist búandi kaupandi að.

Rétt þykir, að um verðlagningu slíkra eigna sé sett ítarleg reglugerð af hálfu ríkisvaldsins, enda má ætla, að á þennan lið þessarar lagagreinar reyni allverulega um næstu ár.

Um 5. gr.

Hér er kveðið afdráttarlaust á um það, að ár og vötn séu sameign þjóðarinnar allrar, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. En þar sem veiðiréttur hefur til þessa í megindráttum verið bundinn bújörðum eða jarðahlutum sem hlunnindi, en hefur á seinni árum í vaxandi mæli verið verðhækkunarhvati og leitt til brasks með bújarðir, stundum leitt til auðnar góðra bújarða í annars blómlegri sveit, þykir hvort tveggja rétt: að bæta eigendum veiðijarða upptöku veiðiréttarins eftir ákveðnu bótamati og framkvæmdarreglum, þar sem m. a. er veittur verulegur umþóttunartími eða skilafrestur á veiðirétti, ef fremur er kosið en beinar bætur, og á hinn bóginn að létta af bændum einum aðaldýrtíðarvaldi fjölmargra bújarða.

Um 6. gr.

Rétt þykir og raunar sjálfgert, að ríkisvaldið, í þessu tilfelli Alþingi, framselji umráð veiðiréttar til viðkomandi sveitarfélaga, þar sem veiðiár renna og veiðivötn liggja. Hitt kann og að verða, að ábúendur jarða, sem liggja að veiðiám og vötnum,

vilji mynda með sér félög um fiskrækt og veiðinot, eða sérstök fiskræktarfélög séu stofnuð, og þykir rétt að halda opnum dyrum fyrir öllum þessum möguleikum og einnig áhuga- og athafnasömum einstaklingum í fiskræktarmálum.

Tekið er sérstaklega fram, að gjald til ríkisins fyrir umráð yfir veiðirétti skuli ganga til aukinnar fiskræktar.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á, að óbyggðir og afréttir utan heimalanda séu eign ríkisins. Er það til að taka öll tvímæli af um það, að sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög hafi einungis notarétt af afréttum til beitar búfjár, en eigi eignarráð. Ætti þetta ákvæði að koma í veg fyrir kostnaðarsöm og óviðfelldin málaferli um eignarráð yfir óbyggðum og afréttum landsins, en í engu er því á annan hátt ætlað að raska notum né skyldum sveitar- og upprekstrarfélaga varðandi afréttarlönd.

Um 8. gr.

Hér er sú skylda lögð á ríkið sem umráðaréttarhafa landsins alls, sameignar þjóðarinnar, að það sjái um að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir lóðum undir sumarbústaði. Það skulu vera leigulóðir, enda markmiðið að hindra sölubrask á landi undir slíka bústaði. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um, að allur jarðhiti undir 200 m dýpi skuli vera sameign almennings, ríkisins. Er hér nokkru lengra gengið en í frumvarpi því um breytingar á orkulögum, sem lá fyrir Alþingi 1976—1977 (50 mál), og er þá haft í huga, að nú er farið að bora með ærnum kostnaði, þ. e. með almannafé, eftir heitu vatni á lághitasvæðum, og er brýn nauðsyn að kveða þar einnig á um eignarráð.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf, en rétt þykir að taka fram, að henni er m. a. ætlað að ná yfir t. d. olíuvinnslu á landgrunninu ef til kæmi.

Um 11. gr.

Enda þótt meginreglan verði með samþykkt þessa frumvarps, að þjóðin, ríkið, eigi landið allt, eru þar tvö frávik: Bónda er frjálst, ef vill, að eiga bújörð sína, meðan hann býr á henni, þéttbýlis- og sveitarfélög skulu samkv. þessari grein vera eigendur lóða og lendna þeirra, er þau ná yfir. Er þá enda um slíka sameign að ræða, að ekki ætti að þurfa að óttast brask með fósturjörðina.

Ekki er hér lögð til eignarupptaka á lóðum og lendum, sem í einkaeign kunna að vera, þegar frumvarp þetta öðlast lagagildi, en undir þann leka sett með bótareglum, að um braskágóða verði að ræða, og sveitarfélögum markaður ákveðinn frestur til lóðakaupa, svo að þeim byndist enginn háskagreiðslubaggi þar af.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur til vegáætlana þannig, að lagt verði bundið slitlag á helstu þjóðvegi landsins, þ. e. hringveginn og helstu vegakafla út frá honum, og stefnt að því að ljúka þessu verkefni á næstu 10—15 árum. Slitlagið verði lagt á vegina eins og þeir nú eru, eftir því sem fært er, þ. e. án sér-

stakrar endurbyggingar þeirra. Þeir kaflar veganna, sem ekki þykir fært að leggja á slitlag með þessum hætti, skulu endurbyggðir fyrir fjármagn úr Vegasjóði samkvæmt vegaætlun. Unnið skal að framkvæmdum þessum í öllum landshlutum hvert ár eftir því sem áætlun segir. Kostnaður við lagningu slitlagsins greiðist úr Vegasjóði samkvæmt vegáætlun, og með innlendum eða erlendum lántökum, ef þörf krefur, og eftir nánari ákvörðun Alþingis síðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og urðu þá um hana miklar umræður. Hún hlaut ekki afgreiðslu í fjárveitinganefnd og er því endurflutt nú. Greinargerðin, sem fylgdi tillögunni þá, getur að mestu staðið óbreytt. Í stað 160 km vega, sem þá voru taldir með bundnu slitlagi, eru nú 170 km. Kosnaðartölur, sem nefndar voru, hafa að sjálfsögðu breyst, þó ekki verulega. Verður gerð nánari grein fyrir mögulegum kostnaði í framsögu. Greinargerðin, sem fylgdi tillögunni á síðasta þingi, var svo hljóðandi:

Tillaga þessi er flutt til þess að fá fram vilja Alþingis um það, hvernig staðið skuli að framkvæmdum við lagningu slitlags á þjóðvegi næstu árin, svo og til þess að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að fjár verði aflað til þessara framkvæmda þannig að meginverkefninu verði lokið á næstu 10—15 árum.

Á undanförnum áratugum hefur verið unnið mikið afrek í vegagerð með því að leggja akfæra vegi um þvert og endilangt landið. Nú er hins vegar komið að því að slitlag verði lagt á hina fjölförnustu vegi. Undan því verður ekki vikist lengur og liggja til þess margar ástæður.

Í fyrsta lagi verður nær því ómögulegt að halda við malarvegum þannig að sæmandi geti talist, þegar umferðin er orðin svo þung sem raun ber vitni. Vaxandi bifreiðaeign landsmanna fylgir auðvitað aukin umferð og við því þarf að bregðast með raunhæfum hætti, samræmi verður að vera í bifreiðainnflutningi og vegagerð.

Í öðru lagi eru vegir, sem ekki eru með bundnu slitlagi, einhverjir mestu mengunarvaldar úti um sveitir landsins. Meðan umferð var minni fundu menn ekki svo mjög til rykmengunar vegna bifreiðaumferðar. En með hinni vaxandi umferð er þessi mengun orðin óþolandi. Þúsundir tonna af ofaníburði leggjast yfir tún og akra bænda á hverju ári, spilla gróðri og hinu tæra andrúmslofti og hafa sjálfsagt skaðleg áhrif á heilsufar manna og dýra, þótt e. t. v. reynist erfitt að færa sönnur á slíka fullyrðingu.

Í þriðja lagi eru vegaframkvæmdir sem þessar hinar arðbærustu. Þar vegur mest að ending bifreiðanna, sem um vegina fara, margfaldast og hefur þannig í för með sér beinan peningalegan sparnað fyrir eigendur þeirra og fyrir þjóðfélagið í heild. Ekki er það síður þungt á metunum, að viðhaldskostnaður þeirra vega, sem fá bundið slitlag, stórlækkar þrátt fyrir aukna notkun þeirra, en aukin umferð fylgir í kjölfar bættra vega, sem aftur hefur í för með sér auknar tekjur í Vegasjóð.

Í fjórða lagi má svo nefna, að bættir vegir bjóða upp á auðveldari samskipti milli landshluta, til hagsbóta fyrir allt atvinnulíf í landinu og byggðaþróun yfirleitt.

Heildarlengd þeirra vega, sem falla mundu undir þessa tillögu, er um 2 300 km. Með bundnu slitlagi eru nú aðeins um 160 km. Vegagerð ríkisins telur, að vegakaflar, sem lítinn undirbúning þurfi til þess að lagt verði á bundið slitlag, séu um 830 km.

Erfitt er að áætla hver yrði kostnaður við allt verkið, þar sem svo mjög er misjafnt hve mikið þarf að lagfæra þá rúmlega 1 300 km sem lagfæringa þurfa. Það er skoðun flutningsmanna, að leggja megi slitlag á vegi, sem aðeins þarf að jafna en ekki að endurbyggja, fyrir um 5 000 000 kr. hvern km, eða 4 150 050 000 kr. þá 830 km, sem nú teljast nægilega vel byggðir til þess að lagt verði á þá slitlag. Þetta er nánast sama upphæð og Vegasjóður hefur nú yfir að ráða árlega.

Þegar reynt er að áætla kostnað við lagningu bundins slitlags á þá 2 140 km, sem tillaga þessi nær til, og ekki hafa verið lagðir slitlagi, verður að hafa í huga, að ekki er gert ráð fyrir hliðstæðri undirbyggingu og þeirri, sem unnin hefur verið við hina fjölförnu vegi út frá Reykjavík. Með því móti miðar okkur hægt. En hver sem kostnaðurinn verður, komumst við ekki lengur hjá því að setja okkur markmið, sem duga til þess að setja okkur á bekk með þeim þjóðum, sem okkur eru skyldastar og gert hafa sér grein fyrir nauðsyn bættra vega. Hér er lagt til að meginátakið verði gert á 10—15 árum. Það þýðir að slitlag þarf að leggja að jafnaði á um 150—200 km vegakafla árlega. Til þess höfum við tækjabúnað og verkþekkingu í landinu. Fólkið í landinu er eflaust reiðubúið að láta af hendi lánsfé að hluta, lánsfé er hægt að fá erlendis. Verkefnið er ekki stærra en svo að hægt er að framkvæma það. Það, sem vantar, er pólitískur vilji til þess að ráðist verði í framkvæmdir með þeim hætti sem hér er lagt til.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um hafnaáætlun fyrir árin 1977—1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

Alþingi ályktar samkvæmt 10. gr. hafnalaga, nr. 45 24. apríl 1973, að árin 1977—1980 skuli stefnt að því að verja til almennra hafnarframkvæmda úr ríkissjóði fjárhæðum, sem svara til ríkishluta framkvæmda þeirra, sem lýst er í áætlun Hafnamálastofnunar ríkisins um hafnarframkvæmdir á áðurgreindu tímabili og útbýtt er jafnframt þingsályktunartillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þál.tillaga þessi um hafnarframkvæmdir árin 1977—1980 er lögð fyrir Alþingi í samræmi við hafnalög nr. 45/1973, en í III. kafla laganna segir m. a. svo í 10. gr., er fjallar um framkvæmdaáætlanir, að gerð skuli hafnargerðaáætlun á tveggja ára fresti til fjögurra ára í senn og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þál.till. og öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Þetta er í annað sinn, sem hafnargerðaráætlun er lögð fyrir Alþingi sem þál.till., en fyrri tillagan var lögð fram vorið 1975. Varð þá samkomulag um það á Alþingi, að hún skyldi ekki afgreidd formlega.

Áætlun Hafnamálastofnunar ríkisins, sem liggur hér til grundvallar og útbýtt er samhliða þessari þál.tillögu, er að stofni til gerð haustið 1976, og er allur framkvæmdakostnaður í skýrslunni miðaður við verðlag í árslok 1976. Áætlunin var notuð til viðmiðunar við skiptingu fjárlagafjár til einstakra hafna 1977 og jafnframt kynnt fjárveitingarnefnd og þingmönnum einstakra kjördæma. Tók sú kynning og breytingar á áætluninni í framhaldi af henni verulegan tíma, og var því talið rétt sl. vor að fresta framlagningu þál.till. til yfirstandandi þings.

Áætlunin er byggð á óskum hafnarstjórna um framkvæmdir og mati Hafnamálastofnunarinnar á raunhæfri framkvæmdaþörf á hverjum stað. Með tilliti til þess fjármagns, sem unnt er og eðlilegt má telja að verja til hafnarframkvæmda er þó ljóst, að allar óskir verða ekki uppfylltar á þessu 4 ára tímabili.

Óhægt er um allan verðsamanburð, þar sem kostnaðartölur í áætluninni eru þegar orðnar of lágar. Framkvæmdir á yfirstandandi ári ættu þó að standast nokkurn veginn, en til þeirra er varið á fjárlögum 931.6 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1978 er ríkishluti almennra hafnarframkvæmda áætlaður 1 170 millj. kr., en hefði til að ná því framkvæmdamagni, sem gert er ráð fyrir í áætluninni, þurft að vera um 1 400 millj. kr., eins og samgöngurn. lagði til við gerð fjárlagafrv. Munar því

hér um 230 millj. kr., en þess ber að gæta, að fjárveitinganefnd á eftir að fjalla um málið.

Rétt er að vekja athygli á, að áætlunin nær aðeins til svokallaðra almennra hafna, sem yfirleitt njóta 75% ríkisframlags. Hún nær hins vegar ekki til framkvæmda við landshafnir og ferjuhafnir, sem greiddar eru að fullu af ríkissjóði, og heldur ekki til Reykjavíkurhafnar, sem greiðir sjálf allar sínar framkvæmdir. Loks nær ályktunin ekki til framkvæmda við höfn á Grundartanga, en þótt sú hafnargerð falli undir hafnarlögin að öllu leyti, er hún nokkuð sérstaks eðlis og verður um sérstaka fjáröflun til hennar að ræða.

Að öðru leyti vísast til áætlunarinnar, sem afhent er hér jafnhliða.

Nd. 68. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Gils Guðmundsson, Jón Skaftason, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

2. gr.

Við 85. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Verði stofnuð fræðsluumdæmi samkv. 3. mgr. 10. gr. greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra, helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og helming húsaleigu, sbr. a-, c- og d-lið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram í lok síðasta þings, en komst ekki á dagskrá. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Á fundi bæjarstjórnar 5. nóvember 1974 var samþykkt áskorun til Alþingis þess efnis, að heimila að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra. Hafa þessi tilmæli verið ítrekuð við menntamálaráðherra og viðræður hafa farið fram um málið milli bæjaryfirvalda og þingmanna kjördæmisins.

Árið 1969 stofnaði Hafnarfjarðarbær eigin fræðsluskrifstofu. Jafnframt réð bærinn fræðslustjóra, samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið. Hafnarfjörður hafði því að eigin frumkvæði komið þessari stjórnunar- og þjónustuaðstöðu upp í sínum skólamálum mörgum árum áður en grunnskólalögin tóku gildi. Er eðlilegt að svo fjölmennt sveitarfélag fái að halda þessari aðstöðu sinni áfram.

Þegar frumvarp til laga um grunnskóla var til meðferðar á síðustu dögum þingsins vorið 1974, lá einnig fyrir Alþingi frumvarp til laga um landshlutasamtök sveitarfélaga. Hafði það frumvarp hlotið afgreiðslu í fyrri þingdeild ágreiningslítið. Allmörg ákvæði í grunnskólafrumvarpinu voru við það miðuð, að landshlutasamtökunum yrði markað ákveðið hlutverk með lögum. Lög um landshlutasamtök hafa hins vegar ekki verið sett.

Það verður að teljast óeðlilegt að fela áhugasamtökum svo veigamikið hlutverk sem kosningu í fræðsluráð. Frumvarp þetta bætir ekki þá annmarka grunnskólalaga, sem stafa af því, að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa ekki fengið lögfestingu. Hins vegar opnar það leið fyrir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til þess að halda áfram fræðsluskrifstofu í skólahéraði sínu, en það verður að teljast mikilvægt, m. a. vegna þess, að Hafnarfjörður á ekki aðild að samtökum sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og hefur því engin áhrif í fræðsluráði umdæmisins. Auk þess má benda á, að íbúafjöldi Hafnarfjarðar er um 12 000 eða meiri en í sumum fræðsluumdæmum eða kjördæmum.

Ed. 69. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Stjórn innkaupastofnunar ríkisins skipa fimm menn, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar, tekur lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir og ákveður starfshætti. Fjármálaráðherra skipar formann stjórnar til eins kjörtímabils í senn.

Forstöðumaður stofnunarinnar skal skipaður af fjármálaráðherra að fenginni tillögu stjórnar.

Að öðru leyti skal starfssvið stofnunarinnar ákveðið með reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða frumvarpi, sem flutningsmaður lagði fram á síðasta þingi, en var þá ekki afgreitt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að starfsemi innkaupastofnunar ríkisins hefur sætt nokkurri opinberri gagnrýni á liðnum árum. Skoðanir hafa verið skiptar um sum þeirra atriða, sem gagnrýnd hafa verið, en um önnur hefur ekki þurft að deila. Í sjötta kafla laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63 frá 1970, eru umsvif innkaupastofnunarinnar aukin verulega frá því sem eldri lög kváðu á um. Þar er henni fengið vald til að taka ákvarðanir um veigamiklar framkvæmdir, sem snerta verulega hagsmuni almennings og afkomu þjóðarbúsins í heild. Veltur því á miklu að starfsemi stofnunarinnar og ákvarðanir, er hún tekur, séu í fullu samræmi við vilja þings og þjóðar. Láta mun nærri að velta stofnunarinnar á síðasta ári hafi numið 2.7 milljörðum króna og eru þá ekki taldir með verksamningar, sem stofnunin hefur annast og ber ábyrgð á, en þar er um mjög verulegar fjárhæðir að ræða.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að Alþingi kjósi sjálft stjórn stofnunarinnar og tryggi með því að stefnu þess sé fylgt í öllum meiri háttar málum, er stofnunin á ákvörðunarvald í, og að þess sé jafnan gætt að starfseminni sé gert að fylgja viðteknum viðskiptavenjum.

Sþ. 70. Fyrirspurn [64. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þorskstofninn.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hvað áætla fiskifræðingar að þorskstofninn á Íslandsmiðum hafi verið stór að tölu til og magni í tonnum: a) 1973, b) 1974, c) 1975, og hvað áætla þeir stærð þorskstofnsins á Íslandsmiðum 1978?
2. Hvað stóran hluta að tölu til og magni áætla fiskifræðingar hrygningarstofn þorsksins, sem til hrygningar kemur:
   a) á svæðinu frá Stokksnesi vestur um að Látrabjargi,
   b) á öðrum hafsvæðum við landið?
3. Hefur Hafrannsóknastofnunin látið gera athuganir á hvaða árangur friðun hrygningarsvæðisins á Selvogsbanka og friðun svæðisins fyrir Norðausturlandi hefur borið?
4. Ef athuganir hafa verið gerðar, hverjar eru niðurstöður þeirra?

Nd. 71. Frumvarp til laga [65. mál]

um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið.

Flm.: Karvel Pálmason, Lúðvík Jósepsson, Garðar Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal þegar láta gera áætlun um dreifingu sjónvarps fyrir fiskimiðin við landið. Skal við það miðað að sæmileg sjónvarpsskilyrði náist á sem flestum fiskimiðum við landið á næstu 4 árum.

Framkvæmdir skv. áætluninni hefjist á árinu 1978.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til þessara framkvæmda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því að sjónvarpið tók til starfa hefur það gegnt miklu og mikilvægu hlutverki meðal þjóðarinnar.

En þó vissulega hafi mikið áunnist í dreifingu sjónvarps um landsbyggðina, er talsvert, sem á skortir að sjónvarpið nái til allra landsmanna, þar á meðal til þeirra mörgu sjómanna, sem fiskveiðar stunda mikinn hluta úr árinu.

Flutningsmönnum er vissulega ljóst að víða er úrbóta þörf varðandi dreifingu sjónvarps um hinar strjálu byggðir landsins og þörf á því að vinda bráðan bug að verulegu átaki í þeim efnum.

Hinu ber ekki að leyna, að sjómenn hafa að verulegu leyti sérstöðu í þessu efni, því auk þess að vera afskiptir þeim nútímafjölmiðli sem sjónvarp er, þá er starfi þeirra þannig háttað, að þeir eru langdvölum fjarri heimilum sínum og hafa

af þeirri ástæðu enn meiri þörf fyrir þessa sjálfsögðu þjónustu, þó á engan hátt skuli dregið úr nauðsyn þess að aðrir þeir, sem afskiptir eru notkun þessa fjölmiðils, njóti hans sem fyrst.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á sumum fiskimiðum við landið eru fiskiskip svo tugum skiptir samtímis, með áhafnir, sem skipta hundruðum einstaklinga, og eru dæmi þess að fimm til sex hundruð sjómenn eru samtímis langtímum saman á tiltölulega afmörkuðu veiðisvæði við landið.

Úti fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum er slíku til að dreifa og væri því eðlilegt að byrja framkvæmd áætlunar þeirrar, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, á þeim fiskimiðum.

Frv. þetta er flutt með það fyrir augum að hafist verði handa um úrbætur og þeim lokið á næstu 4 árum, og gerir frv. ráð fyrir heimild ríkisstjórninni til handa til lántöku vegna framkvæmdanna.

Það er skoðun flutningsmanna frv., að framkvæmdir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, séu svo nauðsynlegar og sjálfsagðar, að ekki verði lengur undan því vikist að hrinda þeim í framkvæmd. Með því mundu að hluta viðurkennd í verki þau hin fögru orð ráðandi manna þjóðarinnar við hin hátíðlegustu tækifæri um hetjur hafsins.

Nd. 72. Frumvarp til laga [66. mál]

um fjárhagslegan stuðning við fræðslustarfsemi MFA og bréfaskóla.

Flm.: Svava Jakobsdóttur, Benedikt Gröndal, Magnús T. Ólafsson.

1. gr.

Fræðsla á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu skal hljóta ríkisstyrk er nemur 75% af sannanlegum kostnaði.

2. gr.

Fullorðinsfræðsla í formi bréfaskólakennslu skal hljóta ríkisstyrk er nemur 75% rekstrarkostnaðar svo og útgáfukostnaðar, enda hafi menntamálaráðuneytið áður fallist á útgáfu kennsluefnisins.

3. gr.

Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga, m. a. um lágmarksfjölda þátttakenda og kostnaðarviðmiðanir.

Greinargerð.

Á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu fer fram margvísleg fræðsla fyrir félaga í verkalýðshreyfingunni. Fer sú fræðsla fram í námskeiðum og fræðsluhópum í samvinnu við verkalýðsfélögin.

Í reglugerð fyrir Menningar- og fræðslusamband alþýðu frá 1974 er hlutverk þess skilgreint á þá lund, að það skuli vinna að menningar- og fræðslumálum íslenskrar alþýðu með það fyrir augum:

a) að auka þroska einstaklingsins, sjálfstraust, vilja og þrek til þess að gera hann hæfari í baráttunni fyrir hagsmunum og frelsi alþýðunnar;
b) að gera menningarverðmætin aðgengileg öllum;
c) að efla áhuga fyrir starfi og markmiðum verkalýðshreyfingarinnar;
d) að útbreiða vitneskju um efnahagslega, félagslega og menningarlega þróun þjóðfélagsins;
e) að vekja skilning á þýðingu hins alþjóðlega samstarfs alþýðunnar;
f) að efla áhuga fyrir sögu verkalýðshreyfingarinnar og geymd sögulegra verðmæta.

Hér er því raunar um að ræða einn mikilvægasta þátt fullorðinsfræðslu í landinu, og það gefur auga leið að til þess að geta rækt þetta hlutverk þarf MFA miklu meira fé en það hefur nú yfir að ráða. Í nágrannalöndum okkar hafa hliðstæð fræðslusambönd og MFA lengi notið ríflegra styrkja af opinberu fé og haldið uppi blómlegri og öflugri fræðslustarfsemi. Það er skoðun flm., að ekki verði lengur unað við það afskiptaleysi sem hið opinbera sýnir þessum þætti í starfi verkalýðshreyfingarinnar. Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þess vegna er hér lagt til að fræðsla á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu skuli hljóta ríkisstyrk sem nemi 75% af sannanlegum kostnaði. Þá er einnig lagt til að fullorðinsfræðsla í formi bréfaskólakennslu skuli hljóta sama styrk.

Bréfaskóli hefur lengi verið starfræktur á vegum samvinnuhreyfingarinnar og Alþýðusambands Íslands. Færir hann stöðugt út kvíarnar og veitir margs konar gagnlega fræðslu. Aðilar að þessum bréfaskóla eru nú orðnir sjö, auk framangreindra einnig BSRB, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands.

Í þessu sambandi taka flm. mið af ákvæðum í frv. til l. um fullorðinsfræðslu, er lagt hefur verið fyrir Alþingi, en þar var gert ráð fyrir þessari kostnaðartilhögun fyrir m. a. námshópa og bréfaskólakennslu. Það frv. hefur þó ekki fengið afgreiðslu og ekki sýnt að það verði á næstunni, enda eðlilegt að skipulag fullorðinsfræðslu bíði endanlegrar lagasetningar um framhaldsskólastig. Vel mætti hugsa sér aðra kostnaðartilhögun en þessa þegar málefni fullorðinsfræðslu verða tekin fyrir í heild, en þangað til það verður hlýtur þetta að teljast aðgengileg leið.

Flm. telja að greinar frv. þurfi ekki sérstakra skýringa við.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um atvinnumöguleika ungs fólks.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á vinnuaflsþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð með sérstöku tilliti til atvinnumöguleika ungs fólks. Við gerð þessarar athugunar verði lögð áhersla á að ganga úr skugga um, hvort æskilegt jafnvægi sé milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðlilegra þarfa atvinnuveganna hins vegar í þeim efnum. Athugun þessari skal lokið fyrir árslok 1978.

Greinargerð.

Eitt mesta vandamál nútímaþjóðfélaga er að tryggja ungu fólki atvinnu í samræmi við menntun og hæfni. Í svonefndum velferðarríkjum hafa á síðustu árum komið fram alvarlegir gallar í skipulagningu og samræmingu mennta- og atvinnumála með þeim afleiðingum, að milljónir ungra manna 25 ára og yngri fá enga atvinnu að námi loknu eða eiga í miklum erfiðleikum með að fá viðunandi atvinnu.

Á ráðherrafundi OECD, Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, sem haldinn var í París dagana 23.—24. júní s. l., var fjallað um þessi mál, enda hafa forráðamenn þátttökuríkja miklar áhyggjur vegna vaxandi atvinnuleysis ungs fólks í viðkomandi ríkjum. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðavinnumálastofnuninni — International Labour Organization (ILO) — munu um 7 milljónir manna undir 25 ára aldri vera atvinnulausir í OECD-ríkjunum. Það eru um það bil 40% allra atvinnu-

leysingja í þessum ríkjum. Meðal helstu annmarka þessarar þróunar eru of hröð iðnvæðing og uppbygging atvinnufyrirtækja, sem byggjast á mikilli vélvæðingu og háþróaðri tækni. Sjálfvirkni og tölvutækni hefur víða leyst mannshöndina af hólmi, án þess að samsvarandi atvinnumöguleikar hafi skapast á öðrum sviðum. Þá hefur reynst erfitt að stilla saman menntun og breytta atvinnuhætti, með þeim afleiðingum, að ungu fólki hefur ekki nýst menntun þess sem skyldi.

Hérlendis hefur þessarar þróunar ekki orðið vart í ríkum mæli enn sem komið er. Til þessa hafa þarfir þjóðarinnar fyrir menntað fólk á flestum sviðum verið svo miklar, að flestir hafa fengið starf við hæfi að námi loknu, hvort sem um hefur verið að ræða háskólanám eða nám á öðrum sérsviðum atvinnulífsins. Þó má búast við að á næstu árum verði hreyfing til hins verra í þessum efnum, ef ekki er hugað að þessum málum í tæka tíð. Ljóst er, að í ýmsum atvinnugreinum er vinnumarkaðurinn að mettast. Í flestum þeirra er ungt fólk í miklum meiri hluta, þannig að ekki er breytinga að vænta til hins betra í nánustu framtíð. Nægir í þessu sambandi að vísu til takmörkunar Háskóla Íslands á námsmöguleikum í ákveðnum greinum. Hið sama er upp á teningnum hjá fjöldamörgum háskólum erlendis.

Það er keppikefli sérhverrar þjóðar, að sem flestir geti notið mikillar og góðrar menntunar, en sú viðleitni getur verið unnin fyrir gýg eða haft takmarkaða þýðingu, ef menntunin kemur ekki að þeim notum sem stofnað er til með löngu og erfiðu námi, auk þess sem það hlýtur að valda viðkomandi einstaklingi fjárhagslegu tjóni og sársauka að sjá vonir ekki rætast að námi loknu.

Það er því mikilvægt að jafnvægi sé milli menntunar annars vegar og atvinnumöguleika hins vegar á hverjum tíma. Til þess að unnt sé að gera sér skynsamlega grein fyrir ástandi þeirra mála er nauðsynlegt að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um eftirspurn atvinnuveganna eftir starfskröftum.

Árið 1958 flutti Ragnhildur Helgadóttir alþm. tillögu til þingsályktunar um upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk. Efni tillögunnar var sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfsemi, sem miði að því, að jafnan séu tiltækar sem gleggstar og nýjastar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.“

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni sagði svo:

„Árlega hverfur fjöldi æskufólks úr skólum landsins út í atvinnulífið. Sumir hafa lagt á sig langt og strangt sérnám, aðrir ekki. Áður en lagt er á þá braut að sérmenntast til ákveðins starfs, veitir það hverjum og einum leiðbeiningu og öryggi að vita með nokkurri vissu um þörf manna í það starf, sem um er að ræða, og þá um leið afkomumöguleika.

Á hinn bóginn eru ýmsar greinar atvinnulífsins, sem beinlínis komast ekki af án þar til sérhæfðra manna. Og þeim mun betur er hverri atvinnugrein borgið sem starfsliðið er betur að sér á sínu sviði.

Þess vegna er það nauðsyn, að jafnan séu tiltækar á einum stað nokkurn veginn nýjar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk, og markmiðið með flutningi þessarar tillögu er, að nokkurt liðsinni verði veitt í þessu efni.

Til þess að þetta yrði framkvæmt á sem auðveldastan hátt, mætti fela það stofnun, sem stendur í beinu sambandi við hinar ýmsu atvinnugreinar og getur starfað að skýrslugerð um þessi mál, t. d. Iðnaðarmálastofnun Íslands. Þar yrðu þá að jafnaði fyrir hendi þær upplýsingar, sem hér er um að ræða.“

Þingsályktunartillaga þessi var samþykkt af Alþingi og athugun gerð af hálfu opinberra stofnana á umræddu máli.

Frá því að niðurstöður hennar lágu fyrir hafa orðið miklar breytingar í atvinnu- og þjóðlífi landsmanna auk þess sem athuganir á þessu sviði hafa ekki átt sér stað með reglubundnum hætti.

Á næstu árum munu fjölmargir árgangar ungs fólks koma inn á vinnumarkaðinn. Í því sambandi er eftirtektarvert, hversu stór hluti þessa fólks stundar mennta-

skóla- og háskólanám. Eftir því sem næst verður komist munu á fimmta þúsund Íslendingar vera við háskólanám heima og erlendis. Menntaskólanemar skipta þúsundum.

Sé haft í huga, hvernig atvinnuháttum er hagað á Íslandi og vilji menn á annað borð, að nám og starf fari saman á raunhæfan hátt einstaklingum og þjóð til heilla, hlýtur sú spurning að vakna, hvort eðlilegt jafnvægi sé milli náms og atvinnumöguleika.

Er ekki seinna vænna að gerð sé ítarleg úttekt á þessum málum á grundvelli framanskráðrar þingsályktunartillögu. Niðurstöður hennar gefa væntanlega viðhlítandi svör um atvinnumöguleika ungs fólks í framtíðinni og segir til um það, hvort og hvaða ráðstafanir þarf raunverulega að gera til að forða því frá atvinnuleysi.

Það hlýtur að vera skylda stjórnvalda á hverjum tíma að eiga frumkvæði í málum sem þessu. Þá er það ekki síður þýðingarmikið, að jafnan séu handbærar upplýsingar um atvinnumöguleika og þróun vinnumarkaðarins. Í því felst veigamikil leiðbeining án valdboðs, um framtíðarmöguleika ungs fólks á atvinnusviðum.

Val um störf og nám verður við það raunhæfara en nú er, auk þess sem fjölda ungmenna verður væntanlega forðað frá því að elta mýrarljós í skólakerfi nútímans, eins og því miður á sér of oft stað.

Ed. 74. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Hún er samþykk efni þess og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Halldór Ásgrímsson var fjarverandi.

Alþingi, 1. nóv. 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm. — Albert Guðmundsson. — Helgi F. Seljan.

Eggert G. Þorsteinsson. — Steinþór Gestsson. — Ásgeir Bjarnason.

Ed. 75. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1977.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Halldór Ásgrímsson var fjarverandi.

Alþingi, 1. nóv. 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm. — Albert Guðmundsson. — Helgi F. Seljan.

Eggert G. Þorsteinsson. — Steinþór Gestsson. — Ásgeir Bjarnason.

Ed. 76. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og brbl. nr. 53/1977.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Halldór Ásgrímsson var fjarverandi.

Alþingi, 1. nóv. 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Albert Guðmundsson. Helgi F. Seljan.

Eggert G. Þorsteinsson. Steinþór Gestsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um öryggisbúnað smábáta.

Flm.: Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að þegar verði settar reglur um öryggisbúnað og eftirlit með opnum smábátum.

Greinargerð.

Engar lágmarkskröfur hafa enn verið gerðar af hálfu opinberra aðila um flothæfni og öryggisbúnað þeirra báta, sem eru 6 metra langir milli stafna eða minni. Ofan þeirra stærðarmarka eru skip og bátar á hinn bóginn skoðunarskyld samkvæmt lögum um Siglingamálastofnun ríkisins.

Bátar af þeirri stærð, sem ekki eru skoðunarskyldir, hafa alla tíð verið notaðir af okkar þjóð á sjó, ám og vötnum í margvíslegum tilgangi. Sú notkun virðist fremur fara vaxandi hin síðustu ár, ekki síst á þann veg að bátarnir eru notaðir sem leiktæki, gjarnan með mjög kraftmiklum vélum. Einnig tíðkast nú stofnun sérstakra siglingaklúbba á vegum ungs fólks, þar sem smábátar eru notaðir, og má búast við að slík starfsemi fari vaxandi. Á sama tíma hefur það gerst, að trébátum fer fækkandi, en plastbátar koma í staðinn. Plastbátar eru þægilegir í notkun, léttir og meðfærilegir, en þeir eru kvikir í hreyfingum, hálir þegar þeir blotna og afsleppir ef út af ber.

Á undanförnum árum hafa orðið hörmuleg slys hvað eftir annað af smábátum, bæði á sjó og vötnum. Margir hafa þó bjargast og sumir nauðulega þegar óhöpp hafa orðið. Ætla má að slysin hefðu orðið færri og óhöppin ekki eins alvarleg, ef meira öryggis hefði verið gætt í búnaði bátanna. Skal þó öryggisbúnaði bátsverja sjálfra ekki gleymt.

Þessi mál hafa orðið mörgum umhugsunarefni á undanförnum árum. Þau hafa t. d. komið til umræðu hvað eftir annað á þingum Slysavarnafélags Íslands. Á 17. landsþingi Slysavarnafélags Íslands 1976 var m. a. samþykkt svofelld ályktun:

„17. landsþing S. V. F. Í., haldið í Reykjavík 30.4.—2.5. 1976, ítrekar fyrri áskoranir sínar til stjórnvalda um setningu sérstakrar reglugerðar fyrir opna smábáta 6 metra og styttri.

Þingið telur mál þetta hafa dregist úr hömlu og óskar tafarlausra aðgerða í því.“

Með tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Á undanförnum árum hafa mörg slys orðið á sjó og vötnum, þar sem rekja hefur mátt orsakir þeirra til þess að öryggi bátanna hefur verið ábótavant, enda af opinberri hálfu engar kröfur gerðar til flothæfni þeirra, traustleika eða búnaðar. Þarf því nauðsynlega að setja reglur þar um. Aukin smábátaeign gerir málið enn brýnna, þannig að vart er sæmandi annað en settar verði reglur um slíka báta og notkun þeirra eins og farið er að gera í nágrannalöndum okkar."

Samþykkt samhljóða.

Í viðtali við dagblaðið Tímann 23. ágúst s. l. ræðir Hannes Hafstein framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins þessi mál, en þetta viðtal er birt sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu.

Siglingamálastjóri hefur að undanförnu unnið að því að kynna sér reglur, sem gilda á Norðurlöndum um öryggisbúnað og flothæfni skemmtibáta, í því skyni að þær verði uppistaða í sambærilegum reglum hér á landi. Þetta ætti að flýta fyrir framgangi þessa nauðsynjamáls, sem dregist hefur óhæfilega lengi. Nauðsynlegt er þó að þessar reglur nái ekki einvörðungu til skemmtibáta, heldur einnig og ekki síður til báta sem notaðir eru í atvinnuskyni og ekki eru skoðunarskyldir. Þýðingarmikið er einnig að reglur af þessu tagi séu ekki of þungar í vöfum og ekki of kostnaðarsamar í reynd, eigi þær að verða virkar.

Í ábendingu Hannesar Hafsteins, sbr. fylgiskjal hér á eftir, kemur fram að á plastbátum er nauðsyn að hafa líflínu við bæði borð, ásamt lengri línum til þess að snúa bátnum eða vega sig eftir á kjöl, ef honum hvolfir; enn fremur að smábátar yfirleitt séu búnir talstöðvum og málaðir áberandi litum, sem auðvelt er að koma auga á. Þessi atriði eru naumast svo kostnaðarsöm að ofviða séu nokkrum þeim sem eiga eða nota báta af þessu tagi á óstæðu vatni.

Í reglum þeim, sem hér er lagt til að settar verði, þurfa að vera ákvæði um framkvæmd þeirra og hvernig eftirliti verði háttað. Við fyrstu sýn kann að virðast eðlilegt að sá þáttur málsins sé í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins. En sé betur að gáð má telja líklegt að af því mundi hljótast óhóflegur kostnaður. Þess vegna þarf að finna ódýrari lausn. Hugsanlegt er að fela hinum almennu löggæslumönnum þetta eftirlit og gera þeim jafnframt kleift að beita viðurlögum, jafnvel taka báta í sína vörslu, sé fyrirmælum reglugerðar ekki hlýtt. Þau atriði þarfnast nánari athugunar, m. a. viðræðna við lögregluyfirvöld. Að öðru leyti sýnist eðlilegt, að reglur þessar séu settar í nánu samráði við Slysavarnafélag Íslands, og Siglingamálastofnun ríkisins.

Ég legg mikla áherslu á að þetta mál má ekki dragast. Slys, sem orðið hafa, verða ekki bætt. En ef við getum með tiltölulega einföldum reglum og viðráðanlegum kostnaði komið í veg fyrir eitthvað af slysum af þessum toga í framtíðinni, þá er óverjandi að koma ekki slíkum reglum fram.

Fylgiskjal.

Hannes Hafstein framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins:

Það vantar reglugerð fyrir smærri báta.

Það eru engar öryggisreglur fyrir báta undir sex metrum og þeir eru ekki skráningarskyldir, sagði Hannes Hafstein, framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands í samtali við Tímann. En eins og kunnugt er þá hvarf sportbátur á Faxaflóa á laugardagskvöldið og fannst ekki fyrr en á sunnudag. Eigandi bátsins hafði engin öryggistæki um borð, en Hannes sagði, að báturinn hefði eflaust fundist strax á laugardagskvöld, ef eigandinn hefði verið ögn fyrirhyggjusamari. — Auðvitað vant-

ar reglugerð fyrir þessa báta, og ekki síst þegar þess er gætt, hve margir eiga sportbáta í dag. En sem betur fer þá huga menn meira að öryggisreglum, þegar stofnaðir eru klúbbar í kringum þessa báta, eins og t. d. Snarfari.

Hannes sagði, að það væri vilji forráðamanna Slysavarnafélagsins, að settar væru a. m. k. ákveðnar reglur, sem eigendur smærri báta yrðu að fara eftir. Þannig minntist hann á talstöðvar og að eigendur bátanna máluðu þá í sérstökum litum, sem auðvelt er að koma auga á. Einnig taldi Hannes það mikilvægt, að plastbátar væru búnir línum með borðstokkunum báðum megin, þannig að menn geti haldið sér í. Plastbátarnir eru yfirleitt mjög léttir og hætt við að hvolfa, og í bleytu er plastið mjög hált, þannig að jafneinfalt öryggisatriði og þetta getur riðið baggamuninn.

Ég hef talað um, að séu flotlínur í sitt hvoru borði á þessum bátum svo hægt sé að kasta þeim yfir bátinn geti menn þannig vegið sig upp eftir línunni og komist á kjöl, sagði Hannes. — Ef ekki er hægt að rétta bátinn við með þessum hætti, geta menn verið á kjöl, nokkuð sem er mikilvægt, þegar haft er í huga hve sjórinn og íslensku fjallavötnin eru köld.

Nd. 78. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að fella sömu útflutningsgjöld niður á árinu 1978.

Nd. 79. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 1960.

Flm.: Garðar Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 15. tölulið 6. gr. laganna bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

16. Kjöt og kjötvörur.
17. Raforkusala frá rafmagnsveitum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Verðbólgan og lágur kaupmáttur almennra verkalauna eru höfuðvandamál þjóðfélagsins um þessar mundir, og fátt eitt hefur verið gert til þess að ráðast að þessum vanda. Með frumvarpi þessu er aðeins snúist gegn einum þætti þessa samtvinnaða viðfangsefnis. Gífurleg gjaldtekja ríkisins með óbeinum sköttum, sem leggjast á vörur og þjónustu sem allir landsmenn nota, er mikill verðbólguvaldur og bitnar auk þess þyngst á þeim, sem minnst hafa milli handa.

Kjöt og kjötvörur eru ásamt fiski brýnustu nauðsynjar almennings. Með því að kjöt er greitt niður er það algjör þversögn að leggja ofan á söluverð þess 20% söluskatt. Skattheimta af þessu tagi eykur að sjálfsögðu verðbólgu, eins og áður er sagt, en hefur auk þess þau áhrif að draga úr neyslu innanlands, sem aftur þýðir að enn meiri útflutningsbætur þarf að greiða á kjöt, sem selt er úr landinu.

Um rafmagnið er það að segja, að það er ein brýnasta nauðþurft í nútíma þjóðfélagi, þess þurfa allir með. Því miður er rafmagn ekki enn selt á sama verði um land allt, en að því verður að stefna sem fyrst.

Útsöluverð á rafmagni er hærra hér en erlendis, þótt framleiðslukostnaður þess sé lægri hér en ytra. Kemur þar ekki síst til óeðlileg gjaldtaka hins opinbera af raforkunni með álögðum söluskatti; er söluskattur af útseldri orku margfalt hærri á kWst. en sjálft orkuverðið sem útlendingar greiða hér á landi.

Afnám söluskatts á raforku ætti bæði að draga úr verðbólgu og vera einn liður í því að minnka þá dýrtíð, sem þjóðin á nú við að búa. Niðurfelling þessarar skattheimtu kemur þeim best sem minnst hafa ráðstöfunarfjár, svo sem jafnan er við lækkun flatrar skattheimtu.

Sþ. 80. Fyrirspurn [70. mál]

til iðnaðarráðherra um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja.

Frá Garðari Sigurðssyni.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu iðnaðarráðuneytisins í því skyni að lagður verði rafstrengur til Vestmannaeyja í samræmi við þingsályktun á síðasta þingi?
2. Hvað hyggst ráðherra gera nú til að tryggja framgang þessa nauðsynjamáls?

Sþ. 81. Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um virkjun Kröflu.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Karvel Pálmasyni, Magnúsi Kjartanssyni, Benedikt Gröndal, Geir Gunnarssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnlaugi Finnssyni, Garðari Sigurðssyni, Jóni Árm. Héðinssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Forseti sameinaðs Alþingis,
hr. Ásgeir Bjarnason,
Alþingi.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 115 frá 19. nóv. 1936, með síðari breytingum förum við undirritaðir alþingismenn þess á leit, að hæstvirtur iðnaðarráðherra leggi fram á Alþingi eins fljótt og við verður komið skriflega skýrslu um virkjunarframkvæmdirnar við Kröflu. Við óskum þess, að í umræddri skýrslu komi m. a. fram eftirfarandi atriði:

1. Upplýsingar um rannsóknir, sem unnar voru til undirbúnings virkjunarframkvæmdum, hver annaðist þær rannsóknir, hvenær þær fóru fram, hver var niðurstaðan og hvort hún að áliti sérfróðra ráðgjafa um virkjunarframkvæmdir hafi verið fullnægjandi til þess að byggja á ákvarðanir um gerð, stærð og vélabúnað virkjunarinnar og um framkvæmdahraða.
2. Lýsing á framkvæmdum, sem unnar hafa verið við Kröfluvirkjun, ásamt upplýsingum um ákvarðanatökur í því sambandi — þ. e. a. s. hvaða aðili tekið

hefur ákvörðun í hverju tilviki um framkvæmdir, framkvæmdaröðun, framkvæmdahraða, tækja- og vélakaup, hvaða samningar gerðir hafa verið í því sambandi og við hverja, hvaða framkvæmdir, vélar og tæki voru tekin til útboðs og hver ekki og hvaða ráðleggingar og umsagnir ákvörðunaraðilar um virkjunarframkvæmdir hafa fengið frá sérfróðum ráðgjöfum um hvert og eitt ákvörðunaratriði.

3. Hvaða áhrif, ef nokkur, eldgosið í Leirhnjúk og annað umrót á virkjunarsvæðinu af völdum náttúruafla fljótlega eftir að framkvæmdir hófust höfðu á framkvæmdáform vegna virkjunarinnar svo og hvaða áhrif slík umbrot eru nú talin hafa haft á gufuöflun og virkjunarmöguleika á svæðinu.
4. Hver kostnaður er orðinn við framkvæmdirnar frá upphafi — þ. e. a. s. við undirbúning og rannsóknir, hönnun, mannvirkjagerð, vélakaup, gufuöflun, lagningu á flutningslínum fyrir raforku o. þ. h. Kostnaður verði sundurliðaður þannig að sem best vitneskja fáist um einstaka kostnaðarþætti, m. a. á þá lund, að fram komi kostnaður sem beinlínis hefur orðið vegna áherslu sem lögð hefur verið á hröðun framkvæmda, svo sem vegna álaga, sem sérstaklega hefur verið um samið að greiða verktökum í slíkum tilfellum. Jafnframt fylgi áætlun um kostnað við lúkningu þeirra framkvæmda við Kröfluvirkjun, sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.
5. Möguleikar, sem eru á nýtingu mannvirkja, véla og tækja Kröfluvirkjunar að hluta eða í heild, ýmist á virkjunarstaðnum sjálfum eða annars staðar, ásamt hugmyndum um kostnað mismunandi valkosta.

Þá er þess að lokum óskað, að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi, áður en afgreiðsla fjárlaga og lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 lýkur.

Greinargerð.

Virkjun Kröflu hefur verið sú opinbera framkvæmd, sem hvað mest og harðast hefur verið gagnrýnd á undanförnum árum. Sérfræðingar, vísindamenn, stjórnmálamenn og leikmenn hafa sitthvað fundið athugavert við hvernig á málum hefur verið haldið, og ýmsir hafa fullyrt að um mjög alvarleg afglöp hafi verið að ræða. Sjálfar framkvæmdirnar og meðferð fjármuna í því sambandi hefur þar borið á góma, vinnubrögð, áætlanir og rannsóknir sérfróðra ráðunauta framkvæmdaaðila ekki síður, og hefur jafnvel verið fullyrt opinberlega, að sumar þær vísinda- og sérfræðistofnanir íslenskar, sem voru til ráðuneytis um virkjunarmálin, hafi ekki reynst þeim vanda vaxnar. Bæði hópar sérfræðinga og einstaklingar, sem starfa við þessar stofnanir, hafa þó gert opinberlega athugasemdir við framkvæmdirnar og varað við afleiðingunum, þótt viðhorf þeirra hafi ekki haft áhrif á afstöðu stofnananna. En þrátt fyrir þær miklu umræður, sem orðið hafa um mál þessi á umliðnum árum, hafa raunverulegar og hlutlægar upplýsingar um málsatvik, sem fram hafa komið, ekki verið jafnmiklar að vöxtum. Stendur þar gjarnan fullyrðing gegn fullyrðingu, jafnvel um einfaldar staðreyndir eins og hver hafi tekið ákvörðun, hvenær og að hverra ráðum. Allt slíkt hlýtur að sjálfsögðu að vera til skjalfest, svo auðvelt ætti að vera að skera úr um slík deilumál í eitt skipti fyrir öll.

Tímabært er nú, þegar hillir undir lok þeirra framkvæmda við Kröfluvirkjun sem ráðgerðar hafa verið, að hæstv. iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um hvað raunverulega gert hefur verið og hvernig og hvað það hefur kostað — ekki síst þar sem um er að ræða einhverja fjárfrekustu opinbera framkvæmd sem um getur, sem auk þess er enn ekki séð hvort, hvenær og að hve miklu leyti getur sinnt þeim þörfum sem henni var ætlað að gera. Jafnframt yfirliti yfir það, sem liðið er, er nauðsynlegt, að Alþingi fái að vita hverjir eru þeir möguleikar sem til greina koma við hagnýtingu þess mikla fjármagns sem bundið er í mannvirkjum, vélum og

tækjum þessarar virkjunar, hvað þeir kosta, hvað þeir geta gefið í tekjur og hvernig þeir samræmast öðrum virkjunarfyrirætlunum og raunhæfum nýtingarmöguleikum á raforku í landinu. Að sjálfsögðu er aðeins á grundvelli slíkra upplýsinga hægt að taka ákvarðanir um, hvaða leið velja skuli eða hvernig skuli á málum haldið nú, þegar afkastamikil gufuaflsvirkjun er risin við Kröflu, en virkjanleg gufa ekki fyrir hendi, a. m. k. enn sem komið er, nema í litlum mæli, jarðfræðilegt ástand svæðisins óvíst og málefni virkjunarinnar því í mikilli óvissu.

Alþingi, 26. október 1977.

Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Magnús Kjartansson, Benedikt Gröndal, Geir Gunnarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Gunnlaugur Finnsson, Garðar Sigurðsson, Jón Árm. Héðinsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 82. Breytingartillaga [58. mál]

við till. til þál. um íslenska stafsetningu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist:

Settar skulu fastar reglur um að rita skuli æ og œ samkvæmt uppruna og framburði sem tíðkaðist hérlendis fram á 13du öld.

Í staðinn fyrir bókstafinn ö skal rita ǫ og ø samkvæmt sömu reglum um uppruna og fornan framburð.

Í stað þess að einhafa bókstafinn k, skal rita c, k eða q, samkvæmt reglum sem lærðustu málvísindamenn finna um notkun þessara bókstafa í elstu handritum íslenskum.

Sett skal löggjöf sem banni mönnum að rita íslenskt mál nema þeir beiti rétt öllum reglum íslenskra stjórnvalda um stafsetningu og greinarmerkjaskipan. Skulu brot á reglum um stafsetningu og greinarmerkjaskipan varða refsingu og hámarksrefsingu beitt ef menn rita ekki y, z, æ, œ, ǫ og ø samkvæmt settum reglum.

Skipuð skal nefnd hinna lærðustu hljóðfræðinga til þess að setja reglur um breytingar á framburði Íslendinga, svo að hann verði sem líkastur framburði landnámsmanna, og nefnist þær reglur samræmdur framburður forn. Síðan skal gerð tíu ára áætlun um að kenna þjóðinni þennan framburð, en að þeim tíma liðnum skal beitt refsingum, ef talfærin móta önnur hljóð en reglurnar mæla fyrir um. Skulu þingmenn vera brautryðjendur um þessar breytingar og menn gerðir þingrækir eftir 1980 ef þeir nota ekki samræmdan framburð fornan innan þings og utan. Eftir þann tíma skal engin fá að bjóða sig fram til þings nema hann standist framburðarpróf að mati hinna lærðustu hljóðfræðinga.

Sþ. **83. Tillaga til þingsályktunar** [71. mál]

um skipan raforkumála.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar eftirfarandi:

Í þeim tilgangi að tryggð verði sem best fullkomin nýting orkulinda landsins með hag þjóðarinnar í heild fyrir augum og um leið til hagnaðar fyrir íbúa hvers einstaks landshluta, skal stefnt að því er hér segir:

1. Að raforkuver landsins verði öll tengd saman í eitt raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningskerfi, er lúti yfirstjórn sameiginlegs fyrirtækis, sem annast vinnsluna og aðalorkuflutninginn; að skipulagslega séu í senn tryggð eðlileg áhrif íbúa einstakra landshluta á raforkuvinnslu í landinu og sem öruggust samvinna um hagkvæmustu nýtingu orkulinda landsins, og að því að heildsöluverð á rafmagni til almenningsþarfa verði sem næst hið sama um land allt. Til þess að ná þessum markmiðum skal hið fyrsta setja lög um þessi efni þar sem eftirfarandi sé ákveðið:
   a. Stofnað verði raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningsfyrirtæki, Íslandsvirkjun, sem sé eign ríkissjóðs og þeirra sveitarfélaga landsins sem þess óska. Eignaraðild ríkisins sé eigi lægri en 50%, en eignaraðild sveitarfélaganna skiptist þeirra á milli sem næst eftir íbúahlutfalli umdæma þeirra. Stofnfé Íslandsvirkjunar skal vera framlög stofnenda þess og séu stofnfjárframlög þeirra í hinu sama hlutfalli sem eignaraðild er ætlað að vera. Stefnt skal að því, að stofnfjárframlög verði höfð ekki hærri en svo, að sveitarfélögum séu þau vel viðráðanleg.
   b. Íslandsvirkjun fái einkarétt til að reisa og reka ný raforkuver og aðalorkuflutningslínur og til sölu á raforku í heildsölu. Heimilt skal fyrirtækinu að kaupa eldri raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirki eða að taka að sér rekstur þeirra ef eigendur þeirra æskja þess og samningar takast um það.
   c. Íslandsvirkjun skal rekin í deildum með landfræðilegum mörkum. Hver deild skal hafa sérstaka stjórn í héraði, sem hafi m. a. á hendi stjórn á rekstri orkuvinnslu og aðalorkuflutningsmannvirkja í umdæmi sínu og stjórn þjónustumiðstöðvar með tæknimenntuðu starfsliði. Í yfirstjórn fyrirtækisins séu fulltrúar búsettir í öllum landshlutum.

   Ríkisstjórnin undirbúi og leggi tillögur til löggjafar um þessi efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

2. Að dreifing raforku og sala til almennrar neyslu verði í stærri rekstrareiningum en þorri dreifiveitna er nú, en samtímis haft í huga að eðlileg áhrif íbúa hvers landshluta á dreifingu og sölu rafmagns á svæðinu sé þeim tryggð. Skal að þessum markmiðum unnið í áföngum þannig:
   a. Sá hluti starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins, sem tekur til dreifingar raforku til neytenda, verði skipulagslega aðgreindur frá orkuvinnslu og aðalorkuflutningi og dreifingunni skipt niður á landshlutadreifiveitur með landfræðilegum mörkum undir yfirstjórn rafmagnsveitustjóra ríkisins, en hver um sig rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi og stjórn og framkvæmdastjóra í héraði.
   b. Sveitarfélög, sem þess óska og verðmæti leggja fram, skulu eiga þess kost að gerast meðeigendur að landshlutadreifiveitum, sbr. tl. 2. a.
   c. Ríkisstjórnin skal taka upp viðræður við þau sveitarfélög, sem eiga rafmagnsdreifiveitur, í þeim tilgangi að stuðla að sameiningu dreifingar raf-

orku í hverjum landshluta í eitt fyrirtæki. Skal um þetta leitað samninga og sé ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem stofnframlag af hálfu ríkisins til slíks landshlutadreififyrirtækis þær eignir Rafmagnsveitna ríkisins, sem til raforkudreifingar eru notaðar. Rafveitur þeirra sveitarfélaga, sem ekki óska slíkrar sameiningar, skulu þó hafa rétt til að starfa áfram með óbreyttu skipulagi eða sameinast öðrum sveitarfélagadreifiveitum, þar sem henta þykir og um semst.

Greinargerð.

Á 92. löggjafarþingi, 1971—72, lagði þáverandi ríkisstjórn fram þingsályktunartillögu um skipulag raforkumála. Tillaga þessi var í raun stefnuyfirlýsing þáverandi ríkisstjórnar, en var lögð fyrir þing í tillöguformi í því skyni að gefa stjórnarandstöðunni kost á að bera fram breytingartillögur og freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu um stefnuna. Breytingartillögur komu hins vegar engar fram og því var unnið að því á næstu árum að framkvæma tillöguna. Í því starfi komu fram ýmsir agnúar sem æskilegt var að nema brott, nauðsyn þess að gera skipulagið einfaldra og nokkur önnur álitamál. Því fékk flutningsmaður þessarar tillögu til samvinnu við sig ýmsa traustustu sérfræðinga landsins í raforkumálum og reynda lögfræðinga til þess að endurskoða fyrri stefnu í ljósi reynslunnar, þótt meginstefnumörkunin héldist óbreytt. Forustumaður í þessu starfi var Jakob Gíslason, fyrrverandi orkumálastjóri, og hefur hann einnig komið niðurstöðum þessara umræðna í bönd, svo sem þær birtust í þingsályktunartillögu um skipan raforkumála sem flutt var á síðasta þingi af fulltrúum Alþýðubandalags, Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, flokka sem hafa á bak við sig verulegan meirihluta alþingismanna. Tillagan er nú endurflutt með minni háttar breytingum, en flutningsmaður er aðeins einn, þar sem þingmenn úr Framsóknarflokknum hafa flutt tillögu um sama efni og byggða á sömu meginhugmyndum. Er eðlilegt að iðnaðarnefndir beggja þingdeilda og alþingi sjálft fjalli um þessar tillögur sameiginlega og freisti þess að komast að endanlegum niðurstöðum á þessu þingi.

Tölum í fylgiskjali tillögunnar: Ýmsar upplýsingar um raforkumál Íslands og orkulindir landsins, hefur verið breytt í samræmi við þá þróun sem orðið hefur síðan tillagan var flutt í fyrra.

Við störf að framkvæmd orkumálastefnu hefur greinilega komið í ljós að skoðanir manna og hugmyndir um skipan þessara mála eru mjög á reiki, og er það ef til vill ekki undrunarefni vegna þess hversu sérstaks eðlis raforkuiðnaðurinn er og raforkan frábrugðin flestri annarri „vöru" sem við framleiðum.

Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu telur orðið tímabært að Alþingi taki skipan raforkumálanna rækilega til athugunar og láti ekki dragast á langinn að koma fram umbótum á henni, sem brýn þörf er á. Með tillögunni er stefnt að því að tryggja sem best fullkomna nýtingu orkulinda landsins með hvort tveggja fyrir augum: þjóðarhag í heild og hagnað íbúa hvers einstaks landshluta. Að dómi flutningsmanns liggur það í eðli raforkuiðnaðarins, að hann hlýtur að greinast skipulagslega í tvo meginþætti: orkuvinnsluna og aðalorkuflutning annars vegar og dreifingu raforkunnar og sölu til notendanna hins vegar. Þetta má einnig telja almennt viðurkennt víðast hvar erlendis. Innan orkuvinnsluþáttarins þar eru af hagkvæmni- og öryggisástæðum öll raforkuver hvers lands (og raunar víða fleiri landa saman) tengd saman í eitt aðalorkuflutningskerfi og rekin í fullkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mest rekstraröryggi og lægstan vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum.

Dreifing raforku og smásala til notenda lýtur hins vegar á margan hátt öðrum lögmálum en vinnslan. Dreifingin er bundin við byggðina og lega og félagsleg

skipting byggðar landsins ræðst eftir eigin lögmálum, sem orkudreifingin verður að laga sig að að meira eða minna leyti. Þótt dreifingarfyrirtækin lúti að sjálfsögðu einnig lögmálinu um hagkvæmni stærðarinnar í fyrirtækjarekstri, þá er dreifing raforku í landinu ekki tæknilega bundin í eina rekstrarheild fyrir allt landið eins og raforkuvinnslan er.

Raforkuvinnslan er í eðli sínu ein rekstrarheild fyrir allt landið. Orkuverin verða tengd inn á eitt aðalorkuflutningskerfi og orkan unnin í orkuverum á víxl eftir því hvar vinnslan er kostnaðarminnst á hverjum tíma og um leið þannig, að rekstraröryggi sé sem best tryggt. Til dæmis að taka er vatn geymt ónotað í uppistöðum virkjana, sem miðlun hafa, en rennslisvirkjanir látnar vinna allt hvað vatnið í ánni leyfir. Þannig gæti t. d. Andakílsárvirkjun verið varastöð með fullt uppistöðulón að grípa til og kynni þá í góðu vatnsári að standa algerlega ónotuð allt árið, en Laxárvirkjunin, sem enga uppistöðu hefur, ynni að staðaldri eins og vatnsrennsli í ánni frekast leyfir til að nýta vatn, sem annars rynni ónotað til sjávar. Milli jarðhitaorkuvera og vatnsafls er einnig þörf á slíkri samvinnu til að tryggja góða nýtingu orkulindanna. Loks er þess að geta, að á þeim tímum er rafmagnsnotkun er minnst, svo sem á sumrin og um nætur, er um það að ræða að láta vélar og jafnvel heil orkuver standa kyrr og spara orkutap og vélavörslu, en láta aðrar vélar eða orkuver ganga með því meira álagi og betri nýtni. Og þannig mætti lengi telja.

En þessu fylgir það, að ein rekstrarstjórn þarf að vera yfir öllu vinnslukerfinu með umboði til að ákveða frá degi til dags og einni stundu til annarrar hve mikið á að vinna í hverju orkuveri og, ef svo stendur á, hvort eða hvar vinnsla á alveg að liggja niðri. Séu nú orkuver landsins dreifð á mörg séreignarfyrirtæki verða í þessum efnum viðskipti þeirra á milli, samningar, mælingar og uppgjör æði flókin og erfið. Í einu sameignarfyrirtæki er sá vandi ekki fyrir hendi og samrekstur innan eins fyrirtækis samkvæmt eðli máls og með nútímatækni auðveldur.

Önnur hlið á málinu er svo hin brýna nauðsyn þess, að gott samstarf verði í framtíðinni milli allra landshluta um hagkvæma og skynsamlega virkjun orkulinda landsins. Enn er eftir að virkja um það bil 90% þeirrar orku, sem unnin verður sem raforka. Virkjunarkostnaður vatnsafls er mjög mismunandi mikill eftir atvikum og aðstæðum. Stofnkostnaður vatnsorkuvera, sem nú eru í smíðum eða í athugun hér á landi, er t. d. æði breytilegur, frá því kringum 80 000 kr/kW í þeim stærstu upp í allt að 300 000 kr/kW í því smæsta. Hagkvæmni stærðarinnar er í þessu atriði auðsæ. Hins vegar er dýrt að láta stór orkuver standa lengi lítt notuð. Verður því að ganga út frá, að eftirleiðis verði vatnsafl þessa lands virkjað í allstórum áföngum, svo stórum að hver áfangi um sig geti sinnt og verði látinn sinna auknhlutum. Forsenda þess að þetta sé mögulegt eru samtengilínurnar á milli landsins orkuþarfar margra landshluta í senn, en ekki virkjað samtímis í öllum landshlutanna, sem ýmist eru í byggingu eða ráðgerðar á næstunni.

Fleira kemur til en þetta, en í stuttu máli sagt hníga flestöll rök að því, að raforkuvinnsla þessa lands sé öll skipulögð í eitt fyrirtæki. Einu veigamiklu rökin gegn því eru þau, að með því kynni að vera stofnað til svo sterkrar miðstjórnar, að óttast mætti að hún missti eðlilegt og nauðsynlegt samband við þá sem hún á að þjóna, nefnilega notendur raforkunnar víðs vegar um landið. En að áliti flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu má koma í veg fyrir þá hættu með því að koma málum svo fyrir, að allsherjarvinnslufyrirtækið sé sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga landsins og að skipulagslega sé tryggð fullkomin aðild íbúa landshlutanna að stjórn og ákvarðanatöku innan fyrirtækisins. Er í því skyni fram tekið í þingsályktunartillögunni, að fyrirtækið skuli rekið í deildum með sérstakri stjórn í héraði, er hafi á hendi m. a. stjórn á rekstri orkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirkjanna í umdæmi sínu og stjórn þjónustumiðstöðvar með tæknimenntuðu starfsliði til að annast rannsóknir og áætlanagerðir í héraði; jafn-

framt að allir landshlutar skuli eiga fulltrúa á aðalfundum og í yfirstjórn fyrirtækisins og þar með einnig hlutfallslegan þátt í stjórnarkjöri.

Að þessu er stefnt með þeirri þingsályktunartillögu, sem nú er lögð fram, og að athuguðu máli talið að með þeirri skipan, sem hún mælir fyrir um, verði þeim markmiðum, sem stefnt er að, náð á öruggari hátt en hefði orðið með framfylgd þingsályktunartillögunnar um raforkumál frá 1971—1972.

Athugasemdir við einstaka liði þingsályktunartillögunnar.

Um tölulið 1. a.

Tillagan byggir á þeirri grundvallarhugsun að vinnsla og aðflutningur raforku sé eðlilegt sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga; að hvor um sig taki nokkurn veginn jafnan þátt í því (50% hvor) og að sveitarfélögin taki þátt hvert eftir sínum íbúafjölda, að því leyti sem þau æskja þess. Til að ná því marki er nauðsynlegt að stofnfjárframlög í fyrirtækið, sem nefna má Íslandsvirkjun, verði sveitarfélögum viðráðanleg. Núverandi skipan, sem orðin er til fyrir sögulega þróun, er í hæsta máta ólýðræðisleg.

Þegar þess er gætt, að þegar Sigalda er komin í fullan rekstur eru enn ekki virkjuð nema um 10% af vatnsafli landsins og jarðvarmi nær ónýttur til raforkuvinnslu, sést að ekki er eðlilegt að núverandi eignaskipan raforkuvinnslu í landinu ráði að neinu marki framtíðarskipan þessara mála. Núverandi mannvirki munu áður en langt um líður verða svo lítill hluti heildarinnar, að þau skipta litlu máli í heildarmyndinni.

Um tölulið 1. b.

Í samræmi við grundvallarhugsun tillögunnar er eðlilegt að væntanlegt vinnslu- og orkuflutningsfyrirtæki, Íslandsvirkjun, fái einkarétt til virkjunar og aðalorkuflutnings og heildsölu á raforku á landi hér. Jafnframt er ljóst að skipa verður málum núverandi vinnslu- og flutningsfyrirtækja með einhverjum hætti, því að vissulega eru þau sum hver stór í dag og gegna mikilvægu hlutverki. En með tilliti til þess, hve lítill þáttur í heildarmyndinni þau verða er fram í sækir, er ekki ástæða til að láta þau hafa nein truflandi áhrif á væntanlega löggjöf um þessi mál. Af sömu ástæðu eru heldur ekki rök til að beita þau eða eigendur þeirra neins konar þvingunum í sambandi við nýskipan rafveitumála. Því er í tillögunni einfaldlega gert ráð fyrir að þessi fyrirtæki fái að reka mannvirki sín áfram óhindrað, en fái að sjálfsögðu ekki rétt til frekari virkjunarframkvæmda né til raforkusölu í heildsölu eða til stóriðju umfram vinnslugetu núverandi orkuvera.

Um tölulið 1. c.

Um skipan stjórnar landsfyrirtækisins Íslandsvirkjunar er ekki fjallað nánar en fram er tekið í þessum tölulið, en ætlast til, að það verði gert í þeim tillögum til löggjafar, sem ríkisstjórninni er ætlað að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi. Í þessum tölulið eru þó fram tekin atriði varðandi stjórnskipulag fyrirtækisins, sem máli þykja skipta, til að tryggja eðileg og nauðsynleg áhrif íbúa landshlutanna á rekstur fyrirtækisins og þróun þess og á undirbúning að virkjunarframkvæmdum og ákvörðunartöku um þær.

Um tölulið 2.

Það er vitanlegt, að meiri hluti rafmagnsdreifiveitna hér á landi er smærri en heppilegt getur talist frá hagrænu sjónarmiði séð og að minna hefur verið unnið að því hér en í nágrannalöndum að sameina hinar smáu dreifiveitur í færri og stærri rekstrareiningar. Þessu veldur að nokkru fámenni og dreifðari byggð hér en annars staðar. Það kemur einnig til, sem áður er fram tekið, að við dreifingu raforku er samtenging og samrekstur ekki tæknileg nauðsyn á þann hátt er á sér stað við

vinnsluna. Enn fremur er á það að líta, að notendur raforkunnar hafa hver um sig bein og reglubundin verslunarviðskipti við dreifingarfyrirtækið og því þörf fyrir nánara samband við það en við raforkuvinnsluaðilann.

Þörf notandans á að hafa náið samband við dreifiaðilann og lögmálin um hagkvæmni stærðarinnar í fyrirtækjarekstri stangast þarna nokkuð á. Þess vegna er ekki lagt til að ráðist verði í skyndilegar og stórfelldar breytingar á því fyrirkomulagi raforkudreifingarinnar, sem nú er, en gengið út frá, að í áföngum verði unnið að settum markmiðum í þessu efni.

Fylgiskjal.

Ýmsar upplýsingar um raforkumál Íslands og orkulindir landsins.

I. ALMENNUR INNGANGUR

Það hlýtur að vera meginstefna stjórnvalda á hverjum tíma að nýta sem best náttúruauðlindir landsins, þannig að þær verði til sem mestra hagsbóta fyrir landsmenn. Ein af aðalauðlegðum Íslands er náttúruorka landsins, fallafl vatns og jarðvarmi.

Fyrsta aldatug Íslandsbyggðar notuðu Íslendingar næstum eingöngu dýraafl, þ. e. sitt eigið vinnuafl og afl húsdýra sinna. Vindafl var lítið eitt notað til að knýja skip.

Nú er þetta breytt. Íslendingar sem aðrir hafa lært að beisla náttúruorku lands síns og notfæra sér hana.

Raforka er það form orku sem mest er nú notað. Til framleiðslu raforku þarf aflgjafa. Þessa aflgjafa höfum við í formi vatnsafls og jarðvarma. Virkjun þessara aflgjafa er tiltölulega auðveld og hefur þá miklu kosti fram yfir vinnslu raforku úr eldsneyti að mengunarhætta er óveruleg og umhverfisspilling lítil.

Áætlað hefur verið að hagnýtt virkjanlegt vatnsafl á Íslandi sé um 28 000 GWh/ári, þar af sé nú þegar virkjað um 2350 GWh/ári eða 8.4%.

Áætlað er að hagnýttur virkjanlegur jarðvarmi sé af svipaðri stærð og vatnsaflið, og er nýtingu hans álíka á veg komið og vatnsaflsins.

Heildarraforkuvinnslan á Íslandi árið 1975 var 2296 GWh eða 10 480 kWh/íbúa. Hliðstæðar tölur fyrir árið 1975 fyrir nokkur lönd eru:

Noregur	17 800	kWh/íbúa
Kanada	11 700	—
Ísland	10 500	—
Svíþjóð	9 700	—
Bandaríkin	9 400	—
Lúxemborg	8 900	—
Finnland	6 300	—
Sviss	5 000	—
V.-Þýskaland	4 700	—
Bretland	4 500	—
A.-Þýskaland	4 500	—
Sovétríkin	4 000	—
Austurríki	3 900	—
Belgía	3 900	—
Tékkóslóvakía	3 800	—
Holland	3 800	—
Danmörk	3 600	—
Frakkland	3 400	—

Vegna stærðar landsins, landslags og strjálbýlis er vinnsla og dreifing raforku af ýmsum ástæðum erfið. Er í þessu sambandi rétt að minnast þess, að íbúafjöldi á Íslandi er um 2 á ferkm. Þessi byggð er þó mjög misskipt. Á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni að Fúlalæk (þ. e. í Sunnlendingafjórðungi) búa 67.9% þjóðarinnar, 5.6 íbúar á ferkm.

Til samanburðar má benda á að íbúafjöldi á ferkm er 8 í Noregi (1970) og 19 í Svíþjóð (1970).

Svo sem nánar verður vikið að síðar er öll raforkuvinnsla á Íslandi, sem máli skiptir, í höndum opinberra aðila og samtaka þeirra.

II. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN ÍSLENSKRAR LÖGGJAFAR UM RAFORKUMÁL

Á síðustu áratugum nítjándu aldar varð mönnum ljóst, að hagkvæmt var að framleiða rafmagn með vatnsafli. Hófst þá brátt kapphlaup innlendra og erlendra aðila um að ná réttindum yfir íslenskum fallvötnum. Opinberir aðilar virðast þó í upphafi hafa látið sig þessi mál litlu skipta. Fyrsta raforkuverið knúið vatnsafli tók þó til starfa árið 1904 í Hafnarfirði og var þá lögð rafveita til 16 húsa þar.

Fyrsta löggjöfin, sem hér skiptir máli, er lög nr. 55 22. nóv. 1905, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl. Með lögum þessum var bannað, að aðrir en menn heimilisfastir á Íslandi og íslensk félög eignuðust fossa á Íslandi nema til kæmi sérstakt leyfi konungs. Leyfi til að eignast fossa og nota þá skyldi aldrei veitt til lengri tíma en 100 ára og að þeim tíma liðnum skyldi foss og afl stöð verða eign landssjóðs án endurgjalds. Þegar 50 ár væru liðin af leyfistímanum skyldi landssjóður hafa rétt til að kaupa foss og aflstöð með sérstökum kjörum. Þá skyldi leyfishafi vera skyldur til, að kröfu landsstjórnar, að láta af hendi allt að 10% af starfsaflinu, 5% til landsins og 5% til sveitar, fyrir gjald, sem væri miðað við framleiðslukostnað að viðbættum 10% ágóða.

Vatnsaflsknúið raforkuver og rafveita var byggð á Eskifirði 1911, á Siglufirði 1912, á Seyðisfirði 1913 og sama ár í Vík í Mýrdal.

Með lögum nr. 28 20. okt. 1913, um rafmagnsveitur í kaupstöðum og kauptúnum, voru fyrst sett ákvæði um almenningsrafveitur í þéttbýli. Með lögum þessum var sveitarstjórnum í kaupstöðum og kauptúnum veitt heimild til að dreifa raforku um sveit sína og selja þar rafmagn. Þá var ráð fyrir því gert, að sveitarstjórnir gætu áskilið sér einkarétt til að selja rafmagnslampa og önnur rafmagnstæki í sveit sinni.

Þótt lög nr. 28/1913 væru um margt merkileg virðast menn þegar í upphafi hafa verið óánægðir með þau og giltu þau aðeins skamma hríð. Voru þau felld úr gildi með lögum nr. 51 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur. Samkvæmt þessum lögum skyldi einkaréttur sveitarstjórna til rafvæðingar ná til allra sveita, en sveit er í lögunum skilgreind sem kaupstaður, kauptún eða hreppur, „þar á meðal Vestmannaeyjar“. Einstaklingum og fámennum hópum var þó heimilað að leggja rafveitur til eigin þarfa. Sveitarstjórnum var leyft með samþykki stjórnarráðsins að framselja þennan einkarétt sinn til einstaklinga eða félaga, þó eigi í lengri tíma en 20 ár.

Rétt er að geta hér laga nr. 73 27. júní 1921, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að láta á kostnað ríkissjóðs framkvæma rannsóknir og áætlanagjörð að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar, veitu orkunnar til notenda, þ. á m. gerð orkuveitna til almenningsþarfa.

Með vatnalögunum, nr. 15 20. júní 1921, náðist merkur áfangi í orkumálum Íslendinga og reyndar fleiri málum. Með þessum lögum var meginhluti laga nr. 55/1907 felldur úr gildi svo og lög nr. 51/1915. Í vatnalögunum er ákveðið, að enginn megi virkja fallvatn, sem hafi meira en 500 eðlishestöfl, nema að fengnu leyfi ráðherra. Í lögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög eða sérstök félög byggi

orkuver og orkuveitur og reki þau. Frumvarpi að vatnalögunum fylgdi frumvarp að vatnsorkusérleyfislögum, en eigi var það samþykkt þá.

Lög um vatnsorkusérleyfi eru nr. 46 27. júní 1925. Í lögum þessum er gert ráð fyrir að innlendir aðilar geti fengið sérleyfi til að virkja vatnsafl til orkuframleiðslu að fullnægðum ýmsum skilyrðum. Sérleyfið skyldi eigi gilda til lengri tíma en 50 ára. Með þessum lögum voru þau ákvæði l. nr. 55/1905, sem enn voru í gildi, felld úr gildi.

Með lögum nr. 7 15. júní 1926 var öllum sveitarstjórnum veittur einkaréttur til að stofna raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver, og starfrækja þau innansveitar, en til starfrækslu utansveitar skyldi fá til leyfi ráðherra.

Þess er rétt að geta hér, að með lögum nr. 48 15. júní 1926 var ráðherra heimilað að veita tveimur dönskum félögum sérleyfi til að virkja ár í Arnarfirði og hefja þar iðnrekstur. Ekkert varð úr framkvæmdum þessum. Löngu síðar keypti ríkissjóður vatnsréttindi þau, er félög þessi höfðu aflað sér á svæði þessu.

Þá var með lögum nr. 26 31. maí 1927 ráðherra heimilað að veita félaginu Titan leyfi til að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Ekkert varð af framkvæmdum, en Titan lét gera þar miklar rannsóknir og áætlanir, sem síðar komu Íslendingum til góða, en ríkissjóður keypti löngu síðar öll réttindi Titans við Þjórsá. Segja má, að þar með sé lokið þeim þætti raforkuvinnslu á Íslandi, að erlendum aðilum væri veitt sérleyfi til virkjana.

Á Alþingi 1928 var samþykkt þingsályktun um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa rafveitu til almenningsnota með vatnsafli úr Árbæjarfossi eða Tungufossi í Rangám.

Með lögum nr. 28 23. júní 1932, um undirbúning á rafveitum til almenningsþarfa, var vegamálastjóra falið að gera heildarrannsókn og tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa og gera sér grein fyrir hvaða fallvötn væru hentugust til virkjana í hverjum landshluta.

Á sama ári var gerð nokkur breyting á lögum nr. 7/1926, um raforkuvirki, og lögin síðan endurútgefin sem lög nr. 83/1932.

Með lögum nr. 82 19. júní 1933 var Reykjavíkurbæ heimilað að reisa raforkuver við Sogsfossa. Var gert ráð fyrir að Sogsvirkjun seldi raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur og almenningsnota í nærliggjandi sveitum fyrir kostnaðarverð að viðbættum 10%. Þá var ráð gert fyrir því, að þegar vatnsaflið hefði verið virkjað að meira en hálfu leyti skyldi ríkissjóður gerast eignaraðili.

Bæjarstjórn Siglufjarðar var með lögum nr. 98 3. maí 1935 veitt leyfi til að virkja og reisa raforkuver við Fljótaá. Gert var ráð fyrir, að tveir hreppar í nánd við virkjunarstað tækju þátt í virkjuninni. Virðist miðað við, að hreppar þessir gætu fengið rafmagn á kostnaðarverði að viðbættum 6%.

Með lögum nr. 42 13. júní 1937 var Akureyrarkaupstað veitt leyfi til að virkja Laxá í S.-Þingeyjarsýslu. Raforku skyldi selja til Akureyrar, en umframorku skyldi mega selja nærliggjandi héruðum á kostnaðarverði að viðbættum 10%, þó aldrei fyrir hærra verð en greitt væri fyrir raforku á Akureyri miðað við sama afhendingarstað.

Á árinu 1940 voru sett almenn lög um eignar- og notkunarrétt jarðhita, nr. 98 14. maí 1940. Var ríkinu þar veittur réttur til að rannsaka hveraorku hvar sem væri á landinu. Þá var þar boðið, að um rafmagnsveitur og rafstöðvar, sem notuðu jarðhita, skyldi fara eftir reglum vatnalaganna og laga um raforkuvirki.

Með lögum nr. 16 15. maí 1942 voru stofnaðar rafveitur ríkisins, sem skyldu hafa það hlutverk að afla almenningi raforku, bæði með því að vinna hana sjálfar og kaupa af öðrum orkuveitum. Þá var með lögum nr. 45 30. júní 1942 ríkisstjórninni heimilað að veita félagi sérleyfi til að veita raforku frá Soginu að Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Enn voru á árinu 1942 sett lög nr. 91 25. sept. um raforkusjóð sem skyldi hafa það hlutverk að stuðla að rafvæðingu landsins.

Með lögum nr. 114 30. des. 1943 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Var þar m. a. ákveðið, að kostnaður við jarðboranir vegna sveitarfélaga skyldi greiðast að hálfu úr ríkissjóði.

Með lögum nr. 52 3. mars 1945 var ríkisstjórninni heimilað að koma upp aðalorkuveitu frá Hafnarfirði um Reykjanesskaga, frá Sogsvirkjun til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar svo og til Þykkvabæjar. Enn fremur frá Akureyri til Dalvíkur og Hríseyjar og frá Laxárvirkjun til Húsavíkur og Reykjahverfis. Rekstur raforkuveitna þessara mátti ríkisstjórnin fela opinberum aðilum, þar á meðal sveitarstjórnum.

Með raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, var gerð heildarskipan þessara mála. Er þar fram tekið, að ríkið hafi eitt heimild til að reisa og reka orkuver stærri en 100 hestöfl. Þó sé ráðherra heimilt að leyfa sveitarfélagi eða öðrum að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöfl að stærð, ef aðrar rafveitur óski ekki eða geti ekki selt nægilega raforku. Þá voru með lögum þessum stofnaðar Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa skyldu það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegunum nægrar raforku og á sem hagfelldastan hátt. Þá var Rafmagnsveitum ríkisins veittur einkaréttur til að selja raforku í heildsölu. Þó var Reykjavík, Akureyri og Ísafirði svo og Andakílsárvirkjun heimilað að selja héraðsrafmagnsveitum sínum svo og Rafmagnsveitum ríkisins raforku í heildsölu.

Í lögunum er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að héraðsrafmagnsveitur annist dreifingu raforku og sölu til neytenda. Bæði sveitarfélög, einstaklingar og félög, geti fengið einkarétt til orkudreifingar. Þar sem slíkur einkaréttur hafi ekki verið veittur, hafi héraðsrafmagnsveitur ríkisins þennan rétt. Það fyrirtæki var hugsað sem undirfyrirtæki Rafmagnsveitna ríkisins. Með raforkulögunum voru felld úr gildi lög nr. 46/1925, um vatnsorkusérleyfi, lög nr. 28/1932, lög nr. 83/1932, lög nr. 16/1942.

Með lögum nr. 28/1946, um virkjun Sogsins, voru eldri ákvæði felld niður. Var nú ákveðið að ríkissjóður gæti gerst eignaraðili að þeim virkjunum ef hann óskaði.

Sett voru ný lög um Laxárvirkjun, nr. 54 25. maí 1949. Í hinum nýju lögum var gert ráð fyrir að ríkissjóður gerðist eigandi að hálfu að orkuveri þessu.

Með lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12/1946, var ákveðið, að ríkisstjórnin legði fram á næstu 10 árum 250 milljón krónur a. m. k. til þess m. a. að koma upp raforkuverum utan orkuveitusvæða Sogs- og Laxárvirkjana, gera aðalorkuveitur og dreifiveitur og vinna að virkjunarrannsóknum.

Með lögum nr. 55 29. mars 1961 var stofnaður jarðhitasjóður til að bera kostnað af jarðhitarannsóknum.

Með lögum nr. 59 20. maí 1965 var stofnað fyrirtækið Landsvirkjun, sem er helmingafélag ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Tilgangur fyrirtækis þessa er að selja raforku í heildsölu til rafveitna og iðjufyrirtækja. Landsvirkjun tók við orkuverum Reykjavíkurborgar og orkuverum í sameign ríkissjóðs og borgarsjóðs. Það skyldi reisa allt að 150 MW orkuver í Þjórsá við Búrfell. Í lögum þessum er gert ráð fyrir, að Laxárvirkjun geti sameinast Landsvirkjun ef eigendur Laxárvirkjunar ákveða svo.

Þá voru á árinu 1965 sett ný lög um Laxárvirkjun, nr. 60 20. maí 1965. Laxárvirkjun skyldi vera sameignarfélag ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar, þar sem ríkissjóður ætti 35%, en Akureyrarkaupstaður 65%. Gert var þó ráð fyrir að ríkissjóður gæti aukið eignarhluta sinn í helming.

Með lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, var kveðið svo á, að þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skuli greiða verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, og skyldi heildarfjárhæð gjaldsins vera 35 millj. kr. Þessi upphæð var hækkuð upp í 70 millj. kr. með lögum nr. 17 20. mars 1970.

Með orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, voru öll eldri raforkulög felld úr gildi. Í lögum þessum er boðið, að til þess að reisa og reka raforkuver stærri en 2 000

kW þurfi leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200—2 000 kW þurfi leyfi ráðherra. Þó megi reisa og reka varastöð allt að 1 000 kW án sérstaks leyfis. Í lögum þessum er gert ráð fyrir, að héraðsrafmagnsveitur geti fengið einkarétt til raforkudreifingar um tiltekin svæði. Sveitarstjórnir hafi forgangsrétt til að reka slíkar rafveitur, en veita megi einstaklingum og félögum slíkan einkarétt. Rafmagnsveitur ríkisins hafi einkarétt til að reka rafveitur ef aðrir hafi eigi fengið slíkan einkarétt. Rafmagnsveitum ríkisins er almennt falið það hlutverk að framleiða, dreifa og selja raforku, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu.

Lög þessi fjalla einnig um Orkustofnun, um vinnslu jarðhita, um hitaveitur, um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum og eftirlit með þeim, um verndun jarðhitasvæða, um jarðhitavirki og eftirlit með þeim, um jarðboranir ríkisins og um orkusjóð.

Með lögum nr. 111 30. des. 1970 var Rafmagnsveitum ríkisins falið að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 8 000 hestafla orkuveri. Heimild var í lögum til að veita sveitarstjórnum á Austurlandi eignaraðild að virkjun Lagarfoss.

Með lögum nr. 28 16. apríl 1971 var Rafmagnsveitum ríkisins falið að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5 500 hestafla orkuveri. Jafnframt var ríkisstjórninni heimilað að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartárvirkjunar eða taka þau eignarnámi fáist eigi viðunandi kjör. Heimild er í lögum til að veita sveitarstjórnum á Norðurlandi eignaraðild að virkjun Svartár.

Með lögum nr. 37 16. apríl 1971 var gerð breyting á lögum um Landsvirkjun. Landsvirkjun heimilast að reisa allt að 170 MW orkuver bæði í Tungnaá við Hrauneyjafoss og í Tungnaá við Sigöldu. Jafnframt heimilast Landsvirkjun að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar.

Með lögum nr. 29 12. maí 1972 var lögum um virkjun Lagarfoss breytt á þann veg, að hámarksstærð orkuversins skyldi vera allt að 10 000 hestöfl.

Með lögum nr. 32 24. apríl 1973 var gerð breyting á lögum um orkuver Vestfjarða (nr. 54 20. apríl 1954), þannig, að Rafmagnsveitum ríkisins var heimilað að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði allt að 10 000 kW.

Með lögum nr. 51 25. apríl 1973 var gerð breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, þess efnis að veita einstökum bændum, er búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum.

Með lögum nr. 21 10. apríl 1974 var væntanlegri Norðurlandsvirkjun falið að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall með allt að 55 MW afli.

Með lögum nr. 83 17. sept. 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, var kveðið svo á að greiða skuli 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta. Skuli gjaldinu varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Með lögum þessum féllu úr gildi fyrri lög um verðjöfnunargjald á raforku.

Með lögum nr. 105 31. des. 1974 var Rafmagnsveitum ríkisins heimilað að reisa og reka orkuver við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 MW afli. Heimild er í lögum til að veita sveitarstjórnum á Austurlandi eignaraðild að virkjun Bessastaðaár.

Með lögum nr. 66 31. maí 1976, um Orkubú Vestfjarða, var ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum heimilað að stofna Orkubú Vestfjarða. Tilgangur fyrirtækisins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, enn fremur að eiga og reka orkuver og dreifikerfi jafnt fyrir raforku sem jarðvarma.

Með lögum nr. 26 11. maí 1977 var Andakílsárvirkjun heimilað að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 MW afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

Á mynd 1 er sýnt línurit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva á Íslandi 1920—1976. Í kafla VII er gerð nánari grein fyrir þróun Rafmagnsveitna ríkisins.

III. YFIRLIT YFIR STÖÐU ÍSLENSKRA RAFORKUMÁLA NÚ

Í köflum IV—VI og VIII—IX er að finna ýmsar tölulegar upplýsingar, myndir og yfirlit er sýna stöðu raforkumála á Íslandi nú. Hér verða rakin meginatriði þess sem þar er að finna.

1. Orkulindir og nýting þeirra.

Ísland ræður yfir miklum orkulindum í formi vatnsorku og jarðvarma. Talið er, að tæknilega nýtanleg vatnsorka á Íslandi sé 35 000 GWh/ári (gígawattstundir á ári = milljónir kílówattstunda á ári). Af því er sem stendur talið líklegt að muni borga sig að virkja um 28 000 GWh/ári. Þessi síðarnefnda tala er þó býsna óviss og á vafalaust eftir að breytast eftir því sem rannsóknum miðar áfram, auk þess sem það getur verið háð margvíslegum ytri aðstæðum hvað borgar sig að nýta af vatnsorku.

Orkuvinnsla vatnsaflsstöðva árið 1976 nam alls 2350 GWh eða 8.4% af þessum 28 000 GWh. Vinnslugeta vatnsaflsstöðva á Íslandi er komin í um 2 520 GWh/ári eða 9% þeirrar vatnsorku, sem talið er borga sig að virkja. Með Sigölduvirkjun munu þessar tölur hækka í 3 200 GWh/ári og 11.4%.

Álitið er, að sem efnahagsleg orkulind sé jarðhitinn af svipaðri stærðargráðu og vatnsorkan. Nýting hans er álíka á veg komin hlutfallslega og vatnsorkunnar.

Það er ljóst af þessu, að geysimikil verkefni eru fram undan í nýtingu orkulinda landsins til efnahagslegs ábata fyrir þjóðina.

Eins og yfirlitskortin í kafla IX, myndir, sýna eru orkulindirnar dreifðar um landið. Aðstaða til hagkvæmrar nýtingar þeirra er mismunandi eftir staðháttum og aðstæðum, en einnig og ekki síst eftir stærð orkumarkaðarins. Í því efni er aðstaðan langbest á Suðvesturlandi. Öflugt flutningskerfi fyrir raforku milli landshluta mundi í rauninni skapa sameiginlegan orkumarkað á öllu því svæði sem það nær til og þar með gera auðveldari virkjanir utan Suðvesturlands, sem á annað borð eru hagkvæmar.

2. Raforkuvinnslan nú.

Sem fyrr segir nam raforkuvinnsla vatnsaflsstöðva 2 350 GWh árið 1976. Enn fremur voru 19 GWh unnar í jarðvarmastöð og 53 GWh í olíustöðvum. Samtals 2 421 GWh.

Af þessu magni fóru 1 351 GWh til svonefndrar „stórnotkunar“, fyrst og fremst álvinnslunnar, en 1 070 GWh til almennra nota. Vinnslan fyrir almenn not hefur vaxið um 6.9% á ári til jafnaðar 1965—1975.

Raforkuvinnslan árið 1976 skiptist þannig eftir landssvæðum:

Landsvirkjunarsvæðið	2 067	GWh	85.4%
Laxárvirkjunarsvæðið	208	—	8.6%
Grímsárvirkjunarsvæðið	60	—	2.5%
Vestfirðir	44	—	1.8%
Aðrir hlutar landsins	42	—	1.7%

Öll raforkuvinnslufyrirtæki á Íslandi eru í opinberri eigu. Er eignarformið þrenns konar: 1) ríkiseign, 2) eign sveitarfélaga, 3) sameign ríkis og sveitarfélaga. Árið 1976 skiptist orkuvinnslan þannig eftir eignarformi:

Orkuver í ríkiseign unnu	150	GWh	6.2%
Orkuver í eigu sveitarfélaga unnu	63	—	2.6%
Orkuver í sameign unnu	2 208	—	91.2%

Samtengingar orkuvera og samrekstur orkuvera eru skemmra á veg komin á Íslandi en í öðrum þróuðum löndum, líklega mest sökum strjálbýlis og ójafnrar byggðadreifingar í landinu. Samtengd kerfi til raforkuvinnslu ná þó yfir einstaka landshluta.

3. Raforkudreifingin nú.

Vinnsla og dreifing raforku er tvenns konar starfsemi og um margt ólík hvor annarri, einkum þar sem vinnslan fer fram í stórum, samtengdum vinnslukerfum með mörgum orkuverum er sjá mörgum dreifiveitum fyrir orku. Þróunin hefur því alls staðar orðið sú að skilja þetta tvennt að skipulagslega, þannig að vinnslufyrirtækin annast ekki dreifinguna og gagnkvæmt. Hér á landi er þessi þróun langt komin á aðalþéttbýlissvæðunum.

Öll raforkudreifing til almenningsþarfa á Íslandi er í höndum opinberra fyrirtækja. Gagnstætt því sem er um vinnsluna eru engin sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga starfandi á dreifingarsviðinu. Eitt fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, er í ríkiseign. Allar aðrar rafveitur eru í eign sveitarfélaga.

Fjöldi rafveitna (dreifiveitna) er samtals 23, ef frá er talin ein sveitarafveita er starfar við mjög sérstæðar aðstæður. Þær eru mjög misstórar og má eftir stærð greina þær í 5 flokka (sjá nánar yfirlit í kafla VI):

1.	flokkur	1	rafveita	með	105 799	íbúa	að	meðaltali
2.	—	1	—	—	49 718	—	—	—
3.	—	2	—	—	12 486	—	—	—
4.	—	3	—	—	5 178	—	—	—
5.	—	18	—	—	1 472	—	—	—

Eins og sjá má eru langflestar rafveiturnar mjög litlar, jafnvel á íslenskan mælikvarða. Þetta er ekki ósvipuð hlutfallsleg stærðardreifing og ríkti til skamms tíma í nágrannalöndunum, m. a. á öðrum Norðurlöndum. Hlutfallslegan mælikvarða er hér rétt að viðhafa sökum þess að vegna fámennis verða allar íslenskar rafveitur litlar borið saman við það sem gerist hjá fjölmennari þjóðum. Í þessum löndum hefur þróunin um nokkurt árabil stefnt að fækkun rafveitna, venjulega með frjálsum samningum þeirra í milli, með eða án atbeina ríkisvaldsins. Varla fer á milli mála að sams konar þróun er óhjákvæmileg hér í framtíðinni og það því fremur sem flestar rafveitur hér verða ávallt „litlar“ á mælikvarða annarra þjóða, en á hinn bóginn gerðar til þeirra svipaðar kröfur og erlendis, þ. á m. um hagkvæmni í raforkudreifingu.

IV. STUTT YFIRLIT YFIR ORKULINDIR LANDSINS

Talið er að vatnsorka sú, sem tæknilega er gerlegt að nýta á Íslandi, nemi um 35 000 GWh/ári (gígawattstundum á ári), þ. e. 35 milljörðum kílówattstunda á ári. Vitað er að ekki mun svara kostnaði að nýta alla þessa orku. Eftir því sem best er vitað á þessu stigi virkjunarrannsókna, má ætla að sá hluti þessa orkumagns, sem er efnahagslega nýtanlegur, nemi um 28 000 GWh/ári. Vert er að vekja athygli á því, að þessi tala er óviss, enda efnahagslega nýtanleg orka ekki mjög vel skilgreint hugtak.

Álitið er, að jarðvarmi sá, sem tæknilega er vinnanlegur á Íslandi, nemi um 80 000 GWh/ári, þar af um 90% á svonefndum háhitasvæðum. Er þá miðað við brúttó-orkuinnihald gufu og vatns við borholur eða uppsprettur, og er talan 80 000 því ekki sambærileg við töluna 35 000, sem vísar til þeirrar raforku sem vinnanleg er úr vatninu. Hve mikla nýtanlega orku unnt er að fá úr jarðvarmanum fer fyrst og fremst eftir því, hvernig hann er nýttur. Væri allur jarðvarminn nýttur til hitunar húsa næmi tæknilega nýtanlegur jarðvarmi um 70 000 GWh/ári, færi hann allur til að hita gróðurhús mætti nýta um 56 000 GWh/ári, til iðnaðar um 22 000 GWh/ári, til raforkuvinnslu í þéttistöðvum um 6 000 GWh/ári og til raforkuvinnslu í mótþrýstistöðvum um 1 600 GWh/ári. Þessar tölur miðast allar við núverandi nýtingartækni og kunna að breytast með þróun hennar. Nú er jarðvarmi nýtanlegur til alls þessa, og fer þá eftir samsetningu notkunar hve mikið raunverulega nýtist. Vatnsorka og jarðhiti eru að þessu leyti ekki sambærilegar orkulindir.

Mörg háhitasvæði landsins eru það fjarri mannabyggð, að orka þeirra verður varla nýtt nema til raforkuvinnslu, sem aftur táknar fremur lágt nýtingarstig.

Ofangreindar tölur eiga allar við tæknilega nýtanlegan jarðvarma. Hve stóran hluta borgar sig að nýta, þ. e. hinn efnahagslega nýtanlega jarðvarma, er jafnvel enn meiri vafa undirorpið en um efnahagslega nýtanlega vatnsorku. Giska má á, að sem efnahagsleg orkulind sé jarðvarminn af svipaðri stærðargráðu og vatnsorkan, og fer það þó mjög eftir nýtingarháttum, svo sem að ofan er rakið.

Árleg vinnslugeta vatnsaflsstöðva á Íslandi er nú um 2 520 GWh/ári, eða um 9% af þeim 28 000 sem nú er talið að hagkvæmt muni reynast að nýta. Árið 1976 var raforkuvinnslan 2 421 GWh, eða 8.6% af sömu tölu. Með tilkomu Sigölduvirkjunar vex vinnslugetan í um 3 200 GWh/ári eða 11.4%

Á árinu 1975 nam verg jarðvarmavinnsla um 3 100 GWh (2 800 Tcal). Með þeirri samsetningu, sem þá var á notkuninni (langmest til húshitunar), nýttust af því um 1 800 GWh.

Myndir 6 og 7 sýna í megindráttum dreifingu vatnsorku og jarðvarma um landið.

Eins og myndirnar bera með sér, er vatnsorka mest á Suðurlandi og Austurlandi, nokkur á Norðurlandi, en minnst á Vesturlandi og Vestfjörðum. Jarðvarminn er að magni til einkum bundinn við megin-eldvirknisbelti landsins, sem teygir sig frá Suðvesturlandi og Suðurlandi yfir landið til Norðurlands eystra. Langminnst er um jarðvarma á Austurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

V. YFIRLIT YFIR RAFORKUVINNSLUNA Á ÍSLANDI NÚ

1. Magn og þróun.

Vinnsla raforku árið 1976 nam alls 2 421 GWh (1 GWh = 1 gigawattstund = 1 milljón kílówattstunda). Þar af voru 97% unnin úr vatnsorku, 0.8% úr jarðvarmaorku og 2.2% í olíustöðvum.

Línuritið á 1. mynd sýnir þróun raforkunotkunarinnar. Eins og það ber með sér eykst raforkuvinnslan ört á árunum eftir að fyrsta virkjun Sogsins tók til starfa, en upp úr því fór eldun með rafmagni að verða algeng, jafnframt því sem ýmiss konar atvinnugreinar uxu þá örar en áður. Vöxturinn hefur haldið áfram jafnt og þétt, og með tilkomu álversins í Straumsvík tók raforkuvinnslan nýtt stökk upp á við.

Að frádreginni vinnslu vegna svonefndrar „stórnotkunar" raforku, svo sem álversins, Áburðarverksmiðjunnar og fleiri þess háttar notenda, hefur vinnsla vegna svonefndrar „almennrar raforkunotkunar", svo sem til heimila, almenns iðnaðar, frystiiðnaðar, verslana og skrifstofa, aukist um nálægt 5.8% á ári til jafnaðar árin 1958—1970. Nokkrar sveiflur hafa þó verið á þessum vexti frá ári til árs. Þetta er nokkru hægari vöxtur en víða á sér stað, en algengt er að raforkunotkunin vaxi um 7% árlega, svarandi til tvöföldunar á hverjum 10 árum.

Sem stendur (1976) er raforkuvinnslan til þessara „almennu nota" um 1 070 GWh/ári, orkuvinnslan vegna „stórnotkunar", og þá fyrst og fremst álvinnslu, 1 351 GWh/ári. Hver frekari þróun verður á næstunni í þessu efni er undir því komið, hvað gerist í stóriðjumálum.

2. Landfræðileg skipting.

Kortið á 2. mynd sýnir orkuver landsins. Eins og sjá má eru þau dreifð um allt land. Hins vegar sýnir kortið ekki stærðarhlutföll þeirra. Þau má sjá í töflu 1. Langstærstu orkuverin eru á Suðvesturlandi, eins og kunnugt er. Hlutfallsleg skipting vinnslunnar var árið 1976 þessi:

Landsvirkjunarsvæðið	2 067 GWh	85.4%
Laxárvirkjunarsvæðið	208 —	8.6%
Grímsársvæðið	60 —	2.5%
Vestfirðir	44 —	1.8%
Aðrir hlutar landsins	42 —	1.7%
	2 421 GWh	100%

Tafla 3 sýnir aðalorkuflutningskerfi landsins í árslok 1976.

3. Skipulag og eignaraðild.

Öll þau fyrirtæki, er vinna raforku til almenningsnota á Íslandi, eru í eigu opinberra aðila: ríkis, sveitarfélaga eða sameign ríkis og sveitarfélaga. Skiptingin milli þessara þrenns konar eignarforma er sem hér segir:

Eignarform	Afl orkuvera MW	%	Orkuvinnsla 1975 GWh	%
Ríkiseign	54	10.7	150	6.2
Eign sveitarfélaga	29	5.8	63	2.6
Sameign ríkis og sveitarfélaga	420	83.5	2 208	91.2
Alls	503	100.0	2 421	100.0

Sameignarformið milli ríkis og sveitarfélaga er þannig langsamlega mikilvægasta eignarform í raforkuvinnslu á Íslandi. Hlutdeild hvors aðila um sig er 50%, eða getur verið það skv. gildandi heimildarlögum. Tafla 7 sýnir eignarform einstakra orkuvera á landinu.

4. Samtenging orkuvera.

Samtenging orkuvera og samrekstur þeirra eru fremur skammt á veg komin á Íslandi borið saman við önnur þróuð lönd. Veldur strjálbýlið og hin ójafna dreifing byggðar í landinu þar væntanlega mestu um (sbr. yfirlitið hér að framan um skiptingu raforkuvinnslunnar eftir landshlutum). Þó eru til í landinu nokkur samtengd kerfi sem hvert um sig nær yfir einstaka landshluta eða part úr þeim. Tafla 4 er yfirlit yfir vinnslukerfi á Íslandi í árslok 1976, orkuver þau, sem tilheyra hverju um sig, og þann fjölda íbúa sem fær orku sína frá hverju vinnslukerfi um sig.

VI. YFIRLIT YFIR RAFORKUDREIFINGUNA Á ÍSLANDI NÚ

Fyrirtæki í raforkudreifingunni.

Eins og í öðrum löndum er vinnsla raforku og dreifing hennar skipulagslega aðgreind á Íslandi, þannig að einn hópur fyrirtækja sér um vinnsluna og meginflutninginn, annar um dreifinguna. Þessi aðgreining á sér í megindráttum tæknilegar orsakir: vinnsla raforku er annars konar starfsemi en dreifing hennar og sala í smásölu.

Mörkin milli þessarar tvenns konar starfsemi eru þó ekki skörp, þar sem svæði það, sem orkuver sér fyrir orku, er hið sama og starfssvæði einnar og sömu dreifiveitu. Svo var yfirleitt áður fyrr í kaupstöðum og kauptúnum, áður en farið var að reisa sameiginleg orkuver fyrir mörg byggðarlög. Þróunin gengur hvarvetna í þá átt að skilja að þessa tvenns konar starfsemi. Þó eiga margar rafveitur hér á landi eigin orkuver. Eftirtektarvert er, að í þeim hlutum landsins, þar sem samtenging orkuvera og samrekstur eru komin best á veg, er lítið um orkuver í eigu dreifiveitna.

Allar dreifiveitur á Íslandi eru í opinberri eign. Langflestar eru eign sveitarfélaga. Ein, Rafmagnsveitur ríkisins, er ríkiseign. En Rafmagnsveitur ríkisins eru í rauninni blandað vinnslu- og dreifingarfyrirtæki, enda eru orkuveitusvæði þeirra afar víðáttumikil og dreifð. Orkuver Rafmagnsveitnanna eru einkum í hinum strjálbýlustu landshlutum, í hinum þéttbýlli hlutum starfa þær að mestu sem hrein dreifiveita.

Athyglisvert er, að það eignarform, sem viðamest er í raforkuvinnslunni, þ. e. sameign ríkis og sveitarfélaga, er ekki til sem stendur í raforkudreifingunni. Veigamikil ástæða til þess, að þetta er svona, er án efa sú, að þróunin í átt til stærri rekstrareininga er skemmra á veg komin í raforkudreifingunni en í vinnslunni.

4. mynd sýnir rafvæðingu Íslands, og töflur 9—13 eru yfirlit yfir dreifiveiturnar og helstu upplýsingar um hverja um sig. Eins og sjá má eru rafveiturnar afar misstórar. Má greina þær í eftirtalda flokka:

Flokkur nr.	Bil í íbúafjölda	Fjöldi rafveitna	Samanlagður íbúafjöldi í flokki	Meðalfjöldi íbúa á hverja rafveitu
1	Yfir 50 000	1	105 799	105 799
2	20 000—50 000	1	49 718	49 718
3	10 000—20 000	2	24 971	12 486
4	4 000—10 000	3	15 535	5 178
5	Undir 4 000	16	23 546	1 472

Hér er sleppt tveim rafveitum, er starfa í sveit utan orkuveitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins, þar eð tilvist þeirra ræðst af sérstæðum staðháttum og þær eru því ekki vel sambærilegar við dreifiveitur í kauptúnum og kaupstöðum í því sem hér um ræðir.

Það, sem einkum vekur athygli, er hinn mikli fjöldi fyrirtækja í síðasta flokknum og hinn lági íbúafjöldi, sem kemur á hvert um sig.

VII. AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS OG NÚVERANDI SVÆÐASKIPTING ÞEIRRA

Rekstur rafveitna á Íslandi hófst með tilkomu rafstöðvar Jóhannesar Reykdals að Hörðuvöllum í Hafnarfirði árið 1904. Fljótlega var leitt rafmagn frá stöðinni til nokkurra húsa í nágrenninu. Á næstu árum og áratugum voru svo reistar rafstöðvar til almenningsnota víðs vegar um landið í kaupstöðum og kauptúnum, ýmist vatnsafls- eða mótorstöðvar. Þessar stöðvar voru oftast í eigu sveitarfélaganna, en stundum einstaklinga eða félaga. Þetta reyndist oft og tíðum erfitt brautryðjandastarf; kostnaður mikill, tæknileg mistök og ýmis önnur óáran af völdum styrjaldar o. fl. Svo var komið upp úr 1940, að fjöldi þéttbýlisstaða á landinu var mjög illa á vegi staddur í raforkumálum. Sumir staðirnir höfðu alls ófullnægjandi orku og dýra, aðeins til brýnustu þarfa, aðallega ljósa og allra smæsta iðnaðar. Aðrir höfðu nær ekkert. Jafnvel einstaklingar voru að basla með ýmiss konar smámótorstöðvar.

Var þá farið að þrýsta að ríkinu um, að það aðhefðist eitthvað til úrbóta í þessum málum. Ríkisábyrgðir voru veittar í allstórum mæli til bygginga rafstöðva og kerfa. Vanskilaskuldir söfnuðust upp hjá Ríkisábyrgðasjóði, og ástandið fór jafnt og þétt versnandi. Svo fór, að ríkið ákvað að hefjast handa um aðgerðir til úrbóta. Lögð var háspennulína til Suðurnesja og kauptúnanna austanfjalls samkvæmt sérstökum heimildarlögum, og fleira var gert af svipuðu tagi annars staðar á landinu á þessu tímabili. Þá lét ríkið framkvæma á þessum árum ýmiss konar áætlanir og athuganir á virkjunarmöguleikum og línulögnum víðs vegar á landinu og að auki heildarathugun á eins konar landsrafvæðingu, samkvæmt ákvörðun Alþingis þar

um, og allt var þetta framkvæmt samkvæmt sérstökum ákvörðunum og samþykktum ríkisstjórnar og Alþingis í hverju tilviki. Komið var fram á fimmta tug aldarinnar. Fólkið kallaði á raforku í þéttbýli sem strjálbýli, heimilin til að auka lífsþægindin, atvinnugreinarnar til þess að geta aukið afköst sín og aukið fjölbreytni í ýmiss konar framleiðslu. Ríkisvaldið taldi óhjákvæmilegt að taka þetta stórkostlega hagsmunamál þegnanna til skipulegrar meðferðar og var hafinn undirbúningur að setningu heildarlöggjafar um raforkumál landsins. Árangur þessa var raforkulögin, sem samþykkt voru á Alþingi 1946. Í þeim lögum var gert ráð fyrir stórátaki af hálfu ríkisins í rafvæðingu landsbyggðarinnar. Rafmagnsveitur ríkisins skyldu stofnaðar til þess að annast framleiðslu og aðalflutning raforku, og Héraðsrafmagnsveitur ríkisins skyldu einnig stofnaðar til þess að koma upp dreifiveitum og annast rekstur þeirra í strjálbýli, að nokkru með þátttöku héraðanna. Ríkisveiturnar hófu svo formlega starfsemi sína 1. jan. 1947, og kom strax í ljós, hve viðamikil verkefni biðu þeirra víðs vegar um landið. Frá öllum landshlutum var sótt á Rafmagnsveitur ríkisins um aðstoð, ýmist beint, þ. e. a. s. að yfirtaka reksturinn að öllu leyti, eða óbeint, þ. e. aðstoð við umbyggingu kerfanna og aðflutningur á raforku.

Skilningur fjárráðamanna var mikill á raforkuhungri landsbyggðarinnar. Geysimiklum fjárhæðum á þeirra ára mælikvarða var varið til sveitarafvæðingar, byggingar orkuvera og flutningalína og kannske ekki alltaf spurt um hagkvæmni eða afkomumöguleika þessara fyrirtækja. En hér urðu mikil umskipti og meiri væntanleg hjá hinum raforkusnauðu byggðum. Fjöldi forsvarsmanna kauptúna og kaupstaða óskuðu eftir, að Rafmagnsveitur ríkisins tækju við rafveitum þeirra, og varð ríkið við þeim óskum, enda þótt þeir baggar væru á ýmsum stöðum æðiþungir. Í flestum tilvikum var um að ræða dísilstöðvar fyrir viðkomandi kauptún og oftast nær mjög léleg og ófullnægjandi dreifikerfi. Rafmagnsveiturnar urðu því hið fyrsta að hefja umbyggingu og í mörgum tilfellum nýbyggingu dreifikerfanna ásamt fullnægjandi orkuöflun, sem ýmist var með línulögnum frá vatnsorkuverum eða umbyggingu dísilstöðva. Til þess að mismuna ekki raforkunotendum Rafmagnsveitnanna var fljótlega ákveðið, að sama smásöluverð á raforku frá þeim skyldi gilda um allt land.

Á þeim fyrstu 25 árum, er liðu frá stofnun Rafmagnsveitna ríkisins (nokkur breyting var ákveðin á þeim með orkulögunum 1967), hefur ríkið lagt fram fé til hinna mismunandi rafvæðingarþátta landsins sem hér segir, án umreiknunar til núverandi verðlags:

1.	Til virkjana og dísilstöðva	425 Mkr.
2.	Til aðalorkuflutningslína	285 —
3.	Til bæjarkerfa	170 —
4.	Til sveitarafvæðingar	525 —
	Samtals	1405 Mkr.

Verðmæti þessara mannvirkja, miðað við núverandi verðlag, er vafalítið yfir þrjá milljarða króna.

Með þessum fjármunum hefur ríkið tryggt um 49 000 manns bein kaup á raforku (smásala) frá Rafmagnsveitum ríkisins og auk þess flutning á orku (heildsala) til byggðarlaga með um 36 000 manns. Þá hefur ríkið einnig gerst helmingsaðili í stærstu orkuverum landsins: Landsvirkjun og Laxárvirkjun. Þegar frá er talið höfuðborgarsvæðið, er svo komið, að nærri lætur að Rafmagnsveitur ríkisins sjái beint eða óbeint um 84% annarra landsmanna fyrir raforku. Ekki verður um það deilt, að með þessu móti hefur okkur Íslendingum tekist að sjá nær öllum þegnum þjóðarinnar fyrir nægri raforku, tekist með ágætum og sannað áþreifanlega, hve vel þetta rekstrarfyrirkomulag hentar í rafveiturekstri hér á landi.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki sætt neinni teljandi gagnrýni frá notendum sínum, hvorki sveitarfélögum né einstaklingum, á þessu árabili, þegar frá eru taldar kvartanir um of hátt raforkuverð, en það er þáttur, sem á sínar eðlilegu orsakir. Hinn eiginlegi rafveiturekstur mun hjá fáum rafveitum hérlendis vera hagkvæmari né þjónustubetri. Rafmagnsveiturnar hafa gengið á undan öðrum rafveitum á ýmsum rekstrarsviðum og má þar til nefna bókhald, álesturs- og innheimtufyrirkomulag, tilkomu nýrra gjaldskrárliða, birgðahald, varnarviðhald virkja og véla í rekstri, breytt gæslufyrirkomulag á rafstöðvum, snyrtimennsku í frágangi og umhirðu mannvirkja, og fleira mætti tilfæra.

Sú eina verulega gagnrýni, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið fyrir, hefur komið frá forsvarsmönnum rafveitna sveitarfélaga og hefur beinst að því einu, að „ríkið" skuli vera rekstraraðilinn. En telja verður að það („ríkið") megi vel við una, hve vel hefur tekist um þennan rekstur þess.

Þær raddir hafa heyrst í seinni tíð, að eðlilegt væri að héruðin úti á landsbyggðinni hefðu einhverja aðild að rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Eins og áður eru þessar raddir háværastar frá þeim, sem ekki njóta þjónustu Rafmagnsveitna ríkisins, frá þeim aðilum, er sjálfir reka rafveitur sveitarfélaganna.

Allur rafveiturekstur á Íslandi er í höndum hins opinbera, en ekki einkaaðila, ýmist bæjar- og sveitarfélaga eða ríkisins. Fyrir þjóðarbúið hlýtur því að ráða í vali um framtíðarfyrirkomulag, hvað best hefur reynst. Stórar rekstrarreiningar eru hér tvímælalaust heppilegar. Sjálfstæð félög, sameign ríkis og sveitarfélaga, kæmu vafalaust til greina sem heppileg lausn, þar sem hægt væri að beita hagkvæmni og nauðsynlegri sérkunnáttu í byggingu og rekstri.

Sjá núverandi svæðaskiptingu Rafmagnsveitna ríkisins á mynd 5.

VIII. TÖFLUR.

Tafla 1. Afl og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1976

Nr.	Stöðvar	Ástimplað afl 1976-12-31 kW	Mesta álag 1976 kW	Orku-vinnsla 1976 MWh	Aukning vinnslu 75/76 %
1.	**Vatnsafl**				
1	Búrfell	240 000	229 000	1 444 508	3,2
2	Steingrímsstöð	26 400	28 000	157 875	8,6
3	Írafoss	47 800	49 000	300 043	10,5
4	Ljósafoss	14 600	15 500	114 370	20,9
5	Elliðaár	3 160	1 400	1 340	15,0
6	Andakíll	7 920	6 200	38 045	6,1
7	Rjúkandi	840	1 003	7 170	0,2
8	Mjólkurá	8 100	8 500	34 975	92,5
9	Reiðhjalli	400	437	2 169	÷23,9
10	Fossavatn og Nónhornsvatn	1 160	1 200	4 618	÷0,4
11	Sængurfoss	720	–	–	–
12	Blævadalsá	200	180	632	–
13	Mýraá	60	60	207	÷23,1
14	Þverá	1 436	1 508	4 120	÷1,3
15	Laxárvatn	480	487	3 816	1,6
16	Gönguskarðsá	1 064	1 260	8 774	÷6,3
17	Skeiðsfoss	4 900	3 870	12 829	13,1
18	Garðsá	174	170	994	÷5,0
19	Laxá	20 460	22 000	152 529	2,0
20	Lagarfoss	7 500	8 200	40 247	90,3
21	Fjarðará	160	166	1 095	÷5,0
22	Grímsá	2 800	3 267	7 775	÷31,2
23	Búðará	240	190	959	7,4
24	Smyrlabjargaá	1 000	1 465	10 419	3,8
	Alls	391 874	-	2 349 509	6,5
2.	**Jarðvarmi**				
1	Námafjall	2 625	3 000	19 012	3,6
3.	**Olíustöðvar**				
1	Elliðaárstöð	19 000	–	–	–
2	Straumsvík	35 000	31 000	192	–
3	Vestmannaeyjar	3 860	1 700	1 975	26,8
4	Aðrar (43)[1]	50 325	–	50 752	÷23,7
	Alls	108 185	–	52 919	÷26,0
	Samtals	502 684	–	2 421 440	5,5

[1]) Sjá sundurliðun á töflu 2.

Tafla 2. Afl og orkuvinnsla olíustöðva 1976.

Nr.	Stöðvar	Ástimplað afl 1976-12-31	Orku-vinnsla 1976	Aukning vinnslu 75/76
		kW	MWh	%
1.	Kirkjubæjarklaustur	575	19	÷91,2
2.	Vík í Mýrdal	268	0	–
3.	Ólafsvík	1 800	360	÷82,7
4.	Stykkishólmur	690	294	÷82,5
5.	Búðardalur	665	788	÷79,6
6.	Saurbær	220	57	÷84,2
7.	Reykhólar	643	1 438	–
8.	Flatey	45	40	5,3
9.	Patreksfjörður	900	212	÷93,3
10.	Sveinseyri	420	335	–
11.	Bíldudalur	950	186	÷91,6
12.	Þingeyri	500	113	÷90,8
13.	Flateyri	580	134	÷91,8
14.	Suðureyri	723	170	÷65,7
15.	Bolungarvík	409	454	÷6,8
16.	Ísafjörður	2 990	593	÷14,1
17.	Súðavík	165	–	–
18.	Snæfjöll	11	–	–
19.	Drangsnes	409	974	135,3
20.	Reykir	450	26	÷87,3
21.	Laxárvatn	2 370	2 924	÷36,0
22.	Skagaströnd	250	1	–
23.	Sauðárkrókur I	1 200	1 449	÷54,2
24.	Sauðárkrókur II	200	–	–
25.	Siglufjörður	1 500	1 989	÷20,9
26.	Grímsey	135	278	÷2,1
27.	Hrísey	250	–	–
28.	Hjalteyri	320	–	–
29.	Akureyri	14 389	19 121	63,9
30.	Húsavík	500	19	÷74,3
31.	Raufarhöfn	836	101	÷30,3
32.	Þórshöfn	448	31	÷60,3
33.	Bakkafjörður	190	227	17,0
34.	Vopnafjörður	1 224	4 620	14,8
35.	Bakkageröi	245	20	33,3
36.	Seyðisfjörður	2 600	2 904	÷42,7
37.	Neskaupstaður	3 000	2 907	÷44,6
38.	Eskifjörður	1 200	277	÷64,1
39.	Reyðarfjörður	250	14	÷69,6
40.	Fáskrúðsfjörður	1 440	1 250	÷43,2
41.	Stöðvarfjörður	480	894	44,9
42.	Djúpivogur	615	1 469	÷38,7
43.	Höfn í Hornafirði	3 270	4 064	36,8
	Alls	50 325	50 752	÷23,7

Tafla 3. Aðalháspennukerfi landsins 1. 1. 1977.

Spenna kV	Landsvirkjun km	Andakílsár-virkjun km	Laxár-virkjun km	Rafmagnsv. ríkisins km	Skeiðs-foss km	Alls km
19	–	–	–	1 144	–	1 144
22	–	–	–	–	22	22
33	37	–	–	1 024	–	1 061
66	45	60	56	270	–	431
132	62	–	–	277	–	339
220	218	–	–	–	–	218
Alls	362	60	56	2 715	22	3 215

Tafla 4. Afl og orkuvinnsla eftir orkuvinnslusvæðum 1976.

Orkuvinnslusvæði	Rafvæðing 1976-12-01 Íbúar	Ástimplað afl 1976-12-31 kW	Orkuvinnsla 1976 MWh
Landsvirkjunarsvæði	163 895	402 798	2 067 036
Suður- og Vesturland	163 895	402 798	2 067 036
Flatey	17	45	40
Vestfirðir	8 075	17 297	43 959
Inndjúp	250	991	839
Þverársvæði	1 265	2 788	6 532
Vestfirðir	9 607	21 121	51 370
Norðurland	30 778	45 842	207 803
Skeiðsfosssvæði	3 405	6 574	15 812
Grímsey	87	135	278
Norðurland	34 270	52 551	223 893
Bakkafjörður	105	190	227
Vopnafjörður	850	1 224	4 620
Grímsársvæði	9 313	20 530	59 811
Smyrlabjargaársvæði	1 905	4 270	14 483
Austurland	12 173	26 214	79 141
Landið	219 945	502 684	
Landsvirkjunarsvæði án stórnotkunar	–	–	1 070 451
Landið án stórnotkunar	–	–	1 350 989
Stórnotkun	–	–	2 421 440

ATH.:
793 íbúar höfðu rafmagn frá einkarafstöðvum eða voru án rafmagns.

Tafla 5. Yfirlit yfir eignaraðild raforkuvera eftir orkuveitusvæðum 1976.

Orkuveitusvæði	Íbúar	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh
Suður- og Vesturland, alls	**163 895**	**402 798**	**2 067 036**
Landsvirkjunarsvæði	**163 895**	**402 798**	**2 067 036**
Landsvirkjun		382 800	2 016 988
Andakílsárvirkjun		7 920	38 045
Rafmagnsveitur ríkisins		5 058	8 688
Rafmagnsveita Reykjavíkur		3 160	1 340
Rafveita Vestmannaeyja		3 860	1 975
Vestfirðir, alls	**9 607**	**21 121**	**51 370**
Flatey	17	**45**	**40**
Rafmagnsveitur ríkisins		45	40
Vestfirðir, samtengdir	**8 075**	**17 297**	**43 959**
Rafmagnsveitur ríkisins		12 247	38 536
Rafveita Patrekshrepps		900	212
Rafveita Ísafjarðar		4 150	5 211
Inndjúp	**250**	**991**	**839**
Rafveita Snæfjalla og Reykjarfjarðar		991	839
Þverársvæði	**1 265**	**2 788**	**6 532**
Rafmagnsveitur ríkisins		2 788	6 532
Norðurland, alls	**34 270**	**52 551**	**223 893**
Norðurland, samtengt	**30 778**	**45 842**	**207 803**
Laxárvirkjun		37 474	190 662
Rafmagnsveitur ríkisins		7 668	17 122
Rafveita Sauðárkróks	200	–	–
Rafveita Húsavíkur		500	19
Skeiðsfosssvæði	**3 405**	**6 574**	**15 812**
Rafveita Siglufjarðar		6 400	14 818
Rafmagnsveitur ríkisins		174	994
Grímsey	**87**	**135**	**278**
Rafmagnsveitur ríkisins		135	278
Austurland, alls	**12 173**	**26 214**	**79 141**
Bakkafjörður	**105**	**190**	**227**
Rafmagnsveitur ríkisins		190	227
Vopnafjörður	**850**	**1 224**	**4 620**
Rafmagnsveitur ríkisins		1 224	4 620
Grímsársvæði	**9 313**	**20 530**	**59 811**
Rafmagnsveitur ríkisins		20 040	58 838
Rafveita Reyðarfjarðar		490	973
Smyrlabjargaársvæði	**1 905**	**4 270**	**14 483**
Rafmagnsveitur ríkisins		4 270	14 483
Samtals	219 945	502 684	2 421 440

Ath.:
973 íbúar höfðu rafmagn frá einkarafstöðvum eða voru án rafmagns.

Tafla 6. Rafstöðvar sundurliðaðar eftir eigendum 1976.

Eigendur rafstöðva	Ástimplað afl kW				Orkuvinnsla MWh				Aukning vinnslu 75/76
	Vatn	Varmi	Alls	%	Vatn	Varmi	Alls	%	%
Ríki og bæjarfélög ...	349 260	71 014	420 274	83,6	2 169 325	38 325	2 207 650	91,2	5,4
Rafmagnsveitur ríkisins	24 254	29 585	53 839	10,7	121 554	28 804	150 358	6,2	8,5
Bæjar- og sveitarfélög	18 360	10 211	28 571	5,7	58 630	4 802	63 432	2,6	1,3
Samtals	391 874	110 810	502 684	100,0	2 349 509	71 931	2 421 440	100,0	5,5
%	78,0	22,0	100,0		97,0	3,0	100,0		

Tafla 7. Skrá yfir rafstöðvar. Raðað eftir eigendum 1976.

Nr.	Rafstöðvar	Áætlað afl kW
1.	**Ríki og bæjarfélög**	**420 274**
	Vatnsafl	**(349 260)**
1	Búrfell	240 000
2	Steingrímsstöð	26 400
3	Írafoss	47 800
4	Ljósafoss	14 600
5	Laxá	20 460
	Varmaafl	**(71 014)**
1	Elliðaár	19 000
2	Straumsvík	35 000
3	Akureyri	14 389
4	Námafjall	2 625
2.	**Rafmagnsveitur ríkisins**	**(53 839)**
	Vatnsafl	**24 254**
1	Rjúkandi	840
2	Mjólká	8 100
3	Reiðhjalli	400
4	Þverá	1 736
5	Laxárvatn	480
6	Gönguskarðsá	1 064
7	Garðsá	174
8	Lagarfoss	7 500
9	Fjarðará	160
10	Grímsá	2 800
11	Smyrlabjargaá	1 000
	Varmaafl	**(29 585)**
1	Kirkjubæjarklaustur	575
2	Vík í Mýrdal	268
3	Ólafsvík	1 800
4	Stykkishólmur	690
5	Búðardalur	665
6	Saurbær	220
7	Reykhólar	643
8	Flatey	45
9	Sveinseyri	420
10	Bíldudalur	950
11	Þingeyri	500
12	Flateyri	580
13	Suðureyri	723
14	Bolungarvík	409
15	Súðavík	165
16	Drangsnes	409
17	Reykir	450
18	Laxárvatn	2 370
19	Skagaströnd	250
20	Sauðárkrókur	1 200
21	Grímsey	135
22	Hrísey	250
23	Hjalteyri	320
24	Raufarhöfn	836
25	Þórshöfn	448
26	Bakkafjörður	190
27	Vopnafjörður	1 224
28	Bakkagerði	245
29	Seyðisfjörður	2 600
30	Neskaupstaður	3 000
31	Eskifjörður	1 200
32	Fáskrúðsfjörður	1 440
33	Stöðvarfjörður	480
34	Djúpivogur	615
35	Höfn í Hornafirði	3 270
3.	**Bæjar- og sveitarfélög**	**28 571**
	Vatnsafl	**(18 360)**
1	Elliðaár	3 160
2	Andakíll	7 920
3	Fossavatn og Nónhornsvatn	1 160
4	Sængurfoss	720
5	Blævadalsá	200
6	Mýraá	60
7	Skeiðsfoss	4 900
8	Búðará	240
	Varmaafl	**(10 211)**
1	Vestmannaeyjar	3 860
2	Patreksfjörður	900
3	Ísafjörður	2 990
4	Snæfjöll	11
5	Sauðárkrókur	200
6	Siglufjörður	1 500
7	Húsavík	500
8	Reyðarfjörður	250

Tafla 8. Raforkuvinnslufyrirtæki 1976.

Fyrirtæki	Ástimplað afl, 1976-12-31			Orkuvinnsla 1976			Aukn. vinnslu 75/76
	Vatn kW	Varmi kW	Alls kW	Vatn MWh	Varmi MWh	Alls MWh	%
Landsvirkjun	328 800	54 000	382 800	2 016 796	192	2 016 988	5,3
Andakílsárvirkjun	7 920	–	7 920	38 045	–	38 045	6,1
Laxárvirkjun	20 460	17 014	37 474	152 529	38 133	190 662	6,2
Rafmagnsveitur ríkisins	24 254	29 585	53 839	121 554	28 804	150 358	8,5
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3 160	–	3 160	1 340	–	1 340	15,0
Rafveita Vestmannaeyja	–	3 860	3 860	–	1 975	1 975	26,8
Rafveita Patrekshrepps	–	900	900	–	212	212	÷93,3
Rafveita Ísafjarðar	1 160	2 990	4 150	4 618	593	5 211	÷7,3
Rafveita Reykjarfjarðar	720	–	720	–	–	–	–
Rafveita Snæfjalla	260	11	271	839	–	839	123,1
Rafveita Sauðárkróks	–	200	200	–	–	–	–
Rafveita Siglufjarðar	4 900	1 500	6 400	12 829	1 989	14 818	6,9
Rafveita Húsavíkur	–	500	500	–	19	19	÷74,3
Rafveita Reyðarfjarðar	240	250	490	959	14	973	3,6
Samtals	391 874	110 810	502 684	2 349 509	71 931	2 421 440	5,5

Tafla 9. Raforkusala 1975.

Notkun	GWh	MKr.	Kr./kWh	kWh í %	kr. í %
1. **Sala rafveitna**					
1 Heimilisnotkun	223	2 182	9,78	10,8	32,8
2 Húshitun	246	512	2,05	11,9	7,7
3 Lýsing fyrirtækja	81	1 105	13,64	3,9	16,6
4 Iðnaður	230	1 569	6,82	11,2	23,6
5 Önnur notkun	52	498	9,58	2,5	7,5
Alls smásala	832	5 866	7,05	40,3	88,2
2. **Sala virkjana beint til notenda**					
1 Álverksmiðjan	1 027	490	0,48	49,8	7,4
2 Áburðarverksmiðjan	134	63	0,47	6,5	1,0
3 Kísiliðjan	9	28	3,11	0,5	0,4
4 Keflavíkurflugvöllur	60	201	3,35	2,9	3,0
5 Hvanneyri	1	3	3,00	0,0	0,0
Alls stórsala	1 231	785	0,64	59,7	11,8
Sala alls	2 063	6 651	3,22	100,0	100,0
Flutningstöp og annað	233	–	–	–	–
Framleiðsla alls	2 296	–	–	–	–

Tafla 10. Vergar tekjur raforkufyrirtækja 1975.

Raforkufyrirtæki	Smásala Mkr.	Önnur bein sala[1]) Mkr.	Alls Mkr.	Heildsala til endursölu Mkr.	Sala alls Mkr.
Virkjanir	**0**	**557**	**557**	**2 018**	**2 575**
Landsvirkjun	0	553	553	1 484	2 037
Andakílsárvirkjun	0	4	4	155	159
Laxárvirkjun	0	0	0	379	379
Rafveitur	**5 874**	**229**	**6 103**	**484**	**6 587**
Reykjavík	2 680	–	2 680	–	2 680
Hafnarfjörður	287	–	287	–	287
Vatnsleysa	11	–	11	–	11
Njarðvíkur	60	–	60	–	60
Keflavík	169	–	169	–	169
Gerðar	24	–	24	–	24
Sandgerði	36	–	36	–	36
Grindavík	62	–	62	–	62
Eyrarbakki	15	–	15	–	15
Stokkseyri	12	–	12	–	12
Selfoss	76	–	76	–	76
Hveragerði	26	–	26	–	26
Vestmannaeyjar	133	–	133	–	133
Akranes	154	–	154	–	154
Borgarnes	47	–	47	–	47
Patreksfjörður	29	–	29	35	64
Ísafjörður	83	–	83	4	87
Snæfjöll	1	–	1	–	1
Sauðárkrókur	44	–	44	–	44
Siglufjörður	46	–	46	16	62
Akureyri	362	–	362	–	362
Húsavík	55	–	55	–	55
Reyðarfjörður	20	–	20	3	23
Rafmagnsveitur ríkisins	1 442	229	1 671	426	2 097
Samtals	5 874	786	6 660	2 502	9 162

1) **Sundurliðun**	**786**
Landsvirkjun	**553**
Álverksmiðjan	490
Áburðarverksmiðjan	63
Andakílsárvirkjun	**4**
Hvanneyri	4
Rafmagnsveitur ríkisins	**229**
Keflavíkurflugvöllur	201
Kísiliðjan	28

Samkv. ársreikningum rafveitna.

Tafla 11. Rafvæðing Íslands 1976 12.—01.

Rafvæðing	Íbúafjöldi			
	Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Alls
1. Rafveitur	**163 786**	**30 766**	**25 017**	**219 569**
1 Reykjavík	103 588	1 732	479	105 799
2 Hafnarfjörður	12 363	78	231	12 672
3 Vatnsleysa	–	344	104	448
4 Njarðvíkur	1 615	–	–	1 615
5 Keflavík	6 313	–	–	6 313
6 Gerðar	–	739	–	739
7 Sandgerði	–	1 089	–	1 089
8 Grindavík	1 721	–	–	1 721
9 Eyrarbakki	–	584	–	584
10 Stokkseyri	–	462	32	494
11 Selfoss	–	3 036	–	3 036
12 Hveragerði	–	1 090	–	1 090
13 Vestmannaeyjar	4 568	–	–	4 568
14 Akranes	4 654	–	–	4 654
15 Borgarnes	–	1 422	–	1 422
16 Patreksfjörður	–	1 032	–	1 032
17 Ísafjörður	3 136	–	–	3 136
18 Snæfjöll	–	–	124	124
19 Reykjarfjörður	–	–	126	126
20 Sauðárkrókur	1 898	–	–	1 898
21 Siglufjörður	2 054	–	–	2 054
22 Akureyri	12 299	–	–	12 299
23 Húsavík	2 282	–	–	2 282
24 Reyðarfjörður	–	656	–	656
25 Rafmagnsveitur ríkisins	7 295	18 502	23 921	49 718
2. Virkjanir	–	140	236	376
Alls samveitur	163 786	30 906	25 253	219 945
3. Einkarafstöðvar og órafvætt[1])	15	17	941	973
Samtals	163 801	30 923	26 194	220 918

[1]) Örfá býli eru án rafmagns. Einstaka býli innan marka kaupstaða og kauptúna eru án rafmagns frá samveitum.

Tafla 12. Sundurliðun á íbúafjölda nokkurra rafveitna 1976.

Rafmagnsveita Reykjavíkur	**105 799**
Reykjavík	84 493
Kópavogur	12 848
Garðabær (að hluta)	3 617
Seltjarnarnes	2 630
Mosfellsþorp	1 732
Sveitir	479
Rafveita Hafnarfjarðar	**12 672**
Hafnarfjörður	11 739
Garðabær (að hluta)	624
Sveitir	309
Rafmagnsveitur ríkisins	**49 718**
(Sundurliðun eftir kjördæmum)	
Suðurland	**9 024**
Kirkjubæjarklaustur	88
Vík	364
Hvolsvöllur	470
Hella	496
Rauðalækur	52
Laugarvatn	164
Þorlákshöfn	896
Sveitir	6 494
Reykjanes	**520**
Hafnir	110
Grænás (hluti af Njarðvík)	135
Sveitir	275
Vesturland	**7 762**
Hellissandur	489
Rif	113
Ólafsvík	1 123
Grundarfjörður	660
Stykkishólmur	1 144
Búðardalur	287
Sveitir	3 946
Vestfirðir	**5 189**
Reykhólar	73
Sveinseyri	213
Bíldudalur	317
Þingeyri	381
Flateyri	427
Suðureyri	483
Bolungarvík	1 134
Súðavík	226
Drangsnes	101
Hólmavík	371
Borðeyri	32
Sveitir	1 431
Norðurland vestra	**6 160**
Laugarbakki	67
Hvammstangi	454
Blönduós	818
Skagaströnd	610
Varmahlíð	79
Hofsós	262
Sveitir	3 870
Norðurland eystra	**9 546**
Grímsey	87
Ólafsfjörður	1 143
Dalvík	1 207
Hrísey	294
Litli Árskógssandur	77
Hauganes	100
Hjalteyri	53
Svalbarðseyri	77
Grenivík	225
Reykjahlíð	185
Laugar	111
Kópasker	138
Raufarhöfn	499
Þórshöfn	460
Sveitir	4 890
Austurland	**11 517**
Bakkafjörður	56
Vopnafjörður	604
Bakkagerði	137
Seyðisfjörður	959
Lagarfell	110
Egilsstaðir	965
Neskaupstaður	1 684
Eskifjörður	1 033
Hólmar (hluti af Reyðarfirði)	30
Fáskrúðsfjörður	764
Stöðvarfjörður	325
Breiðdalsvík	220
Djúpivogur	344
Höfn í Hornafirði	1 252
Sveitir	3 034

Aðrar rafveitur taka yfirleitt aðeins yfir eitt sveitarfélag.

Tafla 13. Samanburður á nokkrum raforkuverðum 1975—1977.
Miðað við mitt ár.

Nr.	Rafveitur	Heimilisnotkun 3 000 kWh 3 herb. íbúð			Stórar vélar 2 500 st. nýt. tími		
		1975 kr/kWh	1976 kr/kWh	1977 kr/kWh	1975 kr/kWh	1976 kr/kWh	1977 kr/kWh
1	Reykjavík	9,81	10 79	13,65	6,03	6,63	8,39
2	Hafnarfjörður	10,02	11 03	13,97	7,17	7,89	9,98
3	Vatnsleysa	9,14	10 00	13,20	7,49	7,89	10 37
4	Njarðvík	9,14	10,00	13,20	7,49	7,89	10,37
5	Keflavík	10,24	10,24	13,52	7,61	7,61	10,04
6	Gerðar	10,24	10,24	13,52	7,61	7,61	10,04
7	Sandgerði	10,24	10,24	13,24	7,71	7,71	10,22
8	Grindavík	10,24	10,24	13 52	7,71	7,71	10,18
9	Eyrarbakki	9 83	10,85	12,98	6,89	7,54	9,27
10	Stokkseyri	9,83	10,85	12,98	6 89	7 54	9,27
11	Selfoss	9,83	10,85	12,98	6 89	7.54	9,27
12	Hveragerði	9,83	10,85	12,98	6 89	7,54	9,27
13	Vestmannaeyjar	9,80	11,07	14,13	7 47	8,35	9,96
14	Akranes	8,19	9,01	11,30	5 72	6,29	7,89
15	Borgarnes	8 62	10,04	14,56	6 54	7,58	9,76
16	Patreksfjörður	10,82	13,00	19 65	6,75	7,52	12,13
17	Ísafjörður	10,83	13,01	18,70	6,75	7,52	12,71
18	Sauðárkrókur	9,92	9,92	14,22	7,26	7,26	10,45
19	Siglufjörður	6,62	12,21	14,65	5,40	10,02	12,02
20	Akureyri	8 50	9,67	13,56	5,22	5,74	8,07
21	Húsavík	10,54	10,54	14,58	7,54	7,54	10,14
22	Reyðarfjörður	7,82	7,82	14,54	5,83	5,83	10,20
23	Rafmv. ríkisins	14,27	15,71	21.48	8.77	9,65	13,13
	Meðaltal	9,75	10,79	14,41	6,94	7,58	10,14

Tafla 14. Yfirlit yfir heildsöluverð á rafmagni 1977 06.—01.

	Aflgjald kr/kW	Orkugjald kr/kWh	Meðalverð við 5 000 st. nýt. tíma kr/kWh
ALMENN SALA			
Landsvirkjun			
Aflgjald	7 847		3,40
+ orkugjald, nýtingartími < 2 500 st.		2,515	
— 2 500 — 4 000 –		1,455	
— > 4 000 –		0,663	
Andakílsárvirkjun			
Verð I			
Aflgjald	7 334		3,17
+ orkugjald, nýtingartími < 2 500 st.		2,350	
— 2 500 — 4 000 –		1,360	
— > 4 000 –		0,620	
Verð II			
Aflgjald	9 342		3,99
+ orkugjald, nýtingartími < 2 500 st.		2,927	
— 2 500 — 4 000 –		1,693	
— > 4 000 –		0,846	
Laxárvirkjun			
Aflgjald	11 788		3,22
+ orkugjald		0,861	
Sumartoppur ÷ vetrartoppur	3 450		
Næturtoppur ÷ dagtoppur	3 450		
Rafmagnsveitur ríkisins			
Aflgjald	8 802		3,80
+ orkugjald, nýtingartími < 2 500 st.		2,788	
— 2 500 — 4 000 –		1,612	
— > 4 000 –		0,806	


Heildsöluverð Landsvirkjunar til rafveitna er hér miðað við afhendingu rafmagns undir 132 kV málspennu. Sé afhendingarmálspennan 132 kV, lækkar verðið um 7%, en sé hún 220 kV, lækkar hún um 5% frá 132 kV verði. Verð Laxárvirkjunar lækka um 7%, sé rafmagnið selt á 60 kV málspennu.
Landsvirkjun, Andakílsárvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins reikna aflgjald á meðaltal fjögurra hæstu mánaðartoppa ársins, mældra sem 30 mín. meðalálag á afhendingarstað.
Landsvirkjun miðar gjaldskrá sína við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85, en hjá Rafmagnsveitum ríkisins er miðað við meðalfasviksstuðul 0,8.

SAMNINGSBUNDIN SALA			
Landsvirkjun			
Álverksmiðjan h.f. Áburðarverksmiðjan h.f.	–	0,774	0,77


Hreint orkuverð miðað við 4 U.S. mill.
Umreiknað á gengi 193,40 kr/$, 1977–06–01.

IX. MYNDIR.


Mynd 1.



Mynd 2.
Almenningsorkuver á Íslandi 1976.




Mynd 3.


UPPSETT AFL KW
1976-12-31
1. Suður- og suðvesturland
2. Vestfirðir
3. Norðurland
4. Austurland
Varmaafl
Vatnsafl
Jarðvarmaafl
Samtengd svæði
100 km
50
0


RAFVÆÐING ÍSLANDS
í árslok 1976
Almennings rafstöðvar.
Byggð svæði.
Rafvædd svæði.
Órafvædd svæði.
0
50
100km

Mynd 4.


Mynd 5.
Rafveitusvæðaskipting.



Mynd 6.


ORKUSTOFNUN
RAFORKUDEILD
Virkjunarstaðir á Íslandi
með vinnslugetu 200 GWh/ári
eða meir
April 1969
0
50
km 100
Tæknilega nýtanlegt vatnsafl sem talið er hagkv. að virkja
Tæknilega nýtanlegt vatnsafl sem óvíst er talið að hagkvæmt sé að virkja
Tölur við hringa tákna meðaltal árlegrar vinnslugetu, GWh
Samanlögð vinnslugeta innan afmörkuðu svæðanna, GWh/ári
Veituvirki

Mynd 7.


ORKUSTOFNUN
JARÐHITI ÍSLANDS
580 GWh/ári
9200 GWh/ári
1720 GWh/ári
16100 GWh/ári
52400 GWh/ári
0 GWh/ári
WP
SN
RE
RM
SA
MNI
NEI
Háhitasvæði
Hverir 75-100 °C
45- 75 °C
20- 45 °C
< 20 °C
Ölkeldur
Mörk virkra eldgosasvæða
T Tertier gosberg
0 50 100 km

Ed. 84. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við 86. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Vátryggingafélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70. gr., skulu greiða 1½% af iðgjaldatekjum þeirra vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, er renni til Umferðarráðs. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör fer fram, þegar ársreikningar hvers félags liggja fyrir. Það, sem á kann að vanta til þess að þessar tekjur nægi til að standa undir rekstri Umferðarráðs, greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingu á umferðarlögunum á árinu 1970 voru lögfest ákvæði um Umferðarráð, sem sett hafði verið á stofn í ársbyrjun 1969. Í lögum þessum voru eigi ákvæði um fjármögnun til starfsemi ráðsins, en gert var ráð fyrir því, að sá kostnaður greiddist úr ríkissjóði, að því leyti sem aðrir aðilar stæðu eigi undir honum.

Verkefni Umferðarráðs eru mörg og margvísleg, en vegna fjárskorts hefur ráðið ekki getað framkvæmt þau nema að takmörkuðu leyti. Hitt er hins vegar óumdeilanlegt, að þau verkefni, sem Umferðarráð hefur getað sinnt fram til þessa, hafa stuðlað að bættri umferðarmenningu og átt sinn þátt í að draga úr slysum í umferðinni og vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðar- og öryggismál og þann mikla vanda, sem á þessu sviði er við að stríða.

Til að bæta úr brýnni fjárþörf til umferðarslysavarna er hér lagt til, að hluti (1½%) af iðgjaldatekjum vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja, þ. e. bruttóiðgjöld að frádregnum afslætti (bónus), skuli renna til Umferðarráðs í þessu skyni. Heildariðgjöld ábyrgðartrygginga tilheyrandi árinu 1976, sem er síðasta árið, sem tölur liggja fyrir um, námu 1235 millj. kr. Ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á yfirstandandi ári, hefðu því 18.5 millj. kr. gengið til umferðarslysavarna auk framlags til Umferðarráðs á fjárlögum, sem nemur 19 263 þús. kr.

Með þessum tekjustofni, ef að lögum verður, ætti að vera skapaður grundvöllur fyrir aukinni starfsemi Umferðarráðs, enda er ekki gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs falli niður, þótt þessi tekjustofn verði upp tekinn.

Ekki er óeðlilegt, að vátryggingafélög þau, sem leyfi hafa fengið til reksturs þessarar tryggingargreinar, greiði þetta framlag, því að ætla verður, að með aukinni starfsemi Umferðarráðs á sviði umferðarslysavarna dragi úr tjónum af völdum ökutækja og þeim fækki og umferðin í heild verði öruggari.

Gert er ráð fyrir því, að ákvæði um framlag vátryggingafélaga taki gildi við upphaf næsta árs, miðað við iðgjöld þeirra á yfirstandandi ári.

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um þróun iðnaðar á Vesturlandi.

Flm.: Ingiberg J. Hannesson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraðað verði gerð áætlana um iðnþróun á Vesturlandi til þess að treysta atvinnugrundvöll í kjördæminu, einkum þar sem atvinnuástand er ekki öruggt og þar sem iðnaður gæti fyllt upp í og skapað öryggi í atvinnu við hlið hinna hefðbundnu atvinnugreina í sjávarútvegi og fiskvinnslu, landbúnaði, verslun og hinum ýmsu þjónustugreinum.

Greinargerð.

Það er alkunna, að víða um byggðir landsins er brýn þörf á því, að unnið verði skipulega að gerð áætlana um atvinnuuppbyggingu og þróun iðnaðar til þess að treysta atvinnugrundvöll og þar með afkomuöryggi fólks, sem ekki getur komist að í hinum hefðbundnu atvinnugreinum né er þess umkomið sökum heilsufars, aldurs eða af öðrum ástæðum að taka þátt í helstu framleiðsluatvinnugreinum þjóðarinnar.

Unnið hefur verið að gerð áætlana um þessi efni af Framkvæmdastofnun ríkisins — og er vonandi að þar miði í rétta átt. En þörfin er hins vegar víða brýn og aðkallandi og erfitt mörgum byggðarlögum að bíða árum saman eftir samningu áætlana um verkefni, sem hrinda þyrfti í framkvæmd hið fyrsta, ef vel ætti að vera. Víða standa menn frammi fyrir þeirri staðreynd, að ungar, vinnandi hendur verða að flýja byggðarlög sín og fara annað í atvinnuleit til þess að geta skapað sér framtíðarmöguleika við sæmilegt atvinnuöryggi. Þetta gildir auðvitað fyrst og fremst um þéttbýlið, þar sem vinnuaflið er mest, en einnig og í sumum tilvikum ekki síður í hinum þéttbýlli sveitum, þar sem ungt fólk getur ekki komist að við landbúnaðarstörf, en vill þó vera um kyrrt í heimabyggð sinni og taka þar til höndum við atvinnuuppbyggingu í einhverri mynd.

Víða hefur þó, sem betur fer, verið lyft grettistökum í þessum efnum, þar sem sett hafa verið á stofn lítil iðnfyrirtæki, sem fyllt hafa upp í skörðin og skapað viðfangsefni og veitt þjónustu í ýmsum myndum. En betur má ef duga skal í þessum efnum. Tækifærin eru mörg og margháttuð, og margvísleg eru til að mynda þau jarðefni, sem fólgin eru í jörðu, sem verða mættu grundvöllur iðnaðar í einhverri mynd. Má í því sambandi nefna í Vesturlandskjördæmi vinnslu perlusteins, svo og hugsanlegan iðnað byggðan á vinnslu leirs, sem mikið er til af í Dalasýslu, og svo mætti lengi telja.

Hinir fjölmennari staðir kjördæmisins, svo sem Akranes, Borgarnes, Ólafsvík, Hellissandur og Rif, Stykkishólmur, Grundarfjörður og Búðardalur hafa á liðnum árum tekið stakkaskiptum og lagt mikið af mörkum til byggðaþróunar og uppbyggingar í atvinnulegu tilliti.

Sjávarplássin leggja eðlilega mesta áherslu á vinnslu sjávarafurða, þar sem aðallega er þó um að ræða frumvinnslu, en nýting og fullvinnsla þeirra afurða á enn langt í land með að verða svo sem æskilegt er og nauðsynlegt til þess að þjóna sem best í atvinnulegu og markaðslegu tilliti. Þar er að ýmsu unnið, en þó meira ógert.

Þar sem sjávarafla nýtur ekki við, er aðallega byggt á margvíslegri þjónustu við landbúnaðinn og vinnslu á þeim afurðum, sem hann gefur af sér. En þar er einnig margt óunnið, sem huga þarf að.

Á sumum þessara staða hefur ýmis annar iðnaður risið samhliða vinnslu aðalatvinnugreinanna, og þarf að auka þá möguleika svo sem kostur er. Hinir fámennari

staðir ásamt sveitunum eru víðast hvar í mikilli þörf fyrir aðstöðu til uppbyggingar í þessu tilliti. Þannig þróast þessi mál smám saman samhliða útþenslu byggðarinnar og fjölgun þess fólks, sem út á vinnumarkaðinn kemur.

Hins vegar er nauðsynlegt, að opinberir aðilar geri ákveðnar tillögur í þessu sambandi, sem séu í samræmi við þá afkomumöguleika sem viðkomandi atvinnugreinar fælu í sér. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt, — til að freista þess að ýta á þessi mál og fá fram áætlanir og hugmyndir manna, sem einbeita sér að slíkri áætlanagerð, og til að forðast mistök, sem oft eiga sér stað í þessum efnum, þegar unnið er oft á tíðum meira af kappi en forsjá og oft óskipulega og fyrirtækin ekki byggð á nægilega traustum grunni frá byrjun. Hér gildir oft að fara gætilega af stað og forðast að taka stökk í stað skrefa, en undirbúa málin vel áður en hrundið er úr vör.

Íslenskt þjóðfélag er í stöðugri og hraðri mótun og hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma frá tiltölulega frumstæðu bændaþjóðfélagi til iðnvædds nútímaþjóðfélags, sem byggir á vaxandi tækniþekkingu og hagræðingu á ýmsum sviðum. Því er nauðsynlegt að samfara hagnýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar fari skynsamleg áætlanagerð um nýtingu þeirra og uppbyggingu, sem verða mun þjóðinni til sem mestra hagsbóta þegar tímar líða.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um aðgerðir til varnar gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jón Skaftason, Jón Árm. Héðinsson, Axel Jónsson, Gils Guðmundsson, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram úttekt á ágangi sjávar á land á Suðurnesjum, Vatnsleysuströnd, Hvaleyri við Hafnarfjörð, Álftanesi og Seltjarnarnesi og gera áætlun um varnarráðstafanir.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur ágangur sjávar valdið verulegum spjöllum á Suðurnesjum, Vatnsleysuströnd, Hvaleyri, Álftanesi og Seltjarnarnesi. Vegna kostnaðar hefur sveitarfélögum og öðrum landeigendum ekki verið unnt að verjast spjöllum af landbroti. Fjárframlög ríkisins hafa verið svo naum, að víðast hafa þau vart dugað til annars en koma vinnuvélum á vettvang.

Gert er ráð fyrir, að á næsta ári verði nær 2000 millj. kr. varið úr ríkissjóði til ræktunar og landgræðslu, en samtímis brotnar niður og glatast dýrmætt land, vegna þess að einungis 35 millj. kr. er varið í heild úr ríkissjóði til sjóvarnargarða.

Verði ekki gripið til miklu öflugri varnaraðgerða en fjárveitingar úr ríkissjóði hafa gert kleift að vinna undanfarin ár, mun sjórinn brjóta mikið land á þeim slóðum, sem hér er um að ræða, og óbætanlegt tjón hljótast af.

Því er með þáltill. þessari lagt til að snúist verði til varnar með raunhæfum aðgerðum og að framkvæmdum unnið samkvæmt sérstakri áætlun, sem byggi á auknum stuðningi ríkissjóðs, eftir að úttekt hefur farið fram á því landbroti, sem þarna á sér stað.

Ed. **87. Frumvarp til laga** [75. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. l. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt var lagður 1% skattur á launagreiðendur af greiddum vinnulaunum. Með l. nr. 94/1970 var ákveðið að innheimta 1½% til viðbótar af launaskattsstofni og skyldi sú viðbót gilda frá 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971. Þessi viðbótarskattur var síðan framlengdur fjórvegis með tímabundnum lagaákvæðum þannig að í reynd var innheimtur 2½% launaskattur á tímabilinu frá 1. desember 1970 til 1. apríl 1974.

Með lögum nr. 10/1974, 17. gr., var hinn fasti launaskattur hækkaður úr 1% í 2% en jafnframt var ákveðið í 18. gr. laganna að 1½% álagið skyldi innheimt áfram frá 1. apríl 1974 til loka ársins 1974. Þessi viðbótarskattur hefur síðan verið framlengdur með tímabundnum lagaákvæðum, síðast með lögum nr. 105/1976. Hefur því verið innheimtur 3½% launaskattur frá 1. apríl 1974.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ótímabundin ákvæði um að launaskattur skuli áfram vera 3½% eins og hann hefur verið síðastliðin þrjú og hálft ár. Er þetta launaskattshlutfall löngu orðið í reynd einn af föstum tekjustofnum ríkissjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Er lagt til að skipting skattarins milli þessara aðila verði óbreytt frá því sem verið hefur.

2. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. gr. l. nr. 105/1976 og felst í henni að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1978 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.

Ed. **88. Frumvarp til laga** [76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

A-liður 25. gr. laganna (sbr. 9. gr. l. nr. 11/1975) orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi:
   Af fyrstu 615 350 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 246 150 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 861 500 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara:
   Af fyrstu 861 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 369 230 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 1 230 730 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss að í framhaldi af viðræðum milli fulltrúa ríkisins og aðila vinnumarkaðarins um leiðir til að ná samningum um kaup og kjör milli þessara aðila hafi ríkisstjórnin gefið vilyrði um að þáttur í aðgerðum ríkisvaldsins yrði lækkun tekjuskatts þegar við álagningu á þessu ári.

Þar sem undirbúningi að álagningu gjalda fyrir skattárið 1976 er um það bil að ljúka hjá skattstjórum ber brýna nauðsyn til að gera nú þegar breytingar á tekjuskattslögum til samræmis við þetta fyrirheit.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

A-liður 25. gr. laganna (sbr. 9. gr. l. nr. 11/1975) orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi:
   Af fyrstu 615 350 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 246 150 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 861 500 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara:
   Af fyrstu 861 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 369 230 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 1 230 730 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-lið þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1976.

Gjört í Reykjavík 22. júní 1977.

Geir Hallgrímsson. **Ásgeir Bjarnason.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um sama kjördag fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé æskilegt, að reglulegar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fari fram samtímis.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi, en var ekki afgreidd.

Kjörtímabil til Alþingis og sveitarstjórna er venjulegast 4 ár.

Skv. 57. gr. laga nr. 52 frá 14. ágúst 1959, sbr. lög 22/1971, eiga almennar, reglulegar alþingiskosningar að fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Hafi þingrof átt sér stað getur kjördagur þó verið annar.

Skv. 17. gr. laga nr. 58 frá 29. mars 1961 eiga almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, að fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag.

Það er vel þekkt hérlendis að kosningaundirbúningur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar er kostnaðarsamur og tímafrekur. Síðustu vikurnar fyrir kosningarnar eru starfsmenn flokkanna og embættismenn, sem sjá eiga um kosningarnar, algjörlega bundnir kosningastarfinu. Kosningaundirbúningsins gætir og um allt þjóðfélagið.

Venjulegast er ekki kosið sama ár til Alþingis og sveitarstjórna. Rándýr kosningaundirbúningur fer því fram bæði fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar. Frá þjóðfélagslegu sjónarmiði verður að telja þetta óheppilegt og að áliti flm. þessarar tillögu ónauðsynlegt. Réttur kjósandans til að neyta atkvæðisréttar síns ætti á engan hátt að skerðast við þá breytingu, að kjördagur fyrir reglulegar alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar verði sá sami og að þær fari fram samtímis.

Með tillöguflutningi þessum er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að athuga breytingu í þessa áttina.

Flm. er kunnugt um, að árið 1970 var í Svíþjóð tekið í lög það ákvæði að kjósa samtímis til þjóðþings (riksdagen), landsþinga (landsting) og sveitar- og bæjarstjórna (kommun). Þessi skipan gekk í gildi um leið og einnar deildar kerfi var komið á í þjóðþinginu. Kjördagur þar er þriðji sunnudagur í september þriðja hvert ár. Áður höfðu gilt svipuð ákvæði og hér, þ. e. að kjörtímabilið var fjögur ár og kosningar annars vegar til þjóðþingsins og hins vegar til landsþinga og sveitar- og bæjarstjórna voru aðskildar og fóru ekki fram á sama ári.

Það er fullrar athygli vert fyrir Íslendinga — frá tæknilegu sjónarmiði séð — að athuga, **hvernig** sænskir kjósendur fara að því að kjósa. Ég nefni nokkur atriði:

1. Þar sem í raun er um þrennar ólíkar kosningar að ræða, eru kjörseðlarnir í mismunandi litum til aðgreiningar, þ. e. gulir (riksdag), bláir (landsting) og hvítir (kommun).
2. Hér er því svo farið, að kjósandinn fær við kosningu afhentan kjörseðil með nöfnum frambjóðenda allra flokka, og honum er síðan ætlað að krossa við bókstaf þess lista, sem hann styður. Í Svíþjóð eru á hinn bóginn gefnir út sér kjörseðlar fyrir hvern þeirra flokka, sem í framboði eru, og sjá flokkarnir um að senda þá til kjósenda fyrir kosningar. Hver kjósandi fær því í hendur a. m. k. 15 kjörseðla (5 flokkar × 3 kosningar) og fleiri þar sem fleiri flokkar en núverandi þingflokkar bjóða fram. Auk þess geta þeir kjósendur, sem þess óska, fengið eyðukjörseðla á kjörstað. Hafi kjósandi — einhverra hluta vegna — ekki fengið í hendur kjörseðla þess flokks, sem hann óskar að kjósa, þá er vaninn sá, að fulltrúar flokkanna standa utan við kjörstað allan kosningadaginn og deila út kjörseðlum. Þar að auki liggja kjörseðlar frammi á kjörstað.
3. Á kjörstað fær kjósandinn bara í hendur þrjú umslög (eitt fyrir hvern þeirra kjörseðla, sem hann tekur með sér í kjörklefann). Síðan fer hann inn í sjálfan kjörklefann og stingur niður í umslagið kjörseðli þess flokks, sem hann óskar að kjósa. Að síðustu afhendir hann umslögin þrjú og um leið er merkt við á kjörskrá að viðkomandi hafi kosið. Á umslagahornunum eru smágöt, þannig að hægt er að sjá lit kjörseðlanna og fylgjast með því, að hver kjósandi hafi aðeins kosið einu sinni í hverjum kosningum, svo og að sjá til þess, að hver kjörseðill lendi í réttum kjörkassa, þ. e. gulur í þjóðþingskjörkassanum o. s. frv. Að sjálfsögðu gerir þetta kjósandanum kleift að greiða mismunandi flokkum atkvæði í kosningunum þremur, þannig að hann getur t. d. kosið miðflokkinn til þings, jafnaðarmenn til landsþings og kommúnista til sveitarstjórnarstarfa.

Nánar í framsögu.

Nd. 90. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Úr 1. málsgr. 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 33/1976) falli orðin: „og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði“.

2. gr.

Í 6. gr. laganna bætist við ný málsgrein, er verði 3. málsgr., svo hljóðandi:
Fyrir 1970 skal ekki reikna meira en 1.1 stig fyrir hvert almanaksár.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný 2. málsgr., er orðist svo:
Heimilt skal lífeyrissjóði að greiða viðbót við lífeyri skv. lögum þessum sem svarar til lækkunar árlegra stiga í 1.1 fyrir 1970, sbr. 6. gr. 3. mgr., og lækkunar stiga vegna þess að réttindatími er ekki reiknaður nema frá 55 ára aldri eða frá 1955, sbr. 5. gr. 1. og 2. mgr., enda hafi lífeyrisþeginn greitt til lífeyrissjóðs umræddan tíma og þær greiðslur lagðar til grundvallar stigaútreikningi. Þessa viðbót skal ekki draga frá greiðslum samkvæmt 7. og 8. gr.

Greinargerð.

Frá því að aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin gerðu með sér samkomulag um auknar greiðslur ellilífeyris frá umsjónarnefnd eftirlauna hafa komið í ljós ýmsir agnúar. Með þessu frv. er gerð tilraun til að leiðrétta hina verstu, sem aðilum yfirsást að gera er umrætt samkomulag var gert.

Um 1. gr.

Með breytingu á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63/1971 (sbr. lög nr. 33/1976) er leiðrétt það misrétti, sem stafar af misjafnlega ströngum skilyrðum sem lífeyrissjóðirnir gera til örorkulífeyrisþega. Eins og nú er háttað fær maður, sem er í lífeyrissjóði sem krefst 10 ára réttindatíma fyrir veitingu örorkulífeyris, ekki örorkulífeyri, en annar, sem er í sjóði sem einungis krefst 5 ára réttindatíma, fær lífeyri úr þeim sjóði og frá umsjónarnefnd. Það var aldrei ætlun samningsaðila að mismuna mönnum þannig eftir aðild að lífeyrissjóðum. Hér er gert ráð fyrir að báðir hafi 5—10 ára réttindi. Þar með er fyrrgreint misrétti leiðrétt.

Um 2. gr.

Í þessari grein er verið að fylla upp í eyður í lögunum og staðfesta framkvæmd umsjónarnefndar.

Um 3. gr.

Þar sem sérhver greiðsla úr lífeyrissjóði kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum frá umsjónarnefnd, og þar sem þessar greiðslur hafa verið verðtryggðar, ákvarðar lífeyrir frá umsjónarnefnd í reynd samtals greiðslur til lífeyrisþegans frá umsjónarnefnd og velflestum lífeyrissjóðum. Það að miðað er við í hæsta lagi 1.1 stig fyrir 1970 (og þau fá flestir) og það að réttindi eru einungis reiknuð frá 55 ára aldri eða 1955 gerir það að verkum, að ekki skiptir máli fyrir velflesta lífeyrisþega hvort þeir voru í lífeyrissjóði fyrir 1970 eða fyrir 55 ára aldur. Í þessu felst ákveðið ranglæti gagnvart þeim sem greiddu 10% af launum til lífeyrissjóða um árabil. Njóta þeir þess í engu og lífeyrissjóðum er fyrirmunað að bæta þeim þetta upp, þar sem sérhver greiðsla af þeirra hálfu kemur til frádráttar lífeyri frá umsjónarnefnd.
Lagagrein þessi mundi gera lífeyrissjóðunum kleift að bæta þetta misrétti á eigin kostnað.

Nd. 91. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jón Skaftason, Benedikt Gröndal, Magnús T. Ólafsson.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram, skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði, en óvissa ríkir um.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins, að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna, sem renni í Orkusjóð.

Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna.

Nú æskir sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga eftir vinnsluleyfi vegna hitaveituframkvæmda á háhitasvæði í eigu ríkisins, og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt uppdráttum og öðrum þeim upplýsingum um fyrirhugað jarðhitaver, sem ráðherra krefst. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega eða fær það Alþingi til meðferðar.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans, nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum verðmæti borunarinnar, ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós, að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum eða öðrum náttúrulegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir, ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði, sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 3. mgr.

3. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

4. gr.

Upphaf 16. gr. laganna orðist svo:

Nú er jarðhiti á lághitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, ...

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 49. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um, hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

6. gr.

Á eftir staflið d. í 1. mgr. 68. gr. laganna komi ný setning, svo hljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 10. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og sem þingmannafrumvarp á þingunum 1974, 1975 og 1976, en hefur ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Rök fyrir flutningi frv. og lagasetningu um málið hafa að dómi flutningsmanna orðið ljósari með hverju ári sem líður.

Eftirfarandi greinargerð er óbreytt frá því að frumvarpið var síðast flutt:

I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt, að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Sveitarfélög, sem eignast hafa land á háhitasvæði við gildistöku laganna, skulu hafa forgangsrétt til nýtingar háhitans á því landi í fimm ár og vera undanþegin gjaldi fyrir vinnsluna, ef þau sækja um vinnsluleyfi á forgangsréttartímabilinu.

Í samræmi við 2. gr. orkulaganna er Orkustofnun ætlað það hlutverk, að ákveða nánar mörk háhitasvæða og segja álit sitt á, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður best hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið, að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra.

Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Ekki eru í íslenskum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeiganda niður á við, en talið hefur verið, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. (Ólafur Lárusson: Eignarréttur, bls. 46.)

Um afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita þykir rétt að benda á eftirfarandi:

Í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 er á því byggt, að hverir og laugar fylgi landareign þeirri, sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðarétti landeiganda.

Í lögum nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru. Skv. lögunum er landeiganda rétt að hagnýta sér hveri og laugar, eins og honum þykir best henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá segir og í lögunum, að ef landamerki liggi um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugarvatns liggi svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verði aðskilið, þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver hefur til jarðhitaorkunnar. Ekki er í lögunum almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda, en í þeim er þó gert ráð fyrir eignarnámi hvera eða laugarvatns.

Í lögunum nr. 98 frá 1940 og öðrum lagafrumvörpum, sem fyrr höfðu verið lögð fyrir Alþingi, en eigi voru afgreidd, kemur fram sú meginstefna, að landeigandi hafi eignar- og afnotarétt á jarðhita á landareign sinni, með nokkrum takmörkunum þó.

Þessi afstaða kemur og fram í lögum nr. 11 frá 1936, l. nr. 38 frá 1940, l. nr. 101 frá 1940, l. nr. 114 frá 1943 um breytingu á lögum nr. 98 frá 1940, l. nr. 40 frá 1948,

47. gr. l. nr. 102 frá 1962, l. nr. 36 frá 1961, l. nr. 55 frá 1961, l. nr. 28 frá 1963 og l. nr. 23 frá 1966 og e. t. v. víðar.

Árið 1954 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir. Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Böðvarsson, en auk þess starfaði Baldur Líndal með nefndinni. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum. Með greinargerð frumvarpsins fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson „Um eignar- og umráðarétt jarðhita".

Í frumvarpi þessu var svo hljóðandi ákvæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar."

Er frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1956 komu ekki fram athugasemdir þess efnis, að sú almenna takmörkun eignarréttarins, sem fyrr greinir, bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi né hinu næsta.

Með lögum nr. 58 frá 1967, orkulögum, III. kafla, voru l. nr. 98 frá 1940 leyst af hólmi, en í 9. og 10. gr. laganna, sem lagt er til að breytt verði með frumvarpi þessu, eru ákvæði efnislega samhljóða 1. og 3. gr. l. nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í 14. gr. orkulaga er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, en það var nýmæli, þar sem lögin frá 1940 gerðu ráð fyrir, að Alþingi fjallaði hverju sinni um nauðsyn eignarnáms jarðhita.

Enda þótt Alþingi hafi þannig byggt á þeirri meginstefnu í löggjöf, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu, þá setur það löggjafarvaldinu engar skorður við því, að ákveða nú með löggjöf hverjum almennum takmörkunum eignarréttur á jarðhita skuli háður.

Áður hefur verið vikið að þeirri almennu reglu, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum.

Frá þessari almennu reglu verða gerðar undantekningar, bæði á þann hátt að ákveða, að einstök efni undir yfirborði jarðar skuli vera algerlega undanskilin eignarráðum landeiganda eða þau skuli vera undanskilin eignarráðum neðan við tiltekið dýpi.

Í löggjöf margra ríkja, sem veita eignarréttindum sömu vernd og 67. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignar- og umráðarétt ríkisins á ýmsum verðmætum jarðefnum og í jarðhitalöndum eins og Nýja-Sjálandi og Ítalíu teljast landeigendur ekki eigendur jarðhita, sem sækja þarf í jörð niður. Er slíkur jarðhiti í umráðum ríkisins.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins á sér fyrirmynd í 87. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, sem byggð er á belgisku stjórnarskránni frá 1831 og mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789.

Í dönsku námulögunum nr. 181 frá 1950, Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer i Kongeriget Danmarks undergrund, segir í 1. gr., að efni í jörðu, sem ekki höfðu verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1923, séu í umráðum ríkisins, sem getur veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu þeirra. Hefur löggjöf þessi ekki verið talin brjóta í bága við ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í fyrrgreindri ritgerð Ólafs Jóhannessonar, sem fylgdi frumvarpi til laga um jarðhita, er ítarlega fjallað um það, hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð var til í frumvarpinu, bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Var niðurstaða hans sú, að heimilt væri að setja eignarrétti landeiganda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþingi 1945 frumvarp til laga um viðauka við l. nr. 98 frá 1940 (Alþt. 1945 A, þskj. 200). Var þar lagt til, að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja

leyfis, ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri synjað, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Það hefur því verið skoðun dr. Bjarna Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign granna.

Ekki er í frumvarpi þessu gengið svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frumvarpi dr. Bjarna Benediktssonar eða frumvarpinu frá 1956.

Ljóst er, að það er þjóðarheill fyrir bestu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram til þessa.

Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Landeigendur almennt hafa hvorki yfir að ráða þeirri tæknilegu þekkingu né tækjabúnaði, sem þarf til víðtækra rannsókna á háhitasvæðum, til borunar og vinnslu jarðhitans.

Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar, er ekki við því að búast, að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur og að verða einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum, sem áður hafa verið boraðar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að tryggja með lögum þessum, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeiganda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, ber honum fullar bætur fyrir.


II.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpinu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt, að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í fimm háhitasvæði hefur fundist yfir 200° C hiti á minna en 1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til, að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við þetta ástand.


Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt, að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði ekki á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá SV—NA og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á meðfylgjandi mynd, fskj. I. Innan þeirra

Fylgiskjal I.



á Íslandi



B-Ým. Tnr. 342_Fnr. 10933

eru merkt háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið, að háhiti leynist undir.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir.

Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum):
Prestahnúkur (einungis laugar allt að 40° C).
Mýrdalsjökull (undir jökli, íblöndunar jarðhitavatns verður vart í ám).
Tindafjallajökull (einungis laugar um 50° C).
Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu).
Nauthagi (einungis laugar allt að 68° C).
Kaldakvísl (einungis laugar og hverir, minna en 100° C).
Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborði).

Auk þess er líklegt, að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru flest allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðunum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn, sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt, að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm, að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verði óvissa um umráðarétt á jarðhita, sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. Í grein þessari er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði, sem víst er, að eru háhitasvæði. Þau jarðhitasvæði, sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði.

Um 2. mgr. Í málsgrein þessari er ákveðið, að umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita á háhitasvæðum, eins og þau eru skilgreind í 1. málsgrein, tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í greinargerð. Heitu vatni og gufu á háhitasvæðum fylgir jafnan nokkurt magn af uppleystum steinefnum og gastegundum. Þessi efni eru óaðskiljanlegur hluti jarðhitavinnslunnar og er því eðlilegt, að þau séu látin fylgja með jarðhitanum að því er varðar umráða- og hagnýtingarrétt.

Um 3. mgr. Í almennum lið greinargerðar eru talin upp svæði, sem fullvíst er talið, að séu háhitasvæði, og enn fremur þau svæði, sem líkleg teljast. Árið 1969 gerði Orkustofnun áætlun um rannsókn 11 háhitasvæða og hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun að rannsókn Reykjaness, Svartsengis, Krýsuvíkur, Hengils, Námafjalls,

Kröflu og Þeistareykjasvæðis. Á sumum þessara svæða er rannsókn og skýrslugerð að mestu lokið, en rannsókn verður haldið áfram eftir því, sem fé er veitt til.

Um 4. og 5. mgr. Réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar lághita er í engu skertur frá fyrri lögum, og heldur ekki réttur til hvera og annars náttúrulegs jarðhita á yfirborði háhitasvæðis. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan er skilið Hveragerði, sem nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Um 2. gr.

Um 1. mgr. Meginstefna þessa ákvæðis er, að Alþingi ákveði með löggjöf, hvernig skipa skal hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kann að stafa og gegn spjöllum á umhverfi svo og önnur skilyrði, sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það, sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum lögum ákveðna stefnu, sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins. Þess eru dæmi, að sveitarfélög eigi land á háhitasvæðum og hafi látið framkvæma rannsóknir á þeim með vinnslu fyrir augum eða byrjað vinnslu á háhitasvæðum og má vænta þess, að þau verði látin njóta þess, er ákvarðanir verða teknar um nýtingu háhitasvæða og við ákvörðun gjalds.

Ráðherra er heimilt með vissum takmörkunum að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og koma þá sömu sjónarmið til greina við ákvörðun skilyrða, sem setja skal í leyfi.

Grundvallarsjónarmið við nýtingu háhitasvæða er, að aðeins einn aðili hafi á hendi vinnslu varmans á hverju svæði. Leyfi Alþingis þarf til slíkrar vinnslu. Hvert háhitasvæði er sérstakt rennsliskerfi og vinnsla á einum stað hefur meiri og minni áhrif á kerfið í heild. Árekstrarhættu væri boðið heim með því að leyfa fleiri óháðum aðilum að vinna varma úr sama háhitasvæðinu. Þó er gert ráð fyrir, að ábúendur og aðrir, sem búa í nágrenni háhitasvæða, kunni að óska eftir leyfi til borunar vegna minni háttar nýtingar og getur ráðherra veitt slíkt leyfi. Þessi minni háttar nýting mun ekki hafa áhrif á jarðhitasvæðin, en líklegt er, að stórfelld varmavinnsla á svæðinu gæti valdið truflun á henni. Leyfi til minni háttar nýtingar yrðu því að vera háð því skilyrði, að hún víki, ef hagsmunir hennar og meginnýtingar svæðisins fara ekki saman. Hámarksrennsli, sem minni háttar nýting mætti draga úr svæðinu á hverjum stað, er 50 kg/sek., en það er svipað rennsli og búast mætti mest við úr einni borholu.

Eðlilegt er, að gjald komi fyrir vinnslu varma úr háhitasvæðum og renni það gjald til Orkusjóðs, sem kostar rannsóknir á þeim. Gjald þetta mætti tilgreina sem ákveðinn hundraðshluta, t. d. 1—2% á ári af stofnkostnaði eða endurnýjunarverðmæti borhola, sem notaðar eru til vinnslu varmans.

Um 2. mgr. Með ákvæði þessu er sveitarfélögum, sem land eiga á háhitasvæði, veittur forgangsréttur til vinnsluleyfis án vinnslugjalds fyrstu fimmtán árin eftir gildistöku laganna. Ákvæði þetta hefur í för með sér, að ekki verður unnt að skipuleggja endanlega nýtingu þeirra háhitasvæða, sem sveitarfélög eiga land á, fyrr en fimmtán ár eru liðin frá gildistöku laganna og fram er komið hversu víðtæks vinnsluleyfis sveitarfélag óskar, en með ákvæði þessu er komið til móts við þau sveitarfélög,

sem keypt hafa land á háhitasvæði með nýtingu háhitans í huga. Þá er sveitarfélögunum og tryggt með þessu ákvæði, að á þau verður ekki lagt leyfisgjald fyrir þá vinnslu, sem þau ákveða og sækja um á næstu fimmtán árum eftir gildistöku laganna. Ekki þykir fært að veita sveitarfélögum ótakmarkaða undanþágu frá lögunum eða ótímabundinn forgangsrétt til vinnsluleyfis, þar eð slíkt mundi leiða til þess, að sá hluti háhitasvæðis, sem ekki er í eigu sveitarfélags, verður ekki skipulagður til hlítar vegna óvissu um framtíðaraðgerðir sveitarfélags.

Um 3. mgr. Upplýsingar, sem ráðherra þarf að krefjast, eru m. a., að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, vinnslan verði fjárhagslega hagkvæm og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur. Vinnsluaðili skal haga rekstrinum þannig, að óþægindi og spjöll á umhverfi verði sem minnst. Enn fremur þarf vinnsluaðili að tryggja, að tæknilegum frágangi og eftirliti sé svo hagað, að Orkustofnun geti fylgst með vinnslunni og áhrifum hennar á jarðhitasvæðið.

Um 4. mgr. Gert er ráð fyrir því, að sú vinnsla, sem byrjuð er á háhitasvæði, megi haldast óbreytt án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til áframhaldandi vinnslu. Til frekari borunar og vinnslu þarf þó að sækja um leyfi.

Um 5. mgr. Hugsanlegt er, að einkaaðili eða bæjar- og sveitarfélag, sem borað hefur á síðustu árum á háhitasvæði, með einhverja nýtingu í huga, geti nú vegna þessarar lagabreytingar hætt við þá fyrirætlun og vilji selja ríkinu borholurnar. Ekki þykir þó ástæða til að láta þetta ná til eldri borhola en frá árinu 1965.

Um 6. mgr. Í þessum tilvikum eru sett ákvæði um bætur til þeirra, sem verða fyrir tjóni vegna borunar eftir jarðhita á háhitasvæði, en þeir aðilar, sem verndaðir eru af bótaákvæðinu, eru eigendur lands á háhitasvæði, þar sem er að finna hveri eða annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði, svo að þeir, sem byrjað hafa vinnslu jarðhita á háhitasvæði.

Stórfelld og langvarandi varmavinnsla úr háhitasvæði getur lækkað vatnsborð heita grunnvatnsins. Afrennsli nær þá ekki lengur til yfirborðs, svo að hverir þorna eða breytast í gufuaugu. Vinnslan getur einnig leitt til þess, að kalt yfirborðsvatn brjótist inn á svæði, sem áður var heitt. Lækkun á heitu grunnvatni og minnkun á gufustreymi upp til yfirborðs getur orðið til þess, að vatn nálægt yfirborði, sem áður hitnaði við rennsli um efstu jarðlög, fari kólnandi, þar sem minni varmi berst að neðan.

Um 3. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um, að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsóknar að henni lokinni.

Um 4. gr.

Á þessari grein er gerð breyting þess efnis, að landeigendum og leiguliðum er skylt að þola þær kvaðir, sem í greininni eru taldar, einnig í þeim tilvikum, þegar leyfi er veitt til borunar og vinnslu á háhitasvæði og komi fullt endurgjald fyrir.

Um 5. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að Orkustofnun geti fylgst með öllum borunum á meira dýpi en 100 metra. Gefst þá Orkustofnun kostur á að tilkynna þeim, sem hyggst bora, hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Orkustofnun er skylt að fylgjast með vinnslu jarðhita og nýtingu hans. Nær allar boranir eftir jarðhita eru nú gerðar með vitund Orkustofnunar og eru þær borholur yfirleitt dýpri en 100 m. Vinnsla jarðhita með grynnri borholum kemur helst til greina, þegar borað er rétt við hveri í þeim tilgangi að auðvelda beislun þess vatns, sem í hverunum er.

Um 6. gr.

Þar sem lagt er til í 2. gr., að gjöld fyrir leyfi til varmavinnslu renni í Orkusjóð, er nauðsynlegt að taka upp nýtt ákvæði um þennan tekjulið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal II.

Umsögn lagadeildar um frv. til laga um breytingu á orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi (15. mál).

Með bréfi, dags. 6. desember 1973, hefur iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis óskað eftir áliti lagadeildar Háskóla Íslands á því, hvort nokkurt ákvæði frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, brjóti í bága við stjórnarskrána. Fer umsögn deildarinnar hér á eftir.

Hér koma fyrst og fremst til athugunar ákvæði 2. mgr. og 3.—4. mgr. 1. gr. frv., sem eru svo hljóðandi:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Landeiganda er óheimilt að bora á landareign sinni á háhitasvæði eftir jarðhita.“

Í greinargerð fyrir frv. kemur fram, hverjar meginreglur felast í ofangreindum ákvæðum, en í upphafi greinargerðarinnar segir m. a.:

„Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.“

Samkvæmt framansögðu er meginregla umrædds frv. sú, að heimild til hagnýtingar jarðhita á svonefndum háhitasvæðum skuli eftirleiðis vera ríkiseign, að frátöldum jarðhita á yfirborði jarðar. Með vissum skilyrðum halda sveitarfélög áfram jarðhitaréttindum sínum á háhitasvæðum og með vissum takmörkunum einnig aðilar, sem hafa borað eftir jarðhita og byrjað vinnslu hans fyrir gildistöku laganna, sbr. nánar ákvæði í 2. og 4.—5. gr. frv. Í 1. gr. frv. eru háhitasvæði skilgreind með eftirfarandi hætti:

„Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° C hiti ofan

1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum."

Af því, sem að framan hefur verið rakið, kemur skýrt fram, að heimild til hagnýtingar jarðhita með borunum á háhitasvæðum skuli vera ríkiseign, án tillits til þess, hve ofarlega jarðhitinn er í jörðu. Er jafnframt gengið út frá því, að ríkið muni framvegis sjálft hagnýta jarðhita með borunum eða heimila það öðrum gegn gjaldi.

Samkvæmt núgildandi lögum á landeigandi að jafnaði rétt til hagnýtingar jarðhita og jarðefna, sem eru undir yfirborði lands hans, sbr. 9. gr. orkulaga nr. 58/1967 og 1. og 4. gr. námulaga nr. 24/1973. Vafi leikur hins vegar á, hve langt hagnýtingar- og umráðaréttur landeiganda nái í jörðu niður. Þar sem ákvæði frv. áskilja hins vegar ríkinu jarðhita undir yfirborði jarðar á háhitasvæðum, án tillits til þess, hve djúpt hann liggur í jörðu, verður að ætla, að frv. hafi í för með sér, ef að lögum verður, að eigendur jarðhitaréttinda á þessum svæðum verði sviptir heimild sinni samkvæmt núgildandi lögum til að hagnýta jarðhita undir yfirborði jarðar með borunum. Eins og eignaskerðingum þessum er háttað, verður að líta svo á, að skylt sé samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar að láta eignarnámsbætur koma fyrir þær, ef á annað borð er um jarðhitaréttindi að ræða, sem hafa fjárhagslegt verðmæti við gildistöku laganna.

Í greinargerð fyrir frv. segir:

„Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum."

Þarna er byggt á því, að fyrrgreindar skerðingar á jarðhitaréttindum hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu eignarnámsbóta. Þrátt fyrir það er ástæða til að ætla, að frv. verði skýrt þannig, ef það verður að lögum, að eignarskerðingar þessar skuli koma til framkvæmda við gildistöku laganna, en hins vegar beri að greiða þeim aðilum bætur, sem sviptir hafa verið réttindum sínum til að hagnýta jarðhita með borunum, ef um verðmæt réttindi er að ræða.

Niðurstaða lagadeildar er því sú, að ofangreint frv. feli ekki í sér stjórnarskrárbrot, ef það verður að lögum. Hins vegar verði að gera ráð fyrir því, að það geti í einstökum tilvikum haft í för með sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart eigendum jarðhitaréttinda.

Reykjavík, 23. janúar 1974.

Virðingarfyllst,

Jónatan Þórmundsson
forseti lagadeildar.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um könnun á rekstrarhorfum járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Flm.: Jónas Árnason, Stefán Jónsson, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að kanna rekstrarhorfur járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Verði störfum nefndarinnar hraðað sem mest má verða. Leiði könnun í ljós að fyrirsjáanlegt tap verði af fyrirtæki þessu skulu framkvæmdir á Grundartanga stöðvaðar tafarlaust og leitað skynsamlegra ráða til að hagnýta aðstöðuna þar.

Greinargerð.

Járnblendiverksmiðjumálið hefur í tvígang verið afgreitt með lögum frá Alþingi, enda þótt þjóðhagsleg nytsemi fyrirtækisins hafi verið vefengd mjög sterklega, að ekki sé dýpra tekið í árinni, þar á meðal arðsemishliðin, sbr. álit ýmissa sérfræðinga. Í fyrra sinnið, er samþykkt voru lögin um samstarf við Union Carbide, mun meiri hluti þingmanna hafa goldið jáyrði sitt í trú á ríkulegan ávöxt. Í síðara skiptið höfðu ýmsir þingmenn það við orð, að nú væri stuðningur þeirra sprottinn af lítilli bjartsýni, öllu fremur illri nauðsyn og von um að Eyjólfur kynni að hressast.

Flutningsmenn munu ekki að þessu sinni fjölyrða um mengun, mannlífsröskun né aðra slíka þætti málsins, sem meiri hluti háttvirtra alþingismanna hefur skotið skollaeyrum við fram til þessa, og standa þau rök þó enn óhrakin, að af þeim ástæðum einum hefði Alþingi átt að segja þvert nei við þessu máli. Lítum þessu sinni aðeins á efnahagshlið málsins, sem þingmeirihlutinn hefur látið afstöðu sína ráðast af, og skoðum meðfylgjandi gögn, sem tveir sérfræðingar (Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur og Elías Davíðsson kerfisfræðingur) lögðu fram fyrir fáeinum dögum:

HORFUR JÁRNBLENDIVERKSMIÐJUNNAR

Áfangaskýrsla — 1. nóv. 1977

Rétt fyrir afgreiðslu frumvarps um járnblendiverksmiðju, nánar tiltekið 8. apríl 1977, sendum við undirritaðir alþingismönnum og fjölmiðlum skýrslu er við kölluðum „Járnblendiverksmiðjan — Vafasamt fyrirtæki".

Þar gerðum við nokkra grein fyrir framtíðarhorfum verksmiðjunnar. Við gerðum m. a. grein fyrir markaðshorfum, þróun verðlags hráefna og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á arðsemi verksmiðjunnar. Niðurstaða okkar var, að líkur á taprekstri verksmiðjunnar væru yfirgnæfandi á sama tíma og gera má ráð fyrir hagnaði samstarfsaðilans, Elkem-Spigerverket. Allt þetta var rökstutt í umræddri skýrslu með orðum og tölum.

Nú eru 6 mánuðir liðnir frá því skýrslan var birt, en frumvarpið var þá samþykkt og framkvæmdir hafnar. Það er því við hæfi að íhuga, hvernig markaðsmálin hafi þróast frá þeim tíma, og kanna framtíðarhorfur á nýjan leik.

1. Markaðshorfur á kísiljárni og stáli.

Í skýrslu okkar frá því í apríl segjum við m. a.:

„Undanfarna mánuði hafa komið fram í erlendum blöðum og tímaritum athyglisverðar upplýsingar varðandi stálmarkaðinn (en við stálframleiðslu er meginhluti kísiljárns notaður), sem allar benda til þess, að nú standi yfir ein mesta kreppa í stáliðnaði frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk. Menn eru greinilega mjög uggandi um framvindu mála og er engan veginn séð fyrir endann á þessu ástandi stálmarkaðarins. Japanir og ýmis þróunarlönd hafa hug á að ná umtalsverðum ítökum á stálmörkuðum heimsins. Þessi ríki hafa tryggt sér fjármagn og tækniþekkingu til þess að byggja upp sinn eigin stáliðnað. Þetta hefur valdið því að í náinni framtíð má gera ráð fyrir aukinni framleiðslugetu umfram eftirspurn.

Hætt er við að hin aukna framleiðslugeta á stáli muni leiða til langvarandi verðstríða, svo sem þeirra sem vestrænir stálframleiðendur hafa háð við Japani að undanförnu. Í þeirri viðureign nafa Japanir farið með sigur af hólmi, enda búa þeir yfir nýuppbyggðum tækniþróuðum stálverum, sem veita þeim mikið svigrúm til að bjóða framleiðslu sína á mun lægra verði en áður hafði tíðkast."

Þessi þróun hefur að sjálfsögðu áhrif á þróun markaðsmála járnblendiverksmiðjunnar. Mest af kísiljárni verksmiðjunnar er ætlað evrópskum stálverum, sem

vinna nú með mjög lágum afköstum (um 60%) og hafa orðið að losa sig við þúsundir starfsmanna. Um þetta ástand segir ársþriðjungsskýrsla Elkem-Spigerverket (þ. e. yfir tímabilið jan.—apríl 1977):

„Hið veika markaðsástand, sem var á síðustu mánuðum ársins 1976, hélt áfram árið 1977. Evrópski stáliðnaðurinn — sem er stærsti viðskiptaaðili járnblendideildar E-S — starfar enn með minnkuðum afköstum. Þetta hefur leitt til lakari sölu járnblendis auk þess að verðið hefur hrapað gífurlega."

Og í ársþriðjungsskýrslunni kemur fram í beinu framhaldi af áður sögðu:

„...verðið hefur hrapað gífurlega. Ástandið er eitthvað skárra í öðrum deildum. Jafnvel þótt ástand stálmarkaða valdi erfiðleikum, þá heldur járnblendideildin áfram að skila hagnaði."

Nú viljum við minna á, að miðað við þessar markaðsaðstæður, sem hafa verið óbreyttar síðan 1976, mundi Íslenska járnblendifélagið koma út með miklum halla, sbr. áætlun fyrir árið 1976, tafla I, sem kemur fram í skýrslu okkar frá því í apríl og ekki hefur verið mótmælt með rökum. Hitt vissu þingmenn e. t. v. ekki, að við sömu kringumstæður mundu verksmiðjur E-S í Noregi koma út með hagnaði. Þetta ósamræmi í rekstrarafkomu Járnblendifélagsins annars vegar og verksmiðja E-S hins vegar bendir til þess að hagnaður Járnblendifélagsins komi fram annars staðar en á Íslandi.

Yfirráð E-S yfir öðrum hlutum framleiðsluferilsins veitir því ágæta aðstöðu til þess að hagræða verði á hráefnum til verksmiðjunnar, svo og skilaverði til hennar. Það er óraunhæft að reikna með öðru en að E-S noti sér þessa aðstöðu sína. Það er hins vegar undarlegt að Íslendingar geri sjálfir minni arðsemiskröfur til járnblendiverksmiðjunnar en E-S treystir sér að gera til sinna eigin verksmiðja.

Markaðsmál stál- og járnblendiiðnaðarins eru síður en svo skammtíma vandamál, eins og sumir vilja gjarnan trúa. Um langtíma afleiðingar þeirrar þróunar, sem á sér stað á þessu sviði, segir m. a. Norsk Handels og Sjöfarts Tidende frá 18. júlí 1977:

„(...) í dag er ekki hægt að spá um hvort framtíðarviðskipti í stáli í heiminum verði afgreidd með milliríkjasamningum, eða hvort við erum á leiðinni að viðskiptastríði. Nú þegar eru mörg dæmi þess, að viðskiptin séu afgreidd með stjórnmálalegu og efnahagslegu valdi („ved politisk og økonomisk makt")."

Í þessari grein kemur einnig fram að stálframleiðslan á vesturlöndum (þ. e. Bandaríkin og þátttökuríki CECA) hefur minnkað um 1.5% á tímabilinu 1966—1976. Á sama tímabilinu hefur heimsframleiðslan hins vegar aukist um 45%.

Og sama dagblað frá því 8. okt. 1977 segir í fyrirsögn:

„Stálkreppan er alþjóðleg: Davignon-áætlunin fór út um þúfur." (Staalkrisen er global: Davignon-planen har mislyckes).

Davignon-áætlunin miðar að því að rétta hlut stálframleiðenda í Evrópu með setningu lágmarksverðs á stáli svo og með sérstökum styrkveitingum til hagræðingar í stáliðnaðinum (sbr. skýrslu okkar frá því í apríl s. l.).

Það er því greinilegt að:

a. Framboð á stáli mun aukast á næstu árum, einkum vegna uppbyggingar nýrra stálvera **utan Evrópu.**
b. Stálviðskipti í heiminum munu ráðast **annaðhvort** af lögmálum hins „frjálsa markaðar" og leiða til hruns hins vestræna stáliðnaðar, **eða þá** að milliríkjasamningar og aukin afskipti opinberra aðila af framleiðslu og verðlagi munu koma á jafnvægi á stálmörkuðum heimsins. Til þess að hin síðari leið verði farin þarf algera endurskoðun á afstöðu vesturlanda til grundvallarhugtaka, s. s. „frjáls markaðslögmál" o. þ. h. Það er hins vegar óútkljáð, hvort slíkt er gerlegt. Meiri líkur eru hins vegar á því að stálfyrirtæki vesturlanda flytji framleiðslu sína til þróunarlanda, þar sem vinnuafl er ódýrara og kröfur um mengunarvarnir minni. Umsögn R. McNamara, forseta Alþjóðabankans, og

annarra aðila um að framleiðsla færi í auknum mæli fram í þróunarlöndum (sbr. Norsk Handels og Sjöfarts Tidende 27.9.77), bendir til þess að sú leið verði farin.

Þessi þróun hefur eftirfarandi hagræn áhrif á afkomu íslensku járnblendiverksmiðjunnar:

Þar sem markaðir munu að öllum líkindum fjarlægjast, mun flutningskostnaður á afurðum verksmiðjunnar aukast, en skilaverð til verksmiðjunnar minnka að sama marki, eigi söluverðið að vera samkeppnishæft. Þótt erfitt sé að henda reiður á þessari þróun, bendir hún ótvírætt í eina átt: að lækkuðu skilaverði til verksmiðjunnar.

Með flutningi stálvera til þróunarlanda er ekki ólíklegt, að þar verði einnig byggðar járnblendiverksmiðjur í sambandi við stálverin. Sala bræðsluofna frá Elkem-Spigerverket til þróunarlanda bendir í þessa átt. Slík þróun mun vafalaust — þegar fram í sækir — hafa óheillavænleg áhrif fyrir rekstrargrundvöll járnblendiverksmiðjunnar, og er ástandið nógu slæmt eins og það er.

2. Hráefnismálin.

Í samtali við Jón Steingrímsson, starfsmann Járnblendifélagsins, í apríl s. l. var okkur tjáð, að gert hafi verið ráð fyrir í kostnaðarútreikingum félagsins að kvars yrði keypt í Noregi. Einnig kom fram í samtalinu, að kostnaður við innkaupin er að mestu leyti flutningskostnaður, en að hráefniskostnaðurinn sjálfur væri ekki nema um 25% af innkaupsverði kvars.

Nú koma fram upplýsingar í norskum blöðum um, að kvarsframleiðsla í Noregi sé að verða óhagkvæm vegna samkeppni frá öðrum löndum.

Í grein, sem birtist í Norsk Handels og Sjöfarts Tidende frá 15. apríl s. l., kemur fram að Borgestad Fabrikker í Skien hafi minnkað umsvif náma sinna í Gullnes (Vest-Telemark). Ástæðan er sögð vera hin mikla samkeppni frá hagkvæmari framleiðslulöndum. Þótt um sé að ræða sérstaka kvarstegund, má búast við að sömu lögmál um samkeppnisaðstöðu gildi um þessar námur og um aðrar kvarsnámur, enda er sagt að aukinn launakostnaður sé aðalvaldur þessarar þróunar.

Enn viljum við vitna til ummæla okkar úr áðurnefndri skýrslu varðandi þróun hráefniskostnaðar. Þar segir:

„Undanfarin ár hefur (...) verð á hráefnum til iðnaðar farið mjög hækkandi og er kísiljárniðnaður engin undantekning í þessu sambandi. Séu skoðaðar almennar hráefnisvísitölur (t. d. vísitala MOODY's frá Bandaríkjunum, vísitala REUTER's frá Bretlandi og vísitala The Economist fyrir iðnað í Bretlandi), kemur í ljós að hráefnisverð hefur aukist allt að því tvöfalt hraðar en markaðsverð á kísiljárni."

Þegar haft er í huga, að um eða yfir 40% rekstrarkostnaðar járnblendiverksmiðjunnar eru hráefniskostnaður, hlýtur þróun hráefnisverðs að skipta meginmáli í mati á hagkvæmni verksmiðjunnar yfirhöfuð.

3. Ofnamálið.

Í upplýsingum, sem ekki voru tiltækar í apríl s. l., kemur fram, að miklar líkur eru á því, að samningar um ofnakaup frá Elkem-Spigerverket hafi verið viðskiptaleg afglöp.

Í áðurnefndri ársþriðjungsskýrslu Elkem-Spigerverkets segir m. a.:

„Stærsti samningur (verkfræðideildar E-S) var um afgreiðslu járnblendiofns með tölvustýringu, gashreinsunarútbúnað og pelletization-útbúnað til Íslenska járnblendifélagsins. Samningar hafa einnig verið gerðir um afgreiðslu tveggja ofna til Brasilíu (...). Það er ástæða til að halda að samningamagn þessa árs verði minna en 1976. Ýmsar orsakir liggja að baki.

— Efnahagsástandið leiðir til minnkandi fjárfestinga í slíkum útbúnaði.

— Samkeppnisaðstaða Elkem-Spigerverkets á alþjóðamarkaði hefur veikst vegna hins háa framleiðslukostnaðar í Noregi og vegna erfiðleika E-S að bjóða viðskiptavinum sínum viðunandi lánafyrirgreiðslu."

Eins og menn vita, var það skilyrði af hálfu E-S, að Íslenska járnblendifélagið keypti járnblendiofna frá E-S á því verði sem E-S setti upp. Ekki er vitað til þess, að útboð hafi verið gert á alþjóðamörkuðum til að bera saman verð og kanna hagkvæmni þessa samnings. Eftir fréttinni frá skýrslu E-S að dæma hefur E-S tekist, þrátt fyrir lélega frammistöðu á alþjóðamörkuðum, að láta Íslendinga kaupa af sér ofna.

Ásmundur Ásmundsson, verkfr.

Elías Davíðsson, kerfisfr.

Ed. 93. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

1. gr.

1. töluliður 7. gr. laganna orðist svo:

Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, sem unnin er á byggingarstað svo og í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð. Sama gildir um vinnu við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Sú byggingaraðferð, að íbúðarhús séu smíðuð í einingum á verkstæðum eða í verksmiðjum, ryður sér nú til rúms, og ef rétt er að staðið lækkar byggingarkostnaður verulega við þessa tilhögun, auk þess sem henni fylgir margvíslegt hagræði fyrir þann, sem byggt er fyrir.

Nú er söluskattsinnheimtu þannig háttað, að ekki er innheimtur söluskattur af vinnu við húsbyggingar, sé hún framkvæmd á byggingarstað, en hins vegar ef hún fer fram í verksmiðjum við svokallaðar einingabyggingar.

Hér er um misræmi og misrétti í innheimtu að ræða og frv. þetta er flutt í þá veru að leiðrétta þetta misræmi, svo þessi um margt hagstæði byggingarmáti njóti sömu undanþágu og veitt er í dag við húsbyggingar séu þær framkvæmdar á byggingarstað.

Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkið greiði fyrir byggingaraðferð, sem hefur þann kost helstan að lækka hinn mikla byggingarkostnað. Því er frumvarp þetta flutt.

Nd. 94. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um þingmannanefnd til þess að rannsaka innflutnings- og verðlagsmál.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósepsson, Eðvarð Sigurðsson.

Deildin ákveður að skipa nefnd neðrideildarþingmanna, samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka verðlag og verðlagsmyndun á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum okkar. Skal nefndin skipuð einum manni úr hverjum þingflokki og starfa í framhaldi af skýrslu verðlagsstjóra til viðskiptaráðherra um verðlag og verðlagningu á Íslandi og Englandi. Nefndin skal hafa rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nefndinni skal veitt fjármagn til þess að tryggja sér sérfræðilega aðstoð.

Greinargerð.

Í þingbyrjun var viðskiptaráðherra formlega beðinn að birta skýrslu þá sem verðlagsstjóri hefði samið um verðlag og verðmyndun í Englandi annars vegar og Íslandi hins vegar. Skýrsla þessi hefur nú verið birt formlega; þó er hún ekki eins ítarleg og frásögn verðlagsstjóra um niðurstöðurnar sem komu fram í sjónvarpsþætti fyrr á þessu ári.

Skýrsla sú, sem Alþingi hefur verið birt, er svo hljóðandi:

Verðlagsmál.

Skriflegt svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar um verðlagsmál, á þskj. 62, afhent þm. 3. nóv.

1. Þingmaðurinn óskar eftir birtingu á skýrslu þeirri, sem verðlagsstjóri boðaði í sjónvarpsþætti, að samin yrði um verðlag og verðlagningu í Englandi annars vegar og á Íslandi hins vegar.

Óskað var eftir svari frá verðlagsstjóra. Gaf hann svo hljóðandi svar:

„Í þeim sjónvarpsþætti, sem vitnað er til, boðaði verðlagsstjóri ekki beinlínis, að frá honum væri að vænta frekari skýrslu um þetta mál. Það breytir þó ekki því, að ég er fús til þess að svara þessari fyrirspurn og leggja fram í stuttu máli það yfirlit yfir könnunina, sem verðlagsstjóri sendi viðskiptaráðuneytinu og sem ég læt fylgja hér með.

„Eins og yður er kunnugt um, hefur eftirlit með verðlagi innfluttra vara fram til þessa m. a. verið fólgið í því að endurskoða verðútreikninga yfir innfluttar vörur. Til þess að fá verðútreikning samþykktan verða innflytjendur að leggja fram erlendan innkaupareikning, þ. e. reikning, sem á að sýna hið erlenda kostnaðarverð. Ýmsir aðilar höfðu vakið athygli mína á því, að verðlag á innfluttri vöru væri í mörgum tilvikum óeðlilega hátt í samanburði við smásöluverð erlendis. Það liggur ljóst fyrir, að vegna flutningskostnaðar, opinberra gjalda og álagningar, sem leggjast á innfluttar vörur, þurfa íslenskir neytendur að jafnaði að greiða þrefalt hærra verð fyrir hana en sem nemur kostnaðarverði vörunnar í erlendri höfn. Þessi margföldunaráhrif sýna nauðsyn þess að halda hinu erlenda innkaupsverði í lágmarki og er það meginástæðan fyrir því, að farið var út í þessa verðkönnun.

Verðkönnunin fólst í því að gera einfaldan samanburð á verðlagi nokkurra vörutegunda í London og Reykjavík. Könnunin leiddi í ljós, að íslenskir innflytjendur virðast kaupa vörur frá breskum framleiðendum á hærra verði en framleiðendurnir selja vörur á innanlandsmarkaði í Englandi. Dæmi voru einnig þess, að kaupa mátti vörur í smásölu í London á svipuðu verði og íslenskir innflytjendur keyptu sömu vörur samkvæmt innkaupareikningi.

Af könnuninni er ekki hægt að ráða í hverju þessi verðmismunur felst, en eftirtaldar skýringar tel ég, að helst komi til greina:

a) Álagning er heimiluð í hundraðstölu (%), en það hvetur ekki innflytjendur til hagkvæmra innkaupa, og getur jafnvel þvert á móti stuðlað að því, að þeir kaupi dýrara inn en nauðsynlegt er til þess að fá hærri álagningu í krónutölu.
b) Í þeim tilvikum, sem álagning er heimiluð mjög lág, er hætta á því, að innflutningsfyrirtæki taki óeðlilega há umboðslaun erlendis eða flytji í gegnum óþarfa milliliði.
c) Mér hefur verið tjáð, bæði af innlendum og erlendum aðilum, að erlend útflutningsfyrirtæki fylgist náið með verðlagsþróun og verðskyni í viðskiptalöndum sínum, og ef þau sjái sér fært að selja vörur sínar dýrari til eins lands en annars, þá geri þau það. Það er viss hætta á því, að við höfum sætt verri kjörum en aðrar þjóðir af þessum sökum.
d) Magnafslættir af innkaupum geta hér vissulega haft einhverja þýðingu og spurningin er, hvort íslenskir innflytjendur hafi gengið nægilega vel eftir því að fá svipaða afslætti og stærri þjóðir.

Á það skal lögð áhersla, að þessi könnun takmarkaðist við einfaldan samanburð á tiltölulega fáum vörutegundum og ber að skoða niðurstöður hennar í því ljósi. Vegna margföldunar á vöruverði innfluttra vara, eins og áður er getið um, tel ég nauðsynlegt, að verðlagsyfirvöld og innflytjendur hafi samvinnu um að stuðla að sem lægstu innkaupsverði. Mér er ljóst, að á þessu vandamáli er engin algild lausn, en ég er sannfærður um, að ýmsir ónotaðir möguleikar eru fyrir hendi.““

2. Þá spyr þingmaðurinn:

„Hefur verðlagsskrifstofan nægilegt fjármagn til að geta sinnt eftirlits- og rannsóknarstörfum sínum á fullnægjandi hátt?“

Ég tel svo ekki vera. En ég bendi á, að enda þótt ekki sé í framlögðu fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir auknu framlagi til verðlagsskrifstofunnar, þá gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu að loknum kjarasamningum í sumar um það, að hún mundi styðja við bakið á verðlagsskrifstofunni eins og kostur væri. Ég mun í samræmi við það beita mér fyrir því að við endanlega afgreiðslu fjárlaga verði framlag til verðlagsskrifstofunnar aukið.

3/11/1977.

Eins og skýrsla þessi ber ljóslega með sér er innkaupum íslenskra innflytjenda í Lundúnum hagað á mjög annarlegan hátt. Ekki skal hér fullyrt neitt um það, hvort þar kemur fram skortur á verkkunnáttu hjá þeim mýgrúti Íslendinga, sem hefur heildsöluleyfi, eða skipulagður gjaldeyrisþjófnaður, eins og áður hefur sannast fyrir dómstólum; rannsóknin þarf m. a. að beinast að því að leiða þau atriði í ljós.

Eðlilegt er að rannsókn á þessu veigamikla máli, sem kann að hafa veruleg áhrif á verðlagsþróun á Íslandi sem gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins, verði í höndum þingmanna sem stuðst geti við störf sérfræðinga, þar sem rannsóknin þarf m. a. að leiða til nýrrar löggjafar um innflutnings-, gjaldeyris- og verðlagsmál.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um raforkusölu á framleiðslukostnaðarverði til stóriðju.

Flm.: Páll Pétursson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd sem fái það verkefni að semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um raforkusölu til orkufreks iðnaðar. Frumvarp þetta móti reglur er tryggi að ætíð verði greitt a. m. k. meðal-framleiðslukostn-

aðarverð heildarframleiðslu raforku í landinu, þannig að öruggt sé að Íslendingar þurfi aldrei að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar.

Trygging þessi sé þannig úr garði gerð, að verðlag raforku sé endurskoðað árlega og raforkusölusamningar leiðréttir. Þá verði óheimilt að gera raforkusölusamninga til langs tíma.

Einnig verði unnið að því að breyta þeim orkusölusamningum, er þegar hafa verið gerðir, til samræmis við þessar meginreglur svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Dapurleg reynsla af þeim samningum, sem Íslendingar hafa gert um sölu á rafmagni til orkufreks iðnaðar, gerir það brýna nauðsyn að sett verði löggjöf á þann hátt sem hér er lagt til og tryggi sú löggjöf að þannig verði ekki á málum haldið í framtíðinni.

Það hefur verið leiðarljós íslenskra samningamanna að reikna út af mikilli bjartsýni orkuverð frá hverju orkuveri, sem í byggingu hefur verið, fyrir sig, og gera síðan samninga til mjög langs tíma um sölu á mestallri orkunni á því verði sem þeir vonuðu að hægt yrði að framleiða hana í orkuverinu og verðjafna við eldri virkjanir sem afskrifaðar voru. Að sjálfsögðu hafa orkuverin sífellt orðið dýrari, orka frá Sigölduvirkjun dýrari en frá Búrfellsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun verður dýrari en Sigölduvirkjun og orka frá Kröfluvirkjun kann að verða nokkru dýrari í framleiðslu en ráðherra spáði þegar hafist var handa um framkvæmdir við Kröflu. Þessari þróun valda ýmsar ástæður. Verðbólga hefur verið í veröldinni, vaxtakjör sífellt óhagstæðari, hagkvæmustu virkjunarvalkostirnir væntanlega teknir fyrst, ófyrirsjáanleg atvik geta hent í náttúrunni, þannig að næsta virkjun verður dýrari þeirri seinustu.

Þá hefur við val á virkjunarstöðum og hönnun virkjana ráðið sú skoðun, að því stærri sem virkjunin væri því ódýrari yrði hver kwst. í framleiðslu, en til þess að svo geti orðið þarf að selja alla orkuna strax.

Virkjunaráfangar hafa stundum orðið allt of stórir miðað við raforkuþörf, notkunarmöguleika og dreifingartækifæri á hverjum tíma. Þegar ráðist hefur verið í byggingu þessara of stóru orkuvera hefur tímabundin umframorka verið notuð sem ástæða fyrir glannalegum stóriðjusamningum og orkukaup stóriðjuvera átt að skapa viðunandi rekstrargrundvöll viðkomandi virkjunar.

Samningar þeir, sem gerðir hafa verið — meira að segja við fyrirtæki í eigu útlendinga, hafa verið á þá lund að raforkunotendur hafa fyrr en varir verið farnir að greiða niður raforkuverðið til stóriðjunnar.

Þegar Landsvirkjun seldi Álverksmiðjunni fyrst raforku 1969, þá var orkuverðið 68% af því verði sem rafveiturnar guldu fyrir orkuna. Þetta hlutfall hefur breyst mjög síðan og var árið 1975 einungis 32% af því verði sem Rafmagnsveiturnar urðu að greiða Landsvirkjun. Árið 1976 var raforkusala til stóriðju 56.1% af framleiddri raforku á Íslandi, en fyrir hana einungis goldin 10.3% af heildarsöluverðmæti.

Svo er nú komið, að orkuverð til stóriðju er hér verulega lægra en í nálægum löndum, t. d. helmingi lægra en í Noregi.

Norðmenn hafa sett löggjöf um orkusölu Statskraftverkene til orkufreks iðnaðar, og gera þeir ráð fyrir ákveðnu lágmarksverði (6 aurar 1. 1. 1976 við stöðvarvegg) og breytist það síðan árlega samkvæmt kostnaðarbreytingum. (Sjá St. prp. nr. 81 — 1975—76 Om pris og andre vilkår for Statskraftverkenes leveringer av kraft til kraftkrevende industri. Tilrådning fra Industridepartementet av 9. jan. 1976 godkjent ved kongelig resolusjon samme dag. (Foredraget af statsråd Ingvald Ulveseth). Enn fremur Innst. S. nr. 211. Innstilling fra industrikomitéen fra 11. mars 1976).

Þessi löggjöf Norðmanna er vafalaust heppileg fyrirmynd fyrir okkur Íslendinga, enda hafa Norðmenn aflað sér mikillar og stundum dýrkeyptrar reynslu á þessu sviði.

Þrátt fyrir það að Norðmenn ákveði lágmarksverð á stóriðjuraforku meira en helmingi hærra en Íslendingar gerðu samning um í fyrra vegna járnblendiverksmiðjunnar, þá er raforkuverð í Noregi til heimilisnota samkv. upplýsingum Sambands ísl. rafveitna 7.27 kr. ísl. kwst. miðað við gengi í ágúst en meðaltalsverð til heimilisnota á sama tíma á Íslandi kr. 14.49 kwst. (hjá Rafmagnsveitum ríkisins 21.28 kr./kwst).

Landsvirkjun seldi rafveitunum, miðað við nýtingu 5000 stundir á ári, kwst. á kr. 3.91, en sambærilegur gjaldskrárflokkur í Noregi var 2.43 kr. ísl.

Flm. fluttu till. til þál. um þetta efni í fyrra, en hún varð ekki útrædd þá. En þeir telja enn, að þetta ástand sé óviðunandi og óhjákvæmilegt sé að sett sé sérstök löggjöf um þetta efni hið bráðasta, þannig að tryggt verði að aldrei geti komið til þess að almennir notendur greiði niður raforkuverð til orkufreks iðnaðar og glati þannig því hagræði sem við ættum að geta haft af okkar dýrmætu orkulindum.

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

vegna uppsafnaðs söluskatts af útfluttum iðnaðarvörum.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurgreiða fyrir júnílok 1978 uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum áranna 1975, 1976 og 1977.

Jafnframt ályktar Alþingi, að uppsafnaður söluskattur af útfluttum iðnaðarvörum skuli endurgreiddur framvegis þar til virðisaukaskattur hefur verið tekinn upp hérlendis eða aðrar sambærilegar ráðstafanir gerðar til að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í framhaldi af svari hæstvirts fjármálaráðherra við fyrirspurn minni varðandi sama efni á þingskjali 26, en í því svari kom fram, að hæstvirt ríkisstjórn hefur ákveðið að endurgreiða ekki uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum fyrir árin 1975 og 1976, en standa í skilum varðandi endurgreiðslu fyrir árið 1977.

Þetta svar hæstvirts fjármálaráðherra hefur valdið vonbrigðum, eins og fram kom í umræðum er spunnust um fyrirspurn mína og svar fjármálaráðherra, en þá tóku nokkrir þingmenn til máls, og létu þeir allir í ljós þá ósk, að ríkisstjórnin endurskoðaði afstöðu sína í þessu máli.

Í svari sínu gat hæstv. fjármálaráðherra þess, að gengisbreyting árið 1975 hefði bætt hag útflutningsiðnaðarins árin 1975 og 1976 og því þyrfti ekki að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til aðila útflutningsiðnaðarins fyrir þau ár.

Það er skoðun mín, að endurgreiðsla á söluskatti eigi ekki að vera háð sveiflum í rekstri þeirra, er hann eiga að fá. Endurgreiðsla söluskatts til atvinnuveganna á að lúta sömu reglum og söluskattsskil til ríkissjóðs.

Þá er gert ráð fyrir að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum, þar til virðisaukaskattur kemur til framkvæmda hérlendis eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir verða lögfestar, er jafna samkeppnisaðstöðu íslenskra iðnfyrirtækja.

Tillaga þessi er flutt til að auðvelda ríkisstjórninni að taka nýja ákvörðun í þessu máli, enda er hér um skil á þegar innheimtum skatti að ræða, sem endurgreiða ber til útflutningsiðnaðarins.

Ed. 97. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Þrátt fyrir lokamálsgrein 26. gr. laganna skal breyting á skráðu matsverði fasteigna í fasteignaskrá á árinu 1977 taka gildi frá og með 31. desember 1977. Skal matsverðið þannig breytt talið fasteignamatsverð til 1. desember 1978 nema sérstakt endurmat komi til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistöku nýs fasteignamats verði á árinu 1977 frestað frá 1. desember 1977 til 31. dags þess mánaðar. Slík breyting er nauðsynleg vegna þess að sýnt er að ekki tekst að ljúka undirbúningi að framreikningi matsverðsins og frummati nýrra eigna fyrir 1. desember. Ein meginástæða þessarar tafar er að nokkrum sveitarfélögum hefur reynst erfitt að skila nauðsynlegum gögnum og upplýsingum til fasteignamats ríkisins á tilsettum tíma. Einungis er lagt til að frestunin gildi fyrir þetta eina ár, þar sem þess er vænst að byrjunarörðugleikar, sem tengdir eru árlegu fasteignamati, verði yfirstignir á næsta ári.

Ed. 98. Frumvarp til laga [2. mál]

um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977.

(Eftir 3 umr. í Nd., 14. nóv.).

1. gr.

Útflutningsgjöld af kolmunna- og spærlingsafurðum, samkvæmt lögum nr. 5 13. febrúar 1976, eru felld niður frá gildistöku þessara laga til ársloka 1977.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að fella sömu útflutningsgjöld niður á árinu 1978.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 99. Fyrirspurn [86. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Fyrir hvaða fjárupphæð hafa lífeyrissjóðir keypt skuldabréf af eftirtöldum sjóðum á árunum 1971—1976:
   a) Framkvæmdasjóði,
   b) Byggingarsjóði ríkisins,
   c) Öðrum fjárfestingarlánasjóðum?
2. Um hvaða lífeyrissjóði er hér að ræða og hvar eru þeir sveitfestir?
3. Hvaða lífeyrissjóðir hafa ekki tekið þátt í slíkum skuldabréfakaupum og hver er sveitfesti þeirra?
4. Hve miklu fé hafa lífeyrissjóðirnir ráðstafað samanlagt til lána og skuldabréfakaupa?

Óskað er skriflegra svara.

Ed. 100. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Forseti skipar vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Skal hann fullnægja sömu skilyrðum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins til skipunar í embætti. Vararannsóknarlögreglustjóri fer með vald rannsóknarlögreglustjóra í fjarveru eða forföllum rannsóknarlögreglustjóra eftir nánari ákvörðun hans.

Dómsmálaráðherra skipar annað starfslið rannsóknarlögreglu ríkisins, þ. á m. deildarstjóra og/eða fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samráði við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Vegna þeirrar reynslu, sem fengist hefur af starfsemi rannsóknarlögreglu ríkisins þann tíma, er hún hefur starfað, þykir nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum nr. 108 frá 1976.

Um 1. gr.

Eðlilegt er, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni, þ. e. á því svæði, sem greinir í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 108 frá 1976.

Rannsóknarlögreglan getur að auki haft starfsstöðvar bæði innan og utan þess svæðis, t. d. sérstaka starfsstöð á því svæði, sem greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 108 frá 1976, ef ákveðið verður, að hún skuli hafa með höndum rannsóknir meiri háttar brotamála á svæðinu.

Um 2. gr.

Lagt er til, að rannsóknarlögreglustjóra ríkisins verði skipaður staðgengill, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Er þá m. a. stuðst við tilhögun hjá embætti ríkissaksóknara, sbr. 20. gr. laga nr. 74 frá 1974.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 101. Fyrirspurnir. [88. mál]

I. Til fjármálaráðherra um innheimtu skemmtanaskatts.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvaða tekjur gaf skemmtanaskatturinn á árinu 1976 og hvernig skiptust þær tekjur eftir kjördæmum?

II. Til menntamálaráðherra um hluta félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hver var hlutur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti ársins 1976?
2. Hve há upphæð var veitt úr félagsheimilasjóði á árinu 1976 og hvernig skiptist hún eftir kjördæmum?

III. Til heilbrigðisráðherra um reglugerð um rekstur heilsugæslustöðva.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvernig stendur á því að enn hefur ekki verið sett reglugerð um rekstur heilsugæslustöðva, þ. á m. starfsskyldu lækna sem við þær starfa?

Sþ. 102. Viðaukatillaga [58. mál]

við brtt. á þskj. 82 [Íslensk stafsetning].

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við tillöguna bætist (að undirlagi Friðriks Þórðarsonar málvísindamanns við Óslóarháskóla):

Þá skal og skáldum skyldugt að yrkja samkvæmt þeim undirstöðureglum norrænnar bragfræði sem héldust fram á daga Jóns biskups Arasonar, er síðastur var réttur biskup á Íslandi, og breyting sú varð á íslensku máli sem kennd er við hljóðdvalarbyltingu. Alþingi lýsir því yfir að öll skáld, er ort hafa á Íslandi síðan Jón biskup andaðist, skuli heita leirskáld, og gengur yfirlýsing þessi í gildi við næstu áramót.

Nú brýtur maður í gegn þessum lýðræðislegum vilja þjóðarsamkundu vorrar, og skal hann dæmdur í þrælkunarvinnu. Skal setja á stofn vinnusveitir þessu til framkvæmdar, og sé það verkefni þeirra að rífa niður, sprengja í loft upp og brenna að köldum kolum víghreiður þau er vesturheimsmenn hafa komið sér upp á Rosmhvalanesi og annars staðar á landinu, og afmá þau uns þeirra sér engan stað framar. Er það vilji Alþingis að það verði mjög í sama mund að fullnuð séu ákvæði þessarar þingsályktunar og sauðfjárhagar eru algrónir á Rosmhvalanesi.

Ed. 103. Frumvarp til laga [89. mál]

um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig gleraugnafræðing eða sjónfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem aflað hefur sér bóklegrar eða verklegrar menntunar, sem viðurkennd er á þessu sviði af heilbrigðisyfirvöldum.

Heimilt er að synja manni um starfsleyfi sem gleraugnafræðingur eða sjónfræðingur, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Ráðherra getur veitt manni með 4 ára starfsreynslu eða manni með 3 ára starfsreynslu og hæfnispróf, starfsleyfi sem gleraugnafræðingur að fengnum meðmælum landlæknis.

4. gr.

Framleiðsla og sala sjónhjálpartækja (gleraugna og snertilinsa) er óheimil öðrum en þeim, sem starfsréttindi hafa samkvæmt lögum þessum, eða hafa í þjónustu sinni gleraugnafræðing eða sjónfræðing með fullum réttindum.

5. gr.

Gleraugnafræðingum er heimilt að framleiða og selja sjónhjálpartæki samkvæmt fyrirsögn augnlækna.

Sjónfræðingi er heimilt að starfa samkv. 1. málsgr. þessarar greinar og einnig eftir eigin sjónmælingu á sjúklingi með þeim takmörkunum, sem um getur í 3. málsgr. þessarar greinar.

Án fyrirsagnar augnlæknis mega sjónfræðingar ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki:

1) til barna undir 10 ára aldri,
2) til sjúklings, sem aldrei hefur áður farið til augnlæknis til athugunar á sjón,
3) til sjúklings, sem ætla má að þjáist af augnasjúkdómum eða öðrum kvillum, sem skaðlegir gætu verið sjóninni,
4) til sjúklings, sem náð hefur 45 ára aldri,
5) til sjúklings, ef ekki næst betri sjónskerpa (visus) en 6/12,
6) til sjúklings, sem sjónskerpa hefur lækkað hjá á stuttum tíma,
7) til strabismus sjúklings,
8) til afaki sjúklings.

6. gr.

Um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu starfsréttinda. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo og um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um gleraugna- og sjónfræðinga er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Það er að verulegu leyti byggt á tillögum, sem ráðuneytinu bárust frá Optikerafélagi Íslands, Félagi gleraugnaverslana á Íslandi svo og starfshópi íslenskra gleraugnafræðinga.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur farið fram athugun á þeim reglum, sem giltu um þetta á Norðurlöndum, og hafa verið settar nýjar reglur í Finnlandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ráðuneytið hafði þær reglur mjög til hliðsjónar við fyrstu gerð þess frumvarps, sem lagt var fram á alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976 en varð ekki útrætt.

Að fengnum athugasemdum við það frumvarp, hefur 2. og 3. gr. verið breytt lítillega og frá frv. gengið í þeirri mynd, sem það birtist hér í.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við upphafsgreinar laga og reglugerða þeirra, sem undanfarin misseri hafa verið sett um aðrar heilbrigðisstéttir. Lagt er til að upp verði tekin heitin gleraugnafræðingur og sjónfræðingur í stað orðanna optiker og optometrist.

Um 2. gr.

Menntun á því sviði, er frumvarp þetta tekur til, verður enn að sækja til útlanda. Algengast mun að Íslendingar sæki skóla á Norðurlöndum og í öðrum löndum Vestur-Evrópu, einkum í Þýskalandi.

Námsefni mun yfirleitt vera mjög svipað í skólum í þessum löndum svo og kröfur þeirra um próf. Það er því tiltölulega auðvelt fyrir heilbrigðisyfirvöld á hverjum tíma að marka þær kröfur, sem gera verður til menntunar á þessu sviði.

Síðari málsgrein 2. greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þegar sett hafa verið ný lög um starfsheiti og starfsréttindi ákveðinna stétta, hefur sú venja ríkt hér á landi, að samtímis væri gert ráð fyrir því, að því fólki, sem í starfi er á þessu sviði, þegar lögin taka gildi, sé gefinn kostur á starfsréttindum. Hér er lagt til að skilyrði fyrir slíkum starfsréttindum sé a. m. k. 4 ára starfsreynsla, nema hæfni sé sönnuð með sérstöku prófi þá nægi 3 ár og að fengin séu meðmæli landlæknis í öllum tilfellum.

Um 4. gr.

Í þessari grein og 5. grein frumvarpsins felast helstu nýmæli þessa frumvarps. Í 4. grein er lagt til, að því verði slegið föstu að sala og framleiðsla sjónhjálpartækja þ. e. a. s. gleraugna- og snertilinsa skuli vera óheimil öðrum en þeim, sem starfsréttindi hafa samkvæmt lögum þessum eða hafa í þjónustu sinni aðila með fullum slíkum réttindum. Þetta ákvæði er nýmæli. Það verður ekki séð, að í gildandi lögum séu nein þau ákvæði, sem komið geti í veg fyrir að hver sem væri hefði með höndum framleiðslu og sölu á þessum hlutum.

Það mun yfirleitt ekki tíðkast, að sjúklingur, sem fengið hefur afgreidd gleraugu eða önnur sjónhjálpartæki í gleraugnaverslun eftir fyrirsögn augnlæknis, fari aftur til augnlæknis síns með þessi tæki til athugunar, fyrr en hann vitjar augnlæknisins næst. Að þessu leyti gildir hér sama reglan og við útlát lyfja eftir lyfseðli. Þegar af þessari ástæðu er augljóst, að mjög veigamikið er, að þeir sem vinna eiga eftir fyrirsögn augnlæknis séu fullkomlega í stakkinn búnir til þess. Því er lagt til, að ákveðið verði í næstu grein hvert skuli vera hið heimilaða starfssvið gleraugnafræðinga (optikera) og hvert skuli vera hið leyfilega starfssvið sjónfræðinga (optometrist), en gert er ráð fyrir, að hinar síðarnefndu hafi heimild til þess að framkvæma undir vissum kringumstæðum eigin sjónmælingu á sjúklingi til ákvörðunar á gerð og styrkleika þess sjónhjálpartækis, sem síðan yrði afgreitt til viðkomandi sjúklings.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru nánari ákvæði um heimilað starfssvið gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

Takmarkanir skv. töluliðum 1—4 í 3. málsgrein eru efnislega samhljóða þeim meginreglum, sem settar hafa verið á Norðurlöndum um störf sjónfræðinga. Takmarkanir skv. töluliðum 5—8 eru teknar í frumvarpið eftir tillögu Félags gleraugnaverslana á Íslandi, sem fékk fyrstu drög frv. til umsagnar ásamt fleiri aðilum.

Um 6. gr.

Í samræmi við ákvæði annarra nýsettra laga um starfsréttindi og skyldur heilbrigðisstétta, er hér lagt til, að um þessa stétt gildi agavald, hliðstætt því, er um þær stéttir gildir almennt.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 104. Frumvarp til laga [90. mál]

um iðjuþjálfun.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977).

1. gr.

Rétt til að starfa sem iðjuþjálfi hér á landi og kalla sig iðjuþjálfa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis, áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

4. gr.

Iðjuþjálfi starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

5. gr.

Ekki má iðjuþjálfi taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar iðjuþjálfastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. gr.

7. gr.

Iðjuþjálfa er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir iðjuþjálfun fellur.

8. gr.

Iðjuþjálfa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða iðjuþjálfun.

9. gr.

Sérhverjum iðjuþjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki iðjuþjálfa og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Verði landlæknir þess var, að iðjuþjálfi vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11. gr.

Um iðjuþjálfa gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota iðjuþjálfa, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til námsbraut í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Iðjuþjálfafélags Íslands um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið og flutt að ósk Iðjuþjálfafélags Íslands, en það félag var stofnað í mars 1976 og munu félagar þess nú vera um tuttugu.

Frumvarpið er efnislega samhljóða lögum 58 31. maí 1976 um sjúkraþjálfun enda er hér um að ræða hliðstæðar stéttir, þótt menntun sé önnur og störfin þar af leiðandi heldur ekki þau sömu.

Iðjuþjálfun varð til sem starfsgrein á árum fyrri heimsstyrjaldar. Starfið er þáttur í endurhæfingu andlega eða líkamlega sjúkra. Með ýmiss konar vinnu og þjálfunaraðferðum er reynt að hindra, draga úr og yfirvinna afleiðingar sjúkleikans og hjálpa einstaklingnum út í lífið aftur óháðum og eins sjálfbjarga og frekast er unnt.

Þjálfunin stefnir m. a. að því að gera sjúklinginn færan um, með sem allra minnstri hjálp annarra, að klæða sig, matast, fara í bað, fara á salerni, annast um heimili, komast um inni og úti, stunda vinnu eða tómstundaiðju við sitt hæfi o. fl. Iðjuþjálfun takmarkast ekki við notkun neinna ákveðinna athafna, svo sem t. d. handavinnu, heldur er athafnaferlinum beitt að hverju verkefni við sínar kringumstæður. Iðjuþjálfun getur m. ö. o. notað næstum hvaða athöfn sem vera skal sem meðferðartæki.

Skólar fyrir iðjuþjálfa eru óðum að rísa í flestum löndum heims. Aðsókn er víðast hvar gevsilega mikil og hafa íslenskir nemendur oft orðið að bíða fleiri ár eftir að komast að í skólum nágrannalandanna, en mest er leitað til Norðurlandanna og Kanada.

Áætlun hefur verið gerð um iðjuþjálfaskóla við Háskóla Íslands í tengslum við nám í sjúkraþjálfun.

Námið tekur víðast hvar 3 ár, sums staðar þó 4 ár og á einstaka stað aðeins 2 ár.

Iðjuþjálfar læra:
- iðjuþjálfunarfræði
- líkamsfræði
- lífeðlisfræði
- sálarfræði
- eðlis- og efnafræði
- atvinnuheilbrigðisfræði (ergonomi)
- félagsfræði

sjúkdómafræði:
- geðsjúkdómafræði
- taugasjúkdómafræði
- bæklunarlækningafræði
- lyflækningafræði
- skurðlækningafræði

athafnanám:
- tré- og málmsmíðar
- vefnaður
- tauþrykk
- snæravinna
- tágavinna
- keramik
- leðurvinna
- kniplingar
- handavinna (prjón, hekl, útsaumur)
- fatasaumur
- verkstæðisvinna
- leikfimi
- tónlist (musikterapi)
- leikræn tjáning (dramatik)

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða tilsvarandi grein í lögum og reglugerðum, sem settar hafa verið undanfarin ár um starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Um 2. gr.

Þegar frv. til laga um sjúkraþjálfun var til meðferðar á Alþingi 1975—1976, var 2. gr. frv. breytt í meðförum þings í það horf, sem hér er lagt til.

Um 3. gr.

Hér á hið sama við og um 2. gr. að breyting sú, er gerð var við umfjöllun Alþingis á frv. til laga um sjúkraþjálfun, er hér látin halda sér varðandi iðjuþjálfun.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greininni er ætlað að taka af öll tvímæli um, að hvers konar iðjuþjálfastörf, sem unnin eru á heilbrigðisstofnunum, endurhæfingarstöðvum eða öðrum stofnunum hverju nafni sem nefnast, svo og í heimahúsum, falli undir ákvæði laga þessara.

Um. 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 7. gr. laga um sjúkraþjálfun nr. 58/1976. Það var hins vegar nýmæli, þegar það var lögfest þar.

Verksvið þess starfsfólks, sem greinin fjallar um, yrði fyrst og fremst að flýta fyrir og létta undir störfum iðjuþjálfa en ávallt undir eftirliti og á ábyrgð hans.

Um 8.—13. gr.

Greinar þessar eru samhljóða ákvæðum laga 58/1976 um sjúkraþjálfun og þarfnast þær ekki skýringa.

Ed. 105. Frumvarp til laga [91. mál]

um matvælarannsóknir ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Matvælarannsóknir ríkisins. Skal hún skipuð forstöðumanni og deildarstjórum, (yfirverkfræðingi, sé um verkfræðing að ræða). Ráðherra ákveður fjölda deilda, eftir því sem fé er veitt til slíks á fjárlögum. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera örverufræðingar (matvælagerlafræðingar), matvælaefnafræðingar, dýralæknar, matvælafræðingar eða matvælaverkfræðingar ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann og deildarstjóra, að fengnu áliti landlæknis. Forstöðumaður skal vera matvælaefnafræðingur, matvælaverkfræðingur eða matvælagerlafræðingur. Deildarstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi, sem fullnægir kröfum um sérþekkingu í matvælafræði að mati ráðherra.

3. gr.

Matvælarannsóknir ríkisins skulu undir stjórn heilbrigðismálaráðherra annast matvæla-, efna- og örverufræðilegar rannsóknir á hvers konar matvælum og neysluvörum vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Stofnunin er til ráðuneytis landlækni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um matvælaeftirlit fjalla.

4. gr.

Stofnunin skal reka rannsóknarstofu í matvæla-, efna- og örverufræði, sem staðsett skal í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að gefa út fyrirmæli um stofnun og starfrækslu rannsóknastofa utan Reykjavíkur.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að setja viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að fela öðrum rannsóknastofnunum að annast rannsóknir sérstakra verkefna sem stofnunin getur ekki annast sjálf.

5. gr.

Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur.

6. gr.

Nú er öðrum stofnunum eða aðilum falið með sérstökum lögum að annast rannsóknir með matvælum eða neysluvörum, sem þessi lög taka til og fari fyrirmæli þessara aðila í bága við fyrirmæli þessara laga, skal skjóta ágreiningsmálum til ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

7. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum landlæknis að láta Matvælarannsóknir ríkisins rannsaka einstaka vöruflokka eða þætti í matvælaframleiðslu að fenginni sérstakri fjárveitingu.

Matvælarannsóknum ríkisins skal þá í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefnd heimill aðgangur til skoðunar, töku sýna og rannsókna hvar sem slík framleiðsla, tilbúningur, dreifing eða notkun fer fram.

8. gr.

Ráðherra skal heimilt að gefa út gjaldskrá fyrir aðrar rannsóknir en þjónusturannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins. Stofnunin gerir tillögur um slíka gjaldskrá.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Tildrög þessa frumvarps eru þau, að hinn 1. janúar 1976 tók til starfa stofnun á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem nefnd hefur verið Matvælarannsóknir ríkisins. Stofnun þessari var komið á fót af brýnni nauðsyn, þar sem þeir aðilar, sem annast höfðu gerlafræðilegt eftirlit í matvælum, lýstu yfir því, að þeir hefðu hvorki aðstöðu né tíma til áframhaldandi sérrannsókna. Voru þetta orð að sönnu, enda var þetta gerlaeftirlit í matvælum viðbótarverkefni hjá þessum aðilum.

Ljóst var því, að gerlaeftirlitið félli alveg niður um áramótin 1975—1976, yrði ekki gripið til annarra ráða. Þess vegna var ákveðið að setja á laggirnar sérstaka stofnun. Var henni skipaður forstöðumaður og tveir starfsmenn ráðnir honum til aðstoðar.

Starfsgrundvöllur stofnunarinnar er ekki lögverndaður og því engin ákvæði um hana að finna í lögum. Það var fyrst og fremst nauðsynin, sem knúði á um stofnunina og varð að horfa fram hjá því að lagaheimild skorti. Við slíkt verður að sjálfsögðu ekki unað til langframa.

Með hliðsjón af framangreindu telur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nauðsynlegt að kveðið verði á um stofnunina í lögum og er frumvarp þetta fram komið vegna þess.

Þegar frumvarp þetta er samið, hafa Matvælarannsóknir ríkisins starfað í hátt á annað ár. Er því komin töluverð reynsla á það, hvernig slíkum rannsóknum verði best háttað.

Þótt stofnuninni hafi í upphafi eingöngu verið falið að annast gerlafræðilegar rannsóknir á matvælum, svo að slíkar rannsóknir legðust ekki niður, er það álit ráðuneytisins að stofnunin eigi að taka að sér frekari rannsóknarverkefni, svo sem rannsóknir á aukefnum í matvælum, sbr. reglugerð nr. 250 frá 1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, en sú reglugerð tók gildi 1. mars 1977. Þessar rannsóknir yrðu fyrst og fremst sýnisrannsóknir vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Stofnuninni er ætlað að hafa með höndum matvælarannsóknir í landinu, fyrst og fremst rannsóknir á sýnum vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Innan þessa falla rannsóknir á magni aukefna í matvælum, sbr. reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara. Með þeirri

reglugerð fylgir sérstakur aukefnalisti um viðurkennd aukefni í matvælum og hámark þeirra. Má segja að lítil von sé til þess að hægt verði að hafa eftirlit með framkvæmd þeirrar reglugerðar nema aukið starfslið komi til og þá sérstaklega á rannsóknarsviðinu.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir ákveðnum fjölda deilda við stofnunina, telur ráðuneytið rétt að til sé heimildarákvæði þess efnis, að kveða megi á um fjölda þeirra, þegar Alþingi telur slíkt kleift fjárhagslega.

Í greininni er ennig kveðið á um starfsmenn stofnunarinnar. Er þar um að ræða þá starfsmenn, sem verða að vera fyrir hendi svo að rannsóknir stofnunarinnar nái tilgangi sínum.

Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um menntun forstöðumanns og deildarstjóra, þ. e. a. s. að forstöðumaður skuli vera matvælaefnafræðingur, matvælaverkfræðingur eða matvælagerlafræðingur. Framantaldar menntunargráður eru þær hæstu á þessu sviði. Þarfnast þetta því ekki frekari skýringa við. Á það skal drepið, að þegar eru til staðar hér á landi aðilar með þessa menntun og nokkrir aðilar eru að afla sér þeirra. Áhugi manna hefur aukist til muna fyrir þessum fræðigreinum hin síðari ár, en til skamms tíma sinntu þeim fáir. Urðu margir hverjir að leita sér atvinnu erlendis, þar sem starfsgrundvöll skortir hér heima.

Greinin kveður einnig á um menntun deildarstjóra. Ekki er nauðsynlegt að skýra það nánar hvaða menntun þeir þurfi að hafa, en tryggja verður þó sem allra besta undirstöðumenntun og sérþekkingu í matvælafræði.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um hlutverk stofnunarinnar. Stofnunin á fyrst og fremst að annast rannsóknir fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, heilbrigðisnefndir hinna einstöku sveitarfélaga svo og aðra opinbera aðila auk takmarkaðra rannsókna fyrir aðra. Á í þeim tilvikum að vera heimilt að taka greiðslu fyrir skv. sérstakri gjaldskrá, sbr. nánar 7. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti skýrir greinin sig að mestu leyti sjálf, þ. e. a. s. hvað snertir skyldu stofnunarinnar gagnvart stjórnvöldum og hinum almenna neytanda.

Hér er greint frá þeim þjónusturannsóknum, sem stofnuninni er ætlað að sinna. Þannig skal stofnunin reka rannsóknastofu í þremur aðalgreinum á verksviði slíkrar stofnunar, þ. e. a. s. í matvæla-, efna- og örverufræði. Nauðsyn slíkrar rannsóknastofu er mjög knýjandi, sbr. það sem segir hér í inngangi.

Þótt deila megi um það, hvort æskilegt sé að stofnunin verði í Reykjavík eða annars staðar, er það mat ráðuneytisins að henni verði vart komið fyrir annars staðar en í Reykjavík eins og málum er háttað, enda hefur þegar risið vísir að stofnuninni þar.

Vegna staðsetningar stofnunarinnar í Reykjavík, er nauðsynlegt að möguleikar verði fyrir hendi til að starfrækja slíkar rannsóknastofur utan Reykjavíkur og næsta nágrennis. Sem stendur hafa tvær slíkar stofur leyfi ráðherra til slíkra rannsókna. Er önnur í Vestmannaeyjum en hin á Akureyri.

Auk þess er nauðsynlegt að kveða á um það, að setja megi viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neysluvara, þar sem slíkt mundi ekki eingöngu létta störf stofnunarinnar og störf Heilbrigðiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda, heldur jafnframt stuðla að auknu öryggi hins almenna neytanda.

Þar sem óhugsandi er að stofnunin geti sinnt öllum þeim rannsóknaverkefnum, sem henni kunna að berast, er nauðsynlegt að henni verði veitt heimild til þess að fela öðrum stofnunum sérstakar rannsóknir með þeim skilyrðum, sem fram koma í greininni. Slíkar stofnanir eru þegar fyrir hendi. Er því sjálfsagt að leita til þeirra með þær rannsóknir, sem þær geta annast og hafa til þess sérfróða aðila. Má hér m. a. nefna rannsónarstofnanir atvinnuveganna.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þar sem nokkur sérlög hafa að geyma ákvæði, er snerta rannsóknir á matvælum og neysluvörum, verður að kveða á um það, hverjum beri að úrskurða, komi til ágreinings. Eðlilegast er að slíkt úrskurðarvald sé í höndum heilbrigðismálaráðherra og að um fullnaðarúrskurðarvald sé að ræða. Ekki er gert ráð fyrir neinu millistigi, þ. e. a. s. fyrsta úrskurðarvaldi, enda má segja að margir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli teljist jafngildir þeim stofnunum, sem til greina hefðu komið sem millistigsaðilar um faglega þekkingu á þessu sviði.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að fela megi stofnuninni að rannsaka einstaka vöruflokka eða þætti matvælaframleiðslunnar að fenginni sérstakri fjárveitingu. Reynslan hefur sýnt að slíkar rannsóknir kunna að vera bráðnauðsynlegar. Er því eðlilegt að stofnunin hafi með slíkar rannsónir að gera. Vegna þessa verður að tryggja tvímælalausan og sjálfsagðan rétt stofnunarinnar til skoðunar, töku sýna og rannsókna á viðkomandi stöðum, því annars er undir hælinn lagt, hvort lög sem þessi ná tilgangi sínum. Slíkt verður þó að vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Um 8. gr.

Greinin veitir ráðherra heimild til setningar gjaldskrár fyrir vissar rannsóknir á stofnuninni. Eðlilegt er að stofnunin hafi möguleika á gjaldtöku þar sem um er að ræða aðrar rannsóknir en þær, sem unnar eru á vegum heilbrigðiseftirlitsins. Slíku gjaldi yrði að sjálfsögðu að stilla mjög í hóf og má alls ekki hugsa það sem gróðaveg.

Reynslan hefur sýnt að þær rannsóknir, sem unnar eru gegn hóflegu gjaldi, verða miklu markvissari, þar sem ekki er eins mikil hætta á því, að verkefni, jafnvel óþörf hrannist upp. Þess verður þó að gæta hér að slík gjaldskrá má ekki verða hemill á viðleitni hins almenna neytanda til þess að fara fram á rannsókn. Þess vegna verður að stilla gjaldinu mjög í hóf.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 106. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

e-liður 2. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo: Frá 15. nóvember til 22. janúar: rjúpa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

„Er rjúpan orðin einkafugl Finns Guðmundssonar?“ — Þessu líkt heyrir flm. frv. þessa æði oft spurt. Margir bændur, sem best þekkja til á helstu rjúpnasvæðum, segja hiklaust að verið sé að útrýma þessum fugli. Allir telja þeir sjálfsagt að alfriða rjúpuna í 2—5 ár, eins og venjan var hér áður þegar við blasti álíka útrýmingarhætta og nú. Samt virðist alveg vonlaust að fá alfriðun samþykkta. Hvers vegna? Finnur Guðmundsson má ekki heyra það nefnt.

Hér er lagt til að rjúpnaskyttum verði uppálagt að hafa hemil á sér einum mánuði lengur en hingað til, rjúpnaveiðar hefjist ekki fyrr en 15. nóvember, en standi svo til 22. janúar í staðinn fyrir 22. desember, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Þannig mundi veiðitíminn færast dýpra inn í skammdegið og styttist sá tími sem skotljóst yrði dag hvern. Þetta yrði nokkur friðun. Ekki veitir af.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi. Menntamálanefnd fjallaði um það og skilaði einróma áliti. Þar sagði m. a.: „Búnaðarfélag Íslands mælir með samþykkt frv., en **Finnur Guðmundsson leggst gegn því.**“ (Lbr. flm.). Nefndin treysti sér ekki til að fara að vilja Búnaðarfélags Íslands. Hún tók þeim mun meira mark á Finni Guðmundssyni og lagði til að málið yrði rotað með þeirri aðferð sem heitir „að vísa til ríkisstjórnarinnar“. Sú tillaga hlaut hins vegar ekki afgreiðslu í deildinni. Hún kom aldrei til atkvæða þar.

Flm. leyfir sér að endurflytja þetta frv. — hvað sem Finnur Guðmundsson segir.

Sþ. 107. Fyrirspurnir. [93. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um Inndjúpsáætlun.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvað líður endurskoðun Inndjúpsáætlunar?
2. Hvaða rök eru fyrir því, að fjárveiting til síðasta árs áætlunarinnar er felld niður í frumvarpi til fjárlaga 1978?

II. Til samgönguráðherra um landshafnir.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Er ekki tímabært að afnema gildandi lög um landshafnir?
2. Hver hafa verið framlög ríkisins til hinna þriggja landshafna frá upphafi?
3. Hver hafa verið, á sama tíma, framlög ríkisins til almennra hafna á landinu?

III. Til samgönguráðherra um Ferðamálasjóð?

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvaða ráðstafanir hyggjast stjórnvöld gera til að rétta við fjárhag Ferðamálasjóðs?

Ed. 108. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Axel Jónsson.

Alþingi, 22. nóv. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Ragnar Arnalds.
Jón Árm. Héðinsson. Albert Guðmundsson.

Ed. 109. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til laga um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Oddur Ólafsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Halldór Ásgrímsson. Geir Gunnarsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson. Jón G. Sólnes. Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 110. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 108/1973, sbr. læknalög nr. 80/1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við 3. gr. komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess nægа þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði það, sem hér er lagt til að tekið verði aftur inn í læknalög, féll úr þeim lögum við breytingu, sem gerð var með lögum 108 31. desember 1973.

Ástæðan fyrir því, að hróflað var við læknalögunum haustið 1973, var eins og þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sagði í sinni framsöguræðu sú, að

samkvæmt þágildandi lögum gátu þeir einir fengið lækningaleyfi hér á landi, sem voru íslenskir ríkisborgarar. Það ákvæði hafði sætt vaxandi gagnrýni enda samsvarandi ákvæði þá úr lögum felld á Norðurlöndum.

Að tillögu landlæknis var því frv. frá 1973 flutt og það var síðan samþykkt og afgreitt frá Alþingi sem lög nr. 108 31. desember 1973.

Það þótti rétt að færa þá nokkur atriði eldri laganna í nútímalegra horf, eins og sagði í greinargerð með frumvarpinu. Þess vegna voru nokkrar málsgreinar læknalaganna frá 1969 umskrifaðar, enda voru þau lög að stofni til orðin býsna gömul, eða frá 1932.

Allt áttu þetta að vera minni háttar breytingar eins og ráðherra sagði í sinni framsöguræðu.

Nú hefur landlæknir hins vegar bent á að umrætt ákvæði hafi burtu fallið, hann hafi ekki gert ráð fyrir afnámi þess í sínum tillögum 1973 enda telji hann að ákvæði þetta þurfi að vera áfram í lögum. Hefur hann því lagt til að frumvarp þetta verði flutt og að aftur verði lögfest orðrétt það ákvæði úr 3. gr. læknalaga nr. 80/1969, sem burtu féll 1973, að því er virðist fyrir vangá.

Sþ. 111. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um hámarkslaun o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri föst laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt, að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt í Ed. og í fyrra í sameinuðu þingi, og varð þá enn eigi útrædd.

Með ráðstöfun þeirri, sem hér er reifuð, hyggjast flutningsmenn koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör og ófrávíkjanleg forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flutningsmanna er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana að kjarabætur til handa verkamönnum verði að beinu hagsmunamáli fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem eru í sterkastri aðstöðu til að hafa áhrif á stefnuna í efnahags- og kjaramálum landsmanna. Svo dæmi sé tekið, þá yrði það óframkvæmanlegt, eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð, fyrir bankastjóra, sem nú munu hafa um það bil sexföld laun verkamanns, að veita sjálfum sér launahækkun samtímis því sem þeir úrskurða að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun sem verkafólk hefur náð með harðri baráttu til þess að vega upp á móti kjararýrnun, sem runnin var undan rifjum hinna fyrrnefndu.

Það hefur komið fram fyrir skemmstu af munni ráðherra, að þess munu þó nokkur dæmi að embættismenn ríkisins hafi óheyrilega há laun samanborið við

þær tekjur sem verkafólki og hinum lægst launuðu starfsmönnum ríkisins eru ætlaðar til framfærslu, enn fremur að verulegur hluti launa hinna æðstu embættismanna er fólginn í ýmiss konar aukagreiðslum, sem ekki koma til álita þegar fjallað er um kjör annarra stétta til viðmiðunar. Að dómi flutningsmanna er það mikil nauðsyn að þannig verði staðið að kjaramálasamningum yfirleitt að þeir séu ekki til þess fallnir að auka á tortryggni meðal þegnanna, heldur skuli ástunda það að búa svo um hnútana að undirmál geti þar engin orðið. Að dómi flutningsmanna er óþarft að kveða sérstaklega á í greinargerð um sérstöðu hluta sjómanna í launakerfinu, enda mála sannast að kauptrygging fiskimanna hlýtur að teljast til óhæfilega lágra launa, ef miðað er við vinnutíma, og ævitekjur fiskimanna við verkalok yfirleitt í rýrasta lagi.

Að frátöldum þeim rösku þremur árum, sem vinstri stjórnin sat hér að völdum, má heita að stefnt hafi verið markvisst að því síðustu 18 árin að auka launamismun hérlendis á kostnað framleiðslustéttanna og ýta með þeim hætti undir neyslukapphlaup í þágu svonefnds hagvaxtar. Er vægilega að orði kveðið þótt staðhæft sé að þróun þessi hafi síður en svo stefnt í þá átt að umbuna starfshópum eftir þjóðfélagslegum verðleikum.

Sþ. 112. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um launakjör og fríðindi embættismanna.

Flm.: Stefán Jónsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að sett verði almenn reglugerð varðandi kjör hinna hæst launuðu embættismanna ríkisins og þeirra stofnana sem ríkið á meiri hluta í, þar sem kveðið verði á um að allar greiðslur til embættismannanna fyrir störf í þágu fyrirtækjanna komi fram í launum þeirra, en afnumin verði önnur fríðindi, þar á meðal fríðindi er lúta að innflutningi bifreiða og rekstri þeirra. Kveðið verði á um að kostnaður embættismanna vegna starfs skuli ætíð greiddur samkvæmt reikningi. Skipan þessi nái einnig til ráðherra.

Greinargerð.

Við umræður um almenn launakjör í landinu, þar sem komið hefur í hlut ráðherra, bankastjóra og annarra háttsettra embættismanna að vefengja þörf launastéttanna fyrir kjarabætur í vaxandi dýrtíð, hefur það orðið ljóst, að æskilegt er að slíkir formælendur ráðdeildar geti trútt um talað. Í fyrirspurnatíma á Alþingi hefur komið í ljós að auk ráðherra, sem njóta skattfrjálsra bifreiðafríðinda samkvæmt löglegri reglugerð, hafa bankastjórar tekið sér sams konar fríðindi í skjóli valds síns og forstjórar Framkvæmdastofnunar síðan fetað í fótspor þeirra. Hér skiptir ekki máli þótt bankaráð eða aðrar álíka stofnanir hafi fjallað um málin, við blasir að bankastjórarnir og forstjórarnir eru undanþegnir innflutningsgjöldum af bifreiðunum, geta selt þær innan þriggja til fimm ára án þess að standa skil á þessum gjöldum og keypt nýjar með sömu kjörum, og greiða engan skatt af til hins opinbera. Samtímis fá þeir svo greiddan allan rekstrarkostnað bíla þessara. Einnig hefur komið í ljós að forstjórar ríkisstofnana fá umsamdar aukagreiðslur sem nema allt að helmingi beinna launa, og að mikið skortir á að þannig sé um hnútana búið að hreinlegt geti talist.

Nd. 113. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 26. maí 1976 og lög nr. 23 10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara né ráðuneytisstjóra;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;
3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;
4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda. sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæð um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af Kjaradómi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er lögð til sú breyting að Kjaradómur ákveði launakjör ráðuneytisstjóra. Kjaradómur ákveður nú launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og ríkissaksóknara.

Ráðuneytisstjórarnir eru nú allir utan vébanda heildarsamtaka starfsmanna ríkisins og hafa verið það frá gildistöku laga nr. 46/1973. Skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1973 ætti fjármálaráðherra því að ákveða launakjör þeirra. Sá hængur er þar á, að áður en ráðherra ákveður kjör þeirra manna, sem eru utan heildarsamtaka starfsmanna ríkisins, leitar hann álits ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og/eða samninganefndar ríkisins í launamálum, en þar sitja tveir ráðuneytisstjórar.

Ráðuneytisstjórum stjórnarráðsins hefur verið kynnt efni þessa frumvarps. Eru þeir eindregið þeirrar skoðunar að sú breyting sem það felur í sér sé eðlileg og eru því meðmæltir að frumvarpið nái fram að ganga.

Nd. **114. Frumvarp til laga** [98. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Jón Skaftason, Sverrir Hermannsson, Guðlaugur Gíslason, Þorleifur K. Kristmundsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni sem íslenskt skip til ársloka 1978, enda hlíti það reglum, er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk. Loðnunefnd skal gæta þess að beina m/s Ísafold, eftir því sem þörf er á, til hafna er liggja fjarri aðalveiðisvæði hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 19. desember 1974 voru samþykkt lög á Alþingi um breyt. á l. nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu. Í lögum þessum voru ákvæði til bráðabirgða um skip það, sem frumvarp þetta fjallar um, og hljóða þannig: „Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skip frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febrúar og mars 1975, enda hlíti það reglum er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk.“

Bráðabirgðaákvæði þetta var samþykkt í Ed. án teljandi umræðna, en í Nd. urðu miklar umræður um málið og klofnaði sjútvn. deildarinnar í afstöðu sinni til málsins. Þau meginatriði, sem um var deilt, voru annars vegar að hér væri um afmarkað tilfelli að ræða, sem ekki veitti neitt fordæmi, en hins vegar það sjónarmið, að um væri að ræða málefni, sem snerti fiskveiðilögsöguna, og væri þess vegna varhugavert að samþykkja það vegna fordæmis sem það kynni að skapa. Sú skoðun varð ofan á, að í þessu væri verið að jafna saman tvennu ólíku, annars vegar milliríkjasamningi um fiskveiðiréttindi til handa þegnum annarra þjóða og hins vegar, í þessu umrædda tilfelli, undanþágu til einkaaðila um takmarkaðan tíma fyrir eitt skip, sem gert er út af íslenskum aðila og skipað er íslenskri áhöfn, og snerti ekki á nokkurn hátt okkar landhelgismál.

Við atkvæðagreiðslu um málið eftir 2. umræðu samþykkti 21 þingmaður frv. (og bráðabirgðaákvæðið) óbreytt, en 8 voru á móti. Þannig var frv. endanlega samþykkt á Alþingi 19. des. 1974. Þessi heimild var þó aldrei notuð og lágu ýmsar ástæður til þess.

Með þessu frv. er sú breyting gerð á fyrri ákvæðum, að lagt er til að heimildin veitist til ársloka 1978 og að loðnunefnd geti, þegar þörf krefur, þ. e. ef íslensk skip eru til staðar með afla, beint m/s Ísafold til hafna, er liggja fjarri aðalveiðisvæðinu hverju sinni og þannig komið í veg fyrir árekstra milli íslenskra sjómanna um löndunarröð og væntanlega tryggt verksmiðjum fjarri veiðisvæðum meira hráefni en ella.

Ed. 115. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um nýtt skipulag á verðlagsmálum landbúnaðarins.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Geir Gunnarsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela landbúnarráðherra að láta undirbúa frumvarp um breytingu á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., er miði að því að Stéttarsambands bænda semji milliliðalaust við ríkisstjórnina a. m. k. til eins árs í senn um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara og heildsöluverð þeirra og önnur mál er varða réttindi og kjör bænda.

Gert skal ráð fyrir því, að bændur hafi óskoraðan samningsrétt um málefni sín til jafns við aðrar stéttir.

Frumvarp þetta skal lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í febrúarlok næstkomandi svo að tími gefist til að afgreiða það fyrir þinglok.

Greinargerð.

Fyrirkomulag það, sem nú gildir um verðlagningu búvöru, hefur þegar fyrir löngu gengið sér til húðar. Sex manna nefndin, er tryggja skyldi umfjöllun framleiðenda og neytenda um sameiginleg hagsmunamál, er ekki lengur skynsamlegur umfjöllunaraðili þar eð fulltrúar neytenda í nefndinni eru orðnir umboðslausir. Gerðardómurinn hefur í raun reynst skálkaskjól ríkisvaldsins með þeim afleiðingum að bændastéttin má una skertum launum frá því sem kveðið er á um í lögum svo að nú munar ríflega fimmtungi frá þeim launum sem tilgreindar viðmiðunarstéttir njóta.

Efalaust er að ríkisvaldið er eini aðilinn sem bændur geta samið við um verðlagsmál framleiðsluvöru sinnar og önnur kjaramál. Verðlagningarkerfi það, sem nú er stuðst við, hefur leitt til þess að landbúnaðarframleiðslan, sölumálin og þar með kjaramál bænda í heild hafa lent í vítahring í efnahagskerfinu, og er nú svo komið að fulltrúar bænda sjálfra virðast vera farnir að trúa því að offramleiðsla sé helsta vandamál stéttarinnar. Hið sanna í málinu er hins vegar að framleiðsla búvöru hefur ekki aukist síðustu árin, þótt slíkt hefði raunar verið eðlilegt þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar. Aftur á móti hefur verðlagning búvöru með skertum niðurgreiðslum, ásamt sveiflum í kaupmætti, valdið því að kaupgeta launastéttanna hefur orkað á neyslu búvöru innanlands. Tvisvar hefur það gerst á þessu tímabili, hið fyrra sinnið í samstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, hið síðara sinnið nú í samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, að kaupmáttur launastéttanna hefur verið skertur svo, samtímis því sem verðlag á búvöru hefur verið hækkað, að fólk hefur orðið að spara við sig neyslu þessarar hollu fæðu. Afleiðingin hefur orðið sú, að fyrir hafa safnast birgðir af landbúnaðarafurðum. Reynslan hefur sýnt, að þegar kaupgeta launafólks er sæmileg samtímis því sem verðlagi búvöru er haldið í eðlilegu horfi, hefur markaðurinn innanlands reynst meira en nógur fyrir framleiðsluvörur bænda. — Af þessum sökum má telja augljóst, að alls ekki sé ástæða til þess að hvetja bændur til að draga úr framleiðslu sinni, heldur brýn nauðsyn að koma verðlagsmálum landbúnaðarins í eðlilegt samhengi við kaupgetu alþýðu. Liggur þá beint við að hugleiða hvort ekki sé betur varið því fé, sem nú rennur til útflutningsbóta á búvöru, með því að auka niðurgreiðslur vörunnar innanlands og auðvelda landsmönnum þannig framfærslu samtímis því sem vandamál útflutningsins yrðu leyst. Eðlilegt er að reikna með nokkurri umframframleiðslu búvöru í góðæri og má því búast við að jafnan þurfi að grípa til útflutningsuppbóta öðru hverju. Þyrfti þá að koma málunum fyrir á þá lund að miðað verði við ákveðna hlutfallstölu, — 10—15% — af verði hlutaðeigandi framleiðsluvöru á viðkomandi verðlagsári, fremur en við heildarframleiðslu búvöru.

Að dómi flutningsmanna er varla ástæða til að ætla að samningar geti ekki tekist milli stéttarsamtaka bænda og ríkisvaldsins um kjaramálin. Fari hins vegar svo að samkomulag takist ekki, verður að ætla bændum sama rétt og öðrum stéttum til þess að knýja á um kjör sín.

Að endingu leggja flutningsmenn megináherslu á það, að fulltrúar stéttarsamtaka bænda þurfi að taka ríkara tillit, framvegis en hingað til, til þess órjúfanlega samhengis, sem hlýtur að verða milli kaupgetu launastéttanna yfirleitt og hagsmuna bændastéttarinnar, og telja að erindrekum bænda sé nú sæmra að rýna eftir pólitískum orsökum þeirra þrenginga, sem bændastéttin á nú í, heldur en að telja kjark úr bændum í kjarabaráttunni með því að velta yfir á þeirra herðar ábyrgð á rangri ríkisstjórnarstefnu.

Ed. 116. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Liður IV í 2. gr. laganna orðist svo:
Til leiklistarstarfsemi áhugafélaga.
Nýr liður (verður VI. liður) orðist svo:
Til annarrar leiklistarstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar leiklistarlög voru sett á síðasta þingi voru þau fyrst og fremst sett til eflingar hinni blómlegu, en fjárvana starfsemi áhugaleikfélaganna. Forsögu laganna má rekja til samþykktar þingsályktunar 1972 frá flm. þessa frv. og Karvel Pálmasyni og nefndarskipunar í kjölfar þeirrar samþykktar.

Sú nefnd, sem þá samdi drög að frv. til leiklistarlaga, gerði ráð fyrir þeirri skipan, sem hér er lagt til, þ. e. beinu ákvæði um fjárstuðning hins opinbera við aðra aðila en upp eru taldir í liðum I—V, svo sem atvinnuleikhús, sem störfuðu sjálfstætt og reglubundið.

Mjög mikil gagnrýni hefur komið fram á það, að í endanlegri gerð var þessi liður felldur á brott, þar sem ýmsir sjá enga möguleika á fjárstuðningi við atvinnufólk í leiklist utan Leikfélags Reykjavíkur og Akureyrar, ef staðið er fast á ákvæðum gildandi laga. Túlkun gagnrýnenda á þessu er að vísu ekki óumdeilanleg, því möguleikar ættu í raun að felast bæði í IV. og V. lið, ef sá skilningur ríkti í heild á þessum málum, að til skipta kæmi viðunandi fjárupphæð.

Því fer hins vegar víðs fjarri og þar er vandamálið mesta, en ekki fyrst og fremst skortur á lagaákvæðum eins og margir hafa langt um of einblínt á.

Þannig er fjárhagsvandi áhugafélaganna alvarlegri en oft áður, þrátt fyrir ný og betri lagaákvæði.

Fjármagnið er blátt áfram hvergi nægilegt. Hins vegar er flm. þessa frv. ljóst, að lagaákvæði veitir viðspyrnu varðandi fjárveitingar, og telur því rétt, að það sé ótvírætt fyrir hendi.

Ríkið hlýtur að styðja þá leiklistarstarfsemi, sem sýnir sig að á tilverurétt, er engin loftbóla, heldur vakandi, listrænt starf, svo sem Alþýðuleikhúsið er lýsandi dæmi um.

Til þess að tryggja leikhópum eða atvinnuleikhúsum af því tagi lagalegan rétt til fjárstuðnings af hálfu hins opinbera er frv. þetta flutt.

Nd. **117. Frumvarp til laga** [101. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

2. mgr. 12. greinar laganna orðist svo:

Í fjárlögum hvers árs skal ráð fyrir því gert, að ríkissjóður ábyrgist að tilteknu marki greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings á sauðfjárafurðum annars vegar og nautgripaafurðum hins vegar. Verðábyrgð samkvæmt framansögðu skal miðuð við hvora búgrein um sig og greiðsla gerð upp sérstaklega fyrir hvora þeirra. Á hverju verðlagsári getur slík verðábyrgð mest orðið sem nemur 10% af framleiðsluverðmæti nautgripaafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar og mest 12% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á þeim afurðum.

2. gr.

Aftan við IX. kafla laganna komi svofellt:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. er heimilt að ríkissjóður ábyrgist greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings á sauðfjárafurðum, allt að því marki sem hér segir:

Fyrir verðlagsárið 1978/79 allt að 20% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.
Fyrir verðlagsárið 1979/80 allt að 18% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.
Fyrir verðlagsárið 1980/81 allt að 16% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.
Fyrir verðlagsárið 1981/82 allt að 14% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi frv. þessa er að benda á leið út úr þeim ógöngum, sem þjóðarbúið er komið í vegna greiðslu verðábyrgðar úr ríkissjóði á útfluttar landbúnaðarafurðir (útflutningsbætur). Í þeim efnum hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina að undanförnu uns í algert óefni er nú komið þegar flytja getur þurft út yfir 30% af framleiðsluafurðum einnar búgreinar og greiða úr ríkissjóði í verðbætur af þeim sökum upphæðir, sem taldar eru í þúsundum milljóna króna. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 er talið að verja þurfi 2 963 millj. kr. í þessu skyni til þess að standa undir halla af útflutningi, sem skapast vegna offramleiðslu, einkum og sér í lagi á kindakjöti, en einnig að talsverðu marki á mjólkurafurðum. Þegar litið er til þess, hversu mikil aukning hefur orðið á greiðslu útflutningsuppbóta á allra síðustu árum, ekki aðeins í krónum, heldur ekki síður í raunverulegum verðmætum, sbr. töflu II, er auðséð, að við svo búið verður ekki staðið. Ber því brýna nauðsyn til að því kerfi, sem slík verðábyrgðargreiðsla úr ríkissjóði er byggð á, verði breytt, enda kom engum til hugar, þegar það kerfi var sett á með bráðabirgðalögum frá 15. desember 1959, að afleiðingarnar gætu orðið neitt í námunda við það sem orðið hefur.

Flm. frv. er ljóst, að þótt brýna nauðsyn beri til að breyta til og það verðábyrgðarkerfi vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum, sem í gildi hefur verið s. l. 18 ár, hafi gersamlega gengið sér til húðar, þá fylgir því mikill vandi að breyta um. Á því er ekki nokkur vafi, að verðábyrgðarkerfið hefur beinlínis ásamt með öðru stuðlað að mjög óæskilegum framleiðsluháttum í íslenskum landbúnaði, þannig að framleiðsla fyrir innanlandsmarkað með eðlilegum og óhjákvæmilegum sveiflum milli ára sökum árferðis og markaðsaðstæðna hefur ekki reynst það markmið framleiðslunnar, sem eðlilegt og sjálfsagt er. Þess í stað hefur verið stofnað til mikillar offramleiðslu á ákveðnu sviði landbúnaðarframleiðslunnar í skjóli þess að ríkissjóður tryggði framleiðendum lágmarksverð fyrir framleiðsluna, þótt mjög verulegan hluta hennar yrði að flytja úr landi fyrir miklum mun lægra verð en íslenskum neytendum er ætlað að greiða. Þannig hefur verið horfið frá því markmiði landbúnaðarframleiðslunnar, sem var fyrir gildistöku ákvæðanna um verðábyrgð ríkissjóðs frá 1959, að framleiðsla landbúnaðarafurða taki mið af þörfum innanlandsmarkaðarins, og hefur framkvæmd verðábyrgðarinnar án efa átt stóran hlut að því máli. Enda þótt nú sé fyrir allnokkru orðið ljóst, að við svo búið verður ekki staðið, þá er engu að síður ýmsum erfiðleikum bundið að hverfa frá þeirri stefnu í útflutningsbótamálunum, sem svo rík áhrif hefur haft á framleiðslustefnu í landbúnaði á s. l. 18 árum. Til dæmis er ljóst, að ef snúið yrði við blaðinu í einu vetfangi og breytt um kerfi verðábyrgðar ríkissjóðs vegna útflutnings landbúnaðarafurða þannig að útflutningsbætur lækkuðu mjög í einni svipan, þá mundi það hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir bændur. Viðbrigðin yrðu svo mikil og snögg, að jafnvel enn alvarlegri vandi mundi skapast í landbúnaðarmálunum — sá vandi, að ekki yrði með nokkru móti unnt að losna við verulegan hluta af framleiðslu búvara, einkum sauðfjárafurða, sem yrði að sjálfsögðu óskaplegt áfall fyrir íslenska bændastétt, er án efa mundi ríða búskap margra bænda að fullu. Einmitt vegna þess, hversu lengi menn hafa látið viðvaranir Alþýðuflokksins um hvert stefndi í landbúnaðarmálunum með óbreyttu útflutningsbótakerfi sem vind um eyru þjóta, er nú komið út í þær ógöngur, sem raun ber vitni, þar sem ekki verður snúið á rétta braut nema með mikilli varúð og á talsverðum tíma.

Með frumvarpi þessu er bent á færa leið með breytingum á núverandi kerfi verðábyrgðar (útflutningsbóta) sem er í senn varfærnisleg og tekin í áföngum á talsvert löngum tíma. Af ummælum ýmissa þingmanna má ætla, að skilningur hafi nú loks skapast á þeim vanda, sem við er að etja, og vilji sé fyrir skynsamlegum úrbótum. Vilja þingmenn Alþýðuflokksins því láta á það reyna með flutningi þessa frv.

Núverandi skipan verðábyrgðar.

Núverandi skipan verðábyrgðar vegna útflutnings landbúnaðarafurða (útflutningsbóta) var upp tekin með bráðabirgðalögum frá 15. desember 1959, en bráðabirgðalög þessi voru í formi viðauka við lög nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. Bráðabirgðalögin voru staðfest á Alþingi með nokkurri formbreytingu, en efnislega óbreytt þá um veturinn.

Tildrög þessarar lagasetningar voru þau, að fulltrúar neytenda og framleiðenda höfðu ekki komið sér saman um nýjan verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða þá um haustið, m. a. vegna þess að í þágildandi lögum voru ákvæði um að heimilt væri að hækka útsöluverð á landbúnaðarafurðum innanlands til þess að bæta upp halla á útfluttum vörum. Höfðu fulltrúar bænda krafist þess, að þessi heimild yrði notuð við verðákvörðunina haustið 1959, en það hafði þá aðeins örsjaldan verið gert, þar eð það sætti af eðlilegum ástæðum mikilli andstöðu, að halli vegna útfluttra landbúnaðarvara sökum meiri framleiðslu en samsvaraði innanlandsneyslu væri borinn af neytendum í formi hækkaðs útsöluverðs á bú-

vörum innanlands. Þessari kröfu bænda svo og öðrum kröfum þeirra um hækkanir mótmæltu fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd og hurfu úr nefndinni svo ekki reyndist unnt að verðleggja landbúnaðarvörur eins og lög stóðu til. Var þá ákveðið með bráðabirgðalögum, að verð þeirra skyldi standa óbreytt.

Fyrir tilhlutan þáverandi ríkisstjórnar tóku fulltrúar bænda og neytenda, þ. e. a. s. verkalýðshreyfingarinnar, í kjölfarið upp viðræður sín á milli um endurskoðun á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins með það að markmiði að koma sér niður á skipan verðlagsmála, sem báðir aðilar gætu við unað. Slíkt samkomulag tókst. Samdar voru breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem ríkisstjórnin setti síðan með umræddum bráðabirgðalögum frá 15. des. 1959. Eitt atriðið í þeirri lagasetningu, sem samkomulag náðist um milli neytenda og bænda, var ný skipan á verðábyrgð vegna halla á útfluttum landbúnaðarafurðum, og hefur sú skipan staðið óbreytt síðan. Hana er að finna í 12. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., nú nr. 101/1966. Í 1. mgr. 12. gr. segir, að óheimilt sé að bæta upp söluverð landbúnaðarafurða á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands — sem sé lagt bann við því fyrirkomulagi, sem í lögum var fram til ársins 1959 og olli ósamkomulaginu haustið 1959 sem áður var getið. Í 2. og 3. mgr. 12. gr. eru svo ákvæðin um það, sem koma á í staðinn — verðábyrgð ríkissjóðs — og hljóða þær svo:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar.“

Þegar hér er komið ber að hafa í huga, að fram til ársins 1959, þegar þessi ákvæði um verðbætur voru í lög leidd, hafði landbúnaðarframleiðslan ávallt tekið mið af markaðasþörf innanlands. Fram til þess tíma hafði útflutningurinn, þegar hann var allra mestur, aðeins numið 5 45% af heildarverðmæti framleiðslunnar. Er því ekki undarlegt þótt engum hafi þá til hugar komið, að það gæti gerst, að framleiðsla landbúnaðarafurða tæki slíkt stökk umfram innanlandsþarfir, að hámark verðábyrgðar yrði notað eða neitt nálægt því. Þegar um það mál var rætt á Alþingi í febrúarmánuði árið 1960 bótti þingmönnum algerlega fráleitt, að til slíks gæti komið, og því þarflaust að samþykkja breytingartillögu, sem fram kom frá einum af þingmönnum Alþýðuflokksins þess efnis, að verðábyrgðin yrði með öðrum hætti — sem sé þeim, að hún næði til mismunarins á því verði, sem fengist á erlendum markaði fyrir allt að 10% framleiðslunnar, sem út yrði flutt, og því verði, sem fengist innanlands fyrir sama magn. Sem dæmi um þessi viðhorf lét þáverandi landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, svo um mælt í ræðu í efri deild Alþingis 11. mars 1960:

„Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekkert í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við fjölgun fólksins í landinu, og þess vegna er það rétt ... að það eru litlar líkur til þess, að útflutngsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði. ...“

Þannig voru spádómarnir þá, við setningu laganna um útflutningsuppbætur. Þó liðu ekki nema rösk tvö ár — eða fram til verðlagsársins 1963/64 — þar til greiðsla verðábyrgðar úr ríkissjóði vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum var komin í levfilegt hámark, 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu. Og þessu hámarki hefur verðábyrgðin náð í sjö önnur skipti, eða í alls 8 ár af 14 frá árinu 1963/64 til yfirstandandi árs, eins og sjá má í töflu I. Og í raungildi hafa útflutningsbæturnar einnig vaxið ár frá ári — orðið allt að 69% hærri en þær voru árið 1963—64 á sambærilegu verðlagi eins og sjá má á töflu II (verðlagsárið 1973/74). Slík áhrif hefur sú leið, sem valin var í sambandi við

verðtryggingu ríkissjóðs á útflutning landbúnaðarvöru, haft á framleiðslustefnuna í landbúnaði.

Ýmislegt annað kemur auk þess til. Ýmsir — jafnvel þeir, sem áttu hlut að því samkomulagi bænda og neytenda sem gert var haustið 1959, og þeir, sem beittu sér fyrir lagasetningu í framhaldi af því — stóðu í þeirri trú, að með því væri aðeins verið að tryggja, að útflutningsuppbætur úr ríkissjóði gætu á ári hverju ávallt numið sem svaraði 10% af verðmæti hverrar útfluttrar afurðar fyrir sig — t. d. 10% af verðmæti osta, 10% af verðmæti kindakjötsframleiðslunnar o. s. frv. En eins og bókstafur laganna hljóðar er ekki um slíkt að ræða. Framkvæmdin er sú, að fyrst er áætlað heildarframleiðsluverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslu og hlunninda, það lagt saman og síðan reiknuð 10% af þeirri upphæð, sem skv. laganna bókstaf er sú fjárhæð, sem verðábyrgð ríkissjóðs á að nema. Eins og sjá má af töflu I eru þannig ekki aðeins inn í heildarframleiðsluverðmætistölunni allar afurðir af nautgripum og sauðfé, heldur jafnframt framleiðsluverðmæti annarra afurða, en inni í þessum „öðrum afurðum" eru t. d. afurðir af hrossum, afurðir af geitum, svínum, loðdýrum og alifuglum, garð- og gróðurhúsaafurðir og tekjur af hlunnindum, svo sem af laxveiðum og sölu veiðileyfa, silungsveiðum, hrognkelsaveiðum, selveiðum, æðardúni, eggjatöku, fuglaveiðum og vegna rekatöku. Framleiðsluverðmæti allra þessara greina er reiknað út, lagt saman og síðan reiknuð 10% af heildartölunni. Sú tala, sem þá kemur út, er sem sé sú fjárhæð, sem verður það árið að koma úr ríkissjóði vegna verðábyrgðar á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem fyrst og fremst eru kindakjöt og mjólkurvörur. Þannig verða tekjur, sem hljótast af starfsemi eins og alifuglarækt, tómata- og gúrkuframleiðslu, lax- og silungsveiðum, hrognkelsaveiðum, töku æðardúns, eggjatínslu og hirðingu rekaviðar, til þess að hækka greiðslur bóta úr ríkissjóði vegna útflutnings á lambakjöti, með þeim afleiðingum að verðtryggð offramleiðsla á þessari einu afurð getur numið 30—40% af heildarframleiðslunni. Auðvitað felur þetta ekki í sér eðlilega framleiðslustefnu með þarfir innanlandsmarkaðar og fjárhagsgetu þjóðarinnar fyrir augum. Vandinn er hins vegar sá, að við slíkt kerfi búum við Íslendingar. Sú staðreynd verður ekki umflúin, og hún hefur haft þau áhrif, að ekki verður til baka snúið nema með varúð og gætni, svo stórkostlegt tjón hljótist ekki af fyrir landbúnaðinn og þjóðarbúið í heild.

Um önnur atriði varðandi þróun mála við núgildandi kerfi útflutningsbóta vísast til taflna, sem frv. þessu fylgja.

Stefna frumvarpsins.

Eins og áður er sagt byggist frv. þetta á því meginviðhorfi, að beygt verði út af hinni röngu og til réttar áttar, en þó með aðgát og varfærni, sem nauðsynlegt er eins og málum er nú komið. Ef fyrr hefði verið gripið á vandanum og ráðamenn hefðu ekki daufheyrst við varnaðarorðum Alþýðuflokksmanna hefði sjálfsagt verið hægt að grípa til fljótvirkari og útgjaldaminni ráða en felast í þessu frv. En staðreyndin er sú, að í hreinar ógöngur er komið þar sem fara verður með varfærni, og í augu við þær staðreyndir verða menn að horfast.

Frumvarpið, eins og það er úr garði gert, gerir ráð fyrir því, að þær breytingar verði gerðar á 12. gr. laganna um framleiðsluráð — þeirri grein, sem fjallar um verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða (útflutningsbætur) — að miða ekki verðábyrgðina við samanlagt heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslunnar að hlunnindum meðtöldum, heldur aðeins við framleiðsluverðmæti þeirra aðalbúgreina tveggja — nautgriparæktar og sauðfjárræktar — sem útflutningurinn er einskorðaður við. Þannig er lagt til, að verðábyrgð ríkissjóðs nái til útflutnings á afurðum hvorrar þessarar búgreinar um sig þannig að hún megi mest verða sem svarar 10% af heildarverðmæti nautgripaafurða gagnvart útflutningi á afurðum þeirrar búgreinar og 12% af heildarverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar. Þannig yrðu útflutningsbæturnar gerðar

upp fyrir hvora búgrein um sig og ekki leyfður flutningur verðábyrgðar milli búgreina, t. d. ef verðábyrgð yrði ekki að fullu notuð gagnvart útflutningi afurða annarrar búgreinarinnar, en útflutningur á afurðum hinnar yrði meira en næmi verðábyrgð hennar. Þá er eigi heldur hægt skv. frv. að flytja verðábyrgðargreiðslur milli ára frekar en nú á sér stað, þannig að verðábyrgð, sem ekki nýtist eitt árið, fellur þá niður.

Flm. er ljóst, að hér er um að ræða talsvert stórt skref í átt til eðlilegrar skipunar á þessum málum, sem m. a. mundi hafa haft það í för með sér að greiðslur vegna verðábyrgðar verðlagsárið 1976/77 mundu lækka um 1 milljarð króna frá því sem nú er ef ekkert annað kæmi til. Ef slík breyting yrði gerð í einu vetfangi mundi sú ráðstöfun koma mjög harkalega við bændur — jafnvel lama að verulegu leyti sauðfjárbúskapinn í landinu. Einmitt þess vegna er lagt til í frv. að sett verði bráðabirgðaákvæði í lög um framleiðsluráð, þannig að markmiði 12. gr., eins og hún yrði ef frv. yrði samþykkt, væri náð í áföngum gagnvart þeirri búgrein — sauðfjárrækt — sem erfiðast ætti með að una þessum breytingum. Á verðlagsárinu 1977/78 mætti verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra sauðfjárafurða þannig nema allt að 20% af heildarframleiðsluverðmæti búgreinarinnar, á þar næsta verðlagsári lækkaði hámark ábyrgðarinnar niður í 18% og svo áfram koll af kolli uns hún yrði komin niður í 12% á 4 árum. Með þessu móti væri markinu náð í áföngum og yrði ekki eins tilfinnanleg breyting og ella. Að sjálfsögðu eru flm. reiðubúnir til þess að fylgja endurskoðun á áfangaskiptingunni og hlutfallstölum verðábyrgðarinnar, ef samstaða tækist um það í þinginu, enda skiptir slíkt engum sköpum, heldur hitt, sem er aðalatriði, að horfið verði til verðábyrgðarkerfis, sem hefur ekki þau óæskilegu og óeðlilegu áhrif á framleiðslustefnu í landbúnaði, sem og það kerfi hefur haft, er í gildi hefur verið s. l. 18 ár.

Með sama hætti vilja flm. benda á, að í frv. felst ekki hin endanlega lausn þessara mála, heldur aðeins lausn um takmarkaðan tíma, til þess fallin að snúa af rangri braut yfir til réttari áttar. Sem framtíðarstefnu í þessum málum má t. d. benda á verðábyrgðarkerfi, sem yrði þannig hugsað, að áætlað yrði hverjar sveiflur í framleiðslumagni landbúnaðarafurða telja mætti eðlilegar með hliðsjón af árferðissveiflum og þörfum innanlandsmarkaðar, og ríkissjóður ábyrgðist síðan þann mismun, sem kynni að skapast vegna útflutnings, innan eðlilegra umframframleiðslumarka, á því verði, sem fengist fyrir útflutninginn annars vegar, og innanlandsverðinu hins vegar. Takmarkið er auðvitað það, að landbúnaðarframleiðslan sé ávallt fyrst og fremst í samræmi við innanlandsmarkaðsþarfir hvað varðar magn, gæði og fjölbreytni og ráðstafanir hins opinbera til stuðnings landbúnaði taki mið af óskum neytenda og þörfum atvinnuvegarins fyrir aukna hagræðingu, bætta hagkvæmni og aukna framleiðni ásamt með eðlilegum launakjörum bænda miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins fyrir þá miklu vinnu og ábyrgð, sem á þeim hvílir, en lúti ekki nær einhliða að því að auka framleiðsluna án tillits til þarfanna innanlands, fjárhagsgetu þjóðarbúsins, gjaldþols neytenda og afkomumöguleika bænda.

Tafla I.

Áætlað heildarverðmæti landbúnaðarvara verðlagsárin 1964/65—1976/77. Útflutningsbætur (verðábyrgð).

	Afurðir af nautgripum millj. kr.	Þar af mjólk millj. kr.	Afurðir af sauðfé millj. kr.	Aðrar afurðir millj. kr.	Alls verðmæti millj. kr.	Útfl.b. úr ríkisstj. millj. kr.	Þar af vegna sauðfj.-afurða	Þar af vegna nautgr.-afurða	Hlutfall af heildar-verðmæti
Verðlagsár 63/64	816	773	570	214	1 600	160	90	70	10%
Verðlagsár 64/65	965	918	635	257	1 857	179	110	69	9.6%
Verðlagsár 65/66	1 062	997	794	321	2 177	218	120	98	10%
Verðlagsár 66/67	1 101	1 011	893	298	2 292	229	100	129	10%
Verðlagsár 67/68	1 233	1 130	999	326	2 558	256	78	178	10%
Verðlagsár 68/69	1 417	1 259	1 193	396	3 006	301	70	231	10%
Verðlagsár 69/70	1 606	1 431	1 270	445	3 321	332	82	260	10%
Verðlagsár 70/71	2 055	1 842	1 475	544	4 074	404	230	174	9.9%
Verðlagsár 71/72	2 420	2 212	1 614	792	4 826	379	269	110	7.9%
Verðlagsár 72/73	3 071	2 799	2 193	1 009	6 273	438	237	201	7%
Verðlagsár 73/74	4 547	4 102	3 415	1 313	9 275	927	480	447	10%
Verðlagsár 74/75	6 120	5 440	4 797	2 350	13 267	1 140*	490*	650*	8.6%*
Verðlagsár 75/76	8 022	7 155	6 956	3 020	17 998	1 620*	225*	1 395*	9%*
Verðlagsár 76/77	10 490	9 498	8 703	3 817	23 010*	2 301*	330*	1 971*	10%*

Athugasemdir og skýringar:

1. Verðlagsár er frá 1. september ár hvert til jafnlengdar næsta árs.
2. Afurðir eru reiknaðar á verði til bænda, í flestum tilvikum eins og það hefur verið skráð í verðlagsgrundvelli, en ekki skv. raunverulegu útborgunarverði.
3. Frá því verðábyrgðargreiðslur í núverandi formi hófust (1959/60) hafa greiðslur náð hámarki (10%) alls 8 sinnum (sjá töflu), en það þýðir, að útflutningur búvara hefur 8 verðlagsár orðið það mikill, að framlag úr ríkissjóði sem nemur 10% af samanlögðu framleiðsluverðmæti landbúnaðarins hefur ekki nægt til þess að jafna „hallann" á útflutningnum.
4. Skipting bótagreiðslna á nautgripaafurðir annars vegar og sauðfjárafurðir hins vegar er ekki nákvæm í þessari töflu. Ýmsar tilfærslur á greiðslum milli ára og milli afurða valda því, að án mikilla skýringa er ekki unnt að gera nákvæma skiptingu.
5. * merkir bráðabirgðatölu.

Tafla II.

Útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir (verðábyrgð) greiddar úr ríkissjóði 1963/64 — 1976/77 vegnar með vísitölu framfærslukostnaðar sömu ár.

	Útflbætur úr ríkissj. millj. kr.	Framfvísit. 1. febr. ár hvert. 1.2. '64=100	Útflbætur '64 umreikn. skv. vísitölu.	Mism. í m.kr. á raunv. greiðslum og bótum '64 umreikn. til sambærilegs verðlags.	Mism. skv. dálk 4 í % af dálk 3 (þ.e. a.s. frávik á greiðslu bóta frá bótum '63/64 á sambæril. verðlagi)
Verðlagsár 1963/64	160	100	160	0	0
Verðlagsár 1964/65	179	110	176	+ 3	+ 1.7%
Verðlagsár 1965/66	218	120	192	+ 26	+13.5%
Verðlagsár 1966/67	229	127	203	+ 26	+12.8%
Verðlagsár 1967/68	256	143	229	+ 27	+11.8%
Verðlagsár 1968/69	301	171	274	+ 27	+ 9.9%
Verðlagsár 1969/70	332	193	309	+ 23	+ 7.4%
Verðlagsár 1970/71	404	216	346	+ 58	+16.8%
Verðlagsár 1971/72	379	222	355	+ 24	+ 6.8%
Verðlagsár 1972/73	438	258	413	+ 25	+ 6.1%
Verðlagsár 1973/74	927	343	549	+378	+68.9%
Verðlagsár 1974/75	1 140*	527	843	+297	+35.2%
Verðlagsár 1975/76	1 620*	717	1 147	+473	+41.2%
Verðlagsár 1976/77	2 301*	965	1 544	+757	+49.0%

Athugasemdir og skýringar:

1. Tafla þessi sýnir í dálki 1 útflutningsuppbætur, sem greiddar hafa verið vegna landbúnaðarafurða úr ríkissjóði á árunum 1963/64 til 1976/77. Í dálki 2 er framfærsluvísitalan sýnd eins og hún var 1. febrúar ár hvert á þessu tímabili (1964=100) og er tekið mið af framfærsluvísitölunni á miðju verðlagsári hverju sinni, sem nær frá 1. september ár hvert til jafnlengdar næsta árs. Í dálki 3 eru útflutningsbæturnar eins og þær voru verðlagsárið 1963/64 umreiknaðar á verðlagi hvers árs skv. framfærsluvísitölunni eins og hún er sýnd í næsta dálki á undan. Dálkur 4 sýnir svo mismuninn á raunverulegum greiðslum útflutningsuppbóta ár hvert og greiðslum verðlagsársins 1963/64 ef þær hefðu verið notaðar sem viðmiðun og verðtryggðar með vísitölu framfærslukostnaðar (mismunurinn, sem ávallt er pósitívur, sýnir því hversu miklu hærri fjárhæð hefur raunverulega verið greidd í útflutningsbætur úr ríkissjóði á verðlagi hvers árs en nemur bótagreiðslunum 1963/64 á sambærilegu verðlagi). Síðasti dálkurinn sýnir svo þetta frávik í % af „verðtryggðum" útflutningsuppbótum 1963/64 hverju sinni.
2. * merkir bráðabirgðatölur.

Tafla III.

Samanburður á greiddum útflutningsbótum úr ríkissjóði og bótagreiðslum eins og þær hefðu verið ef ákvæði frumvarpsins um verðábyrgð hefðu verið í gildi.

	Útflutningsbætur (verðábyrgð)			Skv. ákvæðum frv. ef gilt hefðu		
	Útflbætur úr ríkissj. millj. kr.	Þar af vegna: Nautgr.-afurða	Sauðfj.-afurða	Vegna 10% áb. á nautgr. afurðir	Vegna 12% áb. á sauðf.-afurðir	Útflb. úr ríkissj. alls
Verðlagsár 1963/64	160°	90	70	82°	68°	150
Verðlagsár 1964/65	179	110	69	97°	69	166
Verðlagsár 1965/66	218°	120	98	106°	95°	201
Verðlagsár 1966/67	229°	100	129	100	107°	207
Verðlagsár 1967/68	256°	78	178	78	120°	198
Verðlagsár 1968/69	301°	70	231	70	143°	213
Verðlagsár 1969/70	332°	82	250	82	152°	234
Verðlagsár 1970/71	404	230	174	205°	174	379
Verðlagsár 1971/72	379	269	110	242°	110	352
Verðlagsár 1972/73	438	237	201	237	201	438
Verðlagsár 1973/74	927°	480	447	455°	410°	865
Verðlagsár 1974/75	1 140*	490*	650*	490	576°	1 066
Verðlagsár 1975/76	1 620*	225*	1 395*	225	834°	1 059
Verðlagsár 1976/77	2 301*°	330*	1 971*	330*	1 044*°	1 374*

Athugasemdir og skýringar:

1. * merkir bráðabirgðatölur.
2. ° merkir þegar hámarksverðábyrgð er náð bæði skv. því kerfi, sem gilt hefur um greiðslu útflutningsbóta, og því, sem frv. gerir ráð fyrir, ef í gildi hefði verið.
3. Að sjálfsögðu er ekki reynt að áætla í þessari töflu hvaða áhrif breytt skipan á kerfi útflutningsbóta, eins og frv. gerir ráð fyrir, kynni að hafa haft á framleiðslumagn hvorrar búgreinar um sig — t. d. í þá átt að auka framleiðslu á nautgripaafurðum vegna ónýttrar verðábyrgðar á útflutning slíkra afurða en til samdráttar í framleiðslu sauðfjárafurða vegna umframframleiðslu, sem ekki yrði verðbætt til útflutnings. Ógerningur er að spá um áhrif breytts kerfis á greiðslu verðábyrgðar (útflutningsbóta) á framleiðslumagn búgreina, en um einhver áhrif yrði að öllum líkindum að ræða.

Nd. 118. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 26. maí 1976 og lög nr. 23 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þórarinn Þórarinsson, Lárus Jónsson og Björn Jónsson.

Alþingi, 28. nóv. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósepsson.

Þorleifur K. Kristmundsson.

Sþ. 119. Fyrirspurnir. [102. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvað hefur Húsnæðismálastofnun ríkisins aðhafst í því skyni að auka hagkvæmni í byggingum og lækka byggingarkostnað skv. 3. gr. laga um stofnunina?
2. Hverjar eru helstu áætlanir stofnunarinnar um aðgerðir í þessu efni?

II. Til sjávarútvegsráðherra um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvaða aðilar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar skipuleggja og stjórna rannsóknar- og fiskileitarleiðöngrum skipa hennar?
2. Hver eru þessi skip og hve margir voru úthaldsdagar þeirra á s. l. ári?
3. Hvað veldur því að b/v Baldur hefur enn ekki hafið rannsóknar- og leitarstörf?
4. Hvaða aðilar ákváðu þær breytingar, sem á skipinu er verið að gera, og í hverju eru þær fólgnar.
5. Hvað hafa þessar breytingar kostað til þessa, hve mikill er áætlaður heildarkostnaður þeirra nú?
6. Hver var viðgerðarkostnaðurinn skv. mati á b/v Baldri að afloknu þorskastríði?

III. Til sjávarútvegsráðherra um kaup og rekstur á togveiðiskipinu Baldri.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

a) Hvert var kaupverð togveiðiskipsins Baldurs EA 124?
b) Hvað hafa allar breytingar skipsins og viðhald kostað?
c) Hvað hefur skipið legið marga daga í höfn á þessu ári og hvar?
d) Hvað má reikna með að skipið kosti ríkissjóð á dag í höfn?
e) Hvernig er fyrirhugað að nota skipið á árinu 1978?

IV. Til iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hvernig hljóðaði bréf það sem Orkustofnun sendi iðnaðarráðherra 14. mars 1975, þar sem varað var við þeirri áhættu sem í því væri fólgin að ráðast í framkvæmdir við Kröflu, áður en tryggð væri næg vinnsluhæf gufa, og bent á að slík framkvæmd væri einsdæmi?
2. Hverjar voru niðurstöðurnar af athugunum „konunnar með svarta kassann“ sem hingað kom á vegum iðnaðarráðherra s. l. vor til þess að kanna ástandið við Kröflu? Hver varð heildarkostnaður af hingaðkomu konu þessarar og hversu mikil þóknun var henni greidd? Ollu niðurstöður „konunnar með svarta kassann“ því, að tillögur Orkustofnunar um nýjar boranir á þessu ári voru að engu hafðar? Styðjast tillögurnar á fjárlagafrumvarpi ársins 1978 um framkvæmdir við Kröflu við hugmyndir konu þessarar?

V. Til forsætisráðherra um framkvæmdir á Hrafnseyri til minningar um Jón Sigurðsson.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Eru fyrirhugaðar frekari framkvæmdir á Hrafnseyri til að efla staðinn í minningu Jóns Sigurðssonar?
2. Er ætlunin að minnast hundruðustu ártíðar Jóns Sigurðssonar árið 1979 með sérstökum framkvæmdum á Hrafnseyri?
3. Hvert er hlutverk Hrafnseyrarnefndar?

Nd. 120. Frumvarp til gjaldþrotalaga. [103. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

I. KAFLI
Orðskýringar og almenn atriði.

1. gr.

1. Í lögum þessum merkir orðið frestdagur:
   a) Daginn, þegar skiptaráðandi fær ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti.
   b) Dánardag skuldara, ef með dánarbúið er farið eftir þessum lögum.
   c) Daginn þegar skiptaráðandi samkvæmt þessum lögum kveður upp úrskurð um, að hann skuli fara með skipti vegna félagsslita eða uppgjörs á eignum stofnunar.

   Ef fleiri dagar en einn geta skv. framanskráðu verið frestdagar, skal hinn fyrsti þeirra vera það.
2. Frestdagur telst sá dagur, þegar óskað er greiðslustöðvunar skv. 2. kafla, þó að lögverkanir greiðslustöðvunar falli brott skv. 12. gr., ef krafist er nauðasamninga eða gjaldþrotaskipta innan 3 vikna eftir brottfall lögverkananna.
3. Frestdagur telst sá dagur, þegar skiptaráðandi fær nauðasamningakröfu, þó að nauðasamningar nái ekki staðfestingu, ef krafist er gjaldþrotaskipta innan 3 vikna, eftir að krafa um nauðasamninga var afturkölluð eða henni hafnað eða eftir að hætt var tilraunum til að ná slíkum samningum.
4. Frestdagur telst sá dagur, þegar gjaldþrotaskipta er krafist, þótt krafan sé afturkölluð eða henni hafnað, ef skiptaráðandi fær innan 3 vikna nýja ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.

2. gr.

Í lögum þessum merkir orðið nákomnir:

a) Hjón, skyldmenni í beinan legg, systkini, mann og maka skyldmenna í beinan legg og systkina og aðra menn, sem sérstaklega náið persónulegt samband hefur verið á milli.
b) Mann og félag eða stofnun, ef maðurinn eða fólk nákomið honum á verulegan hluta félagsins eða stofnunarinnar.
c) Tvö félög eða stofnanir, ef annað þeirra eða fólk nákomið því á verulegan hluta af hinu félaginu eða hinni stofnuninni.
d) Annað fólk, félög eða stofnanir, sem hafa sambærilegt hagsmunasamband og nefnt er í b og c lið.

3. gr.

1. Ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti skal send skiptaráðanda þar sem skuldari á heimili.
2. Sá sem krefst gjaldþrotaskipta, getur þó óskað þess við skiptaráðanda, þar sem hann telur meginhluta atvinnurekstrar skuldara fara fram, að hann fari með

skiptin. Í beiðninni skal skýra þessa ósk. Skiptaráðandi skal þegar senda hana dómsmálaráðuneyti ásamt umsögn sinni. Ráðuneytið ákveður, hvort við henni skuli orðið. Ef úrskurður um gjaldþrotaskipti skv. 1. mgr. er kveðinn upp, áður en ákvörðun ráðuneytis hefur leitt til úrskurðar með heimild í þessari mgr., fara skiptin fram þar sem skuldari á heimili. Ef dánarbú er til opinberra skipta, fara gjaldþrotaskipti þess fram í sama lögsagnarumdæmi.

3. Ef ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti berst skiptaráðanda, sem ekki má með hana fara, skal hann senda hana þeim skiptaráðanda, sem með hana skal fara.

4. gr.

1. Ósk um greiðslustöðvun og krafa um gjaldþrotaskipti skal vera skrifleg. Geta skal þess, hver ber hana fram, svo og nafns skuldara, nafnnúmers hans eða auðkennisnúmers í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, heimilisfangs og eftir atvikum atvinnu. Gögn, sem vitnað er til, skulu að jafnaði fylgja.
2. Skiptaráðandi skal halda skrá yfir framkomnar óskir um greiðslustöðvun og kröfur um gjaldþrotaskipti. Tilgreina skal í skránni, hvaða dag óskin eða krafan berst.

5. gr.

Skiptaráðandi getur gefið þeim, sem ber fram ósk eða kröfu skv. 4. gr., stuttan frest, sem að jafnaði skal ekki vera lengri en ein vika, til að leggja fram upplýsingar eða gögn, sem vantar, eða senda tilskildar tilkynningar.

6. gr.

1. Ekki skal auglýsa opinberlega, að fram sé komin ósk um greiðslustöðvun eða krafa um gjaldþrotaskipti.
2. Hver sá, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur fengið upplýsingar hjá skiptaráðanda, hvort og hvenær slík ósk eða krafa sé fram komin, hver sé skuldara til aðstoðar, ef einhver er, og hvaða meðferð óskin eða krafan hafi fengið.
3. Ef ósk eða krafa skv. 1. mgr. hefur verið lögð fram á dómþingi, fer um endurrit eftir almennum reglum réttarfarslega um þau.

II. KAFLI
Greiðslustöðvun.

7. gr.

Sá sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur til þess ráðið, getur óskað þess að skiptaráðandi heimili honum greiðslustöðvun í allt að 3 mánuði með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. segir.

8. gr.

1. Meðan á greiðslustöðvun stendur, er skuldara óskylt og óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir sbr. þó 9. gr. Ekki má hann heldur stofna til verulegra skuldbindinga, umfram það sem þarf til að halda áfram starfsemi sinni, til að gæta með sanngjörnum hætti hagsmuna lánardrottna sinna, til að forða verulegu tjóni eða til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja.
2. Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta, gera fógetagerð í eignum hans eða selja eigur hans á nauðungaruppboði. Fógeti skal þó framkvæma vörslusviptingu vegna fógetagerðar fyrir upphaf greiðslustöðvunar, nema skiptaráðandi telji, að hún torveldi með ósanngjörnum hætti, að tilgangi greiðslustöðvunarinnar verði náð.

3. Ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taka ekki gildi á þeim tíma, sem greiðslustöðvun er. Þannig er óheimilt að gjaldfella skuld vegna vanefnda á greiðslu afborgunar og vaxta, rýrnunar veðs eða slíks.

9. gr.

Ákvæði 39.—41. gr. laga nr. 39 1922 um lausafjárkaup skulu gilda um greiðslustöðvun eftir því, sem við getur átt.

10. gr.

1. Greiðslustöðvun skal heimiluð með úrskurði. Endurrit hans skal skuldari þegar senda öllum þeim lánardrottnum sínum, sem honum er kunnugt um.
2. Skuldari skal veita skiptaráðanda og þeim manni, sem skuldara er til aðstoðar, sbr. 7. gr., allar þær upplýsingar, sem þeir krefjast, og stuðla eftir mætti að því, að greiðslustöðvunin leiði til sanngjarnrar niðurstöðu.

11. gr.

1. Sá, sem er skuldara til aðstoðar, skal strax tilkynna skiptaráðanda, ef hann telur ekki horfur á, að samningar takist um greiðslu skulda skuldarans, eða skuldarinn starfi ekki af trúmennsku með honum eða hann hættir að sinna málum skuldara.
2. Ef skiptaráðandi fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða verður þess með öðrum hætti áskynja, að ekki er á viðunandi hátt unnið að því að ná samningum um skuldir skuldara, tekur hann ákvörðun um, hvort fella skuli niður réttaráhrif greiðslustöðvunarinnar. Áður en svo er ákveðið, skal ef unnt er án verulegra erfiðleika gefa skuldaranum, aðstoðarmanninum og þeim lánardrottnum sem kunna að hafa gefið sig fram við skiptaráðanda, tækifæri til að tjá sig. Gefa má skuldara stuttan frest til að taka upp nýja starfshætti.

12. gr.

1. Reglum þessa kafla skal beita, uns hið fyrsta þessa gerist:
   a) Skuldarinn afturkallar ósk sína um greiðslustöðvun.
   b) Tilraunir til nauðasamninga hefjast.
   c) Skiptaráðandi ákveður, að réttaráhrif greiðslustöðvunarinnar skuli niður falla.
   d) 3 mánuðir eru frá upphafi greiðslustöðvunar.
2. Ef mjög sérstaklega stendur á, getur skiptaráðandi lengt 3 mánaða frestinn skv. 1. mgr. d í alls 5 mánuði, ef skuldari ber fram ósk um það, áður en hinn fyrsti frestur er úti.
3. Ef réttaráhrif greiðslustöðvunar falla niður skv. 1. mgr. a-c eða lengi skiptaráðandi frestinn skv. 2. mgr., skal öllum lánardrottnum, sem vitað er um, tilkynnt um þetta á þann hátt, sem skiptaráðandi mælir fyrir um. Getur hann lagt fyrir skuldara eða þann, sem honum er til aðstoðar, að senda tilkynninguna.

III. KAFLI

Upphaf gjaldþrotaskipta.

13. gr.

1. Bú einstaklings, félags eða stofnunar skal taka til gjaldþrotaskipta:
   a) Ef þess er krafist af þeim, sem telur sig ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga.
   b) Eftir kröfu lánardrottins um bú manns, sem strokið hefur af landi brott eða felur sig, að því er ætla má sökum skulda, enda sé hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiptum baki lánardrottnum tjón.

c) Eftir kröfu lánardrottins, ef á síðustu 3 mánuðum fyrir móttöku kröfu hans um gjaldþrotaskipti hefur farið fram hjá skuldara árangurslaus aðför eða kyrrsetning. Hið sama er, ef fyrir liggur frá sama tíma yfirlýsing skuldara um, að hann geti ekki staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, eða ef yfirlýsingar, sem skiptaráðandi telur réttar, liggja fyrir um þetta frá löggiltum endurskoðanda, sem kannað hefur hag skuldara, eða frá skattyfirvöldum eða öðrum opinberum stofnunum, sem slíkt hafa gert.

2. Bú opinberra stofnana verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta, ef ríkissjóður ábyrgist skuldir þeirra. Um fjárþröng sveitarfélags og stofnana þess fer eftir sveitarstjórnarlögum.
3. Bú sameignarfélaga verða aðeins tekin til gjaldþrotaskipta ásamt búum eigenda. Bú einstaklinga, félaga og stofnana, sem ekki eru skattskyldar, verða tekin til gjaldþrotaskipta, þó ekki bú forseta Íslands eða maka hans.
4. Dánarbú skal taka til gjaldþrotaskipta, ef það er skuldafrágöngubú og lánardrottinn krefst. Hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna dánarbúsins og sé kröfulýsingarfrestur liðinn, þegar krafa berst skiptaráðanda um gjaldþrotaskipti eða slík krafa er bókuð í skiptabók, kemur slík kröfulýsing í stað kröfulýsingar skv. 19. gr. 3. mgr. laga þessara. Ella skal gefa út innköllun á ný eftir því ákvæði. Hið sama gildir að þessu leyti, þegar skiptaráðandi skiptir eignum hjóna, sem bæði eru á lífi.

14. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, ef þeir sjá fram á, að þeir muni ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, og ef fjárhagur þeirra hefur versnað síðasta reikningsár, enda verði búið tekið til gjaldþrotaskipta skv. 13. gr.

15. gr.

1. Lánardrottinn getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldunauts síns, ef
   a) krafa hans er nægilega tryggð í eignum skuldara
   b) krafa hans er nægilega tryggð í eignum þriðjamanns og gjaldþrotaskipti myndu leiða til breytinga á réttarstöðu veðhafa skv. veðbréfinu.
   c) krafa hans er ekki fallin í gjalddaga og nægilega tryggð í eignum þriðjamanns eða þriðjimaður býður nægilegt veð.
2. Aðrar nægilegar tryggingar geta komið í stað veðs í þessu sambandi.
3. Að öðru leyti er það ekki skilyrði fyrir því, að lánardrottinn krefjist gjaldþrotaskipta, að krafa hans sé fallin í gjalddaga.

16. gr.

1. Komi fram fleiri kröfur en ein um gjaldþrotaskipti, ákveður skiptaráðandi, í hvaða röð hann fjallar um þær.
2. Frestdagur er móttökudagur þeirrar kröfu, sem fyrst barst.
3. Kröfu um gjaldþrotaskipti má afturkalla, þar til úrskurður um hana hefur gengið.

17. gr.

1. Skuldari, sem krefst gjaldþrotaskipta á búi sínu, skal senda skiptaráðanda yfirlit yfir eignir sínar og skuldir og skrá yfir lánardrottna.
2. Skiptaráðandi skal kalla skuldara á sinn fund án tafar og krefja hann um þær upplýsingar og gögn, sem hann telur þurfa.
3. Komi skuldari ekki á fund skiptaráðanda, skal telja kröfu hans afturkallaða.

18. gr.

1. Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti skal rökstudd.
2. Skiptaráðandi lætur þegar birta skuldara tilkynningu um kröfuna. Jafnframt boðar hann lánardrottinn og skuldara á sinn fund með a. m. k. sólarhrings fresti.
3. Birting skv. 2. mgr. þarf ekki að fara fram, ef skiptaráðandi hefur með öðrum hætti samband við skuldunaut eða hann finnst ekki.
4. Komi lánardrottinn ekki á fund skiptaráðanda, skal telja kröfu hans um gjaldþrotaskipti afturkallaða.
5. Komi skuldari ekki á fund skiptaráðanda, skal eftir atvikum líta svo á, að fullyrðingar lánardrottins séu réttar eða láta lögreglu færa skuldara á fund skiptaráðanda.

19. gr.

1. Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um það, hvort orðið skuli við kröfu um gjaldþrotaskipti.
2. Ekki frestar málskot skiptunum, en ekki skal selja eða ráðstafa munum búsins nema með samþykki þrotamanns, fyrr en fullnaðardómur er genginn. Þó skal skiptaráðandi ráðstafa þeim eignum búsins, sem liggja undir skemmdum.
3. Þegar er úrskurður er genginn, skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna (proclama) og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrstu birtingu í Lögbirtingablaði.
4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki, þegar skiptin fara eftir 119. gr. laga þessara.

20. gr.

1. Ef kröfu um gjaldþrotaskipti er hafnað eða síðar kemur fram, að hún var ástæðulaus, skulu þeir, sem krafist hafa skiptanna, greiða kostnað þann, sem búið á að greiða skv. lögum þessum. Sé um fleiri aðila en einn að ræða, er ábyrgð þeirra solidarisk.
2. Ef lánadrottinn hefur krafist gjaldþrotaskipta, en skilyrði til þeirra reynast eigi vera fyrir hendi, skal hann bæta skuldara fjártjón hans og miska, ef lánadrottni mátti vera ljóst, að skilyrði skorti eða hann átti ekki þá kröfu á skuldunaut, sem hann byggði á. Bætur má dæma, þó að krafa um gjaldþrotaskipti hafi verið tekin til greina. Skiptaráðandi úrskurðar bótakröfuna.

21. gr.

Skiptaráðandi skal krefja lánadrottinn um tryggingu vegna kostnaðar eða bóta, áður en hann kveður upp úrskurð um gjaldþrotaskipti. Sé trygging ekki sett, skal líta svo á, að krafa um gjaldþrotaskiptin hafi verið afturkölluð.

IV. KAFLI

Þýðing gjaldþrotaskipta.

22. gr.

Við uppsögu gjaldþrotaúrskurðar missir þrotamaður rétt til að framselja eignir sínar, til að gefa eftir réttindi sín, til að taka við greiðslum og öðrum framsölum, taka við uppsögnum, mótmælum og þess háttar löggerningum, stofna til skuldbindinga og til að ráða með öðrum hætti yfir eignum sínum þannig, að það hafi þýðingu fyrir þrotabúið.

23. gr.

1. Gjaldþrotið hefur þýðingu gagnvart öllum næsta dag eftir útgáfudag þess Lögbirtingablaðs, þar sem auglýsing um úrskurðinn birtist í fyrsta skipti. Frá uppkvaðningu úrskurðarins og fram til áðurnefnds dags, hefur gjaldþrotið þýðingu gagnvart þeim, sem vissi eða mátti um það vita.
2. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki, ef reglur um viðskiptabréf og þinglýsingu eða aðra skráningu leiða til annars.

24. gr.

1. Ekki verður gerð gild fógetagerð í eignum, sem heyra þrotabúinu til, eftir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar, nema til fullnustu dóms um afhendingu tiltekins hlutar eða fasteignar. Slík fógetagerð má fara fram, ef meðferð eigna búsins er falin bústjóra til bráðabirgða eða skiptastjóra.
2. Sá sem á haldsrétt í eignum, sem heyra búinu til, getur látið selja þær á nauðungaruppboði og fengið greiðslu af uppboðsandvirðinu án undangengins fjárnáms og án tillits til gjaldþrotsins. Slík sala má þó ekki fara fram, nema fjárhæð kröfu haldréttarhafans hafi verið ákveðin með úrskurði skiptaréttar eða af öðrum dómstóli. Kröfuhafi skal tilkynna skiptaráðanda um uppboðskröfuna og hefur hann síðan 2 vikna frest frá móttöku tilkynningarinnar til að greiða hana af eignum búsins.
3. Gjaldþrot breytir ekki rétti þeirra, sem fyrir upphaf þess hafa látið fram fara fullnustugerð fógeta í eignum skuldara eða eiga handveð í þeim eða handveðsígildi eða mega láta selja af eignum skuldara á nauðungaruppboði án undanfarandi réttargerða.
4. Kyrrsetning gerð fyrir upphaf gjaldþrotaskipta fellur brott.

V. KAFLI
Eignir þrotabús.

25. gr.

Til skipta skal taka eignir þrotamanns við upphaf gjaldþrotaskipta svo og það, sem hann eignast, meðan á skiptunum stendur.

26. gr.

Það, sem þrotamaður vinnur sér inn, meðan á skiptum stendur, rennur ekki til búsins.

27. gr.

1. Arfur, sem þrotamanni tæmist, meðan á skiptum stendur, rennur til búsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, sem þrotamanni hlotnast á því tímabili. Þetta gildir ekki ef lögmætar ákvarðanir gefanda eða arfleiðanda eru því til fyrirstöðu.
2. Þrotabúið getur ekki véfengt ákvæði erfðaskrár, um brottfall, skerðingu eða kvaðir á arfi þrotamanns.
3. Þrotamaður getur samþykkt, að maki arfláta sitji í óskiptu búi.

28. gr.

1. Ef þrotamanni tæmist arfur, meðan á skiptum stendur, getur skiptaráðandi, sem fer með skipti þrotabúsins, heimilað einkaskipti eða látið þrotabúið gangast við skuldum dánarbúsins, ef aðrir erfingjar skuldbinda sig skriflega til að bæta þrotabúinu in soldium tjón, sem af þessu kann að hljótast.
2. Kröfur á þrotabúið vegna ábyrgðar á skuldum dánarbús skv. 1. mgr. skal greiða sem forgangskröfur skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

29. gr.

Eignir þrotamanns, sem ekki má gera fjárnám í, renna ekki til þrotabús hans, nema svo sé sérstaklega ákveðið í lögum.

VI. KAFLI
Kröfur á búið.

30. gr.

1. Eignum þrotabús skal varið til að greiða þeim, sem kröfur áttu á þrotamann, þegar úrskurður var kveðinn upp um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, og þeim, sem síðar eignast kröfur á búið með lögmætum hætti.
2. Endurgreiðslukrafa vegna greiðslu á skuldbindingu, sem hvíldi á þrotamanni, telst stofnuð við upphaf þeirrar skuldbindingar.

31. gr.

1. Allar lögmætar kröfur, sem lánadrottnar hafa á hendur þrotamanni og fullnægja á af eignum búsins, skal meta til peningaverðs, og sé miðað við, hve miklu það varði lánadrottna að fá kröfurnar greiddar.
2. Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar skipti byrja, og getur búið greitt þær þegar í stað án tillits til þess gjalddaga, sem áður var.
3. Kröfur í erlendum gjaldeyri skal breyta í kröfur í íslenskum krónum samkvæmt gengi á þeim degi, þegar gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp.

32. gr.

1. Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánadrottinn eða sá, er hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana, áður en skiptin hófust og lánadrottinn þá ekki séð eða mátt sjá að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, eða lánadrottinn fengið kröfuna til að skuldajafna.
2. Ekki má framselja viðskiptabréf búsins, áður en innköllunarfrestur er liðinn og ekki síðar, ef mótkröfu er lýst þannig, að fyrirgert sé með því gagnkröfurétti. Sé þetta gert, skal búið greiða bætur og fer um rétt eigenda þeirrar bótakröfu eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.
3. Kröfur þær, sem taldar eru í 86. gr. laga nr. 3/1878 sbr. 6. gr. laga nr. 32/1974 verða ekki notaðar til skuldajafnaðar gagnvart þrotabúi, nema eignir búsins nægi til að greiða þær, þegar að úthlutun kemur.

33. gr.

Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu, sem búið á, ef skilyrðið er uppfyllt. Ef svo er ekki og krafa búsins er greidd, en skilyrðið síðar uppfyllt, skal greiða kröfuna á búið eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Ef óvíst er, þegar úthlutun fer fram, hvort skilyrðið verður uppfyllt, skal taka frá fé til greiðslu kröfunnar, sbr. 123. gr.

34. gr.

Ef hluti kröfu er greiddur úr búi vegna veðs eða annarra tryggingarréttinda, skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar en ekki heildarupphæð hennar.

35. gr.

1. Ef fleiri en þrotamaður ábyrgjast kröfu og sú ábyrgð er óskipt (solidarisk), skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af heildarupphæð kröfunnar, þó að

a) annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar og hann hafi mátt endurkrefja þrotamann,
b) hluti kröfunnar hafi verið greiddur úr búi annars skuldara,
c) annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.

2. Ef annar skuldari hefur þegar fengið endurgreiðslu frá þrotamanni vegna greiðslu hins fyrrnefnda á hluta kröfunnar, og þrotabúið riftar ekki þeirri endurgreiðslu, skal þó reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar.

36. gr.

Kröfuhafa, er fengið hefur greiðslur frá fleirum en þrotabúinu, skal ekki greiða meira samtals en kröfu hans með vöxtum og málskostnaði. Ef greiðsla, sem hann átti að fá úr þrotabúinu, myndi leiða til, að hann fengi hærri greiðslu, skal skiptaréttur skipta mismuninum milli samskuldara kröfunnar eftir réttarsambandi þeirra. Sé samskuldari þrotabú, er ekki frekari kröfu í það að ræða.

37. gr.

Ef lýst er kröfu í bú (aðalkröfu) og einnig endurgreiðslukröfu vegna sömu aðalkröfu, skal reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af samanlögðum fjárhæðum þessara krafna. Upp í endurgreiðslukröfuna skal það aðeins greitt, sem er umfram fjárhæð aðalkröfunnar. Ef fleiri en einn gera réttar endurgreiðslukröfur, skal skipta fé milli þeirra eftir reglu 36. gr.

38. gr.

1. Ef kröfu (aðalkröfu) er lýst í bú og endurgreiðslukrafa samskuldara er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þrotamanns, skal lækka þá fjárhæð, sem samskuldari getur krafið á grundvelli tryggingarréttarins, um þá upphæð, sem kemur upp í aðalkröfuna vegna þeirrar upphæðar sem tryggingarétturinn er fyrir.
2. Beita skal reglum 1. mgr., ef samskuldari getur fengið greiðslu með skuldajöfnuði.

39. gr.

1. Samskuldari, sem á endurkröfurétt á þrotamann og hefur greitt skuld þeirra á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag, á sama rétt til greiðslu úr þrotabúinu og lánardrottinn þeirra hefði átt, ef hann hefði ekki fengið þessa greiðslu frá samskuldaranum. Samskuldarinn á þó ekki kröfu til að fá hærri fjárhæð úr þrotabúinu en hann hefði getað krafið þrotamann um, ef ekki hefði til gjaldþrotsins komið.
2. Ef fleiri samskuldarar en einn hafa greitt skuldina, skal því fé, sem þeir fá úr þrotabúi, skipt á milli þeirra eftir reglum 36. gr.

40. gr.

Beita skal reglum 35.—39. gr. er krafa á búið er tryggð með veði eða öðrum tryggingaréttindum í eignum þriðja manns.

VII. KAFLI
Gagnkvæmir samningar.

41. gr.

Ákvæðum í þessum kafla skal ekki beita, ef annað leiðir af öðrum lagaákvæðum eða af eðli réttarsambandsins.

42. gr.

Ef þrotamaður hefur gert gagnkvæman samning fyrir upphaf skipta, en ekki innt sína greiðslu af hendi þá getur viðsemjandi hans haldið sinni greiðslu eða, sé greiðslan farin frá honum, varnað því, að hún sé afhent búinu, uns nægileg trygging er sett fyrir greiðslu frá búinu á gjalddaga. Þetta gildir, þó að kominn sé gjalddagi greiðslu viðsemjandans.

43. gr.

1. Búið getur tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi.
2. Viðsemjandinn getur krafist þess, að búið taki afstöðu til þess innan hæfilegs frests, hvort það noti rétt sinn skv. 1. mgr. Í samningnum má kveða á um lengd þessa frests.
3. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur úr búinu smátt og smátt, á viðsemjandi rétt til að fá greiðslu, sem búið skyldi inna af hendi síðar en við upphaf skiptanna, greidda sem forgangskröfu eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

44. gr.

1. Ef sá tími er kominn, er viðsemjandinn má greiða, og búið notar rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., skal búið að kröfu viðsemjanda inna sínar greiðslur af hendi eða setja tryggingu, ef það á rétt á greiðslufresti. Sama rétt á viðsemjandinn, ef hann hefur greitt og gæti fengið greiðslunni skilað, ef búið hefði ekki notað rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr.
2. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur smátt og smátt af beggja hálfu, skal trygging, sem búið setur, jafnan vera fyrir elstu kröfum á það, þeirra sem til urðu eftir upphaf skipta.
3. Skiptarétturinn getur vikið frá ákvæðum 1. og 2. mgr., ef talið er, að sanngjarnt sé vegna hagsmuna viðsemjandans. Einnig getur skiptaréttur fellt úr gildi eða breytt samningsákvæðum um tryggingar, ef talið er, að þau séu ósanngjörn í garð þrotabúsins.

45. gr.

1. Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr. eða setji það ekki tryggingu skv. 44. gr., getur viðsemjandinn rift samningnum.
2. Hið sama er, er rifta hefði mátt, ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskiptanna.
3. Ef viðsemjandinn hefur greitt að nokkru eða öllu, getur hann rift og krafist skila þess, er hann hefur greitt, ef reglur um samninga eins og þann, sem um er að ræða, heimila slíkt.

46. gr.

Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., getur viðsemjandinn krafið það um bætur, sbr. þó 48. gr.

47. gr.

Ef búið notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., en því barst greiðsla frá viðsemjandanum eftir upphaf skiptanna, skal það skila henni.

48. gr.

1. Búið getur sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum eða sanngjörnum fresti. Þetta gildir, þó að þrotamaður hafi samið um lengri frest eða að réttarsambandið skuli vera óuppsegjanlegt, nema samningi um lengri frest hafi verið þinglýst eða hann skráður hjá opinberum aðila með hliðstæðum hætti.

2. Viðsemjandinn getur einnig gagnvart búinu sagt samningnum upp með venjulegum eða sanngjörnum fresti, nema þrotamaður hafi mátt framselja sinn rétt.
3. Þegar sérstaklega stendur á, má úrskurða í skiptarétti, að sá, sem notar uppsagnarrétt skv. 1. eða 2. mgr., skuli greiða hinum aðilanum bætur fyrir tjón vegna hins stytta uppsagnarfrests. Krafan í þrotabúið er almenn krafa.

49. gr.

Ef þrotamaður hefur tekið fasteign á leigu til atvinnurekstrar síns og geti búið ekki strax gefið yfirlýsingu skv. 43. gr. 1. mgr., á viðsemjandinn rétt á að fá leigu frá upphafi skipta og þar til yfirlýsingin er gefin greidda skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

50. gr.

1. Án tafar skal ákveða, hvort búið taki við réttindum og skyldum skv. vinnusamningum við starfsmenn við atvinnurekstur þrotamanns.
2. Jafnan má krefja búið um laun frá upphafi skiptanna og þar til gefin er yfirlýsing skv. 1. mgr. eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.
3. Ef gjaldþrotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir launþega krefjast þess, getur hann rift vinnusamningi án tillits til annarra ákvæða í þessari grein.

VIII. KAFLI

Riftun ráðstafana þrotamanns o. fl.

51. gr.

1. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag.
2. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent 6—12 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir afhendinguna. Þetta gildir og um gjafir til nákominna, ef gjöfin var afhent 6—24 mánuðum fyrir frestdag.
3. Ekki verður krafist riftunar venjulegra tækifærisgjafa eða svipaðra gjafa eða styrkveitinga, ef gerningar þessir voru ekki kostnaðarsamari en svaraði til aðstöðu þrotamanns.

52. gr.

1. Ef þrotamaður hefur afsalað sér arfi á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, má krefjast riftunar þeirrar ráðstöfunar. Hafi arfsúthlutun farið fram, skal kröfu beint að þeim, sem vegna arfsafsalsins hefur fengið arf eða aukinn arf.
2. Krefjast má riftunar á arfsafsali, sem fram fór 6—24 mánuðum fyrir upphaf skipta, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir arfsafsalið.

53. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslum á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag frá þrotamanni til nákominna á launum, annarri þóknun fyrir vinnu og/eða eftirlaunum, ef greiðslan er bersýnilega hærri en sanngjarnt var miðað við vinnuna, tekjur af atvinnurekstrinum og önnur atvik. Aðeins verður rift að því leyti, sem greiðslan er hærri en sanngjarnt var.
2. Sama gildir um greiðslu 6—24 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

54. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.
2. Krefjast má riftunar slíkrar greiðslu til nákominna á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

55. gr.

Ef þrotamaður hefur greitt víxil eða tékka, verður ekki rift gagnvart þeim, sem varð að taka við greiðslu, ef hann vildi halda víxil- eða tékkarétti á hendur öðrum. Þó má rifta, ef búið sannar að ekki var unnt að fá greiðslu hjá þeim. Hins vegar ber þeim að greiða fjárhæðina, sem að lokum hefði beðið tjón, ef þrotamaður hefði ekki greitt, enda hefðu verið skilyrði til að rifta, ef þrotamaður hefði greitt honum.

56. gr.

Ákvæðin um riftun greiðslu gilda einnig um skuldajöfnuð, ef ekki hefði skv. 32. gr. mátt lýsa yfir skuldajöfnuði eftir upphaf skipta. Þó má jafnan rifta, ef krafan á þrotamann er fengin frá þriðjamanni með framsali eða réttargerð og sá, sem kröfuna fékk, sá þá eða mátti sjá, að þrotamaður var ógjaldfær.

57. gr.

1. Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum, sem kröfuhafinn fékk á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, en ekki um leið og til skuldarinnar var stofnað. Hið sama er, ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki á annan hátt tryggð gegn réttargerðum án ástæðulausrar tafar eftir að skuldin stofnaðist og ekki fyrr en á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.
2. Sé veð sett til hagsbóta aðila nákomnum þrotamanni, má rifta, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun er gerð með þeim hætti, sem segir í 1. mgr. á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir stofnun tryggingarréttindanna.

58. gr.

1. Fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindur búið á engan hátt, og ekki heldur, þótt rétturinn hafi verið framseldur þriðjamanni.
2. Sama gildir um fullnustugerð á síðustu 2 árum fyrir frestdag, sem gerð var að kröfu aðila, sem er nákominn þriðjamanni, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir fullnustugerðina.
3. Ekki skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. um fullnustugerð til innheimtu á lífeyri til maka eða fyrrverandi maka eða á barnsmeðlagi nema annað leiði til sérstöðu, sem er óhæfileg eftir atvikum.

59. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar, ef greitt er eftir frestdag, nema reglur um skuldaröð leiði til að skuldin fengist greidd eða nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá, sem greiðslu naut, hafi hvorki vitað né mátt vita, að óskað hafði verið greiðslustöðvunar eða fram var komin krafa um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.
2. Krefjast má riftunar annarra ráðstafana, sem gerðar eru eftir frestdag, nema ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg vegna framhalds á starfsemi þrotamanns, eðlilegs tillits til sameiginlegra hagsmuna kröfuhafanna eða til að fullnægja daglegum þörfum. Ekki verður rift gagnvart þeim, sem mátti líta svo á, að ráð-

stöfunin væri nauðsynleg samkvæmt framansögðu eða hvorki vissi né mátti vita um ósk um greiðslustöðvun eða kröfu um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.

3. Ef sá sem er skuldara til aðstoðar skv. 7. gr., hefur samþykkt greiðsluna eða ráðstöfunina, verður ekki rift nema samþykkið hafi augsýnlega verið gefið án heimildar.

60. gr.

Ef það er skilyrði riftunar, að ráðstöfun eða fullnustugerð fari fram á tilteknum tíma, telst það skilyrði uppfyllt, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun, sem nauðsynleg er til að betri réttur fáist ekki með réttargerð, fer fram á hinum tiltekna tíma.

61. gr.

Krefjast má riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða sem leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, eða sem leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

62. gr.

1. Ef riftun fer fram skv. 51.—58. gr. á ráðstöfun eða á réttargerð, skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni eða réttargerðinni, greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en nemur tjóni búsins. Hafi hann fengið peninga greidda eða hafi greiðsla búsins verið seld og greidd í peningum, skiptir notkun peninganna engu um kröfu búsins.
2. Hagnað, sem fæst, eftir að riftunarmál er höfðað, skal greiða búinu.

63. gr.

Ef riftun fer fram skv. 59. gr. eða 61. gr., skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni greiða bætur eftir almennum reglum.

64. gr.

Ef annarhvor aðila krefst þess, skal skila greiðslum í þeim mæli, sem þær eru enn til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Jafna skal greiðslur eftir því sem þarf með peningagreiðslu.

65. gr.

Ef sérstaklega stendur á, má lækka eða fella niður kröfu á þann, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin, að ósanngjarnt má teljast, og önnur atvik leiða til hins sama.

66. gr.

1. Ef sá, sem fékk verðmæti, hefur framselt þau þriðjamanni, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglum 62.—65. gr., ef hann vissi eða mátti vita um þær aðstæður, sem leiða til kröfu um riftun.
2. Ef þriðjimaður var nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann í þeim mæli, sem segir í 62. gr., sbr. 64. og 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

67. gr.

1. Ef þriðjimaður hefur sett tryggingu eða gengið í ábyrgð fyrir skuldum þrotamanns, en losnað frá skuldbindingu sinni vegna riftanlegrar greiðslu eða réttargerðar, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglunum í 62. og 63. gr., sbr. 65. gr., ef þriðjimaður vissi eða mátti vita um aðstæðurnar, sem leiða til kröfu um

riftun, þegar hann losnaði frá skuldbindingu sinni. Búið getur krafist veðtryggingar á ný, ef unnt er að setja hana.
2. Ef þriðjimaður er nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann skv. 62. gr., sbr. 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir riftun gagnvart þriðjamanni eftir 54. gr. 2. mgr., 57. gr. 2. mgr., 59. gr. eða 61. gr.

68. gr.

1. Ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun, skal það gert áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því að sá, sem með skipti fer, átti þess kost að gera riftunarkröfuna.
2. Þessi frestur gildir ekki um mótmæli gegn kröfum sem lýst er í búið.

IX. KAFLI

Fullnusta sérstakra réttinda.

69. gr.

Eignir þriðjamanns, sem komast í vörslur búsins, skal afhenda honum. Öðrum rétthöfum skal með sama hætti afhenda eignir sem ekki verða dregnar undir skiptin.

70. gr.

1. Ef hlutur, sem var í vörslum búsins, er seldur eftir lok kröfulýsingarfrests, á sá, sem rétt átti til hlutarins, en lýsti honum ekki áður en salan fór fram, enga kröfu á kaupanda, sem keypti í góðri trú.
2. Sá, sem rétt átti til hlutarins, getur aðeins krafið búið um þá fjárhæð, sem til þess var greidd, nema sá, sem með skiptin fer, hafi vitað eða mátt vita um rétt þriðjamanns eða selt hafi verið á ótilhlýðilegan hátt. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

71. gr.

1. Selja má hlut í vörslum búsins, ef réttur til hans er óviss eða ef eigandi hlutarins sinnir ekki innan eðlilegs tíma áskorun um að hirða hann eða ef búið hefur ekki þrátt fyrir nægilegar tilraunir komist í samband við eigandann. Þó má ekki selja, ef búið getur haldið áfram að annast hlutinn án verulegs kostnaðar eða óþæginda. Ef hlutnum eru búnar bráðar skemmdir, skal selja hann. Sé sala ógerleg, má fleygja hlutnum. Áður en selt er eða fleygt, skal af hálfu búsins tilkynna það þeim, sem kunna að eiga rétt til hlutarins, ef það er unnt.
2. Komi fram eða sé það viðurkennt af búinu, að það átti ekki rétt til hins selda hlutar, á sá, sem réttinn átti, heimtingu á að fá greidda úr búinu þá fjárhæð, sem í það rann vegna sölunnar. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

72. gr.

1. Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, verða eignir þrotamanns ekki seldar á nauðungaruppboði nema eftir kröfu búsins eða með samþykki þess.
2. Ef eign þrotamanns er seld á nauðungaruppboði andstætt ákvæði 1. mgr., fer um rétt uppboðskaupanda eftir 23. gr. Falli réttur hans niður, skal, ef þarf, kveða upp um það úrskurð í uppboðsrétti.

73. gr.

1. Ef búið hefur ekki krafist nauðungaruppboðs innan 6 mánaða frá upphafi skipta, getur veðhafi krafist þess, að búið láti uppboðið fara fram þegar í stað, enda væri krafa hans komin í gjalddaga án tillits til ákvæðis 31. gr. 2. mgr.

2. Á nauðungaruppboði getur búið krafist þess, að tekið sé framkomnu boði, ef telja má, að hluti söluverðsins renni til búsins.

74. gr.

Nauðungaruppboð vegna gjaldþrotaskipta fara eftir lögum nr. 57/1949.

75. gr.

1. Ef fullnustugerð stendur þrátt fyrir ákvæði 58. gr. skal beita reglum 72.—73. gr.
2. Þá er fullnustugerð hefur farið fram í kröfu, skal búið innheimta hana, nema það afsali sér rétti til þess.

76. gr.

Áður en sala á nauðungaruppboði fer fram skv. 24. gr., 2. eða 3. mgr., skal beina greiðsluáskorun til búsins, og er búinu heimilt að láta meta veðið.

X. KAFLI
Skuldaröðin.

77. gr.

Um gjaldþrotaskipti gilda ákvæði 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974.

XI. KAFLI
Staða þrotamanns.

78. gr.

Þrotamanni ber að veita skiptarétti og öðrum, sem með skipti fara, upplýsingar, sem þeir krefjast vegna meðferðar búsins. Honum ber, ef krafist er, að mæta í skiptarétti og vera við uppskrift á eignum búsins.

79. gr.

Ekki má þrotamaður fara úr landi án leyfis skiptaráðanda.

80. gr.

Ef þrotamaður hyggst skipta um heimili eða dvalarstað, skal hann tilkynna það skiptaráðanda með hæfilegum fyrirvara. Er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni bústaðaskiptin, ef nauðsyn krefur vegna búskiptanna. Af sömu ástæðu er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni á tilteknum tíma brottför úr lögsagnarumdæminu. Þrotamaður getur krafist um þessi atriði úrskurðar, sem kæra má til Hæstaréttar.

81. gr.

Að kröfu skiptaráðanda er lögreglumönnum skylt að sækja þrotamann og færa hann á fund skiptaráðanda eða annarra, sem með skiptin fara, meðan á þeim stendur. Lögreglumönnum er einnig skylt að kröfu skiptaráðanda að ljá atbeina sinn til að halda uppi banni hans, sem sett er skv. 79. gr. og 80. gr. Lögreglumönnum er heimilt að beita valdi, ef með þarf, við framkvæmd þessara skyldustarfa.

82. gr.

Þrotamanni er heimilt að vera á skiptafundum í búi sínu.

83. gr.

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana svo og um menn, sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið, að þeim skuli beita um þá, sem eru nákomnir félagi eða stofnun.

84. gr.

Heimilt er skiptaráðanda að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sé örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fé búsins, sér og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot eigna búsins má ekki veita lengur en eitt ár, nema skiptafundur leyfi, og þó aldrei eftir skiptalok.

XII. KAFLI

Upphafsráðstafanir.

85. gr.

Þegar kveðinn hefur verið upp gjaldþrotaúrskurður, skal þrotamaður tafarlaust sviptur umráðum yfir öllu því, sem talið verður til eigna hans. Skiptaráðanda er heimilt að ráða bústjóra til bráðabirgða, á kostnað búsins, eftir að hann hefur haft samráð við þá kröfuhafa, sem þegar næst til.

86. gr.

1. Skiptaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiptin, sbr. 19. gr. 3. mgr. Þar skal og boðað til skiptafundar, sem haldinn skal á tilteknum stað og stundu innan mánaðar.
2. Þegar skal senda afrit auglýsingarinnar í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt þeim kröfuhöfum, sem um er vitað eða upplýsingar fást um, meðan frestur er til kröfulýsingar.
3. Ef skráð félag eða stofnun er tekið til gjaldþrotaskipta, skal tilkynna það skráningarmanni.

87. gr.

1. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 85. gr., tekur strax í sínar vörslur bókhaldsgögn þrotamanns og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hann fari með eignir sínar á óheimilan hátt og ráðstafi þeim.
2. Skiptaráðandi ákveður, hvort búið skuli halda áfram um sinn atvinnurekstri þrotamanns. Skiptaráðandi gerir mikilvægar ráðstafanir varðandi búið, sem ekki þola bið, m. a. getur hann ráðið þrotamann til starfa við búið til bráðabirgða gegn þóknun fyrir þá vinnu, sem þrotamanni er óskylt að sinna. Ákvarðanir þessar skulu teknar að höfðu samráði við bústjóra, ef hann hefur verið ráðinn skv. 85. gr.
3. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 85. gr., skal taka til nánari athugunar gögn þau, sem fram eru komin, og afla viðbótargagna, ef þurfa þykir. Skal aflað upplýsinga um eignir og skuldir þrotamanns, fjárreiður hans fyrir gjaldþrotið og hvort líkur séu til, að um refsivert athæfi sé að ræða í sambandi við það.
4. Telji skiptaráðandi, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.
5. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 85. gr., skal skýra skiptafundi, sem haldinn er skv. 86. gr., frá meðferð búsins og niðurstöðum könnunar skv. 3. mgr.

XIII. KAFLI
Bústjórn.

88. gr.

Meðferð eigna búsins skal falin skiptastjórum, einum eða fleiri, nema skiptaráðandi telji þess ekki þörf, sbr. og 85. gr. um bústjóra til bráðabirgða og 93. gr. um aðstoðarmann skiptaráðanda.

89. gr.

1. Á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests, sbr. 86. gr., skal skiptaráðandi bera fram tillögu um tiltekinn skiptastjóra og skal greiða um hana atkvæði eftir kröfufjárhæðum. Skiptaráðandi úrskurðar hvaða kröfum atkvæðisréttur fylgi. Ef meirihluti greiddra atkvæða, sem jafnframt er að minnsta kosti þriðjungur atkvæða, er fram gat komið, hafnar tillögu skiptaráðanda, er hún fallin, en ella samþykkt. Ef tillagan er felld, skal gefa fundarmönnum kost á að gera tillögur. Fái tillaga meirihluta allra atkvæða á fundinum og meira en þriðjung atkvæða sem fram geta komið, er það gild kosning. Ella getur skiptaráðandi ákveðið, að aftur skuli kosið á þessum eða síðari skiptafundi eða ákveðið að fara sjálfur með búið. Ef ekki fást lögmæt úrslit skv. framansögðu í enn einni atkvæðagreiðslu, getur skiptaráðandi skipað skiptastjóra.
2. Skiptafundur getur ákveðið, að skiptastjórar skuli vera tveir eða fleiri. Skiptaráðandi mælir fyrir um tilhögun atkvæðagreiðslna í því sambandi.
3. Ef sérstakar ástæður eru til að dómi skiptaráðanda, getur hann ógilt kosningu skiptastjóra eftir 1. eða 2. mgr. eða vikið honum frá síðar. Gefa skal þá kröfuhöfum kost á að kjósa á ný, og skal, ef með þarf kjósa allt að þrisvar, sbr. 1. mgr.

90. gr.

1. Skiptastjóri skal gæta hagsmuna búsins, vera umboðsmaður þess gagnvart öðrum og fyrir dómstólum og gera svo fljótt sem verða má ráðstafanir varðandi meðferð þess. Í því skyni skal hann gera ráðstafanir til að allar eignir þrotamanns komi fram og séu afhentar búinu eins og lög mæla, að eignirnar séu tryggilega varðveittar og að þeim sé ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal skiptastjóri stjórna atvinnurekstri búsins, ef einhver er. Hann skal innheimta kröfur búsins á aðra. Þar sem því verður við komið og máli skiptir skal hann ávaxta í banka eða sparisjóði peninga búsins því til hags. Þá skal skiptastjóri afla þeirra upplýsinga, sem þarf til að afstaða verði tekin til krafna í búið og krafna þess á aðra.
2. Ef kröfuhafanefnd er kosin, sbr. 91. gr., skal skiptastjóri skýra henni frá mikilvægum ráðstöfunum, sem búið varða.
3. Telji skiptastjóri, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.

91. gr.

1. Ef fram kemur um það krafa frá þeim, sem eiga a. m. k. þriðjung krafna, er atkvæðisréttur fylgir á skiptafundum, skal stofnuð kröfuhafanefnd.
2. Í nefndinni skulu eigi vera fleiri en þrír menn. Þeir skulu kosnir á skiptafundi á þann hátt sem skiptaráðandi ákveður. Skal hann stefna að því að þeir séu fulltrúar sem flestra kröfuhafa. Ef tiltekinn maður fær meira en helming greiddra atkvæða á fundinum, er hann þó kjörinn.
3. Skiptafundur getur hvenær sem er ákveðið, að kröfuhafanefndin skuli hætta störfum.

92. gr.

1. Innan mánaðar eftir skiptafund skv. 86. gr. skal skiptastjóri semja yfirlit um hag búsins. Ef skiptaráðandi telur ástæðu til, skal skiptastjóri innan sama frests semja skýrslu um helstu orsakir gjaldþrotsins og gera tillögur um, hvort freista skuli riftunar eftir 8. kafla. Ef skiptaráðandi telur greinargerðir skiptastjóra ófullnægjandi, getur hann veitt stuttan viðbótarfrest til úrbóta.
2. Skiptastjóri skal innan frests, sem skiptaráðandi ákveður eftir atvikum, ganga frá eða láta ganga frá bókhaldi þrotamanns með löglegum hætti. Sé þetta sérstökum erfiðleikum bundið eða verði það óhóflega kostnaðarsamt, getur skiptaráðandi ákveðið, að þetta skuli ekki gert, en þess í stað mælt fyrir um aðrar ráðstafanir, ef hann telur rétt.
3. Gögn, sem samin eru skv. þessari grein, skulu lögð fram til sýnis í skrifstofu skiptaráðanda.

93. gr.

1. Ef skiptaráðandi telur þess ekki þörf, að skiptastjóri fari með bú, sbr. 88. gr., skal hann gera það sjálfur, en tekið getur hann sér aðstoðarmann.
2. Aðstoðarmaður má eftir nánari ákvörðun skiptaráðanda og undir eftirliti hans framkvæma það, sem ella er í verkahring skiptastjóra.
3. Ef kröfuhafanefnd starfar, skal gefa henni upplýsingar um störf skiptaráðanda og aðstoðarmanns hans.

94. gr.

Skiptaráðandi ákveður, hvort bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri og aðstoðarmaður skiptaráðanda skuli setja tryggingu vegna starfa sinna við meðferð búsins, og hve há hún skuli vera.

XIV. KAFLI
Skiptafundir.

95. gr.

1. Skiptaráðandi getur boðið til skiptafunda, þegar hann telur þess þörf. Hann skal boða skiptafund, ef skiptastjóri eða maður í kröfuhafanefnd krefst þess.
2. Fundarboð skal birta í Lögbirtingablaði og tilgreina fundartíma, fundarstað og dagskrá í aðalatriðum. Sérstök tilkynning skal send í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt til þeirra, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta.
3. Skiptaráðandi stjórnar skiptafundum.

96. gr.

1. Atkvæðisréttur á skiptafundum fer eftir fjárhæð krafna nema annað segi í lögum.
2. Ályktanir skiptafundar eru bindandi, ef hann sækja fulltrúar þriðjungs kröfuhafa, talið eftir kröfufjárhæðum.
3. Ef fundur er ekki ályktunarfær skv. 2. mgr. og boði skiptaráðandi ekki annan fund, skal skiptastjóri ráða málefni til lykta, eða skiptaráðandi, ef skiptastjóri fer ekki með búið.

97. gr.

1. Ef skiptaráðandi telur ljóst, að krafa fáist að fullu greidd eða að engu greidd, hvernig sem atkvæðagreiðsla fer á skiptafundi, skal eigandi kröfunnar ekki eiga atkvæðisrétt á fundinum á grundvelli hennar.
2. Kröfuhafi á atkvæðisrétt á skiptafundi á grundvelli hluta kröfu, sem að öðru leyti er að mati skiptaráðanda tryggð með veði eða á annan hátt.

98. gr.

Skilyrt krafa veitir atkvæðisrétt, þó að skilyrðið sé enn ekki uppfyllt. Ef fleiri en einn eiga kröfu, en réttindi eins standa réttindum annars að baki, á sá atkvæðisrétt, sem fyrst getur neytt réttindanna.

99. gr.

Ef krafa er umdeild, ákveður skiptaráðandi, ef þörf krefur, hvort og fyrir hvaða upphæð atkvæðisréttur fylgir kröfunni. Ekki bindur sú ákvörðun, þegar síðar er fjallað um kröfuna.

100. gr.

1. Ef svo er fyrir mælt, að atkvæði skuli greiða eftir fjölda kröfuhafa, hefur hver þeirra eitt atkvæði, þó að kröfur hans séu fleiri en ein. Framsal kröfu eftir frestdag leiðir ekki til að hinn nýi eigandi fái atkvæðsrétt.
2. Ef fleiri en einn eiga kröfu, geta þeir aðeins greitt eitt atkvæði.

XV. KAFLI
Eftirlit.

101. gr.

1. Bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri eða aðstoðarmaður skiptaráðanda skal semja og leggja reikningsyfirlit fyrir skiptaráðanda og kröfuhafanefndina, að jafnaði á 3 mánaða fresti.
2. Gerðir skulu reikningar þrotabúa svo sem fyrir er mælt í bókhaldslögum eða öðrum lögum. Sá sem annast meðferð bús skal sjá um, að reikningar þessir séu gerðir. Skiptaráðandi getur kveðið á um reikningsgerð að öðru leyti.
3. Skiptaráðandi og kröfuhafanefndin geta krafið skiptastjóra upplýsinga um málefni búsins.
4. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um, hvernig haga skuli varðveislu þrotabúa.

102. gr.

1. Skiptaráðandi endurskoðar eða lætur endurskoða eftir þörfum reikninga þá, sem skiptastjóri semur skv. lögum þessum.
2. Þegar eignir búa eru verulegar eða málefni þess flókin getur skiptaráðandi ráðið löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga búsins í þeim mæli, sem skiptaráðandi ákveður fyrirfram. Til þess má og fá aðra, sem haft hafa afskipti af málum þrotamanns fyrir gjaldþrotið. Kostnað við þessa endurskoðun skal greiða úr búinu.

103. gr.

Þegar liðið er eitt ár frá upphafi skipta, skal skiptastjóri gefa skiptaréttinum skýrslu um ástæður þess, að skiptum er ólokið, og skýra frá, hvenær vænta megi skiptaloka. Síðan skal gefa slíka skýrslu misserislega eða oftar, ef skiptaráðandi mælir svo fyrir.

104. gr.

Ef skiptastjóri eða skiptafundur hefst eitthvað að, sem er til tjóns fyrir búið, eða sé brotinn réttur veðhafa, þrotamanns eða annarra, getur skiptaráðandi ógilt ákvarðanirnar, gefið skiptastjóra fyrirmæli og gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir.

XVI. KRAFNA

Meðferð krafna.

105. gr.

1. Gjaldþrot skal auglýsa skv. 19. gr. og 86. gr.
2. Tilkynninguna í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi sjá um, en hann getur falið það bústjóra til bráðabirgða. Í tilkynningunni má geta annarra atriða, en nefnd eru í fyrrgreindum ákvæðum.
3. Ef kröfu hefur verið lýst vegna nauðasamninga og gjaldþrotaskiptin eru í beinu framhaldi tilraunar til að ná slíkum samningum, má ákveða í tilkynningunni í Lögbirtingarblaði, að frekari kröfulýsing vegna þessara krafna sé óþörf.

106. gr.

1. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um skrásetningu lýstra krafna.
2. Ef kröfulýsing berst í tvíriti, skal annað endursent með áritun um móttökutíma.
3. Krafa um gjaldþrotaskipti er jafnframt lýsing þeirra krafna, sem þar eru nefndar og sá, sem skiptanna krefst á eða innheimtir.

107. gr.

1. Sá sem með búið fer gerir skrá um lýstar kröfur og um þær kröfur, sem tryggðar eru með veði eða öðrum slíkum rétti, og getur þess við hverja kröfu, hvort hann telur, að hana skuli viðurkenna. Ef kröfu er lýst sem forgangskröfu eða kröfu, sem á annan hátt komi á tiltekinn stað í skuldaröð, skal þess og getið á skránni. Ef krafa er gerð í erlendri mynt, skal þess og getið, sbr. 31. gr. 3. mgr.
2. Skráin, sem gerð er skv. 1. mgr., skal liggja frammi til sýnis fyrir kröfuhafa, þrotamann og aðra, sem skiptaráðandi telur hafa af því lögmæta hagsmuni, í a. m. k. eina viku fyrir skiptafund þann, sem um getur í 86. gr. 1. mgr. Skriflegar athugasemdir má senda skiptaráðanda fyrir fundinn.
3. Ef sá, sem með búið fer, telur, að ekki skuli viðurkenna kröfu að fullu, eins og henni er lýst, skal hann tilkynna það þeim, sem kröfunni lýsti, með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt með hæfilegum fyrirvara og geta þess, hvenær skiptafundur verður haldinn til að taka afstöðu til kröfunnar.

108. gr.

1. Boða skal þrotamann á skiptafund, þar sem afstöðu skal taka til krafna, og skal hann eiga þess kost að tjá sig um kröfurnar.
2. Ef ljóst er, að ekkert komi upp í kröfu, kemur hún ekki til álita á skiptafundi.

109. gr.

1. Sé engum andmælum hreyft fyrir eða á skiptafundi við álitsgerð skiptaráðanda, sem um getur í 107. gr. 1. mgr., er hún endanlega samþykkt.
2. Ef andmæli við álitsgerðina koma fram og ekki er frá þeim fallið á skiptafundinum, skal boða til nýs fundar innan 2 vikna. Ef sá, sem umþráttaðri kröfu lýsti eða mótmælti henni skriflega fyrir fundinn, er ekki á honum boðaður á hinn síðari skiptafund, skal það gert með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt án tafar.
3. Ef ekki er á síðari skiptafundinum fallið frá andmælum við álitsgerð þess, sem skiptin annast, kveður skiptaráðandi upp úrskurð um ágreininginn.

110. gr.

1. Ef kröfu er ekki lýst innan kröfulýsingarfrests og hún er ekki tryggð með veði eða öðrum slíkum rétti, kemur hún ekki til greina við úthlutun úr búinu, nema eigendur 75% krafna á lista skiptaráðanda sem atkvæðisréttur fylgir,

samþykki á skiptafundi, sem haldinn er til að taka afstöðu til lýstra krafna, eða skiptaráðandi telji, að afsakanlegt sé vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum, að kröfulýsing dróst. Skiptaráðanda er heimilt en ekki skylt að halda eða leyfa skiptastjóra að halda sérstakan fund til að taka afstöðu til þess, hvort krafa, sem of seint var lýst, komi til greina skv. framansögðu.

XVII. KAFLI
Dómsmál við hina almennu dómstóla.

111. gr.

Sá sem með búið fer, höfðar dómsmál fyrir þess hönd fyrir hinum almennu dómstólum nema aðilar málsins semji um, að það skuli rekið fyrir skiptarétti.

112. gr.

1. Búið tekur við máli, sem þrotamaður hefur höfðað fyrir upphaf skipta, ef krafan rennur til búsins sbr. 53. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.
2. Ef fram kemur í dómi, að bú sækjanda er til gjaldþrotaskipta skal fresta máli og tilkynna um það þeim, sem með málið fer.

113. gr.

1. Ef kröfu þrotabús er ekki haldið til dóms eða gerð um hana dómssátt, getur hver sá, sem á kröfu á skrá þeirri, sem getur í 107. gr., höfðað mál í eigin nafni vegna þrotabúsins eða tekið við máli, sem höfðað hefur verið. Búið skal taka frest til að gera þetta kleift, þar sem það á við, og gefa kröfuhöfum frest til að taka ákvörðun um að höfða eða ganga inn í mál í hæfilegan tíma eftir að ákveðið er á skiptafundi að búið skuli ekki gera það. Búið skal greiða eðlilegan kostnað kröfuhafa af máli, þá aldrei meira en eignir þess aukast vegna málsins.
2. Reglum 1. mgr. skal beita um áfrýjun eftir því sem við á.

114. gr.

Ef enginn kröfuhafi gengur inn í mál, höfðar mál eða áfrýjar eftir 113. gr. getur þrotamaður gert þessar ráðstafanir vegna búsins en á sinn kostnað. Búið getur tekið við málinu, hvenær sem er.

115. gr.

Í málum skv. þessum kafla má koma að gagnkröfum á búið, enda sé ekki krafist sjálfstæðs dóms um þær eða hluta þeirra. Gagnkröfu til sjálfstæðs dóms, sem þingfest er fyrir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar, skal þó dæma í málinu.

116. gr.

Ef bú eignast ekki réttindi þrotamanns, getur hann sjálfur rekið dómsmál um þau. Verjandi getur þá stefnt búi inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

117. gr.

1. Ef dómsmál er höfðað gegn þrotamanni, áður en gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, kemur búið í stað þrotamanns, sbr. 54. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nema sækjandi lýsi því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir skuldaranum persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og skuldarann persónulega.

2. Ef sækjandi krefst dóms yfir búinu, skal hann tilkynna það þeim, sem með það fer.
3. Ef þrotamaður sækir ekki dómþing í máli, sem hann er aðili að, þann dag, sem gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp eða síðar, getur búið fengið málið endurupptekið eftir reglum um lögmæt forföll.
4. Ef gjaldþrotabú er aðili máls fyrir almennum dómstóli, geta aðilar samið um, að málinu sé vísað til meðferðar þess skiptaráðanda, sem um búið fjallar.

118. gr.

Ef bú eignast ekki tiltekin réttindi þrotamanns, verður mál um þau höfðað gegn honum persónulega. Hið sama er, ef einungis er krafist dóms, sem bindur hann. Sækjandi getur þá stefnt búinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

XVIII. KAFLI
Úthlutun og skiptalok.

119. gr.

1. Ef fram kemur, að búið á ekki eignir umfram kostnað við skiptin, skal þegar ljúka skiptunum.
2. Hrökkvi eignir búsins ekki fyrir kostnaði við skiptin, ber sá, sem krafist hefur gjaldþrotaskipta, ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar. Kröfuhafi, sem þannig ábyrgð ber, getur krafist loka búskipta hvenær sem er, enda krefjist ekki annar gjaldfær kröfuhafi þess, að skiptum sé fram haldið á sína ábyrgð.

120. gr.

Ef þrotamaður nær nauðasamningum og ef þeir kröfuhafar fá fullnustu eða fullnægjandi tryggingu, sem ekki eru aðilar að samningunum, skal þegar ljúka skiptunum. Hið sama er, ef þrotamaður leggur að loknum kröfulýsingarfresti fram yfirlýsingu allra, sem lýst hafa kröfum, um, að þeir afturkalli kröfur sínar eða ef þrotamaður sannar, að þær séu niður fallnar. Eignir búsins skulu fengnar þrotamanni, eftir að lokið er greiðslu kostnaðar við skiptin.

121. gr.

1. Forgangskröfur skv. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, skal greiða svo fljótt sem unnt er.
2. Aðrar forgangskröfur skal greiða að hluta eða að fullu, þegar fram er komið, að þeim er ekki mótmælt, eða þegar endanlegur úrskurður vegna mótmæla er genginn.
3. Þegar greiddar hafa verið kröfur skv. 1. og 2. mgr., eða trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra, má sá, sem fer með skiptin, greiða öðrum kröfuhöfum að hluta.
4. Þegar greitt er skv. þessari gr., skal gæta þess, að ekki sé skertur réttur þeirra, sem í skuldaröð eru jafnsettir þeim, sem greiðslu fá.

122. gr.

1. Ef krafa er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum og hún er greidd að öllu eða nokkru skv. 121. gr., skal greiðslan koma til frádráttar, ef síðar er gengið að tryggingunni. Veðhafar, er standa þeim að baki, sem greiðslu fékk, njóta ekki uppfærsluréttar á grundvelli greiðslunnar.
2. Ef kröfuhafi er utan skuldaraðar, skal til bráðabirgða taka frá fé til greiðslu allrar kröfu hans af eignum búsins, en aðeins greiða honum af þessu fé þann hluta kröfunnar, sem ekki er greiddur án afskipta búsins.

123. gr.

Við úthlutun úr búinu skal taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna og skilyrtra krafna, ef skilyrðið er ekki fram komið.

124. gr.

Þegar eignum þrotabús hefur verið komið í peninga, útistandandi skuldir innheimtar og ágreiningsmálum til lykta ráðið, semur sá, sem með búið fer, reikninga um búið og frumvarp að endanlegri úthlutunargerð svo og stutta greinargerð um meðferð búsins. Af reikningunum skal mega sjá tekjur búsins og gjöld eftir að skiptaúrskurður var kveðinn upp. Skiptaráðandi skal að jafnaði fá og bóka í skiptarétti yfirlýsingu annarra, sem með bú hafa farið, og þrotamanns um, að allar þær eignir búsins, sem þeim sé um kunnugt, hafi komið fram.

125. gr.

Skiptaráðandi getur ákveðið að ljúka skiptum, þótt enn séu ekki til ráðstöfunar allar eignir búsins eða þótt fé hafi verið tekið frá vegna umdeildra og skilyrtra krafna eða þótt afmarkaður hluti búsins sé með öðrum hætti óuppgerður. Búsmeðferð skal þá endurupptaka, ef tilefni verður til.

126. gr.

Með auglýsingu í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi boða skiptafund til að fjalla um reikninga búsins og frumvarp að úthlutunargerð. Frumvarpið, reikningarnir og fylgiskjöl skulu liggja frammi á auglýstum stað og tíma í a. m. k. 2 vikur til athugunar fyrir þrotamann, kröfuhafa og aðra, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta.

127. gr.

1. Á skiptafundi þeim, sem haldinn er skv. 126. gr., skal gefa þrotamanni og kröfuhöfum kost á að tjá sig um reikninga búsins og frumvarpið að úthlutunargerð. Ágreining úrskurðar skiptaráðandi.
2. Skiptaráðandi staðfestir frumvarpið nema á því séu slíkir gallar, að því beri að breyta.

128. gr.

Þegar skiptaráðandi hefur staðfest frumvarp að úthlutunargerð og áfrýjunarfrestur er liðinn án þess að áfrýjað sé eða allir kröfuhafar hafa lýst yfir, að þeir muni ekki áfrýja, skal úthlutun fara fram.

129. gr.

1. Skiptaráðandi getur ákveðið, að við uppgjör og úthlutun skuli ekki tekið tillit til krafna, sem mjög lítið myndi fást greitt af.
2. Skiptaráðandi getur ákveðið að greiðslur, sem ekki verða inntar af hendi nema með tiltölulega miklum kostnaði, renni í ríkissjóð.
3. Ef ekki er vitjað greiðslu úr þrotabúi innan árs, skal greiðslan renna í ríkissjóð.
4. Fjármálaráðherra getur ákveðið, að fé sé síðar greitt kröfuhafa, ef það hefur runnið í ríkissjóð skv. 2. eða 3. mgr. eða 130. gr. 2. mgr.

130. gr.

1. Ef eignir koma til skipta eftir skiptalok, skulu þær renna til kröfuhafa í hlutfalli við það, sem þeir fengu skv. úthlutunargerðinni. Skiptaráðandi getur falið skiptastjóra að annast meðferð búsins eftir endurupptöku af þessu tilefni. Skiptafundi skal halda, ef skiptaráðandi telur þörf á því.

2. Ef eignir, sem um ræðir í 1. mgr., hrökkva ekki til greiðslu kostnaðar við úthlutun þeirra, getur skiptaráðandi ákveðið, að þær renni í ríkissjóð.
3. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um það, sem um ræðir í 2. mgr. og í 129. gr.

131. gr.

1. Þegar úthlutunargerð hefur verið staðfest og greiðslur til kröfuhafa geta farið fram skv. henni, skal skiptaráðandi auglýsa skiptalok í Lögbirtingablaði. Geta skal hvenær bú var tekið til gjaldþrotaskipta, fjárhæðar lýstra krafna, sem viðurkenndar voru að lokum, hundraðstölu greiðslna upp í forgangskröfur og aðrar kröfur og heildarfjárhæðar krafna, sem fé var ekki til að greiða.
2. Ef þrotamaður er skráð félag, skal tilkynna skiptalokin til skráningarmanns.

132. gr.

Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, 10 ár eftir að skiptum lýkur.

XIX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

133. gr.

Skiptaráðandi heldur dómþing til að úrskurða þau atriði, sem hann skal um fjalla samkvæmt þessum lögum, ef úrskurðar er þörf, þar á meðal um kröfur, sem búið gerir, ef um það er samið, sbr. 111. gr.

134. gr.

Málsmeðferð skal fara eftir reglum um meðferð einkamála í héraði eftir því sem við getur átt sé ekki annað ákveðið.

135. gr.

Ef krafa er gerð í þrotabú og krafist úrskurðar um hana, má jafnframt krefjast þess, að úrskurðurinn bindi þrotamann persónulega. Ef skiptaráðandi telur, að meðferð kröfunnar á þrotamann persónulega valdi verulegum töfum á meðferð skiptanna, getur hann vísað henni frá.

136. gr.

Enginn má vera bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri, aðstoðarmaður skiptaráðanda, í kröfuhafanefnd, endurskoðandi, umsjónarmaður, eða matsmaður við skiptameðferðina, ef hann væri óhæfur dómari skv. reglum um meðferð einkamála. Sé félag eða stofnun undir gjaldþrotaskiptum, má enginn gegna þeim störfum, sem fyrr eru talin, ef hann væri óhæfur dómari í málum stjórnarmanna, forstjóra, framkvæmdastjóra eða manna, sem haft hafa sjálfstæða ábyrgð sem bókhaldarar eða gjaldkerar hjá félaginu eða stofnuninni.

137. gr.

Skiptaráðandi ákveður þóknun bústjóra til bráðabirgða, skiptastjóra, aðstoðarmanns skiptaráðanda, endurskoðenda, umsjónarmanns, svo og matsmanna og vitna, og tekur þá tillit til þess, hve mikið starfið var og eðlis búsins. Ef sérstaklega stendur á getur skiptaráðandi ákveðið, að þeir, sem í kröfuhafanefnd hafa starfað, skuli fá þóknun. Þóknun skv. þessari grein skal greidd af fé búsins.

138. gr.

Ef kröfu er lýst í þrotabú, er fyrningu slitið gagnvart búinu og þrotamanni persónulega. Ef krafa er viðurkennd, hefst nýr 10 ára fyrningarfrestur, þegar skiptum er lokið. Ef kröfu er hafnað, hefst nýr fyrningarfrestur á þeim degi, og fer lengd hans eftir almennum reglum.

139. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.
2. Þá falla úr gildi lög nr. 25 frá 14. júní 1929 með síðari breytingum.
3. Ef krafa um gjaldþrotaskipti berst skiptaráðanda fyrir 1. janúar 1979, skal beita núgildandi reglum.
4. Um skuldajöfnuð krafna, sem báðar eru til orðnar fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur.
5. Ef fleiri en einn skuldari eru að kröfu og ábyrgð þeirra óskipt, og sé búið að greiða kröfuna að einhverju eða öllu fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur um þýðingu þess.
6. Um riftun ráðstafana og réttargerða sem gerðar eru fyrir 1. janúar 1979 fer eftir núgildandi lögum, og gildir þetta einnig, þó að gjaldþrotaskipti hefjist eftir þann dag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að bæta meðferð gjaldþrotamála. Hafa núgildandi lög um þetta efni og framkvæmd þeirra sætt gagnrýni um alllangt skeið, enda eru lögin gömul að stofni til og því miðuð við aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru. Árið 1972 fól Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra Þór Vilhjálmssyni, nú hæstaréttardómara, að vinna að endurskoðun skiptalöggjafarinnar, fyrst og fremst gjaldþrotalaganna. Þór samdi frumvarp til breytinga á reglum um skuldaröð, og voru um það efni sett lög nr. 32/1974. Aðalefni þeirra var, að forgangsréttur skattkrafna var felldur niður og þar með auknar líkur á, að aðrir kröfuhafar fengju greiðslur úr búum. Aðrar tillögur um breytingar koma fram nú, þegar lagt er fram frumvarp um ný gjaldþrotalög. Þór Vilhjálmsson hefur samið frumvarpið og athugasemdirnar við það. Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafa þó verið gerðar 2 breytingar á frumvarpi hans, þ. e. á 21. gr. og 119. gr. 2. tölulið.

Fyrstu almennu lögin um gjaldþrotaskipti voru sett hér á landi 1894. Þau voru byggð á dönskum lögum frá 1872. Bæði íslensku og dönsku lögin voru þáttur í endurskoðun réttarfarslaga, sem ráðgerð var í dönsku stjórnarskránni frá 1849 og stóð þar í landi til 1916. Hérlendis voru þessar réttarbætur ekki meginatriði í stjórnarskrárumræðu eða stjórnmálaumræðum yfirleitt, en voru engu að síður framkvæmdar. Má segja, að þær hafi hafist 1878 með setningu skiptalaga þeirra sem enn gilda, laga nr. 3/1878, og að þeim hafi lokið, þegar sett voru lög nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Ný endurskoðun réttarfarslöggjafar stendur nú yfir hér á landi; lögum um meðferð opinberra mála hefur verið breytt nokkrum sinnum, lög hafa verið sett um rannsóknarlögreglu ríkisins o. s. frv. Núgildandi gjaldþrotaskiptalög nr. 25/1929 voru sett vegna ádeilna á nokkur einstök atriði í lögunum frá 1894, og voru þær liður í stjórnmálaátökum síns tíma. Um grundvallarbreytingar á reglum hinna eldri laga var eigi að ræða. Með lögum nr. 32/1972 voru gerðar breytingar á lögum þessum í því skyni að greiða fyrir rannsóknum í gjaldþrotamálum. Frumvarpið var samið á vegum réttarfarsnefndar þeirrar, sem starfaði 1966 — 1972, og hafði Theodór B. Líndal prófessor unnið að undirbúningi þess. Má þó segja, að hérlendis sé búið við reglur sem samdar voru í Danmörku fyrir rúmlega einni öld. Má þegar af þeirri ástæðu ætla, að þörf sé endurskoðunar, þó að réttarfarslögin frá síðustu öld hafi verið vandlega undirbúin og átt vel við aðstæður þá.

Vegna hins nána skyldleika réttarkerfa Norðurlandanna, sem m. a. hefur um langt skeið komið fram í gjaldþrotalöggjöfinni, má vænta árangurs af norrænu

samstarfi um endurskoðun þeirra reglna, sem hér eru til athugunar. Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun gjaldþrotareglna á öllum Norðurlöndum. Sú endurskoðun hefur tekið drjúgan tíma, og henni er ekki lokið nema í Danmörku, þar sem sett voru ný lög hinn 8. júní s. l. Lög um einstök atriði hafa þó verið sett bæði í Noregi og Svíþjóð. Nýju dönsku lögin komu í stað laganna frá 1872, sem fyrr eru nefnd. Á árunum 1960 — 1968 voru haldnir norrænir fundir til að fjalla um samræmingu á þeim tillögum um gjaldþrotareglur, sem að var unnið. Ekki áttu Íslendingar aðild að fundum þessum, en álitsgerðir, tillögur og lög frá hinum Norðurlöndunum hafa verið höfð til hliðsjónar í endurskoðunarstarfinu hér á landi. Hefur mest verið stuðst við danska lagafrumvarpið og lögin 8. júní s. l. — Um hið norræna samstarf og árangur þess er fjallað nokkru nánar í frv. að lögum nr. 32/1974. (Alþingistíðindi 1973 A bls. 400—402).

Sú gagnrýni, sem fram hefur komið á gjaldþrotalögin hér á landi, hefur varðað ýmis atriði. Sem fyrr segir voru settar nýjar reglur um rannsókn gjaldþrotamála 1972, enda hafði verið talið, að á því sviði væri úrbóta þörf. Hið sama er að segja um breytinguna á skuldaröð, sem lögtekin var 1974, þó að opinber umræða um það atriði hafi verið minni. Að undanförnu hefur mest borið á umræðu um, að meðferð þrotabúa drægist of oft á langinn og af því hlytist tjón. Ástæða þótti til að gera réttarfélagsfræðilega könnun á gjaldþrotamálum til að fá upplýsingar um fjölda þeirra, greiðslur upp í fram komnar kröfur og tímann, sem skiptin taka. Verkið var unnið á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands og kostnaður greiddur af fé hennar. Eiríkur Tómasson, nú aðstoðarmaður ráðherra, vann að könnuninni sumarið 1975, og birtist endanleg skýrsla hans í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 1976. Skýrsla þessi er prentuð sem fylgiskjal hér á eftir. Könnunin tók til gjaldþrotaúrskurða, sem upp voru kveðnir 1960 — 1974. Þeir reyndust hafa verið 1 318, þar af 85% í Reykjavík. Eru úrskurðirnir margir, þegar mið er tekið af nágrannalöndunum. Það vekur sérstaka athygli að könnunin leiddi í ljós, að í 81% búa fundust engar eignir. Ef eignir komu fram, greiddist yfirleitt ekkert upp í almennar kröfur og forgangskröfur greiddust ekki nema að hluta. Þá leiddi könnunin í ljós, að í júlí 1975 var ólokið skiptum í 58 búum, sem hófust á árunum 1965—1969. Sýnir þetta, að skiptameðferð tekur oft langan tíma. Um niðurstöður könnunarinnar er að öðru leyti vísað til skýrslunnar sjálfrar. Þess skal þó getið hér, að fjöldi gjaldþrotaúrskurða og fjöldi eignalausra búa stafar að einhverju leyti af sérstökum ástæðum, sem ekki varða óvenjulegar efnahagsaðstæður eða efni lagareglna um skipti. Er þess einkum að gæta, að oft er hér á landi krafist gjaldþrotaskipta á búum manna, sem skulda opinber gjöld, þótt ætla megi, að þeir eigi engar eignir. Mun þetta stafa af því, að gjaldheimtan í Reykjavík og e. t. v. aðrir, sem gjöldin innheimta, afskrifa þau ekki sem óinnheimtanleg nema reynt hafi verið að fá þau greidd í gjaldþrotaskiptum. Er vafasamt, hvort þessi dýra innheimtuaðferð á rétt á sér, þegar þannig stendur á.

Vegna þess, sem fram hefur komið í umræðum á opinberum vettvangi og meðal lögfræðinga um umbætur í gjaldþrotalöggjöf og með hliðsjón af niðurstöðum könnunar Eiríks Tómassonar 1975, hefur við samningu þessa frumvarps verið á því byggt, að það séu einkum tvö atriði, sem beri að hafa í huga.

1) **Minni eignir koma til skipta en vera ætti**, ef sanngjarnt tillit er tekið til réttar kröfuhafa. E. t. v. er þetta vegna þess, hvernig atvinnurekstur hér á landi er fjármagnaður. Einnig er líklegt, að meira kæmi til skipta, ef það væri auðveldara en nú er að halda áfram atvinnustarfsemi þrotamanns, eftir að bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta. Þá eru heimildir ekki greiðar til að rifta ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið rétt fyrir upphaf skipta og mismuna kröfuhöfum. Reglur um sölu eigna í þrotabúum eru einnig lítt sveigjanlegar og leiða vafalítið oft til þess, að fyrir eignirnar fæst minna en vera mætti. Loks er líklegt, að ástæða sé til að ganga betur en nú er eftir því, að reglum um skil eigna til þrotabús sé framfylgt. Að því var stefnt með lagabreytingunni 1972, en ástæða er til að ætla, að betri árangri megi ná.

2) **Skiptin taka of langan tíma.** Þetta stafar af mörgum ástæðum. Annríki embættismanna, erfið aðstaða þeirra á ýmsan hátt, þunglamalegar og úreltar reglur um búsmeðferð og venjur í fjármálalegum samskiptum hér á landi eru helstu orsakirnar.

Eins og fyrr segir, voru nýjar reglur um **skuldaröð** settar með lögum nr. 32/1974 og forgangsréttur skattkrafna afnuminn. Ekki hefur þótt ástæða til að gera tillögur um breytingar á reglunum frá 1974. Af sögulegum ástæðum eru þær í skiptalögum nr. 3/1878, en ekki í gjaldþrotaskiptalögunum, svo að ekki eru neinar efnisreglur um þessi efni í frumvarpinu, sem hér liggur fyrir.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru:

1) **Meðferð búa, annarra en smábúa hverfi frá skiptaráðanda til sérstaks bústjóra.** Meðferðin er í eðli sínu fremur framkvæmdastjórn en dómstörf. Kanna þarf eignir og skuldir búa, safna eignunum saman, gæta þeirra, ávaxta þær og e. t. v. halda áfram atvinnurekstri, koma þarf eignunum í verð og greiða kröfur. Úrskurður ágreiningsatriða, sem upp koma, og lokafrágangur búa er hins vegar dæmigert dómarastarf, sem lagt er til, að skiptaráðandi annist. Þá hefur þótt óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir, að hann hafi stundum afskipti af könnun á hag búsins í upphafi og þar til kröfulýsingarfrestur er útrunninn og skiptafundur hefur síðan verið haldinn. Þetta er vegna þess, að bústjórinn fær mikil völd og því verður að veita kröfuhöfum kost á að eiga hlut að vali hans. Ráðgert er, að oftast skipi skiptaráðandi bústjóra til bráðabirgða þegar í stað og að hann verði síðan skiptastjóri með samþykki skiptafundarins eftir lok kröfulýsingarfrests. Í reynd ættu afskipti skiptaráðanda því ekki að vera veruleg af búsmeðferðinni í upphafi. Óvissan um, hvort skiptafundur kýs bústjórann til bráðabirgða til að fara áfram með búið veldur því þó, að leggja verður nokkru ríkari skyldur á skiptaráðanda á fyrsta stigi búsmeðferðarinnar en síðar. Svo sem þegar er sagt, nefnast bústjórarnir ýmist **bústjórar til bráðabirgða** eða **skiptastjórar.** Þá er í frumvarpinu lagt til, að í sumum tilvikum sé búsmeðferðin á ábyrgð skiptaráðanda, en hann feli hana sérstökum **aðstoðarmanni.** Er þessi tillaga sett fram til að minnka enn líkurnar á því, að of mikil störf séu lögð skiptaráðanda á herðar. — Þess skal getið, að sú tillaga að fela öðrum en skiptaráðanda mestan hluta starfa að almennri meðferð búsins, er í samræmi við meginatriði tillagna Lögmannafélags Íslands til dómsmálaráðuneytisins, tillögu, sem stjórn Dómarafélags Reykjavíkur lagði fyrir aðalfund Dómarafélags Íslands 1976 og hin nýju dönsku gjaldþrotalög. Líklegt er, að þessi breyting leiði til fækkunar gjaldþrotamála, einkum þegar um er að ræða lítil bú, en ekki hefur þótt ástæða til að taka mið af því.

2) Kostnaður af starfi bústjóra til bráðabirgða, skiptastjóra og aðstoðarmanns skiptaráðanda **verði greiddur af fé þrotabúsins.** Þetta sýnist sanngjarnt, þegar haft er í huga, að hér er fremur um framkvæmdastjórn en dómstörf að ræða. Ekki verður talið, að kröfuhafar, sem eiga að skipta á milli sín eigum þrotamanns, skuli njóta ókeypis þjónustu við að ráðstafa eignunum á þann hátt, sem þeim er mestur hagur að. Hitt er sjálfsagt, að störf skiptaráðanda séu eftir sem áður unnin á kostnað ríkissjóðs. Nái þessi breyting fram að ganga, er sanngjarnt að skiptagjöld í ríkissjóð lækki, og er lagt til, að aukatekjulögunum nr. 79/1975 verði breytt í því skyni.

3) Til að stuðla að því að bú komi fyrr til gjaldþrotaskipta en nú er og lánadrottnar fái þess vegna meira upp í kröfur sínar, hefur verið settur í frv. kafli um **greiðslustöðvanir.** Með þeim ákvæðum er leitast við að greiða fyrir samningum um skuldaskil og hindra, að einstakir lánadrottnar fái óeðlilega mikið í sinn hlut. Jafnframt eru gerðar í sérstöku frumvarpi tillögur um **breytingar á nauðsamningalögunum** nr. 19/1924. Lögin hafa ekki haft mikla raunhæfa þýðingu, sennilega vegna þess að gerð nauðasamninga eftir þeim er of flókin og torveld. T. d.

kom fram við áðurnefnda könnun á gjaldþrotaúrskurðum frá árunum 1960—1974, að aðeins 3 þeirra höfðu leitt til nauðasamninga, þegar könnunin var gerð um mitt ár 1975. Tölur vantar um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar, en þeir munu mjög fátíðir. Þó að nauðasamningarnir eftir lögum nr. 19/1924 hafi verið fáir er líkegt, að frjálsir nauðasamningar séu allalgengir og að verulegur hluti krafna sé þá oft gefinn eftir. Slíkum samningum fylgir áhætta, einkum vegna þess, að einstakir kröfuhafar geta neitað aðild að þeim og fengið meira greitt en ella væri. Æskilegt er að á þessu verði breyting.

4) Til að flýta skiptum og minnka líkur á, að eignir rýrni óeðlilega við upplausn búsins, stöðvun atvinnurekstrar og uppboðssölur, er lagt til í frv. að **sá, sem annast búskiptin, fái mun frjálsari hendur en nú er** við meðferð búsins. Gert er ráð fyrir, að hann megi halda atvinnurekstri áfram um sinn á vegum búsins, að hann megi ráðstafa eignum þess án uppboðssölu og að **hann þurfi ekki að** bíða ákvarðana skiptafunda um hvaðeina. Hins vegar er gert ráð fyrir, að heimilt verði að skipa kröfuhafanefnd til að fylgjast með gerðum þess, sem búskiptin annast, en ekki á sú nefnd að hafa ákvörðunarvald. Reynslan hér á landi bendir til, að þessi lagabreyting sé æskileg, og svo hefur einnig verið talið annars staðar á Norðurlöndum. Ákvæði frv. hér að lútandi eru að mestu í samræmi við hin nýju dönsku gjaldþrotalög.

5) Lagt er til að **riftun ráðstafana þrotamanns** fyrir skipti og riftun **vissra fullnustugerða** lánadrottna hans á sama tíma **verði greiðari** en nú er.

6)Margs konar ákvæði **eru** í frv., sem miða að því að leysa úr vafaatriðum, sem nú eru, og einfalda skiptameðferðina.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar.

I. KAFLI

Í **1. gr.** er skýrgreint hugtakið frestdagur, sem ekki er notað í núgildandi lögum. Er það tekið upp til að fá orð um tímamark sem oft skiptir máli, einkum skv. 8. kafla. frv. um riftun ráðstafana þrotamanns og riftun réttargerða. **2. gr.** skiptir einnig aðallega máli varðandi 8. kafla frv. Matsatriði geta komið upp, ef beita á gr., en réttara þykir að leggja matið í hendur dómstóla en hafa reglur, sem í sumum tilvikum gætu verið ósanngjarnar.

3. gr. 1. mgr. er í samræmi við tilskipun 21. júní 1793, sem ekki hefur þótt ástæða til að breyta, sbr. 95 gr. skiptalaga nr. 3/1878 og 73. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Heimili er lögheimili manns skv. lögum nr. 35/1960, skrásetningarstaður hlutafélags skv. 11. og 13. gr. laga nr. 77/1921 og samvinnufélags skv. 10. og 12. gr. laga nr. 46/1937 og aðsetursstaður opinberra stofnana. Skiptaráðandi getur sett skiptarétt í öðru lögsagnarumdæmi, sbr. 29. gr. einkamálalaga. Í **2. mgr.** felst nýmæli. Æskilegt er að hafa þessa heimild. T. d. getur hún auðveldað skipti á þrotabúum manna, sem reka sameignarfélag, en eiga sjálfir lögheimili í öðrum lögsagnarumdæmum en félagið starfar í. Í **3. mgr. er** reynt að greiða fyrir því, að skipti séu tekin fyrir, þó að beiðni sé ekki send réttum skiptaráðanda. Frestdagur er þó ekki fyrr en hinn rétti skiptaráðandi fær beiðnina. Vanræksla skiptaráðanda gæti varðað hann ábyrgð.

4. gr. er í samræmi við 2. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga að því er varðar það atriði, að beiðni skuli vera skrifleg, en ákvæðin í frv. **eru** ítarlegri en núgildandi ákvæði. 2. mgr. er í samræmi við það, sem nú er talið skylt. **5. gr.** er til öryggis, en hefur ekki að geyma nýmæli. Hið sama er að segja um **1. mgr. 6. gr.** Í **2. mgr. 6. gr** er fjallað um atriði sem ekki eru nú glöggar reglur um, en æskilegt er, að ekki valdi vafa. **3. mgr.** er í beinum tengslum við 2. mgr. og vísar til 44. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 sbr. 2. gr. laga nr. 14/1976.

II. KAFLI

Eins og fyrr segir, eru oftast engar eða litlar eignir til skipta í þrotabúum. Æskilegt er að stuðla að því, að bú komi fyrr til skipta en nú er. Tilraun til þess felst í

ákvæðunum um greiðslustöðvun. Á hinum norrænu fundum um endurskoðun gjaldþrotalöggjafar var rætt um ákvæði skyld þeim, sem eru í 2. kafla frv., en skoðanir voru skiptar, enda hafa skapast ólíkar venjur á þessu sviði á Norðurlöndum. Lög voru sett í Danmörku 1975 um greiðslustöðvun og ákvæði þeirra síðan tekin lítt breytt í gjaldþrotalög Dana 1977. Tillögurnar,sem hér eru lagðar fram, byggja ekki á beinum erlendum fyrirmyndum.

Skv. **7. gr.** metur skiptaráðandi, hvort hann verður við ósk um greiðslustöðvun einkum eftir því, hvort sennilegt er, að unnt verði að ná nauðasamningum.

Í **8. gr.** er gert ráð fyrir mjög gagngerri breytingu á stöðu skuldara og lánadrottna hans vegna greiðslustöðvunar. Skv. **1. mgr.** er óheimilt að greiða skuldir og stofna til skuldbindinga nema til að halda í horfinu atvinnu og eignum skuldara. Samanburður við 7. gr. sýnir, að þetta ber að gera í samráði við lögmann skuldara eða löggiltan endurskoðanda. Vörslusvipting, sem heimil er eftir **2. mgr.**, gæti oft leitt til þess, að fógeti ráðstafi vörslum sbr. 47. gr. aðfararlaga nr. 19/1887 in fine. Með **3. mgr.** er stefnt að því, að ekki komi til vanefndaafleiðinga, meðan greiðslustöðvun stendur yfir.

Í **9. gr.** er vísað í 39. — 41. gr. kauplaga nr. 39/1922, en þar eru ákvæði um það, hvað gerist, ef kaupandi getur ekki staðið í skilum. Heimila þau seljanda t. d. að halda hlut, ef kaupandi verður gjaldþrota, uns trygging er sett. Lagt er til, að þessar reglur gildi einnig, ef greiðslustöðvun er heimiluð skv. 7. gr., enda sýnist það eðlilegt.

Í **10. gr.** er gert ráð fyrir, að greiðslustöðvun sé heimiluð með úrskurði skiptaréttar. Þann úrskurð má kæra skv. 21. gr. 2. tl. hæstaréttarlaga nr. 75/1973.

Í **11. gr.** er skiptaráðanda heimilað að fella niður réttaráhrif greiðslustöðvunar. Í **12. gr.** kemur fram sú meginregla, að greiðslustöðvun standi að jafnaði ekki lengur en í 3 mánuði.

III. KAFLI

Um upphaf gjaldþrotaskipta eru nú fyrirmæli í 1.—6. gr. laga nr. 25/1929.

13. gr. frv. er hliðstæð 1. gr. núgildandi laga, en ítarlegri og er leyst úr nokkrum vafaatriðum, sem nú eru. Í **a-lið** er gert ráð fyrir, að sá geti óskað gjaldþrotaskipta á búi sínu, sem ekki getur greitt skuldir sínar, þegar þær falla í gjalddaga. Nú er óvíst, hvort við þessar aðstæður skuli miða („illikviditet") eða hitt, að eignir séu minni en skuldir, þegar skiptanna er óskað („insufficiens"). Í **b-lið** er tekin óbreytt regla í 1. gr. núgildandi laga. Í **c-lið** er fjallað um heimild lánadrottins til að láta taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta, og er ákvæðið nokkru ítarlegra en í núgildandi lögum. Óhjákvæmilegt er að setja skýra og ótvíræða reglu, og þess vegna er gert ráð fyrir, að árangurslaus aðför eða kyrrsetning heimili lánadrottni að krefjast skiptanna. Hér er að vísu leitt í ljós, að skuldari sé „innsufficient" fremur en „illikvid". Þó þykir óhjákvæmilegt að láta við þetta sitja til að sneiða hjá deilum um sönnunaratriði. Þannig stendur ekki á, ef um er að ræða önnur sönnunargögn, svo sem yfirlýsingu skuldara sjálfs. Þar er því miðað við getu til greiðslu skulda, þegar þær falla í gjalddaga. Það athugast, að **ekki** er nauðsynlegt, að krafa lánadrottins sé fallin í gjalddaga til að hann geti krafist gjaldþrotaskipta, sbr. 3. mgr. 15. gr.

Í **2. mgr.** 13. gr. er m. a. vikið að ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 um fjárþröng sveitarfélaga, en þau eru í 63.—91. gr. laganna. Ekki þótti ástæða til að geta hér 24. gr. laga um sparisjóði nr. 69/1941 sbr. lög nr. 22/1944, sem heimilar að slíkir sjóðir séu teknir til gjaldþrotaskipta að sérstökum skilyrðum uppfylltum. Þetta lagaákvæði gildir, þó að frv. þetta nái fram að ganga.

Í **3. mgr.** er skorið úr álitaefni um bú sameignarfélaga. Þar er og svo fyrir mælt, að óskattskyldir aðilar geti orðið gjaldþrota, en úr því verður að skera eftir atvikum hverju sinni, hvort um sjálfstæðan aðila sé yfirleitt að ræða.

Í **4. mgr.** er vikið að atriði, sem nú er mælt fyrir um í 31.gr. laga nr. 25/1929. Lagt er til, að aðeins skuldafrágöngubú sæti gjaldþrotameðferð. Það er að vísu fræðilegur möguleiki, að skuldaviðgöngubú sé ógjaldfært og að lánadrottnar hafi hagsmuni af að beitt sé reglum 8. kafla um riftun. Slíkt væri þó líklegt til að flækja

skiptin um of, og hagsmunir lánadrottna ættu ekki að vera í hættu vegna ábyrgðar erfingja á skuldum. — Ekki er gert ráð fyrir, að allar eignir hjóna geti komið til gjaldþrotaskipta, þótt annað sé gjaldþrota.

14. gr. svarar til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 25/1929.

Í 15. gr. er skorið úr nokkrum atriðum, sem ekki eru nú ákvæði um í lögum. Skiptaráðandi sker úr, hvort nægileg trygging hafi komið fram skv. 2. mgr.

Ákvæðið í **1. mgr. 16. gr.** er sett af hagkvæmnisástæðum og gerir skiptaráðanda kleift að úrskurða gjaldþrotaskipti á grundvelli kröfu, sem síðar barst en önnur. Þetta getur sparað vinnu við rannsókn á réttmæti kröfunnar um skiptin. Um **3. mgr.** er vísað til 5. gr. laga nr. 25/1929.

Um **17. gr.** sjá nú 2. gr. 1. mgr. og 3. gr. laga nr. 25/1929.

Um **18. gr.** sjá nú 2. gr. 2. mgr. og 3. gr. laganna. Um **19. gr.** sjá nú 3. gr. in fine, 4. gr., 6. gr. laganna sbr. 2. gr. laga nr. 19/1924 og 33. gr. þeirra. Ákvæði **20. gr.** eiga ekki hliðstæðu í núgildandi lögum. Löglíkur eru ekki fyrir tjóni, sem bæta skal eftir **2. mgr.**

Í 21. gr. er gert ráð fyrir því, að tryggingar vegna kostnaðar eða bóta verði jafnan krafist áður en gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, sbr. annars athugasemdir hér að framan.

IV. KAFLI

Núgildandi ákvæði um þau efni, sem 4. kafli fjallar um, eru í 12. gr. laga nr. 25/1929 og 34. sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Ákvæðin í frv. eru ítarlegri en núgildandi ákvæði, en þeim er ekki ætlað að breyta þeim verulega.

22. gr. er ætlað að koma í veg fyrir, að þrotamaður geri löggerninga, sem binda búið, eða að slíkum löggerningum sé til hans beint. Hann getur að sjálfsögðu fjallað með þessum hætti um þau mál sín, sem ekki varða búið, t. d. gert vinnusamninga og selt hugverkaréttindi, sbr. 29. gr.

Í 2. mgr. 23. gr. er orðuð regla, sem ætla má, að sé í samræmi við gildandi rétt. Skv. henni þarf áritun um gjaldþrot á viðskiptabréf, ef koma á í veg fyrir, að grandlaus viðsemjandi þrotamannsins öðlist rétt yfir því við framsal. Reglan hefur varla mikla raunhæfa þýðingu, þar sem bréf þessi á að taka úr vörslu þrotamanns. Hitt hefur sennilega meiri þýðingu, að hinar óskráðu reglur um nauðsyn þinglýsinga gilda um gjaldþrot. Af þeim sökum myndi framsal þrotamanns til aðila í góðri trú standa, nema athugasemd um gjaldþrotið hefði verið þinglýst varðandi eignina.

Þó að almenna reglan sé sú skv. **1. mgr. 24. gr.**, að fógetagerð megi ekki fara fram í eignum, sem heyra þrotabúi til, er heimilað að fullnægja með fógetagerð dómi um afhendingu hlutar eða fasteignar. Þetta er heimilað, þar sem skiptaráðandi mun sjálfur sjaldnast hafa með höndum vörslur eigna búsins, heldur bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri eða aðstoðarmaður skiptaráðanda. Sýnist þá ástæðulaust að bregða frá hinni almennu reglu um heimild fógeta til að fullnægja dómi um afhendingu. Bein fógetagerð myndi einnig vera heimil. Hvort sem um er að ræða fullnustu dóms eða beina fógetaaðgerð, þarf gerðarbeiðandi að vera eigandi hlutarins eða fasteignarinnar. Eftir almennum reglum um verkaskiptingu hliðsettra dómstóla getur reglan um fógetagerð til afhendingar hlutar eða fasteignar ekki gilt, ef skiptaráðandi hefur tekið hlut eða fasteign í sínar vörslur. Ekki gæti hún heldur gilt, ef svo stæði á en fógeti hefði komið eignum til vörslu hjá öðrum, t. d. eiganda fasteignar, og sá vildi fá þær bornar út af eign sinni. Þá er rétt að leita til skiptaráðanda en ekki fógeta, þó að talið hafi verið, að nú gildi um þetta og svipuð tilvik önnur regla.

Í 2. mgr. 24. gr. er leitast við að skera úr álitaefni, sem ekki er fullvíst, hvernig með á að fara skv. núgildandi lögum. Haldsréttarhafi getur fengið úrskurð skiptaréttar um fjárhæð kröfu sinnar.

3. mgr. 24. gr. er í samræmi við 34. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Sjá 72. gr. 1. mgr.

4. mgr. er í samræmi við 19. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann.

V. KAFLI

Ákvæði um þær eignir, sem til skipta koma, eru í 11., 13., 14. og 15. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga.

Til samanburðar við 25. gr. frv. er 11. gr. laga nr. 25/1929. Meðan unnið var að samræmingu tillagna um endurskoðun norrænna gjaldþrotareglna, var rætt, hvort æskilegt væri, að til búsins rynni það, sem þrotamaður eignast, meðan á skiptunum stendur. Meirihluti dönsku nefndarinnar vildi ekki láta þessar eignir renna í búið, en minnihluti nefndarinnar og fulltrúar frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi vildu láta þær ganga til búsins, svo sem verið hafði. Í Danmörku varð sú niðurstaða, að haldið var fyrri reglu, og lagt er til í frv., að svo verði einnig hér á landi. Undantekningin í 26. gr. er mikilvæg og leiðir til þess, að síðari hluti 25. gr. mun einkum hafa þýðingu um arf. Aðalröksemdin fyrir því, að arfur skuli renna í búið, þó að hann tæmist eftir upphaf skipta, er sú, að venjulegur arfur, sem þrotamaður fengi sjálfur og ekki rynni í búið, yrði tilefni til þess, að krafist væri nýrra búskipta. Myndi það leiða til flókinnar réttarstöðu, sem ekki er ástæða til að komi upp. Verður ekki séð, að það væri neinum til góðs, enda kröfuhafar í báðum búunum oftast hinir sömu.

26. gr. er tekin orðrétt eftir 15. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga. Tekjur af atvinnurekstri falla undir ákvæðið en oftast myndi það þó taka til launa frá öðrum. Hugsanlegt er, að þrotamaður fái kaup fyrir að vinna í þágu búsins, sbr. 87. gr. 2. mgr., og gildir greinin að sjálfsögðu um það kaup. Rétt er að líta svo á, að tilviljunartekjur, svo sem happdrættisvinningar, verðlaun og slíkt, falli oftast undir greinina. Þó myndi happdrættisvinningur eiga að renna til búsins, ef happdrættismiðinn er keyptur áður en búið var tekið til gjaldþrotaskipta. Verðlaun fyrir verk, sem unnið er fyrir upphaf skiptanna, t. d. verðlaun í samkeppni, myndu eigi renna til búsins, þó að úrslit séu ráðin eftir skiptaupphaf. **27. gr. 1. mgr.** er í samræmi við 13. gr. laga nr. 25/1929.

Til að forðast óhagræði, sem ekki er ástæða til að stofna til, er í **28. gr.** heimild fyrir skiptaráðanda til að samþykkja f. h. þrotabús einkaskipti og skuldaviðgöngu.

29. gr. í samræmi við lokaákvæði 11. gr. núgildandi laga. Undanþágur frá fjárnámi eru í aðfararlögum nr. 19/1887 og ýmsum öðrum lögum. Er um þetta efni jafnan fjallað ítarlega í fræðilegum yfirlitsritum um fógetarétt. Þykir eigi vera ástæða til að lýsa reglunum hér, þótt helstu undanþágur megi nefna: Ekki má leita fullnustu í eignum skuldara, sem nauðsynlegar eru til að fullnægja daglegum þörfum. Má því t. d. ekki gera fjárnám í rúmi skuldara eða fatnaði. Þá eru laun úr opinberum sjóðum undanþegin aðför fram að útborgun, og hið sama er um eftirlaun. Ekki má heldur gera fjárnám í höfundarrétti nema í undantekningartilvikum, og hið sama er um réttindi opinbers eðlis, t. d. atvinnurétt skv. leyfi.

VI. KAFLI

Reglur um þau atriði, sem fjallað er um í þessum kafla, eru nú í 11., 16. og 17. gr. gjaldþrotaskiptalaganna frá 1929. Ákvæði frv. eru í samræmi við þessi ákvæði, en bætt er við ýmsu, sem ekki er vikið að í núgildandi lögum.

Skv. 30. gr. skal verja eignum bús til greiðslu á skuldum þrotamanns við upphaf skipta og til greiðslu skulda, sem búið stofnar síðar til með lögmætum hætti. Skuldir geta stofnast eftir skiptaupphaf vegna kostnaðar við sjálf skiptin eða vegna starfsemi á vegum búsins. Að sjálfsögðu ber ekki að nota eigur búsins til að borga skuldir, sem þrotamaður hefur stofnað til andstætt 22. gr. Ef þrotamaður verður bótaskyldur vegna atviks, sem gerist eftir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar, verður að beina bótakröfum gegn honum persónulega, en búinu er krafan óviðkomandi.

2. mgr. 30. gr. ætti að beita, ef ábyrgðarmaður borgar skuld þrotamanns eftir upphaf skipta. Ábyrgðarmaðurinn getur gert kröfu í búið. Hið sama er, ef greiðandi og þrotamaður eru solidariskt ábyrgir vegna skaðaverks og greiðandi borgar bætur eftir skiptaupphaf.

1.mgr. 31. gr. er tekin eftir 1. mgr. 16. gr. núgildandi laga. Þar sem það gæti skipt máli, verður að miða við greiðslu á gjalddaga. Hafi þrotamaður t. d. átt að afhenda kröfuhafa byggingarefni eftir eitt ár, verður ekki tekið tillit til geymslukostnaðar eða vaxta. **2. mgr.** 31. gr. frv. svarar til 2. mgr. 16. gr. núgildandi laga. Í **3. mgr.** er ný-

mæli, og er vafi á, hvaða regla er í núgildandi rétti um þetta atriði. Reglan getur valdið lánadrottni tjóni, en á móti kemur, að veruleg óvissa skapaðist, ef miða ætti við annan dag.

Í 32. gr. er rætt um skuldajöfnunarrétt kröfuhafa. Er það mjög umdeilt atriði meðal fræðimanna. Ekki hefur þótt ástæða til að breyta efnislega núgildandi reglu, en hana er að finna í 1. mgr. 17. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. 2. mgr. í frv. er í samræmi við 2. mgr. þeirrar greinar. 3. mgr. fjallar um vexti eftir skiptaupphaf, kröfur um sektir og svipaðar greiðslur, svo og um gjafakröfur.

33. gr.—40. gr. eru í samræmi við niðurstöður fræðimanna um þau atriði, sem þar er um fjallað, en um þau skortir nú settar reglur.

VII. KAFLI

Um áhrif gjaldþrotaskipta á efndir gagnkvæmra samninga er nú mælt í 18. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, en hún víkur aðeins að leigusamningum um fasteignir. Vafi er um efnið að öðru leyti í íslenskum rétti nú. Það er m. a. tilgangur þessa frumvarps að gefa þeim, sem annast skiptin, frjálsari hendur en nú er í meðferð búsins. Þess vegna hefur þótt rétt að setja ákvæði um heimild fyrir búið til að ganga inn í gagnkvæma samninga. Getur það bæði verið til að tryggja því hagnað af tilteknum viðskiptum, sem þrotamaður hafði gert samning um, og til að auðvelda því að halda áfram rekstri hans, meðan hagkvæmt þykir.

Í 41. gr. segir að, ákvæði 7. kafla víki fyrir öðrum réttarreglum. Ýmis ákvæði eru nú í lögum, sem ganga eftir þessu framar reglum í kaflanum. Má þar til nefna 39.—41. gr. kaupalaga nr. 29/1922 og 26. og 28. gr. vátryggingarsamningalaga nr. 20/1954. Ýmsir samningar eru þannig í eðli sínu, að búið getur ekki tekið við skyldum þrotamanns, t. d. þar sem greiðslan, er hann skyldi inna af hendi, var persónuleg þjónusta.

Í 42. gr. er ákvæði, sem svarar til 39. gr. 1. mgr. kauplaga, en það er tekið með til að taka af tvímæli um, hvort reglan nái til annarra samninga en lausafjárkaupa. Í 43.—50. gr. eru settar nánari reglur um ýmis tilvik með hliðsjón af 18. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga, 40. gr. kaupalaganna og kenningum fræðimanna.

VIII. KAFLI

Heimildir til að rifta ráðstöfunum þrotamanns og fullnustugerðum lánadrottna hans eru í 19.—30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Þegar norrænir fundir voru haldnir um endurskoðun gjaldþrotareglna, var litið svo á, að máli skipti að ná sem bestu samræmi í reglum á Norðurlöndum um riftunarheimildir. Þó að viðskiptin við hin Norðurlöndin séu vart svo mikil, að brýn þörf sé að sníða hinar íslensku reglur eftir því sem er á hinum löndunum, hefur þótt rétt að taka hin nýju dönsku gjaldþrotaskiptalög til fyrirmyndar um riftun, en þó ekki að öllu leyti. Reglurnar í frv. eru um sumt nákvæmari en núgildandi ákvæði og þeim er ætlað að stuðla að öruggari og einfaldari skiptum. Meginsjónarmiðið í núgildandi reglum má kalla það, að rifta megi ráðstöfunum frá síðasta misserinu fyrir gjaldþrot, ef eitthvað þykir óeðlilegt við þær. Þessi misserisfrestur er látinn haldast í frv., þar sem ætla má, að hann sé hæfilegur hérlendis. Í Danmörku var hinn almenni frestur lengdur úr 8 vikum í 3 mánuði með lögum þeim, sem sett voru 1977.

Í 51. gr. er mælt fyrir um riftun gjafagerninga, sbr. nú 25. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Miðað er við síðasta árið fyrir upphaf skipta, en búið verður að sanna, að þrotamaður hafi þá ekki átt fyrir skuldum, og einnig verður það að leiða líkur að því, að gjafþegi hafi um þetta vitað. Þetta er erfitt og þess vegna er lagt til, að jafnan megi rifta gjöf, sem afhent var á síðasta misseri, enda má kalla, að slíkar gjafir séu að jafnaði tortryggilegar. Hafi gjöfin verið afhent 6—12 mánuðum fyrir frestdag má rifta, nema gjafþegi sanni, að þrotamaður hafi verið gjaldfær, þegar hann afhenti gjöfina. Engu skiptir, hvort gjafþegi var í góðri trú. Sérreglur þykja eðlilegar um gjafir til nákominna og tækifærisgjafir og því líkt. Ekki eru tekin upp í frv.

lokaorð 25. gr. núgildandi laga, en þar segir, að riftun sé heimil á ráðstöfunum, sem ætla megi, að verið hafi gjafir, þótt þær líti út sem sala o. s. frv. Þessi viðbót verður að teljast óþörf og efni hennar fólgið í tillögugreininni. Það athugast, að ekki er lagt til, að niður falli 33. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923. Kröfuhafar þess, sem gefið hefur maka sínum gjöf, geta eftir lagagrein þessari gengið að gjafþega með tilteknum hætti. Ákvæðið bíður breytingar, þegar lög nr. 20/1923 verða endurskoðuð.

Í 52. gr. er fjallað um arfsafsal. Í 4. mgr. 26. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga segir, að arfsafsal á árinu fyrir skiptaupphaf sé ógilt gagnvart þrotabúinu nema þrotamaður sanni, að hann hafi þá átt fyrir skuldum. Í erfðalögum nr. 8/1962 segir, sbr. 28. gr., að afsal arfs sé heimilt. Í athugasemdum með erfðalagafrumvarpinu sagði um 28. gr.: „Ekki þykir ástæða til að svipta menn hæfi til að gera erfðasamninga, þó að bú þeirra sé undir gjaldþrotaskiptum. Samkvæmt 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 getur arfleiðandi með einhliða ákvörðun komið í veg fyrir, að arfur eftir hann renni í gjaldþrotabú erfingja, og mundi þá vitanlega sama gilda, þó að hann hefði ákveðið slíkt í samningi við þrotamann, eftir að gjaldþrotaskipti hófust". Þegar þetta er virt, verður að telja, að 28. gr. erfðalaganna hafi efnislega afnumið 26. gr. 4. mgr. gjaldþrotaskiptalaganna, þótt svo hafi ekki verið að formi til. Með þessu frv. er lagt til, að tvímælalaust verði, að rifta megi arfsafsali. Þykir ekki rétt að una jafnverulegri skerðingu og orðið getur á högum bús með slíkri ráðstöfun, og það ekki, þótt arfleifandi geti með yfirlýsingu sinni útilokað, að arfur renni í búið. Slíkt yrði að telja heimilt eftir sem áður.

Reglan í 53. gr. er nýmæli. Sönnunarbyrðin skv. 2. mgr. hvílir á þeim, sem mótmælir riftun.

Fyrri mgr. 54. gr. er svipaðs efnis og 19. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga. Talað er um greiðslu „fyrr en eðlilegt var" í stað „gjalddaga" í lögunum, þar sem hugsanlegt er, að upp komi atvik, sem leiði til að eðlilegt sé að skuldari borgi fyrr en kröfuhafi getur heimtað greiðslu. Svo kann t. d. að vera, ef greiða á með afla, sem fæst fyrr en búist hafði verið við. Það er nýmæli, að greiðslu megi rifta, ef hún réði úrslitum um gjaldfærni þrotamanns, enda hafi hún eigi virst eðlileg eins og á stóð. Reglu þessari mætti t. d. beita, ef einhver einn lánardrottinn fær greidda alla tiltæka peninga skuldara, svo að ekki er unnt að greiða aðrar skuldir í peningum á réttum tíma og tiltækar eignir eru torseljanlegar.

55. gr. er að miklu leyti sama efnis og 2. mgr. 24. gr. núgildandi laga. Tékkar eru þó ekki nefndir í núgildandi ákvæði. Nýmæli er og, að meginreglan í gr. á ekki að gilda, ef aðrir skuldarar eru ógjaldfærir. Búið ber sönnunarbyrðina um þetta atriði. Þá er ekki sett sérstakt skilyrði um, að sá, sem að lokum á að greiða, hafi við nafnritun vitað, að þrotamaður sá fram á gjaldþrot. Í stað þess segir, að skilyrði þurfi að vera til riftunar á greiðslu frá þrotamanni til hans, en þá skiptir vitneskja eða grunur oft engu.

Reglan í 56 gr. er nýmæli. Varðandi 57. gr. er til samanburðar 20., sbr. 21. gr. gjaldþrotaskiptalaganna.

Í 58. gr. er gert ráð fyrir, að til ógildingar fullnustugerða komi oftar en nú, sbr. 22. gr. laga nr. 25/1929. M. a. er gert ráð fyrir, að engu skipti, hvenær aðfararheimild er fengin eða eftir henni leitað. Þá er ætlast til, að réttaráhrif lögtaka falli niður, en nú telja sumir, að 22. gr. gjaldþrotaskiptalaganna taki ekki til þeirra fógetagerða, enda er þar talað um fjárnám til sölu við uppboð og löggeymslu. Þá er krafan um þinglýsingu í 1. mgr. ný, svo og 2. og 3. mgr. Greininni er ætlað að taka til fjárnáms skv. 15. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. Hafi fullnustugerð farið þannig fram, að fógeti hafi tekið peninga, bankabækur eða slíkt frá gerðaþola og greitt gerðarbeiðanda, gildir gr. Svo sem orðalagið ber með sér, falla réttaráhrif fullnustugerðar niður af sjálfu sér, og er riftunarmál því óþarft. Hafi eign, sem aðfararveð var í, verið seld á nauðungaruppboði, gildir 58. gr. ekki. — Í 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga nr. 19/1887 segir, að aðfararveð í lausafé skuli falla niður við gjaldþrot, ef meira

en 12 vikur eru frá fjárnámi og lausaféð er enn í vörslum gerðaþola (þrotamanns). Undantekningar eru þó frá þessu. Reglan verður áfram í gildi, þó að frv. nái samþykki.

59. gr. og 60. gr. eru nýmæli.

Segja má, að í 61. gr. sé hin almenna riftunarregla, sbr. nú 23. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Greinin er öðrum ákvæðum til fyllingar, og henni verður beitt, þar sem sérstæð tilvik koma upp. Eins og hún er orðuð, takmarkast beiting hennar ekki við ráðstafanir þrotamanns, en svo er skv. 23. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nú. Löggerningum lánadrottna má rifta eftir gr., þótt sjaldan muni það vera raunhæft, Þá er lagt til að rifta megi ráðstöfunum, sem ekki eru neinum lánardrottni til hagsbóta, en draga úr greiðslugetu bótamanns. Þetta gæti t. d. átt við sumar gjafir, sem ekki eru riftanlegar skv. 51. gr. Í 23. gr. núgildandi laga er það skilyrði sett fyrir riftun, að ívilnunin sé saknæm. Saknæmishugtakið, sem er notað bæði í refsi- og bótarétti um ásetning og gáleysi, hefur þróast í þeim greinum með tilteknum hætti. Ekki er ástæða til að binda riftun eftir 61. gr. hugtaki, sem skýrist með tilliti til annarra atriða en við eiga í skiptarétti. Einnig er hætt við, að vafi geti komið upp við lögskýringu, þegar þannig stendur á, og hefur svo verið um skýringu á 23. gr. núgildandi laga. Niðurstaðan hefur þar þó orðið sú, að fræðimenn hafa talið, að ráðstöfun þyrfti ekki að vera refsiverð til að beita megi greininni. Í tillögugreininni segir, að ráðstöfun þurfi stundum að hafa orðið kröfuhafa til hagsbóta „á ótilhlýðilegan hátt“. Af þessu orðalagi sést, að dómstólum eru gefnar frjálsari hendur en nú er. Algengt er, að dómstólum sé falið mat með svipuðum hætti.

Í 62. gr. og þremur næstu gr. er fjallað um áhrif riftunar á ráðstöfun þrotamanns og ógildi fullnustugerða. Í greinunum er vikið frá núgildandi reglum, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 28. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Í 1. mgr. 24. gr. segir, að greiðslum beggja skuli skila. Í 28. gr. segir, að búið geti krafist hluta eða réttinda, sem afhent hafi verið þriðja manni, ef ætla má, að honum hafi verið kunnugt um, að með framsalinu til hans hafi verið stefnt að því að hindra búið í að njóta réttar síns. Riftun getur valdið þeim, sem henni þarf að hlíta, tjóni. Það getur orðið meira og óvæntara, ef verulegur tími líður frá greiðslu og þar til rift er. Af þessum sökum hefur þótt sanngjarnt að láta stundum við það sitja, að skilað sé í búið hagnaði, sem sá hefur haft, sem skila skal. Hér er því lagt til, að beitt verði svokallaðri auðgunarreglu, sem ella er ekki beitt í íslenskum rétti nema skv. 21. gr. lögræðislaga nr. 95/1947. Ef lögræðisskortur leiðir til ógildis samnings og hlut verður ekki skilað aftur, á skv. þessu ákvæði hinn ólögráða maður að „greiða fégjald, að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum“. Í frv. er gert ráð fyrir, að greiðslan verði þó aldrei meiri en tjón búsins. Sérreglan um peninga er sett vegna þess, að lítt gerlegt er að komast að raun um, hver auðgun hefur orðið af móttöku þeirra.

Í 63. gr. felst undantekning frá ákvæðinu í 62. gr. Í 61. gr er þess krafist, að sá, sem hag hefur af ráðstöfun, hafi vitað eða mátt vita um aðstæður. Þegar svo stendur á, sýnist engin ástæða vera til að beita auðgunarreglunni, heldur gera þeim, sem verður að sæta riftun, að greiða fullar bætur. Atvik þau, sem leiða til riftunar eftir 59. gr., eru skyld þeim, sem 61. gr. fjallar um. Þess vegna er sama regla látin gilda um báðar greinarnar. Fyrst greiða á bætur eftir almennum reglum, verða aðilar eins settir og sá, sem sætir riftun, hefði valdið búinu bótaskyldu tjóni. Hann á að bæta tjón búsins, enda hafi hin riftanlega ráðstöfun eða réttargerð verið vávæn. Engu skiptir, þótt greiðslan til hans hafi farið forgörðum og orðið honum að engum notum.

Í 64. gr. felst, að báðir aðilar geti krafist þess, að beitt sé sömu reglu og nú er hin almenna regla eftir 1. mgr 24. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Þetta er í samræmi við almennar riftunarreglur, sbr. 57. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Í 62. og 63. gr. er ekki gert ráð fyrir þessari aðferð, enda er það aðilum sjaldnast hagsmunamál.

Í 65. gr. er nýmæli, sem þó á sér nokkra hliðstæðu í íslenskum rétti, sbr. 21. gr. 2. mgr. lögræðislaga nr. 95/1947, 51. gr. 2. mgr. sjómannalaga nr. 67/1963, 49. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og 136 gr. loftferðalaga nr. 34/1964.

66. gr. er um sama álitaefni og 28. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga, en að nokkru annars efnis. Gert er ráð fyrir, að krafa stofnist á þriðja mann, sem mátti vita um aðstæður. Ef verðmæti hefur verið selt á nauðungaruppboði að undangenginni fullnustugerð fógeta, verður þessari gr. ekki beitt, enda er þar ekki um að ræða framsal frá gerðarbeiðanda til uppboðskaupanda.

Ástæðan til reglunnar í 67. gr. er þessi: Ef þriðji maður hefur sett tryggingu, t. d. gengið í ábyrgð eða veðsett sína eign, vegna skuldar þrotamanns, losnar hann við þá skuldbindingu, ef þrotamaður greiðir. Ef tryggingin hefði nægt til greiðslu skuldarinnar, hefði skuldareigandi getað fengið fulla greiðslu með því að ganga að henni. Hann hagnast því ekki af því að fá greiðslu frá þrotamanni og auðgunarreglan á ekki við. Hér er því þörf á reglu þess efnis, að búið geti krafið þriðja mann. Rétt hefur þótt, að hið sama gildi, þó að skuldareigandi eigi að borga skaðabætur eftir 63. gr. Í 3. mgr. er stefnt að því að heimila riftun gagnvart þriðja manni í vissum tilvikum, sem ekki falla undir 1. og 2. mgr., en ætla má, að þriðji maður sé í aðstöðu, sem geri líklegt, að hann sé betur kunnugur málum þrotamanns en skuldareigandi.

Til samanburðar við 68. gr. er 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna frá 1929, en efnið er ekki hið sama, þar sem tiltekinn frestur er hér settur.

IX. KAFLI

Í þessum kafla er fjallað um eignir annarra, sem komast í vörslur búsins frá þrotamanni, og um stöðu veðhafa. Ákvæðum kaflans verður einnig beitt, þegar þriðji maður á önnur óbein eignarréttindi yfir eignum þrotamanns, t. d. afnotarétt. Um þessi efni eru ekki ákvæði í núgildandi gjaldþrotaskiptalögum, en ýmis ákvæði í skiptalögum nr. 3/1878 gilda um þau, þegar gjaldþrot verður, sbr. einkum 12. gr., 3. mgr., 27. gr. og 34. gr.

Eins og fram kemur í 69. gr., er sjálfsagt, að eignir annarra aðila en þrotamanns renna ekki til þrotabúsins. Ef annað hjóna verður gjaldþrota, verða að fara fram slit á fjárfélagi þeirra. Síðari hluti 69. gr. á t. d. við, er afhenda á þrotamanni sjálfum verðmæti vegna 29. gr.

70. gr. varðar sölu vegna misskilnings. T. d. getur þrotamaður hafa keypt hlut með eignarréttarfyrirvara, en leynt því við könnun á eignum hans, að svo var. Ef hlutur er seldur þegar þannig stendur á, er nokkuð óvíst nú, hvernig með skuli fara en sennilega getur sá, sem seldi þrotamanni, brigðað hlutinn frá kaupanda. Þetta verður ekki kallað eðlilegt, og því er lagt til, að eigandinn fái fégreiðslu frá búinu.

71. gr. verður beitt, ef vitað er, að verðmæti sé eign annars aðila, eða grunur er um það. Aðalreglan er, að búið skuli varðveita verðmætið, nema það sé ógerlegt. Til samanburðar er hér 34., 35., 55. og 56. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

Í 72. gr. er búinu veittur nokkur afskiptaréttur, þegar sala á eignum þrotamanns fer fram á nauðungaruppboði án atbeina þess. Eins og segir í 24. gr. 3. mgr. breytir gjaldþrot ekki rétti sumra lánardrottna til að leita fullnustu í eigum þrotamanns, sbr. 34. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Hins vegar getur það verið hagsmunamál fyrir búið, hvenær selt er og hvernig uppboðsskilmálar eru. Þess vegna þarf samþykki þess til slíkrar sölu, en búinu er skylt að heimila hana, ef eðlilegt tillit er tekið til hagsmuna þess. Ágreining má leggja fyrir skiptaráðanda til úrskurðar.

Í 73.—76. er fjallað um nokkur einstök atriði, og er lausnin ekki að öllu leyti hin sama og nú er. Tilgangur 76. gr. er sá að gefa búinu kost á að taka afstöðu til þess, hvort það skuli leysa til sín veð.

X. KAFLI

Skiptalögin frá 1878 eru eldri en elsta heildarlöggjöfin um gjaldþrotaskipti, og er fyrr frá því sagt. Af þessum sökum voru reglurnar um skuldaröð settar í skiptalögin í upphafi, og hafa þær ekki verið teknar í gjaldþrotalöggjöfina. Ekki er ástæða

til að gera breytingu á þessu. Reglurnar um skuldaröð voru endurskoðaðar 1974, sbr. lög nr. 32 frá því ári.

XI. KAFLI

Um 78.—84. gr. er til samanburðar vísað á 3., 7. og 10. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga.

XII. KAFLI

Í 85. gr. er það mikilvæga nýmæli, að skiptaráðandi getur ráðið bústjóra til bráðabirgða á kostnað búsins. Svo sem fyrr getur, er lagt til í þessu frv., að meðferð þrotabúa fari yfirleitt fram á kostnað þeirra sjálfra og að hana annist menn, sem til þess eru kvaddir, en ekki skiptaráðandi. Bústjóri til bráðabirgða ætti skv. þessu að taka við búi sem fyrst eftir upphaf gjaldþrotaskiptanna og annast hana, uns ráðinn er skiptastjóri eftir 89. gr. Við því er að búast, að sá maður, sem ráðinn er bústjóri til bráðabirgða, verði yfirleitt valinn skiptastjóri síðar.

Í 86. gr. er vísað í 19. gr. 3. mgr., sjá og til samanburðar 6. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Ákvæðin í 2. og 3. mgr. eru nýmæli, þar sem reglan í 2. mgr. 20. gr. skiptalaga nr. 3/1878 á ekki við nema fá tilvik. Sjá og 2. gr. laga nr. 21/1934.

Í 87. gr. er 1. mgr. í samræmi við 11. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. er tekið fram, að skiptaráðandi ákveði, hvort búið skuli halda áfram atvinnurekstri þrotamanns. Þetta segir eigi ljósum orðum í núgildandi lögum, þótt ætla megi, að skiptaráðanda sé heimilt að taka slíka ákvörðun, sbr. einkum 19. gr. 2. mgr. skiptalaganna frá 1878. Það er vafalaust, að stundum er það til hagsbóta fyrir lánardrottnana, að atvinnurekstur haldi áfram, hvort sem það er gert, meðan verið er að ráðstafa eignum, og hann síðan lagður niður, eða það er gert til að selja megi atvinnuna síðar. — Nýmæli er, að tekið sé fram, að ráða megi þrotamann gegn kaupi til starfa í þágu búsins, en það getur verið heppilegt fyrir alla aðila. 3. mgr. svarar til upphafsákvæðis 7. gr. núgildandi laga. Í 4. mgr. er ráðgert, að skiptaráðandi skuli tilkynna ríkissaksóknara grun um refsivert athæfi. Hið sama gildir um skiptastjóra sbr. 90. gr. 3. mgr. Aðstoðarmaður skiptaráðanda skv. 93. gr. ætti að skýra honum frá grun sínum um slíkt athæfi. Rannsókn fer fram eftir almennum reglum um meðferð opinberra mála. Þetta er sami háttur og hafður var fram til 1972. Þá voru sett lög nr. 32/1972 og breytt 7.—9. gr. gjaldþrotaskiptalaga í því skyni, að rannsókn gjaldþrotamála yrði sem mest á einni hendi, þ. e. hjá skiptaráðanda. Nú hefur reglunum um rannsókn opinberra mála verið breytt og stofnuð rannsóknarlögregla ríkisins. Þykir ástæða til, að hinn refsiréttarlegi þáttur rannsókna fari eftir venjulegum reglum, svo sem lagt er til í 4. mgr.

XIII. KAFLI

Í 88. gr. er sett fram sú meginregla, sem fyrr er rædd, að skiptaráðandi sjálfur skuli ekki fara með bú nema um smábú sé að tefla. Rökin fyrir þessu þarf eigi að endurtaka. Um bústjóra til bráðabirgða ræðir í 85. gr. og um aðstoðarmann skiptaráðanda í 93. gr. Nú er ekki heimild til að aðrir en skiptaráðandi fari með þrotabú, en ráða má innheimtumann skv. 30. og 31. gr. skiptalaga og aðstoðarmenn skv. 32. gr. skiptalaga. Hins vegar má skipa skiptaforstjóra til að fara með dánarbú eftir 91. gr. skiptalaga.

Í 89. gr. er mælt fyrir um val skiptastjóra. Gjaldþrotaskiptin fara aðallega fram í þágu lánardrottnanna, og er því rétt, að þeir hafi áhrif á valið. Í 93. gr. og athugasemdum við hana er fjallað um ákvörðun skiptaráðanda um að hann fari sjálfur með þrotabú, e. t. v. ásamt aðstoðarmanni.

Í 90. gr. eru almennar reglur um verkefni skiptastjóra. Þar segir m. a., að hann skuli vera umboðsmaður búsins fyrir dómstólunum. Sé hann lögmaður gæti hann bæði verið fyrirsvarsmaður og lögmaður búsins. Ella þarf lögmann til málflutnings, ef einkaréttur lögmanna tekur til flutningsins eftir 1. kafla laga um málflytjendur nr. 61/1942, því að skiptastjóri er ekki aðili í merkingu 5. gr. þeirra

laga. Nú segir í 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, að sá skuli fara með riftunarmál fyrir hönd lánardrottna, sem til þess sé kjörinn á skiptafundi. Það þykir vera í bestu samræmi við þá nýju hætti á búsmeðferð, sem tillögur eru um í þessu frv., að sá fari með riftunarmál, sem annast búskiptin. — Um ávöxtun fjár búsins er nú mælt í 32. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, sjá og 101. gr. þessa frv.

Í frv. er lagt til, að sá, sem fer með búið, fái eftir lögtöku frv. mun frjálsari hendur en nú er gagnvart skiptafundum. Í 91. gr. eru ákvæði um kröfuhafanefnd, sem er eðlilegt að skipa vegna þessa valds þess, sem annast skiptin.

Í 92. gr. eru reglur um nokkrar af starfskyldum skiptastjóra.

Í 1. mgr. 93. gr. felst sú regla, að skiptaráðandi geti sjálfur farið með búskipti. Honum er ekki skylt að gera þetta, og greinin kemur helst til álita, ef bú er lítið eða meðferð þess einföld. Þar sem mikill munur er á, hvernig kostnaður við búskipti er greiddur, eftir því hvort skiptaráðandi fer einn með þau eða ekki, má búast við, að eftir því verði sóst, að þessari gr. verði beitt. Er mikilvægt, að skiptaráðendur framfylgi meginstefnu þessa frv. frá upphafi ef það verður lögtekið. Þó að skiptaráðandi fari með bú, getur hann tekið sér aðstoðarmann, eins og nú er heimilt skv. 32. gr. skiptalaga. Búið á að greiða þóknun hans. Til þess er ætlast, að slíkur aðstoðarmaður sé fenginn, þar sem ekki þykir þörf á að ráða skiptastjóra, enda getur skiptaráðandi bundið verkefni aðstoðarmannsins við hluta skiptanna.

Í 94. gr. er mælt fyrir um tryggingarfé frá þeim, sem með búskipti fara, eða eru aðstoðarmenn skiptaráðanda. Ákvæði eru ekki í skiptalögum um tryggingarfé frá skiptaforstjórum í dánarbúum, en í 30. gr. laganna segir, að skiptaráðandi geti látið innheimtumann setja veð eða aðra ábyrgð.

XIV. KAFLI

Nú eru ákvæði um skiptafundi í 7. gr. 4. mgr., 30. gr. og 37. gr. gjaldþrotaskiptalaganna og í skiptalögum, einkum 3. kafla.

Í 95.—100. gr. eru ýmis ákvæði, sem varða boðun skiptafunda, atkvæðisrétt og lögmæti fundanna. Um verkefni skiptafunda segir ekkert í þessum kafla. Þó að til þess sé ætlast, að verkefni fundanna verði hér eftir minni en verið hefur, hefur skiptafundur eftir sem áður ákvörðunarvald um meðferð búsins. Er það eðlilegt, þegar haft er í huga, að skiptin fara fram í þágu lánadrottna fyrst og fremst. Breytingin, sem að er stefnt, er gerð af hagkvæmnisástæðum, en ekki til að rýra hlut lánardrottnanna. Skv. frv. er skylt að halda skiptafundi um nokkur atriði. Skv. 86. gr. skal halda slíkan fund innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests. Þar skal skýra frá meðferð búsins og niðurstöðum könnunar á málefnum brotamanns og búsins. sbr. 87. gr. 5. mgr. og 107.—109. gr. Þar skal fjalla um ráðningu skiptastjóra, sbr. 89. gr., og um aðra skiptafundi til þess, ef þörf verður á. Í 91. gr. er sagt fyrir um kosningu kröfuhafanefndar á skiptafundi. Í 109. gr. er rætt um síðari fund vegna fram kominna mótmæla gegn lýstum kröfum. Í 110. gr. er ráðagerð um skiptafund vegna krafna, sem lýst er eftir lok innköllunarfrests. Skylt er að boða skiptafund til að fjalla um reikninga búsins og frumvarp að úthlutunargerð, sbr. 126. gr. og 127. gr. Í litlum búum er hugsanlegt, að betta sé gert á þeim fundi, sem skylt er að boða eftir 86. gr. Má þá e. t. v. komast af með einn skiptafund. Ella er nauðsynlegt að hafa a. m. k. tvo skiptafundi í þrotabúi, en þeir geta að sjálfsögðu orðið fleiri. Ef skiptafundur er ella boðaður að frumkvæði skiptaráðanda, skiptastjóra eða manns í kröfuhafanefnd, hefur fundurinn ákvörðunarvald eftir meginreglum 3. kafla skiptalaganna. Ef kröfuhafi vill eigi una meðferð á búinu og fær ekki boðaðan skiptafund eða fær ekki ákvörðun á slíkum fundi, sem er viðunandi að hans áliti, verður hann að una orðnum hlut, uns kemur að úthlutun. Þetta gildir þó ekki, ef hann telur ólöglega að farið. Þá getur hann krafist úrskurðar skiptaráðanda, sbr. 104. gr., og síðan, ef vill, kært hann eftir 2. tl. 21. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973. Fái hann ekki úrskurð, er honum heimilt að kæra þá réttarneitun eftir lokaákvæði þessarar greinar hæstaréttarlaga. Um málshöfðun einstakra kröfuhafa er mælt í 113. gr. þessa frv.

XV. KAFLI

Í 101.—104. gr. eru settar nokkrar reglur um meðferð búsins og til leiðbeiningar og öryggis. Í 101. gr. 4. mgr. segir, að dómsmálaráðherra geti sett reglugerð um varðveislu búa. Sjá og 90. gr. 1. mgr. Í 104. gr. er ákvæði, sem sker úr um það, að skiptaráðandi getur ógilt ákvarðanir, sem eru til tjóns fyrir búið eða eru ólöglegar.

XVI. KAFLI

Reglurnar í 105. og 106. gr. eru að mestu í samræmi við það sem nú gildir. Varðandi 107. gr. er vísað til 37. gr. skiptalaganna frá 1878. Í 1. mgr. 108. gr. er stefnt að því að vernda hagsmuni þrotamanns, sbr. og 82. gr. Í 2. mgr. segir, að krafa sem ljóst er, að ekkert komi upp í við úthlutun, komi ekki til álita. Mörg bú eru eignalaus eða næsta eignalítil, og þjónar engum tilgangi að kanna, e. t. v. með ærinni fyrirhöfn og kostnaði, réttmæti krafna í slík bú Ef hugsanlegt er, að eitthvað fáist upp í kröfu, verður að kanna hana. Um efni 109. gr. segir nú í 37. og 38. gr. skiptalaga. Nú er nægilegt að mótmæla kröfu innan 4 vikna eftir skiptafund, þar sem lögð er fram kröfuskrá og athugasemdir skiptaráðanda.

Í 110. gr. er heimild til að krafa megi komast að, þótt ekki sé henni lýst á tilskildum fresti. Nú gildir sú regla, að kröfu þarf að lýsa innan kröfulýsingarfrests, ef hún á að koma til greina við úthlutun úr búinu. Krafan fellur þó ekki niður. þótt eigi sé henni lýst, heldur má krefja þrotamann persónulega um greiðslu hennar. Oft skiptir rétturinn til þess litlu máli fyrir kröfuhafa. Er lagt til, að skiptaráðandi geti veitt heimild til að halda skiptafund, og þar má með auknum meirihluta leyfa, að krafan komist að. Reglan á að koma í veg fyrir þersýnilega ósanngjörn málalok, og verður skiptaráðandi að hafa þann tilgang í huga við skýringu á henni og einstakar ákvarðanir sínar.

XVII. KAFLI

Sú regla hefur lengi gilt, að skiptaréttur hefði lögsögu í málum gegn búinu, en um mál búsins gegnir öðrum færi eftir almennum reglum. Í kaflanum er að finna ýmsar reglur um mál af síðari flokkum. Um mál gegn búinu er mælt í 19. kafla.

Í 111. gr. segir, að venjulega sé sá, sem með búið fer, fyrirsvarsmaður þess, þegar það höfðar mál. Jafnframt er heimilað að semja um, að mál sé rekið fyrir skiptarétti, þótt það ætti að fara fyrir annan dómstól eftir almennum reglum. Þetta getur verið heppilegt, t. d. má vera, að skiptaráðandi sé kunnugur málsefni vegna afskipta sinna af búi og geti ráðið ágreiningi til lykta á styttri tíma en mál fyrir t. d bæjarþingi myndi taka.

Varðandi efni 112. gr. er þess að geta, að sú regla í 53. gr. 2. mgr. einkamálalaganna frá 1936 stenst ekki, að málskostnaðarkrafa stofnist í bú en mál falli niður, ef réttindi ganga ekki til búsins. Þrotamaður er áfram aðili máls, og hlýtur af því að leiða, að málskostnaður sé búinu óviðkomandi, nema málskostnaði fram að upphafi skipta sé lýst sem kröfu í búið eða því sé stefnt til greiðslu hans eftir 116. gr.

113. gr. gildir, hvort sem þrotamaður hefur höfðað mál fyrir skiptaupphaf eða ekki. Í greininni felst, að einstakur kröfuhafi getur farið í riftunarmál á eigin kostnað, þótt sá. sem fer með búið, telji að slíkt mál skuli ekki höfða, og þó að ekki hafi fengist samþykkt á skiptafundi um að hnekkja þessari ákvörðun. Málskostnað greiðir málshöfðandinn, en hann getur fengið endurgreiðslu úr búinu, ef í það renna eignir vegna dóms eða sáttar í málinu.

Eftir 114. gr. getur kröfuhafi höfðað mál sjálfur, ef hvorki búið né neinn af lánardrottnum gera það. Þetta mun sjaldan verða, ef að líkum lætur, en hugsanlegt er, að svo verði um mjög umdeilda kröfu. Greinin tekur ekki til mála út af kröfum. sem eru búinu óviðkomandi, t. d. miskabótakröfum, sbr. 116. gr.

115. og 116. gr. þarfnast ekki skýringa. Í 117. og 118. gr. er um það fjallað, að þrotamaður hafi verið varnaraðili í einkamáli fyrir gjaldþrotið. Gert er ráð fyrir,

að sóknaraðili ráði því, hvort hann heldur sér eftir sem áður að þrotamanni einum eða hvort hann beinir málinu að búinu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Slíkt getur þó aðeins orðið, ef réttindin ganga til búsins.

XVIII. KAFLI

Reglan í 1. mgr. 119. gr. er nú í upphafsákvæði 33. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Búast mætti við, að það kæmi fram við könnun búsins allt fram að skiptafundi þeim, sem fyrirmæli eru um í 86. gr. og sem halda skal innan 4 vikna eftir lok kröfulýsingarfrests, hvort búið á eignir umfram kostnað við skiptin. Eðlilegt sýnist, að beðið sé skiptafundarins og skiptum lokið á honum, því að hugsanlegt er, að einhver kröfuhafanna bendi á eignir, sem ekki var vitað um áður, eða veki athygli á, að hugsanlegt sé að höfða riftunarmál. Þess er þó að gæta, að fjölmargar kröfur um gjaldþrotaskipti hafa á undanförnum árum verið afgreiddar án þess að nokkur innköllun hafi verið gefin út. Hefur þá þótt ljóst frá upphafi, að um engar eignir var að ræða. Hér mun venjulega standa svo á, að krafan sé liður í innheimtuaðgerðum opinberra stofnana og þrotamaður ekki borgunarmaður fyrir sköttum sínum. Ekki þykir gerlegt að banna þessa aðferð með öllu, og því segir í 19. gr. 4. mgr., að auglýsing og innköllun sé ekki nauðsynleg, ef fram kemur strax, að ekki eru eignir umfram skuldir. Verður að skilja 119. gr. 4. mgr. þannig, að ljúka megi skiptum þegar í stað. Hitt er annað mál, að þessi aðferð er ekki æskileg.

Í frv. er það tekið fram, að sá, sem krefst gjaldþrotaskipta, beri ábyrgð á því að kostnaður við skiptin fáist borgaður. Um slíka ábyrgð er nú mælt í 33. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Hin nýju dönsku gjaldþrotaskiptalög mæla einnig fyrir um slíka ábyrgð. Lagt er til í frv., að þessi regla haldist. Í 21. gr. er gert ráð fyrir því, að sá, sem krefst gjaldþrotaskipta, þurfi jafnan að setja tryggingu fyrir kostnaði við skiptin. Er þess að vænta, að sú regla samfara þeirri reglu, að kröfuhafar beri ábyrgð á skiptakostnaði, verði til þess að aftra mönnum frá því að krefjast skipta á búum, þegar allar líkur benda til, að þau séu eignalaus.

Um 120. gr. er þess að geta, að í nauðasamningalögum nr. 19/1924 er byggt á því, að gjaldþrotameðferð ljúki, þegar nauðasamningar komast á, sbr. 22. gr. laga þessara. Síðari hluti tillögugr. svarar til 34. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga.

Í 121. gr. er nýmæli, sem á að stuðla að því, að kröfur séu greiddar sem fyrst, meðan á skiptum stendur. Nú er á því byggt í 35. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, að úthlutun fari fram í einu lagi við skiptalok. Í 122.—125. gr. eru ýmsar frekari reglur um greiðslur og skiptalok. Í 123. gr. er ákvæði, sem á sér hliðstæðu í 45. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Ákvæðin í 126. og 127. gr. varða skiptafund, en vert er að minna á, að hugsanlegt er, að þessi fundur falli saman við fund skv. 86. gr. Sjá nú 49. gr. skiptalaganna frá 1878.

Í 128. gr. er vikið að áfrýjunarfresti skiptagerðar, en ekki er lagt til, að hann breytist frá því, sem nú er. Fresturinn er 12 vikur skv. 96. gr. skiptalaganna, sbr. 20. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973. Að áfrýjun er einnig vikið í 49. gr. skiptalaganna.

129. gr. er nýmæli. Greinin er sett til hagræðis, en ekki til að skerða neina þá hagsmuni, sem máli skipta. Um 130. gr. er vísað til 45. gr. skiptalaganna. Um 131. gr. er vísað til 37. gr. sömu laga. í 132. gr. er 38. gr. sömu laga tekin upp óbreytt.

XIX. KAFLI

133. og 134. gr. eru í samræmi við núgildandi reglur. 135. gr., sem ekki þarfnast skýringa, er nýmæli. 136. gr. er sett, þar sem börf er á reglu um vanhæfi þeirra, sem gert er ráð fyrir, að mest sinni búskiptum. Þykir eðlilegast, að um þá gildi reglur sem líkastar þeim, sem gilda nú um vanhæfi dómara til meðferðar einstaks máls.

Eins og áður er fram komið, felst sú mikilvæga breyting í frv. þessu, að kostnað við búskiptin á að borga úr búinu. Ber að greiða þennan kostnað sem forgangskröfu skv. 82. gr. 2 í skiptalögunum sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Þetta gildir einnig um kostnað vegna starfa aðstoðarmanns skiptaráðanda, en að sjálfsögðu ekki um kostnað

við störf skiptaráðanda sjálfs eða um kostnað við rannsókn eftir 87. gr. 3. lið og 90. gr. 3. mgr.

137. gr. er í samræmi við það, sem nú gildir. Varðandi 138. gr. er þess sérstaklega að geta, að skiptalög nr. 3/1878 munu eftir sem áður gilda um gjaldþrotaskipti, eftir því sem við á, þótt frv. þetta verði lögtekið, sbr. athugasemdir við 14. kafla. Ekki þótti vera ástæða til að breyta tilskipun 21. júní 1793, sem varðar efni 3. gr. frv., og ekki heldur opnu bréfi 4. janúar 1861 um innkallanir í búum, sbr. 19. og 86. gr. frv. Hið sama er að segja um kansellíbréf 17. maí 1823, sem m. a. varðar gjaldþrot skuldunauta hins opinbera og tilkynningaskyldu skiptaráðanda, sbr. 86. gr. frv. Lögtaka frv. þessa raskar ekki gildi laga nr. 21/1934 um Norðurlandasamning um gjaldþrotaskipti. Breyta þarf nauðasamningalögum nr. 19/1924 og lögum nr. 19/1895 um stefnur til æðra dóms í skiptamálum, svo að samræmi verði milli þessara laga og frv.

Fylgiskjal.

KÖNNUN Á GJALDÞROTAÚRSKURÐUM 1960-1974.

1. Könnun þessi var gerð á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands, að frumkvæði Þórs Vilhjálmssonar þáverandi prófessors. Undirritaður vann að henni frá því í byrjun júní til loka ágúst sumarið 1975.

Markmiðið var að afla sem gleggstra upplýsinga um gjaldþrotaskipti á Íslandi á síðustu árum. Segja má, að könnunin hafi verið gerð vegna þeirrar endurskoðunar á gjaldþrotaskiptalöggjöfinni, er nú stendur yfir.

2. Könnunin var byggð á þeim gjaldþrotaúrskurðum, er kveðnir voru upp hér á landi á fimmtán ára tímabili, þ. e. á árunum 1960 til 1974, að báðum árum meðtöldum. Sá tími, sem til stefnu var, sneið verkinu þröngan stakk, en úrtakið er þó að dómi undirritaðs nægilega stórt, til að mark sé á því takandi.

Upplýsinganna var aflað með eftirfarandi hætti:

Undirritaður fór í fyrstu gegnum öll tölublöð Lögbirtingablaðsins frá því í ársbyrjun 1960 og allt til loka júlí 1975.

Skráðir voru í fyrsta lagi allir þeir gjaldþrotaúrskurðir frá fyrrgreindu fimmtán ára tímabili, þar sem innköllun í Lögbirtingablaði fylgdi á eftir. Úrskurðirnir voru skráðir í sérstakar frumbækur og tekið fram, hvaða aðili hefði verið úrskurðaður gjaldþrota, svo og hvenær og í hvaða umdæmi úrskurður hefði verið kveðinn upp. Þegar einstaklingar áttu í hlut, var ennfremur tiltekinn fæðingardagur og -ár og staða, kæmi slíkt fram í innköllun. Einstaka sinnum varð ekki séð á innköllun, hvenær úrskurður hefði verið kveðinn upp. Þegar þannig stóð á, var miðað við það, hvenær innköllun var gefin út.

Í öðru lagi voru skráðar lyktir skipta eftir auglýsingum um skiptalok, er birtar voru í Lögbirtingablaði. Tilgreindar voru allar þær upplýsingar, er fram komu í auglýsingum, þ. á m. með hverjum hætti skiptum hefði lokið, hvort eignir hefðu fundist og þá hve miklar, hve háum kröfum hefði verið lýst og — ef um það var að ræða — hve mikið hefði greiðst upp í þær.

Í þriðja lagi voru skráðir þeir skiptafundir, sem auglýstir voru í Lögbirtingablaði.

Þetta verk var all tímafrekt og tók u. þ. b. tvo mánuði. Að því loknu var samt ljóst, að frekari upplýsingar skorti, til þess að heildarmynd fengist af viðfangsefninu. Lágu til þess tvær ástæður:

Í fyrsta lagi vantaði ýmsar mikilsverðar upplýsingar í auglýsingar þær um skiptalok, er birtar voru í Lögbirtingablaði, auk þess sem mjög skorti á innbyrðis samræmi í auglýsingunum.

Í öðru lagi hefur svo á síðustu árum og í vaxandi mæli verið tekinn upp sá háttur, þegar um bú algjörlega eignalausra einstaklinga hefur verið að ræða, að ljúka skiptum án þess að gefa fyrst út innköllun. Þessari aðferð við að ljúka skiptum var framan af aðeins beitt í Reykjavík, en á allra síðustu árum hefur hún verið tekin upp í umdæmum í næsta nágrenni höfuðborgarinnar.

Í síðastnefndum tilvikum hafði því innköllun aldrei verið birt í Lögbirtingi, heldur einungis auglýsing um skiptalok. Upplýsingar um þrotabú, er tekin höfðu verið til skipta á þennan hátt án þess að skiptum væri lokið í júlí 1975, skortir því algerlega.

Undirritaður fór því á fund skiptaráðenda í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði til að afla þeirra upplýsinga, er á vantaði. Í sama skyni var hringt til nokkurra skiptaráðenda úti á landi. Hvarvetna tóku þeir, sem leitað var til, málaleitaninni vel. Aðeins í einu tilviki tókst ekki að hafa upp á þeim upplýsingum, er eftir var leitað.

3. Á grundvelli þessarar könnunar voru svo unnin tvö yfirlit. Annað tekur til allra gjaldþrotaúrskurðanna, en hitt aðeins til þeirra úrskurða, þar sem skiptum lauk með úthlutun til kröfuhafa úr viðkomandi búum.

Upp úr þessum yfirlitum voru loks gerðar þær töflur, sem fylgja þessari greinargerð.

Tafla 1

Gjaldþrotaúrskurðir, er kveðnir voru upp á árunum 1960—1974.

	Landið allt	Reykjavík	Utan Reykjavíkur
1960	28	22	6
1961	33	29	4
1962	31	28	3
1963	36	31	5
1964	66	57	9
1965	57	51	6
1966	79	68	11
1967	117	104	13
1968	157	129	28
1969	169	149	20
1970	132	111	21
1971	121	102	19
1972	75	66	9
1973	127	104	23
1974	90	69	21
Öll árin	1318	1120	198

Tafla 1: Í töflunni er að finna þá gjaldþrotaúrskurði, er kveðnir voru upp hér á landi á árunum 1960—1974. Undanskildir eru þó þeir úrskurðir, þar sem skipti voru felld niður að ósk kröfuhafa, án þess að auglýsing þess efnis hefði birst í Lögbirtingablaði fyrir júlílok 1975.

Tafla 2

Gjaldþrotaúrskurðir, er kveðnir voru upp á árunum 1960—1974 í lögsagnarumdæmum utan Reykjavíkur.

	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	Öll árin
Akranes	–	–	–	–	–	–	–	–	2	–	1	–	1	2	–	6
Mýra- og Borgarfj.s.	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	1	–	–	–	2
Snæfellsn.- og Hnappad.s.	–	1	–	–	–	–	2	–	1	–	1	–	–	–	–	5
Dalasýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Barðastrandarsýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	1	–	–	2
Ísafjarðarsýsla	1	–	–	–	–	–	–	–	1	1	1	–	–	–	–	4
Ísafjörður	–	–	1	–	–	–	–	1	2	1	–	–	–	–	–	5
Strandasýsla	1	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	–	–	2
Húnavatnssýsla	1	–	–	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	2
Skagafjarðarsýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	–	1
Sauðárkrókur	–	–	–	–	2	–	–	–	1	–	–	–	–	2	–	5
Siglufjörður	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	–	1
Ólafsfjörður	–	–	–	–	–	–	–	–	3	–	–	–	–	–	–	3
Eyjafjarðarsýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	–	1
Akureyri	–	1	–	1	2	2	–	1	1	1	–	–	–	1	–	10
Þingeyjarsýsla	–	–	–	–	–	–	–	1	1	–	–	–	1	1	–	4
Húsavík	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Norður-Múlasýsla	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	1	–	–	–	–	2
Seyðisfjörður	–	–	–	–	–	–	–	2	2	–	–	–	–	–	–	4
Suður-Múlasýsla	–	–	–	–	–	1	–	–	–	–	1	–	–	–	–	2
Neskaupstaður	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	2	1	–	1	5
Skaftafellssýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Rangárvallasýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	1	–	2
Árnessýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	2	1	–	–	–	–	3
Vestmannaeyjar	2	–	–	1	–	–	–	2	–	2	–	–	–	–	–	7
Keflavíkurflugvöllur	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Keflavík	–	–	–	–	1	–	1	–	–	1	–	–	–	–	1	4
Gullbringu- og Kjósars.	–	–	–	2	1	–	3	4	1	1	4	3	2	6	7[1])	34
Hafnarfjörður	1	2	–	1	2	2	1	2	4	3	3	8	3	7	9	48
Kópavogur	–	–	2	–	–	1	3	–	9	4	5	4	–	3	3	34

[1]) Gullbringusýsla 4; Kjósarsýsla 2; Seltjarnarnes 1.

Tafla 2: Í töflunni er að finna þá gjaldþrotaúrskurði, er kveðnir voru upp á árunum 1960—1974 í lögsagnarumdæmum utan Reykjavíkur. Lögsagnarumdæmi teljast í þessum skilningi þau umdæmi, er hafa sérstakan skiptaráðanda, án tillits til þess, hvort sami maður er skiptaráðandi í fleiri en einu umdæmi. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla telst þannig eitt lögsagnarumdæmi, en Húsavík og Þingeyjarsýsla tvö.

Þess ber að gæta, að úrskurður kann að hafa verið kveðinn upp í einu lögsagnarumdæmi, en skiptum verið fram haldið og lokið í öðru. Í slíku tilviki er úrskurðurinn aðeins talinn til fyrra umdæmisins.

Tafla 3

Skipting þrotabúa, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1974, eftir því, hverjir áttu hlut að máli.

	Einstaklingar			Hluta-félög	Samvinnu-félög	Sameignar-félög	Önnur félög	Dánar-bú
	Alls	Karlar	Konur					
1960	18	18	–	9	1	–	–	–
1961	17	15	2	13	2	1	–	–
1962	25	24	1	3	1	1	1	–
1963	24	23	1	12	–	–	–	–
1964	49	44	5	15	–	2	–	–
1965	30	27	3[1])	25	–	2	–	–
1966	64	59	5	14	–	1	–	–
1967	90	85	5	23	–	3	–	1
1968	114	102	12	38	2	3	–	–
1969	140	127	13	26	1	2	–	–
1970	95	88	7	35	1	1	–	–
1971	99	84	15[1])	19	1	2	–	–
1972	54	48	6	19	1	1	–	–
1973	109	97	12	18	–	–	–	–
1974	74	67	7	15	–	1	–	–
Öll árin	1002	908	94	284	10	20	1	1

[1]) Af þeim sat ein í óskiptu búi eftir eiginmann sinn.

Tafla 3: Í töflunni eru viðkomandi þrotabú flokkuð eftir því, hvort í hlut áttu einstaklingar eða félög o. s. frv.

Þess ber að gæta, að til sameignarfélaga í töflunni eru **aðeins** talin þau sameignarfélög, er úrskurðuð voru gjaldþrota án þess að eigendur þeirra væru jafnframt lýstir gjaldþrota.

Undir hugtakið „önnur félög“ féll aðeins eitt félag, er úrskurðað var gjaldþrota á athugunartímabilinu: Ungmennafélag Reykjavíkur.

Tafla 4

Skipting þrotabúa, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1970, eftir lyktum skipta.

	Skipti felld niður, vegna þess að kröfur voru greiddar eða afturkallaðar	Skiptum lokið, án þess að eignir kæmu fram	(þar af án þess að innköllun væri gefin út)	Skiptum lokið með úthlutun til kröfuhafa	Skiptum lokið með nauðasamningi	Skiptum ólokið
1960	–	16	(–)	10	–	2
1961	–	24	(–)	4	–	5
1962	2	22	(–)	5	–	2
1963	–	27	(–)	9	–	–
1964	–	51	(–)	11	–	4
1965	2	39	(–)	6	–	10
1966	4	52	(–)	15	–	8
1967	8	84	(1)	18	–	7
1968	8	112	(5)	20	1	16
1969	9	119	(38)	23	1	17
1970	6	89	(70)	17	1	19
1971	5	86	(70)	15	–	15
1972	–	50	(43)	4	–	21
1973	4	76	(68)	2	–	45
1974	6	50	(40)	–	–	34
Öll árin	54	897	(335)	159	3	205

Skipti felld niður eða lokið — alls: 1113.

Tafla 4: Í töflunni eru viðkomandi þrotabú flokkuð eftir lyktum skipta, þ. e. hvort skiptum hafi verið lokið og þá hvernig.

Í fyrsta dálki er að finna bú, þar sem skipti voru felld niður að ósk kröfuhafa, vegna þess að þeir höfðu fengið kröfur sínar greiddar að einhverju leyti eða öllu eða hugsanlega gefið þær eftir.

Í öðrum dálki er að finna bú, þar sem skiptum var lokið, án þes að nokkrar eignir kæmu fram. Innan sviga í öðrum dálki er að finna bú, þar sem skiptum var lokið, án þess að eignir kæmu fram og án þess að innköllun væri gefin út.

Í þriðja dálki er að finna bú, þar sem skiptum var lokið með úthlutun eigna til kröfuhafa. Hafi eignir aðeins runnið til greiðslu skiptakostnaðar og skiptagjalds, án þess að kröfuhafar hafi fengið nokkuð í sinn hlut, er búið að finna í öðrum dálki.

Í fimmta dálki er loks að finna þau bú, er tekin voru til gjaldþrotaskipta á árunum 1960—1974, en virtust enn vera undir skiptum á miðju ári 1975.

Tafla 5

Skipting þrotabúa, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1974 og lauk, án þess að eignir kæmu fram, eftir fjárhæð lýstra krafna miðað við verðlag ársins 1974. (Aðeins er um að ræða bú, þar sem innköllun var gefin út.)

	Undir 100 þús. kr.	100 þús. – 1 millj. kr.	Yfir 1 millj. kr.	Óupplýst	Alls	Vísitala vöru og þjónustu[1])
1960	4	9	3	–	16	13,24
1961	4	13	7	–	24	14,79
1962	1	16	5	–	22	16,56
1963	4	17	6	–	27	18,61
1964	9	31	11	–	51	22,26
1965	5	26	8	–	39	23,92
1966	7	34	9	2	52	26,98
1967	7	53	23	–	83	27,87
1968	18	61	28	–	107	32,38
1969	14	48	18	1	81	40,18
1970	4	9	5	1	19	45,92
1971	2	11	3	–	16	49,29
1972	1	6	–	–	7	56,41
1973	2	2	1	3	8	70,34
1974	2	5	1	2	10	100,00
Öll árin	84	341	128	9	562	

[1]) Ársmeðaltöl 1960–1974, — 1974 er 100.

Tafla 5: Fyrirsögn töflunnar gefur til kynna, hvað í henni er að finna. Við umreikning til verðlags ársins 1974 var stuðst við vísitölu vöru og þjónustu, sem Hagstofa Íslands reiknar jafnan út. Tafla, sem sýnir þessa tegund vísitölu með vísitölu ársins 1974 sem grunntölu, fylgir þessari töflu.

Tafla 6

Skipting þrotabúa, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1974 og lauk með úthlutun til kröfuhafa — þannig, að forgangskröfur, ef þær komu fram, greiddust að fullu — eftir því, hve hár hundraðshluti greiddist upp í almennar kröfur.

	Alls ekkert	Undir 25%	25–50%	50–75%	Yfir 75%	Alls
1960	1	4	–	–	–	5
1961	–	1	1	–	1	3
1962	3	–	–	–	1	4
1963	–	2	1	–	–	3
1964	1	4	–	–	–	5
1965	–	1	–	1	1	3
1966	–	1	1	–	–	2
1967	–	3	1	–	–	4
1968	–	1	–	–	–	1
1969	2	2	–	–	–	4
1970	–	1	1	–	–	2
1971	–	–	1	–	–	1
1972	–	–	–	–	–	–
1973	–	–	–	–	–	–
1974	–	–	–	–	–	–
Öll árin	7	20	6	1	3	37

Tafla 6 og **tafla 7**: Fyrirsagnir taflanna gefa til kynna, hvað í þeim er að finna. Forgangskröfur teljast í þessum skilningi þær kröfur, sem greiðast að fullu, áður en almennir kröfuhafar fá nokkuð í sinn hlut.

Tafla 7

Skipting þrotabúa, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1974 og lauk með úthlutun til kröfuhafa — þannig, að forgangskröfur greiddust aðeins að hluta — eftir því, hve hár hundraðshluti greiddist upp í forgangskröfur.

	Undir 25%	25–50%	50–75%	Yfir 75%	Alls
1960	–	3	2	–	5
1961	–	–	–	1	1
1962[1])	–	–	–	–	–
1963	2	2	1	1	6
1964	–	6	–	–	6
1965	1	1	1	–	3
1966	5	4	1	3	13
1967	7	5	1	1	14
1968	7	6	5	1	19
1969	13	4	2	–	19
1970	11	3	–	1	15
1971	6	2	3	3	14
1972	2	1	–	1	4
1973	1	1	–	–	2
1974	–	–	–	–	–
Öll árin	55	38	16	12	121

[1]) Nákvæmar upplýsingar um eitt þeirra þrotabúa, er tekin voru til skipta á árinu 1962 og lauk með úthlutun til kröfuhafa, liggja ekki fyrir.

Tafla 8

Skipting þrotabúa, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1974 og lauk með úthlutun til kröfuhafa, eftir því, hve langur tími leið frá því gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp og þar til skiptum lauk með formlegum hætti.

	1 ár eða styttri tími	1–3 ár	3–5 ár	5 ár eða lengri tími	Alls
1960	7	2	1	–	10
1961	2	1	1	–	4
1962	2	2	–	1	5
1963	4	3	2	–	9
1964	6	1	3	1	11
1965	–	2	1	3	6
1966	1	6	3	5	15
1967	3	9	4	2	18
1968	–	11	6	3	20
1969	1	15	7	–	23
1970	3	8	5	1	17
1971	1	11	3	–	15
1972	–	4	–	–	4
1973	–	2	–	–	2
1974	–	–	–	–	–
Öll árin	30	77	36	16	159

Tafla 9

Yfirlit yfir þrotabú, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1974 og lauk með úthlutun til kröfuhafa.

Úrskurðir frá árinu 1960:

Nr.	Aðili	Umdæmi	Eignir	Lýstar kröfur (þar af forg. kröfur)		Upp í forg. kröfur	Upp í alm. kröfur
1.	E-ka	Vm	44.137	373.808	(7.532)	100 %	9,99%
2.	HF	Vm	88.403	406.484	(37.524)	100 %	13,79%
3.	E-ka	R	24.097	221.449	(83.363)	28,90%	—
4.	E-ka	R	28.034	310.463	(43.745)	64,08%	—
5.	HF	Ísfs				100 %	10,51%
6.	HF	R	20.571	196.164	(41.969)	49,33%	—
7.	E-ka	HF	14.909.871	36.212.045	(21.098.789)	70,66%	—
8.	E-ka	R	44.503	426.534	(8.965)	100 %	8,51%
9.	E-ka	R	2.213	87.552	(2.213)	100 %	0,00%
10.	E-ka	R	2.911	96.467	(11.128)	26,16%	—
Úrskurðir frá árinu 1961:							
1.	E-ko	Ak	84.663	186.634	(13.125)	100 %	41,23%
2.	SVF	SnHn	289.883	347.788	(82.493)	100 %	78,17%
3.	E-ko	R	35.278	162.077	(10.065)	100 %	16,58%
4.	HF	R	15.717	287.238	(18.255)	86,10%	—
Úrskurðir frá árinu 1962:							
1.	Fél.	R	797.216	912.980	(797.216)	100 %	1,00%
2.	HF	Ísf		13.261.667			
3.	E-ka	Kópv	2.500	162.000	(2.500)	100 %	0,00%
4.	E-ka	R	283.587	970.501	(283.587)	100 %	0,00%
5.	E-ka	R	11.507	13.311	(2.502)	100 %	83,31%
Úrskurðir frá árinu 1963:							
1.	E-ka	Hf	187.034	1.315.141	(157.365)	100 %	2,56%
2.	E-ka	GuKj	77.855	716.184	(51.279)	100 %	4,00%
3.	HF	GuKj	464.896	1.359.459	(11.234)	100 %	33,64%
4.	E-ko	R	12.445	356.689	(22.384)	55,60%	—
5.	HF	Ak	856.027	5.003.024	(908.334)	93,41%	—
6.	E-ka	Vm	61.916	389.631	(127.876)	48,41%	—
7.	HF	R	23.813	827.893	(60.938)	39,07%	—
8.	HF	R	3.344	98.946	(26.879)	12,44%	—
9.	E-ka	R	3.976	410.415	(237.675)	1,67%	—
Úrskurðir frá árinu 1964:							
1.	HF	Skr	287.706	6.478.758	(287.706)	100 %	0,00%
2.	HF	R	141.754	854.118	(105.789)	100 %	4,81%
3.	HF	GuKj	148.273	1.473.597	(316.778)	46.80%	—
4.	HF	R	1.240.447	3.261.892	(965.228)	100 %	11,98%
5.	E-ka	R	144.949	1.487.231	(469.411)	30,87%	—
6.	E-ko	Hf	103.855	954.564	(60.072)	100 %	4,89%
7.	E-ko	Hf	75.500	456.245	(186.002)	40,59%	—
8.	E-ka	R	329.500	8.218.675	(764.460)	43,10%	—
9.	E-ka	R	78.466	597.436	(56.436)	100 %	4,07%
10.	E-ka	R	107.368	1.564.114	(239.101)	44,90%	—
11.	E-ka	R	57.007	727.842	(116.043)	49,13%	—

Úrskurðir frá árinu 1965:

1. HF	Hf	919.257	1.187.025	(103.855)	100 %	75,28%
2. E-ko	R	876.433	13.647.718	(319.517)	100 %	4,18%
3. E-ka	Kópv	22.364	112.625	(50.544)	36,03%	—
4. HF	R	401.685	4.669.846	(764.899)	52,51%	—
5. E-ka	R	18.443	921.871	(487.651)	3,78%	—
6. E-ka	R	100.411	163.948	(—)	—	61,25%

Úrskurðir frá árinu 1966:

1. E-ka	R	292.360	6.158.373	(98.220)	100 %	3,20%
2. E-ka	GuKj	350.965	887.970	(45.742)	100 %	36 24%
3. E-ka	SnHn	164.322	1.837.292	(213.796)	76,85%	—
4. HF	GuKj	415.798	2.492.198	(1.628.053)	25,53%	—
5. HF	R	74.376	389.734	(278.836)	26,67%	—
6. HF	NMúl	187.015	7.913.658	(1.224.026)	15,28%	—
7. E-ka	Kópv	59.937	801.937	(75.417)	32,39%	—
8. HF	R	4.576	126.508	(126.508)	3,61%	—
9. HF	R	7.073	232.753	(183.845)	3,85%	—
10. SF	R	1.382	202.602	(152.261)	0,90%	—
11. E-ka	Kópv	639.378	3.099.282	(1.077.414)	64,35%	—
12. HF	SnHn	772.073	1.669.801	(1.594.732)	48,41%	—
13. HF	Kópv	2.748.902	14.061.024	(3.054.206)	90,00%	—
14. E-ka	R	20.616	70.060	(23.835)	86,50%	—
15. HF	R	30.440	212.708	(147.307)	20,66%	—

Úrskurðir frá árinu 1967:

1. HF	Ak	168.872	1.656.943	(649.756)	25,99%	—
2. HF	Hf	48.276	174.472	(153.086)	31,54%	—
3. HF	GuKj	14.715	53.552	(53.552)	27,47%	—
4. HF	Hf	88.656	2.533.507	(850.891)	10,41%	—
5. E-ka	Vm	98.596	1.235.681	(481.545)	23,56%	—
6. E-ka	GuKj	82.618	217.721	(—)	—	37,95%
7. HF	R	67.112	3.325.056	(1.185.284)	5,67%	—
8. HF	R	3.464	534.353	(71.447)	4,85%	—
9. E-ka	R	22.501	213.965	(26.122)	86,14%	—
10. E-ka	R	130.725	491.082	(211.671)	61,75%	—
11. E-ka	Seyð	1.007.803	6.095.842	(525.787)	100 %	8,65%
12. E-ka	Seyð	1.007.803	6.095.842	(525.787)	100 %	8,65%
13. HF	R	4.741	97.632	(94.999)	4,99%	—
14. HF	R	3.623.607	9.148.838	(2.865.717)	100 %	12,06%
15. HF	R	37.666	174.362	(87.024)	43,28%	—
16. HF	R	12.947	4.093.423	(786.370)	1,65%	—
17. E-ka	R	554	99.847	(40.042)	2,37%	—
18. HF	R	560.978	2.739.036	(1.147.641)	48,88%	—

Úrskurðir frá árinu 1968:

1.	E-ka	R	25.160	733.049	(564.129)	4,64%	—
2.	HF	R	302.567	2.413.428	(1.282.859)	23,58%	—
3.	SF	Þing	330.038	1.473.047	(1.389.614)	23,75%	—
4.	E-ka	Kópv	371.885	1.851.613	(675.970)	55,01%	—
5.	HF	R	237.171	1.992.474	(268.248)	88,41%	—
6.	HF	Akn	2.489.323	10.839.427	(7.101.495)	35,05%	—
7.	HF	R	464.941	21.790.961	(1.545.188)	30,09%	—
8.	HF	R	244.348	3.208.210	(928.511)	26,32%	—
9.	HF	R	323.971	1.348.551	(496.497)	65.25%	—
10.	HF	Ísfs				100 %	8,38%
11.	E-ka	Kópv	82.029	649.587	(214.788)	38.19%	—
12.	HF	Seyð	1.575.958	5.649.191	(2.788.256)	56,52%	—
13.	E-ka	R	150.675	784.470	(250.007)	60,27%	—
14.	SF	Akn	22.078	211.911	(188.070)	11,74%	—
15.	E-ka	R	18.955	988.509	(923.613)	2,53%	—
16.	E-ka	R	4.640	4.684.509	(831.497)	0,56%	—
17.	HF	Ísf	134.309	617.852	(329.978)	40,70%	—
18.	E-ka	Kópv	9.131	230.472	(172.892)	5,28%	—
19.	HF	R	443.177	8.175.274	(1.188.565)	37,28%	—
20.	HF	Hf	1.554.251	4.609.795	(2.404.791)	64,63%	—

Úrskurðir frá árinu 1969:

1.	E-ka	R	36.330	472.086	(313.555)	11,59%	—
2.	HF	R	206.377	1.885.215	(334.338)	61,73%	—
3.	E-ko	R	4.387	62.755	(—)	—	6,99%
4.	E-ka	R	11.970	238.624	(100.122)	12.02%	—
5.	E-ka	R	22.846	1.479.381	(581.702)	3,93%	—
6.	HF	Hf	10.447	195.297	(19.520)	53,51%	—
7.	HF	Str	1.198.504	14.689.568	(1.198.504)	100 %	0,00%
8.	HF	R	86.238	1.797.650	(1.283.541)	6,72%	—
9.	E-ka	R	88.941	1.782.885	(768.808)	11,57%	—
10.	SVF	MýBo	4.789.055	18.112.292	(4.789.055)	100 %	0,00%
11.	E-ka	Kópv	32.884	611.027	(217.062)	15,14%	—
12.	E-ka	R	26.132	106.154	(57.454)	45,48%	—
13.	E-ka	Rang	92.271	2.417.303	(611.320)	15,09%	—
14.	E-ka	Kópv	2.954	347.982	(344.090)	0,85%	—
15.	E-ka	R	16.078	452.657	(405.710)	3,96%	—
16.	E-ka	R	183.680	1.721.188	(623.863)	29,44%	—
17.	E-ka	Vm	130.292	671.836	(367.764)	35,43%	—
18.	E-ka	Vm	130.292	671.836	(367.764)	35,43%	—
19.	HF	Ísfs				100 %	5,58%
20.	HF	R	2.577	861.198	(811.132)	0,32%	—
21.	HF	R	5.218	2.432.117	(932.331)	0,64%	—
22.	E-ka	R	5.362	182.373	(91.013)	5,89%	—
23.	E-ka	R	1.157	18.742	(9.142)	12,66%	—

Úrskurðir frá árinu 1970:

1.	HF	Eyf	31.280	9.541.590	(23.000)	100 %	0,87%
2.	HF	R	34.633	1.681.876	(569.822)	6,08%	—
3.	E-ka	R	121.428	555.462	(133.509)	90,95%	—
4.	E-ka	R	30.846	442.353	(393.833)	7,83%	—
5.	HF	R	325.718	1.297.974	(1.026.873)	31,72%	—
6.	E-ka	R	40.025	523.317	(523.317)	7,64%	—
7.	HF	SnHn	38.589	385.370	(310.301)	12,44%	—
8.	R-ka	GuKj	12.243	726.513	(182.024)	6,72%	—
9.	HF	R	2.506	325.244	(325.244)	0,70%	—
10.	E-ka	Kópv	6.356	169.003	(48.869)	13,00%	—
11.	HF	R	37.419	162.660	(158.737)	23,57%	—
12.	SVF	Sigl	9.156.793	22.003.704	(3.134.710)	100 %	31,33%
13.	HF	Hf	115.424	1.284.850	(360.526)	32,01%	—
14.	E-ka	Kópv	2.187.278	7.931.690	(4.533.505)	48,24%	—
15.	E-ka	R	5.937	240.364	(140.337)	4,23%	—
16.	E-ka	R	6.207	171.545	(57.424)	10,81%	—
17.	HF	R	11.110	160.250	(160.250)	6,93%	—

Úrskurðir frá árinu 1971:

1. E-ko	Kópv	12.033	37.189	(—)	—	32,36%
2. E-ka	MýBo	2.514.714	7.496.845	(2.899.229)	85,94%	—
3. E-ka	R	56.422	14.058.528	(797.886)	7,07%	—
4. HF	R	72.623	144.457	(144.457)	50,27%	—
5. E-ka	Kópv	612.355	3.100.901	(788.133)	78,69%	—
6. E-ko	Nesk	170.355	388.289	(291.305)	58,48%	—
7. E-ko	GuKj	85.998	1.488.070	(115.998)	74,13%	—
8. HF	GuKj	13.113	2.491.541	(944.628)	1,38%	—
9. E-ka	R	85.229	1.869.988	(310.280)	27,47%	—
10. HF	R	158.608	459.421	(411.195)	38,67%	—
11. HF	R	7.374	208.907	(202.790)	3,64%	—
12. E-ka	R	775.496	1.946.614	(916.060)	84,65%	—
13. E-ka	R	18.419	463.517	(107.717)	17,10%	—
14. E-ka	R	17.965	944.156	(513.591)	3,50%	—
15. E-ka	R	1.630	65.531	(13.473)	12,09%	—

Úrskurðir frá árinu 1972:

1. HF	R	2.648.236	22.298.042	(3.511.095)	75,42%	—
2. E-ko	R	16.313	241.650	(64.816)	25,17%	—
3. HF	R	2.270	341.824	(199.956)	1,13%	—
4. E-ka	R	5.910	634.944	(632.524)	0,93%	—

Úrskurðir frá árinu 1973:

1. E-ka	R	13.940	294.458	(153.586)	9,07%	—
2. E-ka	R	55.612	811.028	(220.375)	25,23%	—

Tafla 9: Í töflunni er að finna öll þau þrotabú, er tekin voru til skipta á árunum 1960—1974 og lauk með úthlutun eigna til kröfuhafa.

Í öðrum dálki er tiltekið, hver í hlut átti (E-ka: Einstaklingur (karl). E-ko Einstaklingur (kona). HF: Hlutafélag. SVF: Samvinnufélag SF: Sameignarfélag. Fél. Félag.)

Í þriðja dálki er tilgreint hlutaðeigandi umdæmi. (R: Reykjavík. Akn: Akranes. MýBo: Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. SnHn: Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Ísfs: Ísafjarðarsýsla. Ísf: Ísafjörður. Str: Strandasýsla. Skr: Sauðárkrókur. Sigl: Siglufjörður. Eyf: Eyjafjarðarsýsla. A: Akureyri. Þing: Þingeyjarsýsla. NMúl: Norður-Múlasýsla. Seyð: Seyðisfjörður. Nesk: Neskaupstaður. Rang: Rangárvallasýsla. Vm: Vestmannaeyjar. GuKj: Gullbringu- og Kjósarsýsla. Hf: Hafnarfjörður. Kópv: Kópavogur.)

Í fjórða dálki eru tilgreindar eignir viðkomandi þrotabúa (að jafnaði að frádregnum skiptakostnaði og skiptagjaldi).

Í fimmta dálki eru tilgreindar lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú (að frádregnum kröfum um skiptakostnað og skiptagjald), þ. e. þær kröfur, sem lýst var fyrir lok innköllunarfrests og teknar voru gildar. Innan sviga í fimmta dálki eru tilgreindar lýstar forgangskröfur í viðkomandi bú.

Þess er áður getið, að mjög hafi skort á innbyrðis samræmi í auglýsingum þeim um skiptalok, er birtar voru í Lögbirtingablaði. Því er viðbúið, að í nokkrum tilvikum sé skiptakostnaður og skiptagjald eða kröfur þess efnis innifaldar í tölum þeim, sem tilgreindar eru í fjórða og fimmta dálki. M. a. s. er hugsanlegt, að kröfur, sem ekki voru teknar gildar, séu innifaldar í tölum þeim, sem tilgreindar eru í fimmta dálki. Þetta misræmi á þó ekki að skipta verulegu máli að því er varðar niðurstöður.

Eins og sést á töflunni, tókst ekki að afla allra þeirra upplýsinga, er eftir var leitað, hjá embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði.

4. Að lokum er rétt að fara fáum orðum um niðurstöður könnunarinnar:

Niðurstöðurnar leiða fyrst og fremst í ljós, að hlutfallslega eru kveðnir upp óvenju margir gjaldþrotaúrskurðir á Íslandi, sé mið tekið af öðrum Norðurlöndum. Úrskurðirnir eru óvenju margir í Reykjavík og í umdæmum í nágrenni höfuðborgarinnar, en tiltölulega mun færri í umdæmum úti á landi, einkum í sveitahéruðum.

Á sama hátt lýkur óvenju mörgum gjaldþrotaskiptum þannig, að engar eignir koma fram. Þess konar lyktir skipta nema 80,59% af öllum þeim skiptalokum, er könnunin náði til.

Í þeim fáum tilvikum, er eignir koma fram, fá almennir kröfuhafar yfirleitt ekkert í sinn hlut — eða í 30 skiptum af 158. Líkur á því, að eitthvað fáist greitt upp í almenna kröfu við gjaldþrotaskipti eru tæplega 3%. Og virðist sú tala fara lækkandi með árunum.

Það vekur nokkra athygli, að gjaldþrotaskiptum er nær aldrei lokið með gerð nauðasamnings milli þrotamanns og kröfuhafa. Og ekki er sú staðreynd síður athyglisverð, að skiptameðferð virðist oft taka langan tíma, t. d. var skiptum á 58 búum, er tekin voru til gjaldþrotameðferðar á árunum 1965—1969, ólokið í júlí 1975, sé mark takandi á auglýsingum í Lögbirtingablaði. Skv. 37. gr. laga nr. 25/1929 er skylt að birta auglýsingu um skiptalok í blaðinu.

Þá tíðkast, að bú sameignarfélaga séu tekin til gjaldþrotaskipta án þess að eigendur þeirra, sem bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félaganna, séu jafnframt úrskurðaðir gjaldþrota. Og algengt er, að skiptum sé lokið án þess að innköllun til lánardrottna sé nokkru sinni gefin út. Skv. 6. gr. l. 25/1929 á skiptaráðandi þó tafarlaust að auglýsa gjaldþrotaskipti í Lögbirtingablaði og gefa jafnframt út innköllun til lánardrottna.

Fleiri atriði mætti tína til, en hér verður látið staðar numið. Niðurstöðurnar voru kynntar í heild á fundi, sem haldinn var þann 28. ágúst 1975 að frumkvæði Lagastofnunar. Fundinn sátu fulltrúar frá flestum þeim aðilum, er um gjaldþrotamál fjalla, þ. á m. skiptaráðendur í Reykjavík og nágrenni. Á fundinum var skipst á skoðunum og komu í þeim umræðum fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar og hugmyndir um það, sem betur mætti fara í þessum efnum.

Ljóst er, að brýn þörf er á að endurskoða gjaldþrotaskiptalöggjöfina og færa hana í nútímalegra horf. Vonandi er, að könnun sú á gjaldþrotaúrskurðum á fimmtán ára tímabili, sem að framan er gerð grein fyrir, geti orðið að gagni við þá endurskoðun.

Eiríkur Tómasson.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um samræmt framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir samstarfi sveitarstjórna á Norðurlandi vestra um stofnun framhaldsskóla með fjölbrautasniði. Skólastarfið fari fram á nokkrum stöðum í fræðsluumdæminu og verði byggt upp sem ein heild með náinni samvinnu og verkaskiptingu milli skólastaða. Stefnt skal að því, að sem flestar námsbrautir framhaldsskólastigsins, sem annars staðar er að finna í menntaskólum, iðnskólum, vélskóla, tónlistarskólum eða öðrum sérskólum, verði stundaðar á a. m. k. einum þessara skólastaða.

Samræmt fjölbrautanám á Norðurlandi vestra með eðlilegri verkaskiptingu milli skólastaða miðist við eftirtalin meginsvið:

I. Á tveimur skólastöðum sé starfrækt **bóknámsbraut**, á öðrum til tveggja ára og á hinum til fjögurra ára, er samsvari menntun til stúdentsprófs, og skiptist í nokkrar námsbrautir, eftir því sem aðstæður leyfa, t. d. tungumáladeild, raungreina- og náttúrufræðideild.

II. **Iðn- og tæknibraut** skiptist milli skólastaða, eftir því sem hagkvæmast þykir, t. d. þannig að sjómennska, matvælatækni, vélstjóranám og annað það iðn- og tækninám, sem tengdast er siglfirsku atvinnulífi, hafi aðsetur þar, en flestir aðrir þættir iðnfræðslunnar verði á Sauðárkróki, eins og þegar hefur verið ákveðið.

III. Á einum skólastaðnum verði **viðskipta- og verslunarbraut** sem samsvari fjögurra ára námi, en á öðrum verði um að ræða tveggja ára nám.

IV. Á einum skólastaðnum verði **uppeldisbraut**, þriggja eða fjögurra ára nám, og á öðrum **heilbrigðisbraut**, fjögurra ára nám.

V. Á öllum skólastöðunum geti nemendur stundað bóknámsþætti **námsbrauta í heimilisfræðum, hússtjórn og búfræði**, en að öðru leyti fari námið fram í búnaðar- og hússtjórnarskólum að Hólum í Hjaltadal, Löngumýri og á Blönduósi. Skal við það miðað, að þessar námsbrautir verði ekki lengur sem einangraðar blindgötur í skólakerfinu, heldur verði séð til þess, að nemendur geti haldið námi áfram á framhaldsskólastiginu að þessum áfanga loknum.

VI. **Námsbrautir á sviði lista** skiptist milli skólastaðanna, eftir því sem aðstæður leyfa, og kemur þar einkum til greina tónmennt, myndlist og önnur handmennt.

Vegna fámennis og margbreytileika námsins verði skólastarfið skipulagt í áfangakerfi, sem sameini námshópa úr ýmsum námsbrautum án tillits til hefðbundinnar bekkjaskiptingar og geri framkvæmanlegt að fá sérmenntaða kennara til að fara milli skólanna og standa fyrir námskeiðum.

Skólaráð skal fara með stjórn fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra í samvinnu við skólastjóra og undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Skólaráð skal skipað eftir tilnefningu fræðsluráðsins á Norðurlandi vestra. Jafnframt skulu nemendur árlega tilnefna fulltrúa í skólaráð.

Ríkisstjórnin skal leggja fram frumvarp um fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra. Um greiðslu kostnaðar skal fylgt þeim ákvæðum, sem gilda um stofnun og rekstur menntaskóla, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Greinargerð.

Í tillögu þessari, sem flutt hefur verið þrisvar áður hér á Alþingi, í fyrsta sinn vorið 1975, felst veruleg breyting frá fyrra skipulagi á framhaldsskólafræðslu í anda þeirrar stefnu, sem kennd hefur verið við fjölbrautanám. Fordæmi er fengið með lögunum um fjölbrautaskóla, sem fyrst og fremst eru miðuð við stofnun tilraunaskóla í Reykjavík. Hins vegar hefur þessi nýja skipan skólamála ekki enn verið útfærð á landsmælikvarða.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum í nokkur ár flutt hér á Alþingi tillögu til þingsályktunar um skólaskipan á framhaldsskólastigi, þar sem ríkisstjórninni er falið að undirbúa frumvarp, er leggi grundvöll að samræmdum framhaldsskóla. Á s. l. vori var flutt stjórnarfrumvarp um nýskipan framhaldsskólamenntunar í landinu. Er þar gert ráð fyrir stofnun fjölbrautaskóla víðs vegar um land, þ. á m. á Norðurlandi vestra, með nokkuð svipuðu sniði og lagt hefur verið til í þessari tillögu. Frumvarpið var ekki afgreitt og er nú til endurskoðunar. Frumvarpið er einnig aðeins vísir að rammalöggjöf, en beinar ákvarðanir um skólaskipan í hverju kjördæmi fylgja þar ekki með.

Ástæðan til þess, að ég flyt hér sérstaka tillögu um skólamál á Norðurlandi vestra, eru þessar:

Ég vil minna á, að enda þótt enn sé ekki unnt að stunda nám, er leiði til stúdentsprófs, á Norðurlandi vestra, er full ástæða til þess að svo verði í fram-

tíðinni. Ég vil vekja athygli skólayfirvalda og heimamanna á nauðsyn þess, að unnið sé að þessu markmiði á skipulegan hátt og með samvinnu allra sveitarfélaga í kjördæminu. Ég tel sérstaka þörf á slíkum vinnubrögðum þar sem Norðurland vestra á í hlut, því að í engu öðru kjördæmi landsins er uppbyggingarstarf fræðslumála á framhaldsskólastigi jafnskammt á veg komið. Ég tel, að skólastarf á framhaldsskólastigi eigi að færast heim í héruðin í miklu ríkara mæli en nú er, og fyrir Norðurland vestra, þar sem hvort eð er þarf að byrja svo að segja frá grunni, liggur beinast við, að ekki verði um að ræða menntaskólanám með hefðbundnu sniði, heldur verði nú stefnt að alhliða fjölbrautanámi, sem skipulagt verði á svæðinu öllu sem einni heild.

Ef til vill spyr einhver, hvort Norðurland vestra sé ekki of fámennt til að standa undir menntaskólanámi — hvað þá enn margbreytilegra námi fjölbrautaskólans. Því er til að svara, að aldursárgangar barna á Norðurlandi vestra eru svipaðir að stærð og á Vestfjörðum og Austurlandi, en í báðum þessum kjördæmum verða menntaskólar starfandi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Með því hefur Alþingi viðurkennt í reynd, að sífelld samþjöppun framhaldsnáms á höfuðborgarsvæðinu sé óæskileg og í þess stað verði að byggja upp menntunaraðstöðu á framhaldsskólastigi í öllum kjördæmum landsins.

Óneitanlega fylgir því nokkur sparnaður að hafa skólana mjög fáa og að sama skapi stóra. En þar á móti kemur, að þá þarf að byggja þeim mun fleiri heimavistir, sem eru mjög dýrar bæði í stofnkostnaði og rekstri. Uppeldisfræðilegir og félagslegir ókostir þess að safna saman mestöllu framhaldsskólanámi á örfáa staði á landinu eru augljósir. Frá sjónarmiði byggðastefnu er einnitt mjög mikilvægt að reyna að halda unga fólkinu sem lengst í grennd við heimahéruð, því að reynslan sýnir, að því yngri sem unglingar neyðast til að hverfa að heiman til náms í öðrum landshlutum, þeim mun meiri eru líkurnar á því, að þeir aðlagist endanlega nýju umhverfi og slitni úr tengslum við heimabyggð sína.

Að sjálfsögðu eru ákveðin takmörk fyrir því, hve mikið má dreifa skólastarfinu. Skólastaðir mega ekki verða fleiri en svo, að unnt sé að byggja upp nægilega stórar skólaeiningar. **Í tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að miðstöðvar fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra verði á fleiri en einum stað, m. a. í þeim tilgangi að viðhalda tengslum nemenda við heimaslóðir eins lengi og unnt er, með því að gera sem flestum nemendum fært að sækja framhaldsskóla, gangandi eða akandi að heiman. Er hugsanlegt að aðalskólastaðir gætu orðið fjórir, en afmarkaðir þættir skólastarfsins færu jafnframt fram í nokkrum öðrum skólum. Helstu skólastaðir, sem einkum koma til greina, m. a. með hliðsjón af staðháttum, eru Siglufjörður, Sauðárkrókur, Blönduós og Reykir í Hrútafirði.**

Með verkaskiptingu og góðri skipulagningu virðist fullkomlega raunhæft að skipta námi 500—600 nemenda væntanlegs fjölbrautaskóla á þrjá eða fjóra aðalskólastaði, en auk þess yrðu 50—60 við verklegt nám í bænda- eða húsmæðraskólum. Í tillögunni er þó á það minnt, að því aðeins er þessi dreifing á marga skólastaði möguleg, að kennslan verði ekki bundin í viðjar hefðbundinnar bekkjaskiptingar, heldur verði námstilhögun eins sveigjanleg og kostur er og byggð á áfangakerfi og stuttum námskeiðum.

Sþ. 122. Fyrirspurnir. [105. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um síldveiðar fyrir Norðurlandi.

Frá Ragnari Arnalds.

Telur ekki sjávarútvegsráðherra að óhætt sé að leyfa einhverjar tilraunaveiðar á síld fyrir Norðurlandi með reknetum.

II. Til menntamálaráðherra um réttindi grunnskólakennara.

Frá Ragnari Arnalds.

Er ekki í undirbúningi af hálfu menntamálaráðuneytisins að gefa þeim, sem kennt hafa við grunnskóla undanfarin ár án prófs frá kennaraskóla, kost á að afla sér fullra réttinda með sumarnámskeiðum, bréfaskólanámi eða námskeiði við Kennaraháskólann í uppeldis- og kennslufræðum?

III. Til samgönguráðherra um símamál.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Má ekki vænta þess, að símstöðvar á Siglufirði, Sauðárkróki og annars staðar, þar sem myndast hafa langir biðlistar eftir síma, verði stækkaðar án frekari tafar?
2. Hvaða áform eru um lagningu sjálfvirks síma um sveitir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna?
3. Hvenær er þess að vænta, að sjálfvirki síminn milli höfuðborgarsvæðisins og Vestfjarða, Norður- og Austurlands komist í það horf, að notendur þurfi ekki að eyða löngum tíma í það eitt að bíða eftir sambandi?
4. Er ekki stefnt að því að endurskoða gjaldskrá landssímans með það fyrir augum að hún verði sanngjarnari gagnvart fólkinu í dreifbýlinu, t. d. með því að ákveða að samtöl milli notenda, sem hafa sama svæðisnúmer, teljist aðeins eitt skref hvert, eins og er á höfuðborgarsvæðinu?

Sþ. 123. Frumvarp til fjáraukalaga [106. mál]

fyrir árið 1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1975 er veitt:

		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	28 124
01	Forsætisráðuneytið	41 576
02	Menntamálaráðuneytið	607 817
03	Utanríkisráðuneytið	139 526
04	Landbúnaðarráðuneytið	617 796
05	Sjávarútvegsráðuneytið	1 384 131
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	979 810
07	Félagsmálaráðuneytið	455 683
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	2 664 380
10	Samgönguráðuneytið	1 191 683
11	Iðnaðarráðuneytið	169 696
12	Viðskiptaráðuneytið	1 843 928
13	Hagstofa Íslands	2 875
14	Ríkisendurskoðun	7 009
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1 054 306
	Samtals	11 188 340

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1975. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1975 sýnir.

Nd. 124. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þórarinn Þórarinsson, Þorleifur K. Kristmundsson og Björn Jónsson.

Alþingi, 30. nóv. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Lúðvík Jósepsson.
Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 125. Lög [85. mál]

um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna.

(Afgreidd frá Nd., 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 97.

Sþ. 126. Fyrirspurn [107. mál]

til fjármálaráðherra um skattalega varasjóði félaga.

Frá Ragnari Arnalds.

Hve háar fjárhæðir hafa félög dregið frá hreinum tekjum til skattálagninga og lagt í skattalegan varasjóð samkvæmt heimildarákvæðum tekjuskattslaga rekstrarárin 1974, 1975 og 1976?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Hún hlaut hins vegar góðar undirtektir innan þings og utan. Virtust þeir, sem um málið ræddu, yfirleitt sammála um að markmiðum þeim, sem tillagan miðar að, þyrfti að ná. Þannig voru niðurlagsorð Halldórs E. Sigurðssonar, landbúnaðarráðherra, í umræðunum um tillöguna:

„Og það þarf að auka rekstrarlánin til þess að menn hafi það fjármagn handa á milli, sem viðskiptabúskapur nútímans krefst. Að þessu eigum við að vinna og jafnframt því, að greiðslur fari beint til þeirra sjálfra í viðskiptareikninga eða til útborgunar, ef þeir eru ekki í viðskiptareikningum."

Forustumenn stjórnarandstöðunnar lýstu stuðningi við tillöguna. Lúðvík Jósepsson sagði m. a.:

„Ég held að það verði ekki um það deilt, að það lánafyrirkomulag, sem nú er orðið varðandi rekstur landbúnaðarins, sé orðið gjörsamlega óhæft og því verði að breyta í grundvallaratriðum."

Og Gylfi Þ. Gíslason sagði m. a.:

„Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa eindregnum stuðningi mínum við þessa till. Efni hennar er það, að Alþ. feli ríkisstj. að hlutast til um, að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda, m. ö. o. er gert ráð fyrir að Alþ. lýsi yfir þeirri skoðun sinni að bændur eigi rétt á því að fá sjálfir beint og milliliðalaust umráð yfir þeim hluta lánsfjár landsmanna sem bankar veita sem afurðalán og rekstrarlán til stuðnings íslenskum landbúnaði."

Margháttaður vandi steðjar nú að landbúnaðinum, ekki síst að því er fjármögnun varðar. Tillaga þessi er nú endurflutt í þeim tilgangi að stuðla að lausn þessa vanda.

Ed. 128. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 26 maí 1976 og lög nr. 23 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi, 5. desember 1977.

Halldór Ásgrímsson, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón G. Sólnes, frsm.
Ragnar Arnalds.	Halldór Blöndal.	

Ed. 129. Lög [97. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 26 maí 1976 og lög nr. 23 10. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.)

Samhljóða þskj. 113.

Ed. 130. Frumvarp til laga [109. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1975 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	270 199	499 294
01	Forsætisráðuneytið	928 458	970 034
02	Menntamálaráðuneytið	7 995 193	8 603 010
03	Utanríkisráðuneytið	532 134	671 660
04	Landbúnaðarráðuneytið	2 194 686	2 812 482
05	Sjávarútvegsráðuneytið	1 086 192	2 470 323
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	2 333 623	3 313 433
07	Félagsmálaráðuneytið	2 077 628	2 533 311
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	15 898 262	18 562 642
09	Fjármálaráðuneytið	2 128 562	2 090 390
10	Samgönguráðuneytið	5 724 329	6 916 012
11	Iðnaðarráðuneytið	1 423 774	1 593 470
12	Viðskiptaráðuneytið	3 808 665	5 652 593
13	Hagstofa Íslands	39 805	42 680
14	Ríkisendurskoðun	42 188	49 197
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	741 835	1 796 141
	Mismunur	400 147	
	Samtals	47 625 680	58 576 672

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	47 201 760	50 286 659
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	126 920	172 867
13	Ýmsar tekjur	297 000	584 459
	Mismunur		7 532 687
	Samtals	47 625 680	58 576 672

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1975.

Ríkisreikningurinn var afhentur yfirskoðunarmönnum til meðferðar og lagður óendurskoðaður fyrir Alþingi í október 1976. Í apríl 1977 var hann lagður fyrir Alþingi endurskoðaður með athugasemdum og tillögum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra.

Sþ. 131. Fyrirspurn [110. mál]

til viðskiptaráðherra um innflutning á áfengi og tóbaki.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hversu há umboðslaun eru greidd íslenskum erindrekum erlendra áfengis- og tóbakssala, hvernig er eftirliti háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvernig er tryggt að umboðsmenn fái ekki greiðslur í gjaldeyri eða fríðu í trássi við íslensk lög?

Hverjar voru umboðstekjur þeirra 20 íslensku aðila hvers um sig sem hæst umboðslaun fengu 1976 fyrir innflutt áfengi og tóbak og hverjir voru þeir?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Sþ. 132. Fyrirspurnir. [111. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingaráðherra um rekstur sjúkrahótels í Reykjavík.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

Hyggst ríkisstjórnin eða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gera ráðstafanir til þess að tryggja rekstur sjúkrahótels í Reykjavík, þegar Rauði kross Íslands hættir rekstri hótelsins að Skipholti 21, sbr. fréttir í fjölmiðlum nýlega?

II. Til heilbrigðis- og tryggingaráðherra um framkvæmd könnunar varðandi fæðingarorlof.

Frá Helga F. Seljan.

Hvað líður framkvæmd þess ákvæðis til bráðabirgða, sem samþykkt var á s. l. vori um fæðingarorlof og var svo hljóðandi: Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi?

III. Til landbúnaðarráðherra um málefni veðdeildar Búnaðarbankans.

Frá Helga F. Seljan.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin leysa hinn mikla vanda veðdeildar Búnaðarbankans nú á þessu ári?

Nd. 133. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Ingvar Gíslason, Tómas Árnason.

1. gr.

1. málsliður A-liðar 8. gr. laganna orðist þannig:

Lán veitist sem hér segir:

a. til smíði nýrra íbúða og meiri háttar viðbygginga,

b. til kaupa á nýjum íbúðum,
c. til kostnaðarsamra endurbóta og endurnýjunar (restoration) og nauðsynlegs viðhalds á gömlum íbúðarhúsum í því skyni að auka endingu þeirra og notagildi sem frambúðarhúsnæðis,
d. til kaupa á gömlum íbúðum að því marki, m. a., sem verða má til þess að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu þeirra.

2. gr.

4. mgr. A-liðar 8. gr. laganna (1. gr. laga nr. 38/1976) falli niður.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða komi nýr liður:
6. Húsnæðismálastjórn skal gangast fyrir námskeiðum í endurnýjun húsa (restoration) fyrir meistara í byggingariðnaði, smiði og aðra byggingariðnaðarmenn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Því fylgdi svofelld greinargerð:

I.

Frv. þetta gerir ráð fyrir veigamikilli breytingu á starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Það er nú aðalhlutverk sjóðsins að lána til nýsmíði íbúðarhúsnæðis. Ef þetta frv. verður að lögum, yrði það meðal frumverkefna Byggingarsjóðs að lána fé til endurnýjunar á gömlu húsnæði, svo og til kaupa á gömlu húsnæði, ef það má verða til þess að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu þess.

Hér er vissulega um mikla stefnubreytingu að ræða, en eigi að síður tímabæra og þjóðfélagslega æskilega. Að dómi flm. er löngu kominn tími til að taka upp þá stefnu að lánveitingar til húsnæðismála stuðli jafnt að því að **auka endingu og notagildi eldra húsnæðis** eins og að smíða nýjar íbúðir, sem auðvitað hlýtur að halda áfram að sínum hluta. Um áratugaskeið hefur það verið ríkjandi siður hér á landi að láta hús og heil bæjarhverfi drabbast niður fyrir alls kyns vanhirðu. Þessi vanhirða stafar af skilningsleysi á þjóðfélagslegu gildi þess að fara vel með mannvirki ásamt oftrú á nýjungar og nýsmíði auk tilfinningaleysis fyrir menningarverðmætum og heildarsvip umhverfis. Merki þessarar vanhirðu og skilningsskorts blasa víða við sjónum manna. Erfitt er að meta, hversu mikil verðmæti hafa farið í súginn á síðustu áratugum fyrir tilverknað vanhirðustefnunnar, en há mun sú upphæð vera. Í þessu sambandi skal þó tekið fram, að ekki er réttmætt að skella skuldinni með öllu á eigendur gamalla húsa. Meginsökin hvílir á þjóðfélaginu í heild, almennum viðhorfum í húsnæðismálum, opinberri lánapólitík og skattastefnu svo og þróun byggingariðnaðarins. Þá ráða og eigi litlu þau viðhorf í skipulagsmálum, sem lengi hafa mátt sín mikils. Vanhirðustefnan er ekki séríslenskt fyrirbæri. Hennar hefur gætt víða um heim, en óvíða eru merki hennar jafn-áberandi og hér á landi.

II.

Á síðustu árum hefur gætt viðhorfsbreytinga í þessum efnum, bæði hér á landi og annars staðar. Að vissu leyti hefur átt sér stað vakning í byggingarverndarmálum í heiminum, m. a. fyrir ötula forustu Evrópuráðsins. Upphaf þessarar vakningar er að rekja til áhuga manna á því að bjarga frá glötun byggingar-

verðmætum, sem höfðu ótvírætt menningar- og sögugildi. Hefur mikið áunnist á því sviði og fer sú starfsemi vaxandi víða um lönd, einkum í Evrópu.

Þótt varla verði sagt að Íslendingar hafi staðið fremstir þjóða í byggingarverndarmálum, ber þó að geta þess að ýmsir einstaklingar hafa unnið merkilegt starf á því sviði. Má telja Matthías Þórðarson þjóðminjavörð (d. 1961) helsta frumkvöðul byggingarverndar hér á landi. Húsfriðunarkafli þjóðminjalaga frá 1969 er merkur áfangi í þessu máli og stofnun Húsfriðunarsjóðs 1975 hefur auðveldað til muna skipulega byggingarvernd.

En hlutverk Húsfriðunarsjóðs er nokkuð einskorðað og fjárráð hans takmörkuð, svo að hann getur aðeins látið sig varða dæmi, sem telja má að hafi sérstaka sögulega eða byggingalistarlega þýðingu. Útilokað er að sjóðurinn geti sinnt því að lána fé til viðhalds og endurgerðar gamalla íbúðarhúsa almennt, hversu æskilegt sem það væri, enda var honum aldrei ætlað svo víðtækt verkefni.

III.

Eins og getið var um fyrr í grg., hefur orðið vakning í byggingarverndarmálum á síðustu árum. Hvati þessarar vakningar er viljinn til þess að bjarga einstökum byggingaverðmætum frá tortímingu. En upp úr þessari hreyfingu hefur síðan sprottið önnur hreyfing, sem vissulega er hinni í öllu eðlisskyld, en miklu víðtækari að markmiði og gildi. Samkvæmt hinum nýju viðhorfum er það ekki aðalatriðið að vernda og endurlífga eitt og eitt mannvirki, heldur heil byggðahverfi hús við hús. Röksemdir fyrir þessari stefnu eru margvíslegar. Sjónarmið umhverfisverndar og sögulegrar helgi ráða miklu, en þjóðhagsleg sjónarmið mega sín engu minna. Hægt er að sýna fram á að viðhald og endurgerð gamalla húsa og bæjarhverfa borgar sig betur en nýsmíði og sífelld útþensla bæja og borga. Niðurníðsla íbúðarhúsa vegna aldurs er í raun og veru mjög alvarleg sóun verðmæta og byggð á alröngu mati á því hvort borgar sig betur viðhald eða nýsmíði. Í heimi tækni og fjármála hefur ríkt sú stefna að ekki svari kostnaði að gera við það, sem gamalt væri og úr sér gengið, lánastofnanir hafa mjög ýtt undir þessa stefnu, einnig löggjöf um húsnæðismál, svo og skattalög.

Margt bendir til að viðhorf ráðandi manna í ýmsum löndum séu að breytast í afstöðunni til þessara mála. Því fer fjarri, að litið sé á þessa sameiningu byggingar og umhverfisverndar sem sérvisku fárra manna eða dægurflugu í höfði einhverra „menningarvita“. Taka má sem dæmi, að dagana 21.—23. okt. 1976 var haldin í Bár (Bari) á Ítalíu ráðstefna í boði ítölsku ríkisstjórnarinnar. Til ráðstefnunnar var boðið þeim ráðherrum í ríkisstjórnum Evrópulanda, sem fara með skipulagsmál, enda var þar rætt um skipulagsmál borga. Meðal ályktana ráðstefnunnar var sú, að það skyldi vera grundvallarregla í skipulagsmálum að viðhalda gömlum íbúðarhverfum og taka upp opinbera lánastefnu, sem gerði kleift að endurnýja gömul hús. Var lagt til, að lána skyldi út á endurnýjun húsa hlutfallslega jafnmikið og til nýbygginga. Er vert að leggja áherslu á, að þetta er tillaga ráðherrafundar á vegum Evrópuráðsins.

Fleira mætti um þetta segja. Athuganir, sem gerðar hafa verið í Frakklandi, benda til að uppbygging gamalla húsa sé hagkvæmari en nýsmíði. Þjóðverjar eru farnir að veita lán og styrki til endurnýjunar húsa, og er búist við að sú starfsemi eigi eftir að vaxa mjög mikið. Í Bretlandi er það nú fastmótuð stefna í húsnæðismálum að vinna að endurnýjun húsa og húsahverfa í áföngum í stað þess að útrýma þeim sem heilsuspillandi eins og tíðkast hefur. Þess má einnig geta, að meðal verkefna Evrópuráðs á næstu árum er að gera hlutlægan samanburð á kostnaði við nýsmíði og enduruppbyggingu íbúðarhúsa.

Má sjá af því, sem hér hefur verið rakið, að breyting sú, sem lögð er til í þessu frv., á fullan rétt á sér.

Skýringar á einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Lagt er til að verksvið Byggingarsjóðs verði aukið, þannig að hann sinni **að jöfnu** því aðalhlutverki að lána til endurbyggingar húsa og nýsmíða. Þá skal það einnig vera hlutverk sjóðsins að lána til kaupa á eldra húsnæði, ef það getur orðið til þess að húsnæðið nýtist betur.

Um 2. gr.

Lagt er til að niður falli núverandi heimildarákvæði um afmarkað fjármagn til útlána vegna kaupa á gömlu húsnæði og endurnýjunar á eigin húsnæði öryrkja og aldraðra. Þetta ákvæði er óþarft, ef 1. gr. verður að lögum.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt mun reynast að aðlaga byggingariðnaðarmenn þeim nýju verkefnum, sem að kalla, ef endurnýjun húsa færist í vöxt á grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð er með þessu frv. Því er lagt til að húsnæðismálastjórn beitist fyrir námskeiðum fyrir iðnaðarmenn á þessu sviði.

Ed. 134. Frumvarp til laga [113. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

„Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%".

2. gr.

Í stað „1975" í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur „1978".

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, með þeirri breytingu, að gjaldinu er nú skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80% gjaldsins og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Í sameignarsamningi ríkisstjórnar og sveitarfélaga á Vestfjörðum um Orkubú Vestfjarða, sem undirritaður var 26. ágúst 1977, stendur: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Orkubúið fái sem svarar 20% af tekjum af verðjöfnunargjaldi af raforku".

Framangreind breyting á lögum um verðjöfnunargjald af raforku er til samræmis við fyrirheit ríkisstjórnarinnar.

Með lögum nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976, með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977 og með þessu frv. til 31. desember 1978.

Nd. **135. Frumvarp til laga** [114. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Karvel Pálmason, Garðar Sigurðsson, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Upphaf 11. gr. laganna orðist svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri, og hafi maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, á hann rétt á 50% viðbótarlífeyri, er hann hefur náð sextugu. Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá þeim tíma, að almannatryggingar hófu starfsemi sína hér á landi, hefur réttur til ellilífeyris verið bundinn við 67 ára aldur.

Þetta er þó engan veginn hið eina sjálfsagða aldursmark, sem miða beri við réttinn til ellilífeyris. Allt eins gæti komið til greina að hafa 65 ára aldursmark sem almenna reglu, ef það væri talið fjárhagslega mögulegt fyrir þjóðfélagið.

Það er heldur engan veginn sjálfgefið, að sama aldursmark eigi að gilda fyrir allar starfsstéttir, og má í því sambandi benda á að víða erlendis hljóta t. d. námumenn ellilífeyri mun fyrr en aðrar starfsstéttir.

Frumvarp svipaðs efnis og hér er flutt hefur tvívegis áður verið lagt fram á Alþingi: árið 1970 og hlaut þá ekki afgreiðslu og árið 1974, og var samþ. 12. maí 1975 að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með mjög jákvæðri umsögn háttvirtrar heilbrigðis- og trygginganefndar Nd. Er nefndarálitið prentað sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Ekkert hefur, að því er flutningsmenn best vita, gerst varðandi framkvæmd efnisatriða frumvarpsins á þeim rösklega tveim árum, sem síðan eru liðin, og er því frv. enn flutt lítið eitt breytt í trausti þess að enn sé fyrir hendi sami jákvæði vilji Alþingis til framgangs þessu réttlætismáli, þó einhverra orsaka vegna hafi hæstvirt ríkisstjórn sofið á verðinum varðandi framgang þess.

Í frumvarpinu er lagt til að hin almenna regla um 67 ára aldursmark haldist óbreytt enn um sinn, en jafnframt gert ráð fyrir tveimur undantekningum frá þeirri almennu reglu.

Fyrri undantekningin felur í sér, að menn, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og verið hafa 35 ár eða lengur á sjó öðlist fullan rétt til ellilífeyris er þeir verða 60 ára. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning af þjóðfélagsins hálfu til þeirra manna, sem allt frá æskuárum hafa stundað erfið og áhættusöm störf fjarri heimilum sínum við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, en þessir menn eru oftast orðnir slitnir menn þegar 50—55 ára aldrinum er náð. Um þá menn, sem sarfað hafa 40 ár eða lengur á sjónum og frumvarpið gerir ráð fyrir að hljóti 50% viðbót á ellilífeyri við 60 ára aldur, þarf vart að fara mörgum orðum, því að alkunna er að þeir eiga vissulega fárra kosta völ þegar á land er komið. Það er því einungis réttlát viðurkenning að þeir hljóti viðbót á ellilífeyri eftir slíkt ævistarf.

Síðari undantekningin frá almennu reglunni um 67 ára aldursmark varðar ekkjurnar. Þjóðfélagsstaða þeirra er þannig, að það er bæði réttmætt og nauðsynlegt

að þjóðfélagið létti undir með þeim á einhvern hátt þegar aldur færist yfir þær. Þær hafa hvorki mikla né margbreytilega möguleika á atvinnusviðinu þegar sextugsaldrinum er náð. Þess vegna þykir rétt að þær hljóti fullan ellilífeyri er þær hafa náð sextugsaldri.

Fylgiskjal.

Nd. 497. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar Tryggingastofnun ríkisins, Sjómannasambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Umsagnir bárust frá Tryggingastofnuninnni og L.Í.Ú.

Nefndin er sammála um að hér sé hreyft miklu réttlætismáli, en telur það þess eðlis að nauðsyn sé nánari athugunar og umfjöllunar.

Nefndin er því sammála um að leggja til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess að málið fái þar frekari athugun, sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu þess.

Jóhann Hafstein og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1975.

Jón Skaftason, form. — Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr. — Karvel Pálmason, frsm.

Magnús Kjartansson. — Ingiberg J. Hannesson.

Ed. 136. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og umræðu og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. desember 1977.

Oddur Ólafsson, form.,frsm. — Halldór Ásgrímsson, fundaskr.

Jón Árm. Héðinsson. — Stefán Jónsson, með fyrirvara. — Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 137. Fyrirspurnir. [115. mál]

I. Til iðnaðarráðherra varðandi neglda hjólbarða.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvað hefur verið gert af hálfu iðnaðarráðuneytisins til þess að styrkja uppfinningamanninn Einar Einarsson til þess að ljúka tilraunum sínum með hjólbarða með hreyfanlegum nöglum svo að hægt sé að hefja framleiðslu á þeim til innanlandsnota og útflutnings?

II. Til samgönguráðherra um jöfnun símgjalda.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Má bráðlega vænta framkvæmda á eftirfarandi málslið í 11. gr. laga um póst- og símamál: Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers númerasvæðis?
2. Hyggst ráðherra nota fljótlega svo hljóðandi heimild í sömu grein: Ráðherra er heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu?

Ed. 138. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Í stað „¾ hlutum“ í 3. málsgr. 7. gr. laganna komi: ⅘ hlutum.

2. gr.

Í stað „9 mánaða“ í 1. málsgr. 8. gr. laganna komi: 6 mánaða.

2. málsgr. 8. gr. orðist svo:

Grundvöllur stigaútreiknings hvert almanaksár skal vera samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættu 20% álagi, og nefnist fjárhæð þessi grundvallarlaun ársins. Veiti almenn kaupgjaldsþróun tilefni til að ætla, að 20% álag leiði til óeðlilegrar hækkunar grundvallarlaunanna, getur ráðherra að fengnum tillögum sjóðstjórnar, ákveðið lægra álag, þó ekki undir 10%. Verði útreikningur verðlagsgrundvallar lagður niður eða svo veigamiklar breytingar gerðar á honum, að hann verði að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði að þessu leyti, skal ráðherra að fengnum tillögum frá sjóðstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll fyrir stigaútreikning.

3. gr.

3. málsgr. 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) orðist svo:

Árin 1976—1979 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hækkun samkvæmt 24. gr., en taki síðan breytingum hinn 1. júlí og 1. janúar ár hvert, í síðasta sinn 1. júlí 1979, í hlutfalli við breytingar, sem orðið hafa á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-,

Um 2. gr.

Í 1. málsgr. er gert ráð fyrir heimild til handa sjóðstjórn til að herða á innheimtu skilagreina um iðgjöld með því að stytta núgildandi skilafrest um 3 mánuði. Er hér fyrst og fremst um að ræða hagsmunamál þeirra iðgjaldsgreiðenda, sem rétt eiga á endurgreiðslu, en gjalda þess, að óeðlilegur dráttur er á nauðsynlegum upplýsingum frá fáeinum söluaðilum.

Um 2. málsgr. er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan. Gert er ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið lægra álag en 20%, ef horfur í kaupgjaldsmálum veita tilefni til slíks. Er eðlilegt, að við slíka ákvörðun sé höfð hliðsjón bæði af sennilegri þróun á komandi ári og því, hvert samræmi hefur verið milli grundvallarlauna sjóðsins og kaupgjaldsþróunar á undanfarandi árum.

Um 3. gr.

Um ákvæði greinarinnar skírskotast til almennra athugasemda hér að framan. Full verðtrygging fyrstu 20 stiganna við greiðslur samkvæmt I. kafla í stað 15 stiga er í samræmi við samkomulagið frá 22. júní 1977.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 139. Frumvarp til laga [117. mál]

um aðgerðir til stuðnings íslenskum iðnaði.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Aftan við lög um tollskrá o. fl., nr. 120/1976, komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Lækkanir á tollum, sem stafa beint af aðild Íslands að EFTA og EBE og eiga að taka gildi 1. janúar 1978, 1. janúar 1979 og 1. janúar 1980, koma ekki til framkvæmda að svo stöddu. Ríkisstjórnin skal leita formlega eftir því, að aðlögunartími íslensks iðnaðar gagnvart samkeppni frá EFTA- og EBE-löndum verði framlengdur, og leggja nýtt frumvarp til tollalaga fyrir Alþingi, þegar þær viðræður hafa farið fram. Aðrar lækkanir á tollum, sem ákveðnar eru með þessum lögum, m. a. á hráefnum, vélum, fjárfestingarvörum og rekstrarnauðsynjum íslensks iðnaðar, standa þó óhaggaðar.

2. gr.

Það fjármagn, sem sparast ríkissjóði samkvæmt 1. gr., skal notað til að halda niðri innlendu verðlagi og til að létta útgjöldum af innlendri iðnaðarframleiðslu.

3. gr.

Veitt skulu nauðsynleg rekstrarlán til iðnaðarins eftir nánari reglum, sem ríkisstjórnin setur í samráði við bankastjórn Seðlabanka Íslands, út á alla innlenda framleiðslu, svo fremi að unnt sé að sýna fram á örugga sölu innanlands eða utan.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þessu ári hefur margt verið sagt til heiðurs íslenskum iðnaði. Dagur iðnaðarins hefur verið hátíðlegur haldinn víðs vegar um land og ágætar sýningar settar upp með drjúgum ræðuhöldum og fróðlegum umræðum. Í þessari miklu herferð til stuðnings íslenskum iðnaði hefur þó eitt gleymst: að láta verkin tala.

örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal breytast á sama hátt, þó þannig, að slíka breytingu skal árin 1976—1977 einungis reikna á lífeyri, er svarar til 15 stiga eða minna, og árin 1978—1979 á lífeyri, er svarar til 20 stiga eða minna, en um afganginn fer eftir ákvæðum 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri, ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978. Ákvæði 2. gr. um útreikning grundvallarlauna skulu gilda um grundvallarlaun ársins 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 3 1977 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 101 1970 um lífeyrissjóð bænda. Var höfuðbreytingin sú, að sett voru ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur árin 1976 og 1977 til samræmis við samkomulag Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í febrúar 1976 og breyting á lögum nr. 63 1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Launþegar og vinnuveitendur gerðu með sér nýtt samkomulag um málefni lífeyrissjóða 22. júní 1977, og var höfuðefni þess framlenging ofangreindra ráðstafana um tvö ár, þ. e. til ársloka 1979. Í meðfylgjandi lagafrumvarpi er gert ráð fyrir, að tilsvarandi framlenging eigi sér stað hjá Lífeyrissjóði bænda.

Þeir lífeyrissjóðir, sem samkomulagið frá 22. júní 1977 tekur til, hafa með sér samstarf um að deila útgjöldum vegna uppbótargreiðslna að nokkru leyti niður í hlutfalli við iðgjaldatekjur. Sú jöfnun hefur í för með sér, að þeir sjóðir, sem mest útgjöld bera í þessu sambandi, munu á yfirstandandi ári verja í hæsta lagi 13—14% af iðgjaldatekjum sínum til uppbótagreiðslna. Lífeyrissjóður bænda á ekki aðild að neinu slíku samstarfi, og bein útgjöld til lífeyrisgreiðslna, sem hann verður sjálfur að bera, eru áætluð 260 millj. kr. árið 1978 eða 46% af iðgjalda- og framlagatekjum eins og þær eru áætlaðar á því ári. **Er þá miðað við framlengingu framangreindra ráðstafana,** en óbreytt lagaákvæði að öðru leyti. Langmestur hluti þessarar fjárhæðar er uppbót á lífeyrisgreiðslur samkvæmt II. kafla laganna. Þrátt fyrir þá stórfelldu fjárhagsbyrði, sem ráðstafanir þessar hafa í för með sér fyrir sjóðinn og rekja má til óhagstæðrar aldursskiptingar sjóðfélaga, telur stjórn hans framlengingu óhjákvæmilega.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 101 1970 ákvarðast grundvallarlaun sjóðsins ár hvert af kaupgjaldi **haustið á undan með 10% álagi.** Var álagi þessu ætlað að jafna upp þá hækkun, sem yrði á kauptöxtum frá hausti til næsta ársmeðaltals. Frá og með árinu 1974 hefur verðbólga hins vegar magnast svo, að 10% álgið hefur hrokkið skammt, og grundvallarlaun sjóðsins hafa því ekki fylgt almennri kaupgjaldsþróun. Er lagt **til, að álag verði 20%.** Í tengslum við þá breytingu er gert ráð fyrir, að framlag greiðist aldrei af lægri fjárhæð en ⅘ hlutum heildarverðmætis búvöru í stað ¾ hluta. Áætlað er, að með þesum breytingum aukist ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1978 um rösklega 40 millj. kr. frá því, sem það mundi ella verða.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að hert verði á innheimtu skilagreina hjá söluaðilum, sbr. 1. málsgr. 8. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með þeirri hækkun grundvallarlauna, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins, hækkar nokkuð sá hluti framleiðsluverðmætisins, sem iðgjöld og framlög greiðast af og jafnframt dregur úr þeim hagnaði, sem sjóðurinn hefur af þeirri tryggingu, sem núgildandi lágmarksákvæði 3. málsgr. 7. gr. laganna veitir honum. Er því lagt til, að mark þetta hækki úr ¾ í ⅘.

Iðnaður á Íslandi býr á sama hátt við kröpp kjör. Hann greiðir hátt verð fyrir orku, á sama tíma og erlend stóriðja í landinu nýtur vildarkjara. Vextir af stofn- og rekstrarlánum eru margfalt hærri en hjá sambærilegum fyrirtækjum í öðrum löndum og rekstrarlán út á innlenda iðnaðarvöru mjög af skornum skammti.

Til viðbótar erfiðum lífsskilyrðum kemur svo hitt, að heimamarkaður íslensks iðnaðar er mjög smávaxinn. Innlendur iðnaður hefur því ekki þróast í takt við iðnað nálægra þjóða hvað framleiðslutækni snertir. Lausnarorðið hefur verið að brjóta niður tollmúra í nálægum Evrópulöndum með samningum við EFTA og EBE og auka þar með útflutninginn. En í þeim tilgangi hafa Íslendingar þurft að afnema tollvernd íslensks iðnaðar, og er nú verið að stíga lokasporin að því marki.

Nú þegar aðeins tvö ár eru eftir þar til tollvernd innlends iðnaðar er með öllu horfin dylst fáum, að innlendur iðnaður er enn vanbúinn að mæta óheftri samkeppni innfluttra vara og margar iðngreinar eru því í verulegri hættu, þegar tollverndin hverfur með öllu. Íslenskur iðnaður hefur einfaldlega ekki fengið nægilega langan aðlögunartíma og býr ekki enn við slík starfsskilyrði að hann standist erlenda samkeppni framleiðenda, sem standa að flestu leyti betur að vígi. Það er því óskiljanlegt glapræði, ef Íslendingar halda áfram tollalækkunum og fljóta þannig sofandi að feigðarósi, eins og allt sé í besta lagi í íslenskum iðnaði.

Íslenskir iðnrekendur hafa aðvarað ríkisstjórnina og eindregið mælst til þess, að aðlögunartími iðnaðarins verði framlengdur. Að vísu má vera, að stjórnir EFTA og EBE muni ekki fallast á framlengingu aðlögunartímans, a. m. k. ekki í orði kveðnu, en bersýnilega eru engar líkur á að alvarleg vandamál muni skapast í viðskiptum Íslendinga við EBE og EFTA þótt frekari tollalækkanir af okkar hálfu dragist um sinn. Forustumenn iðnrekenda hafa einmitt bent á að ýmis ríki EBE og EFTA hafa gert stórfelldar ráðstafanir til styrktar iðnaði sínum, en þessar ráðstafanir hljóta einnig að teljast brot á EBE- og EFTA-samningum, ef ströngustu túlkun þessara samninga er fylgt. Sem dæmi um þess háttar ráðstafanir hefur formaður Félags íslenskra iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinsson, bent á að Svíar greiði í beinan styrk til fjölmargra iðngreina 15 kr. sænskar eða um 650 kr. íslenskar fyrir hvern unninn tíma, en slíkar greiðslur eru að sjálfsögðu ekkert annað en verndartollur af nýrri gerð, sem gerir sænskum framleiðendum kleift að standast samkeppni við ódýran erlendan innflutning.

1. gr.: Tollalækkunum frestað.

Þegar tollalagafrumvarpið var til meðferðar á Alþingi fyrir einu ári lagði flutningsmaður þessa frumvarps til, að tollalækkuninni 1. janúar 1977 yrði frestað, meðan leitað yrði eftir framlengingu aðlögunartíma íslensks iðnaðar. Með þessu frumvarpi er lagt til að öllum frekari tollalækkunum verði frestað um sinn.

2. gr.: Fjárhagslegar afleiðingar.

Áformaðar tollalækkanir nema um 900 millj. kr á ári næstu þrjú ár miðað við núverandi verðlag. Fjárhagslegar afleiðingar af samþykkt þessa frumvarps virðast því vera, að ríkissjóði mundu sparast á núgildandi verðlagi:

a) á árinu 1978 um	900	millj. kr.
b) á árinu 1979 um	1 800	millj. kr.
c) á árinu 1980 um	2 700	millj. kr.
Samtals 1978—1980	5 400	millj. kr.

Eðlilegt er að fé þetta yrði notað til hvors tveggja: **til að halda niðri innlendu verðlagi og til að létta útgjöldum af innlendri iðnaðarframleiðslu.** Hvort tveggja auðveldar íslenskum iðnaði að búa sig undir aukna samkeppni erlendra iðnaðarvara.

3. gr.: Rekstrarlán til iðnaðarins.

Í 3. gr. frumvarpsins er vikið að rekstrarlánavandamálum iðnaðarins. Oft hefur íslenskum iðnaði verið lofað að þessi vandamál yrðu leyst á viðunandi hátt og m. a. fólst það vilyrði í lögum nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, sem þáverandi iðnaðarráðherra, Magnús Kjartansson, beitti sér fyrir að samþykkt væru. Lög þessi hafa þó ekki orðið iðnaðinum til styrktar nema að takmörkuðu leyti vegna andstöðu og tregðu bankakerfisins, enda öðlaðist innlend iðnaðarframleiðsla ekki beinan rétt til rekstrarlána samkvæmt þessum lögum. **Það er hins vegar kjarni 3. greinar þessa frumvarps, að iðnaðurinn eigi ótvíræðan rétt til rekstrarlána að uppfylltu því skilyrði, að framleiðandi sýni fram á örugga sölu framleiðslunnar innanlands eða utan.**

Fjármögnun rekstrarlána.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans námu rekstrar- og afurðalán til atvinnuveganna, sem fjármögnuð voru með endurkaupum Seðlabankans, í sept. s. l. samtals 22 682 000 kr. og skiptust þannig:

Landbúnaður	5 604 millj. kr.
Sjávarútvegur	14 562 millj. kr.
Iðnaður	2 394 millj. kr.
Samtals	22 682 millj. kr.

Bundnar innistæður viðskiptabanka hjá Seðlabanka Íslands, sem einkum hafa verið hugsaðar til að standa undir rekstrar- og afurðalánum til atvinnuveganna, námu á sama tíma 20 290 millj. kr. og höfðu aukist um 11 696 millj. kr. síðan á árinu 1974.

Eftirtektarvert er, að skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann hafa aukist verulega á seinustu þremur árum, eða úr 4 638 millj. kr. í sept. 1974 í 14 493 millj. kr. í sept. 1977. Aukningin nemur 9 855 millj. kr. Skuld þessi hefur staðið lítt breytt um langt skeið og var t. d. í sept. 1976 13 337 millj. kr.

Áður en núverandi ríkisstjórn kom til valda þótti sjálfsagt að ríkissjóður og ríkisstofnanir greiddu skuldir sínar við Seðlabankann nokkurn veginn í árslok, enda er ráð fyrir því gert í 14. gr. 2. mgr. l. nr. 10 1961, um Seðlabankann. Sem dæmi má nefna, að skuldastaða ríkis og ríkisstofnana við bankann var:

í árslok 1971	512 millj. kr.
í árslok 1972	234 millj. kr.
í árslok 1973	1440 millj. kr.

Hins vegar er ljóst, að eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda hefur ríkissjóður fengið varanlegt rekstrarlán hjá Seðlabanka Íslands sem numið hefur 13—14 þús. millj. kr. í seinni tíð. Ef aðeins helmingi þessa fjár hefði verið varið til að auka rekstrarlán til atvinnuveganna og þá einkum iðnaðar og landbúnaðar hefði vandi þeirra verið leystur á fullnægjandi hátt.

Að því hlýtur að koma, að ríkissjóður hefji greiðslu þessara miklu skulda við Seðlabankann, og virðist sjálfsagt að það fjármagn verði að einhverju leyti hagnýtt til að stórauka rekstrarlán til atvinnuveganna.

Sþ. 140. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um rekstrar- og afurðalán til bænda.

Flm.: Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson, Kjartan Ólafsson, Helgi F. Seljan, Garðar Sigurðsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrar- og afurðalán.

Rekstrarlán til sauðfjárbúskapar verði aukin þannig, að þau verði a. m. k. 60% af skilaverði við upphaf sláturtíðar og séu veitt jöfnum höndum eftir því sem rekstrarkostnaður fellur til.

Afurðalán miðist við að sölufélögum sé kleift að greiða minnst 90% af grundvallarverði við móttöku afurðanna. Lánin skulu breytast í samræmi við heildsöluverð, eins og það er ákveðið á hverjum tíma.

Uppgjörslán skulu nægja til að greiða bændum grundvallarverð að fullu, eins og það er í maímánuði á ári hverju.

Fóðurbirgðalán (hafíslán) miðist við, að nægar birgðir fóðurvara séu trygðar á hafíssvæðinu til sex mánaða frá áramótum.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðubandalagsins hafa í mörg undanfarin ár flutt þingsályktunartillögu um rekstrarlán til sauðfjárbænda, þar sem gert hefur verið ráð fyrir, að bændum yrði tryggð viðunandi lánafyrirgreiðsla, og miðað við, að lánin yrðu veitt frá ársbyrjun til ágústloka ár hvert og yrðu þá orðin 75% af væntanlegum afurðalánum. Tillagan hefur ekki náð fram að ganga. Hins vegar hafa kröfur bænda um aukna lánafyrirgreiðslu orðið háværari með hverju árinu sem liðið hefur og m. a. komið fram á fjölmennum bændafundum víða um land.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var að Eiðum 29.—31. ágúst 1977, var m. a. fjallað um lánamál bænda. Fundurinn taldi „það ástand, sem nú ríkir í lánamálum landbúnaðarins, óviðunandi og gerir kröfur til þess, að úrbætur verði gerðar í þeim efnum. Vegna verðbólgu og einnig vegna stóraukinnar tæknivæðingar í landbúnaði hefur þörfin fyrir lánsfjármagn vaxið hröðum skrefum og þær lagfæringar, sem gerðar hafa verið, hvergi nærri fullnægjandi, og bendir fundurinn þá sérstaklega á rekstrar- og afurðalán og lán til þeirra, sem eru að hefja búskap, í því sambandi".

Efni þessarar tillögu er í fullu samræmi við 1. lið ályktunar aðalfundar Stéttarsambandsins. Þegar liggur fyrir þinginu tillaga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma, en það er einnig mjög brýnt mál.

Fjármögnun rekstrarlána.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans námu rekstrar- og afurðalán til atvinnuveganna, sem fjármögnuð voru með endurkaupum Seðlabankans, í sept. s. l. samtals 22 682 000 kr. og skiptust þannig:

Landbúnaður	5 604 millj. kr.
Sjávarútvegur	14 562 millj. kr.
Iðnaður	2 394 millj. kr.
Samtals	22 682 millj. kr.

Bundnar innistæður viðskiptabanka hjá Seðlabanka Íslands, sem einkum hafa verið hugsaðar til að standa undir rekstrar- og afurðalánum til atvinnuveganna, námu á sama tíma 20 290 mllj. kr. og höfðu aukist um 11 696 millj. kr. síðan á árinu 1974.

Eftirtektarvert er, að skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann hafa aukist mjög verulega á seinustu þremur árum, eða úr 4 638 millj. kr. í sept. 1974 í 14 493 millj. kr. í sept. 1977. Aukningin nemur 9 855 millj. kr. Skuld þessi hefur staðið lítt breytt um langt skeið og var t. d. í sept. 1976 13 337 millj. kr.

Áður en núverandi ríkisstjórn kom til valda þótti sjálfsagt að ríkissjóður og ríkisstofnanir greiddu skuldir sínar við Seðlabankann nokkurn veginn í árslok, enda er ráð fyrir því gert í 14. gr. 2. mgr. l. nr. 10 1961, um Seðlabankann. Sem dæmi má nefna, að skuldastaða ríkis og ríkisstofnana við bankann var:

í árslok 1971	512 millj. kr.
í árslok 1972	234 millj. kr.
í árslok 1973	1440 millj. kr.

Hins vegar er ljóst, að eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda hefur ríkissjóður fengið varanlegt rekstrarlán hjá Seðlabanka Íslands sem numið hefur 13—14 þús. millj. kr. í seinni tíð. Ef aðeins helmingi þessa fjár hefði verið varið til að auka rekstrarlán til atvinnuveganna og þá einkum iðnaðar og landbúnaðar hefði vandi þeirra verið leystur á fullnægjandi hátt.

Að því hlýtur að koma, að ríkissjóður hefji greiðslu þessara miklu skulda við Seðlabankann, og virðist sjálfsagt að það fjármagn verði að einhverju leyti hagnýtt til að stórauka rekstrarlán til atvinnuveganna.

Sþ. 141. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um sparnað í fjármálakerfinu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Skal stjórnin, að loknu jólaleyfi alþingismanna, leggja fram tillögur um fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða um allt að tíunda hluta og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. um sameiningu lánastofnana, skorður við óhóflegum byggingum og fækkun afgreiðslustöðva.

Greinargerð.

Alþjóð er ljóst, að nú er þörf aðhaldsaðgerða í fjármálum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við, að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármyndun minnkar. Leiðir hér sem oftar óstjórn af ofstjórn. Við þetta verður ekki unað.

Tillögumönnum er ljóst, að meðal stjórnenda bankamála eru ýmsir hæfileikamestu menn þessarar þjóðar. Flutningur þessa máls er ekki aðför að þeim, heldur liðveisla við þá, enda engum ljósara en þeim, hvar skórinn kreppir. Þó bendir flest til þess, að aðgerðir á borð við þær, sem hér er lagt til að ríkisstjórnin hafi forustu um séu nauðsynlegar, ef úr úlfakreppunni á að brjótast.

Eftirspurn lánsfjár er ótakmörkuð við ríkjandi lánskjör. Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli. Samkeppni þeirra verður því um það eitt að ná til sín stærri hluldeild sparifjárins. Herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna

vex, verðmætaaukning er engin, en kostnaðaraukning mikil. Hagur viðskiptamanna versnar við þá andhverfu heilbrigðrar samkeppni, sem hér er á ferðinni, og aðstaða skömmtunarstjóra nútímans er ekki aðlaðandi.

Sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því, að þann frumskóg má grisja, engum til meins, en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.

Játað skal, að hægara er hér um að tala en í að komast. Tilraunina ber þó að gera. Kannske ber hún takmarkaðan árangur — þá er að taka því. En enginn héraðsbrestur yrði, þótt markmiðunum, sem tillagan miðar að, yrði að fullu náð.

Ed. 142. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22 mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða hækka um allt að 25%, hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 2. málsgrein þessarar greinar samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 31. desember 1976 tók gildi nýtt fasteignamat í samræmi við ákvæði laga nr. 94 frá 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna sbr. og auglýsingu fjármálaráðherra nr. 412 frá 21. desember 1976, en jafnframt var eldra fasteignamat úr gildi numið.

Í lögum nr. 115 frá 31. desember 1976 um breytingu á lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, Ákvæði til bráðabirgða segir: „Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna, er gilti fyrir 31. desember 1976 að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati.“ Bráðabirgðaákvæði þetta gilti eingöngu við álagningu téðra gjalda á yfirstandandi ári, 1977.

Álagning fasteignaskatta á næsta ári, 1978, mun — að óbreyttum lögum — byggjast á framreiknuðu fasteignamati í desember-mánuði næstkomandi og 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, en skv. þeirri grein er sveitarstjórn skylt að leggja fasteignaskatt á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó ákvæði 5. gr. laganna, og er lágmark fasteignaskatts skv. 2. mgr. 3. gr. ½% og 1% eftir tegundum eigna. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að innheimta fasteignaskatt með allt að 50% álagi skv. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Verði ákvæði um álagningu fasteignaskatts óbreytt, er ljóst, að lágmarksfasteignaskattur í nokkrum sveitarfélögum mun á næsta ári hækka — frá því sem var á þessu ári — töluvert umfram almennar hækkanir, sem orðið hafa og verða væntanlega á þessu tímabili. Sérstaklega mun á slíkt reyna í dreifbýlishreppum, sem ekki hafa innheimt fasteignaskatt með álagi á þessu ári.

Til að bæta úr þessum annmarka, sem leiðir af gildistöku nýs fasteignamats og niðurfellingu bráðabirgðaákvæðis laga nr. 115/1976, felst í frumvarpinu það ný-

mæli, að sveitarstjórn verði heimilt að lækka um allt að 25% þá lágmarksfasteignaskattsprósentu, sem tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972. Jafnframt er hækkunarheimild sveitarstjórnar lækkuð úr 50% í 25%, þannig að svigrúm sveitarstjórna til álagningar fasteignaskatts helst óbreytt eða 50%, frá því sem er í gildandi lögum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað um frumvarp þetta og látið í té eftirfarandi umsögn:

„Í framhaldi af viðræðum Hallgríms Dalberg, ráðuneytisstjóra, við undirritaðan í september s. l. varðandi álagningu fasteignaskatts á árinu 1978, eftir að lög nr. 115/1976 falla úr gildi í lok þessa árs, hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fjallað um málið, og er stjórnin sammála meðfylgjandi uppkasti að frv. til laga um breytingu á 3. gr. laga nr. 8/1972 ásamt því fylgjandi athugasemdum.

Þetta tilkynnist ráðuneytinu hér með og væntir stjórnin þess, að ráðuneytið muni hlutast til um téða lagabreytingu.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.“

Nd. 143. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Magnús Kjartansson og Þórarinn Sigurjónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des 1977.

Jón Skaftason, form. Guðmundur H. Garðarsson, frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir. Karvel Pálmason. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 144. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1977.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Magnús Kjartansson og Þórarinn Sigurjónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des 1977.

Jón Skaftason, form. Guðmundur H. Garðarsson, frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir. Karvel Pálmason. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 145. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 99/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, og brbl. nr. 53/1977.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Magnús Kjartansson og Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi, 6. des. 1977.

Jón Skaftason, form. Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Sigurlaug Bjarnadóttir. Karvel Pálmason. Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 146. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Í stað orðanna „skal hann sæta sektum samkvæmt 33. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 36. gr.“ í 1. málsgr. 17. gr. komi: skal refsa honum samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðanna „skal hann sekur samkvæmt 42. gr.“ í 1. málsgr. 19. gr. komi: skal refsa honum samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í stað „dómsmálaráðherra“ í 27. gr. komi: heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Í stað „dómsmálaráðherra“ í 3. og 4. málsgr. 30. gr. komi: heilbrigðismálaráðherra.

5. gr.

33. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af útsöluverði sambærilegs áfengis hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Brot gegn 3. og 7. gr. varða fangelsi auk sektar, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað, varðar það fangelsi auk sektar. Sama er um brot veitingamanns, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

6. gr.

34. gr. orðist svo:

Gera skal upptækt til ríkissjóðs:

a. Áfengi, sem ólöglega er flutt til landsins.
b. Áfengi, sem skotið er undan innsigli eða vanrækt að skýra frá.
c. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, sbr. 4. mgr. 19. gr.
d. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum.
e. Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum.
f. Áfengi í vörslu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. 21. gr.

7. gr.

35. gr. orðist svo:

Skip, sem áfengi er ólöglega flutt með hingað til lands, sbr. 3. gr., skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Sama gildir um skip, þá er skipstjóri skýrir rangt frá um áfengi, er hann hefur meðferðis, eða dregur að skýra frá áfengisbirgðum, sbr. 4. gr.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt til ríkissjóðs.

Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um flugvélar eða annan farkost, sem áfengi hefur verið flutt með.

8. gr.

36. gr. orðist svo:

Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun telst brot fullframið, þegar áfengið hefur verið flutt inn í landhelgi.

9. gr.

37. gr. orðist svo:

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyslu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyslu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla.

10. gr.

38. gr. orðist svo:

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar víntegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum, svo og sviptingu veitingaleyfis um stundarsakir og fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað.

Brot þjónustumanna varða og refsingu samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

39. gr. falli niður.

12. gr.

40. gr. orðist svo:

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingastarfsemi, sekur um brot á lögum þessum, og brot á sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, og skal þá auk refsingar svipta hann veitingaleyfi, ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Brot þjónustumanna varða og refsingu samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

41. gr. falli niður.

14. gr.

42. gr. orðist svo:

Hafi bifreiðastjóri ítrekað gerst sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot margítrekað.

15. gr.

43.—45. gr. falli niður.

16. gr.

46. gr. orðist svo:

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að brotin verði ákvæði 3. gr., 1. málsgr. 6. gr. eða 7. gr., veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna verðbreytinga eru sektarákvæði í VIII. kafla áfengislaganna úrelt orðin, og er knýjandi þörf á að þau verði hækkuð. Sektaákvæðin eru mjög sundurliðuð, og lágmark og hámark refsingar sett fyrir brot á einstökum greinum laganna. Er hætt við að refsirammi laganna verði fljótlega of þröngur, ef áfram er haldið sama hlutfalli, enda hefur í ljós komið að refsiramminn bindur um of hendur dómstóla við ákvörðun refsingar, og einnig við ýmsar nauðsynlegar aðgerðir við rannsókn mála, t. d. húsleit. Er lagt til að refsiákvæði laganna verði dregin saman í eina almenna grein, þannig að refsiramminn verði almennt óbundinn að öðru leyti en því sem leiðir af sektahámarki hegningarlaga, sem nú er 5 millj. kr., sbr. lög nr. 101/1976, en þar er og heimilað að beita fésekt samhliða refsivist. Aðrar breytingar, sem felast í tillögum þessum, leiða af brottfalli lágmarks- og hámarksrefsingar, og er ekki um að ræða efnisbreytingar. Þó eru ákvæði um réttindasviptingu eigi eins bundin og í gildandi ákvæðum. Loks er lagt til að breytt verði ákvæðum í 27. og 30. gr. áfengislaganna, er varða yfirstjórn áfengisvarna, til samræmis við þá breytingu, sem gerð var frá ársbyrjun 1970 með reglugerð fyrir Stjórnarráð Íslands.

Sþ. **147. Tillaga til þingsályktunar** [122. mál]

um reiðskóla.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun og rekstri reiðskóla.

Greinargerð.

I.

Markmiðið með stofnun reiðskóla er þríþætt:

1) Að annast hvers konar rannsóknir á íslenska hestinum.
2) Þjálfa Íslendinga í reiðmennsku og tamningu á íslenska hestinum.
3) Hafa sýningar í reiðlist fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn.

II.

Forustuhlutverk í málefnum íslenska hestsins glatast úr höndum Íslendinga innan fárra ára verði ekki stofnaður reiðskóli hér á landi. Það væri menningarlegur hnekkir og efnahagslegur skaði. Margir íslenskir hestamenn búa yfir mikilli þekkingu á íslenska hestinum. Ef þeirri þekkingu er blandað saman við þær leiðbeiningar, sem erlendir reiðskólar veita, ættum við að geta starfrækt reiðskóla hér á landi sem veitti meiri þekkingu á tamningu íslenska hestsins en nokkur annar reiðskóli í heimi.

Tamningmarkmiðin þyrftu að vera í samræmi við markaðinn og því þríþætt:

1) Tamning hesta sem góðhesta, þ. e. til útilífs og sem afslöppunartæki.
2) Tamning hesta sem íþrótt, þ. e. til keppni og sýninga.
3) Tamning hesta fyrir bæklaða, sem væri liður í endurhæfingu þessa fólks.

III.

a) Vaxandi fjárhæðum í hverju landi hins vestræna heims er varið til tómstundastarfsemi. Hestamennska var einkasport aðalsins fyrr á öldum, en millistéttarfólk í Evrópu getur í dag veitt sér það að eiga hesta með tilkomu notkunar smærri hestakynja.

Íslenski hesturinn er í fyrsta sæti hvað hæfileika snertir og stærð þess markaðar fer eftir því fjármagni, sem varið er til auglýsinga, og því magni, sem við höfum til sölu á vel tömdum góðum hestum. Íslenski hesturinn sameinar fjölskylduna, þ. e. öll fjölskyldan getur farið í útreiðartúr saman, en hinir stóru erlendu hestar eru ekki barnameðfæri. Þessi markaður er í samræmi við tamningamarkmið númer 1.

b) Tamning hesta sem íþrótt til keppni og sýninga er ómetanlegt auglýsingaratriði og getur haft stór áhrif bæði á sölumöguleika á hestum og ferðamannastraum til landsins. Frægð íslenska hestsins á þessu sviði er nú þegar orðin mikil. Í því sambandi má minna á frábæran árangur íslenska hestsins í reiðinni miklu yfir þver Bandaríkin. Á Grüne Woche (grænu vikunni) í Vesur-Berlín, annarri stærstu landbúnaðarsýningu í Þýskalandi, sem verður í vetur um mánaðamót janúar og febrúar, bauð framkvæmdastjórn sýningarinnar eigendum íslenska hestsins í Þýskalandi að senda sýningarflokk á þessa landbúnaðarsýningu. Allur kostnaður við þátttöku þeirra er greiddur af sýningunni. Það sýnir þá frægð sem íslenski hesturinn hefur aflað sér í Þýskalandi.

c) Tamning á hestum fyrir bæklaða, sem væri liður í endurhæfingu þessa fólks, er þáttur, sem við höfum gefið lítinn gaum. Þó höfum við sent 20 hesta til Bandaríkjamanna í þessu skyni og árangurinn varð góður. Í Bandaríkjunum er óhemju fjöldi af endurhæfingarstöðvum fyrir bæklaða. Bandarísk stúlka, sem er lömuð í fótum og hefur lengst af verið í hjólastól, skrifaði eftir að hafa farið á bak íslenskum hesti: „Mér finnst ég geta gengið. Hesturinn var fætur mínir. Fólk leit upp til mín.“ Þetta var henni sem sagt nýtt líf. Svisslendingar hafa um aldir reynslu á þessu sviði.

Á alþjóðlegri ráðstefnu í Basel í Sviss árið 1975 um endurhæfingu með aðstoð hesta skýrði Jürg Baumann, sem er doktor að menntun, frá tilraun sem hann hafði framkvæmt í þeirri stofnun sem hann starfar við í Basel. Tilraunin var gerð til að fá úr því skorið, hvort hin ýmsu hestakyn hefðu misjafna hæfileika til að vekja traust fatlaðs fólks á sér. Niðurstaðan var sú, að íslenski hesturinn hafði algera yfirburði bæði hvað viðkom geðslagi og gangi. Íslenski hesturinn er kaldblóðshestur og þar af leiðandi taugasterkur. Hann hefur persónuleika og er greindur miðað við önnur hestakyn. Þetta bæklaða fólk fékk traust á honum sem vini sínum.

Til er kvikmynd frá þessari tilraun. Í þeirri tegund endurhæfingar, þar sem notast er við hesta sem hjálpartæki, eru Svisslendingar í fararbroddi.

IV.

Góðir gæðingar, þ. e. toppurinn, seljast í dag á hálfa til heila milljón króna. Á þessu ári hafa verið seldir úr landi um 450 hestar fyrir ca. 120 milljónir, þ. e. verðið er miðað við að hesturinn sé kominn á flugvöll úti. Flugfraktin til Evrópu er um 45 þúsund kr. á hest. Það er ódýrasti flutningsmátinn í reynd. Tollur af innflutningi hesta til Efnahagsbandalags Evrópu er 18% og þar að auki virðisaukaskattur. Hér á landi eru um 52 þúsund hestar. Í Evrópu eru nú um 20 þúsund hestar og þar fæðast 1000—1500 folöld á ári. Útflutningur á hestum nýtur í engu stuðnings ríkisvaldsins. Hann er þó sú grein landbúnaðar sem stendur best að vígi hvað útflutning snertir, og efling þess útflutnings er ein af þeim leiðum sem fara ber í dag í þeirri stöðu sem markaðsmál landbúnaðarins eru í. Þetta er þó ekkert einkamál landbúnaðarins, heldur þjóðarinnar allrar. Mikill ferðamannastraumur er til landsins af áhugamönnum um íslenska hestinn og verður meðan þeir álíta að hans aðalríki sé hér.

Í uppvexti þeirrar æsku, sem nú er að vaxa úr grasi hér á landi, er mikilvægt að tengsl hennar við landið séu til staðar. Hesturinn er betri tengiliður í því sambandi en nokkuð annað.

Æskilegt teldi ég að jarðirnar Vífilsstaðir og Oddi á Rángárvöllum yrðu teknar undir þessa starfsemi og færi starfsemin fram á báðum þessum stöðum. Deilur um staðsetningu á skólanum vil ég samt leiða hjá mér.

Það vekur e. t. v. undrun að þingmaður frá Vestfjörðum skuli innleiða þetta mál. Svo er þó ekki ef betur er að gáð. Núverandi ástand í markaðsmálum landbúnaðarins er svo alvarlegt, að það þrengir að hlut bænda. Á Vestfjörðum er hann svo þröngur fyrir, að skerðing á tekjum þeirra getur auðveldlega leitt til þess, að fleiri sveitir þar fari í eyði. Verði holdanautaframleiðsla ríkjandi í þeim sveitum, sem í dag eru hestmargar, og stóðið skorið niður skapast það ástand í framleiðslumálum landbúnaðarins, að fráleitt væri að tala um vanda í dag, miðað við það öngþveiti sem þá yrði. Það er skynsamlegra að selja mönnum það sem sumir kalla e. t. v. óþarfa, ef þeir vilja greiða fyrir það, en reyna að selja mönnum mat, sem þeir vilja ekki kaupa.

Þessi greinargerð inniheldur aðeins örlítið brot af þeim fróðleik sem til er um þetta mál, en ég vænti þess, að alvara málsins sé mönnum ljós við lestur hennar.

Sþ. **148. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá fjárveitingarnefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01 101 0113 Gjöf Jóns Sigurðssonar. Fyrir „1 800“ kemur	3 115
2. Við 4. gr. 01 901 Húsameistari ríkisins 0 Sértekjur. Fyrir „33 400“ kemur	38 900
3. Við 4. gr. 01 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „7 900“ kemur	8 400
4. Við 4. gr. 02 351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Nýr liður: 6 Gjaldfærður stofnkostnaður	236 000
5. Við 4. gr. 02 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli. Nýr liður: 6 Gjaldfærður stofnkostnaður	13 000
6. Við 4. gr. 02 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „5 000“ kemur	35 000
7. Við 4. gr. 02 563 0105 Til tónlistarstarfsemi. Liðurinn fellur niður.	
8. Við 4. gr. 02 563. Nýr liður: 0108 Tónlistarskóli Seyðisfjarðar	500
9. Við 4. gr. 02 610 Héraðsskólar 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. a. Fyrir „177 000“ kemur	182 000
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Héraðsskólar (02 610).

1. Reykholt	27 000
2. Núpur	15 000
3. Reykjanes	12 000
4. Reykir	25 000
5. Laugar	60 000
6. Eiðar	35 000
7. Skógar	2 000
8. Laugarvatn	6 000
	182 000

10. Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra. a. Fyrir „1 655 000“ kemur	1 376 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).

1. Vegna uppgjörs lokinna verkefna í Reykjavík	18 200
2. Hólabrekkuskóli 1. og 2. áf.	40 000
3. Ölduselsskóli 1. áf.	35 000
4. Seljaskóli 1. áf.	50 000
5. Hvassaleitisskóli 3. áf.	20 000

		Þús. kr.
6.	Hlíðaskóli, íþróttahús	15 000
7.	Vogaskóli	10 000
8.	Langholtsskóli	20 000
9.	Kvennaskóli	30 000
10.	Kópavogur, Kópavogsskóli	2 000
11.	Kópavogur, íþróttahús	33 000
12.	Kópavogur, Snælandsskóli	27 000
13.	Hafnarfjörður, íþróttahús	1 000
14.	Hafnarfjörður, Víðistaðaskóli	5 000
15.	Hafnarfjörður, Engidalsskóli	15 000
16.	Hafnarfjörður, Lækjarskóli	8 000
17.	Seltjarnarnes, sundlaug	8 000
18.	Seltjarnarnes, Valhúsaskóli	4 000
19.	Mosfellshreppur, íþróttahús	13 000
20.	Mosfellshreppur, barnaskóli	6 500
21.	Garðabær, gagnfræðaskóli	30 000
22.	Keflavík, gagnfræðaskóli	10 000
23.	Keflavík, íþróttahús	30 000
24.	Grindavík, skóli	15 000
25.	Njarðvík, íþróttahús	8 000
26.	Njarðvík, skóli	4 000
27.	Sandgerði, íþróttahús	13 000
28.	Vatnsleysustrandarhreppur, skóli	10 000
29.	Bessastaðahreppur, skóli	10 000
30.	Kjalarneshreppur, lausar stofur	3 000
31.	Akranes, barnaskóli, lóð og kyndist.	5 000
32.	Akranes, barnaskóli, nýr	3 000
33.	Akranes, íþróttahús	6 000
34.	Hvanneyri, íbúðir	500
35.	Kleppjárnsreykir, skóli	18 000
36.	Varmalandsskóli, íbúðir	3 000
37.	Varmalandsskóli, íþróttahús	10 000
38.	Varmalandsskóli, vatnsveita	3 000
39.	Borgarnes, íþróttahús	22 000
40.	Hellissandur, íbúð	2 500
41.	Hellissandur, íþróttahús	5 000
42.	Hellissandur, skóli	10 000
43.	Ólafsvík, skóli	12 000
44.	Grundarfjörður, skóli	3 000
45.	Grundarfjörður, sundlaug	2 400
46.	Stykkishólmur, skóli	6 000
47.	Búðardalur, skóli	3 000
48.	Ísafjörður, íbúð í Hnífsdal	2 000
49.	Bolungarvík, íþróttahús	3 000
50.	Bolungarvík, bókasafn	1 500
51.	Reykhólar, 2. áf.	12 000
52.	Barðastrandarhr., skóli	8 000
53.	Patreksfjörður, skóli	6 500
54.	Þingeyri, skóli	10 000
55.	Mýrahreppur, barnaskóli	7 000
56.	Flateyri, íþróttahús	10 000
57.	Suðureyri, skóli	3 000
58.	Hólmavík, skóli	3 000
59.	Fells- og Óspakseyrarhr., skóli	12 000

		Þús. kr.
60.	Bæjarhreppur, skóli	3 000
61.	Flateyjarhreppur	2 000
62.	Sauðárkrókur, heimavistir	30 000
63.	Sauðárkrókur, gagnfræðaskóli	4 000
64.	Staðarhreppur, skóli og íbúð	2 000
65.	Laugarbakki, skóli og íbúð	11 000
66.	Hvammstangi, sundl.	6 000
67.	Þverárhreppur, skóli	2 000
68.	Húnavellir, skóli	30 000
69.	Blönduós, skóli	2 000
70.	Skagaströnd	10 000
71.	Varmahlíð, skóli	23 000
72.	Varmahlíð, íbúðir	5 000
73.	Lýtingsstaðahreppur	2 000
74.	Hólahreppur, skóli	7 500
75.	Hofsós, skóli	10 000
76.	Haganeshreppur, skóli og sundlaug	4 000
77.	Akureyri, Glerárskóli, 2. áf.	20 000
78.	Akureyri, Lundarskóli	25 000
79.	Akureyri, Oddeyrarskóli	3 500
80.	Akureyri, íþróttahús	25 000
81.	Húsavík, gagnfræðaskóli	9 000
82.	Ólafsfjörður, gagnfr.sk.	4 000
83.	Ólafsfjörður, barnaskóli	3 000
84.	Dalvík, heimavistir	7 000
85.	Árskógshr., íb., sundlaug	3 000
86.	Svarfaðard., mötuneyti	1 000
87.	Laugaland, skóli og íbúð	8 000
88.	Hrafnagil, skóli, 3. áf.	10 000
89.	Grenivík, skóli	12 000
90.	Stórutjarnarskóli	10 500
91.	Reykdælahreppur, skóli	2 000
92.	Hafralækur, skóli	5 000
93.	Hafralækur, íþróttahús	5 000
94.	Skúlagarður, íbúð	1 400
95.	Lundur, skóli	18 000
96.	Kópasker	2 000
97.	Raufarhöfn, íþróttahús	10 000
98.	Þórshöfn, skóli	5 000
99.	Seyðisfjörður, sundl.	2 000
100.	Seyðisfjörður, skóli	5 000
101.	Seyðisfjörður, bókasafn	2 000
102.	Neskaupstaður, barnask.	4 000
103.	Neskaupstaður, gagnfr.skóli	20 000
104.	Eskifjörður, skóli	10 000
105.	Vopnafjörður, Torfastaðaskóli	4 000
106.	Jökuldalshreppur, íþróttahús	2 000
107.	Hlíðarhreppur, skóli	18 000
108.	Egilsstaðir, skóli	10 000
109.	Egilsstaðir, sundlaug	2 000
110.	Egilsstaðir, íþróttahús	10 000
111.	Mjóifjörður, skóli	3 000
112.	Eiðahreppur, endurbætur	1 000
113.	Reyðarfjörður, íþróttah.	10 000

		Þús. kr.	
114.	Búðahreppur, skóli	12 000	
115.	Breiðdalshreppur, skóli	6 000	
116.	Djúpivogur, skóli og íþróttahús	6 600	
117.	Geithellnahreppur	4 000	
118.	Bæjarhreppur, skóli	2 000	
119.	Nesjaskóli, 3. áf.	10 000	
120.	Höfn, 2. áf.	15 000	
121.	Vestmannaeyjar	40 000	
122.	Kirkjubæjarklaustur	2 000	
123.	Vík, skóli	9 000	
124.	A.-Eyjafjöll, íb.	2 000	
125.	A.-Landeyjahreppur, skóli	3 000	
126.	V.-Landeyjahreppur, sk. og íbúð	4 500	
127.	Fljótshlíð, skóli	1 000	
128.	Eyrarbakki, st. skóla	3 000	
129.	Hvolhreppur, skóli	18 000	
130.	Rangárvallahreppur	8 000	
131.	Laugaland, íbúð	4 000	
132.	Selfoss, skóli	44 000	
133.	Selfoss, verknámshús	18 000	
134.	Hraungerðishreppur, 1. st. og íbúð	4 000	
135.	Skeiðahreppur, handav.st.	1 000	
136.	Hrunamannahreppur	700	
137.	Laugardalshr., lóð og íbúð	2 500	
138.	Þorlákshöfn, skóli	12 000	
			1 364 300

Til undirbúnings framkvæmdum við skólabyggingar:

1.	Breiðholtsskóli	300
2.	Ölduselsskóli	300
3.	Gerðahreppur, íþróttaaðstaða	300
4.	Hvanneyri, skóli	300
5.	Varmaland, skóli	300
6.	Borgarnes, skóli	300
7.	Laugagerði, skóli	300
8.	Grundarfjörður, íþróttahús	300
9.	Bolungarvík, skóli	300
10.	Geiradalshreppur, heimavist	300
11.	Patreksfjörður, endurb. íbúð	300
12.	Tálknafjörður, skóli	300
13.	Bíldudalur, íþróttahús	300
14.	Súðavík, skóli	300
15.	Sauðárkrókur, barnaskóli	300
16.	Laugarbakki, íþróttaaðstaða	300
17.	Lýtingsstaðahreppur	300
18.	Hofsós, 4. áf.	300
19.	Lundarskóli, Ak., 3. áf.	300
20.	Húsavík, barnaskóli	300
21.	Húsavík, íþróttaaðstaða	300
22.	Dalvík, skóli	300
23.	Hrísey	300
24.	Skútustaðahreppur, sundlaug	300
25.	Hafralækur, íbúð	300

		Þús. kr.
26. Vopnafjörður, íþróttahús	300	
27. Hallormsstaður, íþróttaaðstaða	300	
28. Eiðahreppur, skóli	300	
29. Stöðvarhreppur, skóli	300	
30. Nesjahreppur, sundlaug	300	
31. Mýrahreppur, íbúð	300	
32. Vestmannaeyjar, íbúð	300	
33. Hvolhreppur, íþróttaaðstaða	300	
34. Hvammshreppur, íbúð	300	
35. Laugalandsskóli, stækkun og borun	300	
36. Stokkseyri, íþróttaaðstaða	300	
37. Hraungerðishreppur, skóli	300	
38. Biskupstungnahreppur, íbúð	300	
39. Hveragerði, skóli	300	
		11 700
		1 376 000

11. Við 4. gr. 02 793 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn. Við liðinn bætist:

Viðfangsefni:		
0101 Hlíðaskóli	8 000	
1002 Öskjuhlíðarskóli	26 000	
1003 Lyngás	26 000	
		60 000

12. Við 4. gr. 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna:
    a. Við 20 Laun.
    Fyrir „238 127“ kemur 243 127
    b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
    Fyrir „65 716“ kemur 68 716
    c. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
    Fyrir „5000“ kemur 7 000
13. Við 4. gr. 02 802 0105 Náms- og hælisvist unglinga.
    Fyrir „500“ kemur 700
14. Við 4. gr. 02 802 0107 Til sumardvalarheimila.
    Fyrir „2 000“ kemur 2 500
15. Við 4. gr. 02 881 0112 Félagsstofnun stúdenta.
    Fyrir „14 000“ kemur 19 000
16. Við 4. gr. 02 975 Vísindasjóður.
    Fyrir „5 000“ kemur 8 000
17. Við 4. gr. 02 982 02. Í stað liðarins kemur:
    0108 Launasjóður rithöfunda 47 181
    0109 Rithöfundasjóður Íslands 18 451
    0110 Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga 902
    0111 Til Rithöfundasambands Íslands 300
    0112 Til Höfundamiðstöðvar 200
18. Við 4. gr. 02 982 03. Í stað liðarins kemur:
    0116 Til lúðrasveita 1 250
    0117 Til annarrar tónlistarstarfsemi 3 000
19. Við 4. gr. 02 982 04. Í stað liðarins kemur:
    0121 Til listasafna 3 500
    0122 Til myndlistarsýninga 500
    0123 Til listiðnaðarmála 400

Þús. kr.

20. Við 4. gr. 02 982 05. Liðurinn orðast svo:
0126 Til innlendrar kvikmyndagerðar 1 000
21. Við 4. gr. 02 982 06. Liðurinn orðast svo:
0131 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis 9 000
22. Við 4. gr. 02 982 07. Liðurinn orðast svo:
0132 Listamannalaun, úthlutað af nefnd sem Alþingi kýs skv. l. nr. 29/1967 ..... 27 000
23. Við 4. gr. 02 982 08. Í stað liðarins kemur:
0136 Til listkynningar 1 000
0137 Til Bandalags ísl. listamanna 250
0138 Starfslaun listamanna 6 530
0139 Til lista og menningarmála almennt 6 300
24. Við 4. gr. 02 984 0103 Til Norræna félagsins.
Fyrir „700“ kemur 1 000
25. Við 4. gr. 02 986 Íþróttasjóður:
a. Við 0103 Rekstrarstyrkir o. fl.
Fyrir „13 700“ kemur 19 000
b. Við 0104 Til byggingar íþróttamannvirkja.
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Til byggingar íþróttamannvirkja (02 986 0104).

a. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1973:

1.	Fimleikafél. Hafnarfjarðar, íþróttavöllur	725
2.	Kópavogur, leikvangur, I. áfangi	2 794
3.	Reykjavík, Árbæjarvöllur	195
4.	Reykjavík, Bláfjöll, skíðamannvirki	4 937
5.	Reykjavík, II. áf., Laugardalsframkvæmdir ..	2 049
6.	Reykjavík, II. áf., Sundlaug Vesturbæjar	4 000
7.	Knattspyrnufélagið Fram, Rvík, vallarhús ..	2 538
8.	Glímufélagið Ármann, Rvík, íþróttahús	5 200
9.	Knattspyrnufélagið Valur, Rvík, grasvöllur ..	220
10.	Knattspyrnufélag Reykjavíkur, íþróttahús ..	4 483
11.	Ísafjörður, gras- og malarvöllur	100
12.	Ólafsfjörður, malarvöllur	1 667
13.	Knattspyrnufélagið Þór, Akureyri, malarvöllur	473
14.	Húsavík, grasvöllur	2 740
15.	Vestmannaeyjar, stækkun grasvallar	1 000
16.	Gerðahreppur, malarvöllur	567
17.	Umf. Þróttur, Vatnsleysustrandarhr., malarvöllur	826
18.	Umf. Afturelding, Mosfellssveit, malarvöllur ..	494
19.	Borgarnes, malarvöllur	2 203
20.	Ums. Borgarfj., Varmalandi, Mýras., íþróttavöllur	1 335
21.	Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	757
22.	Stykkishólmur, Snæf., malarvöllur	2 679
23.	Patreksfjörður, V.-Barð., malarvöllur	50
24.	Þingeyri, V.-Ís., malarvöllur	50
25.	Höfðahreppur (Skagaströnd), A.-Hún., malarvöllur	1 543
26.	Þórshöfn, N.-Þing., sundlaug	2 717
27.	Egilsstaðir, S.-Múl., malarvöllur	2 109
28.	Hvammshreppur (Vík í Mýrdal), malarvöllur	50
29.	Selfoss, Árn., íþróttasvæði	1 500
		50 001

Þús. kr.

b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1974:

1.	Knattspyrnufélagið Haukar, Hafnarf., íþróttahús	5 000
2.	Golfkl. Keilir, Hafnarfirði, völlur og hús	709
3.	Kópavogur, malarvöllur og vallarhús	162
4.	Tennis- og badmintonfél. Reykjav., íþróttahús	6 000
5.	Knattspyrnufél. Reykjav., grasvöllur og þaklag	4 000
6.	Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, skíðaskáli	1 240
7.	Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, skíðaskáli	1 103
8.	Knattspyrnufélagið Víkingur, Rvík, grasvöllur	2 000
9.	Knattspyrnufélagið Fram, Rvík, grasvöllur	50
10.	Reykjavík, vallarhús við Árbæjarvöll	5 000
11.	Reykjavík, vélfryst skautasvell	50
12.	Akranes, hlaupabraut	3 491
13.	Golfkl. Leynir, Akranesi, völlur	203
14.	Sauðárkrókur, framhaldsframkv. við íþróttavöll	500
15.	Golfklúbbur Siglufjarðar, golfvöllur	1 013
16.	Skíðafél. Siglufjarðar, Skíðaborg, stökkbraut	600
17.	Íþróttabandalag Siglufj., íþróttamiðstöð að Hóli	1 193
18.	Ólafsfjörður, golfvöllur	1 085
19.	Akureyri, troðari og skíðatogbraut	4 605
20.	Akureyri, skíðastökkbraut	600
21.	Knattspyrnufélag Akureyrar, malarvöllur	958
22.	Sjóróðrarfél. Akureyrar, bátar	40
23.	Húsavík, skíðatogbraut	1 282
24.	Neskaupstaður, malarvöllur	2 000
25.	Vestmannaeyjar, malarvöllur	860
26.	Miðneshreppur (Sandgerði) malarvöllur	1 200
27.	Njarðvíkurkaupstaður, malarvöllur	750
28.	Grindavík, malarvöllur	119
29.	Umf. Íslendingur, Andakílshreppi, Borg.	209
30.	Umf. Dagrenning, Lundarreykjadal, Borg., völlur	152
31.	Umf. Bardstrendinga, V.-Barð., sundlaug	469
32.	Flateyrarhreppur, V.-Ís., völlur	581
33.	Suðureyrarhreppur, V.-Ís., völlur	691
34.	Hólmavíkurhreppur, Strandas., völlur	137
35.	Umf. Kirkjubólshr., Strand., völlur	275
36.	Hvammstangahreppur, V.-Hún., malarvöllur	1 917
37.	Umf. Öxndæla, Eyjafirði, völlur	148
38.	Umf. Geislinn, Aðaldalshr., S.-Þing., malarvöllur	1 015
39.	Reykjahreppur, S.-Þing., grasvöllur	231
40.	Skútustaðahr., S.-Þing., malarvöllur	67
41.	Umf. Bjarmi, Hálshreppi, S.-Þing., völlur	304
42.	Umf. Borgarfjarðar, N.-Múl., grasvöllur	145
43.	Eskifjörður, malarvöllur	1 000
44.	Umf. Hrafnkell Freysgoði, Breiðdalshr., völlur	93
45.	Umf. Máni, Nesjahreppi, A.-Skaft., malarvöllur	296
46.	Hafnarhreppur, A.-Skaft., malarvöllur	2 000
47.	Hveragerði, böð við sundlaug	2 000
		57 543

Þús. kr.

c. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1975:

1.	Golfkl. Suðurnesja, Keflavík, golfvöllur	1 060	
2.	Seltjarnarnes, íþróttavöllur	100	
3.	Fimleikafélag Hafnarfjarðar, grasvöllur	2 800	
4.	Garðabær, tæki, íþróttav. og flutningur sundl.	3 000	
5.	Reykjavík, íþróttavöllur í Fossvogi	5 000	
6.	Rvk., Breiðholt II, grasv., h'aupabr., malarv.	5 000	
7.	Knattspyrnufélag Reykjavíkur, skíðad., skíðal.	1 700	
8.	Íþróttafél. Rvíkur., skáli í Bláfjöllum	344	
9.	Knattsp.fél. Þróttur, Rvík, vallarh. og grasv.	6 000	
10.	Ólafsvíkurhr., grasvöllur	3 000	
11.	Stykkishólmur, sundl., II. áfangi	690	
12.	Golfklúbbur Borgarness, golfvöllur	700	
13.	Héraðs- og íþróttahús, Varmal., Mýr., baðst.	650	
14.	Íþróttafél. Grettir, Flateyri, skíðal.	700	
15.	Siglufj., malarv. og vallarhús	1 955	
16.	Skíðafél. Siglufjarðar, Skíðab., skíðal	3 000	
17.	Skíðafél. Fljótamanna, Holts- og Hagan.hr., skíðamv.	50	
18.	Raufarhafnarhreppur, íþr.völlur	1 000	
19.	Umf. Mývatnssv., Skútustaðahr., vallarhús	420	
20.	Héraðssamb. S.-Þing., stækkun héraðsv., Laugum	730	
21.	Golfklúbbur Húsavíkur, golfv.	160	
22.	Skútust.hr., S.-Þing., vallarhús og sundl.	2 370	
23.	Þórshöfn, N.-Þing., íþróttavöllur	1 000	
24.	Golfkl. Hafnarhr., A.-Skaft., golfv. og tæki	290	
25.	Búðakauptún, S.-Múl., íþróttavöllur	1 400	
26.	Umf. Hrunamanna, Árn., lúkning laugarhúss	128	
27.	Umf. Skeiðamanna, búningskl. v. sundlaug	1 900	
28.	Ölfushreppur, íþróttav. í Þorlákshöfn	680	
29.	Selfoss, stækkun vallarhúss	1 750	
			47 577

d. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1976:

1.	Grindavík, grasvöllur	50
2.	Íþróttafél. Gerpla, Kópavogi, fimleikatæki	181
3.	Mosfellshr., Kjósarsýslu, setlaug	180
4.	Fiml.fél. Hafnarfj., áhorfendasv., handknattleiks- og körfuknattleiksvöllur	3 500
5.	Kópavogur, endurb. á sundl. v. hitaveitu og setlaug	600
6.	Keflavík og Grindavík, júdódýna	122
7.	Kópavogur, II. áf., áhorfendasv. ásamt búningsklefum, böðum og girðingu	7 500
8.	Breiðablik, Kópavogi, skíðal.	250
9.	Garðabær, tæki	154
10.	Hafnarfjörður, setlaug	670
11.	Reykjavík, laugarh. v. Sundl. Reykjavíkur	6 664
12.	Reykjavík, Laugardalsv., III. áf., gerviefni á hlaupabr., gras á eystri völl og búningsherb.	12 000
13.	Reykjavík, Árbæjarv., II. áf., grasvöllur	3 200
14.	Reykjavík, Bláfjöll, II. áf., lýsing í brekkur, skíðal., snjótroðari og þjónustuhús	1 200

		Þús. kr.	
15.	Reykjavík, júdódýna og mishá tvíslá	166	
16.	Knattspyrnufélag Reykjavíkur, lyftusk. og lýsing í brekkur	800	
17.	Glímufél. Ármann (skíðad.), skíðal.	1 200	
18.	Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, skíðal., lyftuhús, lýsing í brekkur og snjógrindur	1 300	
19.	Golfkl. Rvík, lokaframkv. við golfv. og skála	700	
20.	Knattspyrnufél. Valur, Rvík, II. áf. grasvallar	1 000	
21.	Knattspyrnufél. Reykjavíkur, stækkun vallarsvæðis	2 400	
22.	Íþróttafél. Reykjavíkur, endurb. skíðaskála í Hamrag.	600	
23.	Akranes, tæki á völl og í íþróttahús	248	
24.	Akranes, endurb. á Bjarnalaug	860	
25.	Staðarsv., Snæf., íþróttavöllur	10	
26.	Laxárdalshreppur, Dal., sundlaug	520	
27.	Umf. Dagrenning, Lundarreykjadal, framhaldsframkv. við sundlaug	100	
28.	Súðavíkurhreppur, N.-Ís., malarvöllur	220	
29.	Suðureyrarhreppur, V.-Ís., skíðalyfta	340	
30.	Íþróttabandalag Ísafj., skíðamannvirki	1 000	
31.	Ísafj., endurb. á sundh. og íþróttahúsi	500	
32.	Bolungarvík, skíðalyfta	1 000	
33.	Bolungarvík, hlutd. í sundlaug	3 000	
34.	Höfðahreppur, A.-Hún., skíðalyfta	330	
35.	Höfðahreppur, A.-Hún., hreinsit. í sundlaug	218	
36.	Umf. Tindastóll, Sauðárkr., skíðalyfta	390	
37.	Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	500	
38.	Hofsóshreppur, Skag., íþróttavöllur	50	
39.	Íþróttabandal. Siglufj., skíðalyfta	1 000	
40.	Reykjahreppur, S.-Þing., sundlaug	300	
41.	Húsavík, hreinsit. í sundlaug	289	
42.	Húsavík, framkv. við sundl.	500	
43.	Ólafsfjörður, grasvöllur	1 000	
44.	Akureyri, lýsing í skíðabrekkur	1 000	
45.	Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	500	
46.	Golfkl. Akureyrar, golfvöllur	280	
47.	Golfkl. Akureyrar, golfskáli	560	
48.	Knattspyrnufél. Akureyrar, vallarh. og girðing	3 000	
49.	Íþróttafél. Þór, Akureyri, grasvöllur	700	
50.	Dalvík, grasvöllur og hlaupabraut	100	
51.	Dalvík, skíðalyfta	1 900	
52.	Dalvík, vallarhús o. fl.	100	
53.	Seyðisfjörður, baðstofa	290	
54.	Seyðisfjörður, endurb. tækja í sundhöll	1 400	
55.	Reyðarfjörður, S.-Múl., malarvöllur	500	
56.	Íþróttafél. Þróttur, Neskaupstað, skíðal.	900	
57.	Búlandshreppur, S.-Múl., sundlaug	600	
58.	Golfkl. Selfoss, golfvöllur	300	
59.	Selfoss, útilaug við sundhöll	3 000	
			71 942

Þús. kr.

e. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1977:

1.	Umf. Breiðablik, Kópav., skíðaskáli	240
2.	Íþróttafél. Gerpla, Kópav., fimleikatæki	232
3.	Umf. Keflavíkur, Keflavík, æfingahús	900
4.	Hafnarfjörður, hitakerfi í sundlaug	1 170
5.	Njarðvíkurbær, þrekþjálfunartæki	104
6.	Reykjavík, skíðalyfta í Bláfjöllum	7 000
7.	Reykjavík, ýmis stór íþróttatæki	600
8.	Knattspyrnufél. Fram, skíðaskáli	200
9.	Glímufél. Ármann, fimleikatæki	110
10.	Íþróttafél. Fylkir, Rvík, fimleikatæki	210
11.	Knattspyrnufél. Reykjav. (fimleikad.), fimleikatæki	169
12.	Knattspyrnufél. Reykjav., snjótroðari	360
13.	Ungtemplarafél. Hrönn, lýsing í skíðabrekkur	140
14.	Héraðssamb. V.-Ísf., héraðsv. að Núpi	460
15.	Íþróttabandal. Ísafj., skíðatroðari	360
16.	Umf. Hvöt, Blönduósi, þrekþjálfunartæki	132
17.	Sauðárkrókur, hlutdeild í laugarhúsi	400
18.	Umf. Saurbæjarhr. og bindindisf. Dalbúinn Eyjaf., vallarh.	148
19.	Húsavík, þrekþjálfunart.	227
20.	Akureyri, skíðalyfta í Hlíðarfjalli	1 000
21.	Umf. Vísir, Hlíðarhr., N.-Múl., íþróttavöllur	145
22.	Umf. Hróar, Tunguhr., N.-Múl., íþróttavöllur	145
23.	Biskupstungnahr., hlutdeild í sundlaug	1 800
24.	Skeiðahr., Árn., hlutdeild í sundlaug	800
		17 052

f. Ný íþróttamannvirki:

1.	Siglingaklúbbur Garðabæjar, bátan.	200
2.	Siglingafél. Ýmir, Kópavogi, bátan.	200
3.	Gerðahr. og Gullbr.s., I. áf., íþr.h. og sundlaug	100
4.	Íþróttafél. Reykjav., fimleikat.	100
5.	Knattspyrnufél. Fram, skíðal.	200
6.	Siglingakl. Brokey, bátabr.	50
7.	Knattspyrnufél. Reykjav. (skíðad.), skíðal.	200
8.	Íþróttafél. Reykjav. (skíðad.), skíðal.	200
9.	Júdófél. Reykjav., júdódýna	100
10.	Reykjavík, stór íþróttat.	200
11.	Íþróttafél. fatlaðra, íþróttavöllur	150
12.	Knattsp. Valur (skíðask.), lokaframkv. við skíðaskála	50
13.	Umf. Haukar, Leirár- og Melasv., íþróttav.	100
14.	Akranes, íþróttahús	100
15.	Tálknafjarðarhr. íþróttav.	100
16.	Umf. Djúpverji, N.-Ís., íþróttav.	50
17.	Umf. Önundur, Mosvallahr., V.-Ís., völlur	50
18.	Lýtingsstaðahreppur, Skagaf., sundl.	50
19.	Akureyri, skautasv., girðing og skáli	200
20.	Akureyri, skíðastökkbr. í Hlíðarfj.	100
21.	Knattspyrnufél. Ak., grasvöllur	75
22.	Íþróttaf. Leiftur, Ólafsf., skíðal.	50
23.	Íþróttafél. Þór, Ak., vallarhús	200

		Þús. kr.
24. Umf. Bjarmi, Hálshr., S.-Þing., vallarh.	50	
25. Neskaupst., hreinsi- og hitunart. í sundlaug og girðing	50	
26. Íþróttaf. Huginn, Seyðisf., skíðal.	100	
27. Búðahr., S.-Múl., skíðalyfta	100	
28. Búðahr., baðst. og endurb. á sundlaug	50	
29. Nesk., Eskifj. og Reyðarfj.hr., skíðamiðst. Oddsskarði	200	
30. Umf. Sindri, Hafnarhr., A.-Skaft., skíðal.	50	
31. Golfklúbbur Vestmannaeyja	50	
32. Umf. Gnúpverja, Árn., íþróttav.	50	
		3 525
		247 640

26. Við 4. gr. 02 988 Æskulýðsmál.

a. Fyrir „23 720“ kemur		33 150
b. Viðfangsefni orðast þannig:		
0102 Æskulýðsráð ríkisins	5 500	
0104 Ungmennafélag Íslands	18 000	
0105 Bandalag ísl. skáta	5 000	
0106 Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns	1 000	
0107 Bandalag ísl. farfugla	200	
0115 Íslenskir ungtemplarar	1 350	
0117 KFUM og KFUK, starfsstyrkir	1 000	
0118 Starfsemi KFUM í Vatnaskógi	600	
0119 Starfsemi KFUK í Vindáshlíð	500	
		33 150

27. Við 4. gr. 02 989 Ýmis íþróttamál.

a. Fyrir „48 732“ kemur		68 350
b. Viðfangsefni orðast þannig:		
0102 Íþróttasamband Íslands	60 000	
0104 Ferðakennsla í íþróttum	350	
0108 Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	1 000	
0109 Til íþróttamála fatlaðra	3 000	
0110 Til Ólympíunefndar	2 500	
0112 Sumarnámskeið í Heiðarskóla	1 500	
		68 350

28. Við 4. gr. 03 399 0104 Samskipti við Vestur-Íslendinga.
Fyrir „5 000“ kemur 7 000

29. Við 4. gr. 04 205 Veiðistjóri. Nýr liður:
94 Til einstaklinga og samtaka 500

30. Við 4. gr. 04 241 0112 Til grænfóðurverksmiðja.
Fyrir „29 500“ kemur 35 848

31. Við 4. gr. 1 04 241 0115 Liðurinn orðast svo:
Inn-Djúpsáætlun 7 000

32. Við 4. gr. 04 247 0107 Bygging dýralæknabústaða.
Fyrir „25 200“ kemur 30 000

33. Við 4. gr. 04 286 0104 Landþurrkun.
a. Fyrir „900“ kemur 1 100

Þús. kr.

b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Landþurrkun (04 286 0104).

1.	Út-Hjaltastaðaþinghá	150
2.	Leiðvallarhreppur	150
3.	Dyrhólaós	200
4.	Holtsós	200
5.	Austur-Landeyjar	200
6.	Vestur-Landeyjar	200
		1 100

34. Við 4. gr. 04 299 0104 Til Landssambands ísl. hestamannafélaga.
Fyrir „150“ kemur 200
35. Við 4. gr. 06 253 Almannavarnir.
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „8757“ kemur 9 257
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
36. Við 4. gr. 06 301 0130 Til Kirkjukórasambands Íslands.
Fyrir „150“ kemur 300
37. Við 4. gr. 07 981 0110 Liðurinn orðist svo:
Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga 5 000
38. Við 4. gr. 07 999 0101 Aðstoð við blinda. Liðurinn fellur niður.
39. Við 4. gr. 07 999 0115 Styrktarfélag vangefinna. Liðurinn fellur niður.
40. Við 4. gr. 07 999 0121 Neytendasamtökin.
Fyrir „750“ kemur 1 000
41. Við 4. gr. 07 999 0123 Til sjómannastofa.
Fyrir „2 000“ kemur 2 500
42. Við 4. gr. 07 999 0125 Öryrkjabandalag Íslands.
Fyrir „1 000“ kemur 1 500
43. Við 4. gr. 07 999 0127 Liðurinn orðast svo:
Blindrafélagið 2 500
44. Við 4. gr. 07 999 0135 Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi. Liðurinn orðast svo:
Landssamtökin Þroskahjálp 1 000
45. Við 4. gr. 07 999 0136 Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi. Liðurinn fellur niður.
46. Við 4. gr. 07 999. Nýr liður:
0139 Blindravinafélagið 500
47. Við 4. gr. 07 999. Nýr liður:
0140 Til talbókagerðar fyrir blinda og sjónskerta 1 200
48. Við 4 gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.
Sundurliðunin kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 0301).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

1.	Reykjavík, þjónustudeild	60 000
2.	Reykjavík, B-álma	80 000
3.	Reykjavík, Arnarholt	35 000
4.	Reykjavík, heilsugæslust. Árbæ, skuldagr.	5 000
5.	Reykjavík, heilsugæslust. Breiðholti, hönnun	3 000
6.	Akranes, sjúkrahús	45 000
7.	Ólafsvík, H 2, hönnun	3 000

		Þús. kr.	
8.	Stykkishólmur, H 2, hönnun	3 000	
9.	Búðardalur, H 2	16 000	
10.	Bíldudalur, læknamóttaka, skuldagr.	1 000	
11.	Patreksfjörður, H 2	60 000	
12.	Bolungarvík, H 1	21 000	
13.	Ísafjörður, sjúkrahús	150 000	
14.	Hólmavík, H 1, hönnun	2 000	
15.	Hvammstangi, H 2	25 000	
16.	Blönduós, sjúkrahús og H 2	25 000	
17.	Sauðárkrókur, sjúkrahús	45 000	
18.	Ólafsfjörður, H 1	38 000	
19.	Dalvík, H 2	10 000	
20.	Akureyri, sjúkrahús	200 000	
21.	Raufarhöfn, v/tækjakaupa	3 000	
22.	Vopnafjörður, H 1	15 000	
23.	Egilsstaðir, skuldagr.	6 000	
24.	Seyðisfjörður, H 1	31 000	
25.	Neskaupstaður, sjúkrahús	60 000	
26.	Fáskrúðsfjörður H 1	10 000	
27.	Höfn, H 2	10 000	
28.	Kirkjubæjarklaustur, H 1	16 000	
29.	Vík, H 1	21 000	
30.	Hvolsvöllur, H 1	16 000	
31.	Hella, H 1	8 000	
32.	Vestmannaeyjar, sjúkrahús, skuldagr.	20 000	
33.	Laugarás, H 2, skuldagr.	4 000	
34.	Selfoss, sjúkrahús	60 000	
35.	Keflavík, sjúkrahús	50 000	
36.	Hafnarfjörður, Sólvangur	10 000	
37.	Seltjarnarnes, H 2	20 000	
			1 187 000
b.	Læknamiðstöðvar og læknamóttökur í leiguhúsnæði. Styrkur vegna breytinga á húsnæði eða tækjakaupa.		
1.	Hrísey	3 000	
2.	Akureyri	4 000	
3.	Þorlákshöfn	3 000	
4.	Grindavík	1 500	
5.	Miðneshreppur	1 500	
6.	Gerðar	1 500	
7.	Keflavík	1 500	
8.	Vatnsleysustrandarhreppur	1 000	
9.	Álafoss	5 000	
			22 000
c.	Læknabústaðir:		
1.	Borgarnes	10 000	
2.	Stykkishólmur	2 000	
3.	Búðardalur	3 000	
4.	Reykhólar	3 000	
5.	Þingeyri	15 000	
6.	Flateyri	3 000	
7.	Hólmavík	1 000	
8.	Hvammstangi	5 000	
9.	Skagaströnd, skuldagr.	1 500	

		Þús. kr.
10. Sauðárkrókur	8 000	
11. Siglufjörður	15 000	
12. Húsavík v/H 2	2 000	
13. Húsavík v/sjúkrahúss	10 000	
14. Seyðisfjörður, skuldagr.	500	
15. Neskaupstaður, skuldagr.	2 500	
16. Egilsstaðir, endurbætur	3 000	
17. Fáskrúðsfjörður	4 500	
18. Selfoss, skuldagr.	2 000	
		91 000
		1 300 000

49. Við 4. gr. 08 399 0127 Sjúkraflug.
Fyrir „5 800“ kemur 7 500

50. Við 4. gr. 08 399. Nýr liður:
0206 Grensásdeild Borgarspítalans, sundlaug 3 000

51. Við 4. gr. 08 399. Nýr liður:
0207 Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 2 000

52. Við 4. gr. 10 211 Vegagerð 94 Til einstaklinga og samtaka.
Fyrir „4 000“ kemur 5 000

53. Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).

1. Akranes	100 000
2. Borgarnes	11 900
3. Arnarstapi	1 800
4. Hellnar	1 100
5. Ólafsvík	72 400
6. Grundarfjörður	700
7. Stykkishólmur	9 000
8. Patreksfjörður	31 600
9. Tálknafjörður	700
10. Bíldudalur	9 000
11. Þingeyri	16 800
12. Flateyri	1 000
13. Suðureyri	5 200
14. Bolungarvík	77 000
15. Ísafjörður	19 100
16. Súðavík	6 500
17. Hólmavík	7 200
18. Drangsnes	1 500
19. Blönduós	15 000
20. Skagaströnd	40 500
21. Sauðárkrókur	8 000
22. Siglufjörður	63 600
23. Ólafsfjörður	52 500
24. Dalvík	5 700
25. Árskógssandur	12 200
26. Hauganes	7 700
27. Hjalteyri	21 300
28. Akureyri	46 500
29. Grímsey	17 600

		Þús. kr.
30. Húsavík	40 900	
31. Kópasker	15 000	
32. Raufarhöfn	4 500	
33. Þórshöfn	31 100	
34. Bakkafjörður	6 200	
35. Vopnafjörður	65 000	
36. Borgarfjörður eystri	41 800	
37. Seyðisfjörður	1 100	
38. Neskaupstaður	46 600	
39. Eskifjörður	23 900	
40. Fáskrúðsfjörður	22 600	
41. Breiðdalsvík	5 000	
42. Djúpivogur	2 000	
43. Hornafjörður	10 000	
44. Vestmannaeyjar	37 600	
45. Eyrarbakki	7 500	
46. Dyrhólaey	8 800	
47. Sandgerði	83 800	
48. Hafnarfjörður	52 600	
49. Vogar	900	
		1 170 000

54. Við 4. gr. 10 333 0104 Ferjubryggjur.
a. Fyrir „21 000“ kemur 28 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ferjubryggjur (10 333 0104).

1. Árskógssandur	5 000	
2. Flatey á Breiðafirði	1 500	
3. Reykjanes	1 000	
4. Æðey	6 000	
5. Gemlufall	7 000	
6. Brjánslækur	2 000	
7. Svefneyjar	2 000	
8. Skáleyjar	1 000	
9. Hvítanes	1 000	
10. Viðhald	1 500	
		28 000

55. Við 4. gr. 10 333 0108 Sjóvarnargarðar.
a. Fyrir „35 000“ kemur 36 300
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10 333 0108).

1. Akranes	1 000	
2. Álftanes	2 000	
3. Eyrarbakki, Stokkseyri	15 000	
4. Gerðar	1 000	
5. Grótta	1 000	
6. Húsavík	3 000	
7. Miðneshreppur	2 000	
8. Patreksfjörður	3 300	
9. Selvogur	4 000	
10. Vogar	4 000	
		36 300

Þús. kr.

56. Við 4. gr. 10 342 Sjóslysanefnd. Nýr liður:
6 Gjaldfærður stofnkostnaður 1 000

57. Við 4. gr. 11 299 0108. Liðurinn orðast svo:
Til athugana á orkufrekum iðnaði 10 000

58. Við 4. gr. 11 299 0115 Ullar- og skinnaverkefni.
Fyrir „5 000“ kemur 8 000

59. Við 5. gr. 30 471 Flugmálastjórn 983 Fjárfestingar.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar í flugmálum (30 471 983).

1.	Reykjavík:		
	a. Ýmiss búnaður	94 900	
	b. Flugstöð	70 000	
			164 900
2.	Akureyri		39 400
3.	Vestmannaeyjar:		
	a. Flugstöð	55 500	
	b. Ýmis búnaður	17 300	
			72 800
4.	Egilsstaðir		8 100
5.	Ísafjörður		13 400
6.	Húsavík		31 400
7.	Sauðárkrókur		33 600
8.	Patreksfjörður		14 100
9.	Siglufjörður		16 700
10.	Þingeyri		13 100
11.	Norðfjörður		15 500
12.	Blönduós		10 200
13.	Rif		7 400
14.	Vopnafjörður		11 600
15.	Þórshöfn		1 800
16.	Raufarhöfn		9 600
17.	Stykkishólmur		29 500
18.	Flateyri		7 800
19.	Suðureyri		5 500
20.	Bíldudalur		8 400
21.	Hólmavík		2 400
22.	Grímsey		7 300
23.	Kópasker		8 900
24.	Gjögur		3 700
25.	Reykhólar		2 700
26.	Fagurhólsmýri		3 200
27.	Sjúkraflugvellir (skipt í samráði við fjárveitinganefnd)		32 600
28.	Leiðarflugþjónusta		9 400
29.	Óráðstafað		15 000
			600 000

Sþ. **149. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Gerð fjárlaga- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 mótast af þeim viðhorfum, sem við blasa í efnahagsmálum þjóðarinnar. Eftir efnahagsbata síðustu tveggja ára eru nú blikur á lofti. Stórfelldar launahækkanir opinberra starfsmanna og annarra stétta þjóðfélagsins auka vandann fyrir atvinnuvegina og ríkisbúskapinn og eiga þátt í vaxandi hættu á nýrri verðbólguöldu. Við fjárlagagerðina er þess freistað að mæta þessu ástandi með niðurfærslu og aðhaldi í ríkisútgjöldum og samdrætti opinberra framkvæmda. Markmiðið er að hamla gegn verðbólgu og tryggja sem best kaupmátt þeirra launa, sem samið hefur verið um, enn fremur að tryggja greiðslujöfnuð hjá ríkissjóði á næsta ári, viðskiptajöfnuð við útlönd og koma í veg fyrir hækkun erlendra skulda.

Núverandi ríkisstjórn hefur átt við mikinn efnahagsvanda að etja frá upphafi stjórnarsamvinnunnar. Á árunum 1974 og 1975 versnuðu viðskiptakjörin stórkostlega gagnvart útlöndum, svo að kaupmáttur útflutningstekna rýrnaði um nær þriðjung. Nauðsynlegt var að gera víðtækar efnahagsráðstafanir til að tryggja afkomu útflutningsatvinnuveganna. Þá var og nauðsynlegt að draga úr ýmsum opinberum framkvæmdum jafnframt því sem erlendar lántökur voru auknar. Á árunum 1974 og 1975 varð halli bæði á viðskiptum við útlönd og rekstri ríkissjóðs, en á árinu 1976 náðist jöfnuður á rekstri ríkissjóðs og mjög dró úr viðskiptahallanum út á við, og svipuð þróun hefur orðið það sem af er þessu ári. Á árinu 1974 var verðbólgan um 54% og um mitt ár 1977 var hún komin niður í 26%. Árangur þessi er athyglisverður, einkum þegar haft er í huga, að framkvæmdir hafa átt sér stað þrátt fyrir allt og ríkisstjórninni hefur tekist að tryggja fulla atvinnu í landinu allt stjórnartímabilið. Á sama tíma er atvinnuleysi eitt mesta vandamál nágrannaþjóðanna.

Í kjölfar efnahagsörðugleikanna á árunum 1974 og 1975 sigldi veruleg rýrnun kaupmáttar dagvinnutekna launþega í landinu og annarra atvinnustétta, og var því augljóst, að sá efnahagsbati, sem varð á árinu 1976 og fyrri hluta þessa árs, hlyti að leiða til kaupmáttaraukningar launatekna við nýja kjarasamninga. Eins og öllum er kunnugt hafa þessir kjarasmningar nú farið fram og er það mat Þjóðhagsstofnunar, að launataxtar hafi hækkað um 60% á árinu að meðaltali. Ef ekkert verður að gert hljóta þessar launahækkanir og aðrar áfangahækkanir að ýta undir verðbólguvöxt á næstu mánuðum, og er slík þróun áhyggjuefni.

Samkvæmt síðustu áætlunum er gert ráð fyrir, að útgjaldahlið fjárlaga hækki um fulla 17 milljarða vegna kauphækkana 1. desember, nýrra kjarasamninga og áætlaðra 9.8% verðbótahækkana á næsta ári. Eru þessar hækkanir á laun, lífeyrisgreiðslur og sjúkratryggingar. Á móti kemur nokkur hækkun á tekjum ríkissjóðs vegna aukinnar veltu, þótt metin jafnist hvergi nærri. Stefnt er að því að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög og verða breytingartillögur meiri hluta fjárveitinganefndar við 3. umræðu við það miðaðar.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er í fyrsta sinn gert ráð fyrir kauphækkunum fram á mitt fjárlagaár, en áður hafa fjárlagatölur verið miðaðar við verðlag í desember næsta ár á undan. Þessi breyting veldur því, að minni munur verður á fjárlögum og ríkisreikningi og fjárlögin verða betra stjórntæki til að hafa eftirlit með ríkisútgjöldum. Hefur eftirlit þetta verið hert mjög og ríkisbókhaldið stórbætt. Þessi bættu vinnubrögð og eftirlit með mannahaldi og greiðslum til ráðuneyta og stofnana hafa gert gerð fjárlaga og lánsfjáráætlunar traustari og um leið öruggara tæki til stjórnar efnahagsmála. Árangur þessara aðgerða kemur m. a. fram í hóflegri fjölgun ríkisstarfsmanna og lækkun opinberra útgjalda miðað við þjóðar-

framleiðslu. Þannig voru heildarútgjöld ríkisins 1974 og 1975 29.6—31.4% af þjóðarframleiðslu, en á þessu ári er þetta hlutfall áætlað 27.3%. Á árinu 1976 fjölgaði ríkisstarfsmönnum um 0.76% á sama tíma og aukning á vinnumarkaðnum í heild varð 1.9%. Við fjárlagagerð fyrir 1978 er eins og á fjárlögum þessa árs gert ráð fyrir þekktum launabreytingum á árinu auk áætlaðrar verðbótabreytingar.

Fjárveitinganefnd hóf störf strax að loknu kjöri nefndarinnar í þingbyrjun. Hefur fjárlagafrumvarpið verið rætt á 39 fundum. Mikill tími hefur að venju farið í viðtöl við forstöðumenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga, svo og ýmsa aðra, sem átt hafa erindi við nefndina. Af þessum viðtölum er ljóst, að mikils aðhalds er gætt í útgjaldaáformum frumvarpsins og víða má finna rök fyrir þörf aukinna fjármuna til rekstrar og uppbyggingar. Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur áherslu á, að mikil nauðsyn er, að Alþingi og ríkisstjórn fylgist náið með notkun fjármuna í opinberum rekstri og framkvæmdum og finna þarf leiðir til aukinnar hagræðingar á hinum ýmsu sviðum.

Eins og fyrr hefur nefndin að nokkru skipt með sér verkum við athugun ýmissa málaflokka, einkum þeirra, sem lúta að mannvirkjagerð og menningarmálum. Nefndin hefur notið mikilvægrar og ágætrar aðstoðar starfsmanna fjárlaga- og hagsýslustofnunar, svo og forsvarsmanna hinna ýmsu ráðuneyta, sem hafa veitt nefndinni ýmsar mikilvægar upplýsingar.

Fjárveitinganefnd hafa borist fjölmörg erindi og umsóknir um fjárveitingar til hinna margvíslegustu framkvæmda og annarra þarfamála. Nefndin hefur kynnt sér þessi erindi eftir föngum og tekið tillit til margra þeirra, þótt fjölmörg nauðsynjamál verði að bíða betri tíma. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst, að orðið hefur að synja fjárbeiðnum til málefna sem vissulega verðskulda stuðning ríkisvaldsins og hljóta að koma til jákvæðrar afgreiðslu þótt síðar verði. Á sama hátt er einnig ljóst, að víða þarf endurskoðunar og breytinga við í ríkisrekstrinum, sem leitt gætu til sparnaðar og minni útgjalda.

Nefndinni hefur enn ekki unnist tími til að ljúka afgreiðslu allmargra þátta fjárlagafrumvarpsins. Má þar t. d. nefna framlög til dagvistunarstofnana, menntaskóla, vegagerðar, heilbrigðisþjónustu, orkumála, dómgæslu o. fl., enda tengjast sum þessi mál gerð lánsfjáráætlunar, sem enn hefur ekki verið afgreidd. Þá eru ýmsir smærri liðir, sem ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til, og bíður afgreiðsla þessara mála 3. umræðu.

Ekki náðist í nefndinni samkomulag um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og mun minni hlutinn því skila séráliti. Nefndin stendur sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þingskjali 148. Minni hlutinn er þó andvígur þeirri tillögu að verja söluverði flugskýlis í Reykjavík til að hefja byggingu flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli, og að öðru leyti áskilur minni hlutinn sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.

Fulltrúar frá þjóðhagsstofnun mættu á síðasta fundi nefndarinnar og veittu ýmsar upplýsingar um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári og horfur á næsta ári.

Nefndin gerir þessar tillögur um breytingar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins:

Forsætisráðuneytið 01.

101 Gjöf Jóns Sigurðssonar: Hækki um 1 315 þús. kr. og verður 3 115 þús. kr., eða sem nemur launum prófessors.

901 Húsameistari ríkisins: Lækki um 5 500 þús. kr. vegna hækkunar á þjónustugjaldskrá stofnunarinnar.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum: Hækki um 500 þús. kr. vegna líffræðirannsókna í Þingvallavatni.

Menntamálaráðuneytið 02.

351 Fjölbrautaskóli í Breiðholti: Liðurinn hækki um 236 000 þús. kr. sem teknar eru af liðnum. Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, 02 792.

352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli: Liðurinn hækki um 13 000 þús. kr., en það fé er flutt af lið 02 792.

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Liðurinn hækki um 30 000 þús. kr. vegna viðbótarbyggingar, en liðurinn 02 792 er lækkaður að sama skapi.

563 Til tónlistarstarfsemi: Liðurinn falli út hér, en færist yfir á liðinn 01 982 Listir, framlög. — Tónlistarskóli Seyðisfjarðar: Nýr liður að upphæð 500 þús. kr.

610 Héraðsskólar, almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna endurbóta á skólahúsnæði að Núpi.

792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 279 000 þús kr., sem skýrist af því að fé af þessum lið er ráðstafað til fjölbrautaskóla.

797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Liðurinn hækki um samtals 10 000 þús. kr., sem skýrist af því, að samþykkt er fjárveiting til heimilisins að Staðarfelli, sem skiptist á eftirfarandi hátt: Laun 5 000 þús. kr., önnur rekstrargjöld 3 000 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 1 000 þús. kr. Auk þess hækkar gjaldfærður stofnkostnaður Sólborgar á Akureyri um 1 000 þús. kr.

802 Vernd barna og ungmenna: Liðurinn Náms- og hælisvist unglinga hækki um 200 þús. kr. Liðurinn Til sumardvalarheimila hækki um 500 þús. kr.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Félagsstofnun stúdenta. Liðurinn hækki um 5 000 þús. kr., sem varið skal til lagfæringa á Stúdentagörðunum.

975 Vísindasjóður: Liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. og verði 8 000 þús. kr.

982 Listir, framlög: Liðurinn hækki samtals um 27 249 þús. kr., sem stafar af eftirfarandi: Framlög til rithöfunda hækki um 6 216 þús. kr. — Framlög til tónlistar hækki um 3 050 þús. kr., þar af tilflutningur af liðnum 02 563 2 000 þús. kr. Af þessum lið er framlag til lúðrasveita 1 250 þús. kr. — Framlög til myndlistar hækki um 2 900 þús. kr. Liðurinn skiptist á eftirfarandi hátt: Til listasafna 3 500 þús. kr., til myndlistarsýninga 500 þús. kr. og til listiðnaðarmála 400 þús. kr. — Framlag til kvikmyndagerðar hækki um 500 þús. kr. og verði 1 000 þús. kr. — Heiðurslaun listamanna hækki um 3 000 þús. kr. og listamannalaun um 10 000 þús. kr. í samræmi við almennar launabreytinga. — Að lokum hækki liðurinn Önnur framlög um 1 583 þús. kr. og verður því 14 080 þús. kr., sem skiptist á eftirfarandi hátt: Til listkynningar 1 000 þús. kr., Bandalag íslenskra listamanna 250 þús. kr., Starfslaun listamanna 6 530 þús. kr., Til lista og menningarmála almennt 6 300 þús. kr., en undir síðastnefnda liðnum er gert ráð fyrir framlagi til Listahátíðar í Reykjavík og listkynningar í skólum:

984 Norræna félagið: Styrkur til félagsins hækki um 300 þús. kr.

986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 5 300 þús. kr. og verði 19 000 þús. kr., sem einkum skal varið til kennslustyrkja.

988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki um 9 430 þús. kr., sem skýrist af eftirfarandi: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 580 þús. kr., U.M.F.Í. hækki um 6 000 þús. kr. Bandalag íslenskra skáta hækki um 1 760 þús. kr., Starfsemi að Úlfljótsvatni hækki um 280 þús. kr., Bandalag íslenskra farfugla hækki um 80 þús. kr., íslenskir ungtemplarar hækki um 150 þús. kr., Starfsstyrkir K.F.U.M. og K.F.U.K. hækki um 200 þús. kr., Starfsemi K.F.U.K. í Vindáshlíð hækki um 380 þús. kr.

989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn hækki um 19 618 þús. kr., sem sundurliðast sem hér segir: Íþróttasamband Íslands hækki um 17 268 þús. kr., Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum hækki um 500 þús. kr. vegna kaupa á snjóbíl, Sumarnámskeið í Heiðarskóla hækki um 300 þús. kr. og Styrkur til íþróttamála fatlaðra

hækki í 3 000 þús. kr., þar af eru ætlaðar Til íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík 500 þús. kr. — Niður falla sérstakir styrkir til Frjálsíþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands svo og til útgáfu handbóka um skólaíþróttir.

Utanríkisráðuneytið 03.

399 Samskipti við Vestur-Íslendinga: Framlag hækkar um 2 000 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneytið 04.

205 Veiðistjóri: Upp verði tekið framlag til rannsókna á atferli íslenska refsins 500 þús. kr.

241 Landnám ríkisins: Lagt er til að liðurinn Til grænfóðurverksmiðja hækki um 6 348 þús. kr. vegna vélakaupa fyrir verksmiðjuna í Flatey á Mýrum, A.-Skaft. Liður 0115 hækki um 3 750 þús. kr., verði 7 000 þús. kr., og kallist viðfangsefnið Inn-Djúpsáætlun. Er hér um að ræða lokagreiðslu til þeirrar áætlunar.

247 Embætti yfirdýralæknis: Liðurinn Bygging dýralæknabústaða hækki um 4 800 þús. kr. og verður greint frá skiptingu þess í framsöguræðu.

286 Landbúnaður, framlög: Liðurinn Landþurrkun hækki um 200 þús. kr. og birtist sundurliðun þess fjár á sérstöku yfirliti.

299 Liðurinn Til Landssambands hestamannafélaga hækki um 50 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 06.

253 Almannavarnir: Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 1 000 þús. kr. vegna uppsetningar viðvörunarkerfa við Mývatn og Kötlu.

301 Liðurinn Til Kirkjukórasambands Íslands hækki um 150 þús. kr.

Félagsmálaráðuneytið 07.

981 Vinnumál: Liðurinn hækki um 1 000 þús. kr. og verði 5 000 þús. kr., texti breytist og verði nú: Hagdeild Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga.

999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki um 4 325 þús. kr., verði 135 180 þús. kr. og skiptist þannig: Neytendasamtökin hækki um 250 þús. kr. og verði 1 000 þús. kr. — Til sjómannastofa hækki um 500 þús. kr. og verði 2 500 þús. kr. — Öryrkjabandalagið hækki um 500 þús. kr. og verði 1 500 þús. kr. — Niður falla liðirnir Styrktarfélag vangefinna, Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi og Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi. Samtals lækkun 225 þús. kr. Í stað þessa kemur nýr liður: Landssamtökin Þroskahjálp 1 000 þús. kr. — Niður fellur liður 0101 Aðstoð við blinda 1 200 þús. kr., en liður 0127 Blindrafélagið hækkar um 1 800 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr., sem skiptist þannig: byggingarstyrkur 1 200 þús. kr., félagsráðgjöf 1 000 þús. kr. og starfsstyrkur 300 þús. kr. — Nýr liður kemur inn: Blindravinafélagið 500 þús. kr., en þetta viðfangsefni var áður hjá menntamálaráðuneytinu, og einnig framlag til talbókagerðar fyrir blinda og sjónskerta 1 200 þús. kr.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið 08.

399 Ýmis heilbrigðismál: Lagt er til að liðurinn Sjúkraflug hækki um 1 700 þús. kr. og verði þá 7 500 þús. kr. — Nýr liður: Grensásdeild Borgarspítalans, sundlaug. Lagt er til að 3 000 þús. kr. verði varið til frumhönnunar. — Nýr liður: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar. Lagt er til að veittar verði 2 000 þús. kr. til rannsókna, úrvinnslu gagna og útgáfu bókar um meðferð brunasára.

Samgönguráðuneytið 10.

211 Vegagerð: Liðurinn hækki um 1 000 þús. kr. vegna vetrarsamgangna.

333 Ferjubryggjur: Framlag hækki um 7 000 þús. kr. — Sjóvarnargarðar: Framlag hækki um 1 300 þús. kr.

342 Sjóslysanefnd: Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 1 000 þús. kr. vegna kaupa á gúmbjörgunarbátum.

Iðnaðarráðuneytið 11.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Liður 0108 orðist svo: Til athugana á orkufrekum iðnaði. — Liður 0115 Ullar- og skinnaverkefni hækki um 3 000 þús. kr.

Alþingi, 10. des. 1977.

Steinþór Gestsson, form., frsm. — Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. — Ingi Tryggvason.
Lárus Jónsson. — Pálmi Jónsson. — Ellert B. Schram.
Gunnlaugur Finnsson.

Sþ. 150. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 og við brtt. á þskj. 148.

Þús. kr.

I. Frá *Geir Gunnarssyni, Jóni Árm. Héðinssyni* og *Gils Guðmundssyni.*

Við brtt. 148,6. — Við 4. gr. 02 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „35 000“ kemur 65 000

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*

1. Við 4. gr. 02 881 0104 Styrkur til að bjóða grænlenskum stúdent til námsdvalar.
Fyrir „240“ 1 000

2. Við 4. gr. 02 881 0105 Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga.
Fyrir „120“ kemur 1 000

3. Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „1 900“ kemur 21 900
(Viðfangsefni: Lyfta, breytingar á salernum o. fl. til þess að auðvelda fötluðum, m. a. í hjólastólum, afnot af húsinu 20 millj. kr.)

III. Frá *Helga F. Seljan.* Þús. kr.

Við brtt. 148,32. — Við 4. gr. 04 247 0107 Bygging dýralæknabústaða.
Fyrir „30 000“ kemur 35 000
(Þar af til dýralæknisbústaðar á Breiðdalsvík 5 millj. kr.)

IV. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*

1. Við brtt. 148,48. a. 1. Reykjavík, þjónustudeild. — Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.
Fyrir „60 000“ kemur 155 000
2. Við brtt. 148,48. a. 5. Reykjavík, heilsugæslustöð Breiðholti. — Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.
a. Fyrir „3 000“ kemur 20 000
b. Orðið „hönnun“ fellur burt.

V. Frá *Lúðvík Jósepssyni* og *Helga F. Seljan.*

Við brtt. 148,53. — Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
Við Sundurliðun bætist:
50. Seyðisfjörður 30 000
51. Djúpivogur 30 000

VI. Frá *Helga F. Seljan, Sighvati Björgvinssyni, Geir Gunnarssyni* og *Karvel Pálmasyni.*

Við brtt. 148,59. — Við 5. gr. 30 471 Flugmálastjórn 983 Fjárfestingar í flugmálum 1. Reykjavík: b. Flugstöð. Í stað stafliðarins komi nýr töluliður:
Til öryggismála á áætlunarflugvöllum skv. frekari ákvörðun fjárveitinganefndar og flugráðs 70 000

Sþ. 151. Fyrirspurn [123. mál]

til utanríkisráðherra um framkvæmdir og þjónustu Íslendinga í þágu bandaríska hersins á Íslandi.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hverjir eru hluthafar í Sameinuðum verktökum hf. og hversu há er hlutafjáreign hvers hluthafa um sig? Hverjir eru í stjórn hlutafélagsins og hverjir eru starfsmenn þess? Hverjar voru tekjur stjórnarmanna og starfsmanna hvers um sig fyrir þessi störf árin 1975 og 1976?
2. Hverjir eru hluthafar í Regin hf. og hversu há er hlutafjáreign hvers hluthafa um sig? Hverjir eru í stjórn hlutafélagsins og hverjir eru starfsmenn þess? Hverjar voru tekjur stjórnarmanna og starfsmanna hvers um sig fyrir þessi störf árin 1975 og 1976?
3. Hverjir eru í stjórn Íslenskra aðalverktaka sf. og hverjir eru starfsmenn fyrirtækisins. Hvaða reglur gilda um val í stjórn fyrirtækisins. Hverjar voru tekjur einstakra stjórnarmanna og yfirmanna árin 1975 og 1976? Eru fleiri aðilar að Íslenskum aðalverktökum en Sameinaðir verktakar hf., Reginn hf. og íslenska ríkið; ef svo er, þá hverjir?
4. Hversu stórt er hús Íslenskra aðalverktaka á Ártúnshöfða og hvert er fasteignamat þess? Í hvaða tilgangi hefur þetta hús verið byggt?

5. Hverjir fara með hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum sf.? Hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig fyrir þessi störf árin 1975 og 1976? Hverjar voru hluthafatekjur íslenska ríkisins 1975 og 1976? Í hverju er hlutverk ríkisins fólgið?
6. Eru Sameinaðir verktakar hf. og Reginn hf. lokuð hlutafélög? Ef svo er, hversu lengi hefur það ástand haldist og hvers vegna?
7. Hvaða hlutafélög og einstaklingar hafa gegnt störfum fyrir bandaríska herinn árin 1975 og 1976? Hverjar hafa verið tekjur hvers aðila af þeim störfum? Hvernig er háttað vali þeirra einstaklinga og hlutafélaga sem fá að vinna verkefni í þágu bandaríska hersins?
8. Hversu miklar tekjur hafði Olíufélagið hf. af viðskiptum sínum við bandaríska herinn árin 1975 og 1976? Flutti bandarískí herinn inn olíuvörur á þessum árum og ef svo er, þá hvernig? Hvernig er háttað stjórn birgðastöðvarinnar í Hvalfirði?
9. Hversu mikil voru verslunarviðskipti bandaríska hersins við íslenska aðila árin 1975 og 1976? Hvaða íslenskir aðilar önnuðust þau viðskipti og hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig þessi ár?
10. Hvernig er háttað starfsemi skrifstofu þeirrar sem Íslenskir aðalverktakar starfrækja í New York? Hverjir starfa á þeirri skrifstofu og hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig árin 1975 og 1976 að meðtöldum fríðindum? Hver hefur verið arður af skrifstofunni árin 1975 og 1976 og hvernig hefur honum verið ráðstafað?
11. Greiðir bandarískí herinn fyrir framkvæmdir, þjónustu og viðskipti í dollurum? Ef svo er, hvernig er háttað eftirliti með því að gjaldeyri sé skilað samkvæmt íslenskum lögum, en ekki stolið undan eins og áður hefur sannast fyrir dómstólum?
12. Hvaða Íslendingar önnuðust framkvæmdir, þjónustu og viðskipti við stöð bandaríska hersins í Hornafirði og hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig árin 1975 og 1976?
13. Hvernig er háttað samningum íslenska ríkisins og bandaríska hersins um starfsemi lóranstöðvarinnar á Snæfellsnesi?
14. Hverjir eiga sæti í Sölunefnd varnarliðseigna og hverjir eru stjórnendur fyrirtækisins? Hvernig er viðskiptum fyrirtækisins háttað að því er varðar kaup og sölu á varningi? Hverjar voru tekjur stjórnenda fyrirtækisins 1975 og 1976? Hvernig er háttað skilum fyrirtækisins á tekjum sínum?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Nd. 152. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á umferðarlögum nr. 40 frá 20. apríl 1968.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Í IX. kafla laganna: Ýmis ákvæði, komi ný grein, er verði 94. gr., svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa aksturskeppni á vélknúnum ökutækjum við aðstæður og undir eftirliti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur. Í þeirri reglugerð er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunnugt að alls staðar í heiminum eykst áhugi manna á akstursíþróttum á vélknúnum ökutækjum.

Reynslan sýnir að þessi áhugi er mikill hér á landi. Margs konar keppni á þessu sviði hefur farið fram á ýmsum stöðum á landinu, en því miður án sérstaklega skipulags eftirlits af hálfu ábyrgra aðila. Hefur þetta valdið lögregluyfirvöldum og land- og náttúruverndarmönnum áhyggjum.

Á móti þeirri þróun, sem að framan getur, verður ekki spornað, en skynsamlegustu viðbrögð löggjafans eru að setja fastmótaðar reglur um framkvæmdina.

Frumvarp þetta felur í sér að ætlast er til að dómsmálaráðherra setji reglugerð um framkvæmd bifreiðaíþrótta, en með því er hægt að koma í veg fyrir að land- eða umhverfisspjöll hljótist af bifreiðakeppni. Þá er gert ráð fyrir að bifreiða- eða bifhjólakeppni fari ætíð fram undir eftirliti ábyrgs aðila, t. d. félagssamtaka, en þau hefðu að sjálfsögðu fullt samráð við lögregluyfirvöld þess staðar, þar sem keppnin fer fram.

Loks er gert ráð fyrir því, að víkja megi frá hámarkshraða skv. 50. gr. laganna til hækkunar þar sem aðstæður leyfa hverju sinni, enda séu sérstakar varúðarráðstafanir viðhafðar, en um þetta verði nánari ákvæði í væntanlegri reglugerð.

Nd. 153. Frumvarp til laga [125. mál]

um virkjun Blöndu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka vatnsaflsstöð við Blöndu í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu með allt að 150 MW afli og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinnar til að tryggja rekstur virkjunarinnar. Ennfremur að leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu til tengingar við aðalstofnlínu Norðurlands og meiriháttar iðjuvera.

2. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum, vélum og aðalorkuveitum til virkjunarinnar sbr. 1. gr. Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af þeim, eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélarnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitu, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1975—1976 og 1976—1977. Frumvarpið varð ekki útrætt og er nú lagt fyrir Alþingi á ný. Frumvarpinu fylgir m. a. ný orkuspá og ný kostnaðaráætlun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimila ríkisstjórninni að láta reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu með allt að 150 MW afli.

Eftir þeim rannsóknum og áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar, er Blönduvirkjun í hópi hagkvæmustu vatnsaflsvirkjana á Íslandi. Hún hefur einnig þann kost að vera utan hinna eldvirku svæða. Stærstu raforkuver landsins liggja á eldvirkum svæðum. Því fylgir áhætta eins og gamlir og nýir atburðir minna á. En um leið og áhættu verður að taka til þess að nýta vatns- og varmaorku landsins, er það mikilvægt að upp rísi raforkuver utan eldvirknisvæðanna og að því verður að stefna. Þar er Blönduvirkjun fremst í flokki, ein álitlegasta virkjun utan þeirra svæða.

Meðal annarra kosta virkjunarinnar eru mjög góðir miðlunarmöguleikar, sem stuðla að betri nýtingu virkjunarinnar milli árstíða og auknu rekstraröryggi.

Þá er Blönduvirkjun vel staðsett gagnvart aðalorkuflutningslínu milli Suður- og Norðurlands. Samtengingu landshluta fylgir sá kostur að vatnsorkan nýtist betur vegna þess, að rennsli vatnsfalla í mismunandi landshlutum fylgist ekki að. Þannig hafa rannsóknir sýnt, að stórt orkuver á Norðurlandi, rekið í tengslum við kerfið á Suðvesturlandi, stuðlar að betri nýtingu vatnsorkunnar í þeim landshluta en vera myndi ef S-V-landskerfi vinnur eitt sér.

Flestar stórvirkjanir landsins hafa verið reistar á Suðvesturlandi. Verður að teljast æskilegt að reist verði stór vatnsaflsvirkjun í öðrum landshluta.

Kostir Blönduvirkjunar eru því í senn fólgnir í öryggi, hagkvæmni og heppilegri staðsetningu með tilliti til flutningslína og byggðasjónarmiða.

Samkvæmt þeirri frumáætlun um virkjun Blöndu, sem nú liggur fyrir, er í stórum dráttum gert ráð fyrir eftirfarandi virkjunartilhögun:

Fyrirhugað er að stífla Blöndu um tveimur km neðan ármóta Sandár. Á myndum 1 og 2 er sýnd staðsetning virkjunarinnar og helstu mannvirki. Stíflan er jarðstífla með þéttikjarna úr jökulruðningi. Hæst verður stíflan 44 m í farvegi Blöndu milli Reftjarnarbungu að austan og Lambasteinsdrags að vestan. Einnig þarf að stífla farveg Kolkukvíslar milli Kolkuhóls og Áfangafellshala og lágar stíflur verða í Fellaflóa við suðurenda Áfangafells og e. t. v. milli Áfangafellshala og Áfangafells.

Austan Blöndu verður lítil stífla í Galtarárflóa sunnan Reftjarna. Á byggingartíma er ráðgert að veita ánni um botnrás á austurbakka.

Frá miðlunarlóni ofan stíflu verður veituskurður að Þrístiklu með lokuvirki í stíflu norðan Kolkuhóls. Vatnsborð Þrístiklu verður hækkað lítið eitt með jarðstíflu í Fannlæk neðan Smalatjarnar og verður þá samfellt lón þaðan að áðurnefndum veituskurði.

Frá Smalatjörn verður stuttur veituskurður norður í efstu drög að Stuttalæk, sem fellur í Austara-Friðmundarvatn. Engin loka verður í þessum skurði, en þröskuldur, sem takmarkar lægstu vatnsstöðu í Þrístiklulóni.

Úr Austara-Friðmundarvatni fellur vatnið um Fiskilæk í Gilsvatn, sem verður inntakslón virkjunarinnar. Gilsá er stífluð skammt neðan við vatnið og núverandi vatnsborð hækkað um nærri tvo metra. Verður þá einnig að stífla í lægð austan við sunnanvert vatnið. Í farvegi Gilsár verður steinsteypt yfirfall og botnrásarloka, en stíflan verður að öðru leyti úr jarðefnum.

Inntaksskurður virkjunarinnar frá Gilsvatni að Selbungu verður um 7 km langur. Inn í skurðinn er vatnið tekið um hjólaloku og verður um 4.6 m hæðarmunur á vatnsborði ofan og neðan loku. Skurðurinn liggur um flá milli Gilsár og Sléttárdals, þar sem jarðstíflur verða beggja vegna hans, og síðan austan við Stórabarð og Selbungu að inntaki í fallgöng. Við suðurenda myndast lítið lón ofan við jarðstíflu. Í jarðstíflunni verður steinsteypt inntaksvirki með geiraloku.

Að stöðvarhúsi, sem ráðgert er neðanjarðar, verða lóðrétt, hringlaga aðrennslisgöng. Frárennslisgöng verða niður í farveg Blöndu, þar sem hún er í 90 m hæð yfir sjávarmál, 0.7 km ofan við brúna hjá Syðri-Löngumýri.

Á fylgiskjali 1 og 2 eru sýndar helstu einkennistölur virkjunarinnar og áætlaður kostnaður.

Fulltrúar iðnaðarráðuneytisins í samstarfsnefnd ráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um umhverfismál óskuðu eftir að ráðið lýsti viðhorfum sínum til virkjunar við Blöndu.

Í svari sínu segir Náttúruverndarráð meðal annars:

„Á þessu stigi getur Náttúruverndarráð tekið fram, að það sér ekki fram á neina meiri háttar árekstra að því er varðar náttúruminjar eða fyrirhugaðar friðlýsingar og gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við þær hugmyndir um virkjunartilhögun, sem fram koma í skýrslum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen „Um virkjun Blöndu I og II" frá maí og júní 1975. Hins vegar áskilur ráðið sér rétt til frekari umfjöllunar þegar niðurstöður náttúruverndarkönnunar liggja fyrir og þegar nánari útfærsla virkjunartilhögunar hefur verið ákveðin."

Umhverfisáhrifin eru einkum fólgin í því, að beitiland glatast undir uppistöðulónið. Sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, dr. Björn Sigurbjörnsson og Yngvi Þorsteinsson, magister, hafa gert grein fyrir rannsóknum stofnunarinnar á beitartapi á lónstæðinu. Samkvæmt niðurstöðum þeirra er unnt að bæta beitartjón af völdum lónsins með því að rækta upp örfoka land í nágrenni þess, en á þeim stöðum hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins haft með höndum uppgræðslutilraunir um nokkur undanfarin ár. Tilraunir þessar sýna að slík uppgræðsla er möguleg.

Í apríl 1975 var áætlanagerð um virkjun Blöndu það langt komið að iðnaðarráðherra ákvað að kynna heimamönnum áform um hugsanlega virkjun.

Ráðherra boðaði til fundar að Blönduósi 25. apríl 1975. Fundinn sátu sveitarstjórnarmenn, bændur o. fl. aðilar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, sem hagsmuna töldu sig eiga að gæta við gerð virkjunarinnar, samkvæmt þeim áætlunum sem þá lágu fyrir. Var málið kynnt frá ýmsum hliðum af ráðherra og þeim sérfræðingum sem unnið höfðu að undirbúningi þess. Hér var um að ræða nýlundu í vinnubrögðum að kynna fyrir heimamönnum áform um virkjunina á frumstigi málsins og kanna viðhorf þeirra.


Í framhaldi af þessu voru eftir ábendingu heimamanna athugaðar ýmsar breytingar á virkjunartilhögun. Voru niðurstöður kynntar á fjölmennum fundum að Húnavöllum og Varmahlíð.

Síðan hafa verið haldnir fundir með heimamönnum í héraði og í iðnaðarráðuneytinu. Hefur verið rætt ýtarlega um tilhögun bóta fyrir þá röskun á aðstöðu, sem virkjunin kann að skapa bændum á svæðinu, og samin drög að samkomulagi, sem birt er hér sem fylgiskjal 3.


Samanburður á orkuspám og vinnslugetu núverandi vatnsorkuvera að viðbættum Sigöldu- og Kröfluvirkjunum sýnir að þessar virkjanir geta fullnægt aflþörf fram til 1980, samkvæmt raforkuspá þeirri fyrir landið í heild, sem rakin er í fylgiskjali 4, en orkuþörf fram til 1982. Í þessari spá er einungis reiknað með þegar umsaminni stóriðju að viðbættum vexti almennrar notkunar og rafhitun þeirra landssvæða sem litla möguleika hafa á hitaveitu. Í henni er reiknað með hitaveitu á Akureyri og sumsstaðar á Vestfjörðum einnig.

Upp úr 1980 í síðasta lagi þarf því ný virkjun eða virkjanir að koma til. Það fer eftir þróun markaðsins hversu lengi sú virkjun endist, en mál horfa þannig við, að iðnþróun á Íslandi, vöxtur almennrar raforkunotkunar og rafhitun þeirra landshluta, er ekki eiga kost á jarðhita, geri það nauðsynlegt að reisa tvær stórar virkjanir fyrir miðjan næsta áratug.

Mynd 1


ÍSLAND
VATNAJÖKULL
BLÖNDUÓS
BLANDA
VATNASVIÐ
REYKJAVÍK
HÚNAFLÓI
SKAGA-
FJÖRÐUR
SKAGASTRÖND
ORKUVER
MIÐLUNARLÓN
HOFSJÖKULL
LANGJÖKULL
N
ORKUSTOFNUN
VIRKJUN BLÖNDU
AFSTÖÐUHÚSMYND
75.016
1.01

Mynd 2


ÖRKUSTOFNUN
VIRKJUN BLÖNDU
Þrístikla
Austara Friðmundarvatn
Gilsvatn
Aðrennslisskurður
Jaðrar
Fallgang
Stöðvarhús
Frárennslisgang
Hv 421 Gilsvatn
Hv 478,2
Lv 465
Hv 463
N

Fylgiskjal I.

HELSTU EINKENNISTÖLUR

Vatnasvið:			
Blanda við sjávarmál	2 370		km²
Blanda við Guðlaugsstaði	1 690		km²
Blanda við Reftjarnarbungu	1 450		km²
Vatnasvið virkjunar	1 507		km²
Rennsli:			
Mesta rennsli til miðlunarlóns (áætlað)	1 450		kl/s
Hönnunarflóð á yfirfalli (áætlað)	940		kl/s
Meðalrennsli við Guðlaugsstaði (mælt)	42,0		kl/s
Meðalrennsli til virkjunar (reiknað)	38,6		kl/s
Miðlunarlón:			
Flatarmál við yfirfallshæð 478,2 m y.s.	56,5		km²
Rúmmál við yfirfallshæð	445		Gl
Nýtileg miðlun frá 478,2 að 465 m y.s.	415		Gl
Aðrennslisgöng, stálfóðruð, hringlaga:			
Inntaksloka, geiraloka	6×5,5		m²
Þvermál ganga	3,4		m
Flatarmál	9,08		m²
Vatnshraði við rennsli 48,75 kl/s	5,37		m/s
Lengd lóðréttra ganga	310		m
Stöðvarhús, neðanjarðar:			
Flatarmál stöðvarhellis	16×56		m²
Flatarmál spennahellis	15×45		m²
Hæð rafalagólfs	97,5		m y.s.
Hæð vélasalsgólfs	101		m y.s.
Aðkomugöng, lengd 1,6 km, flatarmál	32		m²
Frárennslisgöng, ófóðruð, skeifulaga:			
Flatarmál ganga	32,1		m²
Lengd ganga	5 400		m
Svelgur	400		m²
Venjulegt vatnsborð í svelg	98,9		m y.s.
Venjulegt vatnsborð í útrennsli	90		m y.s.
Vatnsvélar:			
Francishverflar á lóðréttum ás	3		stk.
Rennsli	3×16,25		kl/s
Fallhæð, netto	314		m
Afl	3×62 700		hestöfl
Snúningshraði	500		sn/mín.
Nýtni við ástimplað afl	0,92		
Rafalar:			
Þriggja fasa, loftkældir á lóðréttum ás	3		stk.
Afl	3×56 250		kVA
Afl og orka:			
Virkjað rennsli	3×16,25	=	48,75 kl/s
Hönnunarfallhæð			314 m
Afl			135 MW
Rennsliorka			925 GWh/a
Viðbót orkuvinnslu eftir tengingu Norður- og Suðurlandskerfis			800 GWh/a

Fylgiskjal II.

VIRKJUN BLÖNDU 135 MW

Miðlun 415 Gl. Orkuvinnsla 800 GWh/a

Verðlag í mars 1977

	Mkr.
Vegagerð o. fl.	360,0
Jarðstífla við Reftjarnarbungu	1 022,3
Jarðstífla í Kolku	407,3
Jarðstífla í Fellaflóa	119,4
Jarðstífla í Galtarárflóa	10,9
Yfirfall við Reftjarnarbungu	264,6
Botnrás við Reftjarnarbungu	180,9
Veituskurður úr miðlunarlóni	245,3
Lokuvirki í veituskurði	79,2
Stífla við Smalatjörn	140,4
Yfirfallsþröskuldur við Smalavatn	41,5
Stíflur við Gilsvatn	269,4
Botnrás og yfirfall við Gilsvatn	40,3
Inntak í aðrennslisskurð	46,7
Aðrennslisskurður	1 297,7
Yfirfall í skurði	11,6
Stöðvarinntak	172,0
Fallgöng	385,0
Stöðvarhús og aðkomugöng	891,0
Frárennslisgöng og svelgur	1 230,4
Stöðvarhús	100,0
Vélar og rafbúnaður	2 500,0
Samtals:	9 815,9
Ófyrirséð 5% af 2 100 Mkr.	105,0
Ófyrirséð 15% af 7,715	1 157,4
Samtals:	11 078,3
Verðhækkanir	886,3
Samtals:	11 964,6
Hönnunar- og umsjónarkostnaður 10%	1 196,4
Samtals:	13 161,0
Undirbúningskostnaður	330,0
Samtals:	13 491,0
Vextir á byggingartíma	1 349,0
Heildarkostnaður vinnsluvirkja	14 840,0

Stofnkostnaður á afleiningu	109,9	Mkr/MW
Stofnkostnaður á orkueiningu	18,6	kr/kWh/a
Framleiðslukostnaður á kWh	2,43	kr/kWh

Fylgiskjal III.

DRÖG AÐ SAMKOMULAGI UM BÆTUR VEGNA BLÖNDUVIRKJUNAR

1. HLUNNINDI Í RAFORKU.

   Virkjunaraðilinn láti viðkomandi hreppum í té ókeypis raforku allt að 1200 kW.

2. RÆKTUN LANDS.

   Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins annist á kostnað virkjunaraðilans uppgræðslu á samtals 1000 hekturum af örfoka landi á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Ræktun þessari verði lokið þegar lónstæði eru tilbúin. Eftir ræktun verði borið á þegar þess er talin þörf.
   Ráðstafanir verða gerðar til að bæta skemmdir af hugsanlegu landbroti meðfram strandlínu lónstæða.

3. SAMGÖNGUBÆTUR.

   Virkjunaraðilinn beiti sér fyrir bættum samgöngum inn á afréttina samkvæmt tillögum Vegagerðar ríkisins og nánara samkomulagi.

4. VEIÐI.

   Virkjunaraðilinn greiði viðkomandi veiðiréttareigendum fyrir spjöll veiði samkvæmt samkomulagi eða mati.

5. VINNUBÚÐIR OG VEGAGERÐ.

   Virkjunaraðilinn hafi fullt samráð við heimamenn um staðsetningu vinnubúða og vegstæði.

6. VARSLA.

   Virkjunaraðilinn geri nauðsynlegar lagfæringar á vörslu vegna þeirra breytinga, sem framkvæmdir hafa í för með sér.

Fylgiskjal IV.

Orkuspá.

Meðfylgjandi tafla sýnir orkuspá fyrir allt landið fyrir tímabilið 1976—2000. Spáin er gerð af nefnd, Orkuspárnefnd, sem unnið hefur að því síðan síðla árs 1975 að gera samræmda raforkuspá fyrir allt landið og einstaka hluta þess. Í nefndinni eru fulltrúar frá Orkustofnun, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Laxárvirjun, Rafmagnsveitum Reykjavíkur og Sambandi íslenskra rafveitna. Nefndin birti nokkrar niðurstöður sínar í febrúar í ár, og er taflan tekin úr þeim.

Til grundvallar spánni hefur Orkuspárnefnd lagt mannfjöldaspá og spá um mannafla í einstökum atvinnugreinum, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gert. Nefndin reiknar með að þróunin í þessum efnum fylgist að í einstökum landshlutum, eða m. ö. o. að byggðastefna beri verulegan árangur. Þessi forsenda hefur mikil áhrif á niðurstöður spárinnar um einstaka landshluta, en skiptir minna máli fyrir landið í heild.

Í raforkuspánni er gert ráð fyrir að raforka muni koma í stað olíu til hitunar húsrýmis hjá 22,7% landsmanna, en jarðhiti í stað olíu hjá 77,3%. Eru þá taldir til rafhitunarsvæða allir þeir staðir sem verulegur vafi þykir nú leika á að muni eiga kost á jarðhita. Gert er ráð fyrir að þessi umskipti frá innfluttri orku yfir í innlenda orku til húshitunar verði að mestu um garð gengin 1985.

Í spánni er reiknað með að forgangsorka verði notuð til rafhitunar, en tekið fram í inngangi hennar, að aðrar leiðir komi þó til greina, einkum í þéttbýli, svo sem fjarvarmaveitur sem notuðu afgangsorku og svartolíu, auk forgangsraforkunnar. Í þeim mæli sem slíkt kann að reynast mögulegt og hagkvæmt, lækkar forgangsorkuþörfin frá því sem spáin gerir ráð fyrir.

Í spánni er tekið tillit til vaxandi orkunotkunar á mann til hitunar, vegna stækkandi húsrýmis til jafnaðar á hvern íbúa landsins.

Þar er einnig reiknað með rúmlega þreföldun almennrar heimilisnotkunar á mann fram til aldamóta, vegna stærri og fjölbreytari heimilisraftækja í framtíðinni og stærra húsrýmis á íbúa. Er þetta í samræmi við það sem gert er í sams konar spám annars staðar á Norðurlöndum.

Í iðnaði (öðrum en stóriðju) og þjónustugreinum er reiknað með verulegum vexti í raforkunotkun, sumpart vegna vaxandi mannafla í þessum greinum samkvæmt manaflaspánni, og sumpart vegna meiri raforkunotkunar á hvern starfsmann, sem starfar að aukini vélvæðingu og hækkandi framleiðni.

Undir liðnum „önnur notkun“ í töflunni er talin sú notkun, sem ekki fellur undir þá þætti sem að framan eru taldir. Stærstu liðirnir eru raforkusala til Keflavíkurflugvallar og götulýsing. Reiknað er með að vöxtur í þessari notkun verði tiltölulega hægur; 5% á ári í upphafi spátímabilsins, en lækkandi línulega niður í 3% á ári í lok þess.

Þá eru í töflunni sýnd flutnings- og dreifitöp, sem bæta þarf við orkuþörf notandans til að fá fram nauðsynlega orkuvinnslu. Gert er ráð fyrir að töpin fari hlutfallslega minnkandi er tímar líða, vegna endurbóta á flutnings- og dreifikerfum.

Í raforkuspánni er einungis tekin með sú raforkusala til stóriðju, sem þegar hefur verið samið um. Hugsanleg ný sala til stóriðju kemur sem hrein viðbót við spána. Í töflunni eru töp meðtalin að því er til stóriðjunnar tekur, enda eru þau þar margfalt minni en þegar um raforkunotkun til annarra þarfa er að ræða, vegna þess að stóriðjufyrirtækin taka orku sína beint úr flutningskerfum, og töp í dreifikerfinu verða því engin.

Í spáni er einungis talin forgangsorka. Þannig er afgangsorkusala til járnblendiverksmiðjunnar og álversins ekki reiknuð með, né heldur hugsanleg sala afgangsorku á gufukatla og því um líkt. Ástæðan er sú, að sala afgangsorku hefur eðli máls samkvæmt ekki nein áhrif á ákvarðanir í virkjunarmálum (þá væri ekki um afgangsorku að ræða), en tilgangurinn með raforkuspám er fyrst og fremst að auðvelda ákvarðanatöku í þeim efnum.

Mesta aflþörf er áætluð út frá orkuspánni miðað við 5 000 stunda nýtingartíma á ári í orkuveri fyrir almenna notkun og húshitun. Þar við er bætt aflþörf stóriðju (forgangsorka eingöngu) sem er nokkurn veginn jöfn árið um kring.

Febrúar 1977. Orkuspárnefnd.

ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN Á ÖLLU LANDINU.

Ár	Íbúa-fjöldi þús.	Raf-hitun GWh	Heim-ili GWh	Þjón-ustugr. GWh	Iðn-aður GWh	Ann-að GWh	Orku-sala GWh	Töp GWh	Orku-vinnsla GWh	Aukn-ing %	Áb. vskm. GWh	Ál-ver GWh	Málm-bl.v. GWh	Orku-vinns. GWh	Afl-þörf MW
1975	219,0	246	223	82	239	114	902	172	1 074	–	143	1 078	0	2 295	365
1976	222,1	286	239	88	254	119	986	188	1 174	9	143	1 121	0	2 438	387
1977	225,1	331	256	95	271	125	1 078	205	1 283	9	190	1 270	0	2 743	433
1978	228,1	379	274	102	288	131	1 174	223	1 397	9	190	1 300	0	2 887	460
1979	231,2	429	294	110	307	137	1 277	242	1 519	9	190	1 340	200	3 249	520
1980	234,2	481	314	118	327	143	1 383	263	1 646	8	190	1 340	260	3 436	554
1981	237,3	535	335	129	349	150	1 498	284	1 782	8	190	1 340	260	3 572	581
1982	240,4	587	357	137	375	157	1 613	305	1 918	8	190	1 340	260	3 708	609
1983	243,4	635	381	146	400	163	1 725	324	2 049	7	190	1 340	260	3 839	635
1984	246,5	679	405	157	429	170	1 840	345	2 185	7	190	1 340	260	3 975	662
1985	249,5	719	431	167	460	178	1 955	365	2 320	6	190	1 340	260	4 110	689
1986	252,6	758	457	180	485	185	2 065	383	2 448	6	190	1 340	260	4 238	715
1987	255,6	795	485	195	512	192	2 179	401	2 580	5	190	1 340	260	4 370	741
1988	258,7	829	514	209	539	200	2 291	420	2 711	5	190	1 340	260	4 501	767
1989	261,7	860	545	224	569	208	2 406	438	2 844	5	190	1 340	260	4 634	794
1990	264,8	889	576	239	601	216	2 521	456	2 977	5	190	1 340	260	4 767	820
1991	267,8	917	609	259	634	224	2 643	473	3 116	5	190	1 340	260	4 906	848
1992	270,8	946	643	277	667	232	2 765	493	3 258	5	190	1 340	260	5 048	877
1993	273,8	976	678	297	703	240	2 894	512	3 406	5	190	1 340	260	5 196	906
1994	276,8	1 006	714	320	739	248	3 027	530	3 557	4	190	1 340	260	5 347	936
1995	279,8	1 037	751	342	777	257	3 164	551	3 715	4	190	1 340	260	5 505	968
1996	282,8	1 069	790	366	815	265	3 305	571	3 876	4	190	1 340	260	5 666	1 000
1997	285,8	1 102	830	394	854	274	3 454	592	4 046	4	190	1 340	260	5 836	1 034
1998	288,7	1 136	870	420	895	283	3 604	614	4 218	4	190	1 340	260	6 008	1 069
1999	291,6	1 170	912	451	936	291	3 760	636	4 396	4	190	1 340	260	6 186	1 104
2000	294,5	1 206	955	482	979	300	3 922	658	4 580	4	190	1 340	260	6 370	1 141

Fylgiskjal V.

Umsögn Rafmagnsveitna ríkisins.

(Send iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, apríl 1977.)

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimila ríkisstjórninni að láta reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu með allt að 150 MW afli.

Í fylgiskjölum með frumvarpinu kemur fram, að gert er ráð fyrir, að virkjað verði 135 MW í afli og viðbót við orkuvinnslu landskerfis eftir tengingu Norður- og Suðurlandskerfis, sem lýkur væntanlega í ár, verði 800 GWh/a. Ennfremur er gert ráð fyrir, að stofnkostnaður á afleiningu verði 109,9 Mkr./MW og framleiðslukostnaður 2,43 kr./kWh. Af ofangreindum tölum um stofnkostnað og framleiðslukostnað er ljóst, að um hagkvæma virkjun er hér að ræða.

Aðrir kostir Blönduvirkjunar eru þeir helstir að hún er á mjög hagkvæmum stað á Norðvesturlandi með tilliti til tengingar við stofnlínu og orkudreifingar og auk þess er virkjunin utan eldvirkra svæða, en sem kunnugt er eru stærstu raforkuver landsins á eldvirkum svæðum. Slík staðsetning eykur mjög á öryggi í raforkuvinnslu fyrir landskerfið. Ennfremur hefur Blönduvirkjun góða miðlunarmöguleika, sem eykur orkuvinnslugetu annarra virkjana, sem tengdar eru landskerfinu.

Samkvæmt nýgerðri orkuspá Orkuspárnefndar, má gera ráð fyrir, að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun verði fullnýttar að afli árið 1980 og að orku 1982. Samkvæmt sömu forsendum verður Hrauneyjarfossvirkjun fullnýtt að afli 1985, en að orku 1989. Á sama hátt yrði Blönduvirkjun fullnýtt á 5—6 árum.

Í orkuspánni er ekki reiknað með annarri stóriðju, en þegar hefur verið samið um.

Með tilliti til ofangreindra atriða mæla Rafmagnsveitur ríkisins með því, að frumvarp til laga um virkjun Blöndu verði samþykkt og rannsóknum við virkjunina verði hraðað.

Iðnaðarnefnd neðri deildar óskar í bréfi sínu einnig álitsgerðar Rafmagnsveitna ríkisins um fylgiskjal III með frumvarpinu, þar sem fjallað er um drög að samkomulagi um bætur vegna Blönduvirkjunar. Í þessu sambandi vísast til 66. greinar Vatnalaga, en þar segir orðrétt: „Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. og 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rétt að krefjast þess, enda hafi rétturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látin í té raforka til þarfa sinna í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu".

Virðingarfyllst,

Kristján Jónsson,
rafmagnsveitustjóri.

Fylgiskjal VI.

Úrdráttur úr umsögn Orkustofnunar.

(Send iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, apríl 1977.)

Orkustofnun hefur að undanförnu rannsakað virkjunarmöguleika á ýmsum stöðum á Norðurlandi, svo sem í Blöndu, Jökulsánum í Skagafirði hjá Villinganesi og ofar og Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss og í svonefndri Hólsfjallavirkjun. Þessar athuganir benda eindregið til að Blanda sé mjög hagkvæm til virkjunar, og að ástæða sé til að rannsaka þá möguleika ítarlega. Unnt er að gera við Blöndu stórt miðlunarlón, sem er undirstaða hagkvæmni virkjunarinnar. Blönduvirkjun er utan eldgosasvæða landsins. Hún og virkjun við Villinganes eru örskammt frá þeirri háspennulínu sem nýlögð er milli Norðurlands og Suðvesturlands.

Samanburður hefur verið gerður á hagkvæmni áðurnefndra virkjunarstaða á Norðurlandi, þ. e. Blöndu, Jökulsánna í Skagafirði við Villinganes, og Dettifoss. Beindir sá samanburður til að Blanda og Detttifoss séu svipaðar um hagkvæmni og fyllilega sambærilegar í því efni við virkjanir Suðvestanlands, en Villinganesvirkjun nálægt 40% dýrari á orkueiningu, miðað við fullnýtingu virkjananna strax. Munurinn er minni ef það er tekið með í reikninginn að vissan tíma tekur að fullnýta virkjanirnar.

Blönduvirkjun mundi geta unnið 800 GWh/a af raforku samkvæmt frumáætlunum. Til þess verður hún að vera 135 MW að afli, og er áætlað að hún kosti 14 840 milljónir króna á verðlagi í mars 1977. Líklegt er talið að ráðlegt þyki að setja nokkurt afl í virkjunina umfram þetta, til vara, eða allt að 150 MW.

Umhverfisáhrif Blönduvirkjunar hafa verið rannsökuð allvel. Þau eru einkum fólgin í því, að beitiland glatast undir uppstöðulónið. Vísindamenn í gróðurfærum á Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa því annast þennan þátt rannsóknanna fyrir Orkustofnun. Samkvæmt niðurstöðum þeirra er unnt að bæta þetta beitartjón með því að rækta upp land í nágrenni miðlunarlónsins sem nú er með öllu örfoka. Er þetta álit m. a. byggt á uppgræðslutilraunum Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á norðanverðum Kili í grennd við hið ráðgerða miðlunarlón, og er því mjög vel undirbyggt.

Orkustofnun vinnur nú að rannsóknum á lífsskilyrðum vatnafiska í vötnum þeim og ám, sem Blönduvirkjun kemur til með að hafa áhrif á. Þessar rannsóknir eru unnar í samvinnu við Veiðimálastofnunina.

Loks hefur Orkustofnun samið við Náttúrugripasafnið á Akureyri um, að það framkvæmi fyrir hana náttúruverndarkönnun á vatnasvæði Blöndu. Er skýrsla um þá könnun fullunnin og verður birt mjög bráðlega. Markmið með þessari könnun er að leiða í ljós, hvort náttúruverðmætum svo sem sérstæðum náttúrumyndunum verði spillt með virkjuninni og þá hverjum. Er niðurstaðan sú, að ekki verði um meiriháttar náttúruspjöll að ræða. Könnun þessi tekur einvörðungu til eiginlegra náttúruvætta en ekki búnytja svo sem beitar og veiði, sem eru sérstaklega rannsökuð af öðrum eins og fyrr segir.

Iðnaðarráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að heimamönnum væru rækilega kynntar hugmyndir um tilhögun Blönduvirkjunar og Villinganesvirkjunar. Hafa í því skyni verið haldnir kynningarfundir bæði heima í héraði og í ráðuneytinu meðan á frumhönnun stóð. Heimamenn hafa komið fram með ábendingar; óskað könnunar á öðrum hugsanlegum tilhögunum á miðlunarlóninu o. fl. Hefur þetta verið kannað og niðurstöður kynntar. Sú hönnun, sem virkjunaráætlunin byggir á er því gerð eftir að málið var rætt við heimamenn.

Allmiklar rannsóknir þarf enn að gera við Blöndu áður en unnt er að taka endanlega ákvörðun um það, hvort þar skuli virkjað. Þær taka væntanlega 2—3 ár. Rannsóknir þær sem eftir er að vinna eru einmitt kostnaðarsamasti hluti virkj-

unarrannsókna, svo sem boranir. Kostnaður við þær er líklega um 200 Mkr. á núverandi verðlagi.

Við búum í eldfjallalandi. Því fylgir áhætta svo sem nýlega dæmi frá Vestmannaeyjum sanna. Allir eru sammála um að áhættu verði að taka í þessu sambandi. Á það jafnt við um orkuver og önnur mannvirki. En raforkuver eru meðal allra mikilvægustu mannvirkja hvers lands og er hvarvetna lögð rík áhersla á að tryggja íbúum aðgang að raforku, jafnvel þótt neyðarástand ríki. Með hliðsjón af því má það vera okkur nokkurt umhugsunarefni að öll stærstu raforkuver landsins eru á eldfjallasvæðum. Jafnvel þótt ekki verði hjá áhættu komist hljóta allir að vera sammála um að minnka svo sem kostur er líkurnar á að jafn mikilvæg mannvirki og raforkuver verði óstarfhæf. Það hlýtur því að verða keppikefli að upp rísi stór raforkuver utan eldfjallasvæða landsins, sem ekki eru þessari áhættu undirorpin. Blönduvirkjun er slíkt orkuver.

Í fylgiskjali III með frumvarpinu er að finna drög að samkomulagi um bætur vegna Blönduvirkjunar.

Þegar samkomulagsdrögin eru skoðuð í heild verður ekki betur séð en að bændum séu með þeim bótum, sem boðnar eru ríflega bættar búsifjar af völdum Blönduvirkjunar.

Samkvæmt Orkulögum er það Alþingis að taka ákvarðanir um virkjanir. Undirbúningur vatnsaflsvirkjana er tímafrekur og nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir taka nokkur ár. Því er óhjákvæmilegt að Alþingi móti stefnu sína í þessum málum með góðum fyrirvara, til þess að unnt sé að beita því takmarkaða fé sem varið er til slíkra rannsókna og þeim mannafla sérfræðinga er að þeim vinna, í samræmi við markaða stefnu Alþingis, og til að tryggja sem rækilegastan undirbúning áður en að framkvæmdum kemur. Talið er, að nauðsynlegar rannsóknir við Blöndu þar til unnt er að taka lokaákvörðun um framkvæmd hennar, taki 2—3 ár og kosti hátt í 200 Mkr., sem fyrr segir. Það er eðlilegt, að Alþingi segi til um, hvort það telur rétt að verja svo miklu fé til rannsóknar Blöndu nú á næstunni. Verði niðurstaða Alþingis neikvæð þarf hið bráðasta að beina rannsóknum að annarri hliðstæðri virkjun.

Því vill Orkustofnun eindregið hvetja til þess, að Alþingi móti afstöðu sína til hugmynda þeirra um virkjun Blöndu, sem fram koma í frumvarpinu þegar á þessu þingi.

Virðingarfyllst,

Jakob Björnsson.
orkumálastjóri.

Nd. 154. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975 um breytingar á lögum umalmannatryggingar nr. 67/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 9/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1978 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjald þetta skal nema 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
   a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;

b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu og
c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum.

3. Eigi skal gjald þetta lagt á þá, sem ekki yrði gert að greiða útsvar væri það 10% af gjaldstofni sem ákvarðaður er samkvæmt 2. tl., að frádreginni lækkun útsvars samkv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum. Sjúkra tryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.—4. tl. þess ákvæðis til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nauðsynlegt er talið að innheimta á árinu 1978 sjúkratryggingagjald hliðstætt því sem gert var 1976 og 1977.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði lögfestar til frekari samræmingar og til þess að auðvelda framkvæmd laganna og jafnframt til þess að mæta stórauknum kostnaði:

1. Að gjaldið sé lagt á af skattstjórum á öllu landinu, en ekki álagningaraðila útsvars. Ástæðan er tvíþætt: Annars vegar hefur álagning þessa gjalds dregist sums staðar, þar sem skattstjórar leggja ekki á útsvar, og allt sem varðar tengsl milli álagningar og innheimtu gjaldsins hefur reynst þungt í vöfum og erfitt í framkvæmd varðandi þau sveitarfélög, þar sem skattstjórar leggja ekki á útsvör. Hins vegar hefur mismunandi beiting á ívilnunarákvæðum útsvarslaga leitt til ósamræmis milli gjaldenda sjúkratryggingagjalds eftir búsetu.
2. Að gjaldið nemi 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978 í stað 1% 1976 og 1977. Áætlað er að þessi hækkun færi ríkissjóði 1900 millj. kr. í auknar tekjur 1978. Fyrirsjáanleg er mjög veruleg kostnaðaraukning við sjúkratryggingar, ekki síst vegna launahækkana starfsfólks sjúkrahúsa. Áætlað er, að vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum hækki um 1 500 m.kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi, einkum vegna launaliðar, auk þess sem búast má við kostnaðaraukningu á öðrum liðum sjúkratrygginganna. Útgjaldahækkun vegna útgjalda sjúkratrygginganna er þannig 3 419 m.kr. eða 68.2% frá fjárlögum yfirstandandi árs, og í heild er áætluð aukning kostnaðar sjúkratrygginganna 4 722 m.kr. frá fjárlögum 1977, eða um 70%.
3. Að gjaldfrelsismörk verði samræmd. Skv. núgildandi lögum eru þeir gjaldfrjálsir, sem ekki er gert að greiða útsvar. Þar sem útsvarshlutfallið er mishátt eftir sveitarfélögum hafa gjaldfrelsismörk sjúkratryggingagjalds einnig verið mishá. Í sveitarfélagi með 10% útsvar sleppa t. d. hjón við greiðslu sjúkratryggingagjalds vegna útsvarsleysis ef útsvarsstofn var 165 300 kr. eða lægri, en í sveitarfélagi með 3% útsvari sleppa hjón við sjúkratryggingagjald ef útsvarsstofn þeirra var 605 400 kr. eða lægri. Samsvarandi tölur fyrir einhleyping voru 120 900 kr. og 443 000 kr. Því er lagt til að þeir verði gjaldfrjálsir sem ekki hefðu greitt útsvar væri það 10% af gjaldstofni útsvara.

Ed. 155. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 156.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 13. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Halldór Blöndal.
Ragnar Arnalds. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 156. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 2. gr.):
   26. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 32/1977) orðist svo:
   1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:
      Af fyrstu 8 000 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 12 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.8%.
   2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0.8% af skattgjaldseign.
   3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 2. gr.):
   Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. og orðist svo:
   Skattyfirvöldum er þrátt fyrir ákvæði 49. gr. laga þessara heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.
3. 2. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Koma ákvæði 1. gr. til framkvæmda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1976, en ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1977.

Ed. 157. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hlutinn, Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds, skilar sérálti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Albert Guðmundsson.

Alþingi, 13. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Halldór Blöndal.

Ed. 158. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með þessu frv. er sú breyting gerð á lögum um launaskatt, að gildistími laganna er afnuminn. Minni hlutinn er andvígur því að lögfesta innheimtu þessa gjalds um óákveðinn tíma. Minni hlutinn vill minna á marggefin loforð um nýskipan á tekjuöflun til ríkissjóðs og telur miður rétt að lögfesta einn ákveðinn tekjustofn ótímabundið fram á við.

Minni hlutinn **leggur því til** að gildistími laganna um launaskatt **verði framlengdur um eitt ár.**

BREYTINGARTILLAGA.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til loka þess árs.

Alþingi, 13. des. 1977.

Jón Árm. Héðinsson, frsm.	Ragnar Arnalds.

Sþ. **159. Skýrsla**

ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1978.

I
Inngangur

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 er þriðja árlega heildaráætlunin um lánastarfsemi í landinu, sem ríkisstjórnin leggur fram á Alþingi. Í áætlunum þessum hafa verið settar fram hugmyndir og markmið um þróun í lánamálum í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þótt lánsfjáráætlanir áranna 1976 og 1977 hafi ekki gengið eftir í bókstaflegri merkingu má telja, að þær hafi gefið gagnlegt yfirlit yfir starfsemi lánastofnana og auðveldað stjórn lánamála og peningamála. Nokkuð hefur skort á, að lánskjör og ýmis atriði önnur, sem áhrif hafa á lánahreyfingar, hafi verið ákveðin með samræmdum hætti og jafnframt hafa möguleikar yfirvalda í peningamálum til að fylgja áætlunum eftir verið fremur takmarkaðir. Á þessu ári hefur hins vegar verið stigið stórt skref í samræmingu lánskjara og tekin upp virkari og sveigjanlegri vaxtastefna en fyrr. Lánsfjáráætlunin fyrir árið 1978, sem hér er lögð fram, og raunar öll peningastjórn ætti því að verða mun styrkari en áður. Við ýmis framkvæmdavandamál er þó enn að etja og verður áfram unnið að úrlausn þeirra í þeim tilgangi að efla og skýra stjórn peninga- og lánamála í landinu svo sem óhjákvæmilegt er, til þess að unnt sé að koma fram brýnustu markmiðum efnahagsstefnunnar næstu misseri: að draga úr verðbólgunni og koma í veg fyrir halla í viðskiptum við útlönd.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 er samin á vegum fjármálaráðuneytis í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Undirbúningsvinna að því er tekur til lánamála er að meginhluta unnin í hagfræðideild Seðlabankans. Efni um ríkisframkvæmdir og fjáröflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða eru reistar á efni frá Framkvæmdastofnun ríkisins og Húsnæðismálastofnun ríkisins. Áætlunin er reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar og spá Seðlabanka um þróun greiðslujafnaðar 1978, sem samdar voru í október 1977. Lánsfjáráætlunin sýnir uppruna og ráðstöfun lánsfjár á árinu 1978 og skiptingu þess eftir lánveitendum og lánþegum.

II
Þjóðhagsleg markmið lánsfjáráætlunar

Meginatriði efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á næsta ári er að bægja frá hættunni á vaxandi viðskiptahalla og skuldasöfnun við útlönd og á aukinni verðbólgu, sem veikir stöðu atvinnuveganna og þar með atvinnuöryggi auk þess sem hún veldur margvíslegum öðrum efnahagsvanda. Að öllu óbreyttu er peningatekjum og þjóðarútgjöldum stefnt hærra en samrýmst getur jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Af þessum ástæðum er aðgerða þörf á sviði fjármála og lánamála, sem grein er gerð fyrir í sérstökum lagafrumvörpum um þetta efni. Markmið þessarar láns-

fjáráætlunar er einkum það, að aukning heildarútlána verði ekki meiri en svo á næsta ári að samrýmst geti eftirfarandi viðmiðunum:

1) Verðbólguhraði og viðskiptahalli verði ekki meiri 1978 en 1977.
2) Hlutur innlends sparnaðar í heildarfjármögnun framkvæmda og rekstrarlána verði aukinn, svo að erlendar lántökur fari ekki fram úr afborgunum eldri lána auk þeirrar eflingar gjaldeyrisstöðunnar, sem nauðsynleg er talin.
3) Þessu marki verði náð samtímis öruggri atvinnu.

Í samræmi við þessa stefnu og það mat á núverandi stöðu og horfum í efnahagsmálum, sem fram koma í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, er að því stefnt, að þjóðarútgjöld aukist ekki meira en um 4% á næsta ári eða um svipað hlutfall og þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur. Í þessu felst, að viðskiptahallinn við útlönd yrði ekki meiri en um 1—2% af þjóðarframleiðslu eða svipaður og á árinu 1977. Síðustu tölur um utanríkisverslun á haustmánuðum 1977 benda til vaxandi viðskiptahalla, þannig að fremur er hætta á að viðskiptahalli 1977 verði meiri en hér er spáð, m. a. vegna uppsöfnunar útflutningsbirgða. Miðað við þá kaupmáttaraukningu, sem að er stefnt á næsta ári með kjarasamningum í ár, og þau framkvæmdaáform, sem uppi eru í ýmsum greinum atvinnulífsins, er vexti þjóðarútgjalda þröngur stakkur skorinn með þessum markmiðum. Þó er í þjóðhagsspánni reiknað með, að einkaneysla aukist um 6% á næsta ári og að samneysla aukist um 1—2%. Á hinn bóginn er reiknað með um 3% samdrætti í fjármunamyndun, sem er óhjákvæmilegt, eigi endar að nást saman. Í þessum tölum hefur verið reiknað með áhrifum þeirra aðgerða, sem fram koma í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1978, auk þeirra ráðstafana, sem lánsfjáráætlun þessi felur í sér. Samdrátturinn í fjármunamyndun kemur annars vegar fram í opinberum framkvæmdum, einkum vegna þess að enn dregur úr orkuframkvæmdum, en á móti mun vegagerð verða stóraukin, og hins vegar mun innflutningur skipa og flugvéla verða mun minni en í ár. Í heild er þannig reiknað með 3—4% aukningu þjóðarútgjalda og verður öll áhersla lögð á að halda útgjaldaaukningunni innan þessa ramma og innan líklegra vaxtarmarka þjóðarframleiðslu og þjóðartekna 1978.

Framan af þessu ári dró talsvert úr verðhækkunum, en hraði verðbólgunnar hefur nú síðustu mánuðina farið vaxandi á ný í kjölfar kjarasamninganna. Þannig má telja, að umsamdar kauphækkanir ásamt öðrum verðhækkunartilefnum hafi þegar ákveðið verðbreytingar fram yfir mitt næsta ár. Í forsendum þjóðhagsspár er reiknað með, að unnt verði að halda verðbreytingum þannig í skefjum, að þær verði ekki meiri að meðaltali 1978 en í ár, og er þá miðað við fyrirsjáanlega þróun fram til miðs næsta árs en töluvert dragi úr þeim síðari hluta ársins. Þessi forsenda þjóðhagsspárinnar felur þó þegar í sér, að verulegu aðhaldi verði beitt á sviði opinberra fjármála, peningamála og verðlagsmála. Að vexti einkaneyslunnar óheftum og án sérstaks viðnáms í peninga- og lánsfjármálum stefnir hins vegar í örari verðhækkanir og meiri viðskiptahalla en þjóðhagsspáin sýnir. Í þjóðhagsspánni er miðað við, að neysluvöruverð hækki um 31% að meðaltali 1978. Verðhækkun samneyslu er áætluð mun meiri, 42%, vegna hinna umtalsverðu launahækkana opinberra starfsmanna, en byggingarvísitala er talin hækka um 29% að meðaltali. Við þessar verðbreytingar er einnig miðað í lánsfjáráætluninni. Því miður er hættan sú, að þessar tölur séu of lágar fremur en of háar og því brýnt að beita öllum tiltækum ráðum gegn þeim mikla verðbólguþrýstingi, sem nú einkennir þjóðarbúskapinn.

Auknu aðhaldi í fjármálum ríkisins hefur verið markaður skýr farvegur í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1978 og í nýframkomnum frumvörpum um ríkisfjármál, og í lánsfjáráætluninni er áherslan á sama markmið. Áætlunin gerir því ráð fyrir talsvert minna svigrúmi í peninga- og lánsfjármálum en verðlagshækkunin ein felur í sér. Hér er einnig að því stefnt, að peningaaðgerðum verði beitt til þess að halda verulega aftur af veltuaukningunni í þjóðarbúskapnum og veiti því viðleitninni til að hafa hemil á verðbólguvextinum meiri stuðning en ella.

Til þess að þessi markmið náist verður að skammta framboð lánsfjár naumt og miða eingöngu við brýnustu framkvæmdir og rekstrarfjárþörf atvinnuvega. Er þá einkum nauðsynlegt að hafa hemil á peningaútstreymi úr Seðlabankanum og draga úr lántökum erlendis. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að erlendar lántökur verði takmarkaðar við 20 000 m.kr. á næsta ári og miðist þannig við að mæta afborgunum erlendra lána og áætluðum viðskipahalla, svo að ekki þurfi að koma til rýrnunar gjaldeyrisstöðunnar af þeim ástæðum. Hér eru erlendum lántökum settar þrengri skorður en í lánsfjáráætlunum áranna 1976 og 1977, enda mjög brýnt að stöðva aukningu skulda út á við að sinni. Ráðgert er að þessu markmiði sé m. a. náð með því að taka ekki lán erlendis vegna fjárfestingarlánasjóða og draga úr erlendum lánum til opinberra framkvæmda, svo að erlend lán til þessara þarfa samanlagt eru að krónutölu aðeins helmingur af sambærilegri fjárhæð í lánsfjáráætlun fyrir 1977.

III
Lánsfjármarkaðurinn

Meginstraumar lánsfjár koma fram í töflukafla I um lánsfjármarkaðinn (1.—4. töflu). Er þar sýnt nettóframboð lánsfjár ásamt því, hverjir nýta lánsfé, sem á boðstólum er. Með lánsfjáráætlunum, sem fram hafa verið settar undanfarin ár hefur ætíð verið stefnt að hóflegri aukningu á heildarframboði lánsfjár til þess að styðja viðleitni stjórnvalda til að draga úr viðskiptahalla við útlönd og áframhaldandi verðþenslu. Á hinn bóginn hefur einnig verið reynt að mæta lánsfjárþörf vegna nauðsynlegra framkvæmda svo og rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Í fyrstu lánsfjáráætluninni, sem gerð var fyrir árið 1976, var stefnt að því að einkaaðilar fengju stærri skerf en áður af heildarframboði lánsfjár. Þetta stóðst aðeins að því marki, að einkaaðilar fengu svipað fjármagn og að var stefnt, en opinberir aðilar tóku til sín alla aukningu lánsfjár, sem varð frá gerðri áætlun. Uppruni lánsfjárframboðs umfram lánsfjáráætlun 1976 var mestur í bankakerfinu og stafaði af auknu ráðstöfunarfé innlánsstofnana svo og stöðu ríkissjóðs við Seðlabanka, sem varð mun lakari en að var stefnt, enda þótt greiðsluafkoma batnaði mjög frá árinu áður. Að öðru leyti má segja, að lánastarfsemi hafi í stórum dráttum fylgt þeim línum, sem lagðar voru í áætluninni.

Of snemmt er að leggja lokamat á lánsfjáráætlun 1977. Þó er ljóst, að á lánsfjármarkaðnum er nú mun meira fjármagn, bæði af innlendum og erlendum uppruna, en að var stefnt. Lánanotkun opinberra aðila verður langt umfram sett mark, því að verðbréfaútgáfa innanlands verður um 800 m.kr. meiri en í upphaflegri áætlun, og greiðsluafkoma ríkissjóðs mun ekki gera kleift að endurgreiða Seðlabanka jafn mikið af eldri lánum og til stóð. Þá hafa einkaaðilar tekið meira af erlendum lánum en við var búist, jafnframt því að endurkaup Seðlabankans hafa aukist nær tvöfalt á við það sem gert var ráð fyrir í áætlun.

Megineinkenni lánsfjáráætlunar 1978 felast í verulegum samdrætti erlendra fjárfestingarlána og rýmri mörkum um útlán bankakerfisins en viðurkennd voru í fyrri lánsfjáráætlunum. Byggist þetta á þeim forsendum, að nokkuð dragi úr fjármunamyndun og að innlendur sparnaður renni í auknum mæli til lánakerfisins. Á notkunarhlið er sem áður gert ráð fyrir samdrætti í lánum til opinberra aðila, en í því felst að atvinnuvegirnir hafa greiðari aðgang að innlendu lánsfé. Eins og tafla 1 sýnir er nettóaukning lána áætluð 64,2 milljarðar kr. á næsta ári, sem er 11% hærri fjárhæð en spáð er fyrir yfirstandandi ár. Þar af er áætlað að einkaaðilar fái 59,1 milljarð kr., eða 43% hækkun, og opinberir aðilar 5,1 milljarð kr., sem er tæpur þriðjungur af áætlaðri lánanotkun þeirra á yfirstandandi ári.

IV
Bankakerfið

Peningamálaáætlun, sem sýnd er í töflum 5—7 hér á eftir, er gerð í samræmi við markmið og forsendur þjóðhagsspár. Stefnan í peningamálum á næsta ári miðast við að bankakerfið sjái atvinnuvegunum fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, án þess að komi til eftirspurnarþenslu af völdum útlána eða annars peningaútstreymis.

Stefnt er að því, að útlánaaukning innlánsstofnana verði heldur minni en almennar verðlagshækkanir á næsta ári. Þá er áætlað, að skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann lækki um 3 200 m.kr. en á hinn bóginn er búist við jafn mikilli innstæðulækkun sjóða í opinberri vörslu. Niðurstaðan verður sú, að innlendir liðir bankakerfisins í heild aukast um 30%. Þetta er meiri vöxtur en venjulega er sýndur í áætlunum um peningamál, en þar sem áætlað er að þjóðarframleiðsla aukist um 4% og almennt verðlag hækki um meira en 30% er hér um verulega aðhaldssemi að ræða, sem stuðlað getur að bættum viðskiptajöfnuði við útlönd. Raskist jafnvægi á peningamarkaðinum, t. d. þannig að sparnaður einkaaðila eða opinberra aðila verði minni en nú er búist við, verður nauðsynlegt að endurskoða stefnuna í útlánamálum.

Í áætluninni er reiknað með að sparifé í innlánsstofnunum aukist hlutfallslega jafn mikið og þjóðarframleiðsla. Á síðustu árum hefur sparifé rýrnað í samanburði við þjóðarframleiðslu, en þess ber að gæta að nú eru ávöxtunarkjör sparifjár almennt hagstæðari en verið hafa síðan á árinu 1972, auk þess sem innstæður á vaxtaaukareikningum eru nánast verðtryggðar. Verði verðbólga meiri en gert er ráð fyrir í þjóðhagsspá munu kjörin rýrna og sparifjármyndun minnka, nema frekari breytingar verði gerðar á vöxtum. Það er því ljóst að vaxandi verðbólga mundi rýra útlánagetu bankakerfisins auk þess sem hún leiðir til viðskiptahalla gagnvart útlöndum.

Um alllangt skeið hefur lausafé innlánsstofnana verið afar lítið, og hafa flestir bankar því tekið yfirdráttarlán í Seðlabankanum um stundarsakir, en nokkrir hafa verið í yfirdrætti langtímum saman. Þar sem slík lán eru dýr og einungis ætluð til að leysa úr tímabundinni fjárþörf, má ljóst vera að nauðsynlegt er að styrkja lausafjárstöðuna. Stefnan í útlánamálum verður því ekki aðeins að taka mið af útlánagetunni hverju sinni og venjulegum árstíðabundnum sveiflum, heldur er einnig nauðsynlegt að byggja upp nokkurn varaforða til að mæta óvæntum breytingum innan ársins.

Lausafjárstaðan batnar venjulega á fyrstu mánuðum ársins, þegar saman fara mikil endurkaup Seðlabankans og lánanotkun ríkissjóðs. Á yfirstandandi ári varð lausafjárbatinn fyrstu mánuðina óvenju mikill, þar sem við bættist afar hagstæður greiðslujöfnuður við útlönd. Um miðbik ársins dregur jafnan úr peningaútstreymi úr Seðlabankanum þar til endurkaup vegna landbúnaðarafurða hefjast. Auk útlánastefnunnar ræðst þróun lausafjárstöðu þá af mörgum þáttum, sem erfitt getur reynst að meta. Sala útflutningsafurða og eftirspurnarástand ráða þróun viðskiptajafnaðar og innlána að verulegu leyti. Þá dregur greiðsluafgangur ríkissjóðs venjulega lausafé af peningamarkaðinum á seinni árshelmingi, allt fram í desember, en í seinni tíð hefur sú þróun snúist við á síðustu vikum ársins, þannig að peningaútstreymi úr Seðlabanka hefur aukist vegna greiðsluafkomu ríkissjóðs. Við það bætist, að um þriðjungur af útlánum fjárfestingarlánasjóða er greiddur út í nóvember og desember, og ganga sjóðirnir þá mjög á innstæður sínar í Seðlabankanum. Af þessu má sjá, að óvissan um þróun lausafjárstöðu er mikil, jafnvel þótt aðeins sé litið til fárra mánaða fram á við, og verður því nauðsynlegt að gæta aðhalds í útlánum innlánsstofnana, einkum á fyrri hluta ársins.

Frá því lánsfjáráætlun var fyrst gerð hafa Seðlabanki og innlánsstofnanir samið um takmörkun útlánaaukningar innan ramma hennar. Frameftir ári 1976 jukust útlán meira en að var stefnt, og þrátt fyrir verulega lækkun í desember varð niðurstaðan fyrir árið í heild ofan við sett mark. Útlán innlánsstofnana jukust

þannig á árinu í heild um 26,2% til samanburðar við 16% markmið um útlánaaukningu. Er þetta mun hóflegri aukning en talið var fyrir ári í endurskoðaðri áætlun 1976. Ennfremur varð innlánaaukningin verulega umfram áætlun, 32,8%, og jafnframt talsvert umfram útlánaaukningu. Aukning útlána bankakerfisins í heild varð hins vegar mjög áþekk því sem gerð var grein fyrir í lánsfjáráætlunarskýrslu fyrir ári.

Þróun peningamálanna á árinu 1977 virðist mjög svipuð og árið áður, nema hvað þensluöflin hafa reynst öllu sterkari. Meginþættir þeirrar framvindu eru annars vegar miklu örari hækkun tekna og verðlags í landinu, svo að forsendur peningamálaáætlunar hafa reynst óraunhæfar, og hins vegar örari aukning útflutningstekna og afurðabirgða en áætlað hafði verið. Af þessum sökum er nú áætlað, að bæði útlán og innlán innlánsstofnana muni aukast á árinu í kringum 35% en lán bankakerfisins í heild um rúm 29%. Þessu til samanburðar lágu flestar stærðir peningakerfisins á bilinu 20—25% samkvæmt lánsfjáráætlun 1977, en raunhæfur samanburður við þá áætlun er torveldur, svo mjög sem forsendur hennar hafa raskast.

V

Fjárfestingarlánasjóðir

Stefna hins opinbera í málefnum fjárfestingarlánasjóða hefur á undanförnum árum einkum miðast við það, að lánveitingar þeirra séu ákveðnar með hliðsjón af að ná bættu efnahagslegu jafnvægi, að lánsfjárkjör þeirra og eiginfjárstaða verði styrkt stig af stigi, að vaxandi áhersla sé lögð á innlenda fjármögnun, einkum á vaxandi sparnað lífeyrissjóðanna, og dregið sé úr erlendum lántökum og fjárfestingarlánasjóðirnir gerðir sem óháðastir þeim. Stefnumörkun um útlán og fjáröflun sjóðanna á árinu 1978 er beint framhald þessarar stefnu, og miðar jafnframt að því að hemja hina miklu þenslu í efnahagslífinu, sem orðið hefur á yfirstandandi ári. Ennfremur er óhjákvæmilegt að hafa hliðsjón af því, að svigrúm til fjárfestingar hefur þrengst, einkum á vettvangi hins opinbera og atvinnuveganna, svo og opinberrar fjármögnunar íbúðabygginga, við það hve mjög lífskjör almennings hafa batnað og einkaneysla aukist.

Við setningu útlánamarkmiða fjárfestingarlánasjóða hefur verið höfð náin hliðsjón af spá um fjármunamyndun og verðbreytingu hennar, sem felld er í ramma þjóðhagsspár. Aðhald að lánveitingum og annarri fjármögnun, er sé tryggilega innan þess ramma, er algjört skilyrði þess, að ekki verði meiri halli á þjóðarbúinu út á við en gert er ráð fyrir samkvæmt spánni. Til þess að styrkja þessa stefnumörkun, er gert ráð fyrir, að ný útlán íbúðalánasjóða og Framkvæmdasjóðskerfis hvors um sig muni aukast um 29% frá lánsfjáráætlun 1977. Eru þá ekki tekin með lán Fiskveiðasjóðs út á erlend fiskiskip, sem eru fyrirfram gerð skuldbinding. Flestir sjóðanna, einkum atvinnuvegasjóðir, fóru nokkuð fram úr áætlun 1977, en ekki er tekið tillit til þess við setningu útlánamarkmiðs, enda um að ræða þenslu umfram æskileg mörk. Áætlaðar aukningartölur milli 1977 og 1978 eru þannig lægri en hér hefur greint verið, eða 22% á heildina litið, sbr. töflu 8, jafnframt því að metin hafa jafnast milli sjóða.

Annað meginmarkmið í rekstri sjóðanna er, að þeir þurfi ekki að taka erlend lán á árinu 1978. Er það í fyrsta sinn um alllangt árabil, að sá árangur næst. Til þess að ná þeim árangri án óhæfilegs niðurskurðar lánveitinga þarf annars vegar að leita fast eftir því, að sjóðirnir færi lánskjör sín í raunhæfara horf, og hins vegar að efla fjármögnun til þeirra frá ört vaxandi lífeyrissjóðum landsmanna. Flestir sjóðanna búa enn við verulega neikvæða raunverulega ávöxtun útlánafjár síns sökum takmarkaðrar verðtryggingar samfara mikilli verðbólgu, og er það m. a. ástæða lítils eða neikvæðs eigin fjár úr rekstri þeirra. Endurskoðun lánskjara í samræmi við lög frá 1975 um lánskjör fjárfestingarlánasjóða hefur þegar skilað verulegum árangri. Áætlun um eigin fjármögnun sjóðanna 1978 miðast við, að enn sé tekið

myndarlegt skref til samræmingar lánskjara og varðveislu fjárstofns sjóðanna, og nái samræmingin jafnframt til breytilegra lánskjara eldri lánasamninga, þar sem því verður við komið.

Fjármagn lífeyrissjóða hefur vaxið mjög á undanförnum árum, og hafa lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóðanna skilað drýgstri aukningu fjármögnunar, næst framlögum hins opinbera. Lántökur þessar eru að fullu verðtryggðar og falla því vel að brýnni þörf lífeyrissjóðanna, sem að öðrum kosti rýrna af völdum verðbólgunnar. Í samræmi við vaxandi áherslu á verðtryggingu lífeyrissjóða, svo að þeim verði kleift að annast meginhlutverk sitt, er talið fært að áætla lánsfjármagn frá þeim fyrir milligöngu hins opinbera, er nemi 30% af ráðstöfunarfé þeirra, þ. e. 5 100 m.kr. til Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins til samans, sbr. frumvarp til laga þar að lútandi. Að auki hafa einstakir fjárfestingarlánasjóðir fengið frá þeim nokkurt lánsfé með beinum samningum og er gert ráð fyrir, að svipað framhald verði á því.

Alkunna er, að verðbólguþróunin hefur rýrt ráðstöfunarfé bankakerfisins að tiltölu við þjóðartekjur og verðlag, jafnframt því að stórauknar skuldbindingar hafa á það fallið í mynd afurðalána og annarra rekstrarlána til atvinnuveganna. Er því ráðgert að slaka á kröfu um fjárfestingarlán bankanna til Framkvæmdasjóðs úr 10% í 5% af innlánsaukningu þeirra, þó ekki í lægri fjárhæð en 1 200 m.kr. á árinu 1978.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit útlána og fjármögnunar fjárfestingarlánasjóðanna síðustu tvö árin og áætlun hins næsta, þ. e. yfir þau þrjú ár, sem lánsfjáráætlanir taka til.

Fjárfestingarlánasjóðir: Áætluð útlán og fjármögnun

	Í m.kr.			Breyting frá fyrra ári %		
	Greiðslu-yfirlit 1976	Endurskoðuð áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978	Greiðslu-yfirlit 1976	Endurskoðuð áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
Útlán (lánveitingar)						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**14 920**	**20 020**	**24 422**	**21,0**	**34,2**	**22,0**
Íbúðalánasjóðir	4 840	6 480	8 255	34,6	33,9	27,4
Þar af Byggingarsjóður ríkisins	4 384	6 140	7 605	35,5	40,1	23,9
Atvinnuvegasjóðir	10 080	13 540	16 167	15,4	34,3	19,4
Framkvæmdasjóðskerfið	7 832	10 669	12 443	21,1	36,2	16,6
Þar af Framkvæmdasjóður	5 084	6 327	6 200	15,3	24,4	÷2,0
Aðrir Atvinnuvegasjóðir	2 248	2 871	3 724	÷0,8	27,7	29,7
Þar af Byggðasjóður	1 602	2 000	2 680	5,7	24,8	34,0
Fjármögnun						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**14 920**	**20 020**	**24 422**	**21,0**	**34,2**	**22,0**
Eigin fjármögnun, nettó	577	1 071	2 584	130,8	85,6	141,3
Framlög og markaðir tekjustofnar	5 733	8 644	11 176	24,7	50,8	29,3
Lántökur, brúttó	**8 610**	**10 305**	**10 662**	**15,0**	**19,7**	**3,5**
Lífeyrissjóðir	2 058	3 150	5 835	53,0	53,1	85,2
Bankakerfið	1 274	1 515	1 200	42,8	18,9	÷20,8
Skyldusparnaður, brúttó	1 647	2 100	2 700	28,3	27,5	28,6
Atvinnuleysistryggingasjóður	697	678	927	310,0	÷2,7	36,7
Erlend lán	2 934	2 862	–	÷15,4	÷2,4	÷100,0

Hinir einstöku fjárfestingarlánasjóðir munu að sjálfsögðu ekki hækka útlán sín um sama hlutfall og áður er greint um heild þeirra. Er útlánageta þeirra háð ýmsum sérstökum aðstæðum, svo sem lánveitingum Framkvæmdasjóðs, sem háðar eru mati þeirrar stofnunar á útlánaþörf til hlutaðeigandi atvinnugreina og framkvæmda. Ennfremur hefur útlánageta mismunandi sjóða þróast misjafnlega eftir því af hve mikilli ráðdeild þeir ákvarða lánskjör sín og varðveita eigið fjármagn. Er óhjákvæmilegt, að opinber fjármagnsmiðlun milli sjóðanna veiti þeim svigrúm til þess að njóta hagstæðrar útkomu eigin rekstrar í verulegum mæli. Loks er útlánageta einstakra sjóða háð nokkurri öflun beinna lána frá lífeyrissjóðum, sem hér eru áætluð samkvæmt reynslu, án þess að þau lán teljist skuldbindandi þáttur hinnar opinberu lánsfjáráætlunar.

Lánsfjáráætlun þessari fylgir að venju hliðstætt skýrsluefni næstliðinna tveggja ára, 1976 og 1977. Greiðsluyfirlit ársins 1976 er nú svo að segja samhljóða endurskoðaðri áætlun um það ár, er birt var fyrir ári með lánsfjáráætlun 1977. Aukning heildarútlána, og þar með allrar fjármögnunar sjóðanna, varð 21% frá árinu áður, en var fyrir ári áætluð eilítið meiri, eða 22,1%. Lánsfjáráætlun 1976 gerði hins vegar ráð fyrir 13% aukningu. Var gerð grein fyrir aukningu umframáætlunar í skýrslu um lánsfjáráætlun 1977.

Saga þessi hefur endurtekið sig á árinu 1977 að því leyti, að heildarfjárhæð útlána og fjármögnunar er talin munu aukast um 34,2% í stað 21,6% samkvæmt áætlun. Hér er um að ræða svipaða aukningu umfram áætlun og frá fyrra árs tölum og talin er verða á útlánum bankanna og peningamagni. Skýringin er í grundvallaratriðum hin sama, að þróun tekna og verðlags hefur farið langt fram úr hinum varkáru og aðhaldssömu forsendum lánsfjáráætlunar. Að því er fjárfestingarlánasjóðina varðar, hefur umframaukningin þó ekki gerst með frekari lánsfjárútvegun af opinberri hálfu, heldur með aukningu eigin fjár fyrir tilstuðlan raunhæfari lánskjara, svo og með sjálfkrafa aukningu markaðra tekjustofna og lánsfjár samkvæmt hlutfallsákvæðum frá bankakerfi og af skyldusparnaði, svo sem eftirfarandi samanburður sýnir (í m.kr.).

	Lánsfjáráætlun 1977	Endurskoðuð áætlun 1977	Aukning
Fjármögnun, alls	**18 295**	**20 020**	**1 725**
Eigin fjármögnun nettó	300	1 071	771
Framlög og markaðir tekjustofnar	8 005	8 644	639
Lántökur, brúttó	9 990	10 305	315
Þar af bankakerfið	(1 300)	(1 515)	(215)
Þar af skyldusparnaður	(2 000)	(2 100)	(100)

VI
Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Ríkisframkvæmdir

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1978 var gerð grein fyrir þeim framkvæmdum ríkisins og ríkisfyrirtækja, sem ætlað er að fjármagna með lántökum á næsta ári. Áætlanir þessar voru byggðar á þeim almennu þjóðhagshorfum, sem áætlanir fjárlagafrumvarpsins byggðust á og gerð var grein fyrir í athugasemdum frumvarpsins. Þróun launamála að undanförnu hefur raskað þessum forsendum og veldur það vandkvæðum við að tryggja afgreiðslu hallalausra fjárlaga og viðunandi jöfnuð

í utanríkisviðskiptum. Af þessum sökum og jafnframt til að ná því markmiði ríkisstjórnarinnar að draga mjög úr aukningu erlendra skulda á árinu, hefur reynst nauðsynlegt að endurskoða fjárlagafrumvarpið að því er varðar lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir og fjáröflun til þeirra. Jafnframt hefur þó reynst nauðsynlegt að taka með verkefni, sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun fjárlagafrumvarps, í ljósi betri upplýsinga en fyrir lágu við gerð þess.

Helstu breytingar frá fjárlagaáætlun eru fólgnar í heildarlækkun framkvæmda um 222 m.kr., þrátt fyrir að nauðsynlegt hafi reynst að bæta byrjunarframkvæmdum við Vesturlínu að fjárhæð 408 m.kr. við áður fyrirhuguð verkefni. Vísast í þessu efni til töflu I hér á eftir. Meginbreytingin verður þó á fjáröflunarhlið, þar sem lánsfjáröflun innan lands er aukin um 1 100 m.kr., en erlendar lántökur aftur á móti lækkaðar um 1 322 m.kr. Skipting lánsfjáröflunar eftir ráðstöfun og uppruna er sýnd á töflu V. Í nokkrum tilvikum fela tölur um framkvæmdir jafnframt í sér fjármagnsútgjöld, þ. e. afborganir og vexti af fyrri lánum til viðkomandi framkvæmda, auk eiginlegs framkvæmdakostnaðar. Einkum á þetta við, þar sem rekstur er ekki hafinn ennþá, þannig að hann geti borið þessi fjármagnsútgjöld, þ. e. Kröfluvirkjun og byggðalínur. Af 10 452 m.kr. heildarkostnaði við framkvæmdir á næsta ári eru þannig 2 073 m.kr. vegna fjármagnsútgjalda. Verður hér á eftir vikið nánar að einstökum framkvæmdaliðum.

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Áformaðar lántökur eru auknar um 35 m.kr., og verða samtals 205 m.kr. Er hér um tilfærslu að ræða frá beinni fjárveitingu, sem lækkuð er um 85 m.kr. vegna hins almenna fjárhagsvanda ríkissjóðs, eða úr 100 m.kr. í 15 m.kr. Verða þannig 220 m.kr. til framkvæmda á árinu 1978 í stað 270 m.kr. í fjárlagafrumvarpi.

Laxastigi í Laxá. Á grundvelli nýrra upplýsinga er nú gert ráð fyrir, að kostnaðaráætlun fjárlagafrumvarps geti lækkað um 35 m.kr., og verður því varið 40 m.kr. til þess að ljúka verkinu á næsta ári.

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar er hér óbreytt frá fjárlagafrumvarpi, eða 2 200 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til vegamála lækki um 300 m.kr., eða úr 9 600 m.kr. í 9 300 m.kr., og er dregið úr áformaðri hækkun bensíngjalds að sama skapi.

Landshafnir. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir samtals 195 m.kr. fjáröflun til framkvæmda við landshafnir, en hér er sú fjáröflun lækkuð um 50 m.kr., þar af 30 m.kr. vegna framkvæmda í Njarðvík og 20 m.kr. á Rifi. Heildarfjáröflunin, 145 m.kr., skiptist því þannig, að til lokaframkvæmda í Þorlákshöfn fara 25 m.kr., til framhalds framkvæmda á Rifi 30 m.kr. og til Njarðvíkurhafnar 90 m.kr., þar af 50 m.kr. til skuldagreiðslu og 40 m.kr. til framkvæmda við lengingu grjótgarðs.

Hafnargerð við Grundartanga. Ráðgerð lántaka, 188 m.kr., er hluti ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði, og er talan óbreytt frá fjárlagafrumvarpi.

Flugöryggistæki. Sú 80 m.kr. lántaka, sem hér um ræðir, er óbreytt frá áætlun fjárlagafrumvarps.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Lánsfjáröflun vegna framlags ríkissjóðs er 150 m.kr. lægri en í fjárlagaáætlun eða 820 m.kr. Mun ríkisstjórnin leita samninga um frestun á greiðslu þessarar fjárhæðar til ársins 1979.

B-hluti fjárlaga

RARIK, almennar framkvæmdir. Sundurliðun á framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins 1978 er sýnd á töflu II hér á eftir. Heildarlántaka er áætluð 1 849 m.kr. en var 2 279 m.kr. í fjárlagafrumvarpi. Lækkunin, 430 m.kr., dreifist á eftirfarandi framkvæmdaliði: Lína Vegamót—Ólafsvík 326 m.kr., aðveitustöð í Ólafsvík 35 m. kr. og innanbæjarkerfi 69 m.kr. Heildarframkvæmdir verða 1 854 m.kr. og fjárþörf til lengingar lána 200 m.kr. Auk framangreindrar lánsfjáröflunar verður staðið undir þessari fjárþörf með heimtaugargjöldum, 65 m.kr., og framlagi úr Orkusjóði til styrkingar sveitaveitna, 140 m.kr.

Sveitarafvæðing. Gert er ráð fyrir 200 m.kr. lántöku til rafvæðingar í sveitum, og er það sama fjárhæð og í fjárlagafrumvarpi.

Byggðalínur. Í fjárlagafrumvarpi er kostnaður við byggðalínur, framkvæmdir og fjármagnsútgjöld, áætlaður 2 306 m.kr., og er sú áætlun nú hækkuð um 408 m.kr. Er það vegna þess, að nauðsynlegt er talið að hefja framkvæmdir við Vesturlínu þegar á næsta ári, og er ráðgert að leggja línu frá Hrútatungu til Glerárskóga. Kostnaður við sjálfa línulögnina er áætlaður 319 m.kr., undirbúningur framhaldslínu 35 m.kr. og vegna pöntunar aðveitustöðva 54 m.kr. Aðrir áfangar byggðalína eru óbreyttir frá fjárlagafrumvarpi, og vísast til nánari sundurliðunar á töflu III hér á eftir.

Kröfluvirkjun. Ekki hefur þótt ástæða til að breyta fjárlagaáætlun um framkvæmdir við Kröfluvirkjun, enda hafa mál þar lítið skýrst frá því að sú áætlun var gerð. Kostnaður er að meginhluta vegna fjármagnsútgjalda, eins og fram kemur á töflu IV.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl. Áætlun um 370 m.kr. lántöku er óbreytt frá fjárlagafrumvarpi og einnig skipting á verkþætti, þ. e. jarðstöð 150 m.kr., sjálfvirkt talsamband milli landa 100 m.kr., hús fyrir sjálfvirka millilandastöð 70 m.kr. og ófyrirséð 50 m.kr.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Hér er um að ræða fjáröflun til að endurlána hlutaðeigandi sveitarfélögum 62 m.kr. vegna hafnargerðarinnar. Verða framkvæmdir á árinu því 250 m.kr., eða óbreytt frá fjárlagaáætlun.

Fjáröflun

Á töflu V hér á eftir eru fyrirhugaðar lántökur á árinu 1978 sundurliðaðar, bæði eftir uppruna fjármagns og ráðstöfun þess. Heildarniðurstaðan er 10 452 m.kr., þar af 5 586 m.kr. innlend lán og 4 866 m.kr. erlend lán. Í fjárlagafrumvarpi 1978, 6. gr. lið XXXVIII, er leitað heimildar til útgáfu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina innanlands að fjárhæð 2 000 m.kr., en samkvæmt lánsfjáráætlun þarf þessi heimild að vera 3 100 m.kr., eða 1 100 m.kr. hærri. Önnur innlend fjáröflun er óbreytt frá fjárlagafrumvarpi, þ. e. endurgreiðsla eldri spariskírteina 2 316 m.kr. og sérstök fjáröflun vegna þjóðarbókhlöðu 170 m.kr. Heimildar til erlendrar lántöku vegna ríkisframkvæmda, samtals 4 866 m.kr., verður leitað í sérstöku lagafrumvarpi. Vegna þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að koma í veg fyrir aukningu erlendra skulda á árinu 1978, hafa fyrirhugaðar erlendar lántökur til ríkisframkvæmda verið lækkaðar um 1 322 m.kr. frá því, sem áætlað var í fjárlagafrumvarpi. Hefur þetta einkum gerst með því að ákveða meiri innlenda fjáröflun til þessara framkvæmda, en einnig með nokkurri lækkun framkvæmdanna, svo sem gerð hefur verið grein fyrir framar í þessum kafla.

Tafla I Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1978

Í m.kr.

	Fjárlaga-frumvarp	Breytingar	Lánsfjár-áætlun
A-hluti fjárlaga			
Þjóðarbókhlaða	170	+35	205
Laxastigi í Laxá	75	−35	40
Vegagerð	2 200	–	2 200
Landshafnir	195	−50	145
Hafnargerð við Grundartanga	188	–	188
Flugöryggistæki	80	–	80
	2 908	−50	2 858
Járnblendifélag, hlutafjárframlag	970	−150	820
A-hluti samtals	3 878	−200	3 678
B-hluti fjárlaga			
RARIK, almennar framkvæmdir	2 279	−430	1 849
Sveitarafvæðing	200	–	200
Byggðalínur	2 306	+408	2 714
Kröfluvirkjun:			
a. Stöðvarhús og vélar	1 301	–	1 301
b. Borholur og aðveitukerfi	278	–	278
Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl.	370	–	370
Endurlán vegna Grundartangahafnar	62	–	62
B-hluti samtals	6 796	−22	6 774
Samtals A- og B-hluti	10 674	−222	10 452

Tafla II RARIK, almennar framkvæmdir 1978

Í m.kr.

Virkjanir:	
Lagarfoss	29
Mjólká	10
	39
Stofnlínur:	
Gemlufall-Breiðidalur	10
Breiðidalur-Bolungarvík	60
Þórshöfn-Bakkafjörður	51
Vegamót-Ólafsvík	150
	271
Aðveitustöðvar:	
Vegamót	4
Breiðidalur	215
Bolungarvík	132
Dalvík	177
Akureyri	29
Laxárvirkjun	20
Kópasker	5
Raufarhöfn	2
Brúarland	2
Eyvindará	6
Eskifjörður	16
Stuðlar	20
Fáskrúðsfjörður	16
Stöðvarfjörður	84
Breiðdalsvík	94
Hornafjörður	17
	839
÷Efni fært á geymslureikninga	134
	705
Innanbæjarkerfi	407
Styrking sveitaveitna	140
Dísilstöðvar	50
Vélar og tæki	80
Aðstöðusköpun	60
Raflínusími og fjarstýring	42
Ófyrirséð	60
Framkvæmdir alls	1 854
Til framlengingar lána	200
Fjárþörf alls	2 054
Fjáröflun:	
Heimtaugargjöld	65
Framlög úr Orkusjóði til styrkingar dreifikerfi í sveitum	140
Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun	1 849
	2 054

Tafla III Byggðalínur

Í m.kr.

	Framkvæmdir	Fjármagnsútgjöld	Samtals
Krafla-Eyrarteigur	1 069	52	1 121
Norðurlína, aðveitustöð, fjarstýribúnaður o. fl.	386	477	863
Aðveitustöð á Brennimel í Hvalfirði	207	–	207
Lína Krafla-Akureyri	–	115	115
Vesturlína	408	–	408
	2 070	644	2 714

Tafla IV Kröfluvirkjun

Í m.kr.

a. Stöðvarhús og vélar	
Framkvæmdir	150
Fjármagnsútgjöld	1 151
	1 301
b. Borholur og aðveitukerfi	
Fjármagnsútgjöld	278
c. Samtals	
Framkvæmdir	150
Fjármagnsútgjöld	1 429
	1 579

Tafla V Lánsfjáröflun til ríkisframkvæmda

Í m.kr.

	Erlend lán	Innlend lán	Samtals
I Skipting eftir ráðstöfun			
A-hluti fjárlaga			
Þjóðarbókhlaða	–	205	205
Laxastigi í Laxá	–	40	40
Vegagerð	–	2 200	2 200
Landshafnir	–	145	145
Hafnargerð við Grundartanga	–	188	188
Flugöryggistæki	80	–	80
Járnblendifélag, hlutafjárframlag	820	–	820
	900	2 778	3 678
B-hluti fjárlaga			
RARIK, almennar framkvæmdir	882	967	1 849
Sveitarafvæðing	–	200	200
Byggðalínur	2 714	–	2 714
Kröfluvirkjun:			
a. Stöðvarhús og vélar	–	1 301	1 301
b. Borholur og aðveitukerfi	–	278	278
Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl.	370	–	370
Endurlán vegna Grundartangahafnar	–	62	62
	3 966	2 808	6 774
Samtals A- og B-hluti	4 866	5 586	10 452
II Skipting eftir uppruna			
Verðbréfaútgáfa			3 100
Sérstök fjáröflun vegna Þjóðarbókhlöðu			170
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé			2 316
Erlendar lántökur			4 866
			10 452

Aðrar opinberar framkvæmdir

Auk hreinna ríkisframkvæmda, sem koma til fjárlagameðferðar og gerð er grein fyrir hér að framan, er eftir atvikum gert ráð fyrir sérstökum lántökum á vegum fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga, og vegna sérstaklega lánshæfra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, svo sem hitaveituframkvæmda. Hér er þó engan veginn um tæmandi yfirlit skipulegs lánsfjármarkaðar að ræða, heldur þau takmörkuðu tilvik, þar sem hlutaðeigandi aðilar fá aðgang að erlendu lánsfé eða öðru fjármagni, sem hið opinbera hefur stjórn á.

Heildaryfirlit þessara lána kemur fram í 13. töflu í töfluviðauka. Hefur heildarfjárhæð þeirra numið 14 793 m.kr. og 19 652 m.kr. árin 1976 og 1977 samkvæmt bráðabirgðayfirliti, en á árinu 1978 er hún áætluð 15 519 m.kr., sem felur í sér strangt aðhald að opinberum framkvæmdum, ekki síst þegar tekið er tillit til verðlagsþróunar. Eiga framkvæmdir ríkisins verulegan þátt í þeirri niðurstöðu.

Framkvæmdir þessar hafa búið að mjög afmörkuðum stofni innlendrar fjármögnunar, einkum sölu spariskírteina og endurlánum innkomins spariskírteina-

fjár úr fyrri lánum, og hefur aukning umfram áætlun því einkum verið fjármögnuð utan að. Á yfirstandandi ári hefur útgáfa spariskírteina þó verið aukin um 652 m.kr. frá áætlun á grundvelli heimilda um endurútgáfu vegna innlausnar, svo að dregið hefur úr þörf fyrir erlendar lántökur að sama skapi. Áætluð aukning þeirra er þó veruleg, eða um 3 950 m.kr. umfram lánsfjáráætlun, einkum vegna ófyrirséðra þarfa orkuframkvæmda, en m. a. var Hitaveita Akureyrar færð á áætlun með 650 m.kr. með sérstökum fyrirvara, og var sú fjárhæð u. þ. b. tvöfölduð.

Í lánsfjáráætlun 1978 eru samtvinnuð þau markmið að draga úr lánsfjármögnuðum opinberum framkvæmdum og þá sérstaklega úr erlendum lántökum til þeirra. Er áætlað, að heild þeirra minnki um 4 133 m.kr. eða 21%, innlend fjármögnun aukist um 1 474 m.kr. eða 34%, en erlendar lántökur dragist saman um 5 607 m.kr. eða 37%.

Um einstaka liði ríkisframkvæmda vísast til skýringa hér á undan. Lántaka vegna Landsvirkjunar, 1 767 m.kr., mun ganga til lokafrágangs Sigölduvirkjunar og byrjunarframkvæmda við Hrauneyjarfossvirkjun, sem áætlað er að ljúka þurfi í lok ársins 1981. Lögð er sem fyrr áhersla á framhald hitaveituframkvæmda, sem eru í gangi og hafa trygga vatnsöflun. Áform Hitaveitu Akureyrar hafa verið færð niður í áætluninni með tilliti til óvissu í því efni, þó með þeim fyrirvara, að áfangaskipting út frá þeirri forsendu hefur ekki verið afráðin í nánari atriðum. Gert er ráð fyrir, að hitaveitur Suðurnesja og Akureyrar geti fengið lánsfé úr Orkusjóði, en að öðru leyti er um erlent lánsfé að ræða. Orkusjóðsfé, áætlað 300 m.kr. árið 1977, er fært upp óskipt undir liðinn „ótilgreint", enda þótt búist sé við, að mikill hluti þess gangi til ofangreindra hitaveitna.

Aðrar lántökur á vegum bæjar- og sveitarfélaga miðast við, að framkvæmdir takmarkist við brýnustu nauðsyn og hlutaðeigandi aðilar hafi ekki aðgang að innlendum fjármagnsmarkaði. Endurlán vegna Grundartangahafnar, 62 m.kr., er til einföldunar tekið út úr lánsfjármögnun ríkissjóðs og fært beint á sveitarfélög.

VII

Erlendar lántökur

Með lánsfjáráætlunum 1976 og 1977 var stefnt að því að draga úr erlendum lántökum, eftir því sem unnt væri. Þótt reynt hafi verið að halda fast við upphaflegar áætlanir, fóru lántökur á árinu 1976 um 1 100 m.kr. fram úr áætlun. Á árinu 1977 er áætlað, að erlendar lántökur verði 28 450 m.kr., en það er tæplega 7 600 m.kr. hærra en áætlað var við gerð lánsfjáráætlunar í nóvember 1976. Er þessi mikla aukning bæði vegna skipakaupa umfram það sem áætlað var, og einnig vegna virkjunarframkvæmda opinberra aðila, þar sem m. a. komu til ýmis endanleg uppgjör, sem í reynd heyra til fyrri árum.

Viðhorf til stefnumörkunar í erlendum lántökum á árinu 1978 eru hin sömu og undanfarin tvö ár. Heildarskuldin við útlönd er nú orðin svo há, að leggja verður ríka áherslu á nauðsyn þess að draga úr lántökum, svo að hún hækki lítt sem ekki að sinni, og að greiðslubyrði af lánum geti einnig farið lækkandi.

Á árinu 1977 er áætlað, að viðskiptahalli út á við verði um 4 200 m.kr., eða rúmlega hálfum milljarði minni en á fyrra ári. Tölur um viðskiptahallann og aðrar greiðslujafnaðartölur byggjast á áætlun sem gerð var í október s. l. Ýmislegt bendir nú til, að viðskiptahallinn verði eitthvað meiri, einkum vegna minni útflutnings en áætlað var, en á móti kemur birgðaaukning. Áætlað er, að nettóaukning langra lána verði 17 350 m.kr. á árinu 1977, en fjármagnsjöfnuður í heild verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 10 200 m.kr. Gengur það til jöfnunar á viðskiptahalla ásamt því að bæta gjaldeyrisstöðuna.

Á árinu 1978 er áætlað, að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 4 000 m.kr., en nettóaukning langra lána verði 3 900 m.kr., sem er 13 450 m.kr. minni aukning í krónum en árið áður. Í heild er áætlað að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi, nettó) um 9 000 m.kr., sem gangi til jöfnunar á viðskiptahalla auk 5 000 m.kr. bata á gjaldeyrisstöðu.

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 20 000 m.kr. á árinu 1978, en afborganir af eldri lánum verði 16 100 m.kr. Af áætlaðri upphæð innkominna lána eru 9 683 m.kr. vegna opinberra aðila, að mestu leyti vegna orkumála, þar sem lántökur vegna raforkuvera, línulagna og dreifikerfa eru áætlaðar 5 613 m.kr. og vegna hitaveituframkvæmda 2 150 m.kr. Af opinberum lánum eru lán ríkissjóðs vegna A- og B-hluta fjárlaga 4 866 m.kr. Hér á eftir er sýnd sundurliðun á lántökum opinberra aðila.

		M.kr.
A-hluti fjárlaga		
Flugöryggistæki	80	
Hlutafé til Íslenska járnblendifélagsins	820	
		900
B-hluti fjárlaga		
RARIK, almennar framkvæmdir	882	
Byggðalínur	2 714	
Póstur og sími vegna jarðstöðvar	370	
		3 966
A- og B-hluti fjárlaga, samtals		4 866
Landsvirkjun		1 767
Bæjar- og sveitarfélög og stofnanir		
Hitaveitur	2 150	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	400	
Reykjavíkurhöfn	200	
Vestmannaeyjakaupstaður	200	
Ýmislegt ófyrirséð	100	
		3 050
Opinberir aðilar alls		9 683

Á árinu 1977 námu erlendar lántökur Framkvæmdasjóðs 2 960 m.kr. að meðtöldum lántökukostnaði, en á árinu 1978 er gert ráð fyrir, að lántökur Framkvæmdasjóðs verði allar af innlendum uppruna.

Lántökur vegna atvinnufyrirtækja eru áætlaðar 10 317 m.kr. á árinu 1978 og sýnir eftirfarandi yfirlit sundurliðun á helstu liði.

		M.kr.
Járnblendiverksmiðja		4 500
Skip og flugvélar		
Fiskiskip	4 150	
Önnur skip	500	
Flugvélar	50	
		4 700
Vélar og tæki		500
Ýmislegt ófyrirséð		617
Samtals		10 317

VIII

Fjármunamyndun og fjármögnun

Fjármunamyndun

Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1978 er reiknað með, að á því ári verði alls um 126 milljörðum króna varið til fjármunamyndunar í landinu. Er þá annars vegar gert ráð fyrir, að verðlag fjármunamyndunarinnar verði um 28% hærra 1978 en 1977, og raunar er byggingarkostnaður talinn hækka heldur meira eða um 29% en erlendi verðþátturinn nokkru minna. Hins vegar er reiknað með, að raunvirði fjármunamyndunarinnar verði um 3% minna en á árinu 1977, sjá töflu 23.

Meginástæða þess, að reiknað er með samdrætti í fjármunamyndun á árinu 1978 er, að framkvæmdir við stórvirkjanir verði einungis röskur helmingur þess, sem þær verða í ár, og gert er ráð fyrir, að innflutningur skipa og flugvéla dragist saman um 39%. Í spánni er reiknað með, að til Þjórsárvirkjana og Kröfluvirkjunar verði varið um 5,2 milljörðum króna, en ætla má, að í ár muni framkvæmdakostnaður við þessar virkjanir nema 7,6 milljörðum króna. Þá er reiknað með, að innflutningur skipa og flugvéla nemi 8,4 milljörðum króna 1978 í stað 11 milljarða í ár, en jafnframt er gert ráð fyrir að skip verði seld úr landi fyrir 1,8 milljarð króna 1978 samanborið við 1 milljarð á þessu ári. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna að Grundartanga eru taldar munu vega upp að nokkru samdráttinn í stórframkvæmdum og sérstökum innflutningi fjárfestingarvöru, en heildarframkvæmdakostnaður við verksmiðjuna er áætlaður 8 milljarðar króna 1978.

Fjármunamyndun önnur en í sérstökum framkvæmdum og í skipum og flugvélum er talin aukast um 2½% á næsta ári. Fjármunamyndun atvinnuveganna í heild er á hinn bóginn talin munu dragast saman um tæplega 3% og stafar það af samdrætti í skipakaupum fyrst og fremst, en á móti vega framkvæmdirnar að Grundartanga. Að þeim frátöldum er reiknað með, að fjármunamyndun atvinnuveganna verði um 11% minni 1978 en í ár. Íbúðabyggingar eru taldar munu aukast um 6% 1978. Opinberar framkvæmdir eru loks taldar munu dragast saman um 9% á árinu 1978 eftir u. þ. b. 16% samdrátt 1977. Framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur eru áætlaðar verða um 32% minni en á þessu ári. Sem fyrr segir munu heildarframkvæmdir við stórvirkjanir dragast saman um tæpan helming, en á hinn bóginn er gert ráð fyrir aukningu annarra raforkuframkvæmda, einkum við raflínulagnir, og alls er reiknað með, að til raforkuframkvæmda verði varið 11.3 milljörðum króna 1978. Þá er gert ráð fyrir, að framkvæmdir við hita- og vatnsveitur verði heldur minni en á þessu ári, en sennilega verða þær röskum fimmtungi meiri í ár en í fyrra.

Samgönguframkvæmdir verða hins vegar auknar að mun á árinu 1978. Eftir hina miklu vegagerð og brúarsmíði á árunum 1973 og 1974 hefur verið dregið úr þessum framkvæmdum á sama tíma og orkuframkvæmdir hafa verið í hámarki. Á næsta ári, er nokkurt hlé verður milli áfanga í virkjunarmálum, gefst hins vegar tækifæri til að auka samgönguframkvæmdir á ný. Er þá gert ráð fyrir, að vegagerð og brúarsmíði verði aukin um 16—17%, en að samgönguframkvæmdir í heild aukist um 9%. Til þeirra teljast auk vegagerðarinnar, framkvæmdir við götur og holræsi, hafnir og vita, flugvelli, síma og dreifikerfi útvarps og sjónvarps. Er áformað að verja alls tæpum 15 milljörðum króna til þessara framkvæmda á árinu 1978. Loks er reiknað með um 4% aukningu í opinberum byggingum 1978.

Þessar spár um fjármunamyndun á árinu 1978 hafa eftir föngum verið gerðar í samræmi við fjárveitingatillögur fjárlagafrumvarps og lántökuáform. Þær tillögur og ákvarðanir, sem þar koma fram, gefa til kynna, að í heild muni hreinar ríkisframkvæmdir dragast saman um 17% á árinu 1978, en að frátöldum meiri háttar virkjunarframkvæmdum muni þær aukast um 4—5%. Reiknað er með, að raforkuframkvæmdir minnki um röskan þriðjung og nemi 9,4 milljörðum króna samanborið

við 11,5 milljarða í ár. Framkvæmdir við samgöngumannvirki á vegum ríkisins eru taldar aukast um 16% og nema 7,9 milljörðum króna samanborið við 5,3 milljarða á þessu ári. Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga eru taldar verða mjög svipaðar 1978 og í ár, og sama máli gegnir um framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna einna.

Fjármögnun

Í töflum 16 til 22 eru sýndar áætlanir um skiptingu fjármunamyndunar og fjármögnunar milli ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga og einkaaðila. Skýrslur um þetta efni eru enn á ýmsan hátt ófullkomnar, en þó má af þeim ráða meginatriði þróunar. Þegar litið er á þjóðarbúskapinn í heild, fæst fé til fjármunamyndunar annað hvort með innlendum sparnaði eða erlendum lántökum eða fjármagnstilfærslum frá útlöndum. Með þessari lánsfjáráætlun er að því stefnt, að 96,8% af vergri fjármunamyndun 1978 verði fjármagnað af innlendum sparnaði samanborið við 95,9% 1977 og 94,2% 1976.

Skilgreiningar hinna einstöku aðila eða geira þjóðarbúskaparins eru í aðaldráttum svo sem hér segir. Með opinbera geiranum, ríki og sveitarfélögum, er þannig talin fjárfesting í ýmiss konar opinberum rekstri í fyrirtækjaformi, er fellur undir þá málaflokka, sem hið opinbera hefur tekið óskerta ábyrgð á og almennt eru taldir til opinberra framkvæmda. Á þetta m. a. við um öll orkufyrirtæki hins opinbera, Ríkisútvarp, Póst og síma, hafnir, flugvelli, o. s. frv. Opinberir sjóðir og nýmyndun þeirra eða sparnaður koma hér með, svo sem Atvinnuleysistryggingasjóður, Tryggingastofnun ríkisins, Ríkisábyrgðasjóður, Hafnarbótasjóður og Viðlagasjóður.

Til einkaaðila teljast hins vegar atvinnufyrirtæki, sem eru náin hliðstæða almenns atvinnurekstrar, enda þótt í opinberri eigu séu. Dæmi um það eru Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan, Kísiliðjan, Landssmiðjan og Skipaútgerð ríkisins. Kjarni þess geira er að sjálfsögðu einkafyrirtækin að meðtöldum samvinnufyrirtækjum, svo og fjárhagslegar athafnir einstaklinga og félagasamtaka. Lífeyrissjóðirnir, og þar með sparnaður þeirra, teljast til einkageirans í þá veru, að einstaklingarnir eru rétthafar þess kerfis, enda þótt opinberir aðilar leggi til verulegan hluta fjárins, svarandi til hlutdeildar hinnar opinberu starfsemi í athafnalífi og launagreiðslum.

IX
Töfluviðauki

I Lánsfjármarkaðurinn
Tafla 1 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Yfirlit 1976—1978
Tafla 2 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Lánsfjáráætlun 1978
Tafla 3 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Endurskoðuð áætlun 1977
Tafla 4 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Bráðabirgðatölur 1976

II Peningamál
Tafla 5 Bankakerfið 1976—1978
Tafla 6 Seðlabankinn 1976—1978
Tafla 7 Innlánsstofnanir 1976—1978

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir
Tafla 8 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1976—1978
Tafla 9 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1978
Tafla 10 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Endurskoðuð áætlun 1977
Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Greiðsluyfirlit 1976
Tafla 12 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1976—1978

IV Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir
Tafla 13 Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1976—1978

V Erlend lán og greiðslujöfnuður
Tafla 14 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum 1976—1978
Tafla 15 Greiðslujöfnuður við útlönd 1976—1978

VI Fjárfesting og fjármögnun
Tafla 16 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Heildaryfirlit
Tafla 17 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Ríki
Tafla 18 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Sveitarfélög
Tafla 19 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Einkaaðilar
Tafla 20 Fjárflæði lánastofnana 1976—1978
Tafla 21 Fjárflæði gagnvart útlöndum 1976—1978
Tafla 22 Fjármagnstilfærslur 1976—1978

VII Fjármunamyndun
Tafla 23 Fjármunamyndun 1976—1978: Heildaryfirlit
Tafla 24 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1976—1978
Tafla 25 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1976—1978

I Lánsfjármarkaðurinn

Tafla 1 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Yfirlit 1976, 1977 og 1978
Nettó hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur 1976	Endurskoðuð áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
Lánþegar				
1	Opinberir aðilar, alls	15 087	16 423	5 065
11	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3 502	5 110	1 159
12	Ríkisfyrirtæki	9 867	7 321	947
13	Sveitarfélög	711	788	862
14	Fyrirtæki sveitarfélaga	1 007	3 204	2 097
2	Einkaaðilar, alls	25 432	41 382	59 146
21	Atvinnufyrirtæki	12 754	24 132	37 846
22	Íbúðareigendur	11 242	15 250	18 810
23	Aðrir einkaaðilar	1 436	2 000	2 490
3	Lán alls (1+2=4+5)	40 519	57 805	64 211
Lánveitendur				
4	Innlend lán, alls	34 770	49 592	55 295
41	Lánastofnanir	32 463	46 495	51 077
411	Bankakerfi	16 381	24 810	24 600
412	Fjárfestingarlánasjóðir	10 952	14 935	18 312
413	Lífeyrissjóðir	5 130	6 750	8 165
42	Ríki	384	602	163
43	Einkaaðilar	1 923	2 495	4 055
5	Erlend lán, alls	5 749	8 213	8 916
51	Löng erlend lán	9 614	15 263	5 016
52	Stutt erlend lán	÷3 865	÷7 050	3 900

Tafla 2 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra

Lánsfjáráætlun 1978. Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkisfyrirtæki	Sveitarfélög	Fyrirtæki sveitarfélaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnufyrirtæki	Íbúðareigendur	Aðrir einkaaðilar	Einkaaðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lánastofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	840	÷170	1 105	237	2 012	31 983	18 810	2 490	53 283	55 295	7 075
11 Lánastofnanir	÷3 215	÷170	1 130	–	÷2 255	32 022	18 810	2 500	53 332	51 077	5 580
111 Bankakerfi	÷3 100	÷100	100	–	÷3 100	22 200	3 000	2 500	27 700	24 600	300
1111 Seðlabanki	÷3 100	÷100	–	–	÷3 200	–	–	–	–	÷3 200	÷400
1112 Innlánsstofnanir	–	–	100	–	100	22 200	3 000	2 500	27 700	27 800	700
112 Fjárfestingarlánasjóðir	÷105	÷70	1 035	–	860	9 857	7 595	–	17 452	18 312	÷55
113 Lífeyrissjóðir	÷10	–	÷5	–	÷15	÷35	8 215	–	8 180	8 165	5 335
12 Ríki	.	.	÷25	237	212	÷39	–	÷10	÷49	163	730
13 Einkaaðilar	4 055	–	–	–	4 055	.	.	.	.	4 055	765
2 Erlend lán, alls	319	1 117	÷243	1 860	3 053	5 863	–	–	5 863	8 916	÷6 116
21 Löng erlend lán	319	1 117	÷243	1 860	3 053	1 963	–	–	1 963	5 016	÷1 116
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	3 900	–	–	3 900	3 900	÷5 000
3 Samtals (1+2)	1 159	947	862	2 097	5 065	37 846	18 810	2 490	59 146	64 211	959

Tafla 3 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra

Endurskoðuð áætlun 1977. Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúðar-eigendur	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lána-stofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	4 140	÷225	1 220	214	5 349	26 993	15 250	2 000	44 243	49 592	4 475
11 Lánastofnanir	1 645	÷225	1 230	–	2 650	26 595	15 250	2 000	43 845	46 495	3 495
111 Bankakerfi	1 800	÷100	490	–	2 190	18 120	2 500	2 000	22 620	24 810	590
1111 Seðlabanki	1 500	÷100	÷10	–	1 390	÷30	–	–	÷30	1 360	÷460
1112 Innlánsstofnanir	300	–	500	–	800	18 150	2 500	2 000	22 650	23 450	1 050
112 Fjárfestingarlánasjóðir	÷155	÷125	740	–	460	8 475	6 000	–	14 475	14 935	55
113 Lífeyrissjóðir	–	–	–	–	–	–	6 750	–	6 750	6 750	2 850
12 Ríki	.	.	÷10	214	204	398	–	–	398	602	500
13 Einkaaðilar	2 495	–	–	–	2 495	.	.	.	.	2 495	480
2 Erlend lán, alls	970	7 546	÷432	2 990	11 074	÷2 861	–	–	÷2 861	8 213	÷3 913
21 Löng erlend lán	970	7 546	÷432	2 990	11 074	4 189	–	–	4 189	15 263	2 087
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	÷7 050	–	–	÷7 050	÷7 050	÷6 000
3 Samtals (1+2)	5 110	7 321	788	3 204	16 423	24 132	15 250	2 000	41 382	57 805	562

Tafla 4 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra

Bráðabirgðatölur 1976. Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúðar-eigendur	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lána-stofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	3 827	818	896	154	5 695	16 397	11 242	1 436	29 075	34 770	3 648
11 Lánastofnanir	1 904	818	870	÷5	3 587	16 210	11 242	1 424	28 876	32 463	2 742
111 Bankakerfi	2 070	949	148	÷5	3 162	9 808	1 987	1 424	13 219	16 381	595
1111 Seðlabanki	1 589	949	÷19	–	2 519	3	–	–	3	2 522	÷259
1112 Innlánsstofnanir	481	–	167	÷5	643	9 805	1 987	1 424	13 216	13 859	854
112 Fjárfestingarlánasjóðir	÷246	÷131	722	–	345	6 372	4 235	–	10 607	10 952	277
113 Lífeyrissjóðir	80	–	–	–	80	30	5 020	–	5 050	5 130	1 870
12 Ríki	.	.	26	159	185	187	–	12	199	384	375
13 Einkaaðilar	1 923	–	–	–	1 923	–	–	–	–	1 923	531
2 Erlend lán, alls	÷325	9 049	÷185	853	9 392	÷3 643	–	–	÷3 643	5 749	÷2 214
21 Löng erlend lán	÷325	9 049	÷185	853	9 392	222	–	–	222	9 614	1 136
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	÷3 865	–	–	÷3 865	÷3 865	÷3 350
3 Samtals (1+2)	3 502	9 867	711	1 007	15 087	12 754	11 242	1 436	25 432	40 519	1 434

II Peningamál

Tafla 5 Peningamál: Bankakerfið 1976—1978

		Staða 31/12 1976 m. kr.	Hreyfingar í m. kr. 1976	Áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	÷277	3 350	6 000	5 000
2	Innlendir liðir, nettó	77 885	15 720	22 000	30 500
21	Lán bankakerfisins	86 545	16 976	25 400	24 900
211	Seðlabanki	15 764	2 263	900	÷3 600
212	Innlánsstofnanir	70 781	14 713	24 500	28 500
22	Sjóðir í opinberri vörslu	÷4 541	÷1 936	÷1 500	3 200
23	Annað, nettó	÷4 119	680	÷1 900	2 400
3	Peningamagn og sparifé (3=1+2)	77 608	19 070	28 000	35 500
31	Peningamagn	23 382	4 398	9 000	9 500
32	Sparifé	54 226	14 672	19 000	26 000
			Hreyfingar í %		
	Innlendir liðir, nettó		25,3	28,2	30,5
	Lán bankakerfisins		24,4	29,3	22,2
	Lán Seðlabanka		16,8	5,7	÷21,6
	Lán innlánsstofnana		26,2	34,6	29,9
	Peningamagn og sparifé		32,6	36,1	33,6
	Peningamagn		23,2	38,5	29,3
	Sparifé		37,1	35,0	35,5

Tafla 6 Peningamál: Seðlabankinn 1976—1978

		Staða 31/12 1976 m. kr.	Hreyfingar í m. kr. 1976	Áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	÷1 876	2 909	6 000	5 000
2	Innlendir liðir, nettó	28 889	4 278	2 700	5 100
21	Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó	12 883	2 498	1 400	÷3 200
22	Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	2 745	÷219	÷460	÷400
23	Kröfur á innlánsstofnanir	21 110	3 738	5 500	3 400
231	Endurkaup	16 010	3 486	7 400	7 700
232	Aðrar kröfur	5 100	252	÷1 900	÷4 300
24	Kröfur á aðra aðila	136	÷16	÷40	–
25	Sjóðir í opinberri vörslu (innstæður = ÷)	÷4 541	÷1 936	÷1 500	3 200
26	Annað, nettó	÷3 444	213	÷2 200	2 100
3	Grunnfé	27 013	7 187	8 700	10 100
31	Innlánsstofnanir	18 823	5 247	5 500	7 100
311	Bundnar innstæður	15 906	4 496	5 400	7 000
312	Veltufjármunir	2 917	751	100	100
32	Seðlar og mynt í umferð	5 555	1 239	2 800	3 000
33	Innstæður fjárfestingarlánasjóða	2 635	701	400	–
			Hreyfingar í %		
	Grunnfé		36,3	32,2	28,3
	Seðlar og mynt í umferð		28,7	50,4	35,9
	Bundnar innstæður		39,4	33,9	32,9

II Peningamál

Tafla 7 Peningamál: Innlánsstofnanir 1976—1978

		Staða 31/12 1976 m. kr.	Hreyfingar í m. kr.		
			1976	Áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
1	Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka	937	464	900	3 700
11	Veltufjármunir	2 922	752	100	100
12	Skuldir	÷1 985	÷288	800	3 600
2	Lausafjárstaða gagnvart útlöndum	1 220	53	–	–
3	Bundnar innstæður	15 906	4 496	5 400	7 000
4	Útlán	70 781	14 713	24 500	28 500
	(Útlán án endurkaupa)	(54 771)	(11 227)	(17 100)	(20 800)
5	Eignir = skuldir	88 844	19 726	30 800	39 200
6	Heildarinnstæður	69 417	17 128	24 800	32 500
7	Endurkaup Seðlabanka	16 010	3 486	7 400	7 700
8	Verðbréfakaup Seðlabanka	3 120	÷35	÷1 100	÷700
9	Eigið fé og annað, nettó	297	÷853	÷300	÷300
			Hreyfingar í %		
	Útlán		26,2	34,6	29,9
	Útlán án endurkaupa		25,8	31,2	28,9
	Heildarinnstæður		32,8	35,7	34,5
	Endurkaup		27,8	46,2	32,9

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 8 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1976—1978

		Greiðsluyfirlit 1976		Endurskoðuð áætlun 1977		Lánsfjáráætlun 1978	
		m. kr.	Breyting frá fyrra ári %	m. kr.	Breyting frá fyrra ári %	m. kr.	Breyting frá fyrra ári %
1	Fjárfestingarlánasjóðir, alls	14 920	21,0	20 020	34,2	24 422	22,0
2	Íbúðalánasjóðir	4 840	34,6	6 480	33,9	8 255	27,4
21	Byggingarsjóður ríkisins	4 384	35,5	6 140	40,1	7 605	23,9
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	13	÷51,9	20	53,8	50	150,0
23	Byggingarsjóður verkamanna	443	33,4	320	÷27,8	600	87,5
3	Atvinnuvegasjóðir	10 080	15,4	13 540	34,3	16 167	19,4
31	Framkvæmdasjóðskerfið	7 832	21,0	10 669	36,2	12 443	16,6
311	Stofnlánadeild landbúnaðarins	1 543	11,0	1 959	27,0	2 222	6,8
312	Veðdeild Búnaðarbankans	86	75,5	121	40,7		
313	Fiskveiðasjóður	3 981	6,6	5 400	35,6	6 317	17,0
314	Iðnlánasjóður	743	49,5	1 218	63,9	1 755	44,1
315	Verzlunarlánasjóður	167	138,6	184	10,2	315	71,2
316	Stofnlánadeild Samvinnufélaga	65	80,6	260	300,0	207	÷20,4
317	Ferðamálasjóður	10	÷56,5	100	900,0	240	140,0
318	Lánasjóður sveitarfélaga	712	139,7	800	12,4	1 007	25,9
319	Framkvæmdasjóður, bein lán	525	41,5	627	19,4	380	÷39,2
32	Byggðasjóður	1 602	5,7	2 000	24,8	2 680	34,0
33	Iðnþróunarsjóður	555	÷12,0	650	17,1	760	16,9
34	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	5	400,0	20	300,0	31	55,0
35	Veðdeild Iðnaðarbankans	43	÷40,3	101	134,9	128	26,7
36	Iðnrekstrarsjóður	43	÷10,4	100	132,6	125	25,0

Tafla 9 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1978

Í m.kr.

		Eigin fjármögnun nettó[1])	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur, brúttó							Lánsfjáráætlun (1)+(2)+(9)
				Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Erlend lán	Alls	
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1	Fjárfestingarlánasjóðir, alls	2 584	11 176	–	5 835	1 200	2 700	927	–	10 662	24 422
2	Íbúðalánasjóðir	÷676	5 154	–	500	–	2 350	927	–	3 777	8 255
21	Byggingarsjóður ríkisins	÷752	4 580	–	500	–	2 350	927	–	3 777	7 605
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	50	–	–	–	–	–	–	–	–	50
23	Byggingarsjóður verkamanna	26	574	–	–	–	–	–	–	–	600
3	Atvinnuvegasjóðir	3 260	6 022	–	5 335	1 200	350	–	–	6 885	16 167
31	Framkvæmdasjóðskerfið	1 797	3 861	(6 200)	5 235	1 200	350	–	–	6 785	12 443
311	Stofnlánadeild landbúnaðarins	÷905	956	1 520	350	–	350	–	–	2 220	2 222
312	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	÷60	11								
313	Fiskveiðasjóður Íslands	1 390	1 827	3 100	–	–	–	–	–	3 100	6 317
314	Iðnlánasjóður	540	650	565	–	–	–	–	–	565	1 755
315	Verzlunarlánasjóður	55	–	60	200	–	–	–	–	260	315
316	Stofnlánadeild samvinnufélaga	22	40	60	85	–	–	–	–	145	207
317	Ferðamálasjóður	25	40	175	–	–	–	–	–	175	240
318	Lánasjóður sveitarfélaga	330	337	340	–	–	–	–	–	340	1 007
319	Framkvæmdasjóður, bein lán	–	–	380	–	–	–	–	–	(380)	380
	Framkvæmdasjóður, lán alls	400	–	–	4 600	1 200	–	–	–	(5 800)	(6 200)
32	Byggðasjóður	603	2 077	–	–	–	–	–	–	–	2 680
33	Iðnþróunarsjóður	760	–	–	–	–	–	–	–	–	760
34	Aðrir atvinnuvegasjóðir	100	84	–	100	–	–	–	–	100	284
341	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	÷3	34	–	–	–	–	–	–	–	31
342	Veðdeild Iðnaðarbankans	28	–	–	100	–	–	–	–	100	128
343	Iðnrekstrarsjóður	75	50	–	–	–	–	–	–	–	125

1) Auk eigin fjármögnunar, sbr. áætlun sjóðanna, er reiknað með árangri af fyrirhugaðri endurskoðun lánskjara.

Tafla 10 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Endurskoðuð áætlun 1977

Í m.kr.

		Eigin fjármögnun nettó	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur, brúttó							Lánsfjáráætlun (1)+(2)+(9)
				Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnuleysistryggingasjóður	Erlend lán	Alls	
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1	Fjárfestingarlánasjóðir, alls	1 071	8 644	–	3 150	1 515	2 100	678	2 862	10 305	20 020
2	Íbúðalánasjóðir	÷899	3 729	–	1 172	–	1 800	678	–	3 650	6 480
21	Byggingarsjóður ríkisins	÷758	3 248	–	1 172	–	1 800	678	–	3 650	6 140
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	20	–	–	–	–	–	–	–	–	20
23	Byggingarsjóður verkamanna	÷161	481	–	–	–	–	–	–	–	320
3	Atvinnuvegasjóðir	1 970	4 915	–	1 978	1 515	300	–	2 862	6 655	13 540
31	Framkvæmdasjóðskerfið	902	3 187	(6 327)	1 903	1 515	300	–	2 862	6 580	10 669
311	Stofnlánadeild landbúnaðarins	÷746	745	1 450	210	–	300	–	–	1 960	1 959
312	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	÷40	11	50	100	–	–	–	–	150	121
313	Fiskveiðasjóður Íslands	515	1 635	3 250	–	–	–	–	–	3 250	5 400
314	Iðnlánasjóður	307	461	450	–	–	–	–	–	450	1 218
315	Verzlunarlánasjóður	4	–	50	130	–	–	–	–	180	184
316	Stofnlánadeild samvinnufélaga	7	40	50	163	–	–	–	–	213	260
317	Ferðamálasjóður	÷25	25	100	–	–	–	–	–	100	100
318	Lánasjóður sveitarfélaga	215	270	300	–	15	–	–	–	315	800
319	Framkvæmdasjóður, bein lán	–	–	627	–	–	–	–	–	(627)	627
	Framkvæmdasjóður, lán alls	665	–	–	1 300	1 500	–	–	2 862	(5 662)	(6 327)
32	Byggðasjóður	370	1 630	–	–	–	–	–	–	–	2 000
33	Iðnþróunarsjóður	650	–	–	–	–	–	–	–	–	650
34	Aðrir atvinnuvegasjóðir	48	98	–	75	–	–	–	–	75	221
341	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	÷15	35	–	–	–	–	–	–	–	20
342	Veðdeild Iðnaðarbankans	26	–	–	75	–	–	–	–	75	101
343	Iðnrekstrarsjóður	37	63	–	–	–	–	–	–	–	100

Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Greiðsluyfirlit 1976

í m.kr.

		Eigin fjármögnun nettó	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur, brúttó							Lánsfjáráætlun (1)+(2)+(2)
				Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnuleysistryggingasjóður	Erlend lán	Alls	
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1	Fjárfestingarlánasjóðir, alls	577	5 733	–	2 058	1 274	1 647	697	2 934	8 610	14 920
2	Íbúðalánasjóðir	÷451	2 455	–	970	–	1 469	397	–	2 836	4 840
21	Byggingarsjóður ríkisins	÷559	2 107	–	970	–	1 469	397	–	2 836	4 384
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	13	–	–	–	–	–	–	–	–	13
23	Byggingarsjóður verkamanna	95	348	–	–	–	–	–	–	–	443
3	Atvinnuvegasjóðir	1 028	3 278	–	1 088	1 274	178	300	2 934	5 774	10 080
31	Framkvæmdasjóðskerfið	258	2 075	(5 084)	1 063	1 274	178	300	2 934	5 749	7 832[1])
311	Stofnlánadeild landbúnaðarins	÷389	502	1 100	152	–	178	–	–	1 430	1 543
312	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	÷40	16	20	60	30	–	–	–	110	86
313	Fiskveiðasjóður Íslands	270	1 035	2 609	–	67	–	–	–	2 676	3 981
314	Iðnlánasjóður	207	286	250	–	–	–	–	–	250	743
315	Verzlunarlánasjóður	27	–	40	100	–	–	–	–	140	167
316	Stofnlánadeild samvinnufélaga	12	5	40	8	–	–	–	–	48	65
317	Ferðamálasjóður	÷6	16	–	–	–	–	–	–	–	10
318	Lánasjóður sveitarfélaga	67	215	250	–	–	–	–	180	430	712
319	Framkvæmdasjóður, bein lán	–	–	525	–	–	–	–	–	525	525
	Framkvæmdasjóður, v/Byggðasjóðs	–	–	250	–	–	–	–	–	250	(250)
	Framkvæmdasjóður, alls	110	–	–	743	1 177	–	300	2 754	4 974	(5 084)
32	Byggðasjóður	229	1 123	(250)	–	–	–	–	–	(250)	1 602
33	Iðnþróunarsjóður	555	–	–	–	–	–	–	–	–	555
34	Aðrir atvinnuvegasjóðir	÷14	80	–	25	–	–	–	–	25	91
341	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	÷25	30	–	–	–	–	–	–	–	5
342	Veðdeild Iðnaðarbankans	18	–	–	25	–	–	–	–	25	43
343	Iðnrekstrarsjóður	÷7	50	–	–	–	–	–	–	–	43

1) Lán Framkvæmdasjóðs til Byggðasjóðs (250 m.kr.) teljast ekki með lánum Framkvæmdasjóðskerfisins.

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 12 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1976—1978

í m.kr.

		Bráðabirgða-tölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
Uppruni fjármagns				
1	Eigið framlag, nettó	3 250	5 000	7 200
11	Innborgaðar afborganir	1 100	1 700	2 500
12	Innborgaðir vextir og vísitala	2 500	3 800	5 400
13	Annað, nettó	÷350	÷500	÷700
2	Framlög, nettó	5 250	7 100	9 800
21	Iðgjöld	7 400	9 800	13 600
22	÷ Lífeyrisgreiðslur	÷2 000	÷2 500	÷3 500
23	÷ Endurgreidd iðgjöld	÷150	÷200	÷300
3	Ráðstöfunarfé (1+2=4+5)	8 500	12 100	17 000
Ráðstöfun fjármagns				
4	Útlán, brúttó	8 100	11 300	16 000
41	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	90	10	–
42	Sveitarfélög	5	5	–
43	Fjárfestingarlánasjóðir	2 058	3 150	5 100
44	Fyrirtæki	67	35	–
45	Einstaklingar	5 880	8 100	10 900
5	Innstæðu- og sjóðsbreytingar	400	800	1 000

IV Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Tafla 13 Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir
Í m.kr.

		Bráðabirgðatölur 1976	Endurskoðuð áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
Framkvæmdir				
1	Ríkissjóður	10 187	11 577	10 390
11	A-hluti	2 277	3 371	3 678
110	Vegagerð	1 393	1 600	2 200
111	Landshafnir	314	195	145
112	Grundartangahöfn	–	170	188
113	Dýpkunarskip	–	315	–
114	Flugöryggistæki	–	77	80
115	Orkustofnun vegna jarðhitarannsókna	34	–	–
116	Laxastigi í Laxá	–	75	40
117	Þangverksmiðja	80	–	–
118	Járnblendifélag	456	939	820
119	Þjóðarbókhlaða	–	–	205
12	B-hluti	7 910	8 206	6 712
121	Rarik – almennar framkvæmdir	1 813	1 825	1 849
122	Sveitarafvæðing	150	200	200
123	Byggðalínur	1 608	1 968	2 714
1231	Norðurlína	965	1 178	863
1232	Grundartangi – Vatnshamrar	–	135	–
1233	Krafla – Akureyri	643	155	115
1234	Krafla – Eyrarteigur	–	500	1 121
1235	Vesturlína	–	–	408
1236	Aðveitustöð á Brennimel í Hvalfirði	–	–	207
124	Kröfluvirkjun	3 988	3 439	1 579
1241	Stöðvarhús og vélar	3 023	2 409	1 301
1242	Borholur og aðveitukerfi	965	1 030	278
125	Landhelgisgæsluflugvél	–	510	–
126	Jarðboranir ríkisins	104	–	–
127	Póstur og sími	247	264	370
1271	Vörukaupalán	247	264	–
1272	Vegna jarðstöðvar	–	–	370
2	Ríkisfyrirtæki	3 259	4 332	1 767
21	Landsvirkjun	3 002	4 332	1 767
22	Ýmislegt	257	–	–
3	Bæjar- og sveitarfélög	1 406	3 743	3 362
31	Hitaveitur	784	2 845	2 400
311	Hitaveita Suðurnesja	719	1 430	1 600
312	Hitaveita Akureyrar	65	1 115	800
313	Ótilgreint	–	300	–
32	Grundartangahöfn	–	–	62
33	Rafmagnsveita Reykjavíkur	182	545	400
34	Rafveita Akureyrar	–	68	–
35	Rafveita Ísafjarðar	–	85	–
36	Vestmannaeyjakaupstaður	70	–	200
37	Kópavogskaupstaður	105	–	–
38	Reykjavíkurhöfn	–	150	200
39	Ýmislegt	265	50	100
	Óráðstafað	÷59	–	–
4	Framkvæmdir = fjáröflun	14 793	19 652	15 519

IV Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Tafla 13 (frh.)

		Bráðabirgða-tölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
Fjáröflun				
5	Innlend lán	2 997	4 362	5 836
51	Sala happdrættisbréfa og spariskírteina	1 300	2 352	3 100
52	Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	1 697	1 710	2 316
53	Önnur innlend lán	–	300	420
6	Erlend lán	11 758	15 290	9 683
61	Vörukaupalán	1 452	1 447	...
62	Önnur löng erlend lán	10 306	13 843	...
7	Önnur fjáröflun	13	...	...
8	Bráðabirgðalán	–	...	...
9	Breytt reikningsstaða	25	...	...

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 14 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum

Í m.kr.

	Reikningur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
I Opinberir aðilar, nettó	9 392	11 074	3 053
Innkomin	12 811	15 290	9 683
Afborganir	÷3 419	÷4 216	÷6 630
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	÷325	970	319
Innkomin	718	1 661	1 050
Afborganir	÷1 043	÷691	÷731
2. Ríkisfyrirtæki, nettó	9 049	7 546	1 117
Innkomin	10 774	10 186	5 583
Afborganir	÷1 725	÷2 640	÷4 466
3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó	853	2 990	1 860
Innkomin	1 084	3 243	2 550
Afborganir	÷231	÷253	÷690
4. Sveitarfélög	÷185	÷432	÷243
Innkomin	235	200	500
Afborganir	÷420	÷632	÷743
II Atvinnuvegir, nettó	222	4 189	1 963
Innkomin	5 078	10 200	10 317
Afborganir	÷4 856	÷6 011	÷8 354
III Framkvæmdasjóður, nettó	2 282	2 240	÷939
Innkomin	2 978	2 960	–
Afborganir	÷696	÷720	÷939
IV Fiskveiðasjóður, nettó	÷105	÷153	÷177
Innkomin	–	–	–
Afborganir	÷105	÷153	÷177
V Aðrar lánastofnanir, nettó	–	–	–
VI Seðlabanki	÷1 041[1])	–	–
VII Löng lán alls, nettó	10 750	17 350	3 900
Innkomin	19 826	28 450	20 000
Afborganir	÷9 076	÷11 100	÷16 100
Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka	÷240	1 350	÷2 870
Innkomin	1 530	3 540	–
Afborganir	÷1 770	÷2 190	÷2 870

1) Eftirstöðvar af lántökum 1975 endurlánað 1976. Innkomin erlend lán 1976 verða því 1 041 m.kr. lægri en heildarupphæð endurlána á árinu.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 15 Greiðslujöfnuður við útlönd

í m.kr.

	1976	Áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
Innfluttar vörur alls, f. o. b.	÷78 130	÷110 000	÷140 000
Sérstakur innflutningur	÷14 940	÷20 200	÷20 900
Skip og flugvélar	÷4 530	÷11 000	÷8 400
Vegna Þjórsárvirkjana	÷1 300	÷600	÷300
Vegna Kröfluvirkjana	÷2 590	÷600	÷100
Vegna Járnblendiverksmiðju	–	÷400	÷2 700
Vegna álbræðslu	÷6 520	÷7 600	÷9 400
Almennur innflutningur	÷63 190	÷89 800	÷119 100
Útfluttar vörur alls f.o.b.	73 500	104 800	135 500
(Þar af ál)	(12 360)	(15 400)	(17 800)
Vöruskiptajöfnuður	÷4 630	÷5 200	÷4 500
Þjónustujöfnuður	240	1 000	500
Innflutt þjónusta	÷31 780	÷41 100	÷44 800
Útflutt þjónusta	32 020	42 100	45 300
Viðskiptajöfnuður	÷4 390	÷4 200	÷4 000
Viðskiptajöfnuður % af VÞF	÷1,7	÷1,2	÷0,8
Framlög án endurgjalds, nettó	45	...	...
Fjármagnsjöfnuður	7 695	10 200	9 000
Til útlanda, alls	÷12 100	÷19 150	÷16 100
Frá útlöndum, alls	19 795	29 350	25 100
Erlent einkafjármagn, langtíma	480	900	1 200
Erlent einkafjármagn, rekstrarfé	330	÷1 000	...
Langar lántökur, nettó	10 750	17 350	3 900
Innkomin löng lán alls	18 985	28 450	20 000
Afborganir	÷8 235	÷11 100	÷16 100
Innkomin lán einkaaðila	3 330	10 200	10 317
Afborganir af lánum einkaaðila	÷2 945	÷3 640	÷5 100
Innkomin lán opinberra aðila	10 240	15 290	9 683
Afborganir af opinberum lánum	÷2 805	÷4 000	÷6 600
Innkomin lán lánastofnana	5 415	2 960	–
Afborganir af lánum lánastofnana	÷2 485	÷3 460	÷4 400
Aðrar stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	÷3 865	÷7 050	3 900
Heildargreiðslujöfnuður	3 350	6 000	5 000

Tafla 16 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Heildaryfirlit
Í m.kr.

		Bráðabirgðatölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
Fjárfesting				
1	Fjármunamyndun	78 010	101 580	126 100
11	Ríki	23 760	22 530	25 380
12	Bæjar- og sveitarfélög	9 580	13 320	16 690
13	Einkaaðilar	44 670	65 730	84 030
2	Birgðabreyting	÷1 710	1 000	–
	Samtals	76 300	102 580	126 100
Fjármögnun				
3	Innlendur sparnaður	71 910	98 380	122 100
31	Ríki	19 241	23 051	39 961
32	Bæjar- og sveitarfélög	6 252	7 320	10 717
33	Einkaaðilar	46 417	68 009	71 422
4	Viðskiptahalli við útlönd	4 390	4 200	4 000
	Samtals	76 300	102 580	126 100

Tafla 17 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Ríki
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
Ráðstöfun				
1	Fjármunamyndun	23 760	22 530	25 380
11	Ríkisfyrirtæki	15 670	12 930	11 620
12	Annað	8 090	9 600	13 760
2	Lánveitingar, nettó	759	1 102	893
21	Til sveitarfélaga	185	204	212
22	Til einkaaðila	199	398	÷49
23	Til lánastofnana	375	500	730
3	Fjármagnstilfærslur	8 805	12 621	16 779
31	Til bæjar- og sveitarfélaga	2 189	2 777	4 075
32	Til einkaaðila	975	1 313	1 609
33	Til lánastofnana	5 450	8 214	10 611
34	Til útlanda	191	317	484
4	Uppruni = ráðstöfun	33 324	36 253	43 052
Uppruni				
5	Sparnaður	19 241	23 051	39 961
6	Fjármagnstilfærslur	537	696	1 020
61	Frá sveitarfélögum	301	379	536
62	Frá útlöndum	236	317	484
7	Lántökur, nettó	13 546	12 506	2 071
71	Frá einkaaðilum	1 923	2 495	4 055
72	Frá lánastofnunum	2 899	1 495	÷3 420
73	Löng erlend lán	8 724	8 516	1 436

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 18 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Sveitarfélög
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
Ráðstöfun				
1	Fjármunamyndun	9 580	13 320	16 690
11	Fyrirtæki sveitarfélaga	4 480	6 800	8 500
12	Annað	5 100	6 520	8 190
2	Fjármagnstilfærslur	579	769	1 061
21	Til ríkis	301	379	536
22	Til lánastofnana	278	390	525
3	Uppruni = ráðstöfun	10 159	14 089	17 751
Uppruni				
4	Sparnaður	6 252	7 320	10 717
5	Fjármagnstilfærslur frá ríki	2 189	2 777	4 075
6	Lántökur, nettó	1 718	3 992	2 959
61	Frá ríki	185	204	212
62	Frá lánastofnunum	865	1 230	1 130
63	Löng erlend lán	668	2 558	1 617

Tafla 19 Fjárfesting og fjármögnun 1976—1978: Einkaaðilar
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjáráætlun 1978
Ráðstöfun				
1	Fjárfesting	42 960	66 730	84 030
11	Atvinnufyrirtæki	27 730	43 050	53 030
12	Íbúðarhúsnæði	16 940	22 680	31 000
13	Birgðabreyting bústofns og útflutningsvara	÷1 710	1 000	–
2	Lánveitingar, nettó	2 454	2 975	4 820
21	Til ríkissjóðs	1 923	2 495	4 055
22	Til lánastofnana	531	480	765
3	Fjármagnstilfærslur til útlanda	–	1 000	–
4	Innstæður, seðlar, mynt og eigið fé	28 220	40 899	44 527
5	Uppruni = ráðstöfun	73 634	111 604	133 377
Uppruni				
6	Sparnaður	46 417	68 009	71 422
	(þar af sparnaður í lánastofnunum)	(3 144)	(5 499)	(3 427)
7	Fjármagnstilfærslur	1 785	2 213	2 809
71	Frá ríki	975	1 313	1 609
72	Frá útlöndum vegna fjárfestingar	480	900	1 200
73	Frá útlöndum vegna rekstrar	330	–	–
8	Lántökur, nettó	25 432	41 382	59 146
81	Frá ríki	199	398	÷49
82	Frá lánastofnunum	28 876	43 845	53 332
83	Löng erlend lán	222	4 189	1 963
84	Stutt erlend lán	÷3 865	÷7 050	3 900

Tafla 20 Fjárflæði lánastofnana 1976—1978
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgða-tölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
Ráðstöfun				
1	Lánveitingar	32 640	46 570	51 042
11	Til ríkis	2 899	1 495	÷3 420
12	Til sveitarfélaga	865	1 230	1 130
13	Til einkaaðila	28 876	43 845	53 332
2	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	3 350	6 000	5 000
3	Uppruni = ráðstöfun	35 990	52 570	56 042
Uppruni				
4	Fjármagnstilfærslur	5 728	8 604	11 136
41	Frá ríki	5 450	8 214	10 611
42	Frá sveitarfélögum	278	390	525
5	Lántökur, nettó	2 042	3 067	379
51	Frá ríki	375	500	730
52	Frá einkaaðilum	531	480	765
53	Frá útlöndum	1 136	2 087	÷1 116
6	Innstæður, seðlar, mynt og eigið fé	28 220	40 899	44 527
61	Einkaaðilar	25 076	35 400	41 100
62	Eigið fé	3 144	5 499	3 427

Tafla 21 Fjárflæði gagnvart útlöndum 1976—1978
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgða-tölur 1976	Áætlun 1977	Lánsfjár-áætlun 1978
Ráðstöfun				
1	Lántökur í útlöndum	3 535	4 300	2 800
11	Löng lán, nettó	10 750	17 350	3 900
111	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	8 724	8 516	1 436
112	Sveitarfélög	668	2 558	1 617
113	Einkaaðilar	222	4 189	1 963
114	Lánastofnanir	1 136	2 087	÷1 116
12	Stutt lán	÷7 215	÷13 050	÷1 100
121	Einkaaðilar	÷3 865	÷7 050	3 900
122	Lánastofnanir (= breyting á gjaldeyrisstöðu)	÷3 350	÷6 000	÷5 000
2	Framlög frá útlöndum	1 046	1 217	1 684
21	Til ríkis	236	317	484
22	Til einkaaðila vegna fjárfestingar	480	900	1 200
23	Til einkaaðila vegna rekstrar	330	–	–
3	Uppruni = ráðstöfun	4 581	5 517	4 484
Uppruni				
4	Viðskiptajöfnuður (halli = +)	4 390	4 200	4 000
5	Framlög til útlanda	191	1 317	484
51	Ríkissjóður	191	317	484
52	Einkaaðilar	–	1 000	–

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 22 Fjármagnstilfærslur 1976, 1977 og 1978

Í m.kr.

	Þiggjendur					
	Ríkið	Sveitar-félög	Einka-aðilar	Lána-stofnanir	Útlönd	Samtals
Veitendur						
1976						
Ríkið	.	2 189	975	5 450	191	8 805
Sveitarfélög	301	.	–	278	–	579
Einkaaðilar	–	–	.	–	–	–
Lánastofnanir	–	–	–	.	–	–
Útlönd	236	–	810	–	.	1 046
Samtals	537	2 189	1 785	5 728	191	10 430
1977						
Ríkið	.	2 777	1 313	8 214	317	12 621
Sveitarfélög	379	.	–	390	–	769
Einkaaðilar	–	–	.	–	1 000	1 000
Lánastofnanir	–	–	–	.	–	–
Útlönd	317	–	900	–	.	1 217
Samtals	696	2 777	2 213	8 604	1 317	15 607
1978						
Ríkið	.	4 075	1 609	10 611	484	16 779
Sveitarfélög	536	.	–	525	–	1 061
Einkaaðilar	–	–	.	–	–	–
Lánastofnanir	–	–	–	.	–	–
Útlönd	484	–	1 200	–	.	1 684
Samtals	1 020	4 075	2 809	11 136	484	19 524

VII Fjármunamyndun

Tafla 23 Fjármunamyndun 1976—1978

	Verðlag hvers árs Í m.kr.			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	1976	Spá 1977	Frumdrög spár 1978	1976	Spá 1977	Frumdrög spár 1978
Fjármunamyndun, alls	**78 010**	**101 580**	**126 100**	**÷2,6**	**2,8**	**÷3,0**
Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun og járnblendiverksmiðja	12 360	10 600	13 190	54,9	÷31,4	÷2,0
Innflutningur skipa og flugvéla	4 530	11 000	8 400	÷48,0	102,2	÷38,9
Frádráttur: Útflutningur skipa og flugvéla	780	1 000	1 800	...	...	...
Önnur fjármunamyndun	61 900	80 980	106 310	÷1,8	2,4	2,4
I Atvinnuvegir	**27 730**	**43 050**	**53 030**	÷17,1	25,6	÷2,8
1. Landbúnaður	4 770	6 160	7 850	÷2,0	2,7	0
2. Fiskveiðar	3 500	9 650	10 460	÷52,4	122,9	÷14,4
3. Vinnsla sjávarafurða	2 570	4 050	4 900	÷20,3	24,5	÷4,9
4. Álverksmiðja	45	270	900	÷80,0	...	...
5. Járnblendiverksmiðja	500	3 000	8 000	÷35,3	...	110,0
6. Annar iðnaður (en 3.—5.)	4 695	5 630	7 480	1,0	0	5,2
7. Flutningatæki	5 490	6 630	3 400	÷5,8	0,9	÷58,5
8. Verslunar-, skrifstofu- og gistihús o. fl.	3 970	4 900	6 640	10,6	÷5,0	5,1
9. Ýmsar vélar og tæki	2 190	2 760	3 400	÷28,2	5,0	0
II Íbúðarhús	**16 940**	**22 680**	**31 000**	**2,0**	**3,0**	**6,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**33 340**	**35 850**	**42 070**	**13,4**	**÷16,3**	**÷8,8**
1. Ravirkjanir og rafveitur	15 720	13 000	11 300	32,5	÷34,9	÷32,2
2. Hita- og vatnsveitur	3 350	5 300	6 600	3,4	21,8	÷3,4
3. Samgöngumannvirki	8 810	10 450	14 670	÷3,8	÷7,5	9,1
4. Byggingar hins opinbera	5 460	7 100	9 500	÷1,0	0	3,7

Aths.: Magnbreytingar 1976 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1969, 1977 við verðlag ársins 1976 og 1978 við áætlað verðlag ársins 1977.

VII Fjármunamyndun

Tafla 24 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1976—1978

Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1976		
	1976	Spá 1977	Frumdrög spár 1978	1976	Spá 1977	Frumdrög spár 1978
Hreinar ríkisframkvæmdir						
Rafvirkjanir og rafveitur	14 590	11 500	9 400	14 590	9 080	5 780
Þar af: Þjórsárvirkjanir	(6 480)	(5 100)	(4 000)	(6 480)	(4 080)	(2 520)
Kröfluvirkjun	(5 380)	(2 500)	(1 190)	(5 380)	(2 000)	(750)
Vegir og brýr	2 785	3 200	4 800	2 785	2 495	2 900
Hafnir og vitar	800	220	230	800	170	135
Flugvellir	345	420	600	345	335	375
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	1 080	1 430	2 220	1 080	1 135	1 330
Skólar	440	750	1 390	440	580	830
Sjúkrahús	390	540	570	390	415	340
Ýmsar byggingar hins opinbera	70	200	300	70	150	180
Samtals	20 500	18 260	19 510	20 500	14 360	11 920
Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga	4 784	6 060	7 830	4 784	4 662	4 670
Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga	7 436	10 800	13 870	7 436	8 338	8 310
Framkvæmdir á vegum samtaka	620	730	860	620	560	510
Byggingar og mannvirki hins opinbera, alls	33 340	35 850	42 070	33 340	27 920	25 410

Tafla 25 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1976—1978

Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1976		
	1976	Spá 1977	Frumdrög spár 1978	1976	Spá 1977	Frumdrög spár 1978
Rafvirkjanir og rafveitur	1 130	1 500	1 900	1 130	1 150	1 130
Hita- og vatnsveitur	3 350	5 300	6 600	3 350	4 080	3 940
Gatna- og holræsagerð	2 700	3 300	4 500	2 700	2 570	2 720
Hafnarframkvæmdir	1 100	1 880	2 320	1 100	1 445	1 385
Skólar og íþróttamannvirki	2 460	2 950	3 910	2 460	2 270	2 330
Sjúkrahús	1 030	1 410	1 820	1 030	1 085	1 085
Ýmsar byggingar hins opinbera	450	520	650	450	400	390
Samtals	12 220	16 860	21 700	12 220	13 000	12 980
Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga	7 436	10 800	13 870	7 436	8 338	8 310
Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga	4 784	6 060	7 830	4 784	4 662	4 670
Heildarframkvæmdir	12 220	16 860	21 700	12 220	13 000	12 980

Sþ. 160. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 og við brtt. á þskj. 148.

Þús. kr.

I. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 4. gr. 03 399 0101 Aðstoð við þróunarlöndin.
Fyrir „40 000“ kemur 50 000

II. Frá *Jóhanni Hafstein, Sverri Bergmann, Magnúsi Kjartanssyni, Eggert G. Þorsteinssyni* og *Albert Guðmundssyni.* ...
Við brtt. 148,50. — Við 4. gr. 08 399 0206 Grensásdeild Borgarspítalans, sundlaug.
Fyrir „3 000“ kemur 50 000

III. Frá *Sighvati Björgvinssyni, Karvel Pálmasyni* og *Kjartani Ólafssyni.*
Við brtt. 148,53. — Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
1. Við 9. Tálknafjörður.
Fyrir „700“ kemur 3 700
2. Við 16. Súðavík.
Fyrir „6 500“ kemur 30 000
3. Við 17. Hólmavík.
Fyrir „7 200“ kemur 18 200

IV. Frá *Karvel Pálmasyni, Kjartani Ólafssyni* og *Sighvati Björgvinssyni.*
Við brtt. 148,54. — Við 4. gr. 10 333 0104 Ferjubryggjur. Nýr liður (á eftir 9. lið):
Bæir 10 000

Sþ. 161. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 og við brtt. á þskj. 148.

Þús. kr.

I. Frá *Lúðvík Jósepssyni* og *Ragnari Arnalds.*
1. Við 4. gr. 03 201 0103 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.
Fyrir „142 027“ kemur 71 000
2. Við 4. gr. 03 311 Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO.
Fyrir „58 823“ kemur 25 000
(Laun og önnur rekstrargjöld lækki).
3. Við 4. gr. 03 401 0132 Tillag til Atlantshafsbandalagsins.
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Lúðvík Jósepssyni.*
Við brtt. 148,59. — Við 5. gr. 30 471 Flugmálastjórn 983 Fjárfestingar. Nýr liður á eftir 26. tölulið:
Höfn í Hornafirði, 1. áf. flugstöðvarbyggingar 20 000

III. Frá *Pétri Sigurðssyni.*
1. Við 6. gr. X. Liðurinn orðist svo:
Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé sem aflað er með samkomum og rennur til byggingar húsnæðis fyrir aldraða og til eflingar slysavarna hér við land.

2. Við 6. gr. XI. Liðurinn orðist svo:
   Að greiða til orlofsstarfsemi verkalýðssamtakanna án vaxta 24.7 m.kr. sem eru eftirstöðvar af orlofsfé í vörslu Pósts og síma.
3. Við 6. gr. Nýr liður á eftir XIX. tölulið:
   Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af myndsegulböndum sem eru til afnota um borð í íslenskum skipum.

IV. Frá *Lúðvík Jósepssyni* og *Ragnari Arnalds*.
Við 6. gr. XLV. Kaup 3., 4. og 5. hæðar húseignarinnar Laugavegur 166.
Liðurinn fellur niður.

Ed. 162. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Stefán Jónsson áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu.

Alþingi, 13. des. 1977.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. — Ingi Tryggvason, fundaskr. — Eggert G. Þorsteinsson.
Albert Guðmundsson. — Stefán Jónsson. — Jón G. Sólnes.
Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 163. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 og við brtt. á þskj. 148.

I. Frá *Ragnari Arnalds* og *Lúðvík Jósepssyni*. Þús. kr.
Við 1. gr. Lánahreyfingar út: Hlutafé í Járnblendifélaginu.
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Skúla Alexanderssyni* og *Benedikt Gröndal*.
Við 4. gr. 02 563 Tónlistarfræðsla. Nýr liður:
0108 Tónlistarskóli Neshrepps 400

III. Frá *Skúla Alexanderssyni* og *Benedikt Gröndal*.
Við brtt. 148,10. b. 32. Akranes, barnaskóli, nýr. — Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla o. fl.
Fyrir „3 000“ kemur 50 000

IV. Frá *Ragnari Arnalds*.
Við brtt. 148,10. — Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla o. fl.
Fyrir „1 376 000“ kemur 1 388 300
Sundurliðun breytist á þessa leið:
a. 75. Hofsós, skóli.
Fyrir „10 000“ kemur 16 000

	Þús. kr.
b. 76. Haganeshreppur, skóli og sundlaug.	
Fyrir „4 000“ kemur	10 000
c. Til undirbúnings framkvæmdum við skólabyggingar. Nýr liður á eftir 16. lið.	
Varmahlíð, 3. áf.	300

V. Frá *Stefáni Jónssyni.*

Við brtt. 148,10. — Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla o. fl.

Fyrir „1 376 000“ kemur	1 386 000
Við sundurliðun bætist:	
139. Skútustaðahreppur, sundlaug	10 000

VI. Frá *Ragnari Arnalds* og *Kjartani Ólafssyni.*

Við brtt. 148,15. — Við 4. gr. 02 881 0112 Félagsstofnun stúdenta.

Fyrir „19 000“ kemur	30 000

VII. Frá *Ragnari Arnalds* og *Stefáni Jónssyni.*

Við brtt. 148,30. — Við 4. gr. 04 241 0112 Til grænfóðurverksmiðja.

Fyrir „35 848“ kemur	75 848
Framlagið verði þannig sundurliðað:	
a. Fóðurverksmiðja í Hólminum í Skagafirði	20 000
b. Fóðurverksmiðja í Saltvík í S.-Þing.	20 000
c. Aðrar framkvæmdir	35 848

VIII. Frá *Skúla Alexanderssyni* og *Benedikt Gröndal.*

Við 4. gr. 05 202 Hafrannsóknastofnun. Nýr liður:

23. Útibú í Ólafsvík	3 000

IX. Frá *Ragnari Arnalds.*

Við brtt. 148,48. — Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl

Fyrir „1 300 000“ kemur	1 350 000
Sundurliðun breytist þannig:	
1. a. 15. Hvammstangi, H 2	
Fyrir „25 000“ kemur	50 000
2. a. 16. Blönduós, sjúkrahús og H 2	
Fyrir „25 000“ kemur	50 000

X. Frá *Skúla Alexanderssyni* og *Benedikt Gröndal.*

Við brtt. 148,53. 7. Stykkishólmur. — Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.

Fyrir „9 000“ kemur	25 000

XI. Frá *Ragnari Arnalds.*

Við brtt. 148,53. — Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.

Fyrir „1 170 000“ kemur	1 290 000
Sundurliðun breytist þannig:	
a. 20. Skagaströnd. Við liðinn bætist: stálþil með kanti og lögnum, dýpkun.	
Fyrir „40 500“ kemur	70 500

Þús. kr.

b. 21. Sauðárkrókur. Við liðinn bætist:
stálþil, kantur og þekja.
Fyrir „8 000“ kemur 48 000

c. 22. Siglufjörður. Við liðinn bætist:
dýpkun og smábátahöfn.
Fyrir „63 600“ kemur 113 600

XII. Frá *Stefáni Jónssyni.*

Við brtt. 148,53. — Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
Sundurliðun breytist þannig:

a. 27. Hjalteyri.
Fyrir „21 300“ kemur 30 000

b. 28. Akureyri.
Fyrir „46 500“ kemur 80 000

c. 31. Kópasker.
Fyrir „15 000“ kemur 30 000

d. 32. Raufarhöfn.
Fyrir „4 500“ kemur 10 000

XIII. Frá *Ragnari Arnalds* og *Lúðvík Jósepssyni.*

Við 4. gr. 10 333 0112 Hafnarframkvæmdir við Grundartanga.
Liðurinn fellur niður.

Sþ. 164. Breytingartillaga [1. mál]

Við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá Karvel Pálmasyni.

Þús. kr.

Við 4. gr. 02 201. Háskóli Íslands.
6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „388 000“ kemur 340 500

Sþ. 165. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 148 [Fjárlög].

Frá Garðari Sigurðssyni.

Þús. kr.

Við 148,48. a. 32. Vestmannaeyjar, sjúkrahús, skuldagr. — Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrhúsa o. fl.
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

Sþ. 166. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 148 [Fjárlög].

Frá Stefáni Jónssyni.

Við brtt. 148,10. — Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla o. fl.
Við sundurliðun bætist:
140. Dalvík, grunnskóli 10 000

Ed. 167. Frumvarp til laga [127. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1978 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatekjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fyrir Alþingi er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1978 með sömu viðaukum og á undanförnum árum. Tekjur ríkissjóðs vegna innheimtu stimpilgjalda, þinglýsinga og aukatekna voru áætlaðar 1 984 m.kr. fyrir fjárlagaárið 1977. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1978 eru tekjur vegna sömu gjalda áætlaðar 2 345 m.kr. og er þá miðað við innheimtu ýmissa gjalda með óbreyttum viðauka eins og heimild hefur verið til á undanförnum árum.

Gert er ráð fyrir að lagt verði fyrir Alþingi síðar á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um stimpilgjald en nú stendur yfir heildarendurskoðun þeirra laga.

Nd. 168. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakt tímabundið vörugjald var upphaflega lagt á með bráðabirgðalögum nr. 65 16. júlí 1975. Var það 12% frá 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% frá 1. janúar 1976 til 4. maí 1976 en hefur verið 18% frá þeim tíma. Samkvæmt 1. gr.

laga nr. 49/1977 skal vörugjaldið innheimt til 31. desember 1977. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldið verði framlengt til 31. desember 1978 eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1978.

Ekki er gerð tillaga nú um breytingu á vöruflokkum, sem gjaldskyldir eru, en verði hið nýja frumvarp um tollskrá, sem innan skamms verður lagt fyrir þingið, samþykkt, hefur það í för með sér að breyta þarf upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. laganna um sérstakt tímabundið vörugjald.

Nd. 169. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar og lögum nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. janúar 1978 nema 36,50 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 1. gr. l. nr. 78/1975 orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skal frá og með árinu 1978 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2 000 kg að eigin þyngd, skal greiða fast árgjald — 170 600 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 2 000 kg eða meiri skal gjaldið hækka um 9 750 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd bifreiðar er meiri en 2 000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu 1. október 1977, þ. e. 159 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 3. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni og aðstoða innheimtumann við könnun birgða sé þess óskað.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við bifreiðar og vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga á ári fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun, álestur og viðgerðir. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann dagsektum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slíkar dagsektir falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skal innheimta þessara dagsekta ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram. Á sama hátt getur ráðherra kveðið á um að eigandi og/eða umráðamaður skuli greiða viðurlög er samsvara tilteknum akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Ráðherra getur og heimilað að bifreið eða vagn sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli sem til fellur umfram 30 000 km akstur og að 45 000 km akstri á ári en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga og dagsekta skv. 2. mgr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Í stað 4. mgr. 10. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er verði 4. og 5. mgr. og orðist svo:

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 1. janúar 1978. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. l. nr. 79/1974, sbr. reglugerð nr. 272/1977, verið greitt af birgðum, sem til eru þann 1. janúar 1978, skal greiða 13,22 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða yfir 300 lítra af bensíni þann 1. janúar 1978 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lögð til allnokkur aukning á fjáröflun til vegagerðar en hins vegar felast í frumvarpinu ákvæði sem ætlað er að kveða skýrar á um nokkur atriði er að innheimtu þessara gjalda lúta og ljós ákvæði skortir um í gildandi lögum.

Um 1. gr.

Bensíngjald er nú 23,28 kr. á hvern lítra og hefur svo verið frá 28. júlí s. l., sbr. reglugerð nr. 272/1977. Frá n. k. áramótum hefði verið heimilt að hækka gjaldið í u. þ. b. 29 kr. með reglugerð vegna vísitölubreytinga. Hér er lagt til að gjaldið verði hækkað um 7,50 kr. á hvern lítra umfram það. Ef við það er miðað að reglugerðarheimild til hækkunar gjaldsins í samræmi við byggingarvísitölu verði notuð á síðari hluta ársins 1978 má ætla að heildartekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði 4 460 m.kr. á öllu árinu. Eru það um 200 m.kr. minni tekjur en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi.

Um 2. gr.

Með þessari grein er lagt til að árlegur þungaskattur dísilbifreiða verði hækkaður. Hækkun hans er heldur meiri en hækkun bensíngjaldsins og stafar það af því að ekki kemur til frekari hækkunar þessa skatts á árinu. Má ætla að þungaskatturinn gefi um 1 250 m.kr. tekjur á árinu 1978 og er það um 100 m.kr. lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga.

Um 3. gr.

Með þessari grein er leitast við að færa 7. gr. gildandi laga í heldur einfaldari búning án þess að breyta efni hennar að neinu ráði. Rétt er þó að vekja athygli á því ákvæði 2. mgr. að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að áfallnar dagsektir innheimtist enda þótt sú athöfn sem knýja átti fram með dagsektum hafi síðar verið framkvæmd. Í gildandi lögum er ekki hliðstætt ákvæði og hefur því þótt hæpið, vegna fyrri fordæma, að innheimta álagðar sektir eftir að bifreið er færð til skoðunar. Er ljóst að dagsektirnar verða gjaldendum ekki sá hvati sem þeim var ætlað til að mæta á réttum tíma til álesturs með bifreiðar sínar ef gjaldendur geta hvenær sem er firrt sig greiðslu þegar áfallinna sekta með því að láta álestur fara fram.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum þungaskatti ef greiðsla hans dregst lengur en mánuð frá gjalddaga, en fram að þessu hafa ekki verið reiknaðir vextir vegna vangreiðslu þessa skatts þar sem skýra heimild til slíkra vaxtatöku skortir í lögum. Er ákvæðið samhljóða dráttarvaxtaákvæðum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga enda virðist eðlilegt að samræmis sé gætt við vaxtareikning vegna vangreiðslu opinberra gjalda.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er hliðstætt þeim ákvæðum sem jafnan hafa verið sett til bráðabirgða um hækkun birgða sem til eru í landinu við bensíngjaldshækkanir og þarfnast ekki frekari skýringa.

Nd. 170. Frumvarp til laga [130. mál]

um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Allir menn, sem tekjuskattsskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki eru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1978 skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a) Einstaklingar: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 400 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

b) Samsköttuð hjón og karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 100 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

c) Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 10% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 1 860 000 kr. hjá hvoru, auk 93 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð, sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess er sparar.

Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 2. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innistæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innistæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnist eigi að þeim réttur eigandi.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja innistæður á reikningum þeim sem hér um ræðir.

2. gr.

Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. janúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

3. gr.

Skyldusparnaður skv. 2. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innistæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.

4. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

5. gr.

Á árinu 1978 skal innheimta gjöld skv. 2. gr. laga um flugvallagjald nr. 8 frá 27. febrúar 1976 með 100% álagi.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að á árinu 1978 megi leyfisgjald af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum samkvæmt 10. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. 6. gr. laga nr. 69/1967, nema allt að 2% af fjárhæð þeirri sem leyfi hljóðar um. Ríkisstjórn ákveður hvernig gjaldi þessu er ráðstafað.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1978 var lagt fram í þingbyrjun var kjarasamningum við opinbera starfsmenn ólokið. Kauplags- og verðlagsforsendur frumvarpsins voru í aðalatriðum reistar á kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda í júní að því er tekur til grunnkaupshækkana en ekki var reiknað með áhrifum verðbóta á laun eftir 1. september s. l. Með frumvarpinu var stefnt að aðhaldi í ríkisfjármálum í því skyni að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir aukinn halla í viðskiptum við útlönd. Til þess að ná þessu markmiði var talið nauðsynlegt að draga úr opinberum framkvæmdum í heild og takmarka aukningu samneyslu við fólksfjölgun og beita sköttum á þann veg að einkaneysla ykist heldur hægar en annars mætti búast við.

Nýgerðir kjarasamningar við opinbera starfsmenn og síðustu spár um verðlagsþróun á næsta ári gefa til kynna að ríkisútgjöld muni hækka verulega — einkum laun og tryggingaútgjöld — umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Jafnframt stefnir í meiri aukningu einkaneyslu og þar með þjóðarútgjalda en samrýmist markmiðum fjárlagafrumvarpsins. Í ljósi þessara viðhorfa þarf að endurskoða bæði gjalda- og tekjuhlið frumvarpsins. Við þessa endurskoðun er miðað við sömu verðlagsforsendur og við gerð lánsfjáráætlunar, eða um 30% almenna hækkun verðlags á næsta ári, þó rúmlega 42% hækkun á verðlagi samneysluútgjalda. Eins og nú horfir er fremur hætt við því að þessar verðspár séu of lágar en of háar og því brýnt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að hamla gegn verðbólgu.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlar að hækkun ríkisútgjalda til samræmis við þessar breyttu horfur muni verða um 18,3 milljarðar króna frá fjárlagafrumvarpi,

þ. a. 13,1 milljarður á launalið og 3,9 milljarðar á útgjöldum almannatrygginga sem fylgja launum að miklu leyti. Hækkun á öðrum liðum er talin nema 1,3 milljörðum, þ. a. 500 milljónir vegna ullarniðurgreiðslna og tæplega 500 milljónir vegna hækkunar markaðra tekjustofna til samræmis við nýja tekjuáætlun.

Þjóðhagsstofnun vinnur nú að endurskoðun tekjuáætlunar 1978 í ljósi nýjustu vitneskju um innheimtu ríkistekna 1977 og nýrrar þjóðhagsspár fyrir næsta ár. Þar kemur fram að innheimta ríkistekna á árinu 1977 verði að líkindum svipuð og spáð var í fjárlagafrumvarpi í haust, eða 96,5 milljarðar króna, þó fremur undir þeirri fjárhæð en yfir. Á þessum grunni og með breyttum verðlagsforsendum 1978 — en hins vegar áfram miðað við 4% aukningu þjóðarútgjalda — er áætlað að innheimtar ríkistekjur verði 10,7 milljörðum meiri en ætlað var í fjárlagafrumvarpi. Í þessari áætlun er miðað við að skattvísitala verði óbreytt 131 stig (miðað við 1977 = 100) en hækkun meðaltekna verður líklega um 42% milli 1976 og 1977. Þetta hefur í för með sér hækkun tekjuskatts um 300 m.kr. umfram áætlun fjárlagafrumvarps þar sem miðað var við 40% tekjuaukningu. Auk þess er reiknað með að tekjur af eignarskatti verði um 300 m.kr. meiri en áætlað er í frumvarpi þar eð verðhækkun fasteignamats mun yfirleitt verða á bilinu 30—35% í stað 30% í fyrri áætlun. Skattfrjáls eign mun hækka úr 6 í 8 m.kr. fyrir einhleyping og úr 9 í 12 m.kr. fyrir hjón samkvæmt tillögum sem fram hafa komið í fjárhags- og viðskiptanefndum. Hækkun gjalda af innflutningi er talin verða nálægt 3,7 milljörðum króna og á sköttum af seldum vörum og þjónustu nálægt 5 milljörðum króna. Hækkun á mörkuðum tekjustofnum er innan við 500 milljónir króna og hækkun almennra tekna verður því líklega nálægt 10,2 milljörðum króna.

Niðurstöður endurskoðaðra tekju- og útgjaldaáætlana ríkissjóðs á næsta ári leiða í ljós hækkun gjalda er nemur 18,3 milljörðum króna, og hækkun tekna sem að öllu óbreyttu er talin nema um 10,7 milljörðum króna. Sá fjáröflunarvandi sem við er að glíma nemur því um 7,6 milljörðum króna. Þennan vanda hyggst ríkisstjórnin leysa bæði með lækkun útgjalda og nýrri tekjuöflun.

Tillögur um lækkun ríkisútgjalda, er nemi rösklega 3,7 milljörðum króna, hafa verið kynntar. Meginatriði þessara tillagna eru fólgin í lækkun launaáætlunar um rúmlega 1,7 milljarð vegna minni eftirvinnu — og lækkunar annarra aukagreiðslna. Einnig er lagt til að framlag úr ríkissjóði til Byggðasjóðs verði lækkað um 330 m.kr. frá því sem var í fjárlagafrumvarpi en samt sem áður verða ráðstöfunartekjur sjóðsins, þ. e. framlag að viðbættu eigin fjármagni, um 2% af heildarfjárhæð fjárlagafrumvarps. Þátttaka einstaklinga í beinum greiðslum fyrir lyf og sérfræðilega læknisþjónustu verður og aukin, auk þess sem reynt verður að draga úr ýmsum útgjöldum eftir því sem við verður komið. Samtals er gert ráð fyrir að lækka ríkisútgjöldin um rúmlega 3 700 m.kr. en að auki er gert ráð fyrir lækkun tekjuöflunar og framkvæmdafjár til vegagerðar frá því sem var í fjárlagafrumvarpi. Til viðbótar þessu er síðan ráðgert að draga úr lánsfjármögnuðum opinberum framkvæmdum um nálega 900 m.kr. frá því sem var í fjárlagafrumvarpi í því skyni að erlendar lántökur fari ekki fram úr endurgreiðslum eldri lána og því sem telja má nauðsynlegt til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna. Þessum málum eru gerð rækileg skil í skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1978 sem lögð hefur verið fram á þingi.

Nauðsyn aukins aðhalds í ríkisfjármálum, eins og að var stefnt í fjárlagafrumvarpinu, er nú enn brýnni en áður í ljósi þróunar verðlags og utanríkisviðskipta á síðustu mánuðum. Hættan á vaxandi verðbólgu og auknum viðskiptahalla er nú greinilegri en fyrr á árinu og því enn mikilvægara að haldið verði fast við markmið fjárlagafrumvarpsins. Jafnvægi í ríkisfjármálum og endurgreiðsla á skuldum ríkissjóðs er einnig eitt af frumskilyrðum þess að stjórn peningamála verði með þeim hætti sem að er stefnt í lánsfjáráætlun.

Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum, einkum með tilliti til verðlagsþróunar, er nauðsynlegt að brúa bilið milli tekna og gjalda ríkissjóðs, fyrst og fremst með

ráðstöfunum sem ekki hafa bein áhrif á verðlag og auka innlendan sparnað er komi í stað erlendrar lántöku.

Það frumvarp, sem hér er lagt fram, mun færa ríkissjóði aukin fjárráð á næsta ári sem nemur 1,5 milljarði króna. Tekjuöflun þessi er þríþætt:

1. Álagning 10% skyldusparnaðar á hátekjur 1978 skilar 1,0 milljarði.
2. Tvöföldun flugvallagjalds á utanlandsferðir, sem gefur 0,3 milljarða.
3. Heimild til álagningar gjalds á gjaldeyrisleyfi verði rýmkuð í 2% og henni beitt svo, að tekjur ríkissjóðs aukist um a. m. k. 0,2 milljarða.

Auk þessa frumvarps hefur verið lagt fram stjórnarfrumvarp, flutt af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, um hækkun sjúkratryggingagjalds, sem verið hefur 1% af bruttótekjum einstaklinga, í 2%, sem skilar um 1,9 milljarði króna 1978.

Ennfremur hefur verið lagt fram stjórnarfrumvarp um álagningu sérstaks jöfnunargjalds á innflutning á sælgæti, kexi, brauðvöru o. fl. til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innflutningi en jafnframt félli þá niður niðurgreiðsla á hráefnisverði til þessarar framleiðslu. Talið er að gjald þetta muni skila ríkissjóði 300 milljónum króna 1978 þegar allt er talið.

Auk þessara ráðstafana mun bensíngjald verða hækkað svo sem heimilt er að óbreyttum lögum vegna verðlagshækkunar og um 7,50 kr. pr. lítra að auki með sérstökum lögum og þungaskattur hækkaður til jafns við þetta. Þessar einstöku ráðstafanir munu skila 300 m.kr. lægri tekjum en áætlað er í fjárlagafrumvarpi og framkvæmdafé til vegagerðar mun því lækka um þá fjárhæð eins og þegar var getið. Frumvarp þessa efnis hefur þegar verið lagt fram.

Með þessum hætti skortir eilítið á að náðst hafi fullur jöfnuður í ríkisfjármálum 1978. Nákvæmar niðurstöður fást fyrst í meðförum fjárveitinganefndar fyrir 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið og verða þá gerðar viðeigandi ráðstafanir til þess að eyða hugsanlegum halla sem eftir kynni að standa.

Ráðstafanir sem hér hefur verið lýst eru nauðsynlegar til þess að tryggja að þjóðhagslegum markmiðum, sem sett voru fram í fjárlagafrumvarpi, verði náð á næsta ári, auk þess sem jafnvægi í ríkisfjármálum er nauðsynleg forsenda við stjórn efnahagsmála á næsta ári. Séu áhrifin af þeim ráðstöfunum, sem hér hefur verið stuttlega lýst, dregin saman er niðurstaðan sú, að einkaneysla er talin aukast á næsta ári um 6% eða rúmlega það, sem er svipað hlutfall og miðað er við í fjárlagafrumvarpi. Opinberar framkvæmdir dragast saman um nær 9% eða nokkru meira en samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Aukning þjóðarútgjalda og þjóðarframleiðslu yrði eftir sem áður svipuð og lagt var til grundvallar við gerð fjárlagafrumvarps eða 3—4% og viðskiptahalli ekki meiri en á þessu ári.

Um 1. gr.

Á árunum 1975 og 1976 var lagður skyldusparnaður á alla tekjuskattsskylda menn 66 ára og yngri og nam hann 5% af skattgjaldstekjum umfram ákveðnar fjárhæðir, mismunandi eftir fjölskyldustærð. Álagður skyldusparnaður nam árið 1975 tæplega 260 m.kr. og lögðu 11 500 tekjuskattsgreiðendur fram einhvern skyldusparnað, en á árinu 1976 nam álagður skyldusparnaður rúmlega 354 m.kr. og var gjaldendafjöldi um 12 500. Þannig greiddi tæplega fjórðungur tekjuskattsgreiðenda 66 ára og yngri skyldusparnað á þessum árum. Árið 1977 var ekki lagður á skyldusparnaður.

Hér er lagt til að skyldusparnaður verði álagður gjaldárið 1978 í því skyni að afla innlends fjármagns til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum ríkisins. Skyldusparnaður verður nú 10% í stað 5% áður, en fjárhæðir, sem draga skal frá skattgjaldstekjum áður en kemur til álagningar, eru við það miðaðar að skyldusparnaðurinn leggist á tæplega fjórðung tekjuskattsgreiðenda 66 ára og yngri og er það svipað hlutfall og árin 1975 og 1976. Áætlað er að skyldusparnaðurinn

auki ráðstöfunarfé ríkissjóðs um nærfellt einn milljarð kr. Þeir einstaklingar sem hafa yfir 2 400 þús. kr. skattgjaldstekjur á árinu 1977 skulu leggja fram 10% af því sem fram yfir er. Hafi þessir aðilar börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu hækkar þetta mark um 186 000 kr. fyrir hvert barn. Á sama hátt greiða samsköttuð hjón og samskattað sambýlisfólk, sem hafði yfir 3 100 þús. kr. skattgjaldstekjur á árinu 1977, 10% af því sem fram yfir er. Þó hækkar þetta mark um 186 000 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs sem þau hafa á framfæri sínu. Sérstök regla er sett fyrir sérsköttuð hjón þannig að hjá hvoru þeirra reiknast 10% skyldusparnaður af skattgjaldstekjum umfram 1 860 þús. kr. Fyrir hvert barn á framfæri þeirra hækkar þetta mark um 93 000 kr. Regla þessi er sett til þess að hjón geti ekki komist hjá skyldusparnaði með sérsköttun.

Þá eru í 2. mgr. greinarinnar reistar skorður við því hve frádráttur má vera mikill áður en skyldusparnaður er reiknaður á hliðstæðan hátt og gert var við álagningu skyldusparnaðar árið 1976.

Einnig er gert ráð fyrir að hjá skattaðilum sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skuli vergar tekjur til skatts hækka um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið hliðstætt starf í þágu óskylds aðila. Er viðmiðun þessi hliðstæð launaskattsviðmiðun atvinnurekenda og var sams konar ákvæði í skyldusparnaðarkafla laga nr. 20/1975, sbr. 4. mgr. 25. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 4. mgr. er lagt til að skattstjórar reikni skyldusparnað um leið og tekjuskatt og um hann gildi sömu reglur um álagningu og innheimtu og um tekjuskatt. Er þetta hliðstætt ákvæðum laga nr. 20/1976 um þetta efni.

Við fyrri álagningu skyldusparnaðar var kveðið á um útgáfu sérstakra skyldusparnaðarskírteina. Þetta fyrirkomulag hefur ekki gefið góða raun. Hefur útgáfan bæði reynst dýr og erfið í framkvæmd og áhugi skyldusparnaðareigenda á að vitja skírteina sinna hefur verið takmarkaður. Liggur enn mikill hluti skyldusparnaðarskírteina ársins 1975 ósóttur hjá ríkisféhirði og innheimtumönnum ríkissjóðs. Hér er lagt til að frá þessu fyrirkomulagi verði horfið en í stað skírteinanna verði myndaður sérstakur reikningur hjá ríkisféhirði í nafni hvers eiganda skyldusparnaðar.

Skyldusparnaður verður bundinn vaxtalaus en verðtryggður, sbr. 2. gr., fram til 1. febrúar 1984. Eftir það tímamark er unnt að leysa út innistæður á reikningum hvenær sem er. Jafnframt breytast innlánskjör frá þessu tímamarki. Verðtrygging fellur niður en þess í stað greiðir ríkissjóður almenna sparisjóðsvexti.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um verðtryggingu skyldusparnaðar. Er lagt til að hann skuli verðtryggður miðað við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að skyldusparnaður hljóti sömu skattmeðferð og sparifé á hverjum tíma.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Á árinu 1976 voru sett sérstök lög um flugvallagjald, sbr. lög nr. 8/1976. Í 2. gr. þeirra laga segir svo:

„Flugvallagjald skal vera 1 500 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr. . . .“

Lagt er til að flugvallagjald, sem hér um ræðir, verði hækkað þannig að það verði 3 000 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1 500 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára.

Flugvallagjald sem greitt er fyrir innanlandsflug verður hins vegar óbreytt og sömuleiðis gjöld fyrir farþega er fara til Grænlands og Færeyja.

Flugvallagjald er að stofni til frá árinu 1975 og nam þá 2 500 kr. fyrir hvern farþega í millilandaflugi.

Gert er ráð fyrir að hækkun flugvallagjaldsins auki tekjur ríkissjóðs um 300 m.kr.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að leyfisgjald á ýmsum duldum greiðslum hækki og leyfisgjald af ferðagjaldeyri hækki einnig innan ramma þeirrar heimildar sem hér er leitað eftir. Tekjuauki vegna þessa er áætlaður rúmar 200 millj. krónur á næsta ári. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin geti ákveðið ráðstöfun á andvirði gjaldsins, enda verður það umfram þær þarfir sem taldar eru í núgildandi ákvæðum.

Leyfisgjöld af innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum hafa alment verið ½%, af ferðagjaldeyri 1% og af brennsluolíum 0,1%. Allur innflutningur á svonefndum frílista hefur hins vegar, eðli málsins samkvæmt, verið undanþeginn leyfisgjaldi. Samkvæmt núgildandi ákvæðum skiptist andvirði gjaldsins þannig samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar að bankarnir halda helmingi gjaldsins til þess að standa undir kostnaði við gjaldeyrisdeild bankanna en afgangur hefur runnið til ríkissjóðs til þess að standa undir verðlagseftirliti.

Ed. 171. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá Stefáni Jónssyni.

Síðari efnismgr. 1. gr. frv. orðist svo:

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en fjárveitinganefnd Alþingis skipti fénu milli þessara aðila svo að jafnrétti verði.

Sþ. **172. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1978.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 14. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur:		
Beinir skattar	22 349 200	
Óbeinir skattar	100 892 051	
Aðrar tekjur	1 602 478	124 843 729
Gjöld:		
Samneysla	48 762 008	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	50 102 593	
÷ Sértekjur stofnana	2 717 658	
Rekstrarliðir samtals	96 146 943	
Stofnkostnaður, fjárfesting	9 140 566	
Fjármagnstilfærslur	17 980 248	123 267 757
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		1 575 972
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	2 000 000	
Önnur innlend lánsfjáröflun	170 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	3 755 000	
Erlend lán	6 188 000	
Fjáröflun alls	12 113 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	1 439 000	
Fjáröflun skv. lánsfjáráætlun	10 674 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	6 796 000	
Lánsfé til A-hluta skv. lánsfjáráætlun	3 878 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	25 000	3 903 000
Lánahreyfingar út:		
Hlutafé í Járnblendifélaginu	970 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, lánsframlag	38 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	3 065 165	
Aðrir	1 233 132	5 306 297
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		1 403 297
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		172 675

2. gr.

Árið 1978 eru veittar til gjalda fjárhæðir, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

	Gjöld:		Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**925 286**
01	**Forsætisráðuneytið**			**2 564 882**
	101	Yfirstjórn	62 593	
	102—902	Annað	2 502 289	
02	**Menntamálaráðuneytið**			**19 818 520**
	101	Yfirstjórn	220 598	
	201—885	Fræðslumál	17 411 739	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	2 186 183	
03	**Utanríkisráðuneytið**			**1 357 036**
	101—102	Yfirstjórn	225 344	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	281 736	
	301—312	Sendiráð	445 161	
	399—401	Alþjóðastofnanir	404 795	
04	**Landbúnaðarráðuneytið**			**6 886 930**
	101—172	Yfirstjórn	98 607	
	201—299	Búnaðarmál	6 495 914	
	501—504	Skólar	292 409	
05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			**3 090 230**
	101	Yfirstjórn	60 921	
	201—299	Útvegsmál	2 925 772	
	901	Annað	103 537	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			**7 381 931**
	101—102	Yfirstjórn	86 829	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	6 713 227	
	301—373	Þjóðkirkjan	581 875	
07	**Félagsmálaráðuneytið**			**5 379 282**
	101	Yfirstjórn	35 977	
	271—272	Húsnæðismál	4 608 000	
	301—999	Önnur félagsmál	735 305	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			**40 786 084**
	101	Yfirstjórn	73 496	
	271—273	Tryggingamál	31 496 200	
	301—399	Heilbrigðismál	9 095 136	
	471—502	Annað	121 252	
		Flutt		**88 190 181**

3. gr.

Árið 1978 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Skattar		
	Beinir skattar		
	Persónuskattar		5 672 200
	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
0 0020	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2 372 000	
	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
0 0030	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	936 800	
0 0050	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	463 400	
0 0060	Sjúkratryggingagjald	1 900 000	
	Eignarskattar		1 706 000
	Eignarskattar, almennir		
0 0100	Eignarskattar einstaklinga	800 000	
0 0103	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	8 000	
0 0110	Eignarskattur félaga	800 000	
0 0113	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	8 000	
	Erfðafjárskattur:		
0 0140	Erfðafjárskattur	90 000	
	Tekjuskattar		14 971 000
	Tekjuskattar:		
0 0120	Tekjuskattar einstaklinga	11 650 000	
0 0123	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	190 000	
0 0130	Tekjuskattur félaga	3 100 000	
0 0133	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	31 000	
	Óbeinir skattar		
	Gjöld af innflutningi		25 447 488
	Aðflutningsgjöld:		
0 0210	Aðflutningsgjöld 18 663 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 933 000		
		17 730 000	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	37 000	
0 0252	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	93 000	
	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni	4 660 000	
0 0270	Gúmmígjald	90 000	
	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum	2 300 000	
	Gjald af gas- og brennsluolíu:		
0 0220	Gjald af gas- og brennsluolíu	485 000	
	Flutt		47 796 688

Gjöld:

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		Flutt		88 190 181
09	**Fjármálaráðuneytið**			**6 158 789**
	101—104	Yfirstjórn	269 165	
	201—282	Toll- og skattheimta	1 260 036	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	2 146 638	
	402—999	Annað	2 482 950	
10	**Samgönguráðuneytið**			**13 978 611**
	101	Yfirstjórn	42 474	
	211	Vegamál	9 605 000	
	321—672	Önnur samgöngumál	4 331 137	
11	**Iðnaðarráðuneytið**			**3 808 872**
	101	Yfirstjórn	48 072	
	201—299	Iðnaðarmál	679 080	
	301—399	Orkumál	3 081 720	
12	**Viðskiptaráðuneytið**			**7 527 003**
	101	Yfirstjórn	51 927	
	201	Niðurgreiðslur	6 531 000	
	202—999	Annað	944 076	
13	**Hagstofa Íslands**			**97 495**
14	**Ríkisendurskoðun**			**128 720**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**3 378 086**
	101—181	Yfirstjórn	66 857	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3 311 229	

Flutt	123 267 757

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		**47 796 688**
	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	52 488	
	Skattar af framleiðslu		**7 462 000**
	Vörugjöld:		
0 0611	Vörugjald	282 000	
0 0600	Álgjald	180 000	
0 0615	Sérstakt vörugjald	7 000 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		**62 188 700**
	Söluskattur:		
0 0300	Söluskattur 48 300 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 3 480 000		
		44 820 000	
	Skemmtanaskattar:		
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs	23 000	
0 0622	Skemmtanaskattur	145 000	
	Launaskattur:		
0 0400	Launaskattur	6 800 000	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:		
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR	9 800 000	
0 0530	Gjald af seldum vindlingum	68 000	
0 0520	Gjald af seldum eldspýtum	2 300	
0 0540	Gjald af einkasöluvörum	6 000	
	Flugvallagjald:		
0 0681	Flugvallagjald	265 000	
	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	130 000	
0 0653	Síldarsölugjald	70 000	
	Aðrir skattar:		
0 0660	Iðnaðargjald	42 000	
0 0672	Sérleyfisgjald	17 000	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400	
	Aðrir óbeinir skattar		**5 793 863**
	Aukatekjur og stimpilgjald:		
0 0800	Stimpilgjald	1 225 000	
0 0810	Aukatekjur	400 000	
0 0820	Þinglýsingar	720 000	
	Flutt		**123 241 251**

Gjöld:

	Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
Flutt		123 267 757

Gjöld samtals		123 267 757
Tekjur umfram gjöld		1 575 972
	Samtals	**124 843 729**

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Ýmsir skattar af bifreiðum: Flutt.		123 241 251
0 0720	Bifreiðaskattur	1 350 000	
0 0750	Skrásetningargjald bifreiða	146 300	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða	46 500	
	Ýmsir skattar af skipum:		
0 0831	Lestagjald	3 000	
0 0833	Vitagjald	16 500	
0 0832	Skipaskoðunargjald	8 000	
	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0 0841	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	630 000	
0 0842	Leyfisgjald	65 000	
	Aðrir óbeinir skattar:		
0 0884	Verðjöfnunargjald	875 000	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	40 000	
0 0891	Skipulagsgjald	83 000	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald	104 100	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	56 000	
0 0871	Prófgjald bifreiðastjóra	16 000	
0 0872	Prófgjald iðnnema	5 000	
0 0895	Sérlyfjagjald	4 400	
0 0894	Hvalveiðigjald	63	
	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta		383 178
	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
0 1010	Afgjöld ríkisjarða	3 500	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	48 100	
0 1020	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	331 578	
	Ýmsar tekjur		1 219 300
	Vextir og arður af hlutabréfum:		
0 2010	Vextir	900 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum	3 200	
	Ýmsar tekjur:		
0 6991	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	9 500	
0 2030	Sameignir ríkisins	20 000	
0 1901	Yfirverð líknarfrímerkja	100	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans	11 500	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	175 000	
0 1990	Ýmsar óvissar tekjur	100 000	
	Tekjur samtals		124 843 729

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	20	Laun	23 492	
	2	Önnur rekstrargjöld	12 065	
	4	Viðhald	5 000	
		Gjöld samtals		40 557
201	**Alþingi:**			
	20	Laun	552 695	
	2	Önnur rekstrargjöld	201 500	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	16 600	
		Gjöld samtals		770 795
	Viðfangsefni:			
	0102	Þingfararkaup alþingismanna	306 265	
	0103	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	320 422	
	0104	Rekstrarkostnaður fasteigna	62 523	
	0105	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	52 500	
	0106	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	2 785	
	0107	Hús Jóns Sigurðssonar	7 200	
	0108	Þingmannasamtök NATO	2 500	
	0109	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	16 600	
		Gjöld samtals	770 795	
301	**Ríkisstjórn:**			
	20	Laun	63 663	
	2	Önnur rekstrargjöld	12 100	
		Gjöld samtals		75 763
401	**Hæstiréttur:**			
	20	Laun	38 171	
		Gjöld samtals		38 171
		Samtals		925 286

01 Forsætisráðuneytið

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	28 623	
	2	Önnur rekstrargjöld	17 460	
	4	Viðhald	2 350	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	13 860	
		Gjöld samtals		62 593
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	37 683	
	0102	Stjórnarráðshús	4 100	
	0103	Fálkaorðan	700	
	0105	Framlag til Kanadasjóðs	45	
	0106	Viðhald ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	1 000	
	0107	Rekstur ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	5 300	
	0109	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	650	
	0110	Til Hrafnseyrar	2 000	
	0111	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	8 000	
	0113	Gjöf Jóns Sigurðssonar	3 115	
		Gjöld samtals	62 593	
102	**Þjóðhagsstofnun:**			
	20	Laun	72 435	
	2	Önnur rekstrargjöld	22 930	
	4	Viðhald	220	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	900	
		Gjöld samtals	96 485	
	0	Sértekjur	48 242	
		Mismunur		48 243
171	**Framlag til Byggðasjóðs:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	2 409 000	
		Gjöld samtals		2 409 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
901	**Húsameistari ríkisins:**		
20	Laun	2 500	
2	Önnur rekstrargjöld	715	
4	Viðhald	7 520	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	54 525	
	Gjöld samtals	65 260	
0	Sértekjur	38 900	
	Mismunur		26 360
	Viðfangsefni:		
0101	Yfirstjórn	16 090	
0102	Teiknistofa	41 515	
0103	Byggingaeftirlit	7 655	
	Gjöld samtals	65 260	
902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**		
20	Laun	6 486	
2	Önnur rekstrargjöld	4 900	
4	Viðhald	2 800	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	8 400	
	Gjöld samtals	22 586	
0	Sértekjur	3 900	
	Mismunur		18 686
	Samtals		2 564 882

02 Menntamálaráðuneytið

			Þús. kr.	Þús. kr
101	**Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	139 848	
	2	Önnur rekstrargjöld	78 500	
	4	Viðhald	750	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 500	
		Gjöld samtals		220 598
201	**Háskóli Íslands:**			
	20	Laun	1 233 362	
	2	Önnur rekstrargjöld	237 679	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	388 000	
		Gjöld samtals	1 859 041	
	0	Sértekjur	441 580	
		Mismunur		1 417 461
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	90 025	
	0102	Guðfræðideild	26 047	
	0103	Læknadeild	255 833	
	0104	Tannlæknadeild	66 130	
	0105	Lyfjafræði lyfsala	19 252	
	0106	Lagadeild	41 519	
	0107	Viðskiptadeild	57 005	
	0108	Heimspekideild	160 695	
	0109	Verkfræðideild	370 740	
	0110	Bókasafn	43 498	
	0111	Íþróttakennsla	11 944	
	0112	Rekstur fasteigna	127 611	
	0113	Sameiginleg útgjöld	90 148	
	0114	Félagsvísindadeild	60 169	
	0115	Til byggingaframkvæmda og tækjakaupa	388 000	
	0116	Mannfræðistofnun háskólans	7 352	
	0120	Reiknistofnun	43 073	
		Gjöld samtals	1 859 041	
202	**Tilraunastöð háskólans á Keldum:**			
	20	Laun	68 878	
	2	Önnur rekstrargjöld	62 707	
	4	Viðhald	2 500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	12 050	
		Gjöld samtals	146 135	
	0	Sértekjur	84 714	
		Mismunur		61 421

			Þús. kr.	Þús. kr.
203	**Raunvísindastofnun háskólans:**			
	20	Laun	121 914	
	2	Önnur rekstrargjöld	33 321	
	4	Viðhald	4 985	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	11 988	
		Gjöld samtals		172 208
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	33 577	
	02	Eðlisfræðistofa	23 529	
	03	Efnafræðistofa	33 896	
	04	Jarðvísindastofa, jarðfræðideild	22 415	
	05	— jarðeðlisfræðideild	22 193	
	06	— háloftadeild	11 933	
	07	Reiknifræðistofa	10 000	
	09	Stærðfræðistofa	14 665	
		Gjöld samtals	172 208	
205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi:**			
	20	Laun	42 797	
	2	Önnur rekstrargjöld	9 566	
	4	Viðhald	700	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	16 310	
		Gjöld samtals	69 373	
	0	Sértekjur	3 600	
		Mismunur		65 773
206	**Orðabók háskólans:**			
	20	Laun	20 447	
	2	Önnur rekstrargjöld	400	
		Gjöld samtals		20 847
231	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
	20	Laun	28 384	
	2	Önnur rekstrargjöld	8 079	
	4	Viðhald	800	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 240	
		Gjöld samtals		39 503
232	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	20	Laun	18 040	
	2	Önnur rekstrargjöld	23 095	
	4	Viðhald	350	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 215	
		Gjöld samtals		43 700

			Þús. kr.	Þús. kr.
	Viðfangsefni:			
0101	Yfirstjórn		25 555	
0103	Þátttökugjald í Nordforsk		2 448	
0105	Til starfsáætlunar		2 297	
0106	Til nýrra rannsóknarverkefna		7 700	
0107	Upplýsingaþjónusta		5 700	
		Gjöld samtals	43 700	
276	**Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**			
90	Yfirfærslur:			
91	Til fyrirtækja í B-hluta		56 000	
		Gjöld samtals		56 000
301	**Menntaskólinn í Reykjavík:**			
20	Laun		178 302	
2	Önnur rekstrargjöld		15 250	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður		10 000	
		Gjöld samtals		203 552
302	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
20	Laun		157 031	
2	Önnur rekstrargjöld		18 500	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður		5 000	
		Gjöld samtals	180 531	
0	Sértekjur		3 000	
		Mismunur		177 531
303	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
20	Laun		50 002	
2	Önnur rekstrargjöld		8 900	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður		5 000	
		Gjöld samtals	63 902	
0	Sértekjur		2 000	
		Mismunur		61 902
304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**			
20	Laun		222 329	
2	Önnur rekstrargjöld		21 482	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður		8 000	
		Gjöld samtals	251 811	
0	Sértekjur		5 100	
		Mismunur		246 711
305	**Menntaskólinn við Sund:**			
20	Laun		193 351	
2	Önnur rekstrargjöld		15 000	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður		50 000	
		Gjöld samtals		258 351

			Þús. kr.	Þús. kr.
306	**Menntaskólinn á Ísafirði:**			
	20	Laun	55 342	
	2	Önnur rekstrargjöld	16 500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	19 000	
		Gjöld samtals	90 842	
	0	Sértekjur	1 400	
		Mismunur		89 442
307	**Menntaskóli á Austurlandi, bygging:**			
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	143 000	
		Gjöld samtals		143 000
308	**Menntaskólinn í Kópavogi:**			
	20	Laun	64 223	
	2	Önnur rekstrargjöld	3 770	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	15 000	
		Gjöld samtals		82 993
319	**Menntaskólar, almennt:**			
	20	Laun	47 495	
	4	Viðhald	36 700	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	14 000	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	9 372	
		Gjöld samtals		107 567
321	**Kennaraháskóli Íslands:**			
	20	Laun	198 214	
	2	Önnur rekstrargjöld	48 722	
	4	Viðhald	6 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	57 500	
	94	Til einstaklinga og samtaka	820	
		Gjöld samtals	311 256	
	0	Sértekjur	3 000	
		Mismunur		308 256
322	**Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans:**			
	20	Laun	89 409	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	6 000	
		Gjöld samtals	95 409	
	0	Sértekjur	28 500	
		Mismunur		66 909

			Þús. kr.	Þús. kr.
331	**Íþróttakennaraskóli Íslands:**			
	20	Laun	17 700	
	2	Önnur rekstrargjöld	3 250	
	4	Viðhald	3 500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	13 000	
		Gjöld samtals	37 450	
	0	Sértekjur	100	
		Mismunur		37 350
336	**Hússtjórnarkennaraskóli Íslands:**			
	20	Laun	9 509	
	2	Önnur rekstrargjöld	1 983	
	4	Viðhald	635	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	625	
		Gjöld samtals	12 752	
	0	Sértekjur	100	
		Mismunur		12 652
351	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti:**			
	20	Laun	234 110	
	2	Önnur rekstrargjöld	15 760	
	4	Viðhald	1 350	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	236 000	
		Gjöld samtals		487 220
352	**Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli:**			
	20	Laun	86 850	
	2	Önnur rekstrargjöld	11 580	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	13 000	
		Gjöld samtals		111 430
353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja:**			
	20	Laun	126 309	
	2	Önnur rekstrargjöld	11 855	
	4	Viðhald	700	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	35 000	
		Gjöld samtals		173 864
354	**Fjölbrautaskólinn á Akranesi:**			
	20	Laun	26 764	
	2	Önnur rekstrargjöld	5 437	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	9 748	
		Gjöld samtals		41 949
421	**Fræðslumyndasafn:**			
	20	Laun	9 034	
	2	Önnur rekstrargjöld	9 830	
	4	Viðhald	75	
		Gjöld samtals		18 939

			Þús. kr.	Þús. kr.
422	**Ríkisútgáfa námsbóka:**			
	20	Laun	32 930	
	2	Önnur rekstrargjöld	142 296	
	4	Viðhald	1 700	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 400	
		Gjöld samtals	178 326	
	0	Sértekjur	10 000	
		Mismunur		168 326
		Viðfangsefni:		
	0102	Skrifstofa	41 469	
	0103	Bókaútgáfa	136 857	
		Gjöld samtals	178 326	
423	**Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi:**			
	20	Laun	81 842	
	2	Önnur rekstrargjöld	6 145	
		Gjöld samtals		87 987
431	**Iðnfræðsluráð:**			
	20	Laun	44 103	
	2	Önnur rekstrargjöld	7 564	
	4	Viðhald	200	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 200	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	540	
		Gjöld samtals		53 607
501	**Tækniskóli Íslands:**			
	20	Laun	144 944	
	2	Önnur rekstrargjöld	37 000	
	4	Viðhald	1 040	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	12 000	
		Gjöld samtals	194 984	
	0	Sértekjur	1 800	
		Mismunur		193 184
506	**Vélskóli Íslands:**			
	20	Laun	102 642	
	2	Önnur rekstrargjöld	11 550	
	4	Viðhald	800	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	12 000	
		Gjöld samtals		126 992

	Viðfangsefni:	Þús. kr.	Þús. kr.
0101	Yfirstjórn	2 000	
01	Kennsla í Reykjavík	111 967	
03	Námskeið utan Reykjavíkur	13 025	
	Gjöld samtals	126 992	

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík:

20	Laun	62 010	
2	Önnur rekstrargjöld	4 000	
4	Viðhald	360	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	7 000	
	Gjöld samtals		73 370

514 Iðnskólinn í Reykjavík:

20	Laun	333 161	
2	Önnur rekstrargjöld	2 441	
	Gjöld samtals		335 602

515 Iðnskólar utan Reykjavíkur:

20	Laun	150 102	
2	Önnur rekstrargjöld	8 350	
	Gjöld samtals		158 452

516 Iðnskólar, almennt:

4	Viðhald	10 000	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	63 000	
	Gjöld samtals		73 000

517 Hótel- og veitingaskóli Íslands:

20	Laun	21 774	
2	Önnur rekstrargjöld	13 600	
4	Viðhald	1 000	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	4 500	
	Gjöld samtals	40 874	
0	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		31 874

518 Fiskvinnsluskólinn:

20	Laun	22 018	
2	Önnur rekstrargjöld	10 025	
4	Viðhald	750	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 000	
	Gjöld samtals	34 793	
0	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		29 793

			Þús. kr.	Þús. kr.
521	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
	20	Laun	84 852	
	2	Önnur rekstrargjöld	10 100	
	4	Viðhald	1 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 200	
		Gjöld samtals	97 152	
	0	Sértekjur	7 000	
		Mismunur		90 152
522	**Nýi hjúkrunarskólinn:**			
	20	Laun	19 187	
	2	Önnur rekstrargjöld	6 395	
	4	Viðhald	120	
		Gjöld samtals		25 702
523	**Fósturskóli Íslands:**			
	20	Laun	25 358	
	2	Önnur rekstrargjöld	3 000	
	4	Viðhald	280	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 000	
		Gjöld samtals		31 638
553	**Hússtjórnarskólar:**			
	20	Laun	93 370	
	2	Önnur rekstrargjöld	18 812	
	4	Viðhald	15 000	
		Gjöld samtals		127 182
561	**Myndlista- og handíðaskólinn:**			
	20	Laun	37 792	
	2	Önnur rekstrargjöld	6 716	
	4	Viðhald	750	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 400	
		Gjöld samtals	47 658	
	0	Sértekjur	2 276	
		Mismunur		45 382
562	**Leiklistarskólinn:**			
	20	Laun	28 990	
	2	Önnur rekstrargjöld	7 400	
	4	Viðhald	200	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 000	
		Gjöld samtals	39 590	
	0	Sértekjur	450	
		Mismunur		39 140

		Þús. kr.	Þús. kr.
563	**Tónlistarfræðsla:**		
20	Laun	247 315	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 850	
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	1 000	
	Gjöld samtals		251 165
	Viðfangsefni:		
0102	Tónlistarskólinn í Reykjavík	34 924	
0103	Aðrir tónlistarskólar	193 676	
0104	Barnamúsikskólinn	18 715	
0106	Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamúsikskólinn, byggingarstyrkur	2 850	
0107	Tónlistarskóli Garðabæjar	500	
0108	Tónlistarskóli Seyðisfjarðar	500	
	Gjöld samtals	251 165	
571	**Sjómannaskólahúsið:**		
20	Laun	25 889	
2	Önnur rekstrargjöld	21 500	
4	Viðhald	18 000	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	4 000	
	Gjöld samtals		69 389
581	**Verslunarskólar:**		
20	Laun	165 422	
2	Önnur rekstrargjöld	42 100	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000	
	Gjöld samtals		208 522
	Viðfangsefni:		
0101	Til Verslunarskóla Íslands	151 577	
0102	Til Samvinnuskólans	56 945	
	Gjöld samtals	208 522	
582	**Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum:**		
20	Laun	4 743	
2	Önnur rekstrargjöld	750	
4	Viðhald	620	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000	
	Gjöld samtals		7 113
601	**Héraðsskólinn í Reykholti:**		
20	Laun	34 535	
2	Önnur rekstrargjöld	4 280	
	Gjöld samtals	38 815	
0	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		37 615

			Þús. kr.	Þús. kr
602	**Héraðsskólinn á Núpi:**			
	20	Laun	30 719	
	2	Önnur rekstrargjöld	12 180	
		Gjöld samtals	42 899	
	0	Sértekjur	350	
		Mismunur		42 549
603	**Héraðsskólinn í Reykjanesi:**			
	20	Laun	22 961	
	2	Önnur rekstrargjöld	6 075	
		Gjöld samtals	29 036	
	0	Sértekjur	600	
		Mismunur		28 436
604	**Héraðsskólinn á Reykjum:**			
	20	Laun	31 758	
	2	Önnur rekstrargjöld	4 315	
		Gjöld samtals	36 073	
	0	Sértekjur	600	
		Mismunur		35 473
605	**Alþýðuskólinn á Eiðum:**			
	20	Laun	33 534	
	2	Önnur rekstrargjöld	14 317	
		Gjöld samtals	47 851	
	0	Sértekjur	2 500	
		Mismunur		45 351
606	**Héraðsskólinn í Skógum:**			
	20	Laun	26 696	
	2	Önnur rekstrargjöld	9 670	
		Gjöld samtals	36 366	
	0	Sértekjur	1 000	
		Mismunur		35 366
607	**Héraðsskólinn á Laugarvatni:**			
	20	Laun	24 898	
	2	Önnur rekstrargjöld	4 580	
		Gjöld samtals	29 478	
	0	Sértekjur	600	
		Mismunur		28 878

			Þús. kr.	Þús. kr.
609	**Héraðsskólinn á Laugum:**			
	20	Laun	32 051	
	2	Önnur rekstrargjöld	5 440	
		Gjöld samtals	37 491	
	0	Sértekjur	350	
		Mismunur		37 141
610	**Héraðsskólar, almennt:**			
	4	Viðhald	34 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður[1])	182 000	
		Gjöld samtals		216 000
621	**Skálholtsskóli:**			
	20	Laun	12 115	
	2	Önnur rekstrargjöld	2 500	
		Gjöld samtals		14 615
679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	4 000	
		Gjöld samtals		4 000
700	**Grunnskólar í Reykjavík:**			
	20	Laun	1 716 144	
	2	Önnur rekstrargjöld	69 178	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	7 757	
		Gjöld samtals		1 793 079
710	**Grunnskólar, Reykjanesumdæmi:**			
	20	Laun	1 153 416	
	2	Önnur rekstrargjöld	52 240	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	6 285	
		Gjöld samtals		1 211 941
730	**Grunnskólar, Vesturlandsumdæmi:**			
	20	Laun	426 774	
	2	Önnur rekstrargjöld	56 606	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	3 905	
		Gjöld samtals		487 285
740	**Grunnskólar, Vestfjarðaumdæmi:**			
	20	Laun	303 468	
	2	Önnur rekstrargjöld	18 307	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	3 385	
		Gjöld samtals		325 160

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti nr. 1.

			Þús. kr.	Þús. kr.
750	**Grunnskólar, Norðurlandi vestra:**			
	20	Laun	324 106	
	2	Önnur rekstrargjöld	63 905	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	3 385	
		Gjöld samtals		391 396
760	**Grunnskólar, Norðurlandi eystra:**			
	20	Laun	730 047	
	2	Önnur rekstrargjöld	69 359	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	4 675	
		Gjöld samtals		804 081
770	**Grunnskólar, Austurlandsumdæmi:**			
	20	Laun	417 718	
	2	Önnur rekstrargjöld	34 745	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	3 830	
		Gjöld samtals		456 293
780	**Grunnskólar, Suðurlandsumdæmi:**			
	20	Laun	566 540	
	2	Önnur rekstrargjöld	113 962	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	4 278	
		Gjöld samtals		684 780
791	**Grunnskólar, almennt:**			
	20	Laun	216 302	
	2	Önnur rekstrargjöld	5 504	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	60 835	
	94	Til einstaklinga og samtaka	1 570	
		Gjöld samtals		284 211
		Viðfangsefni:		
	0104	Yfirvinnuþóknun skólastjóra	22 699	
	0107	Greiðslur vegna forfallakennslu og aðrar forfallagreiðslur	114 145	
	0108	Laun kennara, sem orlof fá	57 788	
	0110	Stjórnskipaðir prófdómarar	23 934	
	0115	Til umferðarfræðslu í skólum	3 240	
	0116	Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	60 835	
	0117	Til skíðakennslu í skólum	1 000	
	0118	Til unglingafræðslu	570	
		Gjöld samtals	284 211	
792	**Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra:**			
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður[1])	1 376 000	
		Gjöld samtals		1 376 000

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti nr. 2.

			Þús. kr.	Þús. kr.
793	**Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn:**			
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	60 000	
		Gjöld samtals		60 000
		Viðfangsefni:		
		0101 Hlíðaskóli	8 000	
		0102 Öskjuhlíðarskóli	26 000	
		0103 Lyngás	26 000	
		Gjöld samtals	60 000	
797	**Stofnanir afbrigðilegra barna:**			
	20	Laun	243 127	
	2	Önnur rekstrargjöld	68 716	
	4	Viðhald	3 927	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	7 000	
		Gjöld samtals		322 770
799	**Heyrnleysingjaskólinn:**			
	20	Laun	61 247	
	2	Önnur rekstrargjöld	10 006	
	4	Viðhald	1 100	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	500	
		Gjöld samtals	72 853	
	0	Sértekjur	450	
		Mismunur		72 403
801	**Vistheimilið Breiðavík:**			
	20	Laun	14 050	
	2	Önnur rekstrargjöld	7 295	
	4	Viðhald	700	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000	
		Gjöld samtals	23 045	
	0	Sértekjur	8 500	
		Mismunur		14 545
802	**Vernd barna og ungmenna:**			
	20	Laun	6 187	
	2	Önnur rekstrargjöld	2 050	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	3 700	
		Gjöld samtals		11 937
		Viðfangsefni:		
		0102 Barnaverndarráð	8 237	
		0105 Náms- og hælisvist unglinga, styrkur	700	
		0106 Framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms	500	
		0107 Til sumardvalarheimila	2 500	
		Gjöld samtals	11 937	

		Þús. kr.	Þús. kr.
803	**Dagvistarheimili, stofnkostnaður:**		
	90 Yfirfærslur:		
	92 Til sveitarfélaga	165 000	
	Gjöld samtals		165 000
871	**Upptökuheimilið í Kópavogi:**		
	90 Yfirfærslur:		
	91 Til fyrirtækja í B-hluta	24 982	
	Gjöld samtals		24 982
872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna:**		
	90 Yfirfærslur:		
	91 Til fyrirtækja í B-hluta	1 408 135	
	Gjöld samtals		1 408 135
881	**Náms- og fræðimenn, framlög:**		
	90 Yfirfærslur:		
	94 Til einstaklinga og samtaka	50 800	
	Gjöld samtals		50 800
	Viðfangsefni:		
	0103 Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	5 400	
	0104 Styrkur til að bjóða grænlenskum stúdent til námsdvalar	240	
	0105 Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga	120	
	0106 Til íslensk-enskrar orðabókar	2 150	
	0107 Styrkur til færeysks fræðimanns	30	
	0108 Til menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi	500	
	0109 Styrkur til útgáfustarfa	6 750	
	0110 Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis	1 300	
	0111 Starfsemi stúdenta	310	
	0112 Félagsstofnun stúdenta	19 000	
	0113 Hjónagarður, til minningar um forsætisráðherrahjónin dr. Bjarna Benediktsson og Sigríði Björnsdóttur ásamt ungum dóttursyni þeirra	15 000	
	Gjöld samtals	50 800	
882	**Styrkur til myndlistarskóla:**		
	90 Yfirfærslur:		
	94 Til einstaklinga og samtaka	1 750	
fríverslun megi gilda um ýmsar vörur sem framleiddar eru úr landbúnaðarvörum þar eð verðlag á hráefnum til þeirra er mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum. Í fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalagið er þannig kveðið á að eftir 1. janúar 1980 sé heimilt að leggja 40% af grunntolli á innflutning þessara vara frá EBE löndum. Eftir að fríverslunarsamningarnir við EBE voru gerðir var einnig gerð sú breyting á stofnsamningi EFTA að heimila að leggja sérstök gjöld á innflutning þessara framleiðsluvara til að jafna verðmismun sem er á milli þeirra landbúnaðarhráefna sem notuð eru af erlendum framleiðendum og innlendum. Samkvæmt þessu ákvæði hafa flest EFTA-löndin tekið upp kerfi með breytilegum innflutningsgjöldum sem eru endurskoðuð með vissu millibili eftir því sem verðlag á erlendum og innlendum hráefnum breytist. Athugun hefur leitt í ljós að slíkt kerfi mundi ekki henta íslenskum aðstæðum. Bæði væri það mjög flókið í framkvæmd og ennfremur mundi það ekki fullnægja þörfum innlends iðnaðar. Þess í stað er nú lagt til að tekið verði upp fast jöfnunargjald, sem samsvari 40% af grunntolli umræddra vara, eins og heimilað er í fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalagið.

Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjaldið taki gildi 1. janúar 1978. Hins vegar munu tollar á þeim vörum, sem frumvarpið nær til, verða afnumdir í þrem áföngum samkvæmt gildandi lögum um tollskrá. Með álagningu jöfnunargjalds munu því hækka þau gjöld sem lögð hafa verið á innflutning þessara vara undanfarin ár, og mun því aðstaða þeirra iðngreina, sem framleiða þessar vörur, styrkjast verulega. Hingað til hefur ekki verið talið fært að standa við þá skuldbindingu gagnvart EFTA og EBE að afnema innflutningshöft á sælgæti en jöfnunargjaldið á að gera það kleift að svo verði gert. Það mælir einnig með þessum ráðstöfunum að enginn mismunur verður gerður á innflutningi frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins. Loks má benda á að innheimta jöfnunargjalds hefur í för með sér nokkra tekjuaukningu fyrir ríkissjóð.

Um 1. gr.

Í greininni eru taldar upp þær vörutegundir sem jöfnunargjaldið verður lagt á og hundraðshluti gjaldsins af hverri vörutegund. Byggjast taxtar gjaldsins á samningi Íslands við Efnahagsbandalagið og er gert ráð fyrir álagningu sama gjalds á innflutning frá öllum löndum.

Heildarinnflutningur þessara vara 1976 var að cif-verði 392,7 m.kr. sem skiptist þannig að sælgæti var flutt inn fyrir 103,2 m.kr. en brauðvörur fyrir 289,5 m.kr.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið verði greitt af tollverði vöru og verði innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóti sömu lögverndar og þau gjöld.

Um 3. gr.

Í 3. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að óheimilt skuli að hækka verð á birgðum sem jöfnunargjald hefur ekki verið greitt af. Gert er ráð fyrir að ákvæði laga nr. 54/1960, um verðlagsmál, gildi um refsingar og viðurlög við brotum á ákvæðum greinarinnar.

Um 4. gr.

Í 4. grein er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1978.

Nd. 174. Frumvarp til laga [132. mál]

um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1978 að jafnvirði allt að 4 866 millj. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978.

3. gr.

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. D-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma, er Seðlabanki Íslands metur gild í þessu efni.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er fjármálaráðuneytinu skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur að fjárhæð allt að 1 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu 220 kV háspennulínu frá Geithálsi í Hvalfjörð. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr. og endurlána Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt til viðbótar heimildum samkvæmt lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 1 800 millj. kr. eða andvirði þeirra fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr. og endurlána Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal ráðherra hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1978 og felur í sér nauðsynlegar ráðstafanir til þess að markmiðum áætlunarinnar verði náð. Að því er ríkisframkvæmdir varðar er leitað heimildar til erlendrar lántöku að jafnvirði 4 866 m.kr. Í hliðstæðu frumvarpi vegna lánsfjáráætlunar 1977 var gert ráð fyrir erlendri lántöku til ríkisframkvæmda að fjárhæð 6 870 m.kr. og að auki 2 862 m.kr. vegna Framkvæmdasjóðs, sem ekki mun taka erlend lán vegna fjárfestingarlánasjóða á næsta ári. Samtals var því erlend fjáröflun til ríkisframkvæmda og fjárfestingarlánasjóða 9 732 m.kr. á árinu 1977, þannig að um mjög verulegan samdrátt er að ræða í erlendum lántökum í þessu skyni, eða nákvæmlega 50% lækkun í íslenskum krónum. Í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar og athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1978 er gerð nákvæm grein fyrir ráðstöfun þessa fjármagns og vísast til þess. Til viðbótar erlendri lánsfjáröflun er gert ráð fyrir að afla 5 586 m.kr. innanlands vegna ríkisframkvæmda, eða samtals 10 452 m.kr. Innlenda lánsfjáröflunin skiptist þannig að 3 100 m.kr. er sala ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, og þarf því að hækka lántökuheimild fjárlagafrumvarpsins um 1 100 m.kr., sérstök fjáröflun til framkvæmda við þjóðarbókhlöðu er 170 m.kr. og innheimtufé eldri spariskírteina að frádreginni innlausn skírteina 2 316 m.kr. Er á meðfylgjandi yfirliti sýnd skipting heildarlánsfjárins eftir uppruna og ráðstöfun þess.

Að öðru leyti felur frumvarpið í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum, m. a. af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði, lántökuheimildir vegna Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja og heimild til að breyta skammtímalánum ríkissjóðs í lengri lán.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Á undanförnum árum hafa verið gerðir um það samningar milli fjármálaráðuneytisins og lífeyrissjóða að lífeyrissjóðirnir keyptu verðtryggð skuldabréf Framkvæmdasjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs ríkisins fyrir tiltekinn hluta af árlegu ráðstöfunarfé sínu. Á þessu ári er stefnt að því, að skuldabréfakaup lífeyrissjóða frá þessum aðilum nemi samtals 30% af ráðstöfunarfé. Tilgangur þessara verðbréfakaupa hefur verið tvíþættur, annars vegar að greiða fyrir þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun atvinnuvega og íbúðabygginga en hins vegar að gefa þeim kost á að ávaxta verulegan hluta af ráðstöfunarfé sínu með fullri verðtryggingu. Framkvæmd samninganna hefur yfirleitt gengið vel en þó hefur verið nokkur misbrestur á að allir lífeyrissjóðir keyptu verðbréf að umsömdu marki. Því þykir ástæða til þess að setja nú í lög almenn ákvæði þess efnis að öllum lífeyrissjóðum sé skylt að ávaxta tiltekinn hluta af heildarráðstöfunarfé með fullri verðtryggingu að mati Seðlabanka Íslands. Með þessu ákvæði eru sjóðirnir ekki skuldbundnir til þess að

kaupa tiltekin bréf, en leitað mun verða samninga við þá eins og undanfarin ár um að kaupa verðtryggð bréf af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði fyrir 30% af ráðstöfunarfé. Jafnframt þessu er sú kvöð lögð á fjármálaráðuneytið að hafa ætíð á boðstólum verðbréf með fullri verðtryggingu svo að lífeyrissjóðirnir geti jafnan fullnægt þeirri lagaskyldu að ávaxta a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu í slíkum bréfum.

Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð. Þar verður m. a. að skilgreina ráðstöfunarfé, en til þess teljast vextir og afborganir að viðbættum iðgjaldatekjum en frádregnum lífeyrisgreiðslum.

Um 4. gr.

Um miðjan nóvember 1977 lauk Landsvirkjun við að reisa 220 kv háspennulínu milli spennistöðvar sinnar við Geitháls og spennistöðvar þeirrar sem nú er í byggingu á Brennimel við Hvalfjörð. Jafnframt var þá lokið samtengingu línu þessarar og byggðarlínunnar og þar með hafinn rafmagnsflutningur í verulega auknum mæli frá orkuveitusvæði Landsvirkjunar til Norðurlands.

Á næsta ári verður Landsvirkjunarlínan framlengd að Járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði en ráðgert er að rafmagnssala til verksmiðjunnar hefjist snemma árs 1979. Vegna verksmiðjunnar hefði því ekki þurft að byggja línuna fyrir 1978 en vorið 1977 ákvað stjórn Landsvirkjunar, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, að flýta byggingu línunnar svo að unnt yrði að auka sem fyrst rafmagnsflutning til Norðurlands.

Kostnaður við byggingu Landsvirkjunarlínunnar ásamt hlutdeild Landsvirkjunar í spennistöðinni á Brennimel áætlast alls 1 500 millj. kr. eða andvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Kostnaður þessi er að verulegu leyti þegar áfallinn og hefur hann verið fjármagnaður með erlendum lánum til skamms tíma. Ætlunin er að taka erlend lán til langs tíma til endurgreiðslu hlutaðeigandi skammtímalána og fjármögnunar kostnaðarins á árinu 1978. Ráðgert er að umrædd lán verði annað hvort með ríkisábyrgð eða lán sem ríkissjóður tekur og endurlánar Landsvirkjun.

Um 5. gr.

Framkvæmdir hófust við Hitaveitu Suðurnesja árið 1975. Þær hafa staðið sleitulaust síðan og er nú langt komið. Í nóvember 1976 var vatni hleypt á dreifikerfi Grindavíkur. Síðan hefur verið unnið að dreifikerfi fyrir Njarðvíkur og Keflavík og er áætlað að vatni verði hleypt á til Njarðvíkur fyrir áramót og til Keflavíkur í byrjun næsta árs. Framkvæmdum er haldið áfram og er reiknað með að þeim ljúki á miðju ári 1979 fyrir allt Reykjanes utan Keflavíkurflugvallar.

Ábyrgðarheimild er veitt var með lögum nr. 100/1974 nam 2 000 millj. kr. Er nú talið nauðsynlegt að afla umræddrar viðbótarheimildar til þess að ljúka verkinu að þessu leyti.

Um 6. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum á undanförnum árum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta óeðlilega örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Aðstæður á erlendum lánamörkuðum hafa farið heldur batnandi að undanförnu og gæti því orðið hagkvæmt að taka lán til greiðslu lána sem greiða verður á skömmum tíma.

Eðlilegt þykir að fjármálaráðherra hafi samráð við fjárveitinganefnd um slíkar lánabreytingar.

Ed. 175. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. des.)

1. gr.

A-liður 25. gr. laganna (sbr. 9. gr. l. nr. 11/1975) orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum reiknast svo:
   1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi:
      Af fyrstu 615 350 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 246 150 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 861 500 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
   2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara:
      Af fyrstu 861 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 369 230 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30% en af skattgjaldstekjum yfir 1 230 730 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

2. gr.

26. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 32/1977 orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:
   Af fyrstu 8 000 000 kr. skattsgjaldseign einstaklinga og fyrstu 12 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.8%.
2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0.8% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.

3. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. og orðist svo:

Skattyfirvöldum er þrátt fyrir ákvæði 49. gr. laga þessara heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Koma ákvæði 1. gr. til framkvæmda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1976, en ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1977.

Ed. 176. Lög [2. mál]

um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 98.

Nd. **177. Lög** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976.

(Afgreidd frá Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 23.

Nd. **178. Lög** [24. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976.

(Afgreidd frá Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 24.

Nd. **179. Lög** [25. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977.

(Afgreidd frá Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 25.

Ed. **180. Nefndarálit** [109. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1975.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 15. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón G. Sólnes, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Blöndal.	Ragnar Arnalds.

Ed. **181. Nefndarálit** [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 15. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form.	Jón Helgason, fundaskr., frsm.	Jón G. Sólnes.
Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Blöndal.	Ragnar Arnalds.

Ed. 182. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 15. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón G. Sólnes.
Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Blöndal.	Ragnar Arnalds.

Nd. 183. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 108/1973, sbr. læknalög nr. 80/1969.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Aftan við 1. gr. bætist: að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 108/1973, um breyting á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

Alþingi, 15. des. 1977.

Jón Skaftason, form., frsm.	Ragnhildur Helgadóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.
Magnús Kjartansson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Karvel Pálmason.

Sþ. 184. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

(Lögð fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

Alþingi ályktar að staðfesta niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, sem undirrituð var hinn 12. desember 1977.
Niðurstaðan er prentuð sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja, sem fram fóru hinn 12. desember 1977 í Reykjavík, um heimildir annars

vegar Íslendinga til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja og hins vegar Færeyinga til loðnuveiða við Ísland. Niðurstaðan gerir ráð fyrir, að hvor aðili um sig hafi heimild til að veiða allt að 35 000 smálestum af framangreindum fisktegundum. Kolmunnaveiðarnar mega stunda 15 til 17 íslensk skip. Á sama hátt geta 15 færeysk skip stundað loðnuveiðarnar, þó aldrei fleiri en átta í senn. Þau fiskiskip, sem umræddar veiðar stunda, skulu hlíta sömu reglum og innlend skip við samskonar veiðar, þ. á m. að því er varðar lágmarksstærð, friðunarsvæði og lokun svæða yfirleitt. Einnig telja aðilar æskilegt að halda áfram samvinnu um rannsóknir á göngu kolmunna og efla samstarf sín á milli og við önnur hlutaðeigandi lönd um skynsamlega hagnýtingu kolmunna.

Fylgiskjal.

VIÐRÆÐUR

milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja.

Hinn 12. desember 1977 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um gagnkvæman rétt til fiskveiða og varð niðurstaðan þessi:

Veiðar innan fiskveiðimarka Íslands.

Innan íslensku fiskveiðimarkanna, eins og þau eru ákveðin með reglugerð nr. 299 frá 15. júlí 1975, skal 15 skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, heimilt að veiða loðnu til bræðslu í heimalandi á vetrarvertíðinni 1978, allt að 35000 smálestum samtals. Aldrei skulu fleiri en átta skipanna vera samtímis innan fiskveiðimarkanna.

Færeyska landsstjórnin lætur íslenskum stjórnvöldum í té lista yfir nefnd 15 skip til samþykktar. Skip þessi skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við loðnuveiðar, þar á meðal reglum um lágmarksstærð, friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning ofangreindra færeyskra skipa skal daglega tilkynnt íslensku landhelgisgæslunni, meðan þau stunda veiðar innan fiskveiðimarka Íslands. Við brottför af veiðisvæði hverju sinni skal skipstjóri hvers skips tilkynna Loðnunefnd hvar aflinn er veiddur og áætlað aflamagn. Við löndun skal sérstakt eftirlit haft með afla og lágmarksstærð. Staðfestar aflatölur skulu síðan sendar Fiskifélagi Íslands.

SAMRÖÐUR

millum umboð fyri íslendsku stjórnina og umboð fyri Föroya Landsstýri.

Samröður hava verið í Reykjavík 12. december 1977 millum umboð fyri íslendsku stjórnina og Föroya Landsstýri um sínámillum fiskirættindi. Niðurstöðan varð:

Fiskiveiða á íslendsku landleiðini.

Á íslendsku landleiðini so sum fyrisett í reglugerð nr. 299 frá 15. juli 1975 verður heimilað 15 föroyskum skipum at veiða tilsamans 35000 tons av loðnu til bræðingar í heimlandi skipanna í vetrarveiðitíðini 1978, tó mugu í mesta lagi 8 skip í senn vera innan íslendskt fiskimark í hesi vinnu.

Föroya Landsstýri sendur íslendsku myndugleikunum nøvnini á 15 skipum til samtyktar. Hesi skip skulu lúka somu reglur sum íslendsk skip á loðnuveiðu millum hesar, reglur um minstu loyvdu stødd, friðaðar leiðir og aðrar reglur um stongdar leiðir.

Omanfyri nevndu föroysku skipini skulu dagliga boða íslendsku sjóverjuni frá, hvar tey eru stødd, meðan tey fiska innanfyri íslendska fiskimarkið. Skiparin á hvørjum skipi skal, hvørja ferð hann fer av veiðiøkinum, boða Loðnunevndini frá, hvar veiðan er tikin og ætlaðu veiðinøgdina. Tá ið landað verður, skal frá föroyskari síðu havast eftirlit við veiðuni og minstu loyvdu stødd. Váttað veiðinøgd skal síðani sendast Fiskifélagi Íslands.

Veiðar innan fiskveiðimarka Færeyja.

Innan færeysku fiskveiðimarkanna skal 15 skipum, sem skrásett eru á Íslandi, heimilt að veiða kolmunna til löndunar í heimalandi á árinu 1978, allt að 35000 smálestum samtals. Ef notaðar eru tveggja skipa vörpur eykst fjöldi skipa í 17.

Íslensk stjórnvöld láta færeysku landsstjórninni í té lista yfir nefnd skip til samþykktar. Skip þessi skulu hlíta sömu reglum og færeysk skip við kolmunnaveiðar, þar á meðal reglum um friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning ofangreindra íslenskra skipa skal daglega tilkynnt færeysku landhelgisgæslunni (Vagtar- og bjargingartænastuni), meðan þau stunda veiðar innan fiskveiðimarka Færeyja. Einnig skal nefndri stofnun tilkynnt koma skips í fiskveiðilögsögu Færeyja og brottför þess þaðan. Aflamagn skal tilkynnt Sjávarútvegsstofnuninni (Fiskivinnustovuni) eftir hverja löndun.

Fiskiveiða á föroysku landleiðini.

15 skipum skrásett í Íslandi verður heimilað at veiða tilsamans 35000 tons av svartkjafti til at landa í heimlandinum í 1978. Um partrol verður nýtt, loyvst skipatalið 17.

Íslendsku myndugleikarnir senda Föroya Landsstýri növnini á skipunum til samtyktar. Hesi skip skulu lúka somu reglur sum föroysk skip á svartkjaftaveiðu millum hesar, reglur um friðaðar leiðir og aðrar reglur um stongdar leiðir.

Omanfyri nevndu íslendsku skip skulu dagliga boða Vagtar- og bjargingartænastuni í Föroyum frá, hvar tey eru stödd, meðan tey fiska innan fyri föroyska fiskimarkið. Somuleiðis skulu skipini boða nevnda stovni frá komu í föroyskan sjógv og fráferð. Fráboðan um veiðinögd skal aftaná hvörja landing verða send Fiskivinnustovuni.

Rannsóknir á göngu kolmunna og hagnýting.

Íslensk og færeysk stjórnvöld telja æskilegt að halda áfram samvinnu íslenskra og færeyskra fiskifræðinga um rannsóknir á göngu kolmunna.

Aðilar voru sammála um að efla samstarf sín á milli og við önnur hlutaðeigandi lönd um skynsamlega hagnýtingu kolmunna.

Skipan þessi er háð samþykki Alþingis og Lögþings Færeyja.

Reykjavík, 12. desember 1977.

Staðfest:

Einar Ágústsson.

Matthías Bjarnason.

Rannsóknir um gongd og nýtlsu svartkjaftsins.

Íslendskir og föroyskir myndugleikar eru samdir í ynskinum um at halda fram við samvinnu millum íslendskar og föroyskar fiskifröðingar um rannsóknir í svartkjaftagongdini.

Partarnir eru samdir um at fremja sínámillum og við onnur luteigandi lond skilagóða nýtlsu av svartkjafti.

Hendan skipan er treytað av samtykt Altingsins og Föroya lögtings.

Reykjavík, 12. december 1977.

Atli P. Dam.

Pétur Reinert.

Nd. 185. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn, GÞG og LJós, skilar séráliti.

Alþingi, 15. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Tómas Árnason. | Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 186. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess eins og það er komið frá Ed.

Alþingi, 15. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Þórarinn Þórarinsson.
Lúðvík Jósepsson. | Tómas Árnason. | Ey. Kon. Jónsson.
Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 187. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að það verði samþykkt, en minni hlutinn, GÞG og LJós, skilar séráliti.

Alþingi, 15. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Þórarinn Þórarinsson, frsm.
Tómas Árnason. | Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 188. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn, GÞG og LJós, skilar séráliti.

Alþingi, 15. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr. Þórarinn Þórarinsson, frsm.
Tómas Árnason. Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 189. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson, Garðar Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti. Þegar um er að ræða veðtryggingu í fasteignum er skylt að veðtryggingin sé innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar, eins og það er á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 29. apríl 1977 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um endurskoðun lánareglna Lífeyrissjóðs sjómanna „til þess að þær verði ekki óhagstæðari en um er að ræða hjá lífeyrissjóðum í Sambandi almennra lífeyrissjóða". Er þetta frv. flutt til að koma á móti vilja Alþingis í þessu efni.

Breytingin, skv. þessu frumvarpi, frá núgildandi 1. mgr. 7. gr. laganna um Lífeyrissjóð sjómanna er í því fólgin, að skv. frumvarpinu er heimilt að ávaxta fé sjóðsins með skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé veðtryggingin innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar.

Skv. núgildandi ákvæðum er kveðið á um, að skylt sé að tryggt sé með 1. veðrétti í fasteignum, en það hefur haft í för með sér óþægindi fyrir félaga sjóðsins. Hafa þeir þurft m. a. að afla sér ríkisábyrgðar, ef önnur lán eru tryggð með 1. veðrétti.

Með breytingunni eru ákvæðin færð til samræmis við gildandi reglur í flestum lífeyrissjóðum, og telja verður að ávöxtun sjóðsins sé tryggð, að því er varðar lán með veði í fasteignum, þrátt fyrir þessa rýmkun.

Um þessa breytingu er fullt samkomulag í stjórn sjóðsins og frv. flutt að ósk stjórnarmanna.

Aðrar æskilegar breytingar eru framkvæmanlegar með breytingum á reglugerð um sjóðinn.

Nd. 190. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að gera þá breytingu á gildandi lögum um launaskatt, að skatturinn verði í gildi um ákveðinn tíma og þar með gerður að föstum og varanlegum tekjustofni. Minni hl. n. er andvígur þessari breytingu og telur að sá hluti skattsins, sem rennur í ríkissjóð, ætti að falla niður, enda var hann aldrei ætlaður til frambúðar.

Alþingi, 15. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 191. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja samþykkja frv. óbreytt, en við, fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks, erum andvígir frumvarpinu og leggjum til að það verði fellt.

Lög um tímabundið vörugjald voru fyrst sett 16. júlí 1975. Þá var við það miðað að gjaldið stæði aðeins út árið 1975. Síðan hefur gjaldið verið framlengt fyrir árin 1976 og 1977 og hækkað í 18%. Enn er lagt til að þetta svonefnda „tímabundna vörugjald“ verði framlengt og gildi fyrir allt næsta ár. Gert er ráð fyrir að gjaldið gefi ríkissjóði um 7000 milljónir króna í tekjur á næsta ári.

Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar telur gjald þetta mjög óréttlátt, og ljóst er að það mismunar mjög einstökum starfsgreinum, þar sem það leggst á tiltekna vöruflokka, en aðra ekki. Það er skoðun minni hlutans, að gjald þetta eigi að fella niður og að afla beri ríkissjóði tekna með öðrum hætti, sé talið óhjákvæmilegt að afla viðbótartekna. Heppilegt hefði hins vegar verið að losna við gjaldið án nýrrar tekjuöflunar, og hefði það þá haft áhrif til verðlagslækkunar. Minni hl. n. leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 192. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill samþ. frumvarpið, en minni hl. telur óhjákvæmilegt að gerðar séu á því breytingar.

Með frv. er gert ráð fyrir að bensíngjald, sem rennur í vegasjóð, hækki um 13.22 kr. um næstu áramót og tilsvarandi hækkun verði gerð á þungaskatti af þeim ökutækjum, sem nota annan orkugjafa en bensín. Eftir þá hækkun á gjöldum til vegasjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verða tekjur hans á ári af bensíngjaldi 4 460 milljónir króna og af þungaskatti 1 250 millj. kr.

Ljóst er af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að ekki mun vegasjóði veita af þeim tekjuauka, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Framkvæmdir í vegamálum hafa mjög dregist saman á undanförnum árum, og þó að viðbótartekjur komi til samkv. frumvarpinu og samkv. ákvæðum fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár, yrðu raunverulegar framkvæmdir í vegagerðarmálum mun minni en þær voru árið 1974.

Það, sem minni hl. telur varhugaverðast við frumvarpið eins og það liggur fyrir, er að álögur á umferðina mundu enn aukast verulega frá því sem nú er, ekki aðeins sem nýju framlagi til vegasjóðs nemur, heldur fengi ríkissjóður enn nýjan tekjustofn með því að leggja 20% söluskatt ofan á gjaldið til vegasjóðs, og allt bendir til að olíufélögin fengju einnig sinn skammt með hækkaðri álagningu á sífellt hærra bensínverð.

Það er skoðun minni hl., að rétt sé að auka fjárframlög til vegamála, en slíkt þarf að gera án þess að ríkissjóður fái jafnframt aðstöðu til enn meiri skattheimtu af umferðinni en nú er.

Alþingi, 15. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 193. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Söluskattur, sem lagður kann að verða á gjald þetta, skal renna í vegasjóð.

Nd. 194. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1975.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir gjaldheimtu sem nemur nær tveimur milljörðum króna á ári og er félagslega ranglát. Sjúkratryggingagjaldið er lagt á útsvarsstofn sem nær til mjög lágra tekna, og skattheimta ríkisins tekur auk þess ekki umtals-

vert tillit til félagslegra ástæðna. Fjölmörg sveitarfélög innheimta ekki útsvör af öldruðu fólki, fötluðu og sjúku og öðrum sem eiga við alvarleg félagsleg vandamál að stríða, en þessi gjaldheimta ríkisins tekur naumast tillit til þeirrar staðreyndar og líkist auk þess fremur nefskatti en eðlilegri skattheimtu í samræmi við efni og ástæður. Það er öfugmæli af fráleitasta tagi að kenna slíka andfélagslega gjaldheimtu við sjúkratryggingar.

Í kjarasamningum verkalýðssamtakanna í vor var samið um skattalækkun sem nam um tveimur milljörðum króna. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um skattvísitölu í ár rænir þeirri upphæð að fullu aftur, og með þessu frumvarpi er almenn skattheimta aukin um tvo milljarða í viðbót. Þannig svíkur ríkisstjórnin í raun gerða samninga við verkalýðssamtökin, og eru þau vinnubrögð ósæmileg og hættuleg.

Það er einnig í andstöðu við eðlilegt skattheimtukerfi að ríkið seilist með frv. í vaxandi mæli inn á tekjusvið sveitarfélaga, enda mótmæltu samtök íslenskra sveitarfélaga harðlega þegar þessi andfélagslega gjaldheimta ríkisins var tekin upp í öndverðu. Sá flokkur, sem ber meginábyrgð á þeirri stefnu að láta ríkið þannig þrengja að sveitarfélögunum, stendur jafnframt fyrir því að láta háværustu stuðningsmenn sína hrópa „báknið burt“ á strætum og torgum.

Þetta frumvarp er liður í tekjuöflunaráformum ríkisstjórnarinnar. Meðal annarra áforma, sem fjármálaráðherra hefur greint frá, er að hækka verð á lyfjum og auka gjaldtöku fyrir sérfræðiþjónustu á sviði heilbrigðismála. Ríkið er þannig að gera sjúkdóma og slys að tekjustofni fyrir sig. Öllu fráleitari andfélagslega gjaldheimtu er ekki hægt að hugsa sér, og frumvarpið um sjúkratryggingagjaldið styðst við sömu viðhorf. Því leggjum við til að það verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1977.

Magnús Kjartansson, frsm. Karvel Pálmason.

Ed. 195. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Síðari efnismgr. 1. gr. frv. orðist svo:
Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Ed. 196. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um iðjuþjálfun.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Helgi F. Seljan. Ásgeir Bjarnason. Steinþór Gestsson.
Albert Guðmundsson.

Ed. 197. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um matvælarannsóknir ríkisins.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.
Helgi F. Seljan.
Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.
Albert Guðmundsson.

Ed. 198. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til laga um matvælarannsóknir ríkisins.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 6. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: Skal skjóta ágreiningsmálum til heilbrigðisráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi.

Flm.: Páll Pétursson, Ragnar Arnalds, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson, Ingvar Gíslason, Helgi F. Seljan, Ingi Tryggvason, Þórarinn Þórarinsson, Kjartan Ólafsson, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraðað verði svo sem frekast er unnt undirbúningi að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og hönnun hennar, svo að þar megi reisa næsta raforkuver á Norðurlandi vestra.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar er endurflutt frá 98. löggjafarþingi, en þá varð hún ekki útrædd.

Orkustofnun gaf út í maí 1975 frumáætlun um 32 mw. virkjun við Villinganes í Skagafirði. Skýrsla þessi er unnin á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og ber hún það með sér að þarna er um mjög álitlega virkjun að ræða, sé verið að virkja vegna íslenskra notenda. Hins vegar er virkjun þessi ekki af þeirri stærð að hún gæti orðið orkuöflunarfyrirtæki vegna erlendrar stóriðju. Síðan hafa verið framkvæmdar allmiklar rannsóknir á þessum slóðum, og gaf Orkustofnun út í mars 1977 hönnunaráætlun fyrir 30 mw. virkjun við Villinganes samda af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og aðra skýrslu eftir verkfræðinga Orkustofnunar, þá Birgi Jónsson, Davíð Egilsson og Snorra Sophaníasson. Sú skýrsla heitir Villinganesvirkjun, Mannvirkjafræði.

Niðurstöður þessara rannsókna eru þær, að upphaflegri tilhögun var breytt nokkuð, þar sem berglög reyndust þéttari en ráð hafði verið fyrir gert, og enn þá hagkvæmara stíflustæði ákvarðað en fyrirhugað var í frumáætlun.

Í bréfi frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen til Orkustofnunar, dags. 15. mars 1977, segir m. a.:

„Raunfallhæð fyrirhugaðrar virkjunar er 58 m, sem að mestu leyti fæst með stíflu í árfarvegi. Virkjað rennsli er ráðgert 59 kl/s og uppsett afl 30 MW. Stofnkostnaður vinnsluvirkja er áætlaður 3 900 m.kr. miðað við verðlag eins og það var í maí 1976.

Niðurstöður áætlunar staðfesta fyrri ályktanir um Villinganesvirkjun. Áætluð orkuvinnsla í samtengdu landskerfi, 180 GWh/a, jafngildir 6 000 nýtingarstundum á ári, og áætlað orkuverð við stöðvarvegg er nálægt 2.84 kr/KWh miðað við, að árlegur kostnaður verði 13.13 af hundraði stofnkostnaðar.

Nú kann að verða talið æskilegt að setja upp meira afl en 30 MW, ef ráðist verður í virkjunarframkvæmdir. Má í því sambandi benda á hugsanlegar virkjanir ofar á vatnasviðinu ásamt vatnsmiðlun, sem auka mundi afkastgetu Villinganesvirkjunar. Um þessi atriði er rætt nokkru nánar í 8. kafla greinargerðar og m. a. gerð áætlun um 40 MW virkjun með einni vélasamstæðu. Stofnkostnaður þeirrar virkjunar er áætlaður 4 245 m.kr. Viðbótarkostnaður verður því 345 m.kr. eða 34.5 mkr/MW, þannig að líta má á 10 MW aflviðbót sem hagkvæmt vara- og toppafl, áður en kæmi til frekari orkunýtingar.

Virkjun við Villinganes verður því sem næst hrein rennslisvirkjun, þar sem nýtileg miðlun verður einungis nálægt 13 GL. Þrátt fyrir það teljum við eðlilegt rekstraröryggi verða fyrir hendi, þar sem vetrarrennsli er mjög jafnt. Fer það sjaldan niður fyrir 40 kl/s, sem er nálægt vatnsnotkun við meðalálag.

Umrædd áætlun um virkjun Héraðsvatna við Villinganes verður að teljast fullnægjandi til ákvarðanatöku um framkvæmdir. Við teljum, að óvissuþættir séu fáir og engir mikilvægir, en samhliða gerð útboðsgagna, ef til kemur, þurfa að fara fram viðbótarathuganir á jarðlagaskipan og líklegum byggingarefnum. Þá þarf að gera líkanprófanir á framhjárennslisgöngum og botnrás, bæði að því er varðar falltöp og rof neðan botnrásar.

Við viljum þakka gott samstarf við Orkustofnun við áætlanagerðina og erum reiðubúnir til frekari samvinnu þar að lútandi.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Helgason. Loftur Þorsteinsson.“

Iðnaðarráðherra hefur talið heppilegra að leggja áherslu á virkjun Blöndu og borið þrisvar fram frv. þar að lútandi. Blanda verður hins vegar ekki virkjuð nú á næstunni samkvæmt þeirri virkjunartilhögun sem iðnaðarráðherra þráflytur hér á Alþingi í frumvarpsformi, nema með því að selja mestalla orkuna til orkufreks iðnaðar.

Virkjunin er allt of stór fyrir almennan raforkumarkað á Norðurlandi og einnig of stór fyrir almennan markað á landinu öllu, nema í tengslum við sérstök stór verkefni á sviði orkufreks iðnaðar. Enn augljósara er þó, að áform um Blönduvirkjun, sem koma beint í kjölfar ákvörðunar um Hrauneyjafossvirkjun, hljóta að vera tengd stórfelldum hugmyndum um uppbyggingu erlendrar stóriðju á fyrri hluta næsta áratugs.

Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum er hins vegar af þeirri stærð, að hún fellur mjög vel að þeirri aukningu raforkumarkaðarins, enda gæti hún verið fullnýtt í þágu landsmanna allra á rúmu ári. Auk þess er virkjunin talin mjög hagkvæm samkvæmt nýjustu útreikningum.

Þá er þess að geta, að um virkjun hjá Villinganesi er einhugur heimamanna

(sjá fylgiskjöl I, II, III, IV, V, VI, VII, VIII og IX). Því er hins vegar ekki að heilsa hvað varðar virkjun Blöndu, enda er þar um að ræða geysilega röskun á náttúrufari (sjá fskj. X, XI og XII). Þar er áformað að mynda miðlunarlón. Þar kæmi til með að sökkva gróið land, 60—70 km². Til samanburðar má geta þess, að þetta land er stærra en öll tún í Austur-Húnavatnssýslu. Þetta land er gott og gjöfult, og með öllu óvíst að þessi landspjöll verði bætt.

Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svínavatns- og Torfalækjarhreppar og Blönduós, á Eyvindarstaðaheiði Bólstaðarhlíðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og einstaka jarðir í Akrahreppi og Ríðuhreppi.

Viðhorf íbúa þeirra hreppa, er upprekstur eiga á Eyvindarstaðaheiði, kemur glögglega í ljós í fylgiskjölum. Viðhorf íbúa Svínavatnshrepps er það, að í júní 1975 skrifaði meiri hluti atkvæðisbærra íbúa hreppsins undir yfirlýsingu til iðnaðarráðuneytisins um það, að þeir teldu ekki koma til greina að sökkva landi á Auðkúluheiði. Síðan var samþykkt á almenum sveitarfundi á Húnavöllum 15. júlí 1975 með 31 atkv. gegn 16 ályktun sem tekur af öll tvímæli um vilja hreppsbúa. Flestir íbúar Torfalækjarhrepps og forráðamenn Blönduóshrepps hafa hins vegar tekið jákvæða afstöðu varðandi virkjun Blöndu.

Það er því ljóst að samstaða næst ekki nema um virkjun Héraðsvatna, en þar er ekki heldur um verulega röskun á náttúrufari að ræða.

Lýsing mannvirkja. Heildaryfirlit.

Af 59 m heildarfallhæð fást um 55 m með stíflugerðinni, en um 4 m með dýpkun farvegar. Hvort tveggja hefur verið ákvarðað með hagkvæmnisreikningum.

Stíflulónið verður um 1.7 km² að flatarmáli og rúmar um 33.5 kl með vatnsborði í yfirfallshæð (151.8 m y. s.).

Þar sem inntak virkjunarinnar verður við botn lónsins takmarkast niðurdráttur í því aðeins af hagkvæmnisástæðum, þ. e. jafnvægi milli notagildis miðlunar og fallhæðar. Ljóst er, að lónið er of lítið til rennslismiðlunar að marki umfram dægursveiflur og að hagkvæmast muni því vera að halda sem hæstu vatnsborði í því að jafnaði. Möguleikinn á niðurdrætti er þó mikilvægur til að tryggja full afköst virkjunarinnar um stundarsakir í neyðartilvikum þótt aðrennsli sé í lágmarki. Þannig má t. d. halda 30 MW afli í um það bil 5 sólarhringa með 13 Gl miðlun, þegar lágrennsli er í vötnunum. Svarar það til rúmlega 9 m niðurdráttar í stíflulóninu.

Rekstur virkjunarinnar sem rennslisvirkjunar byggist á lindáreinkennum Jökulsánna, sem nánar er vikið að í kaflanum um vatnafræði. Virkjunartilhögun er annars í aðaldráttum sem hér segir:

Aðalstíflan er jarðefnastífla með þéttikjarna úr mórenu, en steypt yfirfall verður á vesturbakka, og rennur flóðvatn frá því eftir nýjum farvegi á kafla, en skilar sér aftur í farveg Héraðsvatna um 1 km neðan virkjunar.

Á byggingartíma verður rennslinu veitt fram hjá stíflustæðinu um jarðgöng í vesturbakkanum. Á síðasta byggingarstigi verður lokuvirki komið fyrir við útstreymisop ganganna og stutt hliðargöng lögð frá þeim að stöðvarhúsinu, sem verður ofanjarðar í gljúfrinu neðan stíflu.

Göngin verða þannig bæði aðrennslisgöng virkjunarinnar og botnrásargöng auk þess að flytja framhjárennsli á byggingartíma. Um 2 km langur frárennslisskurður er ráðgerður frá stöðvarhúsinu niður eftir árfarveginum.

Þá er þess að geta að í Jökulsánum í Skagafirði eru nokkrir aðrir álitlegir virkjunaráfangar þannig að þarna virðist vera um að ræða álitlega staðhætti til raforkuöflunar miðað við þarfir landsmanna sjálfra. Það er skoðun flm., að samtenging raforkukerfis landsmanna sé hið brýnasta verkefni. Eðlilegt sé síðan með tilliti til öryggis og atvinnusjónarmiða að reisa virkjanir af hæfilegri stærð í hinum ýmsu landshlutum. Virkjunarstaðurinn er ekki á eldvirku svæði.

Kostnaðaryfirlit.

Stíflur	660	m.kr.
Yfirfall	150	—
Inntak og botnrásargöng	385	—
Stöðvarhús, hús á botnrás, stigahús og útivirki	245	—
Frárennslisskurður	58	—
Vegagerð	90	—
Stöðvarvarðahús	32	—
Vélar og búnaður	945	—
Samtals	2 565	m.kr.
Ófyrirséð 5% af 760 m.kr.	38	—
Ófyrirséð 15% af 1 805 m.kr.	271	—
Samtals	2 874	m.kr.
Verðhækkanir	230	—
Samtals	3 104	m.kr.
Hönnunar- og umsjónarkostnaður	310	—
Samtals	3 414	m.kr.
Undirbúningskostnaður	130	—
Samtals	3 544	m.kr.
Vextir á byggingartíma	356	—
Heildarkostnaður	3 900	m.kr.

Stofnkostnaður á afleiningu: $\frac{3900}{30} = 130$ **m.kr./MW**

Stofnkostnaður á orkueiningu: $\frac{3900}{180} = 21.67$ **kr/kWh/a**

Orkuverð við stöðvarvegg: $\frac{3900}{180} \times 0.1313 = 2.84$ **kr./kWh**

Vatnasvið:

Eystri-Jökulsá við Skatastaði (vhm 144)	1 100	km²
Vestari-Jökulsá við Goðdalabrú (vhm 145)	808	km²
Vatnasvið til virkjunarinnar	2 050	km²

Rennsli:

Meðalrennsli (reiknað)	62.1	kl/s
Hönnunarflóð á yfirfalli (áætlað)	1 800	kl/s
Aftakaflóð (áætlað)	2 500	kl/s
Mesta mælt rennsli (að hluta áætlað)	550	kl/s

Inntakslón:

Flatarmál við yfirfallshæð 151.8 m y. s.	1.7	km²
Rúmmál við yfirfallshæð	33.5	Gl
Miðlunarrými frá 151.8 að 142.5 m y. s.	13	Gl

Yfirfall:

Lengd	200	m
Krónuhæð	151.8	m y. s.
Vatnsborð í lóni við 1 800 kl/s rennsli	154.5	m y. s.

Jarðstíflur:

Heildarlengd	900	m
Krónuhæð	156.5	m y. s.
Krónubreidd	6	m
Mesta hæð	60	m
Flái vatnsmegin	1:1.7	
Flái loftmegin	1:1.5	

Framhjárennslisgöng:

Lengd	270	m
Flatarmál	72.7	m^2
Vatnshraði við fullt álag	0.81	m/s
Stærð botnrásarops	2.5x3.6	m^2
Flutningsgeta við v.b. í lóni 151.8 m y. s.	300	kl/s

Inntak:

Stærð ristaops	6 x 10	m^2
Vatnshraði við fullt álag	1.0	m/s

Frárennslisskurður:

Lengd	2 200	m
Botnbreidd	8	m
Fláar	1:2	
Vatnshraði við fullt álag	1.3	m/s

Stöðvarhús:

Gerð: venjuleg ofanjarðar

Lengd	22.5	m
Breidd	14	m
Hæð	30	m
Uppsett afl	30	MW

Vatnsvélar:

Francishverfill á lóðréttum ás	1	stk.
Rennsli	59.1	kl/s
Raunfallhæð	58.0	m
Afl	42 050	Hö
Snúningshraði	250	sn/mín
Nýtni við ástimplað afl	0,92	

Rafali:

Þriggja fasa á lóréttum ás	1	stk.
Afl	37.5	MVA
cos φ	0.8	
Snúningshraði	250	sn/mín
Spenna	11	kV
Nýtni við ástimplað afl	0.975	
Tíðni	50	HZ

Spennar:

30/40 MVA, 132/11 kV	1	stk.
630 kVA, 11/0.4 kV	2	stk.

Afl og orka:

Virkjað rennsli	59.1	kl/s
Hönnunarfallhæð	58.0	m
Afl	30	MW
Rennslisorka (áætluð)	270	GWh/a
Viðbót orkuvinnslu eftir tengingu Norður- og Suðurlandskerfis	180	GWh/a

Helstu magntölur:

Gröftur	248 000 m³
Sprengingar	77 000 m³
Sprengingar, göng	22 000 m³
Fyllingar	819 000 m³
Steinsteypa	12 400 m³
Bein mót	12 900 m²
Hvelfd mót	4 400 m²
Steypustyrktarstál	332 000 kg.
Stálfóðrun	17 000 kg.

Fylgiskjal I.

Við undirritaðir landeigendur við Héraðsvötn og Jökulsár í Skagafirði gjörum kunnugt, að við erum reiðubúnir til viðræðu og samninga um fyrirhugaða virkjun, sem kennd er við Villinganes, að því tilskildu, að hvers konar tjón á mannvirkjum, landi og hlunnindum verði að fullu bætt.

Jafnframt áskiljum við okkur rétt til samninga um verktilhögun, t. d. að tryggt sé að vatn flæði aldrei vestur úr yfirfalli í stórflóðum.

Varmahlíð, 4/2 1976.

Hjálmar Guðjónsson, Tunguhálsi II, Guðsteinn Guðjónsson, Tunguhálsi, Stefán Hrólfsson, Keldulandi, Ólafur Þorsteinsson, Tyrfingsstöðum, Grétar Símonarson, Goðdölum, Borgar Símonarson, Goðdölum, Guðrún Eiríksdóttir, Villinganesi, Leifur Hreggviðsson, Birgisskarði, Trausti Símonarson, Hverhólum, Sigurður Friðriksson, Stekkjarflötum, Aðalsteinn Eiríksson, Villinganesi.

Fylgiskjal II.

Ályktun fundar sveitarstjórnarmanna í Miðgarði 20. jan. 1976.

Fundur sveitarstjórnarmanna í Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar, haldinn í Miðgarði 20. jan. 1976, lítur svo á að yfirlýsing iðnaðarráðherra um að frumvarp um Blönduvirkjun verði nú á næstunni lagt fyrir Alþingi sé algjörlega óeðlileg og ótímabær eins og málum þessum er háttað.

Lýsir fundurinn furðu sinni á því, að ekki verði flutt frumvarp um virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, og vekur athygli á því, að með þessari yfirlýsingu hefur iðnaðarráðherra algjörlega gengið gegn margítrekuðum samþykktum Upp-

rekstrarfélagsins og ýmissa fleiri heimaaðila um að sú virkjun skuli vera hið fyrsta stig virkjana á Norðurlandi vestra.

Fundurinn ítrekar enn áskorun til ríkisstjórnarinnar um að stefna beri að virkjun við Villinganes, að undangengnum samningum við landeigendur, með flutningi frumvarps þar að lútandi.

Fylgiskjal III.

Ályktun sveitarfundar í Akrahreppi.

Almennur hreppsfundur í Akrahreppi, haldinn að Héðinsminni 23. júní 1975, samþykkir eftirfarandi ályktun um orkumál:

Fundurinn fagnar vaxandi áhuga og umræðum, sem fram hafa farið um raforkumál og virkjanir á Norðurlandi vestra. Ber þar hæst yfirlýsingu iðnaðarráðherra, Gunnars Thoroddsen, um að ákvörðun verði tekin um virkjun í þessum landshluta þegar á þessu ári.

Orkuskortur er mjög tilfinnanlegur í landshlutanum og stendur athafnalífi og búsetuþróun mjög fyrir þrifum. Er því vissulega tími til kominn, að úr verði bætt. Í því sambandi hvetur fundurinn til að samtengingu rafveitnanna verði hraðað sem kostur er og að unnið verði að styrkingu dreifikerfisins.

Um virkjun í fjórðungnum er það að segja, að velja verður á milli virkjunar Blöndu eða Héraðsvatna í fyrsta áfanga. Fundurinn mælir eindregið með, að Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum verði látin ganga fyrir, og bendir því til stuðnings á þessi rök:

1) Virkjunin er af heppilegri stærð sem áfangavirkjun, og tryggir næga orku fyrir vaxandi framleiðslu og búsetu á Norðvesturlandi um nokkurt árabil. Blönduvirkjun er aftur á móti of stór fyrir heimamarkað. Yrði því að leita eftir orkufrekum erlendum iðnaði til þess að kaupa orkuna. Væri þá eins líklegt að heimaaðilar byggju eftir sem áður við orkuskort. Nógu langt mun gengið á þeirri braut að selja raforku úr landi á lágmarksverði, meðan inn er flutt olíuorka á margföldu verði.
2) Villinganesvirkjun fylgja hverfandi landsspjöll. Blönduvirkjun fylgja geigvænleg landsspjöll.
3) Undirbúningur og bygging Villinganesvirkjunar tekur mun skemmri tíma og kæmi hún því til nota mun fyrr.
4) Telja má að auðvelt verði að ná samstöðu og samningum við heimamenn um Villinganesvirkjun. Samstaða óhugsandi um Blönduvirkjun, vegna landeyðingar sem henni fylgir.
5) Í Jökulsá eystri eru möguleikar fyrir frekari virkjunum, smærri eða stærri. Einnig hugsanleg vatnsmiðlun er hefði verulegt gildi fyrir Villinganesvirkjun.

Fundurinn skorar því á hæstvirtan iðnaðarráðherra, alþingismenn, orkumálastjóra og hvern þann, er lagt gæti málum lið, að hlutast til um að rannsóknum og undirbúningi við Villinganesvirkjun verði lokið á þessu ári, ákvörðun tekin og framkvæmdir hafnar svo fljótt sem aðstæður frekast leyfa.

Jóhann L. Jóhannesson, (fundarstj.). Gunnar Oddsson, (fundarritari).

Fylgiskjal IV.

Ályktun sveitarfundar í Seyluhreppi.

Útskrift úr fundargerð.

„Almennur hreppsfundur í Seyluhreppi, haldinn að Miðgarði laugardaginn 14. júní 1975, lýsir ánægju sinni yfir þeim áhuga ráðamanna raforkumála fyrir virkjun á Norðurlandi vestra, sem fram hefur komið.

Jafnframt mótmælir fundurinn eindregið fyrirhugaðri Blönduvirkjun, vegna þeirra geysilegu landspjalla sem þar koma til með að verða og vart eða ekki verða bætt, en valda munu verulegri röskun á búskaparaðstöðu margra bænda á svæðinu.

Þá vill fundurinn benda á, að samkvæmt upplýsingum fagmanna getur Jökulsárvirkjun í Skagafirði komið fyrr að gagni til að fullnægja þeirri orkuþörf, sem nú er og verða mun í næstu framtíð á þessu svæði. **Þess vegna vill fundurinn leggja mikla áherslu á að í þá virkjun verði ráðist sem allra fyrst.**"

Ofanritað tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Rétta útskrift úr fundargerð vottar

Halldór Benediktsson,
(fundarstjóri).

Fylgiskjal V.

Úr aðalfundargerð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Samþ. í einu hljóði.

Frá allsherjarnefnd:

Út af framlagðri tillögu þeirra Konráðs Gíslasonar, Jónasar Haraldssonar og Björns Egilssonar um orkumál leggur nefndin til, að sýslunefndin samþykki tillöguna, sem hér segir:

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu fagnar yfirlýsingu iðnaðarráðherra frá s. l. vetri um að tekin verði ákvörðun um vatnsaflsvirkjun í Norðurlandskjördæmi vestra þegar á þessu ári. Jafnframt skorar nefndin á iðnaðarráðuneytið að sjá um, að það grundvallarsjónarmið ríki við alla áætlangerð og ákvarðanatöku, að virkjunin miðist fyrst og fremst við, að fullnægt sé orkuþörf innlends markaðar, — þar með talin upphitun alls íbúðarhúsnæðis, sem ekki fær notið jarðhita, — áður en orkunni er ráðstafað til stórfyrirtækja í eigu erlendra aðila. Það er skoðun sýslunefndar, að þegar um er að ræða tvo áþekka kosti (Blanda og Jökulsá) beri að hafa eftirfarandi í huga:

1. Gert er ráð fyrir, að með virkjun Blöndu sökkvi undir vatn a. m. k. 60 ferkm gróins beitilands á afréttum, þar sem beitarþröng er þegar fyrir. Allir viðurkenna, að gróðurlendi landsins sé of lítið og sífellt á undanhaldi, m. a. vegna ofbeitar á vissum landssvæðum svo og vegna áhrifa af völdum óviðráðanlegra náttúruafla. Af þeim sökum verja íslendingar árlega verulegum fjármunum til þess að græða sárin á örfoka afréttum oft með misjöfnum árangri. Með því að sökkva tugum ferkm gróins lands undir vatn sýnist því að verið sé að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni. Af þessari ástæðu fyrst og fremst virðist ljóst orðið að samstaða um virkjun Blöndu muni ekki nást meðal íbúa í Norðurlandskjördæmi vestra.
2. Af framansögðu telur sýslunefndin einsýnt, að ráðamenn raforkumála snúi sér þegar að þeim valkosti, sem næst liggur, þ. e. fullnaðarrannsóknum á hagkvæmni Jökulsárvirkjunar eystri. Fyrir liggur, að virkjun Jökulsár verði framkvæmd í áföngum. Forsenda hennar er því ekki orkusala til stóriðjureksturs,

svo sem virðist vera með Blönduvirkjun, stærðin er í samræmi við innlenda orkuþörf, landspjöll verða lítil sem engin og loks er líklegt, að fullkomin samstaða heimaaðila sé um þá framkvæmd.

3. Sýslunefndin skorar því á þingmenn þessa kjördæmis að beita sér fyrir því, að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og Jökulsár eystri njóti forgangs, svo að nægilegt fjármagn fáist á þessu ári til rannsóknar á virkjunarmöguleikum þar, og leggur á það þunga áherslu, að á næsta Alþingi verði sett lög um virkjun þessa.

Sauðárkróki, 29. júlí 1975.

Fylgiskjal VI.

Ályktun aðalfundar Kaupfélags Skagfirðinga.

Kaupfélag Skagfirðinga til iðnaðarráðherra Gunnars Thoroddsen 2. júní 1975.

Virkjun á Norðurlandi vestra.

Á aðalfundi K. S., er haldinn var 30. og 31. maí s. l., kom fram eftirfarandi tillaga frá Gunnari Oddssyni, Flatatungu, og var hún samþykkt á fundinum með lófataki:

„Aðalfundur K. S. 1975 mótmælir eindregið framkomnum hugmyndum um Blönduvirkjun, þar sem áformað er að sökkva undir vatn og eyða 60—70 km² af gróðurlendi á afréttum Skagfirðinga og Húnvetninga.

Þvílíkar landeyðingarframkvæmdir eru á engan hátt réttlætanlegar, þar sem ljóst er, að á Norðurlandi vestra eru margir hagkvæmir virkjunarmöguleikar, án þess að teljandi landspjöll fylgi.

Bendir fundurinn á virkjunarstaði í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri og vísar til áskorunar þar um frá síðasta aðalfundi.

Einnig vill fundurinn minna á hugmyndir um virkjun Blöndu í farvegi sínum.

Krefst því fundurinn að strax verði hafist handa við undirbúning og framkvæmdir virkjunar sem fullnægir orkuþörf vaxandi atvinnulífs í þessum landshluta og landeyðingaráform verði ei látin tefja framgang mála".

Vér sendum yður þessa tillögu, í von um að þér veitið henni brautargengi.

Virðingarfyllst.

pr. pr. Kaupfélag Skagfirðinga,
Helgi Rafn Traustason.

Fylgiskjal VII.

Umsögn.

Umsögn sveitarstjórna austan Blöndu um þáltill. um Villinganesvirkjun og frv. um virkjun Blöndu.

„Fundur sveitarstjórna í Lýtingsstaða-, Seylu-, Bólstaðarhlíðar- og Akrahrepum, haldinn í Miðgarði 4. apríl 1977, lýsir yfir fyllsta stuðningi við framkomna tillögu til þingsályktunar um virkjun hjá Villinganesi og beinir eindreginni áskorun til Alþingis að samþykkja hana. Jafnframt mótmælir fundurinn framkomnu frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Blönduvirkjun og skorar á ríkisstjórnina að draga frumvarpið til baka, en Alþingi að synja um heimild til virkjunar að öðrum kosti.

Leggur fundurinn áherslu á, að ekkert það hafi gerst í framvindu virkjunarmála á Norðurlandi vestra, sem ástæða sé til að breyta margítrekuðum samþykktum Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar um þau mál. Fundurinn bendir á, að núverandi hugmyndir um Blönduvirkjun leiða af sér meiri landeyðingu en nokkur

dæmi eru til við mannvirkjagerð á Íslandi til þessa. **Því telur fundurinn augljóst, að fullnægjandi samstaða náist aldrei meðal landeigenda um Blönduvirkjun eftir þeim hugmyndum, sem nú eru uppi, og telur því ástæðulaust að frekari viðræður fari fram í þeim efnum.**

Fundurinn ítrekar þá meginstefnu, að virkjanir af miðlungsstærð (30—70 megavött) skuli hafa forgang umfram virkjanir af stærstu gerð. Minnir fundurinn á fyrri röksemdir um að gjalda algeran varhug við orkusölu til erlendrar stóriðju sem vaxandi þætti í atvinnuþróun landsmanna. Því beinir fundurinn því til allra hlutaðeigandi aðila að veita áfangavirkjunum í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri brautargengi og fylgja því máli eftir, svo sem framast eru föng á.“

Samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna.

Marínó Sigurðsson, fundarstjóri. Rósmundur G. Ingvarsson, fundarritari

Pétur Sigurðsson. Jón Tryggvason. Sigurjón Guðmundsson.
Ingólfur Bjarnason. Árni Sigurðsson. Guðmundur Sigurðsson.
Broddi Björnsson. Borgar Símonarson. Jónas Haraldsson.
Gunnar Oddsson. Guðrún L. Ásgeirsdóttir. Sveinn Jóhannsson.
Halldór Benediktsson. Jóhann L. Jóhannesson.
Gísli Jónsson. Árni Bjarnason.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn Búnaðarsambands Skagfirðinga um frv. um virkjun Blöndu.

Sem svar við bréfi formanns iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 14. apríl s. l., til Búnaðarsambands Skagfirðinga, þar sem beiðst er umsagnar sambandsins um frv. til laga um virkjun Blöndu, gerði aðalfundur Búnaðarsambands Skagfirðinga, haldinn að Árgarði dagana 26. og 27. apríl s. l., eftirfarandi samþykkt:

1. Fundurinn minnir á samþykkt sveitarstjórna Lýtingsstaða-, Seylu-, Bólstaðarhlíðar- og Akrahreppa frá 4. apríl s. l. Í þeirri samþykkt kemur glögglega fram afstaða landeigenda Eyvindastaðaheiðar gagnvart Blönduvirkjun.
   Fundurinn tekur alfarið undir þau sjónarmið, sem þar koma fram, og leggur áherslu á, að þá virkjunarmöguleika, sem hafa í för með sér stórkostleg landspjöll, beri að geyma, þar til aðrir möguleikar til orkuöflunar hafa verið nýttir.
2. Hagkvæmnisútreikningar um Blönduvirkjun í skýrslu Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen (Virkjun Blöndu I) eru meira og minna óraunhæfir. Nægir að benda á, að ýmis atriði eru órannsökuð, vatnsrennsli til virkjunar ofreiknuð til muna, ósamið við landeigendur og sumir kostnaðarliðir ótaldir. Leggur því fundurinn til að frumvarpið verði fellt.

Greinargerð.

Vatnasvið Blöndu við stíflu hjá Reftjarnarbungu er 14.14% minna en við Guðlaugsstaði. Vetrarúrkoman ofan stíflu nýtist verr til orkuframleiðslu að vetrinum en úrkoma á svæðinu frá stíflu og niður að Guðlaugsstöðum, sem er í minni hæð yfir sjó. Má því fastlega reikna með að vetrarrennsli upp við stíflu sé ekki aðeins 14.14% minna en á vatnsmæli hjá Guðlaugsstöðum, heldur mun minna. Trúlega 20% eða 80% nýting.

Reiknað er með að nýta til virkjunar 93% af meðalrennsli við Guðlaugsstaði, sem augljóslega er stórum of hátt áætlað, þar sem vatnsgeymsla er takmörkuð við 415 GL, sem er ófullnægjandi miðlun í mörgum árum. Iðnaðarnefnd ætti að kynna sér rennslisskýrslur Blöndu ýtarlega, t. d. áranna 49/50—51/52—54/55—68/69 og 69/70.

Miðað við 415 GL geymslu á vatni væri virkjunin vatnslaus lengri eða skemmri tíma í kaldari og þurrari árum. Athygli skal vakin á, að sé borinn saman kostnaður við stíflugerð í Blöndu og Héraðsvötnum skv. skýrslum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen er hvor verkþáttur áætlaður mun lægri við Blöndu en Héraðsvötn og er vandséð á hverju það er byggt.

Grjótvörn við stíflu í Héraðsvötnum er áætluð kr. 1 900.00 pr. m^3, en 1 770.00 við Blöndu. Grjót fæst þó meira en nóg við sprengingar á staðnum við Héraðsvötn, en eigi er ljóst hvar grjót yrði tekið við Blöndu, og þarf að aka því einhverja vegalengd. Aðrir verkþættir, svo sem gröftur, kjarni, stoðfylling og síun, eru allir áætlaðir með hliðstæðum verðmun. (Efni, sem er grafið úr stíflustæði, er ekki nothæft í stíflu). Ekki er reiknað með í kostnaðarútreikningum bótagreiðslum fyrir landspjöll, sem yrðu geysiháar.

Krapavandamál í aðrennslisskurði yrði óleysanlegt. Inntakslón mun fyllast af framburði á stuttum tíma. Fjölmargt fleira mætti nefna sem dregur úr hagkvæmni Blönduvirkjunar, en þetta skal látið nægja.

Þess skal að lokum getið, að ekkert er vitað um þéttleika jarðlaga og vatn gæti tapast bæði til Vatnsdals og Svínadals. Þá er augljóst, að vetrarflóð stórvaxa í Langadal við vatnsmiðlun og land og vegur sett í verulega hættu.

Séu allir þættir metnir af raunsæi getur Blönduvirkjun ekki talist hagkvæm virkjun.

Samþykkt með 22 atkv. gegn einu.

Rétt endurrit úr gjörðabók staðfestist.

Egill Bjarnason (sign).

SUNN Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi.

ÁLYKTUN UM BLÖNDUVIRKJUN

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) hafa fylgst með undirbúningi Blönduvirkjunar í A.-Hún. Miðað við þær hugmyndir, sem nú liggja fyrir um þessa virkjun (sbr. Greinargerð um virkjun Blöndu, Orkust., 25. 4. 1975), vilja samtökin vekja athygli á eftirfarandi:

1. Í áætluninni er gert ráð fyrir allt að 62 ferkm miðlunarlóni á afréttum A.-Hún. og Skagafjarðar, en af því er talið að um 56 ferkm séu samfellt gróðurlendi.
2. Við þetta má bæta töluverðu landi, sem fer undir mannvirki í sambandi við virkjunina, svo sem stíflur, veituskurði, vegi o. fl., svo og raski vegna efnistöku. Þá munu eyjar í lóninu ekki nýtast til beitar.
3. Þá fara um 10—15 ferkm af stöðuvötnum undir veitur og lón (Þrístikla, Friðmundarvatn austara, Gilsvatn o. fl.). Sum þessara vatna eru ágæt veiðivötn, en líf þeirra mun breytast grundvallarlega við tilkomu jökulvatns úr Blöndu og fiskur að líkindum hverfa úr þeim.
4. Tillögur hafa komið fram um að veita allt að helmingi þess vatns, sem fellur til Vatnsdalsár, yfir í hinn nýja farveg Blöndu, en það mundi valda gerbreytingu á báðum ánum.
5. Hætt er við ýmsum breytingum af völdum miðlunarlónsins. Jarðvegur mun rofna í bökkum þess og sandfok gæti orðið úr lónstæðinu á vetrum, en á sumrum aukinn vatnsagi í grennd við stíflur. (Leki úr lóninu gæti jafnvel orsakað breytingar á vatnakerfum Vatnsdalsár o. fl. vatna í A.-Hún.). Loks getur lónið haft áhrif á veður á nærliggjandi afréttum og einnig í nálægum sveitum, t. d. með aukinni þokumyndun.
6. Ljóst er því, að með fyrirhugaðri Blönduvirkjun er stefnt að stórfelldri röskun á náttúrufari Austur-Húnavatnssýslu, sem kemur verst niður á sumum búsældarlegustu sveitunum, þar sem veðurfar og gróður veita hagstæðust skilyrði til búskapar og veiðihlunnindi eru einna mest.

7. Hugmyndir um endursköpun þess gróðurlendis, sem fer undir miðlunarlón eða önnur virkjunarmannvirki, teljum við algerlega óraunhæfar, enda hlýtur uppgræðsla eyðilands að vera sjálfsögð án tillits til virkjunar. Hið sama gildir um möguleika á aukningu veiðinnar í öðrum vötnum, í stað þeirra sem skemmast.
8. Óspillt náttúrufar verður efalaust því meira metið sem tímar líða. Eyðing gróðurs og dýralífs er ævarandi skaði, sem ekki er hægt að bæta með fé eða á annan hátt. Það er ekki aðeins skaði þeirra sveita, sem verst verða úti, heldur allrar þjóðarinnar og raunar alls heimsins.
9. Með tilliti til ofangreindra atriða er það niðurstaða okkar, að ekki skuli stefna að Blönduvirkjun á næstu áratugum, heldur skuli velja þá virkjunarmöguleika norðanlands, sem vitað er að valda mun minni umhverfisspjöllum.

(Samþykkt á stjórnarfundi SUNN, 7.6 1975).

Fylgiskjal X.

Umsögn um frv. um Blönduvirkjun.

Frá Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN, dags. 25. apríl 1977 á Akureyri til Ingólfs Jónssonar, iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis.

Félaginu hefur borist bréf þitt, dags. 14. apríl s. l., þar sem beðið er um umsögn varðandi lagafrumvarp um virkjun Blöndu.

Frá því Blönduvirkjun komst fyrst á dagskrá, hefur það verið ríkjandi skoðun félagsmanna í SUNN, að ekki skuli ráðist í þessa virkjun fyrr en aðrir sambærilegir virkjunarkostir hafa verið nýttir.

Ástæðurnar eru fyrst og fremst það mikla gróðurlendi, sem við núgildandi hönnun virkjunarinnar er fyrirhugað að setja undir miðlunarlón. Þessi skoðun félagsins hefur verið staðfest með ályktun, sem gerð var á fulltrúafundi félagsins árið 1975, og sendist hér með í afriti.

Í fyrrasumar var gerð sérstök náttúruverndarkönnun á Blönduvirkjunarsvæðinu að tilhlutan Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs. Við könnun þessa kom ekkert fram, sem mælir gegn ofangreindu áliti félagsins.

Þá er félagið eindregið mótfallið því að stofna til stóriðjuvera á Norðurlandi í tengslum við Blönduvirkjun eða aðrar stórvirkjanir, og hefur þegar sent frá sér ýmsar ályktanir og greinargerðir þar að lútandi, sem birtar hafa verið í fjölmiðlum.

Virðingarfyllst,

F. h. Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi.
Helgi Hallgrímsson (sign).

Fylgiskjal XI.

Samþykkt sveitarfundar í Svínavatnshreppi.

Sveitarfundur í Svínavatnshreppi, haldinn á Húnavöllum 15. júlí 1975, telur að ástæðulaust sé að halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegrar Blönduvirkjunar þar sem hún muni óhjákvæmilega hafa stórkostleg landspjöll í för með sér. Telur fundurinn að orkumál Norðurlands vestra verði betur og farsællegar leyst með áfanga-virkjunum í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri, enda hafa þær virkjanir ekki geigvænleg landspjöll í för með sér og fullnægja betur orkumarkaði Norðlendinga þannig að þær geta hagnýtt orkuna sjálfir, en þurfi ekki að selja hana til erlendrar stóriðju, svo sem óhjákvæmilega yrði að gera um orku frá Blöndu.

Samþ. með 31:16 atkv.

Fylgiskjal XII.

Þingsályktun um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

Alþingi ályktar, að á árunum 1975—79, að báðum árum meðtöldum, skuli framkvæma eftirfarandi áætlun um landgræðslu og gróðurvernd til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu og verja til þess ríkisfé í samræmi við hana:

1.	**Landgræðsla ríkisins:** Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróðureyðingar. Gróðurvernd og landgræðsla	700 millj. kr.
2.	**Skógrækt ríkisins:** Skóggræðslukönnun, skógvernd og skógrækt	170 millj. kr.
3.	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins:** Rannsóknir á nýtingu beitargróðurs, aðrar tilraunir og gróðurkortagerð	80 millj. kr.
4.	**Annað:** Ráðstafanir til bættrar landnýtingar og stuðningur við fræðslustarf samtaka áhugamanna	50 millj. kr.
		1000 millj. kr.

Árlegar fjárveitingar af ríkisfé til áætlunar þessarar miðist við, að hún haldi núverandi framkvæmdagildi sínu hliðstætt því, sem gildir um jarðræktarframlög samkvæmt 12. gr. jarðræktarlaga, og að áætlunin komi til framkvæmda í jöfnum árlegum áföngum á árunum 1975—79. Fjárveitingar til áætlunarinnar skulu ekki blandast saman við venjulegar fjárveitingar til þeirra málaflokka, sem áætlunin tekur til, og ekki rýra þær.

Landbúnaðarráðherra setur á fót samstarfsnefnd til þess að efla samvinnu þeirra stofnana, sem hafa með höndum framkvæmd áætlunar þessarar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar að eigin vali, en aðrir nefndarmenn verði þessir: landgræðslustjóri, búnaðarmálastjóri, skógræktarstjóri og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Samþykkt á Alþingi 28. júlí 1974.

Nd. 200. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Frumvarpið er liður í tekjuöflunaráætlun ríkisstjórnarinnar og stendur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Nefndin hefur fjallað um frv. á tveim fundum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. tölul. 1. gr. bætist nýr stafliður, d-liður, er orðist svo:

d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 000 kr. og hjá hjónum 500 000 kr.

Alþingi, 15. des. 1977.

Jón Skaftason, form. — Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. — Ragnhildur Helgadóttir, frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir. — Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. **201. Frumvarp til laga** [136. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Aðalsteinsdóttir (f. Koh Myung Hee), barn á Akureyri, f í Suður Kóreu 10. janúar 1977.
2. Calatayud, Miguel Casanova, verkamaður í Mosfellssveit, f á Spáni 16. september 1928.
3. Druzina, Alevtina Valeryevna, cand. mag., Digranesvegi 77, Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 18. nóvember 1938.
4. Fannberg, Yrsa Roca, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 22. nóvember 1973.
5. Hjálmarsson, Evgenia Peneva (f. Gicheva), arkitekt í Reykjavík, f. í Búlgaríu 22. mars 1947.
6. Jóhannsson, Christa (f. Beers), gjaldkeri í Reykjavík, f í Þýskalandi 8. mars 1924.
7. Loebell, Maja, kennari í Keflavík, f í Þýskalandi 25. nóvember 1949.
8. Mekkinó Björnsson, flugmaður í Reykjavík, f. í Reykjavík 20. mars 1953.
9. Newman, Pón Róbert, starfsmaður varnarliðsins, f. í Keflavík 5. febrúar 1954.
10. Nilssen, Meinert Johannes, hafnarvörður í Njarðvík, f. í Færeyjum 23. ágúst 1922.
11. Ólöf Viktorsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kaupmannahöfn 28. janúar 1977.
12. Ómar Þorsteinn Árnason, barn á Akureyri, f. Suður-Kóreu 17. mars 1976.
13. Pedersen, Else Lilian, húsmóðir í Kópavogi, f. í Danmörku 26. ágúst 1937.
14. Vignir Már Guðmundsson, barn í Grundarfirði, f. í Suður-Kóreu 24. desember 1976.
15. Vinther, Jóhanna Birgitta, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 25. apríl 1932.
16. Yoo, Jung-Sung, barn á Akranesi, f. í Suður-Kóreu 24. apríl 1977.
17. Zharova, Tatyana Borisovna, barn í Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 8. september 1966.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. 597 á 99. löggjafarþingi 29. apríl 1977.

Ed. 202. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1977.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason, frsm.
Halldór Blöndal. Ólafur Þ. Þórðarson. Helgi Seljan.
Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 203. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 108/1973, um breyting á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. des.)

1. gr.

Við 3. gr. komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess nægа þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 204. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá Garðari Sigurðssyni og Skúla Alexanderssyni.

Við 5. gr. Við greinina bætist:

Hækkun flugvallargjaldsins, samkv. þessari grein, skal renna til flugstöðvabygginga, eftir nánari ákvörðun flugráðs.

Sþ. 205. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1977 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 23. janúar 1978.

Sþ. **206. Nefndarálit** [133. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur einróma til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1977.

Þórarinn Þórarinsson, form., frsm. — Friðjón Þórðarson, fundaskr. — Jóhann Hafstein.
Gylfi Þ. Gíslason. — Gils Guðmundsson. — Tómas Árnason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. **207. Frumvarp til laga** [91. mál]

um matvælarannsóknir ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. des.)

Samhljóða þskj. 105 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:
Nú er öðrum stofnunum eða aðilum falið með sérstökum lögum að annast rannsóknir á matvælum eða neysluvörum, sem þessi lög taka til og fari fyrirmæli þessara aðila í bága við fyrirmæli þessara laga, skal skjóta ágreiningsmálum til heilbrigðisráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Nd. **208. Lög** [75. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 87.

Nd. **209. Lög** [76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7. 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 175.

Nd. 210. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og sent það til umsagnar nokkurra aðila. Þrír aðilar hafa svarað: L.Í.Ú. leggst eindregið gegn samþykkt frv., F.F.S.Í. sömuleiðis, en Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda mælir með samþykkt frv.

Undirritaðir nm. mæla með samþykkt frv. Garðar Sigurðsson skilar séráliti. Sighvatur Björgvinsson var fjarstaddur.

Alþingi, 16. des. 1977.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Pétur Blöndal, fundaskr. Tómas Árnason.
Guðl. Gíslason. Jón Skaftason.

Ed. 211. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill samþ. frumvarpið, en minni hl. telur óhjákvæmilegt að gerðar séu á því breytingar.

Með frv. er gert ráð fyrir að bensíngjald, sem rennur í vegasjóð, hækki um 13.22 kr. um næstu áramót og tilsvarandi hækkun verði gerð á þungaskatti af þeim ökutækjum, sem nota annan orkugjafa en bensín. Eftir þá hækkun á gjöldum til vegasjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verða tekjur hans á ári af bensíngjaldi 4 460 milljónir króna og af þungaskatti 1 250 millj. kr.

Ljóst er af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að ekki mun vegasjóði veita af þeim tekjuauka, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Framkvæmdir í vegamálum hafa mjög dregist saman á undanförnum árum, og þó að viðbótartekjur komi til samkv. frumvarpinu og samkv. ákvæðum fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár, yrðu raunverulegar framkvæmdir í vegagerðarmálum mun minni en þær voru árið 1974.

Það, sem minni hl. telur varhugaverðast við frumvarpið eins og það liggur fyrir, er að álögur á umferðina mundu enn aukast verulega frá því sem nú er, ekki aðeins sem nýju framlagi til vegasjóðs nemur, heldur fengi ríkissjóður enn nýjan tekjustofn með því að leggja 20% söluskatt ofan á gjaldið til vegasjóðs, og allt bendir til að olíufélögin fengju einnig sinn skammt með hækkaðri álagningu á sífellt hærra bensínverð.

Það er skoðun minni hl., að rétt sé að auka fjárframlög til vegamála, en slíkt þarf að gera án þess að ríkissjóður fái jafnframt aðstöðu til enn meiri skattheimtu af umferðinni en nú er.

Vegamálastjóri kom á fund nefndarinnar, og samkv. yfirliti um tekjumöguleika er áætlað að vegasjóður hafi 9.3 milljarða króna til ráðstöfunar árið 1978. Þetta er um 33% hækkun frá yfirstandandi ári, en þrátt fyrir það má reikna með mjög takmarkaðri magnaukningu í vegaframkvæmdum á næsta ári.

Frv. leggur enn auknar skattbyrðar á eigendur og notendur bifreiða hér á landi, en ríkissjóður hirðir áfram um ⅔ af álögum af umferðinni. Ósanngjarnt

er að enn sé aukinn hlutur ríkissjóðs við hækkun á bensíngjaldi, og flytur því minni hl. breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þar sem lagt er til að allur söluskattur vegna hækkunar samkv. frv. renni óskiptur í vegasjóð.

Alþingi, 17. des. 1977.

Jón Árm. Héðinsson, frsm. Ragnar Arnalds.

Ed. 212. Breytingartillaga [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá Ragnari Arnalds og Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Söluskattur, sem lagður kann að verða á gjald þetta, skal renna í vegasjóð.

Ed. 213. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lög um tímabundið vörugjald voru fyrst sett 16. júlí 1975. Þá var við það miðað að gjaldið stæði aðeins út árið 1975. Síðan hefur gjaldið verið framlengt fyrir árin 1976 og 1977 og hækkað í 18%. Enn er lagt til að þetta svonefnda „tímabundna vörugjald“ verði framlengt og gildi fyrir allt næsta ár. Gert er ráð fyrir að gjaldið gefi ríkissjóði um 7 000 milljónir króna í tekjur á næsta ári.

Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar telur gjald þetta mjög óréttlátt, og ljóst er að það mismunar mjög einstökum starfsgreinum, þar sem það leggst á tiltekna vöruflokka, en aðra ekki. Það er skoðun minni hlutans, að gjald þetta eigi að fella niður og að afla beri ríkissjóði tekna með öðrum hætti, sé talið óhjákvæmilegt að afla viðbótartekna. Heppilegt hefði hins vegar verið að losna við gjaldið án nýrrar tekjuöflunar, og hefði það þá haft áhrif til verðlagslækkunar. Minni hl. n. leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1977.

Ragnar Arnalds, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 214. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að það verði samþykkt, en minni hlutinn, Ragnar Arnalds

og Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti. Albert Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Jón G. Sólnes.

Halldór Blöndal.

Ed. 215. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn, Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti. Albert Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form. | Jón Helgason, fundaskr., frsm. | Jón G. Sólnes.

Halldór Blöndal.

Nd. 216. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til laga um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að það verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, GÞG og LJós, skilar séráliti.

Alþingi, 17. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Tómas Árnason, frsm.

Þórarinn Þórarinsson. Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 217. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er liður í fjáröflunartillögu ríkisstjórnarinnar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að lagður verði á sérstakur skyldusparnaðarskattur sem færi ríkissjóði aukin fjárráð á næsta ári sem nemur 1 milljarði króna.

Skattur þessi leggst á tekjur einstaklinga, sem eru umfram 2 400 000 kr. sem skattgjaldstekjur, og á 3 100 000 kr. tekjur hjá hjónum á sama grundvelli. Sparnaðarskyldan er 10% af þessari fjárhæð sem er umfram þessi tekjumörk.

Minni hl. er ekki andvígur skyldusparnaðarskatti af þeirri tegund sem hér um ræðir, en telur þó að önnur fjáröflun fyrir ríkissjóð hefði fremur átt að koma til en þessi. Í því sambandi bendir minni hl. á þá staðreynd, að mikill meiri hluti alls konar rekstrarfyrirtækja greiða engan tekjuskatt til ríkisins þrátt fyrir umfangsmikinn rekstur og veltu sem nemur hundruðum milljóna króna. Skyldusparnaður samkv. frv. er eingöngu bundin við einstaklinga, en öll félög — jafnt hlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög — sleppa algjörlega við fjárbindingu samkv. ákvæðum frv.

Þá felast í frv. ákvæði um tvöföldun á flugvallargjaldi, og er áætlað að það færi ríkissjóði um 300 milljónir kr. á ári, og einnig tvöföldun á sérstakri gjaldtöku á veitt gjaldeyrisleyfi, og mun það gefa um 200 millj. kr. á ári. Álögur þessar eru einkennandi fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar sem virðist fela í sér sífelldar hækkanir á öllum sviðum.

Það er skoðun minni hl., að fjáröflunartillögur ríkissjórnarinnar í heild séu rangar og óréttlátar. Þar eru þó verstu dæmin hækkun sjúkratryggingagjaldsins, ranglega skráð skattvísitala sem hækkar tekjuskatt allra til muna, og framlenging vörugjaldsins og launaskattsins. Til viðbótar þessu kemur svo skattlagningin samkv. þessu frumvarpi.

Minni hl. er andvígur þessum fjáröflunartillögum í heild og getur því ekki stutt það frumvarp sem hér er um að ræða.

Alþingi, 17. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 218. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til laga um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason.

Lúðvík Jósepsson. Gylfi Þ. Gíslason. Ey. Kon. Jónsson.

Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 219. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með afgreiðslu þess.

Alþingi, 17. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason, frsm.
Lúðvík Jósepsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Ey. Kon. Jónsson.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 220. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1975.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason.
Lúðvík Jósepsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Ey. Kon. Jónsson.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 221. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Frá 1. janúar 1978 skal fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækka samkvæmt því.

Ed. 222. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og leggur til að það verði samþykkt, enda upplýst að ekki hljótist aukakostnaður af samþykkt frumvarpsins.

BREYTINGATILLAGA:

Við fyrirsögn bætist: nr. 108 28. des. 1976.

Alþingi, 17. des. 1977.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Jón G. Sólnes.	Eggert G. Þorsteinsson.	Geir Gunnarsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 223. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975 um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á eftir 2. málslið 1. mgr. 3. gr. komi:
Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Ed. 224. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. des. 1976.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

2. gr.

2. gr. orðist svo:
Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Forseti skipar vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Skal hann fullnægja sömu skilyrðum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins til skipunar í embætti. Vararannsóknarlögreglustjóri fer með vald rannsóknarlögreglustjóra í fjarveru eða forföllum rannsóknarlögreglustjóra eftir nánari ákvörðun hans.

Dómsmálaáðherra skipar annað starfslið rannsóknarlögreglu ríkisins, þ. á m. deildarstjóra og/eða fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:
Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 225. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Þús. kr.

I. Frá *Albert Guðmundssyni, Magnúsi Kjartanssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Eggert G. Þorsteinssyni, Eðvarð Sigurðssyni* og *Svövu Jakobsdóttur.*

1. Við 4. gr. 02 351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
   Fyrir „235 000“ kemur 295 000
2. Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl. — a-liður sundurliðunar breytist á þessa leið og samtala skv. því:
   a. 1. Reykjavík, þjónustudeild.
   Fyrir „60 000“ kemur 165 000
   b. 2. Reykjavík, B-álma.
   Fyrir „80 000“ kemur 88 000
   c. 3. Reykjavík, Arnarholt.
   Fyrir „35 000“ kemur 70 000
   d. 4. Reykjavík, heilsugæslust. Árbæ, skuldagr.
   Fyrir „5 000“ kemur 10 000
   e. 5. Reykjavík, heilsugæslust. Breiðholti, hönnun.
   1. Fyrir „3 000“ kemur 20 000
   2. Orðið „hönnun“ fellur brott.
   f. Nýr liður:
   6. Reykjavík, Grensásdeild, skuldagr. 66 000

II. Frá *Garðari Sigurðssyni.*

Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun a 32. Vestmannaeyjar, sjúkrahús, skuldagr.
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

Nd. 226. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaður, minni hluti sjávarútvegsnefndar, einn nefndarmanna, stendur ekki að flutningi þessa frv. Hinir, flutningsmenn frv., mæla með samþykkt þess, þrátt fyrir eindregin mótmæli samtaka sjómanna og útgerðarmanna.

Minni hl. n. sér hins vegar ekki ástæðu til að berjast gegn samþykkt þess, þar sem aðeins er um eitt skip að ræða, sem sérstaklega stendur á um, að talsverðum hluta í eigu Íslendinga og með alíslenska áhöfn; auk þess gilda aðrar og strangari reglur um löndun á afla skipsins, þar sem því á jafnan að vísa til fjarlægra hafna. Megingallinn er hins vegar sá, að skipið nýtur þess í fiskveiðilögsögu EBE að sigla undir dönskum fána, en nýtur þar á ofan sinna íslensku tengsla samkv. þessu frv. í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Með tilliti til þess, að nú hefur verið samið við útlendinga um veiðar þó nokkurra loðnuskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu um margfaldan afla á við þann sem þetta

eina hálfíslenska skip mun taka, sér minni hlutinn sig ekki knúinn til að ganga móti málinu.

Þrátt fyrir það eru gallarnir nægilegir til þess, að dómi minni hlutans, að hann getur ekki staðið að samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1977.

Garðar Sigurðsson.

Ed. 227. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 169 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við bifreiðar og vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga á ári fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun, álestur og viðgerðir. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann dagsektum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slíkar dagsektir falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skal innheimta þessara dagsekta ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram. Á sama hátt getur ráðherra kveðið á um að eigandi og/eða umráðamaður skuli greiða viðurlög er samsvara tilteknum akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Ráðherra getur og heimilað að bifreið eða vagn sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli sem til fellur umfram 30 000 km akstur og að 45 000 km akstri á ári en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga og dagsekta skv. 2. mgr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ed. 228. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. 3. gr. 2. mgr. 2. málsliður orðist svo:
Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð, að það varði eiganda eða umráðamann bifreiðar dagsektum allt að 10 000 kr. á hverju tímabili, ef eigi er komið með bifreið eða vagn.
2. 3. málsliður 2. mgr. 3. gr.: „Skal innheimta þessara dagsekta ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram“ fellur niður.

Nd. 229. Lög [116. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 138.

Sþ. 230. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og fram kom við 2. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 var fulltrúum minni hl. í fjárveitinganefnd neitað um upplýsingar um áætlaðan útgjaldaauka vegna breyttra forsendna frá gerð fjárlagafrv., enda þótt stjórnarflokkarnir hefðu haft þessar upplýsingar undir höndum um nokkurt skeið, en ljóst var, að niðurstöðutölur einstakra liða í frv. voru orðnar markleysa. Á síðasta fundi fjvn. fyrir 2. umræðu var þessi neitun endanlega staðfest, og í ljós kom síðan í ræðu af hálfu meiri hl. í nefndinni, að minni hl. hafði einungis verið ætlað að fá umbeðnar upplýsingar úr nál. meiri hl., sem lagt var fram eftir hádegi daginn áður en 2. umræða fór fram.

Þess eru ekki dæmi fyrr, að minni hl. fjvn. hafi verið neitað um upplýsingar, sem ríkisstjórn hefur undir höndum, um veigamestu þætti fjárlagafrv. Þar sem fyrir lá, að mjög verulegar breytingar höfðu orðið á forsendum fjárlagafrv., en neitað var um þær upplýsingar um útgjaldaþættina, sem stjórnarflokkarnir höfðu verið að fjalla um, ákvað minni hl. fjvn. í samráði við þingflokka sína að mótmæla þessari einstæðu framkomu stjórnarflokkanna með því að gefa ekki út nefndarálit fyrir 2. umræðu um fjárlagafrv. Verður sú ráðstöfun væntanlega til þess, að ekki verði oftar en í þetta eina skipti beitt þeim aðferðum gegn minni hl. í fjvn. að neita honum um mikilvægar upplýsingar, sem fyrir hendi eru.

Fyrir 2. umræðu voru lagðar fram breytingartillögur af hálfu fjvn., er námu um 125 millj. kr. Nú hefur verið upplýst, að hækkun útgjaldaliða í frv. muni áður en lýkur nema um 14 000 millj. kr. og stjórnarflokkarnir hyggjast mæta afleiðingum stjórnarstefnu sinnar með margvíslegum neyðarráðstöfunum: niðurskurði samfélagslegra framkvæmda, stórfelldri nýrri skattheimtu og skerðingu á lífskjörum almennings, samtímis því að þjóðarbúskapurinn nýtur síbatnandi ytri aðstæðna.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins afgreiðir fjórðu fjárlög sín nærri fimm sinnum hærri en fjárlög ársins 1974, blasa við þær afleiðingar af óstjórn hennar í efnahagsmálum, að við hinar hagstæðustu ytri aðstæður, sem þjóðin hefur nokkru sinni búið, ríkir efnahagslegt upplausnarástand í þjóðfélaginu. Ríkisstjórn, sem styðst við 70% allra þingmanna, hefur látið reka á reiðanum allt kjörtímabilið og siglt í strand í birtu og blíðviðri.

Þegar skipbrot af völdum stjórnleysis blasir nú við, efnahagslegt öngþveiti í góðærinu, reyna þeir, sem ábyrgðina bera, að afsaka ófarirnar með þeirri staðhæfingu, að kauphækkanir í þjóðfélaginu hafi verið umfram framleiðsluaukningu. Slíkar staðhæfingar eru stuðningsflokkum atvinnurekenda jafnan tamar til skýringar á öllum efnahagsvanda og fela jafnframt í sér kröfu á lögheelgun á óskertum hlut gróðastéttanna um alla framtíð.

Það er ekki óeðlilegt, að stjórnarflokkarnir leiti skýringa, sem gætu í augum einhverra verið afsökun á þeirri niðurstöðu í lok kjörtímabilsins, að m. a.:

Geisar hér 30—40% verðbólga samtímis því, að verð innfluttrar vöru hefur einungis hækkað um 5—6% á ári s. l. 3 ár.

Þrátt fyrir stóraukna tekjustofna ríkisins nemur skuld ríkissjóðs við Seðlabankann um 13.5 milljörðum króna. Ríkissjóður er vanmegnugur að sjá um nauðsynlegustu framkvæmdir og þjónustu samtímis því að verðmætasköpunin í þjóðfélaginu hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr.

Óarðbærar verðbólgufjárfestingar einkaaðila hafa verið hömlulausar á sama tíma og með ári hverju minnkar raungildi þess fjármagns, sem varið er til samfélagslegra framkvæmda, svo sem vegamála, hafnarframkvæmda og skólabygginga.

Þegar útflutningsverð og verðmætasköpun er í hámarki eru enn lagðar á almenning milljarðaálögur með nýrri skattheimtu.

Sú skýring, sem stjórnarflokkarnir sækjast eftir að nota til afsökunar á ófarnaðinum í efnahagsmálum, stenst þó ekki, einfaldlega vegna þess að staðhæfing um launahækkanir umfram framleiðsluaukningu er alröng og raunar öfugmæli.

Kaupmáttur kauptaxta (saman vegnir kauptaxtar verkafólks, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks og opinberra starfsmanna) verður í ár og á næsta ári **lægri** en á árunum 1972, 1973 og 1974, en **þjóðartekjur á mann** verða í ár og á næsta ári **hærri** en á árunum 1972—1974, svo sem sjá má af eftirfarandi tölum frá Þjóðhagsstofnun.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Kaupmáttur kauptaxta ..	100.0	101.1	105.1	89.6	85.4	91.4	96.8
Þjóðartekjur á mann ...	100.0	108.0	107.4	99.6	104.4	110.8	114.0

Frá árinu 1972 til loka þessa árs hafa þjóðartekjur á mann aukist um 10.8%, en kaupmáttur kauptaxta lækkað um 8.6%. Sé miðað við árið 1973 hafa þjóðartekjur á mann hækkað um 2.6%, en kaupmáttur kauptaxta lækkað um 9.6%. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir verulegar kauphækkanir í ár.

Samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps um þjóðartekjur, verðlagsbreytingar og umsamdar launahækkanir á næsta ári munu þjóðartekjur á mann verða 14% hærri 1978 en á árinu 1972, en kaupmáttur kauptaxta 3.2% lægri en 1972. Sé miðað við árið 1973 munu þjóðartekjur á mann verða 5.6% hærri á næsta ári en 1973, en kaupmáttur kauptaxta 4.3% lægri.

Ófarnaðurinn í efnahagsmálum verður því ekki rakinn til þess, að launafólk hafi á undanförnum árum aukið hlut sinn miðað við vinnuframlag, hvort heldur er miðað við kaup á árinu 1977 eða hinu næsta, þegar allar umsamdar launahækkanir eru komnar fram.

Þróun innflutningsverðlags eða launamála hefur ekki valdið óðaverðbólgunni. Verðhækkun innfluttrar vöru hefur einungis numið 1/6—1/5 af verðhækkunum innanlands og kaupmáttur kauptaxta hefur rýrnað samtímis auknum þjóðartekjum á mann. Á hinn bóginn hafa ráðstafanir stjórnarflokkanna beinlínis ræktað verð-

bólguna. Ríkisstjórnin hefur aldrei á stjórnarferli sínum gripið til annarra úrræða en þeirra, sem hafa haft í för með sér hækkað verðlag, aukna verðbólgu. Skal hér tilgreint:

1. Þrátt fyrir hækkandi verðlag útfluttra vara hefur gengið ýmist verið formlega fellt eða látið stöðugt síga. Þessar ráðstafanir í gengismálinu hafa hækkað verðlag innflutningsvara um 120% á kjörtímabilinu og viðhaldið stöðugri keðjuverkun til hækkunar verðlags í landinu.
2. Þeir tekjustofnar, sem ríkissjóður byggði á, þegar núverandi ríkisstjórnarflokkar tóku við stjórnartaumunum, hafa ekki nægt þeim. Söluskattur hefur verið hækkaður, viðlagasjóðsgjald og mestur hluti olíugjalds hirt í ríkissjóð, lagt á vörugjald, sem nemur um 6 000 millj. kr. í ár og hleður á sig álagningu og söluskatti, og lagt hefur verið á nær 2 000 milljóna kr. sjúkratryggingagjald, sem nú er ætlunin að tvöfalda.
3. Vextir hafa verið stórhækkaðir.
4. Opinber þjónustugjöld hafa verið hækkuð langt umfram almennar verðlagshækkanir.
5. Erlend lán hafa verið tekin gegndarlaust til að standa undir lítt skipulagðri fjárfestingu. Er nú svo komið, að erlendar skuldir nema um 130 milljörðum kr., eða um 36% af þjóðarframleiðslunni, en námu um 22% 1973.

Afleiðingar þessarar verðbólguræktunar hafa sett sinn svip á fjárlögin undanfarin ár og marka það fjárlagafrumvarp, sem nú er til afgreiðslu. Í fyrsta lagi hafa fjárlög hækkað umfram almennar verðlagshækkanir í landinu og í öðru lagi hafa rekstrarútgjöld orðið sífellt stærri hluti fjárlaganna, en framlög til verklegra framkvæmda rýrnað að sama skapi.

Ef borið er saman meðaltal skattheimtu ríkissjóðs á ári á árunum 1972—1974 annars vegar og á árunum 1975—1977 hins vegar og til samanburðar höfð árslaun verkamanna fyrir 8 klst. vinnudag á sömu árum, kemur í ljós, að á árunum 1972—1974 jafngilti skattheimta ríkisins að meðaltali um 66 900 árslaunum, en á árunum 1975—1977 þurfti hins vegar um 72 800 árslauna verkamanna til að standa undir skattheimtunni. En þrátt fyrir hækkun fjárlaga umfram verðlags- og launaþróun og þrátt fyrir hagstæðari ytri aðstæður en áður hafa þekkst, meiri verðmætasköpun en nokkru sinni fyrr, hefur ríkissjóður orðið sífellt vanmegnugri að halda áfram nauðsynlegri uppbyggingu í þjóðfélaginu. Almenn rekstrarútgjöld hafa þess í stað orðið stöðugt stærri hluti útgjalda á fjárlögum.

Hækkun fjárlaga umfram almenna verðlagsþróun hefur ekki komið fram í aukningu samfélagslegra framkvæmda, heldur hefur útþensla rekstrarliðanna gleypt alla hina auknu skattheimtu. Sú staðreynd, að á árinu 1974 voru framlög til hafnarframkvæmda sveitarfélaga hærri en vaxtaútgjöld ríkissjóðs, en á árinu 1978 verða vaxtaútgjöldin þrefalt hærri en framlög til hafnarframkvæmda, er dæmigerð um þessa þróun.

Flóabátanefnd hefur haldið marga fundi og gert ýmsar gagnlegar athuganir, en hún hefur ekki enn þá lokið störfum.

Að venju hafa samvinnunefnd samgöngumála borist mörg erindi. Hinir stærri flóabátar, Herjólfur, Akraborg, Baldur, Fagranes og Drangur, hafa allir sent umsóknir, einnig margir smærri bátar og önnur farartæki, sem annast ferðir og flutninga í snjóþungum byggðarlögum. Umsækjendur eru rúmlega 40 að þessu sinni og er það svipuð tala og áður.

Það er sameiginlegt flestum umsækjendum, sem halda uppi föstum ferðum að vetrarlagi við óblíð skilyrði, að hagur þeirra er þröngur. Farartæki þessi þurfa að

vera sterkbyggð og traust, svo að þau geti komist leiðar sinnar hvenær sem er og veitt nægilegt öryggi. Til þeirra er oft kallað fyrirvaralaust, þegar slys eða annan bráðan vanda ber að höndum. Hér er því oft um að ræða ákaflega mikilvæga öryggisþjónustu, sem ekki verður metin til fjár, þó að mikið fé þurfi til að halda henni uppi.

Það skal tekið fram, að styrkir þeir, sem veittir eru í þessu skyni, eru aðallega rekstrarstyrkir. Þó hefur verið talið rétt að reyna að veita nokkrum stuðning, þegar um endurnýjun dýrra farartækja er að ræða og þar sem sérstök fjárhagsleg áföll hafa dunið yfir eða skuldabyrði er lítt bærileg að dómi nefndarmanna. Eru slíkir styrkir nefndir einu nafni stofnstyrkir.

Verður nú gerð stutt grein fyrir þessum málum, eins og þau horfa við úti um byggðir landsins.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur hefur árum saman annast ferðir og flutninga frá Akureyri um Eyjafjörð, Hrísey, Ólafsfjörð, Siglufjörð og Grímsey. Báturinn er nú orðinn 18 ára gamall. Hann hefur gengið vel, en að sjálfsögðu hlýtur viðhald að vera orðið töluvert. Fyrir dyrum stendur endurbygging vélarinnar. Lestunar- og losunarútbúnaður bátsins er orðinn lélegur. Skrúfuna þarf að endurnýja áður en langt um líður o. fl. — Hríseyjarferja er á förum milli Dalvíkur og Hríseyjar. Kaup á nýrri ferju eru í undirbúningi. — Flugsamgöngur við Grímsey eru styrktar nú sem fyrr. — Nokkrar snjóbifreiðar á Norðurlandi fá styrk, svo og hin ötula flugbjörgunarsveit á Akureyri.

Austfjarðasamgöngur.

Mjóafjarðarbátur annast reglubundnar ferðir milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Hann er eina samgöngutækið við Mjóafjörð mestallt árið. Nýr bátur verður keyptur í þessar ferðir um áramót. — Margar snjóbifreiðar eru í ferðum á fjallvegum austanlands að vetrarlagi. Hljóta þær svipaða styrki og áður. Oddsskarðsgöng hafa nú verið opnuð til umferðar. Er það von manna, að þau bæti og létti vetrarsamgöngur um þennan háa fjallveg.

Suðurlandssamgöngur.

Til vöruflutninga um Suðurland til hinna hafnlausu byggða í Skaftafellssýslu er varið nokkurri fjárhæð, svo sem gert hefur verið á undanförnum árum. — Vestmannaeyjaskipið Herjólfur, sem bættist í hóp flóabáta á s. l. ári, varð fyrir miklum áföllum í rekstri. Skipið er smíðað í Noregi 1976. Við ábyrgðarskoðun komu fram gallar á skrúfuöxli, sem ollu rekstrarstöðvun skipsins frá 7. mars til 20. maí 1977, eða í 2½ mánuð. Allt er enn á huldu um greiðslu skaðabóta af þessum sökum.

Faxaflóasamgöngur.

Hf. Skallagrímur sér um útgerð Akraborgar á leiðinni Akranes-Reykjavík. Þetta er fjölfarin leið að fornu og nýju. Flutningur bifreiða er mikill með Akraborg. Tekjur eru oft háar. En óhagstæð lán til skamms tíma valda útgerðinni erfiðleikum og óhagræði. — Um annan stuðning við samgöngur af þessu tagi er vart að ræða á Faxaflóasvæði.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Breiðafjarðarbáturinn Baldur á lögheimili og varnarþing í Stykkishólmi. Hann heldur uppi reglubundnum ferðum milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna, m. a.

inn á Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Baldur fer fastar áætlunarferðir og póstferðir allt árið frá Stykkishólmi um Flatey til Brjánslækjar á Barðaströnd. Baldur hefur oft hlaupið í skarðið, þegar Skipaútgerð ríkisins hefur þurft á að halda, m. a. til Vestfjarða og Vestmannaeyja, meðan Herjólfur var úr leik á þessu ári. — Langeyjarnesbátur er styrktur áfram til ferða frá Stykkishólmi um eyjarnar upp í Hnúksnes í Dalasýslu. — Loks eru veittir smástyrkir til vetrarflutninga á Vesturlandi.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes annast ferðir og flutninga um Ísafjarðardjúp og mjólkurflutninga til Ísafjarðar, m. a. frá Dýrafirði og Önundarfirði. Hagur bátsins er þröngur. Viðræður hafa farið fram við forstjóra Ríkisskips um hugsanlega samvinnu Skipaútgerðar ríkisins og Djúpbátsins, þ. e. með þeim hætti, að Ríkisskip flytti vörur til Ísafjarðar, en Djúpbáturinn flytti þær síðan á nálægar hafnir. En báturinn hentar ekki til vöruflutninga í gámum eða grindum, m. a. er lestarlúgan of lítil. — Nokkur styrkur er veittur til Dýrafjarðarbáts og til 10 annarra aðila á Vestfjörðum, sem annast vetrarflutninga, aðallega á snjóbílum.

Almenn greinargerð.

Samvinnunefnd samgöngumála ítrekar ályktanir sínar frá fyrri árum þess efnis, að umsækjendur sendi umsóknir sínar í tæka tíð á hausti hverju til nefndarinnar, ásamt glöggri skilagrein um rekstur, hag og horfur, unnin störf og áætlanir í þessum efnum. — Svo sem áður er getið vinnur sérstök flóabátanefnd nú að því að gera athugun á rekstri og þjónustu flóabátanna. Í skipunarbréfi til nefndarmanna frá ráðherra segir m. a.:

„Nefndin skal athuga reikninga bátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað, svo og hvort tekjustofnar þessara aðila séu eðlilegir miðað við tilkostnað.

Jafnframt er nefndinni falið að kanna möguleika á endurskipulagningu samgangna til og innan einstakra svæða í því skyni að ná sem ódýrastri tilhögun flutninga fyrir samfélagið í heild, með eða án opinberra styrkja."

Að venju er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrki hljóta, verði hagað þannig í samráði við ráðuneytið, að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga skv. þessum lið á fjárlagaárinu 1978 verði 244 890 000 kr. og skiptist sú fjárhæð eins og greint er á þskj. 241.

Alþingi, 16. des. 1977.

Friðjón Þórðarson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Jón Helgason, form. Ed.-nefndar.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón G. Sólnes.
Karvel Pálmason.
Pétur Blöndal.
Stefán Jónsson.
Garðar Sigurðsson.
Páll Pétursson.
Ingiberg J. Hannesson.
Stefán Valgeirsson.
Eggert G. Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson.

Sþ. **241. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 1 10 321 0103 Flóabátar og vöruflutningar.	
a. Fyrir „152 500“ kemur	244 890
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
Flóabátar og vöruflutningar (10 321 03).	
1. Norðurlandsbáturinn Drangur	27 000
Sami, stofnstyrkur	2 000
2. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	300
3. Hríseyjarbátur	1 700
Sami, stofnstyrkur	500
4. Grímsey vegna flugferða	800
5. Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði	300
6. Mjóafjarðarbátur	3 000
Sami, stofnstyrkur	2 000
7. Snjóbifreið í Vopnafirði	300
8. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	4 500
Sami, stofnstyrkur	2 000
9. Snjóbifreið á Fagradal	450
Sami, stofnstyrkur	250
10. Snjóbifreið á Oddsskarði	3 500
Sami, stofnstyrkur	500
11. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	300
12. Snjóbifreið í Borgarfirði eystra	600
13. Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðaflugvöllur	450
14. Til vöruflutninga á Suðurlandi	3 400
15. Hf. Skallagrímur	36 000
16. Mýrabátur	70
17. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi	200
18. Breiðafjarðarbáturinn Baldur	45 000
Sami, stofnstyrkur	3 000
19. Langeyjarnesbátur	450
20. Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu	300
21. Til vetrarflutninga í V.-Barðastrandarsýslu	900
22. Dýrafjarðarbátur	300
23. Snjóbifreið um Botnsheiði	600
24. Djúpbáturinn hf. Fagranes	37 000
Sami, stofnstyrkur	3 000
Sami, v/mjólkurflutninga úr Dýrafirði	500
25. Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði	300
26. Snjóbifreiðar á Akureyri	400
Sami, stofnstyrkur	150
27. Vetrarflutningar um Lónsheiði	600
Sami, stofnstyrkur	600
28. Snjóbifreið Axarfjörður-Kópasker	500
29. Snjóbifreið á Hólmavík	400
30. Snjóbifreið á Hálshreppi, S.-Þing.	400
Sami, stofnstyrkur	250
31. Vetrarflutningar Skarðshr., Dölum	100

		Þús. kr.	
32.	Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshr.	400	
33.	Egilsstaðir, Seyðisfj. v/mjólkurflutninga	350	
34.	Póst- og vöruflutningar á Jökuldal	200	
35.	Vetrarferðir í Haukadal	100	
36.	Flugbjörgunarsveitin, Akureyri	300	
	Sami, stofnstyrkur	100	
37.	Snjóbifreið í Önundarfirði	200	
38.	Svínafell í Nesjum	70	
39.	Sandsheiði	300	
40.	Herjólfur, Vestmannaeyjaskip	45 000	
	Sami, stofnstyrkur	10 000	
	Sami, v/mjólkurflutninga	2 500	
41.	Mjólkurflutningar í Önundarfirði	400	
42.	Mjólkurflutningar í Súgandafirði	100	
			244 890

Nd. 242. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu óskar ríkisstjórnin eftir heimildum til erlendrar lántöku vegna ríkisframkvæmda á árinu 1978 að upphæð 4 866 millj. kr. Auk þess er óskað heimildar til ábyrgða á lántökum Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja, samtals að upphæð 3 300 millj. kr. Þá er einnig óskað eftir heimild til erlendrar lántöku til greiðslu á eldri lánum.

Samtals er gert ráð fyrir erlendum lántökum sem nema 20 000 millj. kr. á næsta ári, þar af 9 683 milljónum vegna opinberra aðila og 10 317 milljónum vegna annarra aðila.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðurkenndir lífeyrissjóðir verði skyldaðir til að verja að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum, og er við það miðað að 30% af ráðstöfunarfé sjóðanna renni til fjármögnunar samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þetta ákvæði frv. er mjög umdeilt og því hefur harðlega verið mótmælt af Sambandi lífeyrissjóðanna.

Minni hl. n. er andvígur þessu ákvæði frv. og leggur því til að það verði fellt niður. Eins og nú er komið málefnum lífeyrissjóðanna stefna þeir að ört hækkandi lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga sinna. Ljóst er því að þeir geta ekki í sama mæli og áður ráðstafað fjármagni sínu til almennra framkvæmda á vegum ríkisins, eða annarra sem með atvinnurekstur hafa að gera.

Fjárhagsleg aðstaða lífeyrissjóðanna er mjög misjöfn og útgjöld af eftirlaunagreiðslum einnig. Minni hl. telur því, að eðlilegt sé að ríkissjóður og opinberir sjóðir semji beint og án lagaþvingunar við lífeyrissjóðina um lánsfé gegn verðtryggingu.

Verði ákvæðum 3. gr. frv. um skyldu lífeyrissjóðanna til lánveitinga ekki breytt mun minni hl. greiða atkv. gegn frumvarpinu.

Alþingi, 19. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 243. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 3. gr. Greinin falli niður.

Nd. 244. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til laga um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn GÞG og LJós, skilar séráliti.

Alþingi, 19. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason, frsm.

Ey. Kon. Jónsson. Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 245. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 02 881 0104 Styrkur til að bjóða grænlenskum stúdent til námsdvalar. Fyrir „240“ kemur	1 000
2.	Við 4. gr. 02 881 0105 Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga. Fyrir „120“ kemur	1 000
3.	Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „1 900“ kemur (Viðfangsefni: Lyfta, breytingar á salernum o. fl. til þess að auðvelda fötluðum, m. a. í hjólastólum, afnot af húsinu 20 millj. kr.)	21 900
4.	Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður. Sundurliðun verði svo (sbr. og 5. gr. 31 371).	

Út:		Þús. kr.
1. Greitt verðjöfnunargjald		850 000
2. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum		440 000
3. Jarðhitaleit		500 000
4. Lán til hitaveituframkvæmda		300 000
5. Sveitarafvæðing:		
5.1 Nýlagnir í sveitum	284 000	
5.2. Viðbætur við eldri veitur	10 600	
		390 000
6. Framlag til greiðslu á skuld við Ríkisábyrgðasjóð vegna greiðslu vaxta og afborgana á árunum 1976 og 1977, umfram innheimta vexti og afborganir:		
6.1 Frá árinu 1976	144 000	
6.2 Frá árinu 1977	74 000	
6.3 Lántökukostnaður 1977	5 500	
		223 500
7. Bændalán til einkarafstöðva		15 000
8. Ýmsar rannsóknir, samkv. nánari ákv. orkuráðs		52 000
9. Rekstur Orkusjóðs		8 000
10. Greiddir vextir og vísitöluálag		1 723 400
	Samtals	4 501 900
Inn:		
1. Tekjur af verðjöfnunargjaldi		850 000
2. Framlag ríkissjóðs af olíugjaldi		1 300 000
3. Framlag ríkissjóðs vegna greiðslu vaxta og afb.		270 100
4. Framlag ríkissjóðs til greiðslu á skuld við Ríkisábyrgðasjóð		223 500
5. Framlag ríkissjóðs vegna sveitarafvæðingar		390 000
6. Framlag ríkissjóðs vegna bændalána		15 000
7. Innheimtir vextir, afborganir og vísitöluálag		1 453 300
	Samtals	4 501 900

Sþ. 246. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 og við brtt. á þskj. 233.

	Þús. kr.
I. Frá *Svövu Jakobsdóttur, Benedikt Gröndal* og *Magnúsi T. Ólafssyni.*	
Við brtt. 233,13. — Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „180 000“ kemur	300 000
II. Frá *Gils Guðmundssyni.*	
Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn Íslands. Nýr liður:	
03 Sjóminjasafn	5 000
III. Frá *Helga F. Seljan, Magnúsi T. Ólafssyni, Jóni Árm. Héðinssyni* og *Stefáni Jónssyni.*	
Við 4. gr. 02 982. Nýr liður:	
0105 Til Alþýðuleikhússins	2 000

IV. Frá *Gils Guðmundssyni.* Þús. kr.

Við 4. gr. 03 399 0101 Aðstoð við þróunarlöndin.
Fyrir „40 000“ kemur 50 000

V. Frá *Helga F. Seljan.*

Við 4. gr. 04 206 3004 Tilraunastöðin Skriðuklaustri.
Fyrir „35 740“ kemur 38 740
(Hækkun vegna launa við tilraunir.)

VI. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Benedikt Gröndal* og *Ragnari Arnalds.*

Við 6. gr. XXXVII. Nýr liður:
Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintök af hverju blaði, umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. fjárlaga.

VII. Frá *Svövu Jakobsdóttur* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*

Við 6. gr. LIV. Lánasjóður ísl. námsmanna.
Fyrir „270 m.kr.“ kemur: 360 m.kr.

VIII. Frá *Stefáni Jónssyni.*

Við 6. gr. LV. Nýr liður:
Að taka lán allt að 150 millj. kr. til þess að reisa við atvinnurekstur á Þórshöfn á Langanesi, með framláni til frystihúss staðarins.

IX. Frá *Geir Gunnarssyni, Sighvati Björgvinssyni, Helga F. Seljan* og *Karvel Pálmasyni.*

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Skattvísitala árið 1978 skal vera 230.7 stig miðað við 100 stig árið 1975.

Nd. 247. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. desember 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. desember 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við fyrri málsgrein 2. greinar bætist:
Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur, án tillits til móttökugetu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á lögunum, felst í eftirfarandi viðbót við fyrri mgr 2. gr. laganna. „Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur án tillits til móttökugetu þeirra“. Frá því að lög um löndun loðnu tóku fyrst gildi í byrjun árs 1973 hefur heimild loðnunefndar til þess að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur nánast

takmarkast við það að tilkynna flotanum hvenær móttökugeta einstakra verksmiðja væri þrotin og hvenær móttaka gæti hafist aftur. Með þessari breytingu á lögunum er loðnunefnd gefin heimild til þess að stöðva löndun í verksmiðjur, sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni, enda þótt þróarrými sé fyrir hendi hjá þeim, en láta veiðiskipin þess í stað flytja loðnu til annarra verksmiðja, sem annars væru verkefnalausar. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá, að stuðla að því að vinnslugeta verksmiðjanna í landinu verði nýtt betur en verið hefur undanfarin ár og auka þannig aflamöguleika loðnuflotans í heild yfir vertíðina, en reynsla undanfarinna ára sýnir að þær verksmiðjur, sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni yfirfyllast, meðan aðrar verksmiðjur bíða verkefnalausar.

Nd. 248. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá forsætisráðherra.

Við 3. gr. Við 1. málsgr. bætist:

Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Ed. 249. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Frumvarpið er liður í tekjuöflunaráætlun ríkisstjórnarinnar og stendur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Nefndin hefur fjallað um frv. Hún varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur nú fyrir deildinni, með þeim breytingum sem voru gerðar á því í neðri deild. Albert Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1977.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 250. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1975.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Þegar frv. um 1% sjúkratryggingagjald kom fram á þinginu 1975 var það skýrt tekið fram, að um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða, enda giltu þau lög aðeins til ársloka 1976.

Lögin voru síðan framlengd á síðasta þingi, að vísu með nokkurri breytingu á innheimtuaðferð. Þá var einnig nokkuð dregið úr augljósasta ranglætinu í skattheimtunni, þó ekki væri á það hlýtt við lagasetninguna 1975, þegar stjórnarandstaðan bar fram sjálfsögðustu breytingartillögur.

Nú er það komið í ljós, að hér er um mikla uppáhaldsaðferð í skattheimtu að ræða hjá núv. ríkisstjórn, því nú á að færa 1% gjaldið upp í 2% og þannig er lagður á flatur skattur, sem nemur á næsta ári nær fjórum milljörðum. Er það í góðu samræmi við aðrar aðgerðir þessarar hæstv. ríkisstjórnar, því vandfundin er öllu ranglátari skattheimta en hér er viðhöfð.

Í fyrsta lagi er hér um skatt að ræða, sem ekkert tillit tekur til fjölskyldustærðar skattþola.

Í öðru lagi er hér um flatan skatt að ræða, sem leggst á mjög lágar tekjur, án alls frádráttar, nema í þeim undantekningartilfellum sem í frv. eru talin upp. Í þriðja lagi er seilst í vaxandi mæli inn á tekjusvið sveitarfélaga og þannig er óbeint að þeim þrengt.

Þar við bætist svo það, að í samningunum við verkalýðshreyfinguna í vor var samið um verulega skattalækkun.

Með rangri skattvísitölu í ár og einnig á næsta ári eru þessi loforð að fullu svikin, og til viðbótar á svo að auka skattheimtu með þessum hætti um tvo milljarða.

En ríkisstjórninni finnst ekki nóg að gert, og m. a. leggur hún til að auka 500 milljónum í ríkissjóð með hækkun lyfjaverðs og gjaldtöku fyrir sérfræðiþjónustu. Ríkið gerir þannig sjúkdóma og slys að sérstökum tekjustofni fyrir sig. Hér er um andfélagslega gjaldheimtu að ræða, og þetta frv. er á sömu viðhorfum byggt. Því leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1977.

Helgi F. Seljan, frsm. Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 251. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um iðjuþjálfun.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Skaftason.

Alþingi, 19. des. 1977.

Guðmundur H. Garðarsson, varaform. Sigurlaug Bjarnadóttir, frsm. Magnús Kjartansson.

Ragnhildur Helgadóttir. Karvel Pálmason. Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 252. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um matvælarannsóknir ríkisins.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er samþykkt var í efri deild. — Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Skaftason.

Alþingi, 19. des. 1977.

Guðmundur H. Garðarsson, varaform.	Sigurlaug Bjarnadóttir, frsm.	Magnús Kjartansson.
Ragnhildur Helgadóttir.	Karvel Pálmason.	Þórarinn Sigurjónsson.

Ed. 253. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Á eftir 3. mgr. 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Félög, sem tekjuskattsskyld eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, skulu leggja fram sem skyldusparnað 10% af hreinum tekjum, eins og þær eru áður en tekjuskattur er álagður.
2. Aftan við 1. mgr. 5. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Flugvallagjald skal notað til uppbyggingar og endurbóta á íslenskum flugvöllum og til flugstöðvabygginga. Fjárveitinganefnd Alþingis skiptir fjármagni því, sem fæst samkvæmt ákvæði 1. mgr., að fengnum tillögum flugráðs.
3. Á eftir 6. gr. komi ný gr. svo hljóðandi:
   Frá 1. janúar 1978 skal fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækka samkvæmt því.

Ed. 254. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til laga um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 256.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.
Albert Guðmundsson skilar séráliti.

Alþingi, 19. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón G. Sólnes, frsm.
Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Halldór Blöndal.

Ed. 255. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í stað 2. og 3. málsliðar 2. málsgreinar 3. gr. frumvarpsins komi þrír nýir málsliðir er orðist svo:

Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann viðurlögum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slík viðurlög falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skulu viðurlög þessi vera tiltekin fjárhæð á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þessara viðurlaga ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram.

Ed. 256. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr. Í stað „1. janúar 1979“ í 2. málslið 2. mgr. komi: 1. febrúar 1979.

Nd. 257. Lög [120. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 142.

Nd. 258. Lög [113. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 134.

Ed. 259. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess, en lítur svo á, að löndunarsvæði á vetrarvertíð eigi fyrst og fremst að vera á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar.

Steingrímur Hermannsson sat hjá við afgreiðslu nefndarinnar.
Stefán Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Ingiberg J. Hannesson, frsm. | Oddur Ólafsson.
Jón G. Sólnes. | Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 260. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá Ingvari Gíslasyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Ragnari Arnalds, Jóni Helgasyni, Magnúsi T. Ólafssyni, Ellert B. Schram, Eyjólfi K. Jónssyni, Halldóri Blöndal, Steingrími Hermannssyni, Svövu Jakobsdóttur, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Steinþóri Gestssyni, Jóni Árm. Héðinssyni og Gunnlaugi Finnssyni.

Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02 982 0601).		Þús. kr.
1. Ásmundur Sveinsson	750	
2. Finnur Jónsson	750	
3. Guðmundur Daníelsson	750	
4. Guðmundur G. Hagalín	750	
5. Halldór Laxness	750	
6. Indriði G. Þorsteinsson	750	
7. Kristmann Guðmundsson	750	
8. María Markan	750	
9. Snorri Hjartarson	750	
10. Tómas Guðmundsson	750	
11. Valur Gíslason	750	
12. Þorvaldur Skúlason	750	
		9 000

Nd. 261. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. desember 1971 um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. desember 1976 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjaldeining	Vörugjald í kr.
17.04	**Sykurvörur sem kakaó er ekki í:**		
01	— Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	— Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	— Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	— Karamellur	1 kg	45,60
06	— Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	— Aðrar	1 kg	45,60
18.06	**Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:**		
úr 04	— Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80
úr 04	— Annað	1 kg	45,60
05	— Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
06	— Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 09	— Súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 09	— Annars	1 kg	45,60
22.01	**Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:**		
01	— Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	17,00
22.02	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 22.07:**		
01	— Gosdrykkir	1 l	16,00
09	— Annað	1 l	16,00
22.03	**Öl gert úr malti:**		
01	— Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1 l	14,00
09	— Annað	1 l	17,00

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978 og gilda til 31. desember 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Styrktarsjóður vangefinna var stofnaður með lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins og er það hlutverk hans að standa straum af kostnaði við að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

Tekjur sjóðsins hafa frá upphafi verið ákveðið gjald sem lagt hefur verið á gosdrykki og öl sem framleitt er hér á landi. Fyrstu fimm árin var þetta gjald 10 aurar á hverja flösku gosdrykkja og öls sem seld var eða afhent. Árið 1962 var þetta svonefnda tappagjald hækkað í 30 aura og árið 1966 var það hækkað í 60 aura. Var þá jafnframt ákveðið að fjórðungur þess skyldi renna til Hjartaverndar.

Lögin um aðstoð við vangefið fólk voru síðan afnumin með lögum nr. 97/1971 um vörugjald. Með ákvæðum 12. gr. þeirra laga voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júní 1976 og nam þetta gjald 1,95 kr. af hverjum lítra. Með lögum nr. 118/1976 var framlagið hækkað í 7 kr. af hverjum lítra og skyldi það haldast til ársloka 1977. Tekjur sjóðsins af þessu gjaldi námu 31,8 m.kr. á s. l. ári og í þessa árs fjárlögum er gert ráð fyrir framlagi til sjóðsins að fjárhæð 105 m.kr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjald af öli, gosdrykkjum og hvers konar svaladrykkjum, er falla undir tollskrárnúmer sem um ræðir í 2. gr., hækki um 7 kr. frá því sem nú er. Framlag til Styrktarsjóðs vangefinna nemi 10 kr. af hverjum lítra en hinn hluti gjaldsins renni óskiptur til ríkissjóðs. Tekjuauki vegna hækkunar gjaldsins mun nema um 105 m.kr., þar af munu um 45 m.kr. renna til Styrktarsjóðs vangefinna.

Nd. 262. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 169 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við bifreiðar og vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga á ári fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun, álestur og viðgerðir. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann viðurlögum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slík viðurlög falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skulu viðurlög þessi vera tiltekin fjárhæð á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þessara viðurlaga ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram. Á sama hátt getur ráðherra kveðið á um að eigandi og/eða umráðamaður skuli greiða viðurlög er samsvara tilteknum akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskyldum tíma. Ráðherra getur og heimilað að bifreið eða vagn sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í á tilskyldum tíma eða ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli sem til fellur umfram 30 000 km akstur og að 45 000 km akstri á ári en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga og dagsekta skv. 2. mgr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ed. 263. Breytingartillaga [130. mál]

við brtt. á þskj. 253 [Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum].

Frá Ragnari Arnalds.

3. brtt. á þskj. 253 orðist svo:

Á eftir 6. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1978 skal fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækka samkvæmt því.

Heimilt er að framkvæma efni 1. mgr. með því að greiða niður heildsöluverð kjöts að því marki að það jafngildi afnámi söluskatts.

Ed. 264. Frumvarp til laga [130. mál]

um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 170 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

Ed. 265. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975 um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 232.

Nd. 266. Frumvarp til laga [132. mál]

um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 174 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. D-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma, er Seðlabanki Íslands metur gild í þessu efni. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er fjármálaráðuneytinu skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár.

Nd. 267. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni hefur gefist lítill tími til athugunar á máli þessu, enda lagt fram skömmu fyrir þinghlé. Það er samt niðurstaða n. að mæla með samþykkt þessa frv. með breytingu sem felur í sér undantekningarákvæði frá heimildarákvæði þessa frv. á þann veg að ef öryggi skips eða skipshafnar krefur sé loðnunefnd skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum. — Jón Skaftason var fjarstaddur.

Alþingi, 19. des. 1977.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Sverrir Hermannsson, fundaskr.	Garðar Sigurðsson, með fyrirvara.
Guðlaugur Gíslason.	Tómas Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 268. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyt. á þeim lögum, nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Við málsgreinina bætist:
Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggi skips eða skipshafnar krefur.

Ed. 269. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 108/1973, um breyt. á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt málið á 4 fundum og átt viðræður við hlutaðeigandi aðila. Að loknum umræðum mælir nefndin með samþykkt frumv. óbreytts.

Alþingi, 19. des. 1977.

Oddur Ólafsson, form., með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Albert Guðmundsson, frsm.
Steinþór Gestsson.	Helgi F. Seljan.	Ásgeir Bjarnason.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 270. Lög [98. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 114.

Ed. 271. Lög [94. mál]

um breyting á lögum nr. 108/1973, um breyting á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 203.

Nd. 272. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

1. gr.

Við fyrri málsgrein 2. greinar bætist:

Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur, án tillits til móttökugetu þeirra. Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggi skips eða skipshafnar krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 273. Nefndarálit [106. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1978.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft til athugunar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1975. Nefndin hefur borið frv. saman við niðurstöður ríkisreiknings 1975 og leggur einróma til að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. des. 1977.

Steinþór Gestsson, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Gunnlaugur Finnsson.	Ellert B. Schram.	Pálmi Jónsson.
Geir Gunnarsson.	Helgi F. Seljan.	Ingi Tryggvason.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Sþ. 274. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 og við brtt. á þskj. 233.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 00 201. Nýr liður: 0110 Þingmannafundir Evrópuráðsins	2 900
2.	Við 4. gr. 02 581 0102 Til Samvinnuskólans. Fyrir „56 945“ kemur	58 945
3.	Við brtt. 233,11.—Við 4. gr. 02 770 Grunnskólar, Austurlandsumdæmi. Fyrir „5 830“ kemur	7 830
4.	Við 4. gr. 03 401. Nýr liður: Tillag til Sameindalíffræðiþings Evrópu	400
5.	Við 4. gr. 04 241 0112 Til grænfóðurverksmiðja. Fyrir „35 848“ kemur	47 848

		Þús. kr.
6.	Við brtt. 233,28. Við 4. gr. 04 286 0103 Fyrirhleðslur.	
	a. Við a. Nýr liður:	
	10. Kolgríma	1 100
	b. Við c. 55. töluliður orðist svo:	
	55. Hornafjarðarfljót hjá Viðborði	1 000
7.	Við 4. gr. 08 381. Nýir liðir:	
	a. Grensásdeild Borgarspítala, til byggingar endurhæfingarsundlaugar, gegn jafnháu framlagi annars staðar að	20 000
	b. 0311 DAS — Hrafnista, Hafnarfirði, byggingarstyrkur vegna stofnkostnaðar sjúkradeilda samkvæmt reglum er heilbrigðisráðherra setur	50 000
8.	Við 4. gr. 08 471. Nýr liður:	
	0105 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	3 000
9.	Við brtt. 233,79. — Við 4. gr. 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun. Salbjörg K. Aradóttir.	
	Fyrir „150“ kemur	450
10.	Við 4. gr. 09 999 0123 Lífeyrissjóður starfsmanna stjórnmálaflokka.	
	Fyrir „1 500“ kemur	2 500
11.	Við brtt. 233,83. — Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.	
	Fyrir „200 000“ kemur	100 000
12.	Við brtt. 233,84. — Við 4. gr. 09 999 0143. Texti orðist svo: Hagdeildir opinberra starfsmanna.	
13.	Við 4. gr. 10 471 Flugmálastjórn.	
	Fyrir „1 249 206“ kemur	1 250 206
14.	Við 6. gr.	
	a. Við XVII. Orðin „til samtengingar raforkukerfi landsins“ falla niður.	
	b. Við XVIII. Aftan við liðinn bætist: og Orkubús Vestfjarða.	
	c. Við XIX. Nýir liðir:	
	1. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af þrýstivatnspípum vegna Elliðaárstöðvarinnar í Reykjavík.	
	2. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað.	
	3. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sérbúnaði og tækjum til bifreiða, sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.	
	4. Að endurgreiða söluskatt af innfluttum sjúkrabifreiðum í tnr. 87.02.43, svo og af ökutækjum, sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.	
	d. Við XX. Í stað orðanna „og Mosfellskirkju“ komi: Mosfellskirkju, Landakirkju og Stórólfshvolskirkju.	
	e. Við XX. Nýir liðir:	
	1. Að endurgreiða tekjuskatt af verðlaunafé Boris Spassky og Vlastimils Hort vegna skákeinvígis þeirra í Reykjavík 1977.	
	2. Að endurgreiða þinglýsingar- og stimpilgjald vegna kaupa á M/S Akraborg.	
	3. Að endurgreiða þinglýsingar- og stimpilgjald vegna kaupa á Freyju RE-38.	
	4. Að endurgreiða þinglýsingargjöld af afsali fyrir B/V Lárus Sveinsson SH-126, sem keyptur var frá Frakklandi á árinu 1977.	
	f. Við XXXV. Nýir liðir:	
	1. Að selja eignarhluta ríkisins í fasteignunum Þórustíg 7, Njarðvíkurkaupstað, og Bókhlöðustíg 4, Stykkishólmi.	
	2. Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Digranesvegi 12, Kópavogi, og verja söluandvirðinu til kaupa á hluta af fasteigninni Fannborg 7—9, Kópavogi, fyrir heilsugæslustöð, enda leggi Kópavogskaupstaður sinn	

eignarhluta í húsinu fram sem framlag til húsnæðiskaupa í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.
3. Að festa kaup á Fiskræktarstöðinni við Grafarlæk til afnota fyrir Tilraunastöð háskólans í meinafræðum að Keldum og taka til þess nauðsynleg lán.
4. Að festa kaup á veggmyndum í vinnustofu Jóhannesar S. Kjarvals listmálara að Austurstræti 12, Reykjavík, og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

g. Við XXXVIII. (Útgáfa ríkisskuldabréfa).
Fyrir „2 000 m.kr." kemur: 3 100 m.kr.
h. Við XL. Aftan við liðinn bætist: og semja um, ef með þarf, greiðslu yfirdráttarskuldar, eins og hún verður um áramót 1977—1978 og um lánskjör.
i. Við XLI. (Þjóðarbókhlaða). Fyrir „170 m.kr." kemur: 205 m.kr.
j. Við XLIII. Fyrir „Rannsóknarlögreglu ríkisins" kemur: bæjarfógeta í Kópavogi.
k. Við LIII. Nýir liðir:
1. Að taka lán allt að 170 m.kr. vegna breytinga og endurbóta á R/S Baldri.
2. Að semja um og bæta tjón vegna fisksjúkdóma og taka til þess nauðsynleg lán.
3. Að selja sendiherrabústaðinn í New York og verja söluandvirðinu til kaupa á hentugu húsnæði í staðinn og taka í því sambandi lán til 10 ára að fjárhæð allt að U. S. $ 210 000.
4. Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán til að mæta skaða af sjógangi sem orðið hefur við suðurströnd landsins.
5. Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán allt að 50 m. kr. til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða af lánum samkv. reglum sjóðsins. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem áhrif hafa á greiðslugetu hafnarsjóðsins.
6. Að ábyrgjast lán allt að 80 m.kr. vegna kaupa eða smíði á nýrri Hríseyjarferju.
7. Að ábyrgjast lán allt að 30 m.kr. vegna byggingar orlofsheimila á vegum Bandalags háskólamanna.

Sþ. 275. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 og við brtt. á þskj. 234.

	Þús. kr.
I. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*	
Við brtt. 234. — Við 3. gr. Tekjur.	
1. Við 3. tölul. t. Jöfnunargjald af sælgæti og brauðvörum. Liðurinn fellur niður.	
2. Við 3. tölul. n. Vörugjald. Fyrir „320 000" kemur	425 000
3. Við 4. tölul. a. Rekstrarhagnaður ÁTVR. Fyrir „10 800 000" kemur	11 300 000
II. Frá *Skúla Alexanderssyni* og *Benedikt Gröndal.*	
Við 4. gr. 05 202 Hafrannsóknastofnun. Nýr liður:	
23. Útibú í Ólafsvík	3 000

Nd. **276. Lög** [91. mál]

um matvælarannsóknir ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 207 (sbr. 105).

Nd. **277. Lög** [90. mál]

um iðjuþjálfun.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 104.

Nd. **278. Lög** [129. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 262 (sbr. 169).

Nd. **279. Lög** [130. mál]

um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 264 (sbr. 170).

Sþ. **280. Tillaga til þingsályktunar** [140. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

Alþingi ályktar, að árið 1978 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

1.1. Fastir liðir:		
1. Bensíngjald		4 460
2. Þungaskattur		1 250
3. Gúmmígjald		90
Markaðir tekjustofnar		5 800
4. Ríkisframlag		1 300
1.2. Sérstök fjáröflun:		
1. NA-vegur lántaka		800
2. Almenn lántaka		1 400
	Samtals	9 300

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

		1978	
2.1.	**Stjórn og undirbúningur:**		
1.	Skrifstofukostnaður	190	
2.	Verkfræðilegur undirbúningur	254	
3.	Umferðartalning og vegaeftirlit	37	
4.	Eftirlaunagreiðslur	29	
			510
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**		
1.	Sumarviðhald		
	1. Viðhald malarvega	1 042	
	2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	179	
	3. Viðhald brúa	120	
	4. Viðhald varnargarða	17	
	5. Heflun vega	483	
	6. Rykbinding	96	
	7. Vinnsla efnis	491	
	8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	132	
	9. Vegmerkingar	40	
		2 600	
2.	Vetrarviðhald	620	
			3 220
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**		
1.	Stofnbrautir	2 940	
2.	Þjóðbrautir	680	
3.	Girðingar og landgræðsla	70	
			3 690
2.4.	**Til fjallvega o. fl.:**		
1.	Aðalfjallvegir	17	
2.	Aðrir fjallvegir	23	
3.	Reiðvegir	2	
4.	Þjóðgarðavegir o. fl.	15	
			57
2.5.	**Til brúagerða:**		
1.	Brýr 10 m og lengri	458	
2.	Smábrýr	110	
			568
2.6.	**Til sýsluvega:**		340
2.7.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:**		706
2.8.	**Til véla og áhaldahúsa:**		
1.	Til véla- og verkfærakaupa	48	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	72	
			120
2.9.	**Til tilrauna:**		29
2.10.	**Til greiðslu halla:**		
1.	Halli í árslok 1976	106	
2.	Halli 1977 áætl.	130	
3.	Yfirfært á næsta ár	176	60
	Samtals		9 300

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Núgildandi vegáætlun var samþykkt á Alþingi 29. mars 1977 og regluleg endurskoðun hennar samkvæmt vegalögum því ekki ráðgerð fyrr en á Alþingi 1978—1979.

Við afgreiðslu málsins á Alþingi flutti samgönguráðherra yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þess efnis, að fjárframlög til vegamála yrðu tekin til endurskoðunar í tengslum við fjárlagagerð og lánsfjáráætlun fyrir árið 1978.

Í samræmi við ofangreinda yfirlýsingu eru breytingatillögur þessar við vegáætlun lagðar fram. Tillögurnar taka einungis til ársins 1978, enda fer regluleg endurskoðun vegáætlunar fram á Alþingi 1978—1979.

Í töflum er sýndur samanburður breytingartillagna við núgildandi vegáætlun, að því er varðar skiptingu tekna og helstu útgjaldaliða.

TEKJUR

(Fjárhæðir í m. kr.)

	Tillaga að vegáætlun '78	Gildandi vegáætlun '78	Mismunur
1.1. Fastir liðir:			
1. Bensíngjald	4 460	3 275	1 185
2. Þungaskattur	1 250	940	310
3. Gúmmígjald	90	85	5
Markaðir tekjustofnar	5 800	4 300	1 500
4. Ríkisframlag	1 300	900	400
1.2. Sérstök fjáröflun:			
1. NA-vegur lántaka	800	500	300
2. Almenn lántaka	1 400	1 300	100
Samtals	9 300	7 000	2 300

SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

	Tillaga að vegáætlun '78	Útgjöld samkvæmt gildandi vegáætlun '78	Mismunur
2.1. Stjórn og undirbúningur	510	372	138
2.2.1. Sumarviðhald	2 600	2 158	442
2.2.2. Vetrarviðhald	620	525	95
2.3. Til nýrra þjóðvega	3 690	2 560	1 130
2.4. Til fjallvega o. fl.	57	50	7
2.5. Til brúagerða	568	337	231
2.6. Til sýsluvega	340	309	31
2.7. Til vega í kaupst./kaupt.	705	538	168
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	120	100	20
2.9. Til tilrauna	29	21	8
2.10. Til greiðslu halla	60	30	30
Samtals	9 300	7 000	2 300

1. Um fjáröflun til vegamála 1978.

1.1.1. Markaðir tekjustofnar.

Heildartekjur markaðra stofna Vegagerðarinnar á árinu 1978 eru áætlaðar 5 800 m.kr. Aukning frá gildandi vegáætlun er 1 500 m.kr. Gert er ráð fyrir, að bensíngjald hækki um kr. 13.20 á lítra 1. jan. 1978 og hliðstæðri hækkun þungaskatts. Af þessari hækkun eru kr. 5.70 vegna vísitöluhækkunar, en kr. 7.50 er sérstök hækkun. Þá er ennfremur gert ráð fyrir, að á síðari hluta ársins verði notfærð lagaheimild um hækkun gjaldstofna í samræmi við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar að svo miklu leyti, sem þess verður þörf til að ná ofangreindum heildartekjum.

Í ársbyrjun 1977 voru til í landinu 73 410 bifreiðar. Gert er ráð fyrir, að í ár verði fluttar inn 6 500 bifreiðar og svipaður fjöldi næsta ár. Samkvæmt því gæti bifreiðaeign okkar verið um 81 þús. bílar í lok árs 1978.

1.1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag hækkar úr 900 m.kr. í 1 300 m.kr. Í aðalatriðum svarar þessi hækkun til þeirra söluskattstekna, sem leiða af hækkun bensíngjaldsins.

1.2. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun til vegagerðar er hér ráðgerð 2 200 m.kr., en það er 400 m.kr. hækkun frá gildandi vegáætlun. Þar af er almenn lántaka 1 400 m.kr., en lánsfé sérstaklega tengt Norður- og Austurvegi er 800 m.kr.

2. Skipting útgjalda.

2.0. Um verðgrundvöll.

Þegar vegáætlun 1977—1980 var afgreidd frá Alþingi s. l. vor, var áætlað að verðhækkanir frá 1976 til 1977 yrðu 25% í nýbyggingum vega og brúa og 35% í viðhaldi vega. Ennfremur var gagnvart nýjum framkvæmdum gert ráð fyrir 18% hækkun verðlags milli áranna 1977 og 1978.

Verðhækkanir á árinu 1977 urðu hins vegar meiri en ráð var fyrir gert, bæði vegna kjarasamninganna og meiri hækkunar á taxta vinnuvéla.

Í þessari endurskoðun vegáætlunarinnar er gert ráð fyrir, að meðalhækkun verðlags milli áranna 1977 og 1978 verði 30% í stað 18%, eins og reiknað var með í gildandi vegáætlun.

Reiknaðar hafa verið út vísitölur og er niðurstaðan þessi:

	Vegagerð	Brúagerð	Viðhald
1. Raunvísitala í ágúst '76	4 640	6 840	5 300
2. Vísitala í vegáætlun '77 (áætl.)	5 800	8 550	7 160
3. Raunvísitala í ágúst '77	5 960	9 260	7 650
4. Vísitala í vegáætlun '78 (áætl.)	6 840	10 090	8 450
5. Áætluð vísitala '78 v/endursk.	7 750	12 040	9 950
Hækkun 1—3	28,5%	35,4%	44,3%
Hækkun 2—3	2,8%	8,3%	6,8%
Hækkun 4—5	13,3%	19,3%	17,8%

Til að ná sama raungildi og stefnt var að í síðustu vegáætlun, þarf að hækka framlög til nýbygginga vega um 13.3%, nýbygginga brúa um 19.3% og viðhalds um 17.8%. Ef gildandi vegáætlun er hækkuð í samræmi við þessar verðlagsbreytingar (4—5) og tekið tillit til breytinga á lögboðnum framlögum, hækkar hún úr 7 000 m.kr. í 8 370 m.kr. Raunveruleg viðbót til nýrra framkvæmda verða því 930 m.kr.

2.1. Stjórn og undirbúningur.

Fjárveitingar til þessa liðar eru aðeins hækkaðar í samræmi við áætlaðar kaup- og verðlagshækkanir frá afgreiðslu síðustu vegáætlunar og ekki reiknað með auknum mannafla umfram það, sem þá var ákveðið.

2.2. Viðhald.

2.2.1. Sumarviðhald.

Við gerð vegáætlunar var upphaflega stefnt að því, að fjárveiting til viðhalds á árinu 1977 yrði 80% af heildarfjárþörf en 90% á árinu 1978. En þar sem ekki mátti taka að fullu tillit til áætlaðra verðhækkana, tókst ekki að ná þessu marki. Fjárveiting á árinu 1977 varð í reynd aðeins 58% af þörf, og hefur ekki orðið hlutfallslega lægri í annan tíma. Árin þar á undan var fjárveiting 60—70% af þörf.

Er það orðið eitt allra brýnasta verkefni í vegagerð að úr þessu verði bætt, þar eð vegakerfið liggur í vaxandi mæli undir skemmdum, sem bæði tálma umferð og valda henni óþægindum og tjóni, og krefjast á hinn bóginn æ kostnaðarsamari viðgerða eftir því sem tímar líða.

Áætluð heildarfjárþörf sumarviðhalds 1978 er 3 600 m.kr. Ef fjárveiting til sumarviðhalds væri 90% af heildarþörf, eins og upphaflega var stefnt að, þyrfti hún að vera 3 240 m.kr. Miðað við fjármagn í vegáætlun í heild þykir þó ekki fært að gera tillögu um 90% af viðhaldsþörf, heldur er hér aðeins miðað við, að viðhald í núgildandi vegáætlun sé reiknað til áætlaðs verðlags 1978 og verður fjárveiting þá 72% af þörf. Verði verðlagshækkanir meiri en þau 30%, sem hér er reiknað með, lækkar hlutfall viðhaldsfjárveitingar af þörf enn frekar.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Fjárveitingar eru aðeins hækkaðar til verðlags miðað við meðaltalskostnað við vetrarviðhald nokkur undanfarin ár.

2.3. og 2.5. Til nýrra þjóðvega og brúa.

Lagt er til að fjárveiting til þessara liða hækki alls um 1 361 m.kr. Af þeirri upphæð fara 431 m.kr. til að verðbæta framkvæmdir skv. núgildandi vegáætlun. Mismunurinn, 930 m.kr., er þá til aukningar framkvæmda í vegum og brúm. Í töflu er gerð grein fyrir skiptingu þessa viðbótarfjár á einstaka liði.

	Fjárv. í núg. vegáætlun reikn. til áætl. verðl. '78 m.kr.		Viðbótar fjárm. m.kr.		Fjárv. alls m.kr.	
Stofnbrautir		2 279		661		2 940
Þjóðbrautir		551		129		680
Girðingar og landgræðsla		70		–		70
Brýr a) brýr 10 m og lengri	345		113		458	
b) smábrýr	83	428	27	140	110	568

Við skiptingu viðbótarfjármagns hefur nokkurt tillit verið tekið til þess, að hinar eldri brýr, sem margar hverjar eru á fjölförnum vegum, eiga mjög í vök að verjast gagnvart sívaxandi þungaumferð og umferðarmagni. Er því miðað við, að brýr fái hlutfallslega heldur meira af viðbótarfjármagni, en þær hafa af fjárveitingum til nýrra framkvæmda samkvæmt gildandi vegáætlun.

2.4. Til fjallvega o. fl.

Fjárveiting til þessara liða er aðeins hækkuð til samræmis við verðlagshækkanir.

2.6. Til sýsluvega.

Framlög til sýsluvegasjóða eru reiknuð út í samræmi við þær hækkanir, sem urðu samkvæmt kjarasamningum frá júní s. l. og aðrar hækkanir til 1. des. 1977. Þá er ennfremur tekið tillit til þess að heimild um aukaheimaframlag er mun meira notuð en upphaflega var ráð fyrir gert.

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Framlag til þessa liðar er háð mörkuðum tekjustofnum vegagerðarinnar. Veruleg hækkun verður því á þessum lið frá gildandi vegáætlun 1978 eða 168 m.kr., sem er um 96 m.kr. umfram uppreiknað verðlag vegáætlunar 1978.

Framlag til þéttbýlisstaða hækkar um 310 m.kr. frá árinu 1977 og má gera ráð fyrir að meðalgjald á íbúa verði um 2 700 kr., og framlag til 25% sjóðs um 177 m.kr.

2.8. Til vélakaupa og bygginga áhaldahúsa.

Fjárveiting til þessara liða er einungis hækkuð í samræmi við áætlaða hækkun á verðlagsgrundvelli vegáætlunar.

Fjárveitingu til vélakaupa ásamt afskriftafé véla verður eins og undanfarin ár fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum, sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði.

Áhaldahús eru í byggingu á Ísafirði og Sauðárkróki og verður fjárv. varið til þeirra, svo og til stækkunar á Reyðarfirði. Aðstaða víða annars staðar er mjög ófullnægjandi, og verkefni því mörg og brýn á þessu sviði.

2.9. Til tilrauna.

Fjárveiting til þessa liðar er samkvæmt lögum ½% af mörkuðum tekjum vegasjóðs.

2.10. Til greiðslu á halla.

Halli á vegáætlun 1977 er áætlaður þessi:

	m.kr.
Stjórn og undirbúningur	10
Hækkun kostnaðar við brúagerð vegna verðhækkana umfram vísitölu	25
Aukning heimaframlags sýsluvegasjóða	12
Aukning framlags til þéttbýlisstaða	3
	50
Vetrarviðhald umfram fjárveitingu	80
Samtals	130

Halli frá fyrra ári er 106 m.kr. þannig að í lok árs 1977 verður ógreiddur halli orðinn samtals 236 m.kr. Í þessari uppstillingu í vegáætlun er gerð tillaga um að greiða niður 60 m.kr. á árinu 1978. Eftir er að taka afstöðu til, hvað gert verður við eftirstöðvar hallans en ljóst er, að Vegagerðin getur ekki tekið hann á sig, nema á móti komi frestun framkvæmda eða á greiðslum fjárskuldbindinga.

Ed. 281. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Efni þessa frumvarps er tvíþætt. Í fyrsta lagi er óskað eftir heimildum til erlendrar lántöku vegna ríkisframkvæmda 1978 til að ábyrgjast lántökur Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja og til að taka erlend lán til greiðslu á eldri lánum. Samtals er gert ráð fyrir erlendum lántökum sem nema 20 000 millj. kr. á næsta ári, þar af 9 683 millj. vegna opinberra aðila og 10 317 millj. vegna annarra aðila.

Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir að viðurkenndir lífeyrissjóðir verði skyldaðir til að verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum, og er við það miðað að 30% af ráðstöfunarfé sjóðanna renni til fjármögnunar samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1977 er áætlað um 12 100 millj. kr., en þar af er áætlað að fjárfestingarsjóðir kaupi um 3 150 millj. kr. eða 26% af ráðstöfunarfé sjóðanna.

Ákvæði frv. um þetta efni er mjög umdeilt og því hefur harðlega verið mótmælt af Sambandi lífeyrissjóðanna. Minni hl. n. er andvígur þessu ákvæði og telur að þessi mál verði að útkljá með frjálsum samningum. Eins og nú er komið málefnum lífeyrissjóðanna stefna þeir að ört hækkandi lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga sinna. Ljóst er því, að þeir geta ekki í sama mæli og áður ráðstafað fjármagni sínu til almennra framkvæmda á vegum ríkisins eða annarra sem með atvinnurekstur hafa að gera.

Fjárhagsleg aðstaða lífeyrissjóðanna er mjög misjöfn og útgjöld af eftirlaunagreiðslum einnig. Minni hl. telur því, að eðlilegast sé að ríkissjóður og opinberir sjóðir semji beint og án lagasetningar við lífeyrissjóðina um lánsfé gegn verðtryggingu. Eðlilegast er, að fjármagn lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna sé fyrst og fremst notað til að auka félagslegar íbúðabyggingar en hér er bersýnilega stefnt í þveröfuga átt.

Verði ákvæði 3. gr. frv. um skyldu lífeyrissjóðanna til lánveitinga ekki breytt, mun minni hl. greiða atkv. gegn frumvarpinu.

Alþingi, 20. des. 1977.

Ragnar Arnalds, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 282. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar kom Bjarni Bragi Jónsson forstöðumaður hagfræðideildar Seðlabanka Íslands og svaraði fyrirspurnum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn, Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti. Albert Guðmundsson lýsti andstöðu við málið og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við meðferð málsins.

Alþingi, 20. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Jón G. Sólnes.

Halldór Blöndal.

Sþ. 283. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Þús. kr.

I. Frá *Garðari Sigurðssyni, Benedikt Gröndal* og *Karvel Pálmasyni.*

Við 4. gr. 06 251 Landhelgisgæsla. 20 Laun.
Fyrir „911 225“ kemur 864 814
(Þar af 30 000 þús. til greiðslu 10% launauppbótar varðskipsmanna.)

II. Frá *Sighvati Björgvinssyni* og *Karvel Pálmasyni.*

Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur. Sundurliðun 16. Súðavík.
Fyrir „6 500“ kemur 30 000

III. Frá *Lúðvík Jósepssyni* og *Ragnari Arnalds.*

Við 6. gr. XLV Kaup 3., 4. og 5. hæðar húseignarinnar Laugavegur 166.
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*

Við 6. gr. LIII. Nýr liður:
Að festa kaup á íbúðarhúsnæði fyrir embætti sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og taka til þess nauðsynleg lán.

V. Frá *Lúðvík Jósepssyni* og *Helga F. Seljan.*

Við 6. gr. LIII. Nýr liður:
Að taka lán, eða ganga í ábyrgð fyrir láni, allt að 100 millj. kr. til þess að reisa við atvinnurekstur á Breiðdalsvík með kaupum á hentugu fiskiskipi til þess að tryggja rekstur frystihúss staðarins.

Sþ. 284. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá Albert Guðmundssyni.

		Þús. kr.
Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis.		
a. Fyrir „9 000“ kemur		11 250
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
1. Ásmundur Sveinsson	750	
2. Finnur Jónsson	750	
3. Guðmundur Daníelsson	750	
4. Guðmundur G. Hagalín	750	
5. Halldór Laxness	750	
6. Hallgrímur Helgason	750	
7. Indriði G. Þorsteinsson	750	
8. Kristmann Guðmundsson	750	
9. María Markan	750	
10. Sigurjón Ólafsson	750	
11. Snorri Hjartarson	750	
12. Stefán Íslandi	750	
13. Tómas Guðmundsson	750	
14. Valur Gíslason	750	
15. Þorvaldur Skúlason	750	
		11 250

Sþ. 285. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 260 [Fjárlög].

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

	Þús. kr.
Við brtt. 260. — Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. — Við bætast í stafrófsröð:	
1. Ólafur Jóhann Sigurðsson	750
2. Sigurjón Ólafsson	750

Sþ. 286. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

	Þús. kr.
I. Frá *Ragnari Arnalds*.	
Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla o. fl.	
Fyrir „1 376 000“ kemur	1 376 300
Sundurliðun breytist á þessa leið:	
Til undirbúnings framkvæmdum við skólabyggingar. Nýr liður á eftir 16. lið:	
Varmahlíð, 3. áf.	300

II. Frá *Ragnari Arnalds* og *Stefáni Jónssyni.* Þús. kr.

Við 4. gr. 04 241 0112 Til grænfóðurverksmiðja.

Fyrir „35 848“ kemur	75 848
Framlagið verði þannig sundurliðað:	
a. Fóðurverksmiðja í Hólminum í Skagafirði	20 000
b. Fóðurverksmiðja í Saltvík í S.-Þing.	20 000
c. Aðrar framkvæmdir	35 848

III. Frá *Ragnari Arnalds* og *Helga F. Seljan.*

Við 4. gr. 07 999 Ýmis framlög. Aftan við 0121 komi ný viðfangsefni:

a. Byggingarstyrkur til Félags einstæðra foreldra	10 000
b. Orlofssjóður húsmæðra	10 000

IV. Frá *Ragnari Arnalds.*

Við 4. gr. 11 299 Iðja og iðnaður, framlög. Aftan við 0115 bætist nýtt viðfangsefni:

Rannsókn á málminnihaldi gabbrónáma í Víðidalsfjalli	900

V. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 6. gr. IV. Nýr liður:

Að ábyrgjast allt að 40 m.kr. lán fyrir Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði vegna nýbyggingar dvalarheimilis aldraðra í Hafnarfirði, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Sþ. 287. Fjáraukalög [106. mál]

fyrir árið 1975.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 123.

Nd. 288. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. des. 1976, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess með þeim breytingum sem greinir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. des. 1977.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. — Lárus Jónsson, fundaskr.

Þórarinn Þórarinsson. — Ey. Kon. Jónsson. — Tómas Árnason.

Lúðvík Jósepsson. — Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 289. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. des. 1976, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Vörugjald eftirtalinna númera verður sem hér segir:

22.01

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjaldeining	Vörugjald í kr.
22.01			
01	— — —	1 l	17
22.02			
01	— — —	1 l	16
09	— — —	1 l	16
22.03			
01	— — —	1 l	14
09	— — —	1 l	17

Sþ. 290. Þingsályktun [133. mál]

um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 184.

Nd. 291. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. desember 1976, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjaldeining	Vörugjald í kr.
17.04	**Sykurvörur sem kakaó er ekki í:**		
01	— Lakkrís, sykraður og lakkrisvörur	1 kg	45,60
03	— Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	— Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	— Karamellur	1 kg	45,60
06	— Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	— Aðrar	1 kg	45,60

18.06	**Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:**			
úr 04	— Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1	kg	20,80
úr 04	— Annað	1	kg	45,60
05	— Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1	kg	45,60
06	— Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1	kg	45,60
úr 09	— Súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði			0,00
úr 09	— Annars	1	kg	45,60
22.01	**Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:**			
01	— Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1	l	17,00
22.02	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 22.07:**			
01	— Gosdrykkir	1	l	16,00
09	— Annað	1	l	16,00
22.03	**Öl gert úr malti:**			
01	— Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1	l	14,00
09	— Annað	1	l	17,00

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978 og gilda til 31. desember 1978.

Ed. 292. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyt. á þeim lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu sem gerð hefur verið í neðri deild. Jón Árm. Héðinsson og Stefán Jónsson sátu hjá við afgreiðslu málsins. Ingiberg J. Hannesson var fjarverandi.

Alþingi, 20. des. 1977.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Oddur Ólafsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 293. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. l. nr. 118 28. des. 1976, um breyt á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1977.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón G. Sólnes.
Ragnar Arnalds.	Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Blöndal.

Ed. 294. Lög [128. mál]

um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 168.

Ed. 295. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 272.

Ed. 296. Lög [132. mál]

um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 266 (sbr. 174).

Ed. 297. Lög [139. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. desember 1976, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 291.

Nd. **298. Frumvarp til laga** [141. mál]

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

a. Lífeyris- og slysatryggingar.
b. Sjúkratryggingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyris- og slysatryggingar, en sjúkratryggingar eru í höndum sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunarinnar eftir því, sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Sjúkrasamlög eru undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar, en ríkisstjórnin (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið) hefur yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

Hvor grein tryggginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Hvorug deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum hinnar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því, sem henta þykir.

3. gr.

7. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Í fyrirsögn II. kafla laganna komi „Lífeyris- og slysatryggingar“ í stað „Lífeyristryggingar“.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Lífeyristryggingar taka til bóta samkvæmt 11.—19. gr., þ. e. ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris. Bætur samkv. 22. gr. teljast sérstakar slysabætur.

6. gr.

Aftan við 3. málsgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Þá er heimilt að greiða barnalífeyri vegna örorku eða fráfalls foreldris, sem haft hefur óskerta starfsorku, er það tók hér lögheimili, þótt skilyrðum 1. málsgr. um lögheimilistíma sé ekki fullnægt.

7. gr.

Aftan við 4. málsgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Þá er heimilt að greiða ekkjulífeyri, þótt skilyrðum 1. málsgr. um lögheimilistíma sé ekki fullnægt, enda hafi hinn látni haft óskerta starfsorku, er hann tók hér lögheimili.

8. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætist ný grein, er verði 20. gr. og orðist svo:

Sérstök slysatrygging samkvæmt 22. gr. tekur til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf og hvers konar íþróttaæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni, enda sé sá, sem fyrir slysi verður, tryggður samkv. ákvæðum 21. gr.

Maður telst vera við vinnu:

a. Þegar hann er á vinnustað, á þeim tíma, sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum.
b. Í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi, ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

Slys telst ekki verða við vinnu, ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs, sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni, sem verða um borð í skipi hans, eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

Til slysa teljast sjúkdómar, er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu, sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar. Ákveða skal með reglugerð, að tilteknir atvinnusjúkdómar teljist bótaskyldir samkvæmt 22. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má, að veiti rétt til bóta samkvæmt 22. gr., skal atvinnurekandi, eða sá er gera vill kröfu til bóta, ef ekki er um launþegatryggingu að ræða, innan 6 mánaða senda Tryggingastofnun ríkisins tilkynningu um slysið í því formi, er stofnunin skipar fyrir um.

Ef sá, sem átti að tilkynna slysið, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur þó að lengri tími líði, ef atvik eru svo ljós, að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði, er máli skipta.

9. gr.

Ný grein, er verði 21. gr. orðist svo:

Slysatryggðir, sbr. 20. og 22. gr., eru eftirtaldir menn:

a. Launþegar, sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum, sem gegna embætti fyrir erlend ríki, og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.
b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
c. Þeir, sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.
d. Íþróttafólk, sem tekur þátt í skipulögðum íþróttaiðkunum á vegum íþróttafélaga eða skóla, hvort heldur æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 15 ára. Með reglugerðarákvæði má ákvarða nánar gildissvið þessa ákvæðis.

Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Maki atvinnurekanda og börn hans yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

Atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri skuli tryggðar slysabætur, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs, að tryggingar sé ekki óskað. Sama gildir um maka atvinnurekenda í landbúnaði.

10. gr.

Ný grein, er verði 22. gr. orðist svo:

Ef slys, sem bótaskylt er samkvæmt 20. og 21. gr., veldur varanlegri örorku er nemur a. m. k. 15%, en nær þó ekki 50%, skal greiða örorkubætur í einu lagi. Skal bótafjárhæðin jafngilda örorkulífeyri samkvæmt 12. gr., greiddum í hlutfalli við örorkuna, um tiltekið árabil í samræmi við reglur, er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Nú veldur slys dauða innan tveggja ára frá því, er það bar að höndum, og skal þá greiða ekkju eða ekkli, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, bætur, kr. 27 750 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur þessar falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Andist ekkja eða ekkill áður en slíkar bætur hafa verið greiddar að fullu, skulu eftirstöðvar þeirra greiddar að jöfnu börnum hins látna eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans. Frá dánarbótum, sem greiddar eru samkvæmt þessari málsgrein, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið fram í tímann samkvæmt 1. málsgr.

11. gr.

Í stað 20. gr. laganna komi ný grein, er verði 23. gr. og orðist svo:

Með reglugerð skal ákveða árlegt framlag til að standast kostnað af bótum skv. 22. gr. vegna þeirra, sem getur í d-lið 21. gr. Greiðist það að hálfu af íþróttasamtökunum en að hálfu af ríkissjóði.

Að öðru leyti skulu útgjöld samkvæmt 22. gr. borin af atvinnurekendum. Önnur útgjöld vegna þessa kafla skulu skiptast þannig, að ríkissjóður beri 83% og atvinnurekendur 17%.

12. gr.

21. gr. laganna verði 24. gr. og orðist svo:

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin gera áætlun um útgjöld lífeyris- og slysatrygginga næsta almanaksár, að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 2% af útgjöldum. Áætlun þessi skal send heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til staðfestingar en ráðuneytið ákveður síðan framlög næsta árs samkvæmt hinni staðfestu áætlun í samræmi við ákvæði 23. gr.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum, sem miðað var við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag hvors aðila hefur orðið of hátt, miðað við ákvæði 23. gr., skal áætlað framlag hlutaðeigandi fyrir næsta ár við það miðað að leiðrétting náist.

13. gr.

Í stað 22. gr. og 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 25. gr. og orðist svo:

Framlag ríkissjóðs samkvæmt 23. gr. sbr. 24. gr., skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

Útgjöld samkvæmt 22. gr. vegna þeirra, sem tryggðir eru samkvæmt síðustu málsgr. 21. gr., skulu borin með árlegum iðgjöldum, sem ráðherra ákveður. Framlagi atvinnurekenda til lífeyris- og slysatrygginga samkvæmt 23. gr. skal að öðru leyti jafnað niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 21. gr., með iðgjaldi, reiknuðu sem hundraðshluti af greiddum launum. Nær gjaldskylda til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum, skal meta þau til peninga eftir sömu reglum og gilda um launaskatt. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn fyrir eitt ár í senn.

14. gr.

27.—36. gr. laganna falli niður.

15. gr.

Í h-lið 43. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Sama gildir um sjúkraflutning með sjúkrabíl fyrst eftir slys, þótt ekki komi til sjúkrahúsvistar, svo og um flutning slasaðs manns með skipi, þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.

16. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Nú brotna eða laskast tennur við vinnuslys, sbr. 2. málsgr. 20. gr., og skal þá greiða að fullu samkvæmt gjaldskrá, er tryggingaráð setur með hliðsjón af samningi þeim, sem nefndur er í 1. málsgr., viðgerð á heilum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir samskonar viðgerðir á lélegum tönnum má takmarka við kostnað, sem ætla má, að orðið hefði, ef þær hefðu verið heilbrigðar.

17. gr.

1. málsgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrasamlag greiðir sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem orðinn er 15 ára og ekki nýtur elli-né örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og kaup hans og aðrar vinnutekjur falli niður.

4. málsgr. 45. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 1 195 á dag fyrir einstakling og kr. 257 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Ekki skal þó telja með barn er sjálft nýtur dagpeninga á sama tíma.

6. málsgr. 45. gr. falli niður.

18. gr.

Í a-lið 2. málsgr. 51. gr. laganna komi „22. gr.“ í stað „a-lið 35. greinar“. Þá falli niður d-liður 2. málsgr. 51. gr., svo og 4. málsgr. sömu greinar.

19. gr.

Í 1. málsgr. 56. gr. laganna komi „Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur“, í stað „Bætur samkvæmt II. og III. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur og lífeyrir samkvæmt IV. kafla“. Í 2. málsgr. sömu greinar falli niður orðin „slysalífeyrir og“.

20. gr.

59. gr. laganna falli niður.

21. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 25. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignaskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 68 1971, og skulu ákvæði 40.—43. gr. þeirra laga gilda um iðgjöld eftir því, sem við á.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

22. gr.

66. gr. laganna falli niður.

23. gr.

1. málsgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 68 1971, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda, svo og um innheimtu framlags sveitarfélaga til sjúkrasamlaga.

24. gr.

71. gr. laganna falli niður.

25. gr.

1. málsgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Tekjur varasjóðs lífeyris- og slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag samkvæmt 1. málsgr. 24. gr. Heimilt er að veita lán úr varasjóðnum til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum gegn öruggum tryggingum. Fé, sem ekki þarf að nota til daglegs reksturs tryggginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

26. gr.

77. gr. laganna falli niður.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979. Skulu ákvæði þeirra gilda um lífeyrisgreiðslur og dagpeninga fyrir tímabil eftir gildistöku þeirra, þótt greiðslur eigi rót sína að rekja til slyss eða sjúkdóms fyrir árslok 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu varasjóður slysatrygginga, höfuðstólsandvirði slysalífeyris og annað fé slysatrygginga renna til varasjóðs lífeyris- og slysatrygginga. Úr þeim sjóði skal síðan inna af hendi eingreiðslur og greiðslur sjúkrahjálpar vegna bótaskyldra slysa, sem orðið hafa fyrir árslok 1978, svo og lífeyris- og dagpeninga vegna tímabils fyrir árslok 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 27. október 1975, skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Jón Abraham Ólafsson, sakadómari, samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins, Kjartan Jóhannsson, verkfræðingur, samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokks, Ragnhildur Helgadóttir, alþingism., samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins, Steinunn Finnbogadóttir, ljósm., samkvæmt tilnefningu Samtaka frjálslyndra, Vilborg Harðardóttir, ritstjóri, samkvæmt tilnefningu Alþýðubandalagsins, Oddur Ólafsson, alþingmaður, Sigurður Ingimundarson, forstjóri, Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóri og Gunnar J. Möller, hrl., og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Í forföllum Kjartans Jóhannssonar hefir Bragi Guðmundsson, læknir tekið sæti hans. Var Bragi við lokaafgreiðslu málsins. Vilborg Harðardóttir lét af störfum í nefndinni sökum brottflutnings. Guðrún Helgadóttir, deildarstjóri var af hálfu Alþýðubandalagsins tilnefnd í stað Vilborgar, rétt fyrir lokaafgreiðslu frumvarpsins. Bæði Bragi og Guðrún gera fyrirvara um samþykki sitt á frumvarpinu.

Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri, hefur verið ritari nefndarinnar en henni til aðstoðar voru tilnefndir þeir Guðjón Hansen, tryggingafræðingur og Þorsteinn Magnússon, viðskiptafræðingur.

Í upphafi nefndarstarfsins kom fram, að með bréfi dags. 24. jan. 1975, hafði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið falið Guðjóni Hansen að vinna að athugun á tilteknum þáttum löggjafar um almannatryggingar og skyld málefni, og væri það fyrst og fremst verkefni nefndarinnar að fjalla um þá þætti eftir því, sem athugun þessari miðaði áfram.

Sameining fjölskyldubóta og tekjuskattsívilnunar vegna barna var lögfest, áður en nefndin var skipuð. Hefur nefndin því ekki fjallað um þann þátt, en greinargerð Guðjóns um þetta efni er dagsett 12. mars 1975.

Fyrsta verkefni nefndarinnar hefur verið að fjalla um sameiningu slysatrygginga og annarra greina almannatrygginga, sbr. greinargerð og tillögur Guðjóns frá 16. október 1975. Hefur hún sent eftirtöldum aðilum tillögur þessar til umsagnar:

Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Stéttarsambandi bænda og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Svör hafa borist frá Bandalagi háskólamanna, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Stéttarsambandi bænda. Í öllum svörunum er tekið undir þá meginstefnu, sem í tillögunum felst og horfir til einföldunar í framkvæmd almannatrygginga.

Af hálfu nefndarinnar hefur verið rætt við fjármálaráðuneytið, hagstofustjóra, ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun um einstök atriði tillagnanna.

Nefndin er sammála um að með tilliti til þróunar lífeyris- og sjúkratrygginga almannatrygginga sé tímabært að þessar greinar taki að miklu leyti við verkefni slysatrygginga, meðferð slysamála einfölduð til muna og slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins lögð niður sem sjálfstæð deild. Er nú svo komið, að starfsemi slysatrygginganna er að verulegu leyti í því fólgin að greiða bætur, sem ella mundu vera veittar samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Vegna fjölmargra breytinga, sem gerðar hafa verið á núgildandi lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, og þar sem ætlunin er að taka allar greinar tryggingganna til endurskoðunar, væri æskilegast, að unnt væri að leggja fram frumvarp til nýrra almannatryggingalaga á grundvelli heildarendurskoðunar gildandi laga. Á hinn bóginn fjallar nú önnur nefnd um framtíðarkerfi lífeyristrygginga, þ. e. heildarkerfi almannatrygginga og lífeyrissjóða, og enn fremur er ljóst, að með breytingum á slysatryggingunum verður þörf aðlögunar á öðrum sviðum, sem óhjákvæmilega krefst nokkurs tíma. Til þess að nú þegar komi glögglega fram, hverra ráðstafana verður þörf í þessu efni, hefur nefndin tekið þann kost að setja tillögur sínar fram í formi meðfylgjandi frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 67 1971. Jafnframt bendir hún á nauðsyn þess, að almannatryggingalögin verði sem fyrst gefin út í heild, þar sem lagasetning þessi er orðin mjög óaðgengileg sökum tíðra breytinga, leiðrétta þarf tilvitnanir í lagagreinar o. fl.

Helstu breytingar, sem lagt er til með frumvarpinu að gerðar verði á gildandi löggjöf, eru eftirfarandi:

1. Slysatryggingar verði lagðar niður að mestu sem sjálfstæð grein almannatrygginga. Sem sérstakar slysabætur teljist aðeins tvær tegundir bóta, þ. e. bætur vegna örorku frá 15% til 50% samkvæmt 34. gr. almannatryggingalaga og 8 ára bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 35. gr. Bætur þessar verði á vegum lífeyristrygginga, er hér eftir verði nefndar lífeyris- og slysatryggingar.
2. Lífeyristryggingar greiði þær bætur sem réttur er til samkvæmt II. kafla almannatryggingalaga, enda þótt bótagreiðsla eigi rót sína að rekja til vinnuslyss.
3. Sjúkrahjálp vegna vinnuslysa verði greidd af sjúkratryggingum eftir þeim ákvæðum, sem um síðarnefndu tryggingarnar gilda. Breyting þessi veitir tilefni til nokkurra breytinga á bótaákvæðum sjúkratryggingakafla laganna.
4. Sjúkratryggingar greiða sömu dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum. Jafnframt hækki sjúkradagpeningar til jafns við núverandi slysadagpeninga, dagpeningar greiðist óskertir, meðan á sjúkrahúsvist stendur, og breytt verði ákvæðum um greiðslu dagpeninga til unglinga.
5. Núgildandi trygging ökumanna bifreiða falli niður, en í staðinn verði slysatrygging ökumanns fyrir tiltekinni fjárhæð við örorku og dauða innifalin í ábyrgðartryggingu bifreiða.

6. Í stað núverandi vikugjalda atvinnurekenda, annars vegar til lífeyristrygginga og hins vegar til slysatrygginga, komi eitt sameiginlegt gjald, reiknað sem hundraðshluti af heildarlaunagreiðslum á árinu. Flokkun eftir áhættu falli niður, og sjóðmyndun slysatrygginga hverfi úr sögunni (að undanskildu framlagi til varasjóðs í samræmi við núgildandi ákvæði um varasjóð lífeyristrygginga).
7. Endurkröfuréttur almannatrygginga samkvæmt 59. gr. laganna falli niður. Er hér bæði um að ræða endurkröfur slysatrygginga og sjúkratrygginga.

Í tillögum þessum felst, að bætur greiddar í einu lagi samkvæmt 35. gr., sbr. d- og e-lið 1. málsgr. og 2. málsgr. þeirrar greinar, falla niður. Virðist eðlilegt, að ákvæði kjarasamninga um dánarbætur vegna slysa verði endurskoðuð með tilliti til þessa, en slík ákvæði eru nú almennt í kjarasamningum. Þurfa samningsaðilar að sjálfsögðu svigrúm til að koma á slíkum breytingum, er komið gætu til framkvæmda samtímis gildistöku nýrra laga.

Í öðru lagi er þörf breytingar á 71. gr. umferðarlaga. Miðað við núgildandi bótafjárhæðir almannatrygginga getur 3 millj. kr. trygging ökumanns við 100% örorku eða dauða talist hæfileg þannig, að enginn ökumaður, sem rétt ætti til bóta hjá lífeyris- og sjúkratryggingum, teldist lakar tryggður en hann er samkvæmt núgildandi reglum, en mikill fjöldi ökumanna yrði betur tryggður en áður.

Í þriðja lagi er þörf athugunar á áhrifum þess á iðgjöld af ábyrgðartryggingu bifreiða, að endurkröfuréttur almannatrygginga fellur niður.

Til glöggvunar á þeirri tilfærslu og öðrum breytingum, sem samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér, skulu teknar eftirfarandi tölur um greiddar bætur slysatrygginga árin 1974 og 1975.

	1974 þús. kr.	1975 þús. kr.
A. Bætur, sem teldust áfram til slysabóta:		
a. 8 ára dánarbætur	25 009	34 901
b. Eingreiðslur örorkubóta	21 868	18 076
B. Tilfærsla til lífeyristrygginga:		
a. Örorkulífeyrir	8 778	10 492
b. Barnalífeyrir	29 660	39 691
c. Ekkjulífeyrir	2 962	3 946
C. Tilfærsla til sjúkratrygginga:		
a. Dagpeningar	52 515	67 752
b. Sjúkrakostnaður	16 565	22 060
D. Bótagreiðslur, er féllu niður:		
a. Kaup og aflahlutur	4 864	5 796
b. Dánarbætur til foreldra	5 450	10 834
c. Lágmarksbætur og aðrar eingreiðslur	187	900
Samtals	167 858	214 448

Í framangreindum tölum eru innifaldar bætur vegna ökumanna bifreiða. Að öðru leyti sýnir yfirlit þetta í grófum dráttum, hvað gerast mundi við samþykkt frumvarpsins, en athygli skal vakin á því, að tilfærsla hefði á sumum sviðum í för með sér breytt bótaákvæði. Þannig mundu útgjöld til dagpeninga vegna slysa lækka vegna þess, að biðtími er lengri hjá sjúkratryggingum en slysatryggingum.

Aukningu útgjalda til sjúkradagpeninga vegna hækkunar fjárhæða til jafns við slysadagpeninga og afnáms skerðingar við sjúkrahúsvist má lauslega áætla 90 millj. kr. árið 1974 og 115 millj. kr. árið 1975. Af samanburði við yfirlitið hér að framan má því draga þá ályktun, að í heild verði launþegar að teljast betur tryggðir en áður vegna veikinda og slysa, ef frumvarpið verður samþykkt. Þrátt fyrir þetta

mundu framlög til tryggginganna í heild ekki hækka við samþykkt frumvarpsins, og er þá miðað við aðstæður eins og þær hafa verið undanfarin ár, með verulegum framlögum til sjóða slysatrygginga.

Nefndin hefur leitað álits Þjóðhagsstofnunar á, hverri breytingu mætti gera ráð fyrir á iðgjöldum vegna hins breytta fjárhagsgrundvallar, sem í frumvarpinu felst. Telur stofnunin afar lauslega áætlun benda til þess, að núverandi slysatryggingagjöld atvinnurekenda (án ökumannstryggingar) nemi um 0.4% af launafúlgunni á því ári, sem gjaldið er lagt á, en 0.50—0.55% af launafjárhæð ársins á undan, ef miðað er við árin 1975—1977.

Þjóðhagsstofnun telur sennilegt, að slysatryggingaiðgjöld af sjómönnum nemi nú um 1.3% af aflahlut og öðrum launum sjómanna, en í iðnaði muni iðgjöld nema 0.35% og 0.1% í verslun og viðskiptum. Hér yrði því um verulega röskun að ræða frá núgildandi álagningarreglum, ef tekið yrði upp eitt hlutfall af launum, 0.40—0.45% fyrir allar atvinnugreinar (miðar Þjóðhagsstofnun þá við álagningu, er væri sameinuð launaskatti, en gjaldið yrði 0.50—0.55%, ef miðað væri við launafjárhæðir ársins á undan, sbr. framanritað). Þegar litið er á heildartillögur nefndarinnar um sameiningu iðgjalda til lífeyris- og slysatrygginga, getur þó vart talist vera um stórfellda röskun að ræða. Af tölum Þjóðhagsstofnunar má draga þá ályktun, að nú nemi samanlögð iðgjöld af sjómönnum um 2.1% af launagreiðslum, í iðnaði nemi þau um 1.6% og um 1.3% í verslun og viðskiptum, en í staðinn kæmi heildariðgjald, er næmi um 1.8% af launagreiðslum (miðað við launafúlgu ársins, en um 2.3%, ef miðað væri við launafúlgu undanfarandi árs).

Í niðurfellingu áhættuflokkunar og talningar vinnuvikna í lífeyris- og slysatryggingum felst að sjálfsögðu mikill vinnusparnaður. Á það skal þó bent, að eftir sem áður á sér stað talning vinnuvikna í atvinnuleysistryggingum. Er sennilegt, að skattayfirvöldum verði það kappsmál, að þeim grundvelli verði einnig breytt. Gjaldárið 1976 lögðu skattstjórar slysatryggingagjald á 20 923 aðila, lífeyristryggingagjald á 14 325 og atvinnuleysistryggingagjald á 8 400.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verða greinar almannatrygginga aðeins tvær, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 2. gr.

Breytingar þær, sem í greininni felast, eru í samræmi við ákvæði 1. gr.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að skipting fyrirtækja í áhættuflokka falli niður, en iðgjöld vegna sérstakra slysabóta ákveðin með sama hætti og iðgjöld til lífeyristrygginga.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni felst sú efnisbreyting, að ákvæði um sérstakar slysabætur eru felld inn í II. kafla laganna.

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. 14. gr. laganna er þriggja ára lögheimilistími barns eða annars hvors foreldra skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris, en ekki hefur verið litið svo á, að slíks biðtíma sé krafist í slysatryggingum. Rýmkun sú, sem hér er gerð tillaga um, er einnig til samræmis við ákvæði a-liðar 1. málsgr. 12. gr.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða ákvæði hliðstætt 6. gr. hér að framan.

Um 8. gr.

Fyrstu tvær málsgreinarnar eru efnislega samhljóða 27. gr. laganna með þeirri breytingu, að stjórnun aflvéla og ökutækja er felld niður.

Í 3. málsgr. er tekin upp 1. málsgr. 28. gr. laganna mjög stytt. Virðist hinna ítarlegu núgildandi ákvæða ekki þörf, sbr. m. a. ákvæði 26. gr. laga nr. 23 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þá er kveðið á um 6 mánaða tilkynningarfrest í því skyni, að ekki verði mikið um óþarfar tilkynningar, meðan óljóst er, hvort varanlegt orkutap verður af völdum slyss. Með hliðsjón af hinum almennu samningsbundnu slysatryggingum launþega, ofangreindum ákvæðum laga nr. 23 1952 o. fl. er vart ástæða til að óttast að nauðsynleg gögn um slys verði ekki að öllum jafnaði tiltæk að slíkum fresti liðnum.

Síðasta málsgreinin er samhljóða 2. málsgr. 28. gr. laganna.

Um 9. gr.

Í 1.—3. málsgr. eru tekin upp ákvæði 29. gr. laganna með þeim breytingum, að c- og d-lið 1. málsgr. og 4. málsgr. þeirrar greinar er sleppt og að f-liður (d í frv.) er gerður skýrari en var og aldursmarki breytt í 15 ár, sbr. 17. gr. frv. Svo virðist sem ekki sé ávallt fullt samræmi milli ákvæða 29. gr. núgildandi laga og framkvæmdar álagningar tryggingagjalda á erlenda verktaka. Lausleg athugun bendir ekki til, að þörf sé breyttra lagaákvæða í þessu sambandi.

Í síðustu málsgreininni eru ákvæði 30. gr. laganna tekin upp að hluta þannig, að trygging samkvæmt þessari málsgrein einskorðast við þá, sem starfa að eigin atvinnurekstri ásamt mökum atvinnurekenda í landbúnaði. Niðurfelling þessa ákvæðis mundi einfalda framkvæmd til muna, og getur því verið ástæða til að kanna nánar afstöðu bænda og annarra þeirra, sem sjálfstæða starfsemi stunda, til slíkrar breytingar.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakar slysabætur, sem lagt er til, að haldist áfram þ. e. bætur vegna 15%—50% orkutaps og fráfalls maka. Ef orkutap er 75% eða meira, greiðist örorkulífeyrir samkvæmt 12. gr. laganna, en breyta þarf reglum um örorkustyrk með tilliti til slysa, er valda 50%—75% örorku. Fjárhæð 8 ára slysabóta er tilgreind í samræmi við gildandi bótafjárhæðir í árslok 1976. Að öðru leyti skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, að atvinnurekendur standi undir útgjöldum til hinna sérstöku slysabóta (að frádregnum iðgjaldatekjum vegna tryggingar samkvæmt síðustu málsgr. 9. gr. hér að framan) ásamt tilteknum hundraðshluta af öðrum útgjöldum samkvæmt II. kafla (14% samkvæmt núgildandi lögum). Má hugsa sér tvær aðferðir við ákvörðun þessa hundraðshluta, annars vegar þá, að samanlögð framlög atvinnurekenda til lífeyris- og slysatrygginga haldist óbreytt frá því, sem þau mundu verða, miðað við reynslu undanfarinna ára og hins vegar, að bætt verði við núverandi framlag til lífeyristrygginga þeim útgjöldum, sem færast frá slysatryggingum til lífeyris- og sjúkratrygginga. Það mundi ekki hafa teljandi áhrif á niðurstöðu, hvor þessara aðferða yrði notuð.

Um 12. gr.

Sjá 21. gr. laganna. Vegna undirbúnings fjárlagafrumvarps er fjárlagaáætlunar jafnan krafist af Tryggingastofnuninni í maímánuði, og er 1. málsgr. breytt til samræmis við það.

Um 13. gr.

Hugmyndin um atvinnurekendagjald, reiknað sem hundraðshluti af launagreiðslum, er ekki ný, og af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á þessa breytingu með tilliti til þeirrar einföldunar, er hún hefði í för með sér fyrir skattayfirvöld og launagreiðendur. Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, sem áður er getið, er gerður fyrirvari um þetta atriði.

Um efni greinarinnar skírskotast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan.

Um 14. gr.

Sjá almennar athugasemdir.

Um 15. gr.

Athugun á meiriháttar slysamálum hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur leitt í ljós, að það er tannlæknakostnaður og sjúkraflutningar, sem einkum geta haft í för með sér teljandi mun á greiðslum fyrir sjúkrahjálp eftir því, hvort fylgt er reglum slysatrygginga eða sjúkratrygginga, sbr. 32. og 43. gr. laganna. Rýmkun sú, sem hér er gerð tillaga um, tekur jafnt til vinnuslysa sem annarra slysa.

Um 16. gr.

Sjá athugasemdir við 15. gr.

Um 17. gr.

Hinar tilgreindu fjárhæðir dagpeninga eru í samræmi við fjárhæðir slysadagpeninga í árslok 1976. Í gildandi lögum er ekkert neðra aldursmark að því er varðar rétt til slysadagpeninga, en 17 ára aldursmark um rétt til sjúkradagpeninga. Samkvæmt tillögunum verður hætt að gera greinarmun á slysa- og sjúkradagpeningum og varð nefndin sammála um að setja 15 ára aldursmark fyrir hvorttveggja réttinum. Um breytingar, sem í greininni felast, skírskotast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan. Þörf er nánari athugunar á reglum um greiðslu dagpeninga til unglinga innan 17 ára með tilliti til skólagöngu og sumarvinnu.

Um 18. gr.

Athygli skal vakin á áhrifum þeim, sem afnám slysadagpeninga hefur á dagpeningarétt elli- og ekkjulífeyrisþega. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Breytingar á slysatryggingum þurfa ekki að hafa í för með sér afnám endurkröfuréttar almannatrygginga samkvæmt 50. gr. laganna. Þó skal á það bent að af hálfu lífeyristrygginga hefur endurkröfurétti ekki verið beitt. Á hinn bóginn hlýtur endurkröfuréttur skyldutrygginga af þessu tagi að teljast vafasamur með tilliti þess kostnaðar, sem hann veldur í framkvæmd. Þá sýnir reynsla, að framkvæmd sjúkrasamlaga í þessu efni hefur verið mjög mismunandi og innheimta er í mörgum tilvikum afar seinvirk.

Um 21. gr.

Með breyttum álagningagrundvelli og niðurfellingu á slysatryggingu ökumanna verður öll álagning iðgjalda samkvæmt 65. gr. laganna í höndum skattstjóra og framkvæmd stórum einfaldari.

Um 22. gr.

Með breytingunum samkvæmt 21. gr. hér að framan hafa efnisatriði 66. gr. laganna verið flutt í 65. gr.

Um 23. gr.

Breytingar eru í samræmi við breytt ákvæði 65. gr. laganna sbr. athugasemdir við 21. gr. hér að framan.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir í frv. að hinar sérstöku slysabætur verði á vegum lífeyrisdeildar, er hér gert ráð fyrir sameiginlegum varasjóði.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 26. gr.

Niðurfelling 77. gr. laganna er eðlileg afleiðing af þeirri höfuðbreytingu, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og raunar einnig með tilliti til þróunar í kjaramálum undanfarna áratugi, þar sem launþegar almennt hafa öðlast rétt til launa um lengri eða skemmri tíma í veikinda- og slysaforföllum.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin ræddi mismunandi leiðir í sambandi við ráðstöfun fjár slysatrygginga, er horfið yrði frá sjóðamyndunarkerfi. Varð niðurstaða sú, að tillögugerð um ráðstöfun fjárins til þess að leysa tiltekin verkefni gæti tæpast talist vera í verkahring nefndarinnar.

Sþ. 299. Þingsályktun [137. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

Samhljóða þskj. 205.

Sþ. **300. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1978.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur:		
Beinir skattar	25 324 120	
Óbeinir skattar	112 387 651	
Aðrar tekjur	1 784 278	139 496 049
Gjöld:		
Samneysla	60 283 534	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	53 741 168	
÷ Sértekjur stofnana	2 768 158	
Rekstrarliðir samtals	111 256 544	
Stofnkostnaður, fjárfesting	8 871 566	
Fjármagnstilfærslur	18 344 721	138 472 831
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		1 023 218
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	3 100 000	
Önnur innlend lánsfjáröflun	170 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	3 755 000	
Erlend lán	4 866 000	
Fjáröflun alls	11 891 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	1 439 000	
Fjáröflun skv. lánsfjáráætlun	10 452 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	6 774 000	
Lánsfé til A-hluta skv. lánsfjáráætlun	3 678 000	
Skyldusparnaður	1 000 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	25 000	4 703 000
Lánahreyfingar út:		
Hlutafé í Járnblendifélaginu	820 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, lánsframlag	38 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	3 245 461	
Aðrir	1 269 830	5 373 291
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		670 291
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		352 927

2. gr.

Árið 1978 eru veittar til gjalda fjárhæðir, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		Gjöld:	Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			928 186
01	**Forsætisráðuneytið**			2 234 882
	101	Yfirstjórn	62 593	
	102—902	Annað	2 172 289	
02	**Menntamálaráðuneytið**			19 941 182
	101	Yfirstjórn	220 598	
	201—885	Fræðslumál	17 552 396	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	2 168 188	
03	**Utanríkisráðuneytið**			1 362 436
	101—102	Yfirstjórn	230 344	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	281 736	
	301—312	Sendiráð	445 161	
	399—401	Alþjóðastofnanir	405 195	
04	**Landbúnaðarráðuneytið**			6 840 130
	101—172	Yfirstjórn	98 607	
	201—299	Búnaðarmál	6 449 114	
	501—504	Skólar	292 409	
05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			3 100 259
	101	Yfirstjórn	60 921	
	201—299	Útvegsmál	2 935 801	
	901	Annað	103 537	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			7 225 631
	101—102	Yfirstjórn	86 829	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	6 553 227	
	301—373	Þjóðkirkjan	585 575	
07	**Félagsmálaráðuneytið**			5 940 962
	101	Yfirstjórn	35 977	
	271—272	Húsnæðismál	5 089 000	
	301—999	Önnur félagsmál	815 985	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			45 005 128
	101	Yfirstjórn	73 496	
	271—273	Tryggingamál	35 514 960	
	301—399	Heilbrigðismál	9 291 820	
	471—502	Annað	124 852	
		Flutt		92 578 796

3. gr.

Árið 1978 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Skattar		
	Beinir skattar		
	Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga:		**4 241 120**
	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1) Gjaldeyriseftirlitið flokkar ekki umboðslaunatekjur eftir eðli eða af hvers konar innflutningi þau eru til komin. Vér höfum tekið saman umboðslaunatekjur 17 helstu aðila, sem m. a. hafa umboð fyrir áfengi og tóbak, og reyndust þær vera um 200 millj. kr. á árinu 1976. Flestir umboðsmennirnir eru jafnframt með umboð fyrir aðrar vörur og fær gjaldeyriseftirlitið einu sinni á ári skýrslu þeirra um heildarumboðslaunatekjur. **Í þessu sambandi hefur gjaldeyriseftirlitið bréflega samband við á milli 1 og 2 þúsund aðila árlega.**
2) **Að mati gjaldeyriseftirlitsins er á engan hátt tryggt, að greiðslur, sem þessir umboðsmenn fá, skili sér í íslenska gjaldeyrisbanka.** Ekki hefur verið komið auga á leiðir, sem geri það tryggt að þessar tekjur komi að fullu til skila.
3) Af sömu ástæðum og greint er frá í lið 1) liggja ekki fyrir upplýsingar varðandi þessa spurningu.
4) Á árinu 1963 var opnuð sú leið fyrir innflytjendur almennt, að þeim var heimilað að verja umboðslaunum til kaups á frílistavörum.

Heildarskil gjaldeyris í þessu formi á s. l. ári námu 301 millj. kr. Að auki námu skil umboðslauna í erlendum gjaldeyri til bankanna 2 216 millj. kr. á sama ári.

Gjaldeyriseftirlitið vill benda á, að upplýsingar varðandi 1. og 3. spurningu er hugsanlega **hægt að fá hjá Skattstofunni í Reykjavík, en á sl. vetri mun hún hafa gengist fyrir sérstakri athugun á umboðslaunatekjum vegna innflutnings á áfengi og tóbaki.**

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Gjaldeyriseftirlitið

Bj. Tryggvason. S. Jóhannesson.

Vegna niðurlags bréfs gjaldeyriseftirlitsins, var fyrst spurst fyrir um það í fjármálaráðuneytinu, hvort hugsanlegt væri, að skattayfirvöld gætu veitt svar við fyrirspurn háttvirts þingmanns.

Svar fjármálaráðuneytis er svo hljóðandi:

Fjármálaráðuneytið

Reykjavík, 9. janúar 1978.

Viðskiptaráðuneytið
Reykjavík

Vísað er til bréfs viðskiptaráðuneytisins, dags. 14. des. 1977.

Ekki hefur af hálfu skattyfirvalda verið unnin heildarskrá er flokki framteljendur í öllu landinu eftir því hvort þeir hafa tekjur af umboðsstarfsemi og því eigi hvernig skipa skuli þeim í röð eftir upphæð slíkra tekna. **Skattstofan í Reykjavík hefur hins vegar borið saman innflutt magn áfengis og tóbaks og framtaldar umboðslaunatekjur þeirra framteljenda sem búsettir eru í Reykjavík og skráðir eru umboðsmenn.**

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þessu til viðbótar tel ég rétt að benda á ákvæði 49. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sem er svo hljóðandi:

„Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefnd og nefnd samkvæmt 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri

ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra **óviðkomandi mönnum** frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna".

Undanþágur frá þessum ákvæðum eru í 44. gr. að því er snertir upplýsingar til Hagstofu Íslands og gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands samkv. nýsettum lögum **að því er varðar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum. Þá hefur Þjóðhagsstofnun undanþágu líka.**

Ég tel að frekari tilraunir af hálfu viðskiptaráðuneytisins til að afla upplýsinga um efni fyrirspurnarinnar séu ekki líklegar til að bera árangur."

Í svari þessu er að finna nokkur mjög fróðleg atriði:

1) Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands lýsir yfir því skýlausa mati sínu, að það sé á engan hátt tryggt að umboðslaunin skili sér í íslenska gjaldeyrisbanka. Slíkur undandráttur á gjaldeyri er hins vegar lögbrot, og ætti það að vera rannsóknarefni fyrir Ólaf Jóhannesson dómsmálaráðherra að slík skipan skuli viðgangast á vegum Ólafs Jóhannessonar viðskiptaráðherra. Mætti ætlast til að ekki væru sambúðarörðugleikar milli tveggja ráðuneyta sem sami maður stjórnar.
2) Heildarskil umboðslauna námu í fyrra 2 517 milljónum króna frá milli 1 og 2 þúsund aðilum. Samkvæmt því, sem um er fjallað í 1) lið, má ætla að þar sé aðeins um hlutaskil að ræða. Umboðslaunakerfið felur þannig í sér mjög verulegar gjaldeyrisfúlgur. Umboðsaðilar erlendra fyrirtækja nema allt að tveimur þúsundum, og er vandséð hverju slíkt glundroðakerfi á að þjóna — öðrum en umboðsmönnunum sem fá umboðstekjur sínar í erlendum gjaldeyri.
3) Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands greinir frá því að Skattstofan í Reykjavík hafi á síðasta ári gengist fyrir sérstakri athugun á umboðslaunatekjum vegna innflutnings á áfengi og tóbaki, og þetta er staðfest í bréfi frá fjármálaráðuneytinu. Síðan er sagt að aðeins margþætt skriffinnskukerfi megi fá vitneskju um þessa rannsókn, en ekki **„óviðkomandi menn"** eins og þeir sem kjörnir eru til þess að eiga sæti á Alþingi Íslendinga. Væri fróðlegt að fá á því skýringar frá Ólafi Jóhannessyni, fyrrverandi lagaprófessor, hvernig hægt er að setja Alþingi Íslendinga skör lægra en embættismannakerfið.

Sú leynd, sem talin er eiga að hvíla á tekjum umboðsmanna erlendra fyrirtækja, brýtur í bága við almenna hefð í þjóðfélaginu. Um tekjur alþingismanna er að sjálfsögðu fjallað opinskátt í fjölmiðlum. Öll samtök launafólks gera samninga sína fyrir opnum tjöldum og er fjallað um einstaka þætti launasamninga m. a. af ráðherrum. Í skattskrám er að finna vitneskju um heildartekjur þær sem einstaklingar og félög telja fram til skatts. Hvers vegna eiga erindrekar erlendra gróðafyrirtækja að njóta sérstöðu?

Augljóst er að hér er þörf bæði rannsóknar og nýs fyrirkomulags sem komi í veg fyrir gjaldeyrisþjófnað. Að undanförnu hafa birst staðreyndir sem sanna að íslenskir aðilar eiga ólöglega fenginn gjaldeyri í bönkum á Norðurlöndum einum, svo að nemur milljörðum króna. Þennan gjaldeyrisþjófnað þarf að rannsaka í heild og til fullkominar hlítar og setja löggjöf sem komi í veg fyrir slíkt athæfi. Með þessari tillögu er gert ráð fyrir að komið verði í veg fyrir gjaldeyrisþjófnað í sambandi við innflutning á áfengi og tóbaki, enda á þar að vera hægast um vik þar sem um ríkiseinkasölu er að ræða.

Nd. 305. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til laga um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

Frá alsherjanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 24. janúar 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Páll Pétursson.	Ingólfur Jónsson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 306. Frumvarp til laga [145. mál]

um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósepsson.

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðskiptabankar í eigu ríkisins (hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar) eru tveir. Þeir eru Landsbanki Íslands, sbr. lög nr. 11 frá 29. mars 1961, og Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands, en hann tekur við öllum eignum, skuldbindingum, réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 28 frá 19. maí 1976, og Útvegsbanka Íslands, sbr. lög nr. 12 frá 29. mars 1961.

Ríkisviðskiptabankarnir eru sjálfstæðar stofnanir, er lúta hvor um sig sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabankanna er í Reykjavík, en auk þess geta þeir haft útibú og umboðsskrifstofur og fer um stofnun þeirra eftir b-lið 13. gr.

4. gr.

Hlutverk ríkisviðskiptabankanna er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í IV. kafla laganna.

Ríkisviðskiptabönkunum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað.

Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í hlutafélagsformi, sem starfa skv. sérstökum lögum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „BANKI“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur seðlabanka eða almenns viðskiptabanka sé að ræða. Ráðherra þeim, sem fer með bankamál, er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæði málsgreinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Um starfsemi Veðdeildar Landsbanka Íslands fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um hana gilda.

Veðdeild Búnaðarbankans starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðar- og Útvegsbankinn.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðar- og Útvegsbankanum.
Um veðdeild Búnaðarbankans og Stofnlánadeild landbúnaðarins fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um þær gilda.

6. gr.

Nú voru sjóðir og stofnanir tengdar, í vörslu eða umsjón Búnaðarbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, skv. fyrirmælum laga eða samningum, og skal þá Búnaðar- og Útvegsbankinn taka við öllum réttindum og bera allar skyldur í því sambandi.

II. KAFLI
STJÓRN

7. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál yfirstjórn veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.
Framkvæmdastjórn hvors ríkisviðskiptabanka er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

8. gr.

Bankaráð hvors ríkisviðskiptabanka skipa sjö menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

9. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum ríkisviðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

10. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.
Bankaráð ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

11. gr.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segir þeim upp starfi.
Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

12. gr.

Bankaráð ákveður hverjir hafi heimild til að rita firma bankans svo skuldbindandi sé fyrir hann.

13. gr.

Bankaráð skal ávallt taka ákvarðanir um eftirtalda málaflokka, að fengnum tillögum bankastjórnar:

a. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum bankans.
b. Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa, sbr. þó ákvæði 10. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.
c. Yfirtöku á starfsemi (eignum og skuldum) annarra innlánsstofnana.

d. Afskriftir af eignum bankans í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.
e. Ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og hliðstæðra sjóða bankans.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál, sem bankastjórn leggur fyrir það, eða það skal annast skv. lögum þessum.

14. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og ákvörðunum bankaráðs.

15. gr.

Bankastjórn undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hag bankans.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en nánari ákvæði um fundafjölda skal setja í reglugerð.

16. gr.

Bankastjórar og aðstoðarbankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði, en þeir skulu sitja bankaráðsfundi nema fjallað sé um mál, er varðar þá sjálfa.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir mega ekki heldur án leyfis bankaráðs taka þátt í stjórn eða rekstri annarra atvinnufyrirtækja en bankans, sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt, eða taka að sér önnur launuð störf.

18. gr.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Laun bankastjóra og eftirlaun skulu ákveðin af bankaráði.

Laun annarra starfsmanna skulu ákveðin af bankaráði að höfðu samráði við heildarsamtök starfsmanna bankanna.

III. KAFLI
SAMSTARFSNEFND

19. gr.

Ríkisviðskiptabankarnir skulu hafa sín á milli náið samstarf, er miði að því að tryggja sem mesta rekstrarhagkvæmni og eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. Setja skal á stofn sérstaka samstarfsnefnd, er hafi það markmið að samræma starfsemi ríkisviðskiptabankanna, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Samstarfsnefndina skipa fimm menn. Ríkisviðskiptabankarnir skipa tvo nefndarmenn hvor og Seðlabankinn einn. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

20. gr.

Verkefni samstarfsnefndarinnar eru:

a. Að koma á náinni samvinnu ríkisviðskiptabankanna um allt það, er stuðlað geti að hagkvæmni í rekstri, svo sem samvinnu um bókhald, innkaup og erlend viðskipti.
b. Að vinna að því að endurskipuleggja útibúakerfi ríkisviðskiptabankanna í því skyni að tryggja eðlilega verkaskiptingu og stuðla að því, að útibú geti náð hagkvæmri stærð, án þess að dregið verði úr eðlilegri þjónustu við einstök byggðarlög.
c. Að fjalla um tillögur ríkisviðskiptabanka um stofnun nýrra útibúa.
d. Að vinna að því, að ríkisviðskiptabankarnir skipti með sér verkum, eftir því sem hagkvæmt þykir, varðandi þjónustu við einstök byggðarlög og atvinnu-

greinar. Skal nefndin vinna að tilflutningi viðskipta í því skyni, að sem mest jafnvægi náist milli ríkisviðskiptabankanna að því er varðar útlán til einstakra atvinnugreina. Skulu bankarnir skiptast á almennum upplýsingum um útlánastarfsemi sína og önnur viðskipti, er tryggi sem best samræmi varðandi starfsreglur.

e. Að fjalla um hvaða mál önnur, sem stuðlað geti að virkara samstarfi ríkisviðskiptabankanna, hagkvæmari rekstri þeirra og bættri þjónustu við atvinnuvegi landsmanna.

21. gr.

Auk þess samstarfs sín á milli, sem fjallað er um í þessum kafla, skulu ríkisviðskiptabankarnir einnig leita samstarfs við hlutafélagsbanka og sparisjóði með þau markmið fyrir augum, sem um ræðir í 19. gr.

IV. KAFLI
STARFSEMI

22. gr.

Starfsemi ríkisviðskiptabanka er fólgin í miðlun á peningum og lánsfé ásamt annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimil önnur starfsemi, en um getur í 1. mgr. Um frekari afmörkun á starfsvettvangi ríkisviðskiptabanka fer eftir öðrum ákvæðum í lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, sbr. 48. gr.

23. gr.

Ríkisviðskiptabanki hefur rétt til að versla með erlendan gjaldeyri, en honum er óheimilt að taka á sig gengisáhættu umfram það, sem óhjákvæmilegt er vegna venjulegra og eðlilegra gjaldeyrisviðskipta bankans.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem honum er seldur. Þó skal hann selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir hans, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skal hann gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Að öðru leyti en segir í 3. mgr. er ríkisviðskiptabanki, að því er varðar erlendar lántökur, háður ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

24. gr.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir, en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Slík eignaraðild skal ákveðin af bankaráði skv. tillögum bankastjórnar. Umfram það, sem hér er heimilað, má ríkisviðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 25. gr.

25. gr.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar, sbr. a-lið 13. gr.

26. gr.

Úr innlánsskilríki, þ. e. sparisjóðsbók eða öðru slíku skilríki fyrir innláni, getur bankinn greitt hverjum, sem hefur skilríkið undir höndum og gefur upp þær upplýsingar, sem bankinn almennt krefst eða um kann að hafa verið samið, sbr. þó 2. mgr. Ef sérstök ástæða er til, getur bankinn þó jafnframt krafist þess, að handhafi sanni rétt sinn til að taka fé út úr reikningnum.

Eigandi innlánsskilríkis getur mælt svo fyrir, að annar en hann sjálfur megi ekki leggja inn eða taka út fé úr því.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár skal setja í reglugerð, sbr. 48. gr.

27. gr.

Ríkisviðskiptabönkum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabankinn samþykkir.

28. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í ríkisviðskiptabanka.

29. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í ríkisviðskiptabanka, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

30. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn gefur sig fram, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim aðila fjárhæðina, sem fengið hefur innlánsskilríkið eða viðtökuskírteinið, án þess að nokkur annar, er skjölin kunna að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

31. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skulu að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans.

Forsenda þess, að til skuldbindinga sé stofnað gagnvart ríkisviðskiptabanka án veðs eða ábyrgðar annarra, sé sú, að bankinn hafi aflað sér upplýsinga um afkomu og efnahag viðkomandi viðskiptaaðila, sem að mati bankans sýni, að slíkra trygginga sé ekki þörf. Meðan slík skuldbinding stendur, skal bankinn fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

32. gr.

Við ákvörðun um heildarfyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila í formi útlána og/eða ábyrgða skal ríkisviðskiptabanki gæta þess, að heildarfjárhæðin sé í hæfilegu hlutfalli við eigið fé bankans með hliðsjón af þeim tryggingum, sem settar hafa verið, og fjárhag viðskiptaaðilans, sbr. 31. gr. Sama gildir um fyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila, sem eru fjárhagslega tengdir.

33. gr.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur, bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki vera skuldskeyttir viðkomandi banka, hvorki sem skuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra, sem hér eru taldir.

Aðrir starfsmenn, en um getur í 1. mgr., mega vera skuldskeyttir viðkomandi banka eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar.

Ekki mega bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur né starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir né reka á nokkurn hátt erinda annarra við bankann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem bankaráðsmenn, varamenn þeirra eða þingkjörnir endurskoðendur kunna að hafa stofnað til, áður en þeir eru kjörnir til starfans, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma að mati hlutaðeigandi bankastjórnar. Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar skulu greiða slíkar skuldbindingar upp, þegar er þeir taka við starfi.

V. KAFLI
LAUSAFJÁRSTAÐA

34. gr.

Ríkisviðskiptabanki skal gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

VI. KAFLI
REIKNINGSSKIL

35. gr.

Reikningsár ríkisviðskiptabanka er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skulu gerð reikningsskil, en þau fela í sér rekstrarreikning og efnahagsreikning ásamt greinargerð.

Um gerð rekstrar- og efnahagsreiknings fer eftir ákvæðum laga um bókhald, en heimilt er bankaeftirlitinu að setja reglur um sameiginleg form ársreikninga ríkisviðskiptabankanna og um mat eigna í efnahagsreikningi, sbr. þó 36. gr.

Í greinargerð skal veita upplýsingar um atriði, sem skipta verulegu máli í sambandi við mat á efnahag og rekstrarafkomu bankans, en ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi.

36. gr.

Um mat eigna í efnahagsreikningi gilda eftirtaldar sérreglur:

1. Fasteignir og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við rekstur, skal meta á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Hafi verðrýrnun átt sér stað á þessum eignum umfram venjulega afskrift, ber að lækka þær í verði tilsvarandi.
2. Sé raunverulegt verðmæti fasteignar verulega hærra en bókfært verð, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. töluliðs, að eignfæra fasteignina sem svarar raunverulegu verðmæti hennar, en þó aldrei hærra en nemur hinu opinbera fasteignamatsverði. Sé bókfært verð fasteignar hækkað í samræmi við þessa heimild, skal efnahagsreikningur bera það greinilega með sér. Slíka matshækkun fasteigna skal færa á sérstakan eiginfjárreikning og þann reikning má ekki nota nema til að jafna halla á rekstrinum, sbr. þó 2. mgr.
3. Ótryggar kröfur, þ. e. ótrygg útlán og aðrar ótryggar útistandandi kröfur, má ekki meta á hærra verði en ætla má, að fyrir þær fáist. Tapaðar kröfur má ekki telja sem eign í efnahagsreikningi.

   Hafi bankastjórn ástæðu til að ætla, að tilteknar kröfur séu ótryggar eða tapaðar skal hún leggja fyrir bankaráð tillögur til afskrifta, skv. ákvæðum 13. gr.

Eiginfjárreikning, sem myndaður er í samræmi við ákvæði 2. töluliðs, má ekki nota til að jafna rekstrarhalla, fyrr en varasjóður og aðrir hliðstæðir eiginfjárreikningar hafa verið fullnotaðir í þessu skyni.

37. gr.

Reikningsskilum, ásamt endurskoðun þeirra, skal lokið eigi síðar en í marslok. Skulu þau undirrituð af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri athugasemdir fram að færa við reikningsskilin, skal undirritun hans bera það með sér, og í greinargerð, sbr. 35. gr., skulu athugasemdirnar raktar í einstökum atriðum.

Endurskoðuð reikningsskil skal leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

Ríkisviðskiptabanki skal gefa út prentaða ársskýrslu, þar sem birt séu reikningsskil bankans. Skal ársskýrslan liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum bankans og eintak af henni afhendast hverjum þeim viðskiptaaðila, sem þess óskar.

Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum, og efnahagsyfirlit í Lögbirtingablaðinu ársfjórðungslega.

Opinber birting efnahagsyfirlits og ársreikninga skal vera í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður.

VII. KAFLI
ENDURSKOÐUN

38. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun þeirra.

Hafi hvorugur hinna þingkjörnu endurskoðenda löggildingu sem endurskoðandi skulu þeir, að fengnu samþykki ráðherra, ráða löggiltan endurskoðanda sér til ráðuneytis um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Skylt er að veita endurskoðendum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skal bankaráð og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

39. gr.

Við ríkisviðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 11. gr.

40. gr.

Hinum þingkjörnu endurskoðendum er heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar og öðru innra eftirliti bankans. Þeir skulu gefa gaum að því, að starfsemi endurskoðunardeildar og annað innra eftirlit bankans sé í fullnægjandi horfi. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma endurskoðun í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

41. gr.

Hinir þingkjörnu endurskoðendur skulu árita hin árlegu reikningsskil og einnig skulu þeir í endurskoðunarskýrslu, sem fylgi reikningsskilum, gera grein fyrir endurskoðun á árinu og þeim athugasemdum sínum, ef einhverjar eru, varðandi rekstur eða efnahag bankans, sem þeir telja rétt að vekja athygli ráðherra á. Þeir skulu gera grein fyrir öðrum athugasemdum, ef einhverjar eru, í sérstakri skýrslu til bankaráðs.

Þá endurskoðunarskýrslu, sem fylgir reikningsskilum, skal bankaráð fá í hendur hæfilegum tíma, áður en reikningsskil eru lögð fyrir ráðherra til staðfestingar,

þannig að bankaráð geti samið svar við athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru.

42. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf deildarinnar. Hann skal árita hin árlegu reikningsskil.

VIII. KAFLI
REFSIÁKVÆÐI

43. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

44. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti, samkvæmt almennum hegningarlögum.

IX. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI OG GILDISTAKA

45. gr.

Ríkisviðskiptabanki er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum.

Bækur ríkisviðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

46. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn ríkisviðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett ríkisviðskiptabanka og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

48. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs ríkisviðskiptabanka, nánari ákvæði um starfsemi hans.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1979, þó öðlast þegar gildi ákvæði til bráðabirgða, er varða undirbúningsstörf hins nýja bankaráðs Búnaðar- og Útvegsbankans, sem framkvæma skal fyrir gildistöku meginefnis laganna.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög:
Nr. 11 frá 29. mars 1961 um Landsbanka Íslands,
nr. 12 frá 29. mars 1961 um Útvegsbanka Íslands,
nr. 34 frá 29. maí 1957 um Útvegsbanka Íslands,
nr. 28 19. maí 1976 um Búnaðarbanka Íslands.

Lög nr. 31 frá 19. maí 1930 um sveitabanka og nr. 49 frá 8. september 1931 um Ríkisveðbanka Íslands,
og síðari breytingar á ofangreindum lögum, svo og önnur lög, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Er lög þessi hafa verið staðfest skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð, skv. ákvæðum 8. gr., sem tekur við yfirstjórn Búnaðar- og Útvegsbankans við gildistöku laganna. Kjörtími hins nýja bankaráðs skal vera til ársloka 1980. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra í bankaráðum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

   Ákvæði 8. gr. laganna taka ekki gildi gagnvart bankaráðsmönnum Landsbanka Íslands og varamönnum þeirra, fyrr en í lok yfirstandandi kjörtímabils þeirra, sem rennur út í árslok 1980. Í desember 1980 skal kjósa nýtt bankaráð fyrir Landsbankann skv. ákvæðum 8. gr. laganna.
2. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbankans skal ráða bankastjóra, skv. ákvæðum 10. gr., sbr. 5. mgr. 7. gr. laganna, á fundi, sem haldinn skal, áður en viðskipti hefjast fyrsta starfsdag bankans eftir 1. janúar 1979. Núverandi bankastjórar Landsbanka Íslands halda umboðum sínum.
3. Búnaðarbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands skulu fyrir lok september 1978 nefna til sinn manninn hver til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úr höndum bankaráða og bankastjóra bankanna. Menn þessir skulu fylgjast með reikningsskilum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanki Íslands hinn 30. september 1978 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafa við tekið, og gera athugasemdir þar um, ef efni verða til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna, skal ráðherra skera úr þeim.
4. Heimilt er bankaráði Búnaðar- og Útvegsbankans að reka hann sem tvær aðskildar, reikningslegar einingar til 30. júní 1979 á meðan unnið er að sameiningu aðalbókhalds, aðalendurskoðunar og annarra deilda, sem nauðsyn ber til að sameinaðar verði á þessu stigi. Þrátt fyrir ofangreinda heimild, kemur Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands fram sem persóna að lögum frá gildistöku laga þessara.
5. Eigi síðar en 1. október 1979 skal starfseminni vera þannig háttað, að Búnaðar- og Útvegsbankinn hafi frá þeim tíma einar aðalstöðvar með aðalafgreiðslu, þar sem séu þjónustudeildir, sem almennt eru hafðar í aðalstöðvum viðskiptabanka.
6. Eigi síðar en 1. október 1979 skulu útibú Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands, sem liggja nálægt hvort öðru, hafa verið sameinuð í því húsnæði, sem betur þykir henta starfsemi þeirra.
7. Til þess að draga úr röskun á stöðu og högum fastráðinna starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands við sameiningu bankanna skal gæta eftirfarandi atriða:

   a. Nýja starfsmenn skal hvorki ráða né fastráða nema brýna nauðsyn beri til.
   b. Heimilt skal að láta starfsmenn, sem komnir eru nærri eftirlaunaaldri, hætta störfum, fyrr en reglugerð um eftirlaun og eftirlaunaaldur gerir ráð fyrir, á fullum eftirlaunum.
   c. Heimilt er að greiða fastráðnum starfsmönnum, sem segja þarf upp störfum vegna sameiningarinnar, laun í allt að sex mánuði fram yfir það, sem bankinn er skyldur til skv. núgildandi launareglugerð.

d. Fastráðnir starfsmenn skulu að öllu jöfnu ganga fyrir, er ráðið er í stöður, sem losna vegna ofangreindra aðgerða.

8. Er lög þessi hafa verið staðfest, skal Alþingi kjósa nýja endurskoðendur, skv. ákvæðum 38. gr. laganna. Kjörtími hinna nýju endurskoðenda skal vera til ársloka 1979.

Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi endurskoðenda við Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

9. Í sambandi við framkvæmd skipulagsbreytinga þeirra, sem ákveðnar eru í lögum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að leggja nýtt stofnfé til Búnaðar- og Útvegsbankans, 400 millj. kr. Heimilt er ríkisstjórninni að taka þetta fé að láni hjá Seðlabankanum.

10. 27. gr. laganna skal einnig gilda um viðskiptabanka í hlutafélagsformi, sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu einnig gilda um viðskiptabanka í hlutafélagsformi og um sparisjóði, eftir því sem við á, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra:

1. mgr. 24. gr., 25. gr. og 34. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna gilda ennfremur um viðskiptabanka í hlutafélagsformi, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra:

29. gr., 30. gr., 31. gr., 32. gr., 45. gr. og 47. gr.

Ákvæði núgildandi laga um einstaka hlutafélagsbanka og laga um sparisjóði gilda ekki, brjóti þau í bága við ofangreind ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða því, sem hér er lagt fram, var flutt á Alþingi í marsmánuði 1974. Þá var frumvarpið flutt sem stjórnarfrumvarp af flutningsmanni þessa frumvarps, sem þá gegndi störfum viðskiptaráðherra.

Eins og fram kemur í ýtarlegri greinargerð, sem þá fylgdi frumvarpinu, var það samið í framhaldi af störfum bankamálanefndar, sem starfaði á árunum 1972 og 1973, og í fullu samræmi við megintillögur þeirrar nefndar. Stjórnarfrumvarpið frá 1974 náði ekki fram að ganga á Alþingi. Aðalástæður þess voru að ýmsir þingmenn Framsóknarflokksins voru andvígir frumvarpinu og auk þess risu ýmsir þingmenn Sjálfstæðisflokksins öndverðir gegn þeirri stefnu, sem í frumvarpinu fólst.

Meginatriðin í þeirri stefnu, sem í frumvarpinu felst, eru þessi:

1. Ákveðin er fækkun viðskiptabanka ríkisins úr 3 í 2, með sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans í einn banka. Gert er ráð fyrir fækkun útibúa án þess þó að minnka eðlilega þjónustu á nokkrum stað. Ráðstöfun þessi er hugsuð sem fyrsta skref í áttina til fækkunar á bönkum og bankaútibúum og gerð til þess að hamla gegn óeðlilegri og kostnaðarsamri útþenslu í bankakerfinu. Rétt þykir að ríkið gangi á undan með því að koma skipulagi á sína banka. Á eftir komi síðan ráðstafanir til þess að fækka einkabönkum og endurskipuleggja sparisjóðaþjónustuna.
2. Sett yrði ein samræmd löggjöf um viðskiptabanka í stað margra og ósamræmdra laga sem nú gilda. Lögin um viðskiptabanka yrðu gerð nútímalegri og öruggari en nú er, endurskoðun og eftirliti m. a. breytt. Sennilega þyrfti þó að ganga lengra í þeim efnum en gert er í frumvarpinu.
3. Gert er ráð fyrir formlegu samstarfi á milli ríkisviðskiptabankanna, m. a. í þeim tilgangi að tryggja eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli og koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni, sem leiðir til kostnaðarauka.

Sú þörf á endurskoðun bankakerfisins, sem var til staðar árið 1971, þegar vinstri stjórnin var mynduð og hún ætlaði að framkvæma, og sem vissulega var fyrir hendi árið 1974 þegar frumvarpið var flutt á Alþingi, er enn til staðar, og þó er þörfin sennilega enn þá brýnni nú en þá. Vöxtur bankakerfisins hefur verið mikill síðan. Bankamálanefndin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, **að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist.** Nú munu starfsmenn í bankakerfinu vera komnir talsvert á þriðja þúsundið og fer enn fjölgandi. Sú staðreynd að í litlum byggðarlögum skuli vera starfandi 4—7 bankar, auk sparisjóða og lífeyrissjóða, hlýtur að vera umhugsunarefni. Tilgangslaus innbyrðis barátta peningastofnana um sparifé gerir engum gagn, en veldur því ásamt með öðru, að þjónustukostnaðurinn verður stöðugt meiri og meiri og stækkar í sífellu yfirbyggingu þjóðfélagsins, sem orðin er augljóslega allt of mikil. Slík yfirbygging kemur niður á lífskjörum landsmanna og íþyngir atvinnurekstri.

Eins og nú er ástatt í efnahagsmálum þjóðarinnar er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessari öfugþróun. Það hefur dregist allt of lengi að taka bankamálin til endurskoðunar. Fleiri þætti yfirbyggingarinnar þyrfti vissulega að taka sömu tökum og draga þar úr óhóflegri þenslu.

Af þessum ástæðum m. a. hef ég talið rétt að flytja á ný bankamálafrumvarpið frá 1974. Það þarf að reyna á það enn einu sinni, hvort ekki er hægt að ná samstöðu á Alþingi um þetta nauðsynlega mál.

Með frumvarpinu, sem flutt var 1974, fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Hinn 29. maí 1972 skipaði viðskiptaráðuneytið nefnd til að undirbúa framkvæmd á því atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er varðar endurskoðun bankakerfisins. Í nefndina voru skipaðir Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður, Ármann Jakobsson, bankastjóri, Björgvin Vilmundarson, bankastjóri, Guðmundur Hjartarson, seðlabankastjóri, Jóhannes Elíasson, bankastjóri, og Magnús Jónsson, bankastjóri. Ritari nefndarinnar var ráðinn Sveinn Jónsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabankans.

Nefndin skilaði áliti, dagsettu hinn 19. janúar 1973. Er þar rakin þróun bankamála hér á landi, gerð grein fyrir núverandi skipulagi og starfsháttum bankakerfisins, og rætt um ýmis almenn sjónarmið, sem nefndin telur nauðsynlegt að hafa í huga við mótun opinberrar stefnu í þessum málum. Setur nefndin síðan á þessum grundvelli fram margháttaðar tillögur og hugmyndir um breytingar á bankakerfinu og einstökum þáttum þess.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru þær, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist, auk þess sem margar þeirra séu of smáar til að geta uppfyllt nútímakröfur um alhliða þjónustu við viðskiptaaðila sína og öryggi fyrir innstæðueigendur og aðra kröfuhafa. Leggur nefndin jafnframt áherslu á nauðsyn þess, að löggjöf, sem varðar starfsemi þessara stofnana, sé endurskoðuð og færð í nútímalegt horf. Telur nefndin allt benda til víðtæks samkomulags um meginmarkmiðin, sem stefna beri að í þessum efnum, þ. e. a. s. samruna peninga- og lánastofnana í stærri og virkari heildir, og einföldun bankakerfisins innan ramma heilsteyptrar löggjafar.

Umfangsmesti kaflinn í tillögugerð nefndarinnar fjallar um viðskiptabanka í eigu ríkisins, enda er þáttur ríkisviðskiptabankanna þriggja, Landsbanka, Útvegsbanka og Búnaðarbanka, mjög stór í heildarstarfsemi bankakerfisins. Til viðmiðunar um þetta má nefna, að starfsmannafjöldi þessari þriggja banka er um 65% af heildarstarfsmannafjölda þeirra peninga- og lánastofnana, sem tillögugerð nefndarinnar nær til. Einnig ber í þessu sambandi að hafa í huga þá staðreynd, sem

minnst er á í nefndarálitinu, að endurskipulagning ríkisviðskiptabankakerfisins getur eðli málsins samkvæmt komið fyrr til framkvæmda, og með einfaldari hætti, en endurskipulagning ýmissa annarra þátta bankakerfisins.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á ríkisviðskiptabankakerfinu eru settar fram í nánu samhengi við hliðstæðar tillögur varðandi hlutafélagsbankana. Meginniðurstaðan um viðskiptabankana er þessi: „Nefndin telur rétt að stefna að því, að viðskiptabönkum hér á landi fækki í þrjá eða fjóra. Miðað við núverandi aðstæður í bankamálum virðist eðlilegast að ná því markmiði með fækkun hlutafélagsbankanna í einn eða tvo, og ríkisbankanna í tvo.“ Eftir að fjallað hefur verið um ýmsar leiðir, sem til greina koma til að ná fram þessari fækkun ríkisviðskiptabankanna, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að líklegasta leiðin til að skapa hagkvæmt ríkisviðskiptabankakerfi sé að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, ef jafnframt eru gerðar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu hins sameinaða banka.

Í nefndarálitinu fjallar alllangur kafli um kosti og galla sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans og þykir rétt að taka þennan kafla hér upp orðréttan:

„Sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Sá banki, sem myndaður kynni að verða með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, verður hér kallaður Sameinaði bankinn, án þess að í því felist nein tillaga um nafngift bankans, ef af stofnun hans verður.

Sameinaði bankinn yrði banki, sem 1) nálgaðist Landsbankann að stærð; 2) hefði mjög svipaða dreifingu útlána á atvinnuvegi og aðra lánsaðila og Landsbankinn, 3) hefði afgreiðsluaðstöðu í öllum landshlutum mjög til jafns við Landsbankann og 4) tæki við gjaldeyrisréttindum af Útvegsbankanum. Með Sameinaða bankanum og Landsbankanum yrði með öðrum orðum mjög mikið jafnræði, hvað snertir stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu, og eru það vissulega miklir kostir á þessari leið.

Fjárhagsleg staða hins nýja banka yrði hins vegar ekki eins sterk og vera þyrfti til að tryggja honum eðlilega vaxtarmöguleika og sem jafnasta samkeppnisaðstöðu við Landsbankann. En segja má, að það sé óbeinn kostur við þessa sameiningarleið, að með henni má ætla, að skapaðar væru forsendur fyrir nægilegri samstöðu um aðgerðir til varanlegra úrbóta í þessum efnum.

Að áliti nefndarinnar mundi sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans ekki ná þeim tilgangi sínum að skapa hagkvæmt ríkisbankakerfi, nema gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu Sameinaða bankans. Telur nefndin, að nauðsynlegt yrði að auka eigið fé bankans um allt að 500 millj. kr. með framlagi úr ríkissjóði, en eðlilegt væri, að Seðlabankinn lánaði ríkissjóði þessa fjárhæð til nokkurs árabils. Lausafjárstöðuna þyrfti að bæta um a. m. k. 700 millj. kr. Þar af mundi allt að 500 millj. fást samkvæmt framanskráðu, en það sem á vantar, mundi væntanlega fást með lánsfyrirgreiðslu í Seðlabankanum til nokkurs tíma. Nefndin telur rétt, að í sambandi við sameininguna yrðu athugaðir möguleikar á vissri uppstokkun á útibúum og útlánsviðskiptum ríkisbankanna, sem miðuðu að því, að Sameinaði bankinn fengi allverulega kröfu á Landsbankann, og mundi þá samsvarandi hluti af lánsfyrirgreiðslu Seðlabankans veitast Landsbankanum.

Varðandi hugsanlegar breytingar á útibúaskipan ríkisbankanna í sambandi við sameininguna skal tekið fram, að nefndin hefur sérstaklega í huga möguleikann á, að Landsbankinn yfirtaki útibú Útvegsbankans í Keflavík.

Ef þessi leið verður farin, telur nefndin ennfremur eðlilegt, að Seðlabankinn geri áætlun um fjölda og dreifingu afgreiðslustaða ríkisbankanna tveggja, þar sem komið yrði til móts við þörf fyrir ný útibú, ef um hana er að ræða, en jafnframt

reynt að leiðrétta misræmi, sem vera kynni í fjölda og dreifingu afgreiðslustaða þessara banka.

Ljóst er, að ýmis vandamál mundu fylgja jafn viðamikilli breytingu á skipulagi bankamála og sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans yrði. Telur nefndin sérstaka ástæðu til að vekja athygli á þeim vanda, sem fylgja mundi yfirtöku Sameinaða bankans á starfsfólki frá bönkunum tveimur. Einnig vill nefndin vekja athygli á því, að hún hefur ekki haft aðstöðu til að kanna viðhorf þeirra viðskiptaaðila, sem bönkum þessum er einkum ætlað að þjóna, né athuga nægilega hinn rekstrarlega ávinning.

Ef af sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans verður, leggur nefndin til, að komið verði á tengslum milli Sameinaða bankans og Iðnaðarbankans. Er þetta framkvæmanlegt vegna hlutafjáreignar ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum, eins nánar verður vikið að í kaflanum um Iðnaðarbankann hér á eftir.

Til frekari skýringa á því, sem að framan er sagt um fjárhagsstöðu, stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu Sameinaða bankans og Landsbankans verður nú gerð töluleg grein fyrir einstökum þessara atriða, og jafnframt verður nánar vikið að þeim vanda í starfsmannamálum, sem sameiningu mundi fylgja.

A. Eiginfjárstaða.

Með því allt að 500 millj. kr. eiginfjárframlagi, sem gert er ráð fyrir hér að framan, færi eigið fé Sameinaða bankans í allt að 724.5 millj. kr., sem er 12.7% af heildarinnlánum Búnaðarbankans og Útvegsbankans í árslok 1971 (útibúið í Keflavík ekki meðreiknað), en samsvarandi tölur fyrir Landsbankann eru 900.5 millj. kr. og 13.0% (Keflavíkurútibú Útvegsbankans talið með Landsbankanum). Væri þá hlutfallsleg eiginfjárstaða Sameinaða bankans orðin jafn góð eiginfjárstöðu Landsbankans.

B. Lausafjárstaða.

Lausafjárstaða ríkisbankanna var sem hér segir í árslok 1971, í júnílok 1972 og septemberlok 1972 (í millj. kr.):

	Búnaðarbankinn	Útvegsbankinn	Sameinaði bankinn	Landsbankinn
Pr. 31. 12. 1971	104	÷ 653	÷ 549	÷ 80
Pr. 30. 6. 1972	69	÷ 521	÷ 452	÷ 97
Pr. 30. 9. 1972	203	÷ 575	÷ 372	÷ 330

Gert var ráð fyrir, að lausafjárstaða Sameinaða bankans yrði bætt um a. m. k. 700 millj. kr., en ljóst er af framanskráðum tölum, að þessar ráðstafanir eru lágmark þess að skapa Sameinaða bankanum þolanlega lausafjárstöðu.

C. Stærð Sameinaða bankans.

Gerður var eftirfarandi samanburður á heildarupphæð innlána og útlána Sameinaða bankans og Landsbankans á grundvelli talna pr. 31. 12. 1971 og miðað við, að Landsbankinn yfirtaki útibú Útvegsbankans í Keflavík.

Millj. kr.	Sameinaði bankinn	Landsbankinn	$\frac{S}{L} \times 100$
Innlán í Reykjavík	3 423	4 787	71.5
Innlán utan Reykjavíkur	2 286	2 134	107.1
Samtals	5 709	6 921	82.5

	Sameinaði bankinn	Lands-bankinn	$\frac{S}{L} \times 100$
Útlán í Reykjavík	3 054	4 836	63.2
Útlán utan Reykjavíkur	2 798	2 929	95.5
Samtals	5 852	7 765	75.4

Bent var á það innan nefndarinnar, að ekki megi ganga út frá því sem vísu, að allir viðskiptamenn Búnaðarbankans og Útvegsbankans haldi áfram viðskiptum sínum eftir sameininguna. Telja verður þó líklegt, að ef gerðar verða þær ráðstafanir til að styrkja fjárhagsstöðu Sameinaða bankans, sem um hefur verið rætt, sé ekki hætta á, að hann haldi ekki sínum viðskiptahlut.

Sú hugsanlega tilfærsla útlánsviðskipta frá Sameinaða bankanum til Landsbankans, sem áður er minnst á, mundi lítillega minnka þá útlánahlutdeild bankans, sem hér er sýnd, en ljóst er engu að síður, að hvað stærð snertir mundi Sameinaði bankinn geta valdið flestöllum úlánaverkefnum og veitt Landsbankanum raunhæfa samkeppni.

D. Dreifing útlána á helstu flokka lántakenda.

Nefndin gerði athugun á því, hver yrði hlutfallsleg skipting útlána Sameinaða bankans á einstakar atvinnugreinar og aðra lánsaðila. Skal tafla um þetta ekki sýnd hér, enda nægir að taka fram, að útlánadreifing Sameinaða bankans yrði í öllum meginatriðum mjög lík útlánadreifingu Landsbankans (sbr. fskj. 10).

Leggja verður ríka áherslu á, að hér er að finna eina af höfuðröksemdunum fyrir því að velja þá leið, sem hér hefur verið rætt um til fækkunar ríkisbanka. Útlán Landsbankans virðast í aðalatriðum dreifast eðlilega á helstu flokka lántakenda, en almennt er viðurkennt, að slík dreifing útlánaáhættunnar er ein meginforsenda heilbrigðs bankarekstrar.

E. Fjöldi og dreifing afgreiðslustaða.

Ef gert er ráð fyrir yfirtöku Landsbankans á útibúi Útvegsbankans í Keflavík, sameiningu aðalafgreiðslna Búnaðarbankans og Útvegsbankans í miðbænum í Reykjavík, sameiningu Austurbæjarútibús Búnaðarbankans og Laugavegsútibús Útvegsbankans, sameiningu útibúa á Akureyri, opnun útibús, sem Búnaðarbankinn hefur nú leyfi fyrir á Hólmavík, og ef gert er ráð fyrir, að umboðsskrifstofa Búnaðarbankans á Reyðarfirði verði lögð niður, yrði dreifing afgreiðslustaða (þar með taldar umboðsskrifstofur) ríkisbankanna sem hér segir:

	Fjöldi afgreiðslustaða	
	Sameinaði bankinn	Landsbankinn
Reykjavík	7	7
Reykjanes	2	4
Vesturland	2	1
Vestfirðir	2	1
Norðurland vestra	3	
Norðurland eystra	1	4
Austurland	2	3
Suðurland	4	5
Alls	23	25

Yfirlitið sýnir, að í heild verður að telja, að jafnræði yrði með bönkunum í fjölda afgreiðslustaða, og að miklu leyti má segja það sama um dreifingu afgreiðslustaðanna á landshluta.

Eins og áður segir, er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn geri áætlun um fjölda og dreifingu afgreiðslustaða ríkisbankanna tveggja, þar sem m. a. yrði stefnt að sem jafnastri afgreiðsluaðstöðu þessara banka.

Fram kemur hér á undan, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans hefði í för með sér nokkra fækkun afgreiðslustaða, og jafnframt skal bent á, að sameiningin kæmi í veg fyrir þá fjölgun afgreiðslustaða, sem væntanlega ætti sér stað, ef ríkisbankarnir væru þrír.

F. Starfsmannamál.

Ljóst er, að ef ákveðið yrði að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, hlytu að skapast margvísleg og viðkvæm vandamál í sambandi við yfirtöku Sameinaða bankans á starfsfólki frá bönkunum tveimur. Starfsfólk Búnaðarbankans var 184 talsins í árslok 1971, en starfsfólk Útvegsbankans 225.

Á þessu stigi málsins taldi nefndin ekki rétt að kanna nákvæmlega þann vanda, sem við yrði að etja í þessum efnum, en leggur áherslu á, að mjög mikilvægt er, að þessi mál verði tekin réttum tökum, ef til sameiningar kemur.“

Auk tillagna um skipulagsbreytingar á bankakerfinu, sem hér hefur að nokkru verið vikið að, tók bankamálanefnd saman drög að tillögum um breytta löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði. Vann nefndin mikið undirbúningsstarf á þessu sviði, en ekki vannst tími til að ganga endanlega frá löggjafartillögunum innan þeirra tímamarka, sem nefndinni voru sett.

Niðurstöður álits bankamálanefndar skulu ekki raktar frekar hér, enda fengu alþingismenn álitið í hendur fljótlega, eftir að það var lagt fram, og einnig hefur það verið sent öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum, ásamt fleiri aðilum, sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Frumvarp það um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér er lagt fyrir Alþingi, miðar annars vegar að því að fækka ríkisviðskiptabönkunum úr þremur í tvo með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans og hins vegar er með frumvarpinu stefnt að því að setja ríkisviðskiptabönkunum sameiginlega, nútímalega löggjöf, sem leysi af hólmi núgildandi lög um einstaka banka. Byggir frumvarpið um bæði þessi atriði á starfi bankamálanefndar og þeirri tillögugerð, sem rakin hefur verið hér á undan.

Þó að frumvarpið sé flutt sem stjórnarfrumvarp, skal það skýrt tekið fram, að einstakir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa óbundnar hendur varðandi afstöðu til einstakra þátta málsins og afgreiðslu þess í heild. Ljóst er, að nokkuð eru skiptar skoðanir um það atriði frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í einn ríkisviðskiptabanka. Það er hins vegar skoðun viðskiptaráðuneytisins, sem fer með yfirstjórn bankamála, að sú aðgerð, sem nú sé mest aðkallandi til breytinga í bankakerfi þjóðarinnar, sé einmitt sameining þessara tveggja ríkisviðskiptabanka.

Búnaðarbankinn er þegar orðinn stór banki, með nokkru meira innlánsfé en Útvegsbankinn. Hann hefur þó ekki enn fengið réttindi til almennra gjaldeyrisviðskipta. Ástæður til þess eru einkum þær, að ekki hefur þótt ástæða til að auka enn við starfslið og reksturskostnað í bönkum vegna gjaldeyrisviðskiptanna og auk þess hefur þótt eðlilegt, að gjaldeyrisviðskipti væru bundin alhliða bankarekstri með fullum skyldum til þjónustu við allar helstu atvinnugreinar landsmanna.

Eins og nú er háttað rekstri viðskiptabanka ríkisins er ljóst, að viðskipti þeirra eru mjög misjafnlega mikil við einstakar atvinnugreinar og einnig er þjónusta þeirra misjöfn í einstökum landshlutum.

Rekstur Landsbankans er þó nokkuð alhliða og virðast lánveitingar hans skiptast nokkuð eðlilega á milli atvinnugreina og landssvæða. Útvegsbankinn er hins vegar mjög bundinn af viðskiptum við sjávarútveg og Búnaðarbankinn við landbúnað og ýmiskonar viðskipti.

Með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans væri miklu auðveldara að skipuleggja rekstur þeirra þannig, að unnt væri að veita alhliða bankaþjónustu og sinna öllum helstu atvinnugreinum landsmanna, eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Með tveimur öflugum viðskiptabönkum yrði miklu auðveldara að skipuleggja útibúakerfi bankanna, án óþarfa eyðslu, þannig að það veitti þjónustu um allt land. Nú er hins vegar reyndin sú, að lítil sem engin bankaþjónusta er í heilum héruðum, þar sem þó er mikil framleiðsla og margvíslegur atvinnurekstur.

Í nútíma atvinnurekstri er góð bankaþjónusta frumskilyrði. Fyrirtækin verða sífellt stærri og stærri og til þess að hægt sé að veita stórum fyrirtækjum góða þjónustu þarf stærri banka. Sá tími er liðinn, að hægt sé að miða rekstur banka við aðeins eina starfsgrein. Landbúnaður verður ekki rekinn nema í nánum tengslum við verslun og viðskipti og víðast hvar hér á landi er sjávarútvegur, eða iðnaður, einnig nátengdur öðrum rekstri. Góður viðskiptabanki þarf því að sinna á alhliða hátt öllum atvinnurekstri, sem nauðsynlegur er á því starfssvæði, sem bankinn vinnur á.

Eins og áður er að vikið er tillagan um fækkun ríkisviðskiptabankanna í tvo aðeins einn liður í víðtækari tillögugerð bankamálanefndar, sem miðar að mjög verulegri fækkun peninga- og lánastofnana á vissu tímabili. Sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans er því aðeins fyrsti áfangi þeirrar heildarendurskoðunar bankakerfisins, sem framkvæma þarf eins fljótt og unnt er.

Í frumvarpinu er hinn nýi banki nefndur Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands. Í nefndarálitinu er talað um „Sameinaða bankann“, en jafnframt tekið fram, að í því felist ekki tillaga af hálfu nefndarinnar um nafngift bankans, ef af stofnun hans yrði. Með nafninu Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands er haldið tengslum við nöfn beggja þeirra banka, er fyrir voru. Hefur þessi háttur oft verið á hafður við sameiningu banka í nágrannalöndunum, og hefur þótt gefast vel.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á löggjöf um viðskiptabankana miðuðust við, að sett yrði almenn löggjöf um starfsemi þeirra með líku sniði og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Gerði nefndin ráð fyrir, að slík löggjöf yrði látin gilda bæði um ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka og koma að fullu eða að langmestu leyti í stað núgildandi laga um einstaka banka. Hér hefur sú leið hins vegar verið farin að leggja fram frumvarp að sameiginlegri löggjöf um starfsemi ríkisviðskiptabankanna, en jafnframt er ráðgert, að frumvarp að hliðstæðri, sameiginlegri löggjöf um hlutafélagsbankana verði lagt fram síðar. Einnig verður lögð áhersla á að ljúka sem fyrst endurskoðun löggjafar um sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga. Óhjákvæmilegt er, að ýmis nýmæli í hinum væntanlegu lögum um ríkisviðskiptabankana gildi einnig um hlutafélagsbanka, sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga, uns sett hefur verið ný löggjöf um þessar innlánsstofnanir. Er kveðið á um þessi atriði í bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins.

Eins og áður segir, vann bankamálanefndin mikið undirbúningsstarf varðandi þau tæknilegu nýmæli, sem í frumvarpinu felast. Í sambandi við endanlegan frágang frumvarpsins var leitað umsagnar ýmissa aðila um frumvarpið í heild eða einstaka þætti þess og skal þess sérstaklega getið, að tekið var tillit til ýmissa ábendinga og athugasemda, sem bárust frá bankaráðum og bankastjórnum ríkisviðskiptabankanna. Einnig er rétt að benda á, að ákvæðin um samstarfsnefnd í III. kafla frumvarpsins eru ekki frá bankamálanefndinni komin. Á hinn bóginn er tillaga um formlega samstarfsnefnd með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, í rökréttu samhengi við tillögur nefndarinnar um, að athugaðir verði möguleikar á uppstokkun úti-

búa og útlánsviðskipta ríkisviðskiptabankanna, sbr. þann kafla nefndarálitsins, sem tekinn er upp orðréttur hér að framan. Jafnframt er með ákvæðunum um samstarfsnefnd stefnt almennt að því að auka rekstrarhagkvæmni ríkisviðskiptabankakerfisins umfram það, sem ávinnast mun í þeim efnum með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins:

I. KAFLI

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að ríkisviðskiptabankarnir verði tveir, Landsbanki Íslands og Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands, í stað þriggja áður, sem er í samræmi við álit bankamálanefndar, sem vikið er ítarlega að í almennum athugasemdum hér að framan. Um nánari framkvæmd á sameiningu bankanna tveggja vísast til ákvæða til bráðabirgða og athugasemda um þau. Ákvæði málsgr. þessarar skýra sig annars sjálf, en rétt þykir að benda á, að meðal þeirra réttinda, sem Búnaðar- og Útvegsbankinn tekur við, er núverandi heimild Útvegsbankans til að versla með erlendan gjaldeyri, sbr. 19. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og ákvæði 23. gr. frumvarps þessa.

2. mgr. er efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/1941 um Búnaðarbankann, 1. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbankann og 1. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbankann.

Um 2. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna ber að skýra skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Lagt er til, að hlutverk ríkisviðskiptabankanna sé að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, sbr. 1. mgr., sem verður nánar skilgreind í IV. kafla frumvarpsins, og vísast til athugasemda um greinar þess kafla. Rétt þykir að benda á, að hér er lagt til, að fallið verði frá þeirri stefnu, að ríkisviðskiptabankarnir sérhæfi sig í þjónustu við tilteknar atvinnugreinar, eins og verið hefur hingað til, og á það sérstaklega við um Búnaðarbankann og Útvegsbankann, með það fyrir augum, að þeir geti veitt almenna og alhliða bankaþjónustu öllum greinum atvinnuvega landsmanna.

Í 2. mgr. er lagt til, að ríkisviðskiptabönkunum einum sé heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög ákveði annað. Með ákvæði þessu er ætlunin að girða fyrir það, að nýir viðskiptabankar geti hafið starfsemi hér á landi, án þess að fyrir liggi samþykki löggjafarvaldsins. Ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á starfsemi þeirra viðskiptabanka, sem nú eru reknir skv. sérstökum lögum og eru í formi hlutafélaga.

Í 3. mgr. er lagt til, að Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í formi hlutafélaga, sem starfa skv. sérstökum lögum, verði veittur einkaréttur á orðinu „BANKI“ til notkunar í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni og öðrum ótilgreindum orðum, sem benda til þess, að um seðlabanka- eða viðskiptabankastarfsemi sé að ræða. Ennfremur er lagt til, að ráðherra sá, sem fer með bankamál, geti veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. Nái ákvæði þetta fram að ganga, er ljóst, að nokkrir aðilar verða sviptir rétti til að nota orðið „BANKI“ í firma sínu. Má sem dæmi nefna, að til eru fyrirtæki hér, utan hins almenna bankakerfis, sem skírð hafa verið „Eigna-

bankinn h.f.“, „Hugmyndabankinn“ og „Verðbréfabankinn“. Eðlilegt þykir, að þeir aðilar, sem heimild hafa lögum samkvæmt, til að reka almenna bankastarfsemi hér á landi, fái einkarétt á orðinu „BANKI“, þó að það svipti nokkra aðila rétti til notkunar orðsins, sem ekki stunda almennan bankarekstur. Eins og fram kemur hér að framan er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu. Ástæðan fyrir því er sú, að sérstakar ástæður geta mælt með því, að fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru bankar í almennum skilningi þess orðs, geta átt erfitt eða ómögulegt með að finna annað jafngott orð yfir starfsemi sína, og var t. d. „Blóðbankinn“ hafður í huga í því sambandi.

Um 5. gr.

1. mgr. þarfnast ekki nánari skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. starfar veðdeild Búnaðarbankans sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðar- og Útvegsbankinn. Vegna þess hlutverks, sem deildinni er ætlað, er nafni hennar haldið óbreyttu þrátt fyrir sameiningu bankanna.

Um starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins fer eftir lögum nr. 45/1971, sbr. lög nr. 68 frá 30. apríl 1973.

Hér er gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin verði tengd Búnaðar- og Útvegsbankanum með sama hætti og Búnaðarbankanum áður.

Um 6. gr.

Nokkrar fjárfestingarlánastofnanir og sjóðir eru nú í rekstrartengslum við Búnaðarbankann eða Útvegsbankann án þess að teljast „deildir“ í þessum bönkum. Hafa þessi tengsl ýmist komist á með ákvæðum í löggjöf eða með samningum.

Enda þótt slík rekstrartengsl haldist óbreytt eftir sameininguna, vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þótti rétt að leggja áherslu á þetta atriði með ákvæðum 6. gr.

II. KAFLI

Um 7. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 8. gr. núgildandi laga um Landsbankann og Útvegsbankann. Skv. 53. gr. núgildandi laga um Búnaðarbankann fer ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, með umsjón bankans. Eðlilegt þykir að leggja til í frumvarpi þessu, vegna sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans, að sami ráðherra, þ. e. ráðherra sá, sem fer með bankamál, hafi yfirstjórn ríkisviðskiptabankanna beggja.

Í 2. mgr. er nauðsyn að geta þess, að umsjón (yfirstjórn) Veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins er í höndum ráðherra þess, sem fer með landbúnaðarmál, en ekki ráðherra þess, sem fer með bankamál, en það er undantekning frá hinni almennu reglu.

Í 3. mgr. er lagt til, að bankastjórn hvors ríkisviðskiptabanka sé skipuð þremur mönnum. Skv. núgildandi lögum um Landsbankann og Útvegsbankann eru þrír bankastjórar við hvorn banka, en í Búnaðarbankalögunum er ákvæði um einn bankastjóra og bankaráði heimilað að ráða annan að fengnu samþykki ráðherra.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða gildandi ákvæðum um Landsbankann og Útvegsbankann að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir, að bankaráð sé skipað sjö mönnum í stað fimm eins og nú er hjá nefndum bönkum. Í núverandi bankaráði Búnaðarbankans sitja einnig fimm menn.

Að undanförnu hefur sá háttur verið á hafður að kjósa sjö menn í opinberar stjórnir og ráð og má til nefna stjórnir Framkvæmdastofnunar ríkisins og Viðlagasjóðs. Er hér lagt til, að sami háttur verði á hafður um skipan bankaráða

ríkisviðskiptabankanna, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um gildistöku ákvæðis þessa gagnvart Landsbankanum.

Eðlilegt þykir að halda ekki í frumvarpi þessu ákvæðum 2. mgr. 9. gr. laga um Landsbankann og Útvegsbankann, sem kveða á um, að bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skuli búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæði gr. þessarar er efnislega samhljóða 10. gr. laga um Landsbankann og Útvegsbankann, að slepptri síðustu setningu 1. mgr., sem fjallar um aðstoðarbankastjóra, en þeim eru gerð skil í 11. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Skv. núgildandi lögum um Landsbankann ræður bankaráð eftirtalda starfsmenn, án tillagna frá bankastjórn: aðalféhirði, aðalbókara, forstöðumann endurskoðunardeildar og útibúa utan Reykjavíkur. Sama gildir um Útvegsbankann að undanskildum forstöðumanni endurskoðunardeildar, sem ekki er nefndur í hliðstæðri lagagrein í Útvegsbankalögunum. Lög Búnaðarbankans kveða á um, að bankaráð skipi aðalbókara og aðalféhirði.

Í 1. mgr. er lagt til, að bankaráð ráði, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segi þeim upp starfi. Þykir eðlilegt, að bankastjórar ríkisviðskiptabankanna eigi tillögurétt um stöður þessar innan sinnar stofnunar, þar sem þær eru svo nátengdar störfum þeirra sjálfra.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að bankaráð ríkisviðskiptabanka ráði forstöðumenn endurskoðunardeilda bankanna, án tillagna frá viðkomandi bankastjórn. Heyra endurskoðunardeildir því undir bankaráð og er það eðlilegt, ef tekið er tillit til innri uppbyggingar bankanna.

Í frumvarpi þessu er ekki sagt berum orðum, hverjir ráði aðra starfsmenn bankanna og segi þeim upp starfi. Þykir óþarfi að nefna það, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóta það að vera bankastjórnirnar, sem annast daglega stjórn bankanna og standa fyrir rekstri þeirra.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér eru taldir upp fimm málaflokkar, sem lagt er til, að bankaráð skuli ávallt taka ákvarðanir um að fengnum tillögum bankastjórna. Eru þeir það mikilvægir fyrir starfsemi og stefnumótun bankanna, að ástæða þykir til að nefna þá sérstaklega. Að sjálfsögðu fjalla bankaráð um önnur mál, er varða starfsemi bankanna annað hvort að sjálfsdáðum eða skv. tillögum bankastjórna, sbr. 2. mgr. greinarinnar og önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 14. gr.

Greinin er að meginefni samhljóða hliðstæðum greinum í núgildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Um 15.—17. gr.

Efnislega eru greinar þessar samhljóða þeim ákvæðum laga, sem um þessi mál gilda nú.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við núgildandi ákvæði, og þá venju, sem skapast hefur að undanförnu, um ákvörðun launa þeirra starfsmanna ríkisviðskiptabankanna, sem nefndir eru í 3. mgr.

III. KAFLI

Um 19.—21. gr.

Að þessum kafla frumvarpsins er vikið í almennum athugasemdum hér að framan. Eins og fram kemur þar, er hér um nýmæli að ræða. Þrátt fyrir það, að hér sé um nýmæli að ræða, er efni kaflans um samstarfsnefndina þannig vaxið, að það þarfnast ekki nánari skýringa hér.

IV. KAFLI

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið bankastarfsemi. Semjendur frumvarpsins álíta, að þessi skilgreining komist næst því, sem almennt er álitið felast í hugtakinu bankastarfsemi, þ. e. miðlun á peningum og lánsfé ásamt annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, hefur verið fallið frá þeirri stefnu að afmarka starfsemi ríkisviðskiptabankanna við ákveðnar atvinnugreinar, heldur eru þeir gerðir að alhliða viðskiptabönkum, sem eiga að geta þjónað landsmönnum og atvinnuvegum þeirra á öllum sviðum bankastarfsemi.

Með ákvæði 1. mgr. er fallið frá þeirri venju að tíunda, hvernig viðskiptabankar leysi hlutverk sitt, sbr. eftirfarandi upptalningu, sem er 5. gr. laga um Landsbankann:

„Hlutverk sitt leysir Landsbankinn af hendi með því:

a. Að taka fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.“

Með ákvæðum 1. mgr. er síður en svo verið að þrengja starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna frá því, sem nú er, og má segja, að í ákvæðum 1. mgr. felist öll þau atriði, sem talin eru í a—g liðum 5. gr. Landsbankalaganna, auk annarra atriða, sem fólgin eru í banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

2. mgr. takmarkar starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna innan ramma frumvarps þessa.

Um 23. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að báðir ríkisviðskiptabankarnir hafi heimild til þess að versla með erlendan gjaldeyri. Við sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans öðlast hinn sameinaði banki, Búnaðar- og Útvegsbankinn, núverandi heimild Útvegsbankans til að versla með erlendan gjaldeyri.

Innstæður, sem ríkisviðskiptabankarnir eignast erlendis umfram eðlilegar viðskiptaþarfir, verður að skoða sem hluta af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem landið ræður yfir. Skv. lögum er Seðlabankanum falið að varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsins. Þykir því eðlilegt, að Seðlabankinn geti fengið keyptan slíkan gjaldeyri, ef hann telur nauðsyn bera til, t. d. vegna ástands gjaldeyrismála. Það er á sama hátt nauðsynlegt, að lántökur bankanna erlendis séu innan marka eðlilegra viðskiptaþarfa, og að jafnaði ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn geti fylgst með slíkum lántökum ríkisviðskiptabankanna.

Um 24. gr.

Hér er um nýmæli að ræða bæði í 1. og 2. mgr. Lagt er til, að ríkisviðskiptabönkunum sé óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirra eða vegna líklegrar aukningar á starfseminni. Rök fyrir þessu ákvæði eru þau, að óeðlilegt þykir, að ríkisviðskiptabankarnir geti fest laust fé sitt í fasteignum, enda samrýmist það ekki hlutverki þeirra skv. 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að bankarnir geti leigt út húsnæði, enda sé það í byggingu, sem sé að megintilgangi ætluð starfsemi bankans. Sérstaklega á þetta við um byggingar útibúa bankanna, þar sem opinberir aðilar eru oft leigjendur.

Í 2. mgr. er ríkisviðskiptabönkunum veitt heimild til að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum og stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem er skyld bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Í þessu sambandi skal tekið fram, að Landsbankinn er nú t. d. eignaraðili að Útflutningslánasjóði, skv. sérstakri lagaheimild, og hann á hlut í The Scandinavian Bank Ltd, sem hefur aðsetur í London.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að yfirtaka eigna sé heimil, t. d. þegar banki eignast fasteign á nauðungaruppboði. Óraunhæft þykir að setja ákveðna fresti fyrir bankana til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torseljanlegar, sbr. veð ríkisviðskiptabanka í ýmsum atvinnufyrirtækjum.

Um 26. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru í samræmi við núverandi framkvæmd á þessu sviði hjá innlánsstofnunum og þarfnast greinin því ekki nánari skýringa.

Rétt er þó að taka fram, að til álita gæti komið að setja í lög ákvæði eins og tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum, að krafist sé fullkominnar nafnskráningar við opnun innlánsreikninga. Ekki þótti þó rétt að gera tillögu um það hér, þar sem núverandi fyrirkomulag í þessum efnum hefur tíðkast hérlendis um langt skeið og vandséð er hvaða áhrif breyting á því mundi hafa.

Um 27. gr.

Æskilegt er, að innlánsstofnanir leyti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxtaákvörðunarvalds bankans.

Um 28. og 29. gr.

Samhljóða núgildandi ákvæðum.

Um 30. gr.

Önnur gr. laga nr. 14/1905 kveður m. a. svo á, að kröfur á hendur banka um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í bankann, fyrnist á 20 árum. Tilkynningarfrest mætti setja í reglugerð.

Önnur mgr. er efnislega í samræmi við núgildandi ákvæði.

Um 31. gr.

Í 5. gr. núgildandi laga um Landsbanka og Útvegsbanka segir m. a., að þessum bönkum sé heimilt að:

Kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir,
kaupa og selja verðbréf,
veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

Nokkuð hliðstæð ákvæði er að finna í 7. gr. laga um Búnaðarbankann. Önnur

ákvæði, sem varða tryggingar fyrir útlánum er ekki að finna í núgildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skuli að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð, sbr. 2. mgr.

Á síðari árum hefur það farið í vöxt, að bankarnir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag og noti þessar upplýsingar til að meta almennt lánshæfi viðkomandi aðila. Ljóst er, að í framtíðinni verður slíkum vinnubrögðum beitt í vaxandi mæli við afgreiðslu á lánsumsóknum. Með hliðsjón af þessari þróun, sem telja verður eðlilega og æskilega, er ríkisviðskiptabanka í 2. mgr. heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati bankans á afkomu og efnahag lántaka. Í slíkum tilfellum skal bankinn fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru ekki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem bankinn aflar um afkomu og efnahag lántaka né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati bankans og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni. Telja verður því t. d., að hin svokölluðu sparilán Landsbankans mundu samrýmast þessum kröfum, þar sem bankinn byggir lánveitinguna á því, að lántakinn hefur sparað reglulega í bankanum og sýnt fyllstu reglusemi í þeim viðskiptum. Einnig kemur hér til, að lánin endurgreiðast með mánaðarlegum greiðslum á 1—4 árum.

Um 32. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru til komin vegna þeirrar áhættu, sem í því getur falist, ef viðskiptabanki lánar einum viðskiptaaðila mjög háar upphæðir miðað við eigið fé bankans. Við mat á þessari áhættu þarf að sjálfsögðu að taka tillit til öryggis þeirra trygginga, sem settar hafa verið fyrir lánunum og vitneskju bankans um fjárhagslegan styrk lántaka.

Nefna má, að í almennri viðskiptabankalöggjöf í Danmörku og Noregi eru nákvæmar reglur settar um hámark lánveitinga til eins viðskiptaaðila, þar sem tekið er mið af eigin fé bankans og þeim tryggingum, sem fyrir lánunum eru. Í viðskiptabankalöggjöf Finnlands og Svíþjóðar eru hins vegar almenn ákvæði um þetta efni í líkingu við ákvæði frumvarpsgreinarinnar. Þar sem um nýmæli er að ræða í viðskiptabankalöggjöf hérlendis, þótti ekki rétt að leggja til, að lögfestar yrðu flóknar og ófrávíkjanlegar reglur um þetta atriði.

Um 33. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. laga um Landsbankann og Útvegsbankann eru ákvæði, sem banna bankastjórum og starfsmönnum að vera skuldskeyttir viðkomandi banka, sem skuldunautar eða ábyrgðarmenn annarra. Hliðstætt ákvæði er í 2. mgr. 56. gr. laga um Búnaðarbankann. Ákvæði þessi í Búnaðar- og Landsbankalögum veita undanþágu, er varða skuldbindingar, sem þessir aðilar stofna til við veðdeildir bankanna.

Í 1. mgr. er lagt til, að bann við skuldaskeytingu nái til allrar yfirstjórnar banka og útibúa, hvort sem þeir aðilar séu kjörnir eða ráðnir til starfa, þingkjörinna endurskoðenda og maka allra þeirra, sem taldir eru í málsgreininni. Ákvæðinu er ætlað að koma m. a. í veg fyrir, að þessir aðilar geti notað aðstöðu sína, innan viðkomandi banka, í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn, er lagt til í 2. mgr., að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér, að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinna hjá eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar. Ákvæði hliðstæð þessu er að finna í viðskiptabankalögum á Norðurlöndum.

Ákvæði 3. mgr. er ekki í núgildandi lögum um ríkisviðskiptabankana, en hliðstætt ákvæði er að finna í reglugerð fyrir Seðlabankann.

Í 4. mgr. er lagt til, að hlutaðeigandi bankastjórn meti í hverju tilviki, hvort ástæða sé til að breyta áður gerðum skuldbindingum bankaráðsmanna, varamanna þeirra eða þingkjörinna endurskoðenda við hlutaðeigandi banka. Ákvæði þetta kemur m. a. í veg fyrir framlengingu á áður umsömdu láni, meðan aðilar þessir eru í þessum tengslum við bankann. Síðasta setning 4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Um 34. gr.

Þau ákvæði í núgildandi lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka, sem miða að því að tryggja lausafjárstöðu þeirra, eru í 6. gr. laga um Landsbankann, 6. gr. laga um Útvegsbankann og 8. gr. laga um Búnaðarbankann. Er í öllum þessum ákvæðum m. a. að finna fyrirmæli um, að bankarnir skuli eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í „tryggum og auðseldum verðbréfum".

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lausafjárstöðu banka og annarra innlánsstofnana.

Með frumvarpsgreininni er reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé bankanna sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

VI. KAFLI

Um 35. gr.

1. málsl. 1. málsgr. er í samræmi við núgildandi ákvæði, en í 2. málsl. er það nýmæli, að kveðið er á um sérstaka greinargerð sem hluta árlegra reikningsskila, auk rekstrarreiknings og efnahagsreiknings. Segir í 3. málsgr., að í greinargerðinni skuli veita upplýsingar um atriði, sem skipta verulegu máli í sambandi við mat á efnahag og rekstrarafkomu bankans, en ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi. Í greinargerð gæti t. d. verið ástæða til að skýra þær eignaafskriftir, sem teknar eru inn í ársuppgjörið, bera saman opinber möt fasteigna (fasteignamat, brunabótamat) og bókfært verð, eða vekja máls á sérstökum tilvikum, sem haft hafa veruleg áhrif á rekstrarafkomu ársins.

Í 2. málsgr. er vísað til ákvæða í lögum um bókhald (nr. 51/1968) að því er varðar gerð rekstrar- og efnahagsreiknings. Jafnframt er bankaeftirlitinu heimilað að setja reglur um sameiginleg form ársreikninga allra ríkisviðskiptabankanna. Vegna eftirlitsstarfa sinna og skýrslugerða hefur bankaeftirlitið um nokkurt skeið innheimt rekstrar- og efnahagsreikninga frá viðskiptabönkunum í samræmdu formi, en engu að síður er enn nokkuð mismunandi, hvernig einstakir bankar setja reikninga sína upp og birta þá opinberlega. Eðlilegt er, að bankaeftirlitið fái ótvíræða heimild til að gangast fyrir frekari samræmingu á þessu sviði.

Um 36. gr.

Ákvæði 1. töluliðs 1. málsgr. eru í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um bókhald að öðru leyti en því, að hér segir, að tilgreindar eignir skuli meta í efnahagsreikningi á tiltekinn hátt, en í bókhaldslögunum er þetta orðað þannig, að eignirnar beri að jafnaði að meta með þessum hætti.

Að því er varðar fasteignir er þó í 2. tölulið heimild til fráviks frá hinni almennu matsreglu í 1. tölulið. Frekari ákvæði um bókhaldslega meðferð í slíkum tilvikum eru í 2. málsgr. og er ástæðan fyrir þeim fyrirmælum sú, að æskilegt er,

að sérstakur eiginfjárreikningur sýni á hverjum tíma þá heildarhækkun á bókfærðu verði fasteigna, sem framkvæmd hefur verið skv. nefndri heimild í 2. tölulið 1. málsgr.

Reglurnar í 3. tölulið um mat á útlánum og öðrum útistandandi kröfum eru efnislega í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um bókhald.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkru fyllri en ákvæði sama efnis í núgildandi lögum, en telja verður, að greinin þarfnist ekki ítarlegra skýringa.

Tímamörk varðandi lok reikningsskila eru ekki í núgildandi löggjöf bankanna, en í reglugerðum Landsbanka og Útvegsbanka segir, að ársreikninga skuli birta í B-deild Stjórnartíðinda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

Um ákvæði 5. málsgr. vísast til umsagnar um 35. gr. hér á undan.

VII. KAFLI

Um 38., 39. og 40. gr.

Í 1. málsgr. 38. gr. er gert ráð fyrir, að haldið sé því fyrirkomulagi, að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur fyrir hvorn ríkisviðskiptabanka til tveggja ára. Ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar er hins vegar nýmæli, en þar er kveðið á um, að hafi hvorugur hinna þingkjörnu endurskoðenda löggildingu sem endurskoðandi, skuli þeir, að fengnu samþykki ráðherra, ráða löggiltan endurskoðanda sér til ráðuneytis um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Í 39. gr. er mælt fyrir um, að við hvorn ríkisviðskiptabanka skuli starfa endurskoðunardeild, sem annast skal um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, og í 40. gr. segir m. a., að hinum þingkjörnu endurskoðendum sé heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar.

Ákvæði þessara frumvarpsgreina verður að skoða í ljósi þeirra staðreynda, að fjölþættari starfsemi og vaxandi umsvif banka og annarra innlánsstofnana, ásamt breyttri tækni við bókhald og á fleiri sviðum, krefst aukinnar faglegrar þekkingar af þeim, sem við endurskoðun fást í þessum stofnunum og breyttrar skipulagningar þessara starfa. Má benda á, að á Norðurlöndum hafa kröfur til faglegrar þekkingar þeirra, sem ábyrgð bera á endurskoðun hjá innlánsstofnunum, farið sífellt vaxandi, og inn í mörg þau lög, sem slíkar stofnarnir varða, er nú komið ákvæði um, að löggiltur endurskoðandi skuli eiga aðild að endurskoðuninni. Telja verður, að skipulag og framkvæmd endurskoðunar hjá innlánsstofnunum hér á landi kalli á ýmsar breytingar, sérstaklega hjá minni stofnunum, þar sem innra eftirliti kann að vera ábótavant, en breytingar eru einnig æskilegar í þessu efni hjá ríkisviðskiptabönkunum.

Með ákvæðum frumvarpsins er það skref þó ekki stigið til fulls að gera að skyldu, að löggiltur endurskoðandi standi fyrir endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka. Bent skal á í því sambandi, að sá löggilti endurskoðandi, sem þingkjörnir endurskoðendur kunna að fá sér til ráðuneytis skv. 2. málsgr. 38. gr., ber ekki ábyrgð á endurskoðuninni og áritar ekki ársreikningana, sbr. 41. gr.

Í heild er með ákvæðum 38., 39. og 40. gr. miðað að aukinni faglegri þekkingu þeirra, sem að endurskoðun starfa hjá ríkisviðskiptabönkunum, jafnframt því sem stefnt er að breytingum á skipulagi og framkvæmd þessa starfsþáttar í samræmi við þær breyttu aðstæður í þessum efnum, sem vikið var að hér á undan.

Um 41. gr.

Hér er kveðið á um áritun hinna þingkjörnu endurskoðenda á hin árlegu reikningsskil og um það, hvernig þeir skulu gera frekari grein fyrir endurskoðun á árinu og niðurstöðum hennar.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VIII. KAFLI

Um 43. og 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

IX. KAFLI

Um 45. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru í samræmi við núgildandi ákvæði um ríkisviðskiptabankana, en í lok 1. mgr. er nýmæli, sem þykir rétt að setja m. a. með tilliti til þess, að ríkisviðskiptabankarnir greiða nú landsútsvar.

Um 46., 47. og 48. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 49. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að hér er notað tækifæri til þess að fella úr gildi lög um sveitabanka og Ríkisveðbanka Íslands, en bæði þessi lög hafa verið í gildi yfir fjóra áratugi án þess að ákvæði þeirra hafi nokkurn tíma komið til framkvæmda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 1.—3. tölulið.

Samkvæmt 1. málsgr. 49. gr. öðlast lögin gildi 30. september 1974 og fyrr tekur hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbankans ekki formlega til starfa. Hins vegar ber nauðsyn til, að bankaráðið komi saman áður til undirbúnings ýmissa ráðstafana í sambandi við sameininguna. Er því í 49. gr. gert ráð fyrir slíkum undirbúningsstörfum bankaráðsins fyrir gildistöku meginefnis laganna.

Í samræmi við þetta er í 1. tölulið bráðabirgðaákvæðanna mælt fyrir um, að hið nýja bankaráð skuli kosið þegar er lögin hafa hlotið staðfestingu. Í næstu tveim bráðabirgðaákvæðum er síðan að finna dæmi um mál, sem koma munu til kasta bankaráðsins, áður en hinn nýi banki tekur formlega til starfa.

Annars vegar er þar um að ræða undirbúning ráðningar þeirra bankastjóra, sem kveðið er á um í frumvarpinu. Samkvæmt 2. tölulið bráðabirgðaákvæðanna fellur umboð bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands niður við gildistöku laganna og ganga verður frá ráðningu bankastjóra, áður en viðskipti hefjast þriðjudaginn 1. október 1974.

Hins vegar kemur hér til það, að í 3. tölulið bráðabirgðaákvæðanna er mælt fyrir um tilnefningu þriggja manna til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úr höndum bankaráða og bankastjóra bankanna. Þessir menn skulu tilnefndir, áður en lögin öðlast gildi, og skal einn þeirra valinn af bankaráði hins nýja banka, en Búnaðarbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna sinn manninn hvor.

Það fyrirkomulag, sem hér er haft á formlegri yfirtöku eigna og skulda við sameininguna, þarfnast ekki skýringa, en nefnt skal, að hliðstætt fyrirkomulag hefur áður verið notað við breytingar á skipulagi opinberra stofnana, sbr. lög nr. 66/1966 um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð og lög nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands.

Til þess að valda sem minnstri röskun á starfsemi Landsbankans við gildistöku laga þessara er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að nýtt bankaráð verði ekki kjörið

fyrir Landsbankann, fyrr en að loknu yfirstandandi kjörtímabili núverandi bankaráðs, og í öðru lagi er gert ráð fyrir, að núverandi bankastjórar hans haldi umboðum sínum.

Um 4. tölulið.

Hér er tekið fram, að bankaráði sé heimilt að reka Búnaðar- og Útvegsbankann sem tvær reikningslega aðskildar einingar til 30. júní 1975, enda þótt bankinn komi fram sem persóna að lögum frá gildistöku laganna.

Þetta þýðir, að til júníloka 1975 getur hvor bankanna um sig komið fram sem sjálfstæð reikningsleg eining út á við. Í ákvæðinu felst, að allt til loka frestsins má notast við það innra skipulag hvors banka, sem nú er fyrir hendi, en það gefur stjórnendum hins nýja banka m. a. aukið svigrúm til að takast á við þau vandamál, sem fylgja munu yfirtöku á starfsfólki frá bönkunum tveimur, sbr. það, sem um þau mál segir undir 7. tölulið hér á eftir.

Um 5. tölulið.

Þetta ákvæði felur það í sér, að eigi síðar en 1. janúar 1976 skulu að fullu hafa verið sameinaðar allar þær deildir í núverandi aðalstöðvum Búnaðarbankans og Útvegsbankans, sem hliðstæðar eru. Einnig hefði hinn nýi banki frá sama tíma aðeins einar aðalstöðvar, eftir því sem nánar verður ákveðið af stjórn hans.

Um 6. tölulið.

Miðað við núverandi aðstæður felst m. a. í þessu ákvæði skylda til að sameina fyrir 1. janúar 1976 annars vegar Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og Laugavegsútibú Útvegsbankans og hins vegar útibú þessara banka á Akureyri.

Um 7. tölulið.

Í kaflanum um hugsanlega sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í álitsgerð bankamálanefndar, sem tekinn er upp orðréttur hér á undan, leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess, að starfsmannamálin verði tekin réttum tökum, ef til sameiningar kemur.

Ein höfuðröksemdin fyrir sameiningu banka almennt er sú aukna rekstrarhagkvæmni, sem að vissu marki leiðir af myndun stærri rekstrareininga, en hún kemur m. a. fram í fækkun starfsfólks. Horfast verður því í augu við þá staðreynd, að með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans er stefnt að fækkun núverandi starfsliðs þessara banka og felst í þessu önnur hlið þess vanda í starfsmannamálum, sem leysa þarf í kjölfar sameiningarinnar. Hin hlið vandans er sú, að jafnvel þótt starfsmanni verði ekki sagt upp starfi, er sú hætta fyrir hendi, að staða hans hjá hinum nýja banka verði ekki jafn góð og hún var hjá Búnaðarbankanum eða Útvegsbankanum. Sérstaklega á þetta við um ýmsa af starfsmönnum í aðalstöðvum bankanna og í þeim útibúum, sem sameinuð kunna að verða.

Rétt er þó að benda á, að líklegt er, að þessi vandamál verði auðveldari viðfangs en ætla mætti í fljótu bragði. Kemur hér annars vegar til, að alltaf er nokkuð af starfsfólki hjá bönkunum, sumt af því lausráðið, sem aldrei hefur haft í huga að starfa þar til langframa. Vegna þessa, og af öðrum ástæðum, hljóta á nokkru tímabili að losna ýmsar stöður hjá Búnaðar- og Útvegsbankanum án þess að fólki sé sagt upp starfi. Ef nýtt fólk er ekki ráðið í staðinn, leysist þar með hluti af umræddu vandamáli. Hins vegar ber að hafa í huga, að af eðlilegum ástæðum eykst starfsemi bankakerfisins hérlendis með ári hverju og að öðru jöfnu þarf aukið starfslið til að sinna auknum verkefnum. Má búast við því, að aukning á starfsemi Búnaðar- og Útvegsbankans muni stuðla að lausn starfsmannavandamálsins án þess að með því sé á nokkurn hátt rýrð sú hagkvæmni, sem af sameiningunni mun leiða.

Þrátt fyrir það, sem nú hefur verið rakið, er fullljóst, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans verður ekki framkvæmd án þess að það valdi röskun á stöðu og högum einhverra af núverandi starfsmönnum bankanna. Við meðferð þessara mála verður að taka tillit til þess, að bankarnir hafa siðferðilegar skyldur að rækja við starfsfólk sitt umfram þær skuldbindingar, sem fram koma í reglugerð um störf og launakjör starfsmanna bankanna. Má í þessu sambandi nefna, að samkvæmt gildandi launareglugerð má segja fastráðnu starfsfólki bankanna upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Með fyrirmælum og heimildarákvæðum í 7. tölulið bráðabirgðaákvæðanna er að því stefnt, að draga úr röskun á stöðu og högum fastráðins starfsfólks við sameininguna. Skýra þessi ákvæði sig sjálf, en rétt þykir þó að taka fram, að bankinn, en ekki viðkomandi lífeyrissjóðir, mun bera þann aukakostnað, sem leiða kann af ákvæði b-liðs þessa tölulíðs.

Um 8. tölulið.

Vegna nýmæla þeirra, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu varðandi endurskoðun í ríkisviðskiptabönkunum, þykir rétt að gera ráð fyrir því, að nýir þingkjörnir endurskoðendur verði valdir skv. ákvæðum 38. gr. Eðlilegt þykir, að kjörtími hinna nýju endurskoðenda verði til ársloka 1976, en þá verður einnig kosið í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

Um 9. tölulið.

Ákvæði þessa tölulíðs um 400 millj. kr. nýtt stofnfé til Búnaðar- og Útvegsbankans, sem ríkisstjórninni sé heimilt að taka að láni hjá Seðlabankanum, er efnislega í samræmi við tillögur bankamálanefndar, sem teknar eru upp í hinar almennu athugasemdir hér að framan. Um röksemdir fyrir ákvæði þessu vísast til þess, sem þar er sagt.

Um 10. tölulið.

Í hinum almennu athugasemdum með frumvarpinu er gerð grein fyrir fyrirhugaðri endurskoðun löggjafar um hlutafélagsbanka, sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga, og tekið fram, að þangað til sú löggjöf hefur verið samþykkt, verði ýmis nýmæli í endurskoðuðum lögum um ríkisviðskiptabankana einnig að gilda um aðrar innlánastofnanir. Er í þessum lið ákvæða til bráðabirgða mælt fyrir um þessi atriði.“

Sþ. 307. Tillaga til þingsályktunar [146. mál]

um velfarnað sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir til að auka velfarnað íslenskra sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Nefndin skal sérstaklega athuga eftirtalin atriði:

1) Hvernig tryggja megi, að í íslenskum skipum verði ekki aðeins sjónvarp, heldur og myndsegulbandstæki.
2) Hvernig unnt verði að láta festa á segulbönd íslenskt efni, þar á meðal sjónvarpsdagskrár, og lána böndin til skipa.

3) Hvort Ísland getur með því að gerast aðili að norrænum eða alþjóðlegum samtökum tryggt sjómönnum þjónustu, þ. á m. lán á kvikmyndum og segulböndum, í erlendum höfnum.

Nefndin skal skipuð þannig, að Sjómannasamband Íslands tilnefni einn mann, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annan, en hinn þriðji sé skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Greinargerð.

Skipaeign Íslendinga, bæði farskip og fiskiskip, fer stöðugt vaxandi og hefur endurnýjun verið ör. Jafnframt hefur orðið mikil framför í aðbúnaði áhafna ekki síður en í almennum tæknibúnaði skipanna.

Margt er samt sem áður ógert til að gera sjómönnum kleift að nota frjálsar stundir um borð á sem bestan og heilbrigðastan hátt, efla félagslíf áhafna og gefa þeim kost á að njóta svipaðrar þjónustu og fólk í landi hefur af sjónvarpi og kvikmyndum.

Nokkur íslensk skip hafa 16 mm kvikmyndavélar um borð, en hér á landi er mjög takmarkað úrval mynda, sem unnt er að lána til skipanna, sérstaklega ef ferðir þeirra eru langar. Helsta kvikmyndasafn landsins einbeitir kröftum sínum að skólum og fræðslu, en hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að eignast mörg eintök af myndum eða kaupa langar myndir.

Þá hafa nokkur skip fengið myndsegulbandstæki, sem tengd eru við sjónvarpstæki. Þau breiðast nú ört út í skipum um allan heim, og er sú tækni talin henta þessu verkefni mjög vel. Þegar skipin eru nærri íslenskum eða erlendum sjónvarpsstöðvum, er hægt að taka upp dagskrár, þannig að sjómenn geti notið þeirra, hvenær sem frívaktir þeirra eru. Erlendis, t. d. í Noregi, er skipulögð starfsemi til að festa alls konar efni á myndsegulbönd og lána um borð í skip, þannig að sjómenn missi ekki af besta sjónvarpsefni, þótt þeir séu fjarri heimahögum, þegar það er sent út. Einnig er hægt að setja kvikmyndir á segulbönd, svo og ýmislegt annað efni, heil fræðslunámskeið, kennslu í meðferð öryggistækja og hvað eina.

Í þessu sambandi hafa komið upp flókin vandamál varðandi höfundarrétt, en þau á að vera unnt að leysa. Ríkisútvarpið hefur að vísu sýnt því máli furðulegt áhugaleysi og hefur ekki enn komið því til leiðar, eftir 10 ára sjónvarp, að unnt sé að fá til sýninga í skólum nokkurn dagskrárlið, hversu æskilegt fræðsluefni sem hann kann að vera, eftir að sjónvarpið hefur notað hann sjálft. Verður því ekki trúað að óreyndu, að starfsfólk sjónvarpsins standi í vegi fyrir lausn á þessu máli, enda væri sjálfsagt að ákveða sameiginlega höfundargreiðslu í einhverja sjóði þess, þegar efni er tekið upp til endursýningar í skipum eða skólum, hvort sem er á filmu eða myndsegulband.

Það er svo útbreidd skoðun, að sjómenn eyði tíma sínum í erlendri höfn einungis í svall, að samtök þeirra hefðu fyrir löngu átt að gera ráðstafanir til að spyrna gegn henni. Í þeim efnum eru sjómenn án efa misjafnir eins og annað fólk, en óréttlátt að dæma þá sem heild. Hitt er sönnu nær, að þeir hafi ekki haft aðstöðu til að hagnýta sér margvíslega þjónustu, sem t. d. hin Norðurlöndin halda uppi fyrir sína sjómenn í erlendum höfnum. Þar á meðal eru lán á sýningarefni fyrir kvikmyndavélar eða myndsegulbandstæki. Þarf að kanna það mál vandlega, enda fer þeim sífellt fjölgandi, sem íslensk skip koma til, og á síðari árum hefur það gerst í vaxandi mæli, að íslensk skip með íslenskum áhöfnum séu í langvarandi siglingum milli erlendra hafna.

Margt kemur fleira til greina, og mundi könnun á viðhorfum sjómanna sjálfra án efa leiða í ljós óskir og hugmyndir. Svo mikilvæg sem sjómannastéttin er þjóðinni er ástæðulaust að útgerðarfélög leggi ekki fram þann kostnað, sem kann að verða við bætta aðstöðu í þessum efnum.

Sþ. **308. Tillaga til þingsályktunar** [147. mál]

um orkusparnað.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á orkubúskap Íslendinga og að hefja markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar og draga úr henni, þar sem þess er kostur.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

Miklar umræður um orkumál hafa farið fram hér á landi á síðustu missirum. Almenningi er nú að verða ljóst, að Íslendingar eru um lífskjör sín mjög háðir orku, bæði aðkeyptri og innlendri, og að þjóðinni er nauðsyn á því að gera heildarúttekt á orkubúskap sínum. Niðurstaða slíkrar úttektar gæti svo orðið grundvöllur að aðgerðum til að tryggja stöðu þjóðarinnar í þeirri orkukreppu, sem nú veldur jarðarbúum örðugleikum.

Mikið er rætt um hér á Íslandi að nýta jarðvarma og raforku unna með innlendum orkugjöfum í stað innflutts eldsneytis. Á s. l. ári var flutt inn eldsneyti að verðmæti yfir 10 milljarða króna og er það einn veigamesti þátturinn í óhagstæðum greiðslujöfnuði þjóðarbúsins út á við. Enn eru fram undan miklar hækkanir á olíu, enda fyrirsjáanlegt að hún muni ganga til þurrðar á næstu áratugum. Þótt kolabirgðir jarðar endist mannkyni í nokkrar aldir, þá erum við illa búnir nú til þess að taka þann orkugjafa aftur í notkun í stað olíunnar.

En þótt varmi og raforka séu unnin með innlendum orkugjöfum, þá er ekki þar með sagt að gjaldeyrisútgjöldum linni að sama skapi. Orkuverin og dreifingarkerfin eru gerð úr innfluttu efni og öll fjárfesting á þessu sviði er að miklu leyti gerð fyrir erlent lánsfé og notkun þess fylgir hár erlendur kostnaður.

Þjóðir heims leggja nú sívaxandi áherslu á orkusparnað sem eina af þeim leiðum, sem fara verður til þess að mæta áhrifum orkukreppunnar. Hafa margvíslegar aðgerðir til orkusparnaðar fengið forgangsröð hjá ríkisstjórnum Vesturlanda.

Hér á landi er ekki síður ástæða til þess að hefja samræmdar aðgerðir til orkusparnaðar. Með því að skera niður orkunotkun sína getur þjóðin bæði minnkað innflutning á eldsneyti og eins dregið úr þörf fyrir stöðugt nýjar virkjanir og stækkun orkuflutningskerfa. Stjórnvöld eiga og verða að hafa virka forustu um aðgerðir til orkusparnaðar, en af einstökum aðgerðum mætti nefna:

1. Auknar kröfur til orkunýtingar við húshitun og heimilishald.

Gera mætti auknar kröfur um einangrun húsa, gluggastærðir, sjálfvirk stjórntæki og aðra þá þætti, sem minnkað geta orkuþörf við húshitun og loftræstingu húsnæðis. Talið er líklegt að fram til næstu aldamóta verði byggt jafnmikið húsnæði og nú er fyrir í landinu, þannig að mikilvægt er að byggingarlöggjöf verði nú breytt á þann hátt, að hús verði framvegis byggð með það í huga, að orkuþörf til hitunar þeirra verði sem minnst.

Þá er nauðsynlegt að þegar í stað verði hafist handa um tilraunir með notkun varmadælu til húshitunar, en slíkar vélar geta unnið allt að 60 stiga varma úr lágum umhverfisvarma og sparað raforku til hitunar um ⅔.

Með auknum kröfum um orkunýtingu heimilistækja og upplýsingastarfsemi til almennings mætti minnka orkunotkun heimilanna um allt að 25% án þess að það þyrfti að rýra vellíðan manna á nokkurn hátt.

2. Orkunýting í atvinnurekstri.

Víða er hægt að ná verulegum orkusparnaði í iðnaði og öðrum atvinnurekstri, ef menn á annað borð einbeita sér að því viðfangsefni. Þar má nefna atriði eins og bætta nýtingu tækja og nýtingu varma, sem myndast við margs konar vélanotkun. Nú eru komin á markað einföld tæki, sem geta unnið varma t. d. úr útblásturslofti loftræstingar og nýtt hann aftur við upphitun húsnæðis. Þá kröfu verður að gera til atvinnufyrirtækja, að þau semji áætlanir um aðgerðir til orkusparnaðar, og mætti veita þeim hvatningu til nauðsynlegra fjárfestinga á því sviði með sérstökum ívilnunum í skattgreiðslum.

3. Samgöngur.

Samgöngur eru mjög orkufrekur þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga, og sú orka, sem til þeirra er notuð, er innflutt eldsneyti. Á þessu sviði mætti draga stórlega úr orkuþörf með aukinni notkun almenningsbifreiða í stað einkabifreiða og með því að setja strangar kröfur um eldneytisnýtingu nýrra bifreiða.

Þá er rétt að gera samanburðarathuganir á orkuþörf við vöruflutninga með bifreiðum annars vegar og með skipum hins vegar, og einnig væri rétt að hefja undirbúning að gerð samgöngukerfis með rafknúnum vögnum í þéttbýli.

Notkun einkabíla þykir nú svo sjálfsögð með þjóðinni, að talsverða hugarfarsbreytingu þarf til að fá menn til að draga úr henni og til þess að nota almenningsbifreiðar meira að sama skapi. Hér þarf öfluga áróðursherferð til og bætt rekstrarskilyrði sérleyfishafa og strætisvagna, t. d. tollfríðindi við innflutning viðeigandi bifreiða. Aukinn farþegafjöldi mundi líka bæta afkomu fyrirtækjanna.

Opinberar stofnanir gætu gengið á undan með góðu fordæmi og beitt sér fyrir aukinni notkun starfsmanna sinna á strætisvögnum og öðrum slíkum bifreiðum.

Hér hefur lauslega verið minnst á þrjú atriði, en ótal fleiri mætti nefna, svo sem beitingu gjaldskrárákvæða til að örva orkusparnað, ný þvottaefni, sem gera notkun á heitu vatni til þvotta óþarfa, og endurvinnslu dýrmætra efna og orku úr úrgangi. Hér er ekki ætlunin að gefa tæmandi lista yfir þá fjölmörgu möguleika, sem við eigum til orkusparnaðar, en það léttir alla viðleitni til þeirra hluta, að hér er um alþjóðlegt viðfangsefni að ræða og góðar lausnir geta víða átt við.

Það ætti að vera eitt af meginverkefnum Orkustofnunar að fylgjast með orkubúskap Íslendinga og gera tillögur um aðgerðir til þess að gera hann hagkvæmari. Það ætti svo fyrst og fremst að vera hlutverk iðnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðherra að koma þeim tillögum í framkvæmd og hafa forgöngu um þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera.

Sþ. 309. Fyrirspurn [148. mál]

til heilbrigðisráðherra um hollustuhætti í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum.

Frá Benedikt Gröndal.

1) Hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á hollustuháttum í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, svo sem hættum starfsliðs af hávaða, rykmyndun og varhugaverðum efnasamböndum, almennum óþrifnaði og ólykt?
2) Hefur heilbrigðisráðuneytið sett reglur um mengunarmörk og önnur skilyrði, sem þessar verksmiðjur verði að uppfylla til að fá starfsleyfi?
3) Hafa allar þær verksmiðjur, sem starfað hafa síðustu ár og nú starfa, m. a. að loðnubræðslu, uppfyllt þau skilyrði og fengið starfsleyfi með eðlilegum hætti?

Ed. 310. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [149. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. málsl. 33. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 9 5 apríl 1968) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 18 ára eða eldri á því ári, þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi

Greinargerð.

Löngu er kominn tími til, að kosningaaldur sé lækkaður í 18 ár. Á þeim aldri er ungt fólk almennt farið að móta afstöðu sína til stjórnmála og meiri hluti þess er þá kominn til starfa í atvinnulífi þjóðarinnar. Fólk á þessum aldri hefur margvíslegra hagsmuna að gæta og því ber réttur til að hafa áhrif á stjórn landsins.

Í mörgum nálægum löndum hefur lækkun kosningaaldurs í 18 ár þegar komið til framkvæmda.

Breyting þessi getur ekki tekið gildi fyrir næstu alþingiskosningar. En með samþykkt þessa frumvarps fyrir kosningar og staðfestingu þess á fyrsta þingi eftir kosningar væri þessari einföldu breytingu á stjórnarskránni komið í höfn.

Í frumvarpinu er miðað við að allir, sem ná hinum tiltekna aldri á kosningaári, fái samtímis kosningarrétt. Þetta er miklu einfaldari og eðlilegri viðmiðun en sú sem í gildi hefur verið, að miða við afmælisdag hvers kjósanda. Þessi tilhögun mundi spara opinberum aðilum mikla fyrirhöfn með því að heilir árgangar kæmu samtímis inn á kjörskrá.

Fyrir þinginu liggur annað frumvarp þessu líkt á þingskjali 16, en þar er aðeins um að ræða kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum og einfalda lagabreytingu.

Sþ. **311. Tillaga til þingsályktunar** [150. mál]

um endurskoðun skattalaga.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til, að íslensk skattalög verði tekin til gagngerrar endurskoðunar. Við þá endurskoðun ber einkum að stefna að því:

að atvinnureksturinn í landinu greiði skatt af tekjum sínum og veltu með eðlilegum hætti;

að óbeinir skattar séu lækkaðir;

að skattabyrðin á tekjum og útgjöldum láglaunamanna léttist, en þyngist á háum tekjum og miklum eignum;

19., 20., 21. og 23.—25. gr. gilda ekki um samruna fyrirtækja, sem nær einungis til einnar tegundar vöru eða þjónustu, ef 40% af viðkomandi markaði er enn í höndum annarra fyrirtækja, samkeppni ríkir á markaðnum og möguleikar á þátttöku nýrra fyrirtækja eru fyrir hendi.

IV. KAFLI
ÓLÖGLEG MARKAÐSHEGÐUN

27. gr.
Þvingun.

1) Samstillt starfsemi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, sem skv. þessum lögum má ekki gera að bindandi samningi, skal vera bönnuð.

Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja skulu ekki ógna eða valda skaða eða lofa ívilnun til annarra fyrirtækja í þeim tilgangi að fá þau til þess að framkvæma verknað sem skv. þessum lögum má ekki gera að efnisatriði samningsbundinnar skuldbindingar.

3) Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja skulu ekki þvinga önnur fyrirtæki:

1. Til þess að taka þátt í samningi eða ákvörðun, sem bönnuð er með þessum lögum.
2. Til þess að sameinast öðrum fyrirtækjum.
3. Til þess að starfa á samræmdan hátt á markaði í þeim tilgangi að hamla gegn samkeppni.

28. gr.
Söluneitun.

1) Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja skulu hvorki hvetja önnur fyrirtæki eða samtök fyrirtækja til þess að neita að selja eða kaupa í þeim tilgangi að skaða vissa samkeppnisaðila þeirra á óréttlætanlegan hátt né hvetja til annarrar mismununar í sama tilgangi.

2) Markaðsráðandi fyrirtæki, samtök fyrirtækja samkv. 2. og 3. gr., útgáfufyrirtæki, sem ákveða verð, sbr. 13. gr., og einnig önnur fyrirtæki og samtök fyrirtækja, skulu hvorki beint né óbeint synja öðrum fyrirtækjum um viðskipti á óréttlætanlegan hátt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum, né án réttmætra raka mismuna slíkum fyrirtækjum beint eða óbeint. Þetta ákvæði á sérstaklega við, ef kaupendur á vissum vörum eða þjónustu treysta á þau um framboð og ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum.

3) Óréttlætanleg mismunun telst m. a. vera til staðar, þegar kaupandi er reiðubúinn til og hefur getu til að mæta öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn. Þegar svo stendur á, má Markaðsstofnun Íslands fyrirskipa sölu.

29. gr.
Verðmismunun.

1) Fyrirtæki skulu ekki mismuna viðskiptavinum sínum í verði á vöru eða þjónustu, til hugsanlegs skaða fyrir samkeppni. Verðmismunun má réttlæta af eftirtöldum ástæðum:

1. Kostnaður viðskiptanna er mismunandi við framleiðslu, sölu eða afhendingu vegna mismunandi magns, söluaðferða eða afhendingarskilmála.
2. Verð er lækkað samkvæmt bestu vitund til þess að mæta samkeppni um verð, þjónustu eða aðstöðu keppinautar á sama framleiðslustigi.
3. Umræddar vörur eða þjónusta er ekki eins.
4. Vara eða þjónusta er seld til mismunandi nota.

5. Vara eða þjónusta er seld til aðskilinna markaða, sem eiga ekki í samkeppni.
6. Sala á sér stað á mismunandi tíma.
7. Vörur eru seldar til mismunandi framleiðslustiga. Mismunandi afslætti þarf þó ávallt að vera hægt að réttlæta út frá mismunandi kostnaði, sbr. 2. gr. 2. lið.

2) Markaðsstofnun Íslands má hvenær sem er krefja fyrirtæki um réttlætingu og rökstuðning fyrir verðmismunun. Slíkan rökstuðning ber fyrirtækjum ávallt að hafa handbæran, þegar verðmismunun er beitt. Geti fyrirtæki ekki tafarlaust réttlætt verðmismunun eða slíkur rökstuðningur er ónógur til þess að verðmismununin sé réttlætanleg, má Markaðsstofnunin banna hana tafarlaust. Jafnframt má hún fyrirskipa, að viðskipti skulu ganga til baka eða að öðrum kosti að kaupandi greiði sama verð og aðrir hafa gert við sömu aðstæður.

30. gr.
Auglýsingaþjónusta.

1) Það skal vera ólöglegt hjá seljanda að greiða fyrir sérhverja þjónustu, sem viðskiptavinur lætur í té vegna sölu, eða söluörvun á vöru eða þjónustu seljanda, nema slík greiðsla eða umbun sé boðin á sambærilegum skilmálum öllum fyrirtækjum, sem dreifa slíkri vöru eða þjónustu í innbirðis samkeppni.

2) Í þessu sambandi skal það ekki talið nægilegt, að öllum viðskiptavinum, sem eiga í innbyrðis samkeppni, sé heimil þátttaka, heldur þurfa öllum viðskiptavinum að vera kynntir möguleikar á þátttöku, jafnvel þótt vitað sé, að vissir viðskiptavinir muni ekki nota rétt sinn til þátttöku.

3) Sú þjónusta, sem kann að vera greitt fyrir og þessi grein nær til, er m. a.:

1. Auglýsingar í fjölmiðlum.
2. Aðrar auglýsingar.
3. Gluggaútstillingar og önnur söluörvun.
4. Sölulaun, sem greidd eru afgreiðslufólki, sölumönnum og öðru starfsfólki kaupanda.
5. Vörusýningar og kennsla í meðferð vara.
6. Fullkomið úrval hjá dreifingaraðila af söluvörum seljanda.

31. gr.
Sala undir kostnaðarverði.

1) Það skal vera ólöglegt að selja vöru eða þjónustu undir kostnaðarverði í þeim tilgangi að skaða samkeppni eða knésetja keppinaut.

2) Sala undir kostnaðarverði er ekki ólögleg, þegar slíkt er gert vegna viðskiptasjónarmiða, svo sem:

1. Til að losna við umframvörubirgðir, gamlar eða úreltar vörur eða vörur, sem hætta er á að geti skemmst.
2. Til þess að mæta sambærilega lágu verði keppinautar.
3. Til þess að örva viðskipti með aðrar vörur, mest 14 daga með notkun sömu vöru ekki oftar en tvisvar á ári.

32. gr.
Umboðssala.

1) Innlendum seljendum er óheimilt að nota umboðssölufyrirkomulag til þess að mismuna viðskiptavinum á óréttlætanlegan hátt.

2) Mismunun telst óréttlætanleg, sé hún talin svo í öðrum greinum þessara laga.

33. gr.
Aðild að samtökum um gæðamerki og stimpla.

1) Ef fyrirtæki er neitað um aðgang að samtökum um gæðamerki eða gæðastimpla (sbr. lög nr. 89/1935, 3. maí) má Markaðsstofnun Íslands, eftir beiðni þess fyrirtækis, fyrirskipa slíka aðild, ef neitunin jafngildir sannanlegri, óréttlætanlegri mismunun og setur slíkt fyrirtæki í verri samkeppnisaðstöðu.

2) Tilskipunin má innihalda skilyrði.

3) Tilskipunina má afturkalla, ef:

1. Viðkomandi aðstæður hafa efnislega breyst.
2. Fyrirtækið hefur öðlast aðild á ólöglegan hátt, svo sem með svikum eða hótunum.

34. gr.
Verðleiðsögn.

1) Einstökum fyrirtækjum er heimilt að gefa leiðbeinandi tilmæli um verð á næsta sölustigi vegna endursölu á merktum framleiðsluvörum, sem eru í verðsamkeppni við samsvarandi vörur annarra framleiðenda, ef tilmælin eru þannig:

1. Að skýrt er tekið fram, að tilmælin séu ekki bindandi, og enginn efnahagslegur, þjóðfélagslegur eða annars konar þrýstingur er notaður til þess að framfylgja þeim.
2. Að hið leiðbeinandi verð samsvarar því verði, sem líklegt er að vera sett á vöruna af meiri hluta þeirra, sem ætlað er að selja hana.

2) Samtökum smárra og meðalstórra fyrirtækja er heimilt að samræma tilmæli sín um endursöluverð, ef slík tilmæli þjóna þeim tilgangi að örva hagkvæmni þeirra gagnvart stórum fyrirtækjum eða öðrum meiri háttar fyrirtækjum og bæta þannig samkeppnisskilyrði. Slík tilmæli mega þó ekki vera bindandi og þeim má ekki framfylgja með efnislegum eða þjóðfélagslegum þvingunum, sbr. lið 1.

3) Merktar vörur í skilningi 1) málsgreinar eru framleiðsluvörur, þar sem þau fyrirtæki, sem gefa leiðbeinandi verð, ábyrgjast afhendingu vörunnar þannig, að hún sé stöðugt söm eða vaxandi að gæðum, og þar sem þær sjálfar, þar sem pökkun þeirra eða afhendingarháttur neytandans eða þar sem umbúðir þeirra við sölu eru auðkenndar með merki, sem gefur til kynna uppruna þeirra (einkenni fyrirtækis, orð eða annað merki). Ákvæði þessarar greinar gilda einnig varðandi landbúnaðarafurðir með fyrirvara um minni háttar breytingar á gæðum, sem orsakast vegna eðlis vörunnar og ekki er hægt að bæta úr aðferðum, sem með sanngirni er hægt að krefjast af framleiðendum.

4) Markaðsstofnun Íslands má lýsa verðleiðsögn ólöglega og banna ný svipuð tilmæli, ef hún telur, að tilmælin samsvari misnotkun, sérstaklega ef:

1. Tilmælin sjálf eða í samhengi við aðrar hömlur á samkeppni eru líkleg til, á óréttlætanlegan hátt vegna efnahagsaðstæðna, að hækka verð á vörum eða hindra verð þeirra frá því að lækka eða hindra framleiðslu eða sölu slíkra vara.
2. Tilmælin eru líkleg til þess að blekkja neytandann varðandi verð, sem sett er upp af meiri hluta þeirra, sem tilmælin ná til.
3. Hið leiðbeinandi verð er í flestum tilfellum að umtalsverðu leyti hærra en það verð, sem raunverulega er sett á vöruna.
4. Með samningum um dreifingu eða með öðrum aðferðum af hálfu þess fyrirtækis, sem gefur hið leiðbeinandi verð, eru viss fyrirtæki eða viss hópur kaupenda útilokaður frá dreifingu varanna án nokkurra ástæðna, sem réttlæta slíka aðgerð.

5) Markaðsstofnun Íslands má krefja fyrirtæki, sem gefur leiðbeinandi verð, um upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að sannreyna þau skilyrði, sem sett eru í 4) málsgrein. Markaðsstofnunin skal setja því sanngjörn tímamörk, innan hvers tíma slíkar upplýsingar þarf að láta í té.

6) Áður en tekin er ákvörðun skv. 4) málsgrein, skal Markaðsstofnunin fara þess á leit við fyrirtæki, sem gefur út leiðbeinandi verð, að það hætti misnotkun þeirri, sem gagnrýnd er.

7) Markaðsstofnun Íslands má banna fyrirtæki að beita tilmælum þess eðlis, sem lýst er í 1) málsgrein, ef verðleiðsögn þess skv. 4) málsgrein hefur tvívegis verið lýst ólögleg og talið er, að fyrirtækið muni halda áfram misnotkuninni. Markaðsstofnunin má nema slíkt bann úr gildi, ef ástæða er til þess að ætla, að misnotkun verði hætt.

V. KAFLI
SAMKEPPNISREGLUR

35. gr.
Skrá um samkeppnisreglur.

1) Verslunar- og iðnaðarsamtök og starfsgreinafélög mega koma á samkeppnisreglum hvert á sínu svið.

2) Samkeppnisreglur í skilningi þessara laga skulu vera ákvæði, sem ákveða hegðun fyrirtækja í samkeppni í þeim tilgangi að vinna gegn hegðun, sem brýtur reglur heiðarlegrar samkeppni.

3) Verslunar- og iðnaðarsamtök og starfsgreinafélög skulu sækja til Markaðsstofnunar Íslands um skrásetningu samkeppnisreglna í Skrá um samkeppnisreglur. Sama gildir um sérhverjar breytingar á og viðbætur við áður skrásettar reglur um samkeppni.

36. gr.
Samningar um samkeppnisreglur.

Samningar, þar sem þátttakendur skuldbinda sig til þess að fylgja skrásettum samkeppnisreglum skv. skilningi 35. gr. skulu ekki taldir samningar eða ákvarðanir í skilningi 1. gr. þessara laga.

37. gr.
Rannsókn á samkeppnisreglum.

Fyrirtækjum á sama framleiðslustigi, sem ekki taka þátt í samkeppnisreglunum, verslunar- og iðnaðarsamtökum og starfsgreinafélögum seljanda og kaupanda, sem þessar samkeppnisreglur geta varðað, og öðrum samtökum fyrirtækja á þeim framleiðslustigum, sem við á, skal gefið tækifæri til að koma skoðunum sínum á viðkomandi samkeppnisreglum á framfæri við Markaðsstofnunina. Markaðsstofnunin má halda opinberar vitnaleiðslur varðandi umsókn um skrásetningu. Við slíkar vitnaleiðslur má hver og einn bera fram mótmæli við skrásetninguna.

38. gr.
Umsóknir um skrásetningu samkeppnisreglna.

1) Markaðsstofnun Íslands má hafna umsókn um skrásetningu á samkeppnisreglu, ef slík regla eða samningur, sem við hana á, skv. skilningi 36. gr., takmarkar ákvæði þessara laga, laga um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum eða annarra laga, þegar tekið hefur verið tillit til viðeigandi og skyldra dóma eða annarra ákvæða í lögum.

2) Verslunar- og iðnaðarsamtök og starfsgreinafélög skulu tilkynna Markaðsstofnun Íslands um afnám sérhverra reglna um samkeppni, sem þau hafa samþykkt og skrásett.

3) Markaðsstofnun Íslands skal sjá til þess, að skrásetning sé afmáð, ef hún síðar kemst að því, að skilyrði fyrir synjun skv. 1) málsgrein er fullnægt, eða ef henni er tjáð um afturköllun samkeppnisreglu skv. 2) málsgrein.

39. gr.
Tilkynningar um samkeppnisreglur.

1) Tilkynningu um eftirfarandi skal birta í Lögbirtingablaði:
1. Umsóknir skv. 35. gr. 3) málsgrein.
2. Dagsetningar, sem ákveðnar eru vegna opinberrar vitnaleiðslu skv. 37. gr. 2. málslið.
3. Skrásetningu samkeppnisreglna og viðbætur og breytingar á þeim.
4. Afnám samkeppnisreglna skv. 38. gr. 3) málsgrein.

2) Birting umsóknar skv. 1) málsgrein, 1. lið, skal innihalda athugasemd um það, að samkeppnisreglurnar, sem sótt hefur verið um skrásetningu á, séu til sýnis almenningi hjá Markaðsstofnun Íslands.

40. gr.
Reglugerð um Skrá um samkeppnisreglur.

Frekari ákvæði um stofnun og starfrækslu Skrár um samkeppnisreglur skulu sett af viðskiptaráðherra í reglugerð.

VI. KAFLI
VERÐMYNDUN

41. gr.
Verðákvarðanir.

Fyrirtæki skulu ákveða verð á vörum sínum og þjónustu án íhlutunar opinberra aðila eða afskipta annarra fyrirtækja með eftirfarandi undantekningum:
1. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ákveðið verð til bænda á landbúnaðarafurðum, miðað við afhendingu til vinnslustöðvar að frádregnum flutningskostnaði, og einnig heildsöluverð landbúnaðarafurða frá vinnslustöð.
2. Verðlagsráð sjávarútvegsins getur ákveðið verð á sjávarafla miðað við afhendingu frá skipshlið í höfn.

42. gr.
Verðstöðvun.

1) Viðskiptaráðherra getur ákveðið verðstöðvun í einn mánuð í senn. Slíka verðstöðvun má framlengja tvívegis, þannig að hámark samfelldrar verðstöðvunar verði ekki lengri en þrír mánuðir.

2) Verðstöðvun verður að vera algjör og má ekki mismuna fyrirtækjum. Ákveði viðskiptaráðherra að beita slíkri verðstöðvun, má hvorki hækka verð á innlendri né erlendri vöru og þjónustu, laun eða leigu fyrir afnot fastafjármuna eða lausafjármuna á meðan slík ákvörðun gildir. Gildir þetta jafnt um opinber fyrirtæki sem einkafyrirtæki.

43. gr.
Verðlag.

Stjórnvöld skulu á hverjum tíma gæta þess, að verðlag sé sem stöðugast og jafnvægi ríki í atvinnulífinu, og beita til þess fjármálalegum og peningalegum aðgerðum.

44. gr.
Verðbreytingar einokunarfyrirtækja.

1) Söluverð á vörum og þjónustu fyrirtækja, sem búa við óhjákvæmilega og tæknilega einokun, skal háð samþykki Einokunarnefndar, hvort sem þessi fyrirtæki eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Markaðsstofnun Íslands ákveður, hvaða fyrirtæki skulu háð þessu ákvæði.

2) Búi fyrirtæki við enga eða óverulega samkeppni og engin von er til þess, að samkeppni aukist, getur Markaðsstofnun Íslands ákveðið, að verðákvörðun þessi skuli vera háð samþykki Einokunarnefndar, hvort sem slíkt fyrirtæki er í eigu opinberra aðila eða einkaaðila.

45. gr.
Verðbreytingar markaðsráðandi fyrirtækja og annarra fyrirtækja.

1) Markaðsráðandi fyrirtæki skulu tilkynna Markaðsstofnun Íslands með hálfs mánaðar fyrirvara um allar verðbreytingar sínar. Telji Markaðsstofnun Íslands, að um misnotkun á markaðsaðstöðu sé að ræða við verðlagningu á vörum og þjónustu, má vísa málinu til Einokunarnefndar, sem getur fyrirskipað fyrirtækinu að hætta við fyrirhugaða verðbreytingu. Ef Einokunarnefnd er mótfallin verðbreytingu og vill ekki, að hún komi til framkvæmda, verður nefndin að mótmæla verðbreytingunni innan hálfs mánaðar frá því að tilkynning um verðbreytingu barst Markaðsstofnun Íslands. Ef mótmæli berast eftir þann tíma, taka þau ekki til viðskipta, sem áður kunna að hafa verið gerð á hinu breytta verði, nema sú verðlagning sé í andstöðu við önnur ákvæði þessara laga.

2) Fyrirtæki, sem ekki eru markaðsráðandi, þurfa ekki að tilkynna Markaðsstofnun Íslands um verðbreytingar.

VII. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

46. gr.
Ábyrgð og skaðabætur.

Sérhver aðili, sem af ásettu ráði eða vanrækslu gengur í berhögg við ákvæði þessara laga eða ákvörðun, sem birt er skv. þessum lögum af Markaðsstofnun Íslands eða af Markaðsdómstólnum, skal, ef slíkt ákvæði eða ákvörðun er ætlað að vernda annan aðila, vera ábyrgur fyrir því að bæta þeim aðila fyrir sérhvern fjárhagslegan skaða, sem slíkt brot veldur. Tjónþoli má einnig krefjast bóta fyrir sérhvern skaða, sem ekki er peningalegs eðlis.

47. gr.
Um lögmenn samtaka.

1) Í félagslögum sérhvers viðskiptahrings, verslunar- og iðnaðarsamtaka eða starfsgreinafélaga, sem ekki ráða yfir nægilegu lagalegu umboði, skal tilnefna fulltrúa, sem hefur vald til þess að mæta fyrir þeirra hönd hjá Markaðsstofnun Íslands í öllum málum, sem þessi lög ná til, jafnframt í málshöfðunum fyrir Markaðsdómstólnum og Hæstarétti. Nöfn og heimilisföng þeirra fulltrúa, sem tilnefndir eru, skulu tilkynnt til Markaðsstofnunar Íslands.

2) Ef enginn fulltrúi er fyrir hendi eins og kveðið er á um í 1) málsgrein, skal tilnefna fulltrúa eftir beiðni Markaðsstofnunar Íslands af undirrétti á viðkomandi stað. Markaðsstofnunin skal leggja fram beiðni að eigin frumkvæði eða að beiðni þriðja aðila, sem hefur lögmætan áhuga á því, að slíkur fulltrúi sé skipaður. Undirréttur á viðkomandi stað skal afturkalla tilnefninguna, þegar viðkomandi aðilar hafa sjálfir tilnefnt sinn fulltrúa.

48. gr.
Ábyrgð.

Aðilar að viðskiptahring, sem ekki ræður yfir nægilegu valdi lagalega, skulu vera skuldbundnir sameiginlega og hver fyrir einn fyrir skaða, sem umboðsmaður

viðskiptahringsins veldur þriðja aðila með sérhverjum verknaði eða aðgerð, sem framkvæmd er í starfi hans, ef slík aðgerð vekur skyldur um greiðslu skaðabóta skv. þessum lögum.

II. HLUTI
YFIRVÖLD

VIII. KAFLI
YFIRVÖLD, SEM ANNAST EFTIRLIT OG FRAMKVÆMD ÞESSARA LAGA

49. gr.
Yfirvöld.

Þau yfirvöld, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, skulu vera:

1. Viðskiptaráðherra,
2. Markaðsstofnun Íslands,
3. Markaðsdómstóll,
4. Einokunarnefnd.

50. gr.
Öflun upplýsinga.

1) Að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt yfirvöldum, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, mega þau:

1. Krefjast upplýsinga frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja um efnahagsleg tengsl þeirra.
2. Kanna og rannsaka viðskiptaskjöl hjá fyrirtækjunum sjálfum og samtökum fyrirtækja á venjulegum viðskiptatímum.
3. Krefjast upplýsinga frá viðskipta- og iðnaðarsamtökum og starfsgreinafélögum varðandi félagalög þeirra, ákvarðanir þeirra og fjölda og nöfn þeirra aðila, sem ákvarðanir þeirra ná til.

2) Eigendur fyrirtækja eða fulltrúar þeirra og aðilar, sem tilnefndir eru sem fulltrúar samtaka eða félaga fyrirtækja, skulu láta í té umbeðnar upplýsingar, láta í té viðskiptaskjöl, og leyfa rannsókn þessara skjala og jafnframt aðgang að skrifstofum og öðrum vinnustöðum.

3) Aðilar, sem yfirvöld, er annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, fela rannsókn, mega fá aðgang að skrifstofum fyrirtækja og samtaka fyrirtækja og framkvæma leit, í samræmi við 66. gr. stjórnarskrárinnar, að fengnum dómsúrskurði.

4) Leit má aðeins gera að fenginni heimild. Ef hætta er á töfum eða spillingu gagna, mega aðilar samkv. 3) málsgrein framkvæma nauðsynlega leit á venjulegum skrifstofutíma án fengins dómsúrskurðar. Skrá varðandi slíka leit skal gerð á staðnum og sýna aðalatriði árangurs leitarinnar og, í því tilviki þegar dómsúrskurður lá ekki fyrir, einnig þær staðreyndir, sem leiddu til þess að talin var hætta á töfum eða spillingu gagna. Varðandi leit og hald á munum gilda að öðru leyti ákvæði VI. og VII. kafla (43.—58. gr.) laga um meðferð opinberra mála (74/1974).

5) Aðili, sem beðinn er um að veita upplýsingar, má neita að svara upplýsingum, sem kunna að fyrirgera rétti hans samkv. 91. gr. laga um meðferð opinberra mála (74/1974) og 125. gr. laga um meðferð einkamála í héraði (85/1936).

6) Beiðnir yfirvalda, sem annast framkvæmd þessara laga, um upplýsingar skulu gerðar skriflega. Lagalegur grundvöllur, efnisinnihald og tilgangur beiðnarinnar skal vera talinn upp í henni og henni sett sanngjörn tímatakmörk.

51. gr.
Þagnarskylda.

1) Þeir aðilar, sem starfa hjá yfirvöldum, sem annast framkvæmd þessara laga, og þeir aðilar, sem þessi yfirvöld hafa falið störf, skulu bundnir þagnarheiti varðandi vitneskju, sem þeir öðlast við öflun upplýsinga, sem veittar eru skv. 50. gr. Eigi skulu slíkir aðilar heldur nota viðskipta- og framleiðsluleyndarmál, sem þeir hafa þannig öðlast, jafnvel þótt þeir séu ekki lengur í þessari þjónustu. Hið sama gildir um staðreyndir, sem eru háðar þagnarheiti. Útdráttur úr upplýsingum, sem gefnar eru af hópi manna, sem krafðir eru um upplýsingar, en upplýsa ekki beint eða óbeint yfirlýsingar frá einstökum aðilum, skulu ekki vera háðar þagnarheiti. Hið sama skal gilda um niðurstöður aðgerða skv. 1) málsgrein, 2. lið, 50. greinar.

2) Upplýsingar, sem snerta ekki ákvæði þessara laga, en koma í ljós við framkvæmd þeirra, skulu vera trúnaðarmál.

52. gr.
Viðurlög við broti á þagnarskyldu.

1) Sérhvern aðila, sem bregst skyldum sínum samkv. 50. og 51. gr, má dæma til fangelsisvistar allt að sex mánuðum og til sektar eða til annarrar hvorrar þessarar refsingar.

2) Ef hinn brotlegi gerir slíkan verknað vegna umbunar eða í þeim tilgangi að öðlast ólöglegan fjárhagslegan ávinning fyrir sjálfan sig eða fyrir þriðja aðila eða til þess að valda öðrum aðila skaða, skal refsingin varða fangelsisvist allt að tveimur árum. Auk þess má dæma hann til sektar, allt að 5 000 000 króna, og greiðslu skaðabóta. Hinn ólöglegi ávinningur skal gerður upptækur.

3) 1) og 2) málsgrein skulu gilda aðeins ef önnur ákvæði í þessum lögum eða öðrum lögum veita ekki heimild til stangari refsingar.

4) Í málum, sem varða 1) málsgrein, skal mál aðeins höfðað að kröfu tjónþola.

IX. KAFLI
MARKAÐSSTOFNUN ÍSLANDS

53 gr.
Stofnun og starfsemi.

1) Markaðsstofnun Íslands skal vera starfrækt í Reykjavík sem sjálfstæð stofnun og bera ábyrgð gagnvart viðskiptaráðherra. Markaðsstofnunin skal annast framkvæmd þeirra verkefna, sem lög þessi ákveða, auk þess sem hún framfylgir ákvörðunum Markaðsdóms.

2) Ákvarðanir markaðsstofnunar Íslands skulu teknar af ákvörðunardeildum, sem skulu stofnaðar skv. fyrirmælum gefnum af viðskiptaráðherra. Að öðru leyti skal viðskiptaráðherra ákvarða starfstilhögun hjá Markaðsstofnuninni með starfsreglum, sem birtar skulu í reglugerð.

3) Ákvarðanir Markaðsstofnunarinnar skulu teknar af forstöðumanni Markaðsstofnunarinnar, deildarstjóra viðkomandi ákvörðunardeildar og lögmanni Markaðsstofnunarinnar.

4) Forstöðumaður Markaðsstofnunar Íslands og forstöðumenn deilda eru opinberir starfsmenn. Þeir verða að hafa háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði, lögfræði eða endurskoðunar.

5) Starfsmenn Markaðsstofnunar Íslands mega ekki starfrækja eða vera í stjórn neins fyrirtækis, viðskiptahrings eða viðskipta- og iðnaðarsamtaka eða starfsgreinafélaga.

54. gr.
Leiðbeiningar.

Þegar viðskiptaráðherra gefur almennar leiðbeiningar til Markaðsstofnunar Íslands með eða á móti útgáfu ákvörðunar samkv. þessum lögum, skulu slíkar leiðbeiningar vera birtar í Lögbirtingablaði.

55. gr.
Örvun samkeppni.

Markaðsstofnun Íslands skal leitast við að örva samkeppni í viðskiptum, m. a. með:

1. Útgáfu- og fræðslustarfsemi.
2. Könnun verðlags á ákveðnu vöruframboði hjá seljendum.
3. Verðsamanburði milli skyldra vörutegunda.

56. gr.
Marklausir samningar.

Markaðsstofnun Íslands má banna framkvæmd samnings eða ákvörðunar, sem er marklaus samkv. fyrri ákvæðum þessara laga.

57. gr.
Samkeppnishamlandi hegðun.

Markaðsstofnun Íslands má banna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja að starfa með samkeppnishamlandi hætti, sem er andstæður fyrri ákvæðum þessara laga.

58. gr.
Sektir og aðhald.

1) Til þess að framfylgja fyrirskipunum sínum má Markaðsstofnunin gera mönnum að greiða sektir með 10 daga fyrirvara, sem nema frá 1000 krónum á dag allt að 10 000 krónum á dag.

2) Til þess að framfylgja fyrirskipunum sínum samkv. 19.—25. gr. má Markaðsstofnunin, auk þess sem segir í 1) málsgrein:

1. Banna notkun kosningarréttar, sem fylgir eignarhlutum í einu af þátttökufyrirtækjunum og eru í eigu annars þátttökufyrirtækis eða talin eign þess, eða gera notkun þessa kosningarréttar eða hvernig honum er beitt háð skilyrðum um samþykki Markaðsstofnunarinnar.
2. Tilnefna hlutlausan fjárhaldsmann, sem skal afgreiða nauðsynleg lagaleg skjöl af hálfu þeirra fyrirtækja, sem bundin eru skilyrðum um upplausn samruna, og gera allt, sem nauðsynlegt er í því sambandi. Fjárhaldsmaður má krefjast sanngjarnrar þóknunar frá þeim fyrirtækjum, sem hlut eiga að máli.

59. gr.
Ársskýrsla.

1) Markaðsstofnun Íslands skal birta ársskýrslu um starfsemi sína og ástand og framgang mála á sínu starfsviði. Skýrslan skal innihalda almennar leiðbeiningar gefnar af viðskiptaráðherra, samkv. 54. gr. Samrunar, sem tilkynntir hafa verið, samkv. 21. og 23. gr. skulu fylgja með í skýrslunni, svo og tilkynningar samkvæmt 8. og 39. gr. Markaðsstofnun Íslands skal einnig reglulega birta grundvallarstjórnvenjur sínar.

2) Ríkisstjórnin leggur ársskýrslu Markaðsstofnunar Íslands ásamt umsögn sinni fyrir Alþingi.

X. KAFLI
MARKAÐSDÓMSTÓLL

60. gr.
Stofnun og skipulag.

1) Til þess að rannsaka og dæma í málum vegna brota á þessum lögum skal stofnsettur sérstakur Markaðsdómstóll.

2) Markaðsdómstólinn skulu skipa 3 menn. Formaður dómsins skal skipaður af dómsmálaráðherra með sérstakri umboðsskrá, sem veitir heimild til þess að heyja dómþing í öllum þingháum landsins. Formaður dómsins velur meðdómendur úr hópi hinna skipuðu sjó- og verslunardómsmanna í hverri þinghá.

61. gr.
Dómsrannsókn og málsmeðferð.

1) Við úrlausn mála ber Markaðsdómstólnum að meta sjálfstætt, hvort um brot sé að ræða og hvers eðlis það sé. Einnig skal dómurinn meta gildi ákvörðunar Markaðsstofnunar Íslands og skera úr ágreiningi um embættistakmörk Markaðsstofnunarinnar.

2) Dómurinn skal meta, hvort um formlegt brot á lögunum sé að ræða eða hvort brotið sé gegn anda laganna. Í fyrra tilviki má fella niður sektir og málskostnað eftir málsatvikum.

3) Sé um að ræða stefnumarkandi dóm í máli, má fella niður sektir og málskostnað að hluta eða öllu leyti.

4) Málsmeðferð fyrir Markaðsdómstól fer að hætti opinberra mála.

5) Formaður gefur út dómsgerðir í nafni dómsins og með innsigli hans undir. Dómar skulu birtir, m. a. í ársskýrslu Markaðsstofnunar Íslands.

6) Meðdómendur í Markaðsdómi skulu taka sama kaup fyrir störf sín og meðdómendur í sjó- og verslunardómi.

62. gr.
Dómar um samruna og upplausn.

1) Ákvörðun Markaðsstofnunar Íslands um bann við samruna eða um upplausn samruna má kæra til Markaðsdómstóls til úrskurðar.

2) Markaðsdómstóll skal samþykkja samruna, ef þær hömlur á samkeppni, sem hann veldur, eru lægri á metunum en hagsmunir efnahagslífsins í heild eða almennings. Samkeppnishæfni þátttökufyrirtækja á erlendum mörkuðum skal einnig tekin til greina í þessu sambandi. Samþykki má því aðeins veita, að hömlur á samkeppni ógni ekki markaðshagkerfinu. Samþykkið má innihalda takmarkanir og skilyrði. Þó mega þessar takmarkanir og skilyrði ekki hafa þann tilgang að gera starfsemi þátttökufyrirtækja háða áframhaldandi opinberum afskiptum.

3) Kæru til Markaðsdómstóls um lögmæti samruna skal leggja fram innan eins mánaðar frá endanlegri ákvörðun Markaðsstofnunar Íslands. Ef umsókn er ekki gerð innan eins mánaðar, fyrnist þessi réttur. Markaðsstofnunin skal kunngjöra fyrirtækjum um þennan frest. Markaðsdómstóllinn skal úrskurða innan fjögurra mánaða frá móttöku kæru. Áður en Markaðsdómstóllinn kveður upp úrskurð, skal sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga, þar sem þátttökufyrirtæki eru staðsett, gefinn kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri.

4) Markaðsdómstóllinn má afturkalla samþykki eða breyta því með því að fyrirskipa takmarkanir eða fella inn skilyrði, ef þátttökufyrirtæki brjóta skilyrði, sem sett eru fyrir samþykktinni Markaðsdómstóllinn má afturkalla samþykki, ef þátttökufyrirtækin hafa öðlast samþykkið með svikum, ógnunum, mútum eða með því að láta í té upplýsingar, sem voru rangar eða ófullkomnar að verulegu leyti.

63. gr.
Um eðli brota og refsingar.

1) Eftirtalin brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að 10 000 000 króna. Allur ólögmætur hagnaður er upptækur í ríkissjóð. Ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum og/eða til sektar allt að 20 000 000 króna eða allt að þreföldum viðbótarhagnaði, sem fékkst vegna brotsins, ef slíkt er hærra. Í skaðabótamálum má dæma tjónþola allt að þrefaldar skaðabætur. Brot er framið af sérhverjum aðila, sem af ásettu ráði eða vanrækslu:

1. Hefur að engu markleysi samnings eða ákvörðunar.
2. Hefur að engu markleysi samnings eða ákvörðunar, sem Markaðsstofnun Íslands hefur lýst marklausa með endanlegri ákvörðun.
3. Öðlast öryggi samkv. samningi án heimildar.
4. Brýtur gegn bráðabirgðafyrirskipun Markaðsstofnunar Íslands.
5. Hlýðir ekki skilyrðum, sem Markaðsstofnun Íslands hefur sett.
6. Lætur í té eða notar rangar eða ófullkomnar upplýsingar til þess að öðlast á sviksamlegan hátt samþykki skv. þessum lögum eða skrásetningu á samkeppnisreglu fyrir sjálfan sig eða fyrir annan aðila eða til þess að fá Markaðsstofnun Íslands til þess að mótmæla ekki í vissum málum, gefa ekki út bannyfirlýsingu eða láta mál afskiptalaus.
7. Brýtur gegn sérhverju banni, sem sett hefur verið samkv. þessum lögum, tekur þátt í brotum á slíku banni eða hvetur til þess, að slíkt bann sé brotið.
8. Veldur viðskiptalegu óhagræði öðrum aðila vegna þess, að sá aðili hefur sótt um eða mælst til þess, að ákvörðun verði tekin af Markaðsstofnun Íslands eða Markaðsdómstólnum, eða hefur fært sér í nyt þau réttindi, sem honum eru veitt með þessum lögum.
9. Veitir liðsinni brotum, sem lýst er í lið 1—8.
10. Beinir tilmælum til aðila, sem með sameiginlegri hegðan veldur því, að bann, sem sett er í þessum lögum, er sniðgengið eða ákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli þessara laga af yfirvöldum, eru sniðgengnar.

2) Fyrir eftirtalin brot má refsa með sekt allt að 1 000 000 króna, en þegar um vanrækslu er að ræða allt að 500 000 krónum:

1. Aðili veitir ekki upplýsingar, veitir rangar eða ófullkomnar upplýsingar eða vanrækir að veita upplýsingar innan tiltekins tíma, eða lætur ekki í té viðskiptaskjöl, lætur þau ekki í té innan tiltekins tíma eða lætur í té einungis hluta þess, sem krafist er, eða neitar að leyfa sérhverja leit eða könnun.
2. Aðili tilkynnir ekki tilkynningarskyld atriði, lætur ekki strax í té umbeðnar tilkynningar eða lætur þá í té rangar eða ófullkomnar upplýsingar.

3) Ákvæði 1) og 2) málsgreina gilda svo framarlega sem heimild til þyngri refsingar er ekki gefin í þessum lögum eða öðrum lögum.

XI. KAFLI
EINOKUNARNEFND

64. gr.
Einokunarnefnd.

1) Einokunarnefnd skal vera nefnd þriggja manna, sem þarf að samþykkja verðbreytingar einokunarfyrirtækja, sbr. 44. gr. og dæma um réttmæti umdeildra verðbreytinga markaðsráðandi fyrirtækja, sbr. 45. gr. 1) málsgrein.

2) Viðskiptaráðherra skipar í Einokunarnefnd til eins árs í senn: Einn eftir tilnefningu Hæstaréttar, annan eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Hver nefndarmaður tilnefnir sjálfur varamann, sem tekur sæti í forföllum hans.

3) Aðilar í Einokunarnefnd geta sagt af sér með því að tilkynna það viðskiptaráðherra. Ef aðili hættir störfum, áður en tímabil hans er útrunnið, skal viðskiptaráðherra skipa nýjan aðila án tilnefningar til þess tíma, sem eftir er af fullum starfstíma þess aðila, sem hættir.

4) Aðilar í Einokunarnefnd mega hvorki eiga aðild að ríkisstjórn né Alþingi eða vera í opinberri þjónustu, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum, nema sem háskólakennarar og starfsmenn hjá vísindalegum stofnunum. Þeir mega auk þess ekki vera fulltrúar efnahagslegs félagsskapar eða fulltrúar samtaka vinnuveitenda eða launþega eða vera launaðir fastir starfsmenn þessara samtaka. Slíkir aðilar mega ekki heldur hafa haldið slíkri fastri stöðu árlangt, áður en þeir eru skipaðir í Einokunarnefndina.

5) Aðilar í Einokunarnefnd skulu hafa til að bera háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði, lögfræði eða endurskoðunar eða ráða yfir sambærilegri þekkingu og í slíku námi felst.

65. gr.
Starfsreglur Einokunarnefndar.

1) Einokunarnefnd skal miða ákvarðanir sínar við að fyrirtæki hafi vel skipulagðan og hagkvæman rekstur og verðákvarðanir leiði til aukinnar hagkvæmni.

2) Einokunarnefnd skal hafa það til hliðsjónar við verðákvarðanir, að arðsemi fyrirtækis geti verið svipað hlutfall af markaðsvirði eigna fyrirtækisins og önnur fjárfesting í þjóðfélaginu skilar.

3) Einokunarnefnd og starfsfólk nefndarinnar skal bundið þagnarheiti við störf sín. Að þessu leyti gilda ákvæði 51. gr. eins og við á.

4) Einokunarnefnd má afla allra þeirra upplýsinga, sem hún þarfnast vegna starfa sinna. Ákvæði 50. gr. gilda eins og við á.

5) Að öðru leyti setur Einokunarnefnd sér eigin starfsreglur.

66. gr.
Skrifstofuhald Einokunarnefndar.

Einokunarnefnd skal hafa sameiginlegt skrifstofuhald með Markaðsstofnuninni. Starfslið nefndarinnar skal hafa það verkefni að safna upplýsingum, annast undirbúning funda Einokunarnefndarinnar og prenta og birta álit hennar, jafnframt sem það annast önnur stjórnunarstörf.

III. HLUTI
GILDISSVIÐ OG GILDISTAKA

XII. KAFLI
GILDISSVIÐ

67. gr.
Tegund fyrirtækja.

1) Þessi lög skulu einnig gilda varðandi fyrirtæki, sem eru að öllu leyti eða hluta í opinberri eign eða er stjórnað eða eru starfrækt af opinberum yfirvöldum, nema annað sé tekið fram í síðari greinum.

2) Þessi lög skulu gilda um allar hömlur í samkeppni, sem hafa áhrif á þeim sviðum, sem þessi lög ná yfir, jafnvel þótt þær séu árangur aðgerða, sem gerðar hafa verið utan þessa svæðis.

68. gr.
Undanþágur.

1) Lög þessi taka ekki til verðlagningar póstþjónustu eða ákvörðunar verðs á áfengi og tóbaki.

2) Lyfjaverðlagsnefnd starfar áfram og ákveður smásöluverð lyfja og afgreiðslugjöld lyfjabúða, þó ekki í andstöðu við anda ákvæða þessara laga.

3) Að öðru leyti en greinir í 1) og 2) málsgrein ná ákvæði þessara laga til allrar atvinnustarfsemi, sem fæst við framleiðslu og sölu á vöru og þjónustu, með þeim undantekningum þó, sem gerðar eru um fiskveiðar og landbúnað og getið er í 43. gr.

69. gr.
Lög, sem falla úr gildi.

Við gildistöku þessara laga falla eftirtalin lög úr gildi:

1. Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða, nr. 17 1. febrúar 1936.
2. Lög um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu, nr. 77 14. nóvember 1917.
3. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., nr. 30 9. janúar 1935.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, nr. 11 27. júní 1921.
5. Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk, nr. 88 22. júlí 1949.
6. Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins o. fl., nr. 78 15. apríl 1935.
7. Lög um útflutning á síldarmjöli, nr. 56 28. janúar 1935.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó o. fl., nr. 70 12. júní 1938.
9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, nr. 37 12. júní 1939.
10. Lög um verðlagsmál, nr. 54 14. júní 1960.
11. Lög um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 106 31. desember 1972.
12. Lög um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 18. febrúar 1953.
13. Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62 30. apríl 1973.
14. Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi, nr. 2 18 janúar 1917.

70. gr.
Breytingar á eldri lögum.

Við gildistöku þessara laga verða eftirfarandi breytingar á eftirtöldum lögum:

1. Lög um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, nr. 84 19. júní 1933: 15. gr. fellur niður (hámarksverð) og 5. og 6. gr. (útsölur).
2. Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála nr. 30 25. maí 1960: 8. gr. fellur niður (leyfi til útflutnings).
3. Lög um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 16. apríl 1971: 2. liður 1. gr. fellur niður (einkasöluákvæði).
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, nr. 22 13. janúar 1938: 4. gr. fellur niður (verðákvörðun).
5. Lög um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, nr. 62 21. apríl 1962: 4. gr., 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 11 gr., 1. málsliður falla niður (einokun).
6. Útvarpslög, nr. 19 5. apríl 1971: 1. málsliður 2. gr. fellur niður (einokun).
7. Lög um fjarskipti, nr. 30 27. júní 1941: 2. gr. falli niður (einokun).
8. Lög um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 28. maí 1969: Í 1. málslið 58. gr. fellur niður orðið „útflutningsleyfi".
9. Lög um launajöfnunarbætur o. fl., nr. 13 23. maí 1975: 10. gr. falli niður (verðstöðvun).

71. gr.
Breyting til samræmis við 41. gr.

Við gildistöku þessara laga verða eftirtaldar breytingar á lögum nr. 101 frá 8. desember 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu landbúnaðarafurða:

1. 8. liður 3. málsgreinar 2. gr. orðist svo: að ákveða verð landbúnaðarafurða í heildsölu og verð til bænda samkvæmt 6. og 7. gr., enda sé sú verðskráning samþykkt af Sexmannanefnd.
2. Orðin „garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu“ falli niður í 3. gr.
3. 1. málsliður 4. gr. orðist svo: Verð landbúnaðarafurða greitt bændum skal miðast við það, að meðallaun bænda verði í sem nánustu samræmi við meðallaun iðnaðarmanna, sjómanna og verkamanna.
4. Í 5. gr. falli niður orðin „og smásölu“.
5. 2. málsgrein 6. gr. orðist svo: Samhliða því, að Sexmannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 2. málsgrein þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara til þess að ákvarða heildsöluverð á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á heildsöluverði kindakjöts vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sexmannanefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og geymslukostnað kindakjöts.
6. Í 9. gr., 1. málsgrein og 3. málsgrein komi heildsöluverð í stað söluverðs.
7. 11. gr. hljóði svo: Enginn heildsöluaðili má selja búfjárafurðir á hærra verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.
8. Í 21. gr., 2. málsgrein, 1. málslið falla orðin „og smásölu“ niður.
9. Í 25. gr., 2. málsgrein, 1. málslið falla orðin „og smásölu“ niður, en 4. málsliður orðist svo: Heildsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur í smásölu til aðila, sem ekki reka smásöluverslun.
Þriðja málsgrein 25. gr. orðist svo: Mjólkursamlögum ber að hlíta verðákvörðunum Sexmannanefndar og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum, þó að ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þeirra vara.
10. 32. gr. laganna orðist svo: Framleiðsluráð landbúnaðarins getur annast sölumál fyrir matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda.
11. 34. gr. laganna orðist svo: Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.
12. 36. gr. laganna orðist svo: Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp þar sem hentugt þykir vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helstu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.
13. 37. gr. laganna orðist svo: Til þess að tryggja árvissa sölu garðávaxta, skal Grænmetisverslun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslu, sem ekki selst til manneldis hverju sinni.
14. Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

72. gr.
Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 15. apríl 1978.

Greinargerð.

A. Almennar athugasemdir.

Viðskiptaþing V. Í. 1975.

Dagana 20. og 21. maí 1975 hélt Verslunarráð Íslands viðskiptaþing um efnið: „Hlutverk verslunar og verðmyndunar í frjálsu markaðshagkerfi". Á þinginu voru flutt fjölmörg erindi um núverandi fyrirkomulag verðmyndunar á vöru og þjónustu atvinnuveganna og hverjar úrbætur væru nauðsynlegar. Niðurstaða viðskiptaþingsins var sú, að nauðsynlegt væri, að markaðsverðmyndun stjórnaði verði á vöru og þjónustu atvinnuveganna. Jafnframt þyrfti að semja löggjöf, sem hefði þann tilgang að efla samkeppni, banna samkeppnishamlandi viðskiptahætti og veita markaðsráðandi fyrirtækjum aðhald í verðlagningu, samkeppnisháttum og varðandi samruna.

Þar sem stjórnvöld sinntu þessa brýna verkefni þá lítið, ef frá er talið ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, vaknaði sú spurning, hvort Verslunarráðið gæti ekki látið semja frumvarp til laga um þetta efni. Var ákveðið að leggja þá hugmynd fyrir stjórn Verslunarráðsins.

Nefndarskipun.

Á fundi stjórnar Verslunarráðs Íslands mánudaginn 13. október 1975 var ákveðið að skipa fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja. Formaður nefndarinnar var kosinn Þorvarður Elíasson viðskiptafræðingur, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands. Aðrir nefndarmenn voru Sveinn Snorrason hrl., sem verið hefur fulltrúi Verslunarráðsins í verðlagsnefnd, Halldór Jónsson verkfræðingur, Jóhann J. Ólafsson lögfræðingur, samkvæmt ósk Félags ísl. stórkaupmanna, og Kristmann Magnússon, samkvæmt ósk Kaupmannasamtaka Íslands. Auk þess störfuðu tveir starfsmenn Verslunarráðsins, þeir Sigvaldi Þorsteinsson lögfræðingur og Árni Árnason rekstrarhagfræðingur fyrir nefndina.

Efni frumvarpsins og gerð.

Verðlagslöggjöf annarra þjóða, sem er löggjöf þeirra um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja, hefur þann tilgang að tryggja, eins og framast er kostur, að allar markaðsaðstæður hvetji fyrirtæki og einstaklinga til efnahagslegra framfara. Jafnframt er stjórnvöldum gert kleift og skylt að fyrirbyggja, að einstakir aðilar geti hagnýtt sér eða skapað sér aðstöðu til þess að ná óréttmætum hagnaði. Til þess að ná þessum markmiðum er beitt tveim mismunandi aðferðum:

1. Samkeppnislöggjöf.
   Henni er ætlað að efla og styrkja frjálsa samkeppni, og hindra aðgerðir einstakra fyrirtækja, sem kunna að skaða samkeppnina.

2. Verðmyndunarlöggjöf.
   Henni er ætlað að gera yfirvöldum mögulegt að hindra óeðlilega hátt eða lágt verð og jafnvel að hamla gegn verðbólgu.

Hvað viðvíkur fyrra atriðinu eru farnar tvær mismunandi leiðir. Norræna aðferðin gerir öllum fyrirtækjum skylt að tilkynna viðkomandi yfirvöldum um sérhverja samninga eða aðgerðir, sem augljóslega leiða til heftrar samkeppni, en bannar þær ekki. Síðan er það lagt í hendur yfirvalda að ákveða í hverju tilviki, hvort banna skuli einstaka samninga. Ameríska aðferðin er hin leiðin. Hún bannar allar samkeppnishömlur, nema þær, sem lögin kveða á um að séu leyfilegar. Þau lönd, sem fylgja amerísku aðferðinni, eru auk Bandaríkjanna helst Kanada og Þýskaland.

Hvað viðvíkur verðlagslöggjöfinni skiptir mestu máli, á hvers herðar löggjafinn leggur þá ábyrgð að taka verðákvarðanir og í hverja aðstöðu sá aðili er settur. Þannig ríkir sá skilningur í Bandaríkjunum, Kanada, Þýskalandi, Svíþjóð og mörgum fleiri Evrópulöndum, að sami aðili og nýtur hagnaðarins eða þolir tapið af rekstri fyrirtækisins verði að bera ábyrgð á verðákvörðunum. Löggjöf þessara landa gefur stjórnvöldum enga möguleika á afskiptum þar af. Hins vegar geta yfirvöld fengið neitunarvald, þ. e. ýmist bannað allar verðhækkanir eða bannað einstökum fyrirtækjum að breyta verði.

Í þeim löndum, sem beita ekki bannreglunni í samkeppnislöggjöfinni, eru gjarnan rýmri möguleikar á opinberri íhlutun í verðákvarðanir fyrirtækja, bæði með því að heimila yfirvöldum beina verðákvörðun, hámarksverð, eða löggildingu verðútreikningsaðferða, svo sem álagningarákvæða. Undantekning á þessu er Svíþjóð, sem beitir ekki bannreglu, en gefur yfirvöldum þó ekki heimild til verðíhlutunar. Þar á móti kemur upplýsingaskyldan, þ. e. afar víðtæk skylda til þess að gefa opinberum aðilum og jafnvel fjölmiðlum hvers kyns upplýsingar, er máli skipta.

Aftur á móti hafa verið í gildi lög um tímabundna verðstöðvun, þ. e. bæði á innlendum og innfluttum vörum, í ýmsum löndum, sem aðhyllast bannreglu og norrænu regluna. Erfitt er að segja nokkuð um árangur verðmyndunarlöggjafar við að hamla gegn verðbólgu, þar sem það á annað borð er yfirlýstur tilgangur. Þó virðist vera samhengi þar á milli á þann veg, að verðbólga er minnst í þeim löndum, sem hafa minnsta opinbera íhlutun í verðlagsákvarðanir fyrirtækja, sé litið til næstu landa, sem búa við svipað stjórnskipulag.


Við gerð meðfylgjandi tillagna var farin sú leið að fylgja bannreglunni í köflunum um samkeppnishömlur og einkum stuðst við þýsku lögin, sem eru mjög nýleg, eða frá 1973. Enn fremur er þeirri reglu fylgt, að verðlagsyfirvöldum er ekki gefið vald til að ákvarða verð fyrirtækja, heldur er Einokunarnefnd gefið takmarkað vald til að banna fyrirtækjum að breyta verði sínu, og viðskiptaráðherra fær vald til þess að grípa til verðstöðvunar, þ. e. algjörrar verðstöðvunar. Meginákersla er lögð á að skapa þær markaðsaðstæður, sem líklegastar eru til að fóstra eðlilegt og æskilegt viðskiptalíf með þjóðarhagsmuni í huga.

Það verður að taka skýrt fram, að í þessum tillögum er ekki tekið tillit til sérhagsmuna nokkurra hópa, stétta eða landssvæða, þar af leiðandi ekki heldur til sérþarfa ýmissa minnimáttarhópa, sem e. t. v. eru tekjulágir. Það er eindregin skoðun nefndarinnar, að slíkum sjónarmiðum sé ekki hægt að blanda inn í löggjöf sem þessa, ef hún á að ná tilgangi sínum, heldur verði að koma til móts við slíkar þarfir eftir öðrum leiðum opinberrar samhjálpar.

Við samningu þessara tillagna hefur ekki verið tekið tillit til þess, hvað ætla mætti, að væri pólitískt framkvæmanlegt, heldur eingöngu sett fram þau sjónarmið, sem talin voru réttust, þó með einni undantekningu. Ekki var talið fært að breyta meðferð verðlagsmála landbúnaðarafurða og sjávarafla á annan hátt en þann að færa smásöluverð landbúnaðarafurða frá Sexmannanefnd undir lög þessi og viðskiptaráðherra. Það táknar þó ekki að nefndarmenn telji núverandi fyrirkomulag um ákvörðun heildsöluverðs landbúnaðarafurða og sjávarafurða æskilegt.

Hér verður ekki gerð frekari grein fyrir efni frumvarpsins, heldur látið nægja að vísa í efnisyfirlitið, sem gefur góða mynd af uppsetningu þess og svo til frumvarpsins sjálfs og athugasemda við einstakar greinar.

SKIPURIT VERÐLAGSMÁLA



Undanskilið er ákvörðun afurðaverðs til bænda og verðlagning landbúnaðarvara á heildsölustigi og sjávarafurða frá skipshlið.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

I. HLUTI
SAMKEPPNISHÖMLUR

I. KAFLI
Samningar og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

Við 1. gr.

Hér er fylgt þeirri reglu að banna alfarið allar hömlur á samkeppni, nema annað sé tekið fram í síðari greinum. Ástæðan er sú, að bannreglan hefur reynst betur en mat viðkomandi yfirvalda á aðstæðum til þess að örva samkeppni og þar með stuðla að stöðugra verði og verðlagi. Bannreglan hefur einnig þann kost, að fyrirtæki vita, hvað er leyft og hvað er bannað, og geta hegðað sér samkvæmt því. Þar sem matsreglu er beitt, geta fyrirtæki verið í óvissu um lögmæti aðgerða sinna og jafnvel gerst brotleg við lög vegna óvissunnar. Af ofangreindum ástæðum er bannreglunni yfirleitt beitt í þeim löndum, sem mesta reynslu hafa af framkvæmd samkeppnislöggjafar, svo sem Bandaríkjum, Þýskalandi og Sviss.

Í 2. málsgrein er nánar skilgreint, hvað teljast samtök fyrirtækja, og er skilgreiningin látin ná til félagssamtaka fyrirtækja. Ástæðan er sú, að slík samtök má auðveldlega nota til þess að gera samkeppnishamlandi samþykktir. Slíkar samþykktir geta orðið bindandi fyrir alla félagsmenn, ef ákvæði er um það í félagslögum. Það er því full ástæða til þess, að öll félagssamtök fyrirtækja séu háð ákvæðum þessara laga.

Við 2. gr.

Hér eru tilteknir þeir samningar og ákvarðanir fyrirtækja, sem ættu ekki að vera skaðlegir samkeppni á innanlandsmarkaði. Þó þykir rétt, að slíkir samningar séu tilkynntir, þar sem tengja má þessum samþykktum aðrar skaðlegar samkeppnishömlur. Til útskýringar þykir rétt að ræða stuttlega hvern einstakan lið greinarinnar.

1. Afhendingar- og greiðsluskilmálar svo og staðgreiðsluafslættir geta vissulega verið samkeppnisatriði. Þó ætti samræming þessara atriða ekki að koma að sök, ef verð og önnur viðskiptakjör eru óheft. Jafnvel geta staðlaðir greiðsluskilmálar auðveldað verðsamanburð og þannig örvað samkeppni.
2. Afsláttur er algengt tæki til þess að mismuna viðskiptavinum. Magnafsláttur getur t. d. verið óeðlilegur til stórra viðskiptavina og eflt markaðsaðstöðu þeirra. Hér er því það skilyrði sett um allan afslátt, að hann sé veittur í samræmi við þann sparnað, sem fyrirtækið hlýtur, t d. vegna sölu á auknu magni.
3. Ekki þykir ástæða til að banna samtök í útflutningi, sérstaklega ef það getur bætt markaðsaðstöðu okkar erlendis. Þetta ákvæði hefur þó minna gildi, þar sem við getum vart vænst þess að vera markaðsráðandi á neinu sviði á er-

lendum mörkuðum, en auk þess eru ákvæði í samkeppnislöggjöf annara landa, sem heimila innflytjendum samtök og samráð, ef erlendi seljandinn býr við einokunar- eða markaðsráðandi aðstöðu í heimalandinu.

4. Sjálfsagt þykir að undanskilja alla notkun á stöðlum í samkeppnislöggjöfinni, enda ætti notkun þeirra að auðvelda samanburð á þeim samkeppnisatriðum, sem mestu máli skipta.
5. Hér er smáum og meðalstórum fyrirtækjum veitt heimild til sameiginlegrar hagræðingar, ef stærð þeirra að tiltölu við markaðinn í heild er lítil og áhrif samvinnunar á samkeppni því engin.

Við 3. gr.

Í þessari grein eru talin upp örfá undantekningaratriði varðandi samkeppnishömlur, sem rétt þykir að veita Markaðsstofnun heimild til að veita, ef sérstaklega stendur á. Þessi atriði eru þó það sjaldgæf, að vart ætti að koma til kasta Markaðsstofnunar á þessu sviði. Helst eru það þó fyrsta og annað atriðið, sem gætu komið til greina. Markaðsstofnun eru þó sett slík skilyrði í þessu sambandi, að samkeppnishömlurnar og skaðinn af þeim sé ávallt minni en hagnaður þjóðfélagsins af aukinni framleiðslu eða lækkuðu verði.

Við 4. gr.

Hér er tiltekið, hvernig tilkynna ber löglegar samkepnnishömlur. Einnig er tiltekið, hvernig Markaðsstofnun skal fara með slíkar tilkynningar og hvenær þær taka gildi.

Við 5. gr.

Hér er líkt og í 4. gr. sagt, hvernig öðlast má leyfi til samkeppnishamla, og tiltekið, hvernig Markaðsstofnun skal bregðast við slíkum tilmælum.

Við 6. gr.

Með þessari grein er ætlað, að lok samninga verði færð í Skrá um samkeppnishömlur engu síður en upphaf þeirra, þannig að skráin verði sem næst tæmandi um þær samkeppnishömlur, sem eru í gildi.

Við 7. gr.

Í greininni eru tiltekin þau atriði, sem skal færa í Skrá um samkeppnishömlur. Skýrt er tiltekið, að skráin skuli vera opinber, enda er það mikilvægur þáttur í því, að öllum aðilum geti verið ljósar þær samkeppnishömlur, sem eru í gildi. Þannig mætti örva það, að skaðlegum samkeppnishömlum verði mótmælt og þær numdar úr gildi.

Við 8. gr.

Til þess að tryggja það, að aðilum viðskiptalífsins verði ljósar væntanlegar og gildandi samkeppnishömlur, er tiltekið, að helstu atriði, sem verða í skrá um samkeppnishömlur, birtist í Lögbirtingablaðinu.

Við 9. gr.

Greinin tiltekur möguleg viðbrögð Markaðsstofnunar við misnotkun markaðsaðstöðu. Í 1. málsgrein er lýst þeim aðstæðum, sem réttlæta inngrip Markaðsstofnunar, en í 2. málsgrein eru tilteknar þær aðgerðir, sem markaðsstofnun getur gripið til. Það er fyrst talið, að stofnunin getur fyrirskipað þátttökufyrirtækjum að hætta misnotkun markaðsaðstöðu. Hún getur einnig fyrirskipað þátttökufyrirtækjum að breyta samningum og ákvörðunum og loks lýst samninga og ákvarðanir marklausar. Ef þessum fyrirskipunum Markaðsstofnunar er ekki hlýtt, getur hún gripið til aðgerða í samræmi við 56. og 58. gr., þar sem stofnuninni er veitt heimild til að banna framkvæmd samninga og beita dagsektum. Nægi slíkt ekki, getur Markaðsstofnun kært málið til Markaðsdóms.

Við 10. gr.

Hér er því lýst yfir, að samningar um samkeppnishömlur, sem hvorki hafa verið tilkynntar né leyfðar, geti ekki hlotið vernd fyrir dómstólum. Þetta er gert til þess að auðvelda samningsaðila, sem er aðili að samkeppnishamlandi samningi, að þurfa ekki að hlíta ákvæðum hans, ef hann óskar.

Við 11. gr.

Með 1. málsgrein er sérhverjum samningsaðila gert auðvelt að slíta samningi eða ákvörðun, sem fengið hefur lagagildi við það að vera tilkynnt til eða leyfð af Markaðsstofnun. Til þess þarf einungis skriflega tilkynningu, sem tekur strax gildi. Þetta ákvæði er sett til þess, að samkeppnishömlur séu ekki í gildi nema allir aðilar óski. Í 2. málsgrein er einnig lagt bann við því, að samningur innihaldi takmarkanir eða bann á rétti til að slíta honum. Slíkir samningar ættu ekki að hljóta samþykki Markaðsstofnunar.

II. KAFLI
UM VIÐSKIPTAHÖMLUR

Við 12. gr.

Með þessari grein er lagt bann við ákvörðun fyrirtækja á endursöluverði eða viðskiptaskilmálum á næsta sölustigi. Ef slíkt væri heimilt, mundu fyrirtæki vafalaust nýta í einhverjum mæli þann rétt og draga þannig úr samkeppni á næsta sölustigi. Þar sem tilgangur laganna er að örva samkeppni, þykir rétt að banna slíkar ákvarðanir.

Við 13. gr.

Í útgáfu blaða, bóka og tímarita hefur sú venja skapast, bæði hér og erlendis, að ákveða endanlegt útsöluverð þessara rita. Undanþága er því yfirleitt veitt til handa þessum aðilum, ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Þessi skilyrði eru tiltekin í 14. gr.

Við 14. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til úthlutunar um ákvörðun endursöluverðs varðandi blöð, bækur og tímarit, ef ákvörðun endursöluverðs er misnotuð, tengd öðrum takmörkunum á samkeppni eða er líkleg til að hindra verð þessara vara frá því að lækka eða hindra framleiðslu eða sölu á þessum vörum. Áður en Markaðsstofnun bannar ákvörðun endursöluverðs, er henni þó gert skylt í 2. málsgrein að reyna að fá viðkomandi fyrirtæki til þess að hætta þeirri misnotkun, sem á sér stað.

Við 15. gr.

Hér eru allir samningar fyrirtækja um takmörkun viðskiptafrelsis lýstir marklausir, sem jafnframt gefur Markaðsstofnun heimild til að banna framkvæmd slíkra samninga, sbr. 56. gr. Hér er um mjög víðtækt atriði að ræða. Sem dæmi má nefna til útskýringar, að fyrirtæki kunna að bindast samtökum um að kaupa ekki af tilteknu fyrirtæki eða fyrirtækjum eða selja ekki til tiltekins fyrirtækis eða fyrirtækja. Slíkir samningar geta skaðað stórlega samkeppni og jafnvel knésett fyrirtæki. Einnig kunna fyrirtæki að vilja takmarka hvar og hverjum má endurselja vöru og þjónustu eða hvar og hvernig má nota hana. Einnig þekkist það, að fyrirtæki, sem búa við ýmiss konar sérstöðu, reyna að selja óskyldar vörur með eftirspurðum söluvörum. Hér getur verið um margvísleg tilvik að ræða, en hvert einstakt verður að dæma út frá eðli samninganna og almennri viðskiptavenju.

Við 16. gr.

Þótt Markaðsstofnun sjái ástæðu til að lýsa samninga marklausa, vegna þess að þeir eru samkeppnishamlandi, getur verið full ástæða til að önnur atriði samninga haldi gildi sínu engu að síður. 16. gr. er ætlað að taka til, hvernig farið skuli með slík óskyld samningsatriði.

Við 17. gr.

Til þess að örva framtak, hugvitsemi og uppfinningar hafa verið leidd í lög ákvæði um höfundarrétt og einkaleyfi. Slík lög eiga fullan rétt á sér innan vissra marka, þótt þau skerði vissulega í nokkrum mæli samkeppni. Þessari grein er ekki ætlað að breyta þeirri vernd, sem í slíkum lögum felst. Þessari grein er hins vegar ætlað að sporna við samkeppnishömlum, sem fara út fyrir gildissvið hins verndaða réttar.

Við 18. gr.

Framleiðsluaðferðir, tæknileg hönnun og aðrir tæknilegir ávinningar eru um margt hliðstæðir því, sem á við um lögverndaða hagsmuni og getið er um í 17. gr. Því þykir rétt, að sömu reglur gildi um óverndaða hagsmuni og um hina lögvernduðu.

III. KAFLI
STARFSEMI MARKAÐSRÁÐANDI FYRIRTÆKJA

Við 19. gr.

Greinin skilgreinir hvað telst markaðsráðandi fyrirtæki. Vísast til greinarinnar um þá skilgreiningu.

Við 20. gr.

Vegna samvinnu á markaði og samruna fyrirtækja þarf að skilgreina, hvað teljast dótturfyrirtæki og tengd fyrirtæki. Það er gert í 20. gr.

Við 21. gr.

Til þess að styrkja og örva samkeppni er Markaðsstofnun gefið vald til þess að sporna gegn samruna fyrirtækja, ef slíkt getur leitt til markaðsráðandi aðstöðu. Samruna þarf því að tilkynna til Markaðsstofnunar Íslands, ef fyrirtæki við eða eftir samruna hafa náð 40% markaðshlutdeild. Í greininni er síðan skilgreint, hvað telst samruni samkvæmt skilningi laganna. Vísast til hennar varðandi þá skilgreiningu.

Við 22. gr.

Þar sem markaðshlutdeild og markaðsaðstaða er mikilvægur mælikvarði um inngrip í samruna fyrirtækja, þurfa þessi atriði nána skilgreiningu. Nauðsynlegar skilgreiningar eru í þessari grein.

Við 23. gr.

Hér er tiltekið, hvernig fara skuli með tilkynningar um fyrirhugaðan samruna. Ákveðið er, hvað skuli vera í slíkum tilkynningum og hverjir skuli tilkynna. Samruni, sem ekki er tilkynntur, er uppleysanlegur, sbr. 25. gr., og jafnframt ólöglegur.

Við 24. gr.

Hér er tiltekið, hvernig Markaðsstofnun og í hvaða tilvikum má banna samruna. Í þessum efnum eru Markaðsstofnun settar ákveðnar starfsreglur, sem fyrirtækjum mega vera kunnar fyrir fram.

Við 25. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til að leysa upp samruna fyrirtækja, en þó undanskilinn samruni, sem átti sér stað fyrir gildistöku þessara laga. Markaðsstofnun er þó veitt heimild til að leysa upp samruna, sem orðið hefur fyrir gildistöku þessara laga, ef fyrirtæki misnota ítrekað þá markaðsaðstöðu, sem þau hafa öðlast. Í 2. málsgrein er mikilsvert ákvæði, sem meinar fyrirtækjum að nota fjölþætta starfsemi til þess að bæta markaðsaðstöðu sína og knésetja keppinauta. Markaðsstofnun er veitt heimild til að grípa inn í starfsemi slíkra fyrirtækja og láta þau rökstyðja verðlagningu sína, hækka verð á vöru og þjónustu, sem stendur ekki undir fullum kostnaði, og getur einnig, ef um ítrekað brot er að ræða, fyrirskipað upplausn fyrirtækisins, þannig að rekstrarþættir þess verði aðskildir. Fyrirtæki, sem reka fjölþætta starfsemi, geta hæglega með verðákvörðunum, annaðhvort of háu eða of lágu verði, spillt samkeppni og knésett keppinaut. Þessari grein er ætlað að uppræta slíka starfsemi.

Við 26. gr.

Þessari grein er ætlað að undanskilja minniháttar samruna afskiptum Markaðsstofnunar, þegar engin þörf er á slíkum afskiptum, þar sem samkeppni er fyrir hendi og möguleikar á þátttöku nýrra fyrirtækja eru til staðar.

IV. KAFLI
ÓLÖGLEG MARKAÐSHEGÐUN

Við 27. gr.

Í 1. málsgrein er með almennum orðum sérstaklega bönnuð öll samstillt starfsemi fyrirtækja, sem telja má samkeppnishamlandi. Í 2. málsgrein eru allar tilraunir í þá átt bannaðar. Í 3. málsgrein eru svo tilteknar sérstaklega þrjár þvinganir, sem eru bannaðar. Í fyrsta lagi er sagt, að fyrirtæki skuli ekki þvinga önnur til þess að taka þátt í samningi eða ákvörðun, sem bönnuð er með þessum lögum, í öðru lagi til þess að sameinast öðrum fyrirtækjum og í þriðja lagi til þess að starfa á samræmdan hátt á markaði í þeim tilgangi að hamla gegn samkeppni. Með þessari grein eru allar þvinganir til samkeppnishamlandi aðgerða bannaðar almennt.

Við 28. gr.

Í 1. málsgrein eru allar hvatningar fyrirtækja til þess að neita að selja eða kaupa af öðrum fyrirtækjum í þeim tilgangi að skaða vissa samkeppnisaðila bönnuð. Einnig er önnur mismunun í sama tilgangi bönnuð. Slíkir samningar eru einnig lýstir marklausir í 15. gr. og þar með bannaðir í samræmi við 56. gr., ef Markaðsstofnun beitir þeirri heimild.

Í 2. málsgrein er synjun um viðskipti á óréttlætanlegan hátt bönnuð. Synjunin telst óréttlætanleg, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og söluaðili, án réttmætra raka, mismunar kaupanda beint eða óbeint. Þetta ákvæði er mikilvægt, þar sem kaupendur á vissum vörum eða þjónustu kunna að treysta á þessi fyrirtæki um framboð og eiga ekki kost á öðrum hagkvæmum eða fullnægjandi viðskiptum. Til þess að mismununin sé óréttlætanleg, þarf kaupandi einnig að vera reiðubúinn og hafa getu til að mæta öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn. Við þessar aðstæður getur Markaðsstofnun Íslands fyrirskipað sölu. Þetta ákvæði er mikilvægt í allri samkeppnislöggjöf, þar sem söluneitun er oft notuð til þess að skaða samkeppni eða knésetja keppinaut.

Við 29. gr.

Í 1. málsgrein er sett fram sú almenna regla, að fyrirtæki skuli ekki mismuna viðskiptavinum sínum í verði til hugsanlegs skaða fyrir samkeppni. Viss verðmismunun getur þó verið réttlætanleg, og telur greinin upp sjö skýringaratriði í því

sambandi. Sú upptalning er ekki tæmandi, en ætti að vera leiðbeinandi. Í 2. málsgrein er Markaðsstofnun veitt heimild til að krefja fyrirtæki um rökstuðning fyrir verðmismunun en slíkan rökstuðning ber fyrirtækjum ávallt að hafa handbæran. Ef Markaðsstofnun telur slíkan rökstuðning ónógan, má hún heimila að kaupin gangi til baka eða kaupandi greiði sama verð og aðrir hafa gert við sömu aðstæður.

Við 30. gr.

Í þessari grein er auglýsingaþjónusta sérstaklega tekin fyrir, þar sem greiðslur fyrir þá þjónustu til dreifingaraðila eru oft notaðar til þess að mismuna viðskiptaaðilum. Greiði framleiðandi eða seljandi fyrir slíka þjónustu til næsta dreifingaraðila, þarf að bjóða öllum dreifingaraðilum þessa þjónustu á sambærilegum skilmálum, ef dreifingaraðilar eiga í innbyrðis samkeppni. Ekki er nægilegt, að öllum viðskiptavinum, sem eiga í innbyrðis samkeppni, sé heimiluð þátttaka, heldur þurfa öllum viðskiptavinum að vera kynntir möguleikar á þátttöku, jafnvel þótt vitað sé, að vissir viðskiptavinir muni ekki nota rétt sinn til þátttöku. Þessi skilyrði eru sett til þess að fyrirbyggja möguleika á mismunun. Einnig eru í greininni taldar upp nokkrar tegundir slíkrar þjónustu, sem kæmi til greina að greiða fyrir. Þessi upptalning ætti að gera gildissvið þessa ákvæðis skýrara.

Við 31. gr.

Í 1. málsgrein er eitt mikilvægasta ákvæðið í allri samkeppnislöggjöf, sem er bann við sölu á vöru og þjónustu undir kostnaðarverði í þeim tilgangi að skaða samkeppni eða knésetja keppinaut. Hér skiptir tilgangurinn öllu máli, þar sem sala undir kostnaðarverði getur vissulega verið réttlætanleg í öðrum tilgangi. Dæmi um það eru talin upp í 2. málsgrein. Sú upptalning er ekki tæmandi, en ætti að vera leiðbeinandi um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við 32. gr.

Í greininni er innlendum seljendum bannað að nota umboðssölufyrirkomulag, t. d. einkaumboð, til þess að útiloka aðra viðskiptavini frá kaupum. Útilokun annarra frá viðskiptum getur þó verið réttlætanleg, t. d. þegar veita þarf ákveðna þjónustu samhliða sölu. Í slíkum tilvikum væri fyllilega réttlætanlegt að útiloka þá aðila, sem ekki geta veitt slíka þjónustu á fullnægjandi hátt, frá sölu vörunnar.

Við 33. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til að fyrirskipa aðild fyrirtækja að samtökum um gæðamerki og gæðastimpla, ef útilokun fyrirtækis frá slíkum samtökum jafngildir sannanlegri, óréttlætanlegri mismunun og setur slíkt fyrirtæki í verri samkeppnisaðstöðu. Hin tiltekna vara eða þjónusta þarf þó ávallt að fullnægja þeim gæðakröfum, sem upp eru settar, ef kröfurnar eru í alla staði eðlilegar.

Við 34. gr.

Þótt ákvörðun endursöluverðs á næsta sölustigi sé bönnuð í 12. gr., gegnir öðru máli um leiðbeinandi tilmæli um verð á næsta sölustigi, ef tryggt er, að leiðbeiningarnar eru á engan hátt ígildi ákvörðunar um endursöluverð. Hér eru því tiltekin ákveðin skilyrði, sem uppfylla þarf, svo að útgáfa leiðbeinandi endursöluverðs sé heimil. Taka þarf skýrt fram, að tilmælin séu ekki bindandi og engan þrýsting neins konar má nota til þess að framfylgja leiðbeiningunum. Einnig þarf hið leiðbeinandi verð að samsvara því, sem líklegt er að sett verði á vöruna af meiri hluta þeirra fyrirtækja, sem ætlað er að selja hana.

Í 3. málsgrein eru gefnar nánari skýringar, til hvaða vara eða þjónustu þessi heimild nær. Samtökum smárra og meðalstórra fyrirtækja er einnig heimilað í 2. málsgrein að samræma tilmæli sín um endursöluverð með nokkru frjálslegri hætti,

ef það bætir samkeppnisskilyrði þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum, án skaða fyrir samkeppni. Þau þurfa þó að fylgja þeim meginreglum, sem sett eru í 1. málsgrein. Í 4.—7. málsgrein er Markaðsstofnun veitt heimild til að banna leiðbeinandi endursöluverð undir ákveðnum kringumstæðum, sem skilgreindar eru í 4. málsgrein. Aðgerðir Markaðsstofnunar í þessu sambandi eru afmarkaðar í 5.—7. gr.

V. KAFLI
SAMKEPPNISREGLUR

Við 35. gr.

Hér er samtökum atvinnugreina heimilað að koma á reglum um heiðarlega samkeppnishætti, eftir að slíkar reglur hafa verið samþykktar af Markaðsstofnun og færðar í Skrá um samkeppnisreglur. Hér er sérstaklega átt við siðareglur, einkum hvað snertir markaðshegðun, t. d. auglýsingar.

Við 36. gr.

Hér er tiltekið, að samkeppnisreglur teljist ekki samkeppnishamlandi samningar eða ákvarðanir í skilningi 1. gr. laganna.

Við 37. gr.

Hér er Markaðstofnun falið að fylgjast með slíkum samkeppnisreglum á síðari stigum til þess að tryggja, að reglurnar innihaldi engar samkeppnishömlur og öllum aðilum, sem málið varðar, sé veittur möguleiki á að koma mótmælum á framfæri.

Við 38. gr.

Hér er nánar tiltekið, hvernig Markaðsstofnun skal fara með umsóknir um skráningu reglna um samkeppni.

Við 39. gr.

Í 1. málsgrein eru tilteknar þær upplýsingar, sem birta skal í Lögbirtingablaði varðandi umsókn um færslu samkeppnisreglna í Skrá um samkeppnisreglur. Þessi háttur er á hafður, svo að þeir aðilar, sem málið varðar, geti komið fram með athugasemdir, áður en samkeppnisreglur eru skrásettar.

Við 40. gr.

Hér er viðskiptaráðherra veitt heimild til að setja frekari ákvæði um stofnun og starfrækslu Skrár um samkeppnisreglur.

VI. KAFLI
VERÐMYNDUN

Við 41. gr.

Hér er öll samstaða í verðákvörðunum bönnuð, þó með tveim mikilvægum undantekningum. Í fyrsta lagi getur Framleiðsluráð landbúnaðarins starfað áfram þrátt fyrir þessi lög og ákveðið verð landbúnaðarafurða til bænda, miðað við afhendingu til vinnslustöðvar, að frádregnum flutningskostnaði, en einnig getur Framleiðsluráðið ákveðið heildsöluverð landbúnaðarafurða frá vinnslustöð og þar með gjöld fyrir vinnslukostnað. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir, að Framleiðsluráð ákveði smásöluverð landbúnaðarafurða. Nauðsynlegar breytingar í því sambandi eru gerðar í 71. gr. Verðlagsráð sjávarútvegsins getur hins vegar starfað áfram óbreytt.

Við 42. gr.

Í 1. málsgrein er viðskiptaráðherra veitt heimild til að grípa til verðstöðvunar í einn mánuð og framlengja hana tvívegis, þó þannig, að hámark samfelldrar verðstöðvunar verði ekki lengra en 3 mánuðir. Þótt verðstöðvun til lengri tíma sé gagnslaus, getur verðstöðvun til styttri tíma, þar til aðrar aðgerðir eru undirbúnar, verið gagnleg. Þar sem hér er hins vegar eingöngu veitt heimild til raunverulegrar verðstöðvunar, verður hún að gilda í mjög skamman tíma. Einungis má grípa til algjörrar verðstöðvunar, sem ekki mismunar fyrirtækjum. Við þær aðstæður má hvorki hækka verð á innlendri né erlendri vöru og þjónustu né laun eða leigu fyrir afnot fastafjármuna og lausafjármuna. Verðstöðvun er ætlað að gilda um öll fyrirtæki, bæði í eigu opinberra aðila og einkaaðila.

Við 43. gr.

Hér er lagt til, að stöðugt verðlag verði stefnuatriði og markmið í stjórn efnahagsmála. Til þess að ná því markmiði er stjórnvöldum gert skylt að beita aðgerðum í fjármálum hins opinbera og í peningamálum. Á undanförnum árum hefur markmiðið um stöðugt verðlag ekki verið haft til hliðsjónar við beitingu efnahagsaðgerða á þessum tveim sviðum, eins og glöggt má sjá, þegar verðlagsbreytingar síðustu ára eru skoðaðar.

Við 44. gr.

Hér er sett fram sú regla, að verðbreytingar einokunarfyrirtækja þurfi að hljóta samþykki Einokunarnefndar, áður en þær taka gildi, ef fyrirtækið býr við enga eða óverulega samkeppni og engin von er til þess að samkeppni geti aukist. Þessi skipan þykir eðlileg, þar sem einokunarfyrirtæki geta að sjálfsögðu með verðákvörðunum skapað sér óæskilega markaðsaðstöðu.

Við 45. gr.

Greinin fjallar um verðbreytingar annarra fyrirtækja en einokunarfyrirtækja. Um þau eiga að gilda tvenns konar reglur. Markaðsráðandi fyrirtæki þurfa að tilkynna Markaðsstofnun verðbreytingar með hálfs mánaðar fyrirvara. Ástæðan er sú, að markaðsráðandi fyrirtæki geta misnotað aðstöðu sína með tvennum hætti. Bæði geta þau verið að halda uppi óeðlilega háu verði á grundvelli samstöðu og náð þannig til sín óeðlilegum hagnaði, slík samstaða hefur þó reynst skammvinn, þar sem ný fyrirtæki eru hvött til að hefja starfsemi á markaðinum, en einnig geta þátttakendur í samkomulaginu haft hag að því að rjúfa það. Þessi hætta er því ekki eins alvarleg og sú, þegar markaðsráðandi fyrirtæki eitt sér ákveður verð mjög lágt í þeim tilgangi að knésetja keppinaut eða takmarka samkeppni. Því þykir rétt, að Markaðsstofnun og Einokunarnefnd geti mótmælt verðbreytingum markaðsráðandi fyrirtækja, sem veldur því, að þau þurfa að endurskoða verðákvarðanir. Hins vegar er engin þörf á því, að þau fyrirtæki, sem ekki eru markaðsráðandi, tilkynni Markaðsstofnun um verðbreytingar. Slík skylda mundi einungis skapa pappírsflóð og ónauðsynlegan kostnað, enda getur Markaðsstofnun fengið allar verðupplýsingar frá fyrirtækjum, þegar hún óskar, sbr. 50. gr.

VII. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

Við 46. gr.

Með þessari grein er tiltekið, að öll brot gegn ákvæðum þessara laga geti myndað kröfu um greiðslu skaðabóta til tjónþola, sem bæði getur verið keppinautur í viðskiptum og viðskiptaaðili.

Við 47. gr.

Hér er öllum félögum fyrirtækja í viðskiptalegum eða félagslegum tilgangi gert skylt að tilnefna fulltrúa, sem kemur fram fyrir þeirra hönd í málum, er snerta þessi lög. Þetta á þó einungis við, þegar lagaleg staða samtakanna er óviss. Svo mun til dæmis vera um flest félagasamtök atvinnurekenda.

Við 48. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II. HLUTI
YFIRVÖLD

VIII. KAFLI
YFIRVÖLD, SEM ANNAST EFTIRLIT OG FRAMKVÆMD ÞESSARA LAGA

Við 49. gr.

Hér eru taldir upp þeir fjórir aðilar, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga. Markaðsstofnun ber ábyrgð gagnvart viðskiptaráðherra, en viðskiptaráðherra skipar henni forstöðumann. Viðskiptaráðherra skipar sömuleiðis hina þrjá aðila, er sitja í Einokunarnefnd, tvo þeirra samkvæmt tilnefningu. Dómsmálaráðherra skipar hins vegar formann Markaðsdómstólsins, en formaður dómsins velur meðdómendur úr hópi hinna skipuðu sjó- og verslunardómsmanna í hverri þinghá.

Við 50. gr.

Í greininni er yfirvöldum veittur víðtækur réttur til öflunar upplýsinga, en sömuleiðis settar ákveðnar reglur um það, hvernig þeirra má afla.

Við 51. gr.

Starfsmenn yfirvalda eru bundnir með þessari grein ákveðinni þagnarskyldu, sem fyrnist ekki, þótt þeir hætti starfi hjá viðkomandi yfirvöldum.

Við 52. gr.

Fyrir brot á þagnarskyldu má refsa með tvennum hætti: fengelsisvist og greiðslu sektar. Þyngd refsingarinnar fer eftir eðli brotsins. Einnig getur brot á þagnarskyldu skapað skyldu til greiðslu skaðabóta.

IX. KAFLI
MARKAÐSSTOFNUN ÍSLANDS

Við 53. gr.

Greinin tiltekur, hvernig stofnun og starfsemi Markaðsstofnunar skuli háttað, hvernig ákvarðanir skulu teknar, hvaða þekkingu helstu starfsmenn skuli hafa og hvaða skyldur störf þeirra leggja þeim á herðar. Að öðru leyti er viðskiptaráðherra veitt heimild til að ákveða starfsreglur stofnunarinnar með reglugerð.

Við 54. gr.

Rétt þykir, að allar leiðbeiningar viðskiptaráðherra til Markaðsstofnunarinnar skuli birtar í Lögbirtingablaði, þannig að aðilum atvinnulífsins sé sem ljósust sú túlkun, sem yfirvöld leggja í þessi lög.

Við 55. gr.

Eitt að verksviðum Markaðsstofnunar á að vera að örva samkeppni, og telur greinin upp þrjú atriði í því sambandi. Með könnunum og verðsamanburði má verulega auka og örva samkeppni milli vörutegunda og seljenda. Slíkar kannanir verður þó að framkvæma þannig, að fyllsta hlutleysis sé gætt og niðurstöðurnar verði áreiðanlegar fyrir almenning. Hér skiptir því t. d. minna máli verð á einstökum vörum og þjónustu á milli fyrirtækja, heldur mun fremur, hvað ákveðið safn af vörum eða þjónustu kostar hjá tilteknum seljendum. Athuga mætti t. d., hversu mikið matvöruútgjöld vísitölufjölskyldunnar kosta í einstökum matvöruverslunum. Einnig mætti bera saman verð skyldrar vöru eða þjónustu og bera saman miðað við magn, þannig að sýnt verði meðalverð miðað við ákveðinn fjölda sölustaða.

Við 56. og 57. gr.

Þessar tvær greinar gefa Markaðsstofnun viðtækt vald, þar sem þær heimila stofnuninni að banna framkvæmd samnings eða ákvörðunar, sem er marklaus, og einnig að banna fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja að starfa með samkeppnishamlandi hætti, sem er andstæður fyrri ákvæðum laganna. Markaðsstofnun hefur þó ekki öll völd í þessu efni, heldur geta fyrirtæki látið Markaðsdómstólinn skera úr ágreiningi um embættistakmörk Markaðsstofnunarinnar samkvæmt 61. gr.

Við 58. gr.

Hér er Markaðsstofnun veitt heimild til að beita dagsektum. Dagsektir eru hér ákveðnar í samræmi við lög um verðlagsmál og lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá 1960. Sektarfjárhæðir eru þó færðar til gildandi verðlags. Varðandi samruna fyrirtækja getur Markaðsstofnun tilnefnt hlutlausan fjárhaldsmann, þegar þörf krefur, og bannað notkun kosningarréttar.

Við 59. gr.

Hér er Markaðsstofnun gert skylt að birta ársskýrslu um ástand og framgang mála á sínu starfssviði stjórnvöldum, fyrirtækjum og almenningi til upplýsinga. Skýrslunni er ætlað að innihalda það efni, sem best lýsir ástandi mála, ásamt túlkunum yfirvalda á framkvæmd laganna.

X. KAFLI
MARKAÐSDÓMSTÓLL

Við 60. gr.

Vegna sérstöðu sinnar þykir rétt, að sérstakur dómstóll sé stofnaður til að fjalla um þessi mál, enda er til þess ætlast, að meðdómendur hafi til að bera sérþekkingu á þessu sviði.

Við 61. gr.

Hér er ákveðin skipan mála varðandi dómsrannsókn og málsmeðferð fyrir Markaðsdómstólnum. Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Þó þykir rétt að vekja athygli á því, að Markaðsdómstólnum er ætlað að meta sjálfstætt, hvort um brot sé að ræða og hvers eðlis það sé, og meta gildi ákvörðunar Markaðsstofnunar og skera úr ágreiningi um embættistakmörk.

Við 62. gr.

Hér eru settar fram starfsreglur fyrir Markaðsdómstólinn í málum varðandi samruna fyrirtækja og upplausn samruna. Í 2. málsgrein eru settar fram viðmiðanir fyrir Markaðsdómstól til ákvörðunar um það, í hve miklum mæli samruni má takmarka samkeppni á markaði. Hér þarf hagur efnahagslífsins í heild eða almennings af samrunanum ávallt að vera meiri eftir breytinguna, en áður var.

Við 63. gr.

Í greininni er brotum gegn lögum skipt í tvo flokka eftir eðli þeirra og þyngd refsingar ákveðin í samræmi við það. Þyngsta refsing er ákveðin í samræmi við lög um verðlagsmál og lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá árinu 1960, en fjárhæð sekta er breytt til samræmis við gildandi verðlag. Eðlilegt þykir, að vanræksla á að veita upplýsingar eða skortur á tilkynningum séu talin vægari brot en brot á samkeppnislöggjöfinni sjálfri, og eru viðurlög ákveðin í samræmi við það.

XI. KAFLI
EINOKUNARNEFND

Við 64. gr.

Hlutverk Einokunarnefndar er að fjalla um verðbreytingar einokunarfyrirtækja og um réttmæti umdeildra verðbreytinga hjá markaðsráðandi fyrirtækjum. Því þykir rétt, að óvilhallir menn með fagþekkingu fjalli um þessi mál. Hér er því sú leið valin, að Hæstiréttur og Viðskiptadeild Háskóla Íslands tilnefni einn mann í nefndina hvor aðili, en formaður sé skipaður af viðskiptaráðherra án tilnefningar. Hér er vikið frá þeirri venju, að samtök launþega og atvinnurekenda tilnefni menn í slíka nefnd. Sú skipan hefur ekki reynst nægilega vel. Í 4. málsgrein eru gerðar ákveðnar kröfur til þeirra aðila, sem skipa Einokunarnefnd. Er þetta gert til þess að tryggja, eins og frekast er kostur, hlutleysi fulltrúa í nefndinni. Sömuleiðis eru gerðar kröfur í 5. málsgrein til ákveðinnar þekkingar, sem er nýmæli frá gildandi lögum. Nú eru t. d engar kröfur gerðar til fulltrúa í verðlagsnefnd um kunnáttu og þekkingu á þeim málum, sem þar er fjallað um.

Við 65. gr.

Í greininni eru settar fram viðmiðanir við verðákvarðanir hjá einokunarfyrirtækjum. Eðlilegt má telja að hafa þar hliðsjón af þeirri ávöxtun, sem spariskírteini ríkissjóðs gefa. Sú fjárfesting nýtur skattfríðinda og er ekki háð mikilli áhættu. Því þarf að leiðrétta ávöxtun hjá einokunarfyrirtækjum til samræmis við áhættu og skattlagningu. Sem lágmarksviðmiðun í þessu sambandi mætti nefna, að Alþjóðabankinn gerir kröfu til 7% arðsemi hjá Landsvirkjun. Þá viðmiðun þarf að leiðrétta vegna skattskyldu. Í greininni er Einokunarnefnd einnig veittur sami réttur til öflunar upplýsinga og öðrum yfirvöldum, sem annast framkvæmd þessara laga, en á móti er Einokunarnefnd háð sömu þagnarskyldu og þessi yfirvöld.

Við 66. gr.

Hér er áskilið, að Einokunarnefnd skuli njóta skrifstofuaðstöðu hjá Markaðsstofnun og starfslið stofnunarinnar annist undirbúning funda og önnur skyld störf. Þetta er gert til þess að spara tilkostnað.

III. HLUTI
GILDISSVIÐ OG GILDISTAKA

XII. KAFLI
GILDISSVIÐ

Við 67. gr.

Með þessari grein er ákveðið, að þessi lög nái til allra atvinnustarfsemi, sem fæst við framleiðslu og sölu á vöru og þjónustu, hvort sem þessi fyrirtæki eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Einu undanþágurnar, sem gerðar eru, varða verðmyndun. Þær undanþágur eru tilgreindar í 41. gr. hvað varðar fiskveiðar og landbúnað og í 68. gr. hvað varðar póstþjónustu, verð á áfengi og tóbaki og verð á lyfjum.

Við 68. gr.

Vegna sérstöðu þessarar vöru og þjónustu þykir rétt að núverandi skipan haldist. Ef svo væri ekki, gæti einokunarnefnd t. d. ákveðið að samþykkja ekki verð á áfengi og tóbaki, þar sem ríkissjóður væri að nýta einokunaraðstöðu til þess að ná óréttmætum hagnaði. Verð á áfengi og tóbaki er þó að sjálfsögðu hluti af skattheimtu ríkissjóðs og verður að skoðast þannig. Sömuleiðis tengist ákvörðun smásöluverðs lyfja þátttöku ríkissjóðs í kostnaði almenings vegna heilbrigðisþjónustu.

Við 69. gr.

Hér eru talin upp þau lög, sem eðlilegt þykir að falli úr gildi við gildistöku þessara laga. Fyrst má telja lög um verðlagsmál og breytingu á þeim lögum, enda koma þessi lög í þeirra stað. Um önnur lög gildir nokkuð öðru máli. Annaðhvort takmarka þau samkeppni vegna einokunarákvæða eða annarra samkeppnishamlandi samkeppnisákvæða eða þau eru orðin löngu úrelt, en gætu þó, ef þeim væri beitt, verið í andstöðu við þessi lög.

Við 70. gr.

Hér eru lögin sem heild ekki felld úr gildi, heldur er einstökum greinum þeirra breytt til samræmis við þessi lög. Fyrst má telja lög um óréttmæta verslunarhætti, en þar er fellt niður ákvæði um hámarksverð og tvær greinar, sem snerta útsölur. Þessar greinar takmarka samkeppni. Í öðru lagi er 8. gr. laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála felld niður, þar sem ætlunin er, að útflutningur verði frjáls. Fyrirtæki geta þó myndað samstöðu í útflutningi á grundvelli 2. gr. þessara laga með undanþágu frá 1. gr. Hið sama gildir um lög um Síldarútvegsnefnd og lög um tollheimtu og tolleftirlit. Þá er felld niður lögbundin einokun til handa Áburðarverksmiðju ríkisins, til Ríkisútvarpsins og til Pósts og síma. Allt eru þetta lögbundin einokunarákvæði, sem ástæðulaust er að séu í gildi. Einnig eru tvær heimildir til verðákvörðunar felldar úr gildi: Í fyrsta lagi heimild til að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, en einnig eru felld niður ákvæði um verðstöðvun í 10. gr. laga um launajöfnunarbætur o. fl.

Við 71. gr.

Í greininni er felld niður ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á smásöluverði landbúnaðarafurða, en einnig eru felld niður einokunarákvæði til handa Grænmetisverslun landbúnaðarins til sölu á matjurta og gróðurhúsaframleiðslu. Grænmetisverslun landbúnaðarins getur þó að sjálfsögðu starfað áfram á sínu sviði, en nýtur ekki lengur lögverndaðrar einokunar. Smásöluverð landbúnaðarafurða og matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu ræðst því af markaðsaðstæðum eftir þessa breytingu. Sú tvískipting, sem til þessa hefur verið á verðákvörðunum, sem snerta matvöruverslun, hafa verulega staðið heilbrigðri skipan verðlagsmála á þessu sviði fyrir þrifum.

Við 72. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

EFNISYFIRLIT

I. HLUTI
SAMKEPPNISHÖMLUR

I. kafli. Samningar og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

1. gr. Bann við samkeppnishömlum.
2. gr. Löglegar samkeppnishömlur.
3. gr. Leyfanlegar samkeppnishömlur.
4. gr. Tilkynningarskylda löglegra samkeppnishamla.
5. gr. Leyfi til samkeppnishamla.
6. gr. Lok samninga.
7. gr. Skrá um samkeppnishömlur.
8. gr. Opinber birting.
9. gr. Misnotkun markaðsaðstöðu.
10. gr. Lagagildi samkomulags.
11. gr. Slit samkomulags.

II. kafli. Um viðskiptahömlur.

12. gr. Markleysi samninga um endursöluverð.
13. gr. Endursöluverð bóka, blaða og tímarita.
14. gr. Eftirlit með framkvæmd 12. og 13. gr.
15. gr. Takmörkun viðskiptafrelsis.
16. gr. Áhrif banns á óskyld samningsatriði.
17. gr. Um höfundarrétt, einkaleyfi o. þ. h.
18. gr. Óverndaðir hagsmunir.

III. kafli. Starfsemi markaðsráðandi fyrirtækja.

19. gr. Markaðsráðandi fyrirtæki.
20. gr. Dótturfyrirtæki og tengd fyrirtæki.
21. gr. Samruni fyrirtækja.
22. gr. Markaðshlutdeild.
23. gr. Tilkynning um fyrirhugaðan samruna.
24. gr. Bann við samruna.
25. gr. Upplausn samruna.
26. gr. Undanþágur.

IV. kafli. Ólögleg markaðshegðun.

27. gr. Þvingun.
28. gr. Söluneitun.
29. gr. Verðmismunun.
30. gr. Auglýsingaþjónusta.
31. gr. Sala undir kostnaðarverði.
32. gr. Umboðssala.
33. gr. Aðild að samtökum um gæðamerki og stimpla.
34. gr. Verðleiðsögn.

V. kafli. Samkeppnisreglur.

35. gr. Skrá um samkeppnisreglur.
36. gr. Samningar um samkeppnisreglur.
37. gr. Rannsókn á samkeppnisreglum.
38. gr. Umsóknir og skrásetning samkeppnisreglna.
39. gr. Tilkynningar um samkeppnisreglur.
40. gr. Reglugerð um Skrá um samkeppnisreglur.

VI. kafli. Verðmyndun.
41. gr. Verðákvarðanir.
42. gr. Verðstöðvun.
43. gr. Verðlag.
44. gr. Verðbreytingar einokunarfyrirtækja.
45. gr. Verðbreytingar markaðsráðandi fyrirtækja og annarra fyrirtækja

VII. kafli. Almenn ákvæði.
46. gr. Ábyrgð og skaðabætur.
47. gr. Um lögmenn samtaka.
48. gr. Ábyrgð.

II. HLUTI
YFIRVÖLD

VIII. kafli. Yfirvöld, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga.
49. gr. Yfirvöld.
50. gr. Öflun upplýsinga.
51. gr. Þagnarskylda.
52. gr. Viðurlög við broti á þagnarskyldu.

IX. kafli. Markaðsstofnun Íslands.
53. gr. Stofnun og starfsemi.
54. gr. Leiðbeiningar.
55. gr. Örvun samkeppni.
56. gr. Marklausir samningar.
57. gr. Samkeppnishamlandi hegðun.
58. gr. Sektir og aðhald.
59. gr. Ársskýrsla.

X. kafli. Markaðsdómstóll.
60. gr. Stofnun og skipulag.
61. gr. Dómsrannsókn og málsmeðferð.
62. gr. Dómar um samruna og upplausn.
63. gr. Um eðli brota og refsingar.

XI. kafli. Einokunarnefnd.
64. gr. Einokunarnefnd.
65. gr. Starfsreglur Einokunarnefndar.
66. gr. Skrifstofuhald Einokunarnefndar.

III. HLUTI
GILDISSVIÐ OG GILDISTAKA

XII. kafli. Gildissvið.
67. gr. Tegund fyrirtækja.
68. gr. Undanþágur.
69. gr. Lög, sem falla úr gildi.
70. gr. Breytingar á eldri lögum.
71. gr. Breyting til samræmis við 41. gr.
72. gr. Gildistaka.

Ed. 313. Frumvarp til þinglýsingalaga. [152. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—1978.)

I. KAFLI
Þinglýsingardómarar.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli eru þinglýsingardómarar, hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík eru borgarfógetar þinglýsingardómarar, sbr. 3. gr. laga nr. 74/1972.

Nú er sérstakur lögreglustjóri í kauptúni, og getur þá dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli vera þinglýsingardómari að nokkru eða að öllu leyti, eftir atvikum.

2. gr.

Þinglýsingardómari skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber dómaranum jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum.

Fulltrúi dómara getur leyst úr þinglýsingarmáli, þótt dómara bagi þau atvik, er í 1. málsgr. greinir.

3. gr.

Úrlausn dómara á þinglýsingarmáli eftir lögum þessum sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973. Rökstuddar ástæður dómarans fyrir úrlausninni skulu fylgja skjölum máls til Hæstaréttar. Úrlausn skal kærð innan fjögurra vikna frá því, að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum.

Nú kærir aðili úrlausn, og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

II. KAFLI
Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

4. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

5. gr.

Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda dómara skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem dómara er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur dómari krafist þess, að því fylgi íslensk þýðing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalaþýðara, sé þess kostur.

Vegna breytinga á vörslu þinglýsingaskjala má með reglugerð setja önnur fyrirmæli um gerð skjala og tölu eintaka, sem afhenda skal til þinglýsingar.

6. gr.

Öll skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, skulu færð í dagbók. Dagbók skal þannig úr garði gerð, að framlagning afrits úr henni geti, eftir atvikum með nauðsynlegum athugasemdum, fullnægt ákvæðum laga þessara um birtingu vikulegrar skrár yfir þinglýst skjöl, sbr. 9. gr. 3. mgr.

Nú er afhent skjal til þinglýsingar í röngu þinglýsingaumdæmi, eða eigi er ótvírætt við hvaða eign skjal á, eða hvert efni þess sé að öðru leyti, eða skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra, er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf, eða skjal er aðeins afhent í einu eintaki, eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír, og skal þá vísa skjali frá.

Að lokinni færslu skjals í dagbók, skal árita það og endurrit eða samrit þess. Áritun skal fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og tilgreiningu viðtökudags.

7. gr.

Eftir að skjal hefur verið fært í dagbók, skal þinglýsingardómari sannreyna, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að skjalinu verði þinglýst.

Vísa skal skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 51. gr., 3. málsgr. Sama máli gegnir, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörslu.

Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 15. gr., og réttindum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölin um það atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

Þinglýsingardómari skal greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, að skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt.

8. gr.

Þinglýsingardómarar færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl er varða fasteignir.
2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skrásetningarskyld eru.
3. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðar varða, og
4. Lausafjárbók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem eru ekki skrásetningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölulið, ef dómara þykir það hentara.

Bækur þessar skulu allar vera lausblaðabækur, en heimilt er þó að hafa þær í spjaldskrárformi. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þeirra. Einnig getur dómsmálaráðuneytið ákveðið, að tölvutækni skuli beitt við skráningu þeirra upplýsinga, sem þinglýsingabækur geyma, og sé sá háttur hafður annað hvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða þeim öllum.

Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

Í bókum þessum skal ætla hverri fasteign, skrásetningarskyldu skipi og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárbók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þar á meðal skipi, sem ekki er skrásetningarskylt. Þegar skjöl eru móttekin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi fasteignar, skips, bifreiðar og réttsala almenns lausafjár, og þá þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókarvottorð með afhendingu ljósrits af blaðinu.

9. gr.

Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta, auk dagsetningar dagbókarfærslu.

Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu þinglýsingardómara fulla viku. Í skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði.

10. gr.

Þau eintök þinglýstra skjala, sem þinglýsingardómari heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahylkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn dómara og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla.

Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið þann hátt á geymslu skjala, að hverri eign sé ætlað eitt hylki og þar séu lögð öll skjöl, er þá tilteknu eign varða, og sé þessi háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða öllum eftir því, sem henta þykir og fé verður til þess veitt.

Með reglugerð má einnig ákveða, að sérstakri tækni skuli beitt við vörslu skjala, svo sem með myndun skjala á mikrofilmur. Má hafa þann hátt á sumum þinglýsingaumdæmum aðeins eða þeim öllum. Takmarka má vörslu skjala með slíkum hætti við ákveðnar tegundir skjala.

11. gr.

Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli þinglýsingardómara sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

12. gr.

Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar, vegna veðréttar síns. Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé afhent með áritun um veðbreytinguna ásamt endurriti af henni, ritaðri á löggiltan skjalapappír, eða veðbréfið sé sýnt þinglýsingardómara um leið og slík yfirlýsing er afhent til þinglýsingar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.

Undanþegnir ákvæði 1. málsgr. eru bankar, sparisjóðir og opinberir aðilar.

13. gr.

Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem þinglýsingardómari varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

III. KAFLI

Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.

14. gr.

Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

15. gr.

Skjali er þinglýst, þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi, er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 14. gr. 2. mgr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar. Skjal telst afhent til þinglýsingar á þeim degi, sem tilgreindur er í dagbók, nema full sönnun komi fram um hið gagnstæða. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmst, afhent samdægurs til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elsta þeirra rétthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá sá réttur fyrir réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðina um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

Um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu fer eftir reglum 19. gr. laga nr. 18/1949.

16. gr.

Hafi hefðuðum réttindum til fasteignar eigi verið þinglýst, þá skulu þau þó engu að síður standa óhögguð, þrátt fyrir það að 15. og 29. gr. sbr. 32. gr. laga þessara ættu að leiða til annarrar niðurstöðu, ef sá aðili, sem öðlast hefur rétt yfir sömu fasteign, hefur ekki höfðað mál til að fylgja fram rétti sínum innan tveggja ára frá því að hann öðlaðist réttindi sín.

Sé hefðartími eigi liðinn, þegar aðili fékk rétt sinn, verður hann að fylgja eftir rétti sínum með málssókn, áður en ofangreindur frestur er úti, enda sé hefðartími fullnaður á frestinum.

Við fullnaða hefð falla niður þau réttindi yfir fasteigninni, sem fara myndu í bága við þau not, sem hefðin heimilar.

17. gr.

Nú telur þinglýsingardómari sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við viðkomandi ráðuneyti. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta þess,

að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borist dómara, tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal dómari bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. Að öðrum kosti dregur dómari strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

18. gr.

Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók, láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr. 5. málsgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingabók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

A. að yngra rétthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlyti að þoka og
B. að tjónið yrði þeim rétthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða myndi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

19. gr.

Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að rétthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki eða ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

IV. KAFLI

Þinglýsing, er varðar fasteignir.

1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.

20. gr.

Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

Setja má það skilyrði fyrir þinglýsingu, að skjali fylgi uppdráttur af lóð eða landi, staðfestur af skipulagsyfirvöldum eða gerður af mælingamanni, sem þinglýsingardómari hefur samþykkt.

21. gr.

Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests.

22. gr.

Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

23. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu séu greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

24. gr.

Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 51. gr. 3. málsgr.

Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Afsal (útlagning), er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá.

Skiptaafsali fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá er, afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar, en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði.

Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

25. gr.

Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flust til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

Nú skipta erfingjar búi einkaskiptum og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. málsgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi skiptaráðanda til búsetu.

Nú er eign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi gera ráðstafanir til þess að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingagjald.

26. gr.

Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa.

Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

2. **Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.**

27. gr.

Nú verður dómari þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal dómarinn skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem dómari setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

28. gr.

Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar samkv. meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973.

Nú er málið hafið, eða dómur gengur söknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.

29. gr.

Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.

Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fá ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

30. gr.

Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

31. gr.

Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.
2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði. Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða eru ekki háðir þinglýsingu.

Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

32. gr.

Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað. Réttarvernd eignarnámsgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

4. Réttaráhrif þinglýsingar.

33. gr.

Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

Mótbára, er lýtur að því að skjal samkvæmt 1. málsgrein sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki.

Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir æsku.

Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

34. gr.

Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

5. Brottfall þinglýsingar.

a. Tímabundið gildi þinglýsingar.

35. gr.

Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 15. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því að haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal, slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. málsgr., ef áritunin felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkun á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

36. gr.

Ef skjal tekur til ákveðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott, fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. málsgr. 35. gr.

37. gr.

Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögtak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott, fyrr en full fimm ár eru liðin frá því að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbann eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

Ákvæði 1. málsgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

38. gr.

Dómari fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. Dómari skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefir verið fyrir tuttugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getu þá dómari að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að

halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

Ef miða skal frest eftir 35.—37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

b. Aflýsingar.

39. gr.

Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft. Kvittun rétthafa samkvæmt þinglýsingabók er þó fullnægjandi, ef um er að ræða bréf, sem gefin hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða eða lífeyrissjóða.

Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

Nú er veðsett fasteign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhafa til eignar, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu úr fjárhæð þeirri, er fasteignin var seld eða lögð út fyrir, og skal þá má úr þinglýsingabók slík veðréttindi, þegar þinglýst er uppboðsafsali eða útlagningu, sem ber það með sér, að þau séu niður fallin. Til þess að slík veðskjöl verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal þinglýsingardómari þess með áritun á það eintak skjalsins, er hann varðveitti, hvers vegna það hafi verið afmáð.

Ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig eru ekki metnar fullnægjandi, skal synja um aflýsingu.

V. KAFLI

Þinglýsing um skrásett skip, 5 rúmlestir og stærri.

40. gr.

Stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, lýtur reglunum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

Nú er rétthöfum í fasteign veitt sérstakt hagræði í lögum við heimt krafna sinna, og njóta þá slíkir rétthafar í eignum þeim, er 1. málsgr. tekur til, hliðsetts hagræðis.

41. gr.

Þinglýsing skjala, er varða skip 5 rúmlestir eða stærra skal fara fram þar í umdæmi, sem skipið er skráð. Ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 66/1963 halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

42. gr.

Til nafnbreytingar á skrásettu skipi þarf samþykki þinglýstra eigenda þess. Nafnbreytingu og flutning skips skal dómari tilkynna óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir. Tilkynningu um flutning annast dómari í þinglýsingaumdæmi því, sem skip er flutt úr.

Nú er skrásett skip, er þessi kafli laganna tekur til, flutt á milli umdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda dómara í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þing-

lýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. mgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips milli umdæma.

VI. KAFLI

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip, sbr. lög nr. 53/1970, minni en 5 rúmlestir.

43. gr.

Skjali, er varðar skrásett, skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir skal þinglýst þar, sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess, að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

44. gr.

Veðbréf í skrásettu skráningarskyldu skipi minna en 5 rúmlestir skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi dómaranum ekki borist tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

45. gr.

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. málsgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

46. gr.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda um eignir þær, sem þessi kafli fjallar um, 21.—23. gr., 25. gr. og eftir því sem við á, ákvæði 27.—28. gr. og 29. gr., 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 44. gr.).

VII. KAFLI

Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, svo og skip, sem ekki hafa verið skrásett.

47. gr.

Skjali, sem varðar lausafé, þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskylt, eða hefur eigi verið skráð, skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna, sem haft er fellt á, eða þess, er hlíta verður takmörkun á rétti. Eigi hann ekki varnarþing hérlendis, má þinglýsa skjalinu í Reykjavík.

Nú er skrásett firma eða félag eigandi muna, og skal þá þinglýsa skjali, er þá varðar, í því þinglýsingaumdæmi, sem þau eru skrásett. Ef önnur félög eru eigendur muna, skal þinglýsa skjali á varnarþingi formanns félagsstjórnar. Ef um sérstaka sameign er að ræða, skal þinglýsa skjali á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, ella á varnarþingi allra sameigenda.

Nú flytur eigandi úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að eign, og má þá þinglýsing fara fram að nýju, en hún er ekki nauðsynleg.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda 22.—23. gr., 29. gr. 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 48. gr.) eftir því, sem við á.

48. gr.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt eða skráð, skal afhent dómara til þinglýsingar innan þriggja vikna frá því að það var gefið út, ef í kaupstað er eða þinghá, þar sem dómari sá, er fjalla á um þinglýsinguna, hefur skrifstofu, ella innan fjögurra vikna. Auk staðfestingar á undirritun og lögræði útgefanda að hætti 22. gr. skal einnig votta, að dagsetning sé rétt.

Þinglýsing er forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Ef þinglýsing fer ekki fram innan frests þess, er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluveð í tilteknum lausafjármunum, skal máð úr þinglýsingabók, þegar tíu ár eru liðin frá þinglýsingu bréfsins, hafi dómara ekki innan þessa frests borist tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu er háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna.

VIII. KAFLI
Bótaákvæði.

49. gr.

Nú hlýtur maður tjón, sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingardómara eða af atvikum, sem greinir í d- og e-liðum þesarar greinar, en bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því, og á hann þá rétt á bótum úr ríkissjóði, ef tjónið stafar af því:

a. Að hann hefur treyst þinglýsingarvottorði dómara, sbr. 9. gr., eða vottorði dómara um efni þinglýsingabóka (veðbókarvottorði), enda sé aðili grandlaus.
b. að skjali, sem borist hefur til þinglýsingar, hefur ekki verið þinglýst, eða þinglýst of seint.
c. að skjal verður að þoka fyrir síðar þinglýstu skjali samkvæmt 18. gr.
d. að heimildarskjali, sem greint er í 2. málsgr. 33. gr., er þinglýst og aðili hefur gert samning um fasteign eða skrásett skip, 5 rúmlestir eða stærra, í trausti þess, að skjalið væri gilt.
e. að ákvæði 38. eða 50. gr. hafa leitt til þess að réttindi hans féllu niður.

IX. KAFLI
Gildistaka o. fl.

50. gr.

Nú fer maður með eignarumráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara, en þinglýstri eignarheimild hans er nokkuð áfátt. Er honum þá rétt að snúa sér til þinglýsingardómara á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um, að hann sé eigandi

eignarinnar. Skilyrði þess, að hann fái óskoraða eignarheimild á grundvelli yfirlýsingarinnar eru þessi:

a. að hann hafi í höndum heimildarskjal, sem áfátt er og þinglýst hefur verið a. m. k. 5 árum áður en heimildar þessarar er neytt eða
b. hafi í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta.

Nú telur dómari, að skilyrðum þessum sé fullnægt, og gefur hann þá út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að viðlögðum réttarmissi. Áskorun þessi skal birt þrisvar í Lögbirtingablaðinu á kostnað beiðanda. Ef enginn gefur sig fram innan frests þessa, skráir þinglýsingardómari athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt.

Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti.

51. gr.

Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign eða skráðu skráningarskyldu skipi og hefðu réttindin haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá einnig með sama hætti framvegis.

Reglum 22. og 24. gr. sbr. 43. og 48. gr. laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstökum ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og skal þá ákvæðum 1. og 3. málsgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 50. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

1. málsgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

52. gr.

Skjöl, sem þinglýst er fyrir 1. janúar 1949 skal ekki má úr þinglýsingabók eftir 35. gr., sbr. 38. gr., fyrir 1. janúar 1984.

Skjöl þau, er greinir í 37. gr., 44. gr. og 48. gr. og þinglýst er fyrir gildistöku laganna, skulu ekki máð úr þinglýsingabók fyrir 1. janúar 1986.

Á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna skulu þinglýsingardómarar rannsaka grandgæfilega þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Um réttindi, sem bersýnilega eru fallin brott, fer samkv. 38. gr. 1. málsgr. Ef vafi er um gildi einstakra réttinda, ber dómara að leita upplýsinga hjá réttum aðilum. Honum er og kostur að beita ákvæðum 2. málsgr. 38. gr. eftir því, sem við á.

Þinglýsingabækur þær, sem færðar eru við gildistöku laganna, skal nota, uns dómsmálaráðuneytið skipar fyrir um nýjar bækur eða notkun nýrrar tækni. Þegar nýjar þinglýsingabækur eru teknar í notkun, skal ekki færa í þær réttindi, sem bersýnilega eru niður fallin. Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær ákvæði 10. gr. frv. koma til framkvæmda í einstökum umdæmum.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær færsla skjala í dagbækur samkvæmt 6. gr. skuli tekin upp í einstökum umdæmum. Þar til slík ákvörðun hefur verið tekin, skal viðtöku skjala og áritun um hana hagað með sama hætti og verið hefur fyrir gildistöku laga þessara.

53. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um þinglýsingapappír, útlit skjala og efni, endurrit skjala, um geymslu skjala,

fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, um þinglýsingarvottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka. Enn fremur skal kveðna nánar á um birtingu skjala, sem sætt hafa færslu í þinglýsingabækur.

54. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um þinglýsing skjala og aflýsing nr. 30 7. maí 1928, 7. gr. veðlaga nr. 18 4. nóv. 1887, lög nr. 64 4. júlí 1942, 3. málsgrein 3. gr. laga nr. 74 27. apríl 1972, lög nr. 11 25. febr. 1957, lög nr. 65 13. mars 1957, og 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 53 12. maí 1970.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að tilhlutan dómsmálaráðherra hefur dr. Gaukur Jörundsson, prófessor, samið frumvarp það til þinglýsingar, sem nú er lagt fram. Við samningu frumvarpsins hefur hann notið aðstoðar tveggja starfsmanna dómsmálaráðuneytisins þeirra Þorleifs Pálssonar, deildarstjóra og Þorsteins A. Jónssonar, fulltrúa.

Frumvarpið byggist í flestum meginatriðum á frumvarpi til laga um þinglýsingar, sem þeir dr. Ármann Snævarr og Ólafur A. Pálsson sömdu á sínum tíma. Það frumvarp var lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi 1958—1959, á 83. löggjafarþingi 1962—1963 og loks á 84. löggjafarþingi 1963—1964, en hlaut ekki afgreiðslu.

I.

Frv. í heild miðar að því að greiðar og öruggar upplýsingar megi fá um réttindi yfir fasteignum og að reglur um réttaráhrif þinglýsingar séu sem skýrastar. Stefnir frv. að gleggri og öruggari skráningu fasteignaréttinda en verið hefur og að bættum háttum á vörslu skjala. Ekki verður hjá því komist, að slíkar breytingar leiði til mikillar vinnu, á meðan verið er að koma þeim á. Starfslið sýslumanns- og bæjarfógetaembætta er hins vegar þegar ofhlaðið störfum og verður að taka tillit til þess. Er því gert ráð fyrir, að fyrirhugaðar breytingar á skráningu og skjalavörslu taki ekki alls staðar gildi samtímis, heldur smám saman í einstökum umdæmum, eftir því sem efni standa til. Með því vinnst einnig, að auðveldara verður um að veita aðstoð við að koma breytingum á í einstökum umdæmum og reynsla fæst við breytingar í þeim umdæmum, sem fyrst verða fyrir valinu, er síðan hlýtur að koma að miklu gagni síðar. Á það ekki síst við, þegar farið verður að beita tölvutækni við færslu þinglýsingabóka og afgreiðslu upplýsinga úr þeim.

Í núgildandi lög skortir má heita alveg ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar, og er það annað meginhlutverk frv. þessa að bæta úr brýnni þörf að því leyti.

II.

Rétt þykir að víkja í upphafi að helstu nýmælum frv., en síðar verður gerð nánari grein fyrir þeim í athugasemdum við einstaka kafla frv. og greinar þess.

1. I. kafli frv. fjallar um þinglýsingardómara. Sérstakar reglur eru í 2. gr. um vanhæfi dómara til að fjalla um þinglýsingu skjals vegna tengsla hans við þá, sem rétt fá samkv. skjali eða losna undan skyldu með skjali. Enn fremur er ákvæði í 3. gr. um það, með hvaða hætti aðili geti skotið úrlausn dómara á þinglýsingarmáli til Hæstaréttar.

2. Í II. kafla, sem fjallar um framkvæmd þinglýsingar, eru miklu fyllri reglur en nú er í lögum og enn fremur gert ráð fyrir breyttum aðferðum við skráningu og vörslu skjala.

Gert er ráð fyrir, að skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, verði færð í sérstaka dagbók. Réttaráhrif þinglýsingar eru tengd afhendingu skjals til þinglýsingar og er því þýðingarmikið, að sem öruggust sönnun liggi fyrir um, hvort skjal hafi yfirleitt verið afhent til þinglýsingar og hvenær það hafi gerst. Dagbókarfærsla skjals gegnir veigamiklu hlutverki frá því sjónarmiði. Við móttöku skjals í upphafi þarf dómari aðeins að kanna, hvort tilteknir áberandi gallar séu á skjali, en síðan gefst ráðrúm til nánari athugunar, áður en kemur til færslu skjals í þinglýsingabók. Veitir þessi tilhögun mikið öryggi í þinglýsingastarfsemi.

Hingað til hefur ekki tíðkast að færa dagbók með ofangreindum hætti, og má því með nokkrum rétti segja, að þinglýsing verði að því leyti nokkuð umsvifameiri en áður. Þar á móti á hins vegar að koma, að ætlast er til þess, að dagbókin geti einnig gegnt hlutverki aukatekjubókar og komið í stað samningu skráar yfir þinglýst skjöl, sem leggja á fram í viku hverri hjá sýslumanns- og bæjarfógetaembættum. Þegar á heildina er litið, ætti dagbókarfærsla því ekki að leiða til aukinnar vinnu, svo um muni.

Ákvæði frv. um þinglýsingabækur miða að því, að bækur þessar verði handhægari í notkun en nú er og færsla upplýsinga gleggri. Er ætlast til þess, að ljósrit úr bókunum verði fullnægjandi veðbókarvottorð og komist verði þannig hjá tafsamri ritun slíkra vottorða, sem nú tíðkast. Einnig er gert ráð fyrir því, að tölvutækni kunni að verða tekin upp við skráningu þeirra upplýsinga, sem þinglýsingabækur geyma, og þá jafnframt við ritun veðbókarvottorða.

Í 10. gr. eru ákvæði um geymslu þinglýstra skjala hjá þinglýsingardómara. Er þar lagt til, að horfið sé frá því skipulagi, sem nú tíðkast og er fólgið í því að binda skjölin í sérstakar bækur. Í stað þess skal taka upp sérstök skjalahylki, sem eru tryggar skjalageymslur, en svo er um búið, að unnt sé að nema skjal úr því, þegar því er aflýst eða það missir þinglýsingargildi sitt að öðru leyti. Gert er ráð fyrir að tekin kunni að verða upp sérstök tækni við geymslu skjala, svo sem myndun skjala á svonefndar mikrofilmur.

Í 12. gr. eru nýjar reglur um veðbandsleysingu og veðleyfi og miða þær að því að auka réttaröryggi.

3. Ákvæði I. og I. kafla fjalla almennt um þinglýsingar, og hinu sama gegnir um ákvæði III. kafla, en þar er rætt um forgangsáhrif þinglýsingar og gildi grandleysis. Í 14. og 15. gr. er lagt til, að forgangsáhrif þinglýsingar séu talin frá því, er skjal er afhent dómara til þinglýsingar. Eru þó frávik frá því samkv. 2. málsgr. 14. gr. frv., og eru þau frávik nýmæli. Þegar skjöl eru afhent samdægurs til þinglýsingar, eru skjölin talin jöfn að þinglýsingargildi, og skiptir ekki máli, hvort skjalið eða hvert er fyrr eða fyrst dagsett, svo sem samkvæmt gildandi rétti. Frá þessari almennu reglu um jafnrétti samdægurs afhentra skjala eru þó þau frávik, að aðfarargerðir og kyrrsetningargerðir ganga fyrir rétti, sem stafar frá öðru atviki, svo sem löggerningi, og eldri aðfarargerð gengur fyrir yngri, ef skjöl um þær eru afhentar samtímis til þinglýsingar. Eru þessar reglur nýmæli. Þá eru sérstök ákvæði um það, hvenær skjal telst afhent til þinglýsingar, sbr. 14. gr. 1. málsgr. og að nokkru 17. gr. Í 18. gr. er rætt um það, hvernig bregðast skuli við ýmsum mistökum þinglýsingardómara, svo sem því, ef efni skjals er fært ranglega í þinglýsingabók eða láðst hefur að færa skjal innan réttra fresta eða skjal, sem berst síðar, er fært á undan skjali, sem fyrr hefur borist. Er tekin afstaða til þess tvenns, hvort skjalið veiti betri rétt efnislega og hvernig fari um bótakröfu þess, sem hallað er á með þessum aðgerðum, sbr. 49. gr. c-lið frv. Um þessi efni skortir algerlega ákvæði í íslenskum þinglýsingarlögum.

4. Í IV. kafla er fjallað um þinglýsingu, er varðar fasteignir. Þar eru þó ýmis almenn ákvæði, sem einnig eiga við um þinglýsingar, er snerta aðrar eignir, og er til þeirra ákvæða vísað í V., VI. og VII. kafla. Í 21. gr. er það nýmæli, að skjali verði ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests. Skjöl-

um, sem veita skilyrtan rétt, verður á hinn bóginn þinglýst sem kvöðum, að fullnægðum skilyrðum 23. gr. Í 22. gr. er það nýmæli, að afsali eða veðbréfi, sem útgefið er af öðrum en stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðiljum, verður ekki þinglýst, nema undirskrift sé staðfest af notario publico, löggiltum málflutningsmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasölum eða tveimur vitundarvottum. Stafar þessi áskilnaður m. a. af því, að skjöl, sem þinglýsingu sæta, eru talin rétt að efni til (sbr. 33. gr.), og tekst ríkissjóður á hendur tiltekna bótaábyrgð, ef svo reynist að skjöl séu ógild, og tjón hlýst af fyrir grandleysi aðilja.

Í 24. og 26. gr. frv. eru ákvæði um þinglýsta heimild að réttindum.

Í 24. gr. er það nýmæli, að skjali, sem hvílir á löggerningi, verður ekki þinglýst, ef þann, sem gefur það út, skortir þinglýsta heimild til að ráðstafa eign með þeim hætti, sem í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, sem nýtur slíkrar heimildar. Samkvæmt núgildandi lögum og lagaframkvæmd varðar skortur á þinglýstri heimild því einu, að athugasemd er rituð á skjal um þetta efni, en eftir frv. ber að vísa skjali frá þinglýsingu, ef eignarheimild er ekki í lagi, sbr. 6. gr. 3. málsgr. Samkv. dönskum rétti gildir sama regla, er þinglýsa á aðfarargerð eða kyrrsetningargerð í eign — þeim verður ekki þinglýst, nema gerðarþoli hafi þinglýsta heimild til eignar. Ekki þótti fært að ganga svo langt — a. m. k. í þessum áfanga — sbr. 24. gr. 2. málsgr. frv. Um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði kemur heimildarskortur heldur ekki að sök, sbr. 3. málsgr. sömu greinar, en um annars konar skiptaafsöl gildir almenna reglan í upphafi 24. gr. Í 27. gr. er nýmæli, sem fólgið er í því að skylda þinglýsingardómara til að leiðrétta færslur í þinglýsingabækur, sem rangar hafa reynst, og gera aðiljum viðvart um þau mistök, en í 28. gr. er ákvæði um þinglýsingu í útdrætti í dómstefnu í máli, er varðar fasteign.

Í 29.—32. gr. frv. er tekin afstaða til þess meginatriðis, hvaða réttindi yfir fasteign séu háð þinglýsingu og hverra aðgerða sé þörf, svo að eldri óþinglýstum rétti sé rutt úr vegi. 29. gr. staðfestir gildandi reglur um þetta efni, sem þó eru hvergi skráðar í heild sinni. Í 31. gr. er greitt úr því, að hvaða marki afnotasamningar séu háðir þinglýsingu, en það atriði er ólögmælt nú og ekki fullskýrt, hvaða reglur um það gildi. Í 32. gr. er það nýmæli, að áskilið er, að réttindi, sem styðjast við eignarnámsgerð og hefð, séu háð þinglýsingu.

Í 33. og 34. gr. frv. er fjallað um réttaráhrif þinglýsingar. 33. gr. er algert nýmæli. Er þar kveðið svo á í samræmi við það, sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum, að sá maður, sem hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þurfi ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið. Þetta gildir þó ekki, ef ógildi skjals byggist á fölsun eða meiri háttar nauðung eða lögræðisskorti útgefanda, sbr. 33. gr. 2. málsgr. Í síðastgreindum tilvikum getur svo farið, að grandlaus viðsemjandi bíði fjártjón fyrir það, að hann treystir því, að þinglýst réttindi séu gild, en þá á slíkur aðili bótakröfu á ríkissjóð samkv. ákvæði d-liðs 49. gr.

Því var fyrr lýst, að hér á landi hafa nokkrum sinnum verið sett lög, sem mæla fyrir afmáningu skjala, einkum veðskjala, úr þinglýsingabókum, og tekur það til skjala, sem gömul eru, og telja verður, að lokið hafi ætlunarverki sínu. Slík sérlög eru ekki alls kostar heppileg, og er miklu æskilegra að það sé ákveðið í sjálfum þinglýsingalögunum, að þinglýsing veiti tímabundna rétarvernd. Í 35.—37. gr. frv. er lagt til, að þessi leið verði farin, og í 38. gr. er sú skylda lögð á þinglýsingardómara, að hann fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók eða gera aðrar sérstakar ráðstafanir til þess að kanna, hvort þinglýsing muni ekki vera brott fallin, sbr. 38. gr. 2. mgr.

Í 39. gr. eru reglur um aflýsingu. Eru þær í megindráttum í samræmi við gildandi rétt, en þó er svo fyrir mælt í 2. málsgr. 39. gr., að kvittun eða samþykki til aflýsingar þurfi að vera ritað á veðskuldabréf eða tryggingarbréf, ef aflýsa eigi þeim.

5. Í V. kafla eru ákvæði um þinglýsingu varðandi skráð skip, 5 5rúmlestir eða stærri. Um skipin er það gert vafalaust, að fasteignareglur eigi í megindráttum við um þau, ef þau ná þeirri stærð, sem þar er greind. Í 40. gr. 2. málsgr. er lagt til, að tekið sé af skarið um það, að rétthafar í þeim eignum njóti sams konar lagahagræðis um heimt krafna sinna sem kröfuhafar, er rétt hafa yfir fasteignum, sbr. einkum 15. gr. l. 29/1885.

6. Í VI. kafla eru ákvæði um þinglýsingar varðandi skráningarskyld skip, minni en 5 rúmlestir. Samkvæmt 43. gr. 3. málsgr. er lagt til, að stofnun eignarhafta yfir þessum eignum sé háð þinglýsingu með svipuðum hætti og er um fasteignir og skip, stærri en 5 rúmlestir. Er þetta nýmæli, sem styðst við það tvennt, að hér er oft um mjög verðmætar eignir að tefla og auk þess fer fram skráning á eignum þessum lögum samkvæmt. Reglur 24. gr. frv. um eignarheimildir gildi ekki fullum fetum um þessar eignir, sbr. 2. málsgr. 43. gr. Þá eru sérstakar reglur um tímabundið gildi þinglýsingar varðandi veðbréf í þessum eignum í 44. gr. og um flutning skipa í 45. gr., en í 46. gr. er tekin afstaða til þess, hverjar af hinum almennu reglum um þinglýsingu á fasteignum eigi við um þinglýsingar samkvæmt þessum kafla.

7. Í VII. kafla er fjallað um þinglýsingu varðandi lausafé almennt, sem ekki eru sérreglur um í fyrri köflum frv. Eru reglur frv. nokkru rækilegri en nú er í lögum. Þá er ákvæði 7. gr. veðlaga, svo sem því hefur verið breytt, tekið upp í 48. gr. frv. án verulegra breytinga, en ljóst er, að það ákvæði er þinglýsingareðlis og á því betur heima í þinglýsingalögum en veðlögum.

8. Í VIII. kafla er bótaskylda lögð á ríkissjóð vegna tjóns, er hlýst af þinglýsingastarfsemi, enda eigi bótakrefjandi ekki sök á því eða sá aðili, sem hann leiðir rétt sinn frá eða þarf að svara til. Samkvæmt a-lið 49. gr. stafar tjón af því, að aðili hefur treyst þinglýsingarvottorði eða veðbókarvottorði, en samkv. b-lið hagar svo til, að skjali, sem borist hefur til þinglýsingar, hefur annað tveggja ekki verið þinglýst eða þinglýst of seint. Um c-lið og d-lið greinarinnar hefur áður verið rætt. Hér er um algert nýmæli að tefla í þinglýsingalöggjöf, en þó má vera, að stundum verði ríkissjóður sóttur til bóta í þessum tilfellum nú samkvæmt almennum reglum um fébótaábyrgð ríkissjóðs á mistökum starfsmanna í sýslu þeirra. þeirra.

9. Í IX. kafla eru m. a. ákvæði um gildistöku sbr. 55. gr., og um það, hversu einstökum ákvæðum frv. verði beitt um réttindi, sem stofnað er til (sbr. 51. gr.) eða sætt hafa þinglýsingu (sbr. 52. gr.) fyrir gildistöku hinna nýju reglna, ef þær ná lögfestingu. Er reynt að hafa gildistökufrest svo rúman, að menn eigi þess kost að kynna sér hinar nýju reglur, áður en tekið er að beita þeim, og enn fremur er leitast við að taka sanngjarnt tillit til eldri réttinda, þ. á m. þinglýstra réttinda. Í 50. gr. er nýmæli, sem stefnir að því að gera það hægara en nú er fyrir mann að afla sér eignarheimildar að eign, sem hann á, en skortir þinglýsta heimild að.

Þess skal getið, að nauðsyn hefur þótt bera til að breyta nokkrum lögum til samræmis við reglur frv. þessa, ef þær verða lögfestar, og eru borin fram samfara þessu frv. níu önnur frv. til breytinga á þessum einstöku lögum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar.

Um I. kafla.

Ákvæði þessa kafla fjalla um það, hverjir séu þinglýsingardómarar hér á landi og um úrlausnir þeirra í þinglýsingarmálum.

Um 1. gr.

1. málsgr. er í samræmi við gildandi lög. Í 2. gr. laga 33/1954 felst það, að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli sé þinglýsingardómari þar í umdæmi, en það þykir gleggra til yfirlits að geta þess sérstaklega í 1. málsgr. þessarar greinar.

Um 2. gr.

Þinglýsing er dómsathöfn. Í 223. gr. laga nr. 85/1936 er þess ekki getið sérstaklega, að reglur þeirra laga taki til þinglýsinga, og í lögum um málskot dómsmála til æðri réttar er hvergi beinlínis vikið að þinglýsingarúrlausnum. Almenn ákvæði réttarfarslaga eiga raunar ekki allskostar vel við þinglýsingarmál, þar sem þau mál eru í reynd leyst með sama hætti og önnur skrifstofustörf, er bera undir embætti. Ákvæði l. 85/1936 um vanhæfi dómara til að leysa úr tilteknu máli eru of viðamikil við þinglýsingar. Er því lagt til í 2. gr. frv., að sérreglur séu lögfestar um þetta efni, að því er tekur til þinglýsingar. Samkv. þessu ákvæði ber dómara að víkja sæti, ef skjal, sem óskast þinglýst, veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja. Sama er, ef þinglýsing varðar fjárhag hans eða nefndra venslamanna verulega.

Þótt dómari hafi leyst úr þinglýsingu skjals andstætt ákvæðum 2. gr., er þinglýsingin ekki markleysa og ekki ógildanleg fyrir þá sök eina. Gerðum dómarans er unnt að skjóta til æðra réttar samkv. reglum 3. gr., og mundi Hæstiréttur meta gerðir dómarans sjálfstætt til úrlausnar um lögmæti þeirra án tillits til ákvæða 2. gr. Hitt er það, að dómarinn getur unnið sér til refsiábyrgðar fyrir glöp í starfi, ef hann skeytir ekki ákvæðum þessarar greinar.

Um 3. gr.

Ákvæði hefur skort í lögum um það, hvort og hversu úrlausn þinglýsingarmáls verði skotið til æðra réttar. Að jafnaði eru málefni fremur óbrotin, en þörf er hér á skjótri úrlausn. Er því lagt til í 3. gr., að mál sæti kæru eftir meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973. Hér er aðilja þó veittur fjögurra vikna frestur til kæru.

Úrlausnum héraðsdómara í sambandi við þinglýsingu verður yfirleitt skotið til æðri réttar, ekki einungis synjun hans um að taka skjal til þinglýsingar, heldur og meðferð hans á öðrum efnum, svo sem skráningu hans á skjali í þinglýsingabók, afmáningu hafta, leiðréttingu á bókunum, athugasemdum, sem hann skráir á skjöl. Hitt er ljóst, að ekki verður eftir þessari boðleið leyst úr efnisatvikum, sem liggja að baki skjali, svo sem um eignarréttindi eða eignarhöft.

Ef þinglýsingardómari ákveður að vísa skjali frá þinglýsingu vegna ágalla, sem á því eru, og aðili tilkynnir að hann kæri þá úrlausn til Hæstaréttar, ber dómara að skrá athugasemd í þingbók um kæru, sbr. 2. málsgr. Mundi jafnframt vera heppilegt, að dómari hefði sérstaka bók, þar sem getið væri um kærur.

Þegar mál er kært til æðri réttar, skal búa það á hendur þinglýsingardómara í umdæmi, og þá að sjálfsögðu dómaranum sem embættismanni, en ekki gegn honum persónulega.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæðin um framkvæmd þinglýsingar, og eru ákvæði þessi flest formlegs efnis. Ákvæði 4.—12. gr. fjalla um þinglýsingu í öndverðu (frumlýsingu), en 13. gr. varðar aflýsingu. Eftir efni má skipa ákvæðunum saman sem hér segir:

1. Um það, hvar í umdæmi skuli þinglýsa skjali er rætt í 4. gr. frv.
2. Áskilnaður um, að skjal sé afhent í tvíriti er greindur í 5. gr.
3. Í 6. gr. er fjallað um færslu skjala í dagbók og þá athugun skjals, sem þá fer fram.
4. Um rannsóknarskyldu dómara er mælt í 7. gr. og frávísun skjals frá þinglýsingu.
5. Um þinglýsingabækur, hverjar séu og hversu þær skuli úr garði gerðar, er rætt í 8. gr.
6. Um birtingu á þinglýstum skjölum er fjallað í 9. gr.
7. Um vörslu þinglýstra skjala á þinglýsingaskrifstofu er kveðið í 10. gr.
8. Nokkrar sérreglur eru settar um þinglýsingu, ef sérstaklega sendur á í 11. og 12. gr.
9. Loks er fjallað um aflýsingu í 13. gr. frv.

Um 4. gr.

Í þessari grein er minnst á það frumatriði, hvar þinglýsingar skuli beiðast, en efnisreglurnar um það efni eru ekki í 4. gr., heldur í greinum þeim, sem í er vitnað í 4. gr. Grein er sama efnis að sínu leyti og 3. gr. þinglýsingalaganna frá 1928.

Um 5. gr.

Með þinglýsingalögunum frá 1928 var lögfest sú mikilvæga breyting á þinglýsingarreglum, að skjal skyldi afhent í tveimur eintökum til þinglýsingar. Er að skjal skyldi afhent í tveimur eintökum til þinglýsingar. Er að sjálfsögðu mikill verkasparnaður að því fyrir þinglýsingardómara. Í 1. málsgr. er gert ráð fyrir, að þessari reglu sé haldið. Ekki er áskilið í frv., að þinglýsingarbeiðnin sjálf sé í sérstökum formbúningi, sbr. hins vegar beiðni um aðför o. fl. réttargerðir.

Ef skjal er ekki afhent í tvíriti eða það eintak, sem dómara er ætlað, er ekki ritað á löggiltan skjalapappír, varðar það frávísun samkv. 6. gr. 2. málsgr. Dómara ber samkv. 7. gr. 2. málsgr. að ganga úr skugga um að skjöl séu samhljóða. Ef eintökin eru „í verulegum atriðum ósamhljóða" ber dómara að vísa skjali frá þinglýsingu, sbr. 7. gr. 2. málsgr. Hér er farið nokkru vægar í sakir en í 6. gr. þinglýsingalaganna, en frv. er í þessu efni í samræmi við lagaframkvæmdina.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að dómari geti krafist þess, að íslensk þýðing fylgi þinglýsingaskjali, sem ritað er á erlent mál, sjá til samanburðar 40. gr. laga 85/1936 um slík skjöl, sem lögð eru fram í dómsmáli. Fer það eftir atvikum, hvort ástæða er fyrir dómara að ganga eftir þýðingu. Heppilegt þykir vegna geymslu skjals að áskilja, að slíkt skjal sé ritað á löggiltan skjalapappír.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að tilhögun á geymslu skjala verði breytt. Þá er í 4. mgr. 10. gr. heimilað að beita sérstakri tækni við vörslu skjala, svo sem með geymslu myndar af því á mikrofilmu. Geta þannig skapast önnur viðhorf, að því er varðar gerð skjala og tölu eintaka, sem afhenda skal til þinglýsingar. Er dómsmálaráðuneytinu því heimilað í 3. mgr. þessarar greinar að setja reglur um þessi atriði til samræmis við breyttar þarfir.

Um 6. gr.

Með ákvæði þessu er mælt fyrir um færslu þinglýsingaskjala í dagbók við afhendingu þeirra í hendur þinglýsingardómara. Við það tækifæri á dómari að kanna, hvort fyrir hendi séu tilteknir ótvíræðir og áberandi gallar á skjali. Ef svo reynist, vísar dómari skjali þegar frá. Ekkert er því samt til fyrirstöðu, að dómari færi skjal í dagbók, en vísi því síðan þegar frá dagbókinni. Getur slíkt haft þýðingu, ef ákvörðun dómara yrði síðar hnekkt að undangenginni kæru. Þótt dómara sjáist yfir þá galla á skjali, sem taldir eru í 6. gr., er honum engu að síður heimilt að vísa skjali frá þinglýsingu vegna þessara sömu galla, þegar nánari könnun skjals fer fram samkvæmt 7. gr.

Um 7. gr.

Í þessari grein er rætt um ýmis atriði, sem leiða til þess að dómari hlýtur að vísa skjali frá þinglýsingu eða er heimilt að gera það. Atriðin eru þessi:

1. Þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti.

Í frv. er ekki sérstakt ákvæði um það, hvenær unnt sé að fá réttindum þinglýst. Í norsku og dönsku lögunum er hins vegar ákvæði, sem segir, að eingöngu sé unnt að þinglýsa skjali, sem stofni, breyti, yfirfæri eða ljúki rétti eða bindi rétt höftum. Frv. er á því reist, að svipuð regla skuli gilda um íslenska þinglýsingaframkvæmd, ef frv. verður lögfest, en ekki þykir full ástæða til að lögfesta atkvæði um þetta efni og binda þannig beinlínis hendur dómara.

Allmikið er tíðkað eftir gildandi lögum hér á landi að þinglýsa umboðum. Á hinum Norðurlöndunum er umboðum ekki þinglýst. Dómari leggur þau og önnur slík fylgiskjöl með höfuðskjölum í sérstök skjalahylki. Þrátt fyrir greinda tilhögun

á þessu atriði á Norðurlöndum, þykir ekki ástæða til að girða fyrir þinglýsingu á umboðum með frv. þessu, enda getur verið hagkvæmt fyrir aðila og dómara að þessum gögnum sé þinglýst.

Leyfi til setu maka í óskiptu búi má þinglýsa á eign. Sama er um gögn frá dánarbúi um eigur hins látna.

Þegar svo stendur á, sem hér hefur verið rakið, er heimilt að vísa skjali frá þinglýsingu, en ekki er það skylt. Skjali, sem fjallar um þau efni, sem greinir í 30. og 31. gr. frv. má vísa frá þinglýsingu, en dómara er heimilt að veita slíku skjali viðtöku og þinglýsa því.

2. Lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist. Hér skal þess getið, að skjal, sem ritað er með blýanti, mun ekki vera tækt til þinglýsingar (sbr. danskan dóm í U 1928, bls. 340). Sama máli gegnir, ef lesmál er ógreinilegt, t. d. vegna þess að setningum er skotið óskipulega inn í meginmál sem viðbót við texta eða til breytingar á honum eða letur máð og því óglöggt til lestrar.

3. Ef eintök skjala eru í verulegum atriðum ósamhljóða.

4. Ef skjal er gallað að öðru leyti. Skjal á t. d. að vera ritað á löggiltan þinglýsingapappír og broti svo háttað, að auðvelt sé að varðveita það. Ef þær formreglur eru ekki virtar, varðar það frávísun. Hér mætti einnig nefna það dæmi, að skjal væri mjög óhreint eða sóðalegt eða rifið að nokkru eða velkt og bögglað.

5. Ef útgefanda skjals brestur heimild til að ráðstafa eign með þeim hætti, er í skjali greinir. Höfuðreglurnar um heimild í þessu efni eru í 24.—26. gr., 40, 43. gr. sbr. 51. gr. frv., og verður þeirra getið í skýringum við þær greinar. Er hér um meginbreytingu að tefla frá gildandi lögum, eins og síðar greinir.

Í 2.—3. málsgr. er ekki beinlínis tekið fram, að dómari skuli synja skjali þinglýsingar, ef hann veit, að það er ógilt eða svo annmarkakennt, að varðað geti ógildi. Oft ber þó að synja þinglýsingar, þegar svo hagar til, svo sem ef sama rithönd er á undirskriftum margra manna án þess að umboðsreglur heimili slíkt eða fullur grunur liggur á að öðru leyti, að skjal sé falsað. Stundum gæti dómari þó ekki gengið úr skugga um, að t. d. staðhæfing manna um, að skjal væri fengið með svikum, væri á rökum reist, og getur hann þá ekki látið þá staðhæfingu standa fyrir þinglýsingu skjals. Ef skjal er andstætt lögum, á dómari ekki að taka það til þinglýsingar, en hins vegar er oft álitamál, hversu rík rannsóknarskylda verði lögð á dómara til að kanna það efni. Afsal fyrir fasteign er að sjálfsögðu ekki tæki til þinglýsingar, ef það skortir áritun löggiltra skjalaþýðenda í Reykjavík eða Akureyri eða þegar ekki fylgir stjórnarsamþykki byggingarsamvinnufélags, ef ljóst er, að íbúð sú, sem afsal lýtur að, er reist á vegum slíks félags.

Til viðbótar þeim atvikum, sem leitt geta til synjunar þinglýsingar og nú hafa verið greind, má benda á það, að samkv. 14. gr. 1. málsgr. frv. telst skjal ekki afhent til þinglýsingar, nema lögmælt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins. Samkv. 12. gr. frv. verður veðbandslausnar eða veðleyfi, sem ekki stafar frá opinberum aðilum, ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé jafnframt afhent með áritun um veðbreytinguna. Ljóst er og, að skilorðsbundnum afsölum verður ekki þinglýst sem eignarheimild, nema skilyrðið lúti að uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests, og auk þess verður efni skjals almennt að vera endanlega ákveðið, sbr. 23. gr.

Hér að framan er rætt um tvenn tilvik, annars vegar um atriði, sem leiða til þess að skjali er vísað frá þinglýsingu, og hins vegar um atriði, sem valda því, að heimilt er að vísa skjali frá þinglýsingu. Í 7. gr. 3. málsgr. er fjallað um þriðja úrræðið, þ. e. að dómari veiti skjali viðtöku og þinglýsi því með athugasemd. Á þetta við í þremur tilvikum, og vísast nánar til greinarinnar um það. Ef tvö skjöl eða fleiri eru afhent samtímis til þinglýsingar og réttindum, sem þau veita, lendir saman, eru skjölin jafnstæð að þinglýsingargildi, ef þau stafa bæði frá löggerningi, og er þá brýn þörf á, að þessa sé getið með áritun á skjöl. Ef aðili nýtur aðeins

skilorðsbundinnar heimildar að eign, og nefnir ekki skilorðið í skjali, getur svo farið, að dómari vísi því frá þinglýsingu. Hins vegar þykir of strangt að láta þennan ágalla varða skilmálalaust frávísun, og er dómara heimilað í 4. málsgr. að taka skjal til þinglýsingar, en honum ber þá að rita athugasemd á það um annmarka þennan.

Þegar athugasemd er rituð á skjal, ber að geta hennar í þingbók, sbr. 4. málsgr. 7. gr. Er það í samræmi við venjur nú.

Að lokum skal hér á það bent, að rannsóknarskylda dómara samkv. 7. gr. tekur til allra skjala, einnig þeirra, sem varða lausafé, eftir því sem föng eru á. Þegar dómari synjar þinglýsingar þá ber honum að tilkynna réttum aðila um synjunina og greina rökstuddar ástæður fyrir henni og koma þeirri tilkynningu á framfæri í ábyrgðarbréfi eða á annan álíka tryggilegan hátt, sbr. 7. gr. 5. málsgr. Úrlausn dómara má kæra til Hæstaréttar samkv. 3. gr. frv. Ef Hæstiréttur fellir úrlausn þinglýsingardómara úr gildi og telur skjal tækt, þá ber að telja forgangsáhrif skjals frá þeim tíma, er skjal var afhent til þinglýsingar, enda ber dómara þá að færa skjalið í þinglýsingabók. Ekki er það áskilið, að synjun dómara sé í úrskurðarformi, en það getur þó verið æskilegt, að dómari hafi þann hátt á.

Í frv. eru ekki ákvæði um það, að hverju marki eða hversu dómari megi breyta úrlausn sinni í þinglýsingarmáli, sbr. til hliðsjónar 195. gr. 2. málsgr. l. nr. 85/1936 um skuldbindingargildi dóms fyrir dómara sjálfan. Í 10. gr. norsku þinglýsingalaganna segir, að dómara sé rétt að breyta úrlausn sinni, ef slíkt eigi sér stað innan málskotsfrests. Regla norsku laganna er raunhæf og eðlileg, en telja verður, að ákvæði l. nr. 85/1936 séu um of formföst, að því er tekur til úrlausna þinglýsingardómara. Ætlunin er hér sú, að dómari geti breytt úrlausn sinni allt fram til þess, að máli hefur verið skotið til æðra réttar, en ekki eftir það, þótt ekki sé orðað sérstakt ákvæði um það.

Um afleiðingar þess að láðst hefur að færa skjal í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 5. málsgr. 7. gr., segir í 18. gr. frv. Er þá tvennt til. Ákveða má, að hinn nýi rétthafi verði að þoka fyrir hinum, en jafnaðarlega hlyti þó hinn eldri rétthafi að vægja. Í báðum tilvikum getur komið til bótagreiðslna úr ríkissjóði, sbr. 18. og 49. gr. frv.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði um þinglýsingabækur og tilhögun þeirra. Þess er fyrr getið, að rétt sé að taka upp lausblaðabækur, svo sem gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum, og hefur það raunar verið tekið upp hérlendis að nokkru. Tekur þetta einnig til bóka, er lausafjárþinglýsingar eru skráðar í. Það mun að sjálfsögðu taka nokkurn tíma að koma hinum nýju bókum í notkun, þar sem endurrita þarf eldri bækur, en einn af kostunum við lausblaðakerfið er einmitt sá, að unnt er að endurrita eldri bækur smám saman. Slík endurritun er og nauðsynleg, þótt horfið verði að tölvuskráningu þeirra upplýsinga, sem hér um ræðir. Er því engan veginn um tvíverknað að ræða, enda þótt fyrst verði notaðar lausblaðabækur eða spjaldskrár, en síðar tekin upp skráning með tölvu.

Í ákvæðum greinarinnar um þinglýsingabækur eru nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Samkv. frv. skal færa sérstaka bifreiðabók, en eftir gildandi lögum er heimilt, en ekki skylt, að færa slíka bók, sbr. l. 30/1928, 11. gr. 3. mgr.

Um skipin er rétt að benda á, að í 40. gr. frv. er staðfest sú regla, sem fram kemur í 3. gr. siglingalaga nr. 66/1963, að um vernd eignarréttar og eignarhafta yfir skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, fari í megindráttum sem um fasteign. Hefði því komið til greina að hafa sérstaka þinglýsingabók fyrir skip, sem eru 5 rúmlestir eða stærri, en aðra bók fyrir minni skip. Öll skráningarskyld skip eru yfirleitt bókfærð í sérstökum bókum hjá þinglýsingardómara. Er þá heppilegt að bókfæra einnig þinglýst skjöl í þær bækur og er tvímælalaust að því verksparnaður. Að vísu lúta skjöl, sem varða skip, 5 rúmlestir eða stærri, öðrum efnisreglum að nokkru en skjöl, er varða smærri skip. Verður dómari að sjálfsögðu að gæta þess,

en það ætti ekki að valda mistökum, þótt sama bókin sé notuð í þessu sambandi. Skjöl er varða skráningarskyld skip, sem ekki hafa verið skrásett, á að bókfæra í bók þá, er greinir í 2. tölulið 8. gr. Samkvæmt 4. tölulið er og heimilt að skrá í skipabók eftir 2. tölulið skjöl um skip, sem ekki eru skráningarskyld, ef unnt er að sérgreina þau, ella verður að geta skjala í lausafjárbók, svo sem fyrr greinir. Nánari tilhögun þinglýsingabóka verður ákveðin með reglugerð, sbr. 2. málsgr. 8. gr.

Um 9. gr.

Í 1. málsgr. er kveðið á um það, hversu haga skuli færslu skjals í þinglýsingabók. Í því ákvæði felst ekki breyting frá því, sem nú tíðkast. Um þau atriði skjals, sem greina skal í þinglýsingabók, eru ekki önnur ákvæði í frv. en þau, að taka skuli upp „meginatriði úr skjali". Útdráttur úr skjali verður að vera svo rækilegur, að bæði sé skjalið sérgreint og ljóst sé, hverju hafi verið þinglýst. Ef tiltekið skjal stofnar til ýmiss konar réttinda, verður það að koma glöggt fram í færslu þinglýsingabókar. Í afsali getur t. d. verið ákvæði um veðrétt fyrir hluta af kaupverði. forkaupsrétt til handa seljanda, ítaksrétt til handa ákveðnum aðilja o. s. frv. Er þá nauðsynlegt að geta allra þessara réttinda í þinglýsingabók. Greina skal nöfn rétthafa, útgáfu skjals og hvenær því sé þinglýst. Við tímabundin réttindi skal nefna tímafresti og eftir atvikum skilorðið við skilorðsbundna gerninga. Greina skal fjárhæðir (kaupverð, leigu, fjárhæð veðskuldar) stöðu veðhafa í veðröð, ef veðbréfi er til að dreifa o. s. frv. Unnt væri að setja nánari fyrirmæli um færslu skjala í reglugerð, ef þörf krefur.

Kosta skal kapps um að hafa færslur allar svo stuttorðar í þinglýsingabókum sem frekast eru föng á.

Gengið er út frá því, að færslur í þinglýsingabækur verði vélritaðar með skipulegum og glöggum hætti, og blöð endurrituð, þegar þörf krefur. Getur staðfest ljósrit af viðkomandi blaði þá komið í stað veðbókarvottorða þeirra, sem nú tíðkast og eru handskrifuð.

Í þinglýsingabók ber að geta þess, ef skjali verður ekki þinglýst athugasemdalaust, sbr. 7. gr. 4. mgr.

Þegar skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, er skjali þinglýst, sbr. 15. gr. frv. Þá ber dómara samkv. 2. málsgr. 9. gr. að rita á einstök skjöl vottorð um þinglýsinguna. Samkv. þessu ritar dómari tvenns konar vottorð á skjölin, þ. e. vottorð um viðtöku skjals, sbr. 6. gr. frv., og vottorð það, sem greinir í 2. málsgr. 9. gr. Í þinglýsingarvottorði ber að geta athugasemda, ef skjali verður ekki þinglýst athugasemdalaust, sbr. 7. gr. 4. mgr. og 51. gr. 3. málsgr. Svo ber að geta þess, ef tveimur skjölum lýstur saman sem þinglýst er samtímis eða skilorðs hefur ekki verið getið,

Í 3. málsgr. eru ákvæði um birtingu skjali, sem þinglýst hefur verið.

Veigamiklar ástæður eru fyrir því, að þinglýstir gerningar skuli sæta birtingu. Vitund manna um birtingu gerninga er fallin til að sporna við þinglýsingu á fölsuðum gerningum. Varnaráhrif slíkrar birtingar eru veruleg. Í annan stað stuðlar birtingin að því, að fljótt komist upp um slíkt misferli, og raunar einnig um ýmis mistök, sem átt geta sér stað við þinglýsingar. Ýmsa aðila, sem standa utan þinglýsingarinnar, varðar nokkru að fylgjast með því, hverjum gerningum sé þinglýst. Afsalsgerningar og veðsetningar eru meðal líftauga viðskiptalífsins. Þeir, sem sýsla við viðskipti, hafa réttmæta ástæðu til þess að fá að fylgjast með þinglýsingu þeirra gerninga. Ýmsum opinberum aðilum, svo sem skattayfirvöldum, er og hagur að hinu sama. Þeim, sem kunna að eiga forkaupsrétt að eign, kauprétt að henni eða innlausnarrétt, er það einnig hagsmunaefni að fá að fylgjast með slíkum gerningum, og svo mætti lengi telja.

Sú tilhögun að semja vikulega skrá um þinglýst skjöl og láta hana vera til sýnis í skrifstofu þinglýsingardómara er brotalítil og krefst ekki ýkja mikillar vinnu.

Í 3. málsgr. 9. gr. er boðið að taka skuli upp hvarvetna í þinglýsingaumdæmum hér á landi þá tilhögun að semja slíka skrá vikulega og hafa hana til sýnis almenn-

ingi (þ. e. einnig í sýslum). Ljóst er, að bæjarþing og manntalsþing eru fremur fásótt og hefur því ekki þótt taka því að halda þeirri tilhögun að birta skjöl á bæjar- eða manntalsþingum.

Í Reykjavík hefur það nokkuð tíðkast að birta skrá um þinglýst afsöl og veðbréf í prentuðu blaði eða fjölrituðu. Eru það einstaklingar, sem að þessu hafa staðið. Virðist talsverður áhugi ríkja á því einkum meðal kaupsýslumanna að kynna sér slíkar skrár. Í 3. málsgr. 9. gr. er gert ráð fyrir því, að dómsmálaráðherra geti skipað fyrir um birtingu skráa um þinglýsta gerninga í opinberu blaði, og mundi það þá væntanlega verða gert í reglugerð. Til greina gæti komið að birta slíkar skrár í Lögbirtingablaði eða sérstöku þinglýsingablaði. Ekki skotið loku fyrir það með ákvæðum frv., að dómari geti veitt einstaklingi heimild til að birta skrá um þinglýst skjöl. Ef til slíkrar opinberrar birtingar kæmi, væri unnt að setja því skorður í reglugerð, hver atriði skjals væru birt. Almenning varðar það vissulega, að tiltekin eign hafi verið seld eða veðsett, en ekki er jafnan sagt, að almenningur hafi réttmæta ástæðu til að fá vitneskju um nánara efni þessara skjala, fjárhæðir eða greiðsluskilmála o. s. frv.

Um 10. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um geymslu skjala. Samkvæmt gildandi lögum og lagaframkvæmd eru þinglýsingaskjöl bundin í sérstakar bækur (afsals- og veðmálabækur), en strik er dregið yfir skjal, þegar því er aflýst. Afleiðingin af þessari lagaframkvæmd er sú, að ekki er unnt að nema brott og leggja til hliðar þau skjöl, sem aflýst hefur verið eða hafa lokið ætlunarverki sínu. Í 10. gr. frv. er lagt til, að skjöl séu geymd í sérstökum skjalahylkjum og ákveði dómsmálaráðherra gerð þeirra, en í 2. málsgr. segir, að nema skuli skjal úr skjalahylki, þegar því sé aflýst.

Á Norðurlöndum var sú endurbót gerð á skjalageymslu með breytingum, sem gerðar voru á þinglýsingalöggjöf þar rétt fyrir og eftir 1930, að skjöl eu nú geymd í sérstökum skjalahylkjum. Þegar skjali er aflýst, er auðvelt að nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn embættis og síðar til opinberra skjalasafna. Við slíka breytingu á vörslum skjala er mikið unnið. Skjölum þeim, sem misst hafa gildi sitt, er þegar byggt út úr skjalahylkjunum. Í hylkjunum eru á hverjum tíma þau skjöl ein, sem þinglýsingargildi hafa. Er það því mikil spörun á skrifstofurúmi, auk þess sem skjalahylkin verða þá miklu þjálli í meðförum, fyrirferðarminni og hægara að handleika þau. Skjalahylki þessi eru traust og tryggileg, og er reynslan sú á Norðurlöndum, að engin sérstök hætta sé á, að skjöl glatist eða misfarist, þótt þessi háttur sé á hafður við skjalavörsluna. Hér á landi þarf oft að geyma skjöl á fremur ótryggilegan hátt, meðan þess er beðið, að nógu mörg skjöl safnist saman fyrir í bók, og enn fremur er á það að líta, að nokkur bagi kann að vera að því að hafa skjöl hjá bókbindara, meðan unnið er að bókhaldi.

Í Danmörku og Svíþjóð og að nokkru leyti í Noregi ryður það sér til rúms að ætla hverri fasteign sérstakt skjalahylki. Eru skjölin fest á baki í hylki þessu, en hylkin eru síðan geymd í sérstökum stálskápum, eldtraustum. Við aflýsingu skjala er það numið úr skjalahylki með sama hætti og lýst var hér áður. Sá kostur er við þessa skjalavörslu, að tiltækileg eru á einum stað öll skjöl, sem þinglýsingargildi hafa um hverja einstaka eign. Er vissulega verulegt hagræði að því. Samkv. 10. gr. 3. málsgr. frv. er dómsmálaráðherra heimilað að mæla fyrir um þá geymslu skjala, sem hér hefur verið reifuð. Rétt er að benda á það í því sambandi, að í Noregi er það tíðkað, að hafa sérstök skjalahylki fyrir heimildarskjöl og aðra gerninga, sem ætlað er að gilda lengi, og önnur fyrir enn aðra gerninga, og þykir það gefast vel þar í landi.

Síðustu árin hefur fleygt fram tækni, sem gerir kleift að mynda skjöl og varðveita þau á filmum á fyrirferðarlítinn hátt. Í 4. mgr. er heimilað að beita slíkri tækni, ef henta þykir.

Um 11. gr.

Þegar skjal fjallar um margs konar réttindi, má vera, að það vaki ekki fyrir þinglýsingarbeiðanda að fá öllum réttindum þinglýst. Fyrir þá sök er sú skylda lögð á þinglýsingarbeiðanda í þessari grein frv., að hann skuli vekja athygli dómara á því, til hverra réttinda þinglýsingin eigi að taka. Ef þinglýsingarbeiðandi lætur þetta undir höfuð leggjast og mistök verða við færslu skjals, getur hann fyrirgert rétti til bóta, sbr. upphaf 49. gr. frv.

Um 12. gr.

Í lagaframkvæmd hér á landi ríkir nokkur óvissa um hvernig þinglýsa eigi veðbandsleysingu eða veðleyfi. Tryggilegast sýnist vegna sérreglna um viðskiptabréf, að þinglýsingardómari gangi úr skugga um, að veðbandsleysingar eða veðleyfis eða annarra áþekkra yfirlýsinga, er varða veðrétt, sé getið á bréfinu sjálfu. Getur þetta orðið með tvenns konar hætti. Veðleyfi er t. d. ritað á veðbréf, en auk þess er dómara afhent endurrit af veðleyfinu, sem ritað er á löggiltan þinglýsingapappír. Hitt er það, að veðleyfi sé afhent í tvíriti með sama hætti og hver önnur þinglýsingaskjöl, en þá er áskilið að dómara sé sýnt veðbréf, og þinglýsir hann ekki skjölum þessum, nema hann hafi gengið úr skugga um, að veðleyfis sé getið með tryggilegum hætti á veðbréfinu sjálfu.

Rétt þykir, að undanþiggja banka, sparisjóði og aðrar opinberar stofnanir þeirri skyldu að afhenda veðbréfið, og er þessi undanþága svipaðs eðlis eins og í upphafsákvæði 22. gr.

Um 13. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um formlega hætti við aflýsingu þ. e. um formlega framkvæmd aflýsingar. Hins vegar er kveðið á um efnisreglur við aflýsingar í 39. gr. frv. Formreglur 13. gr. eru hinar sömu í öllum megindráttum og þær, sem nú tíðkast að lögum, sbr. 13. gr. l. 30/1928, og í lagaframkvæmd. Ljóst er, að skjal til aflýsingar þarf að vera eins úr garði gert formlega sem skjal, er afhent er til frumþinglýsingar.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frv. eru ákvæði um forgangsáhrif þinglýsingar og um grandleysi. Samkv. 15. gr. eru forgangsáhrif þinglýsingar við það tengd, er skjal er afhent til þinglýsingar, enda sé skjal tækt til þinglýsingar, sbr. 15. gr. Frá þessu er þó undantekning, sbr. 2. málsgr. 14. gr. Ef tvö skjöl eða fleiri, sem ekki fá samrýmst, eru afhent samtímis til þinglýsingar, er það meginregla, að þau eru jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó er nokkuð gert upp á milli skjala í 15. gr., með því að aðfarargerðir og kyrrsetningar ganga fyrir skjali, sem reist er á öðrum réttargrundvelli, og af tveimur aðfarargerðum, sem afhentar eru samtímis til þinglýsingar, er sú látin ganga fyrir, sem eldri er. Og eru raunar enn fleiri frávik frá þessari reglu um jafnrétti tveggja skjala, sem afhent eru til þinglýsingar samtímis.

Samkv. 14. gr. 1. málsgr. telst skjal ekki afhent til þinglýsingar í merkingu þessara laga, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, enda fylgi lögmæt greiðsla fyrir þinglýsingu þinglýsingarbeiðni. Að því er varðar gjöld þau, sem fylgja eiga þinglýsingu, þá getur að sjálfsögðu vafist fyrir dómara að ákveða þau. Þegar svo er, ber dómara að veita skjali viðtöku og færa það til bráðabirgða, meðan samráð eru höfð við viðkomandi ráðuneyti, sbr. 17. gr. frv., er kveður allnáið á um þetta efni.

Í 18. gr. frv. er mælt fyrir um það, er efni skjals er rangfært í þinglýsingabók, og einnig um það, er láðst hefur að færa skjal í þinglýsingabók innan fresta þeirra, sem dómara eru ætlaðir samkv. 7. gr. 5. mgr. frv. í þessu skyni o. fl. Er þá kostur

að kveða svo á með dómi, að réttur sá, sem skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Nánari forsendur þessa eru greindar í 18. gr., en ákvæði þetta getur leitt til þess, að hvikað verði frá meginreglu frv. um forgengi þinglýstra skjala.

Í 19. gr. er síðan rætt um hugtakið grandleysi, og er það skýrgreint í sambandi við ákvæði þess frv.

Um 14. gr.

Afhending skjals til þinglýsingar er atriði, sem miklu máli skiptir samkv. frv., sbr. upphaf 15. gr. Rétt þykir því að slá því föstu, að afhending skjals til þinglýsingar teljist ekki hafa átt sér stað í þeirri merkingu, sem á er byggt í frv. þessu, nema upplýsingar, sem dómari telur þörf á, séu látnar uppi, enda skal fylgja beiðni lögmælt gjöld fyrir þinglýsinguna. Skjal verður vitaskuld að vera þinglýsingartækt, til þess að sagt verði, að það hafi verið afhent til þinglýsingar í þessari tæknilegu merkingu orðanna samkv. frv.

Samkvæmt 1. málsgr. ber yfirleitt að telja afhendingartíma skjals frá þeirri stundu, er dómari veitti skjali viðtöku. Frá þessari meiginreglu er frávik í 2. málsgr. þessarar greinar.

Samkvæmt því skulu skjöl, sem berast eftir auglýstan skrifstofutíma talin afhent næsta dag. Það er vitaskuld oft tiðkað, ekki síst utan kaupstaða, að dómari veitir skjölum viðtöku af greiðasemi eftir lok skrifstofutíma. (Sbr. einnig það tilvik, er skjal berst í pósti eftir skrifstofutíma). Þinglýsingarbeiðandi á þó ekki að hljóta betri réttarstöðu með þessu heldur en aðili, sem bíður til næsta dags með að afhenda skjöl sín. Liggja þessi sjónarmið til grundvallar ákvæði 2. málsgr. Rétt þykir einnig að heimila dómsmálaráðherra að kveða svo á í reglugerð, að skjöl, sem berast ekki fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli teljast afhent næsta dag, þ. e. með upphafi skrifstofutíma næsta dags. Er þörf á slíkum ákvæðum í Reykjavík og e. t. v. í fleiri kaupstöðum, ef vinnubrögð á skrifstofu þinglýsingardómara eiga að vera leyst af hendi með fulltryggilegum hætti. Er og hætt við, að ella þurfi að kosta til aukavinnu við úrvinnslu skjala.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru höfuðákvæðin um forgangsáhrif þinglýsingar. Meginreglan í því efni er hin sama sem í 8. gr. gildandi þinglýsingalaga, þ. e. að tengja forgangsáhrif þinglýsingar við það atvik, er skjal er afhent til þinglýsingar. Hér að framan (í athugasemd við III. kafla almennt og við 14. gr.) er rætt um skýringu á því orðatiltæki frv., að skjal sé afhent til þinglýsingar, og enn fremur er þar rætt um frávik frá þeirri meginreglu, að forgangsáhrif séu miðuð við afhendingu skjals til þinglýsingar.

Ef réttur sá, sem skjal veitir, byggist á löggerningi, skiptir það fyrst og fremst máli um mat á forgengi samkvæmt frv., hvenær skjal var afhent til þinglýsingar, ef það hefur reynst þinglýsingartækt, sbr. þó 2. málsgr. 14. gr. Að sjálfsögðu verður þó að gæta hér ákvæða 19. gr. um grandleysi, svo að sá maður, sem öðlast hefur réttindi með samningi við eiganda, eftir að annar maður hlaut þennan rétt, verður að standa að baki fyrri rétthafa, ef hann vissi eða mátti vita um rétt hans. Í 15. gr er aðeins rætt um þinglýsingargildi skjala, en ekki um almennar reglur eins og grandleysi, sem grípa inn í þetta mál. Ekki er heldur vikið þar að ákvæði í samningi, sem þinglýst er. Verið getur, að í samningi segi, að réttindi þau, sem hann veitir, skuli standa að baki réttindum samkv. öðrum samningi, t. d. nánar greindum veðrétti, sem síðar kynni að vera veittur.

Hér verður einnig að geta þess, að sum réttindi öðlast fulla lögvernd þótt þeim sé ekki þinglýst, svo sem t. d. ýmsir afnotasamningar, lögveðsréttindi o. fl. Gildi þeirra telst frá þeim tíma, er til þeirra var stofnað, og ganga þau því að öðru jöfnu framar réttindum, sem síðar er stofnað til, þótt þinglýst sé. Í þessu efni breyta ákvæði þessa frv. í engu eldri reglum.

Ef skjöl, sem byggjast á löggerningi, eru afhent til þinglýsingar samtímis, er það meginregla, að þau séu jafnstæð að þinglýsingargildi. Frá því er þó sú undantekning, auk frávika, sem þegar eru rædd, að hafi maður afhent öðrum eign sína, en jafnframt áskilið sér réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, þá gengur sá réttur fyrir réttindum, sem stafa frá yngra rétthafa. Fyrri eigandi hefur í þessu tilviki veitt síðara eiganda takmarkaða heimild yfir eign sinni, og er það eðlileg regla, að þeir, sem leiða rétt sinn frá þessum síðara eiganda, hljóti að virða rétt hins fyrra eiganda. Forsenda fyrir því er þó sú, að skjal, sem ber með sér rétt eldri rétthafa, þ. e. oftast kaupsamningur eða afsal, sé afhent til þinglýsingar í síðasta lagi samtímis og skjal, sem er grundvöllur undir rétti þeim, sem yngri eigandi hefur veitt þriðja manni. Þó er ljóst, að réttur eldra eiganda gengur fyrir, jafnvel þótt honum sé síðar þinglýst, ef þriðji maður, sem byggir rétt á löggerningi vissi eða mátti um hann vita, er hann öðlaðist réttindi sín, sbr. áður um grandleysi.

Þegar skjöl þau, sem afhent eru samtímis til þinglýsingar, eru reist á mismunandi réttaratvikum, þ. e. annars vegar löggerningi, en hins vegar réttargerð, þá segir svo í greininni, að hin síðargreindu réttindi skuli ganga fyrir hinum fyrrnefndu. Gildir þetta t. d. um fjárnám, lögtak, löggeymslu og kyrrsetningu. Um rétthæð aðfarargerða sín á milli eða kyrrsetningargerða innbyrðis er sú regla sett, að hin elsta þeirra gengur fyrir, ef saman lendir. Hér styðst staðreynsla á aldri réttargerða við umsögn opinbers starfsmanns, og er því ekki varhugavert að byggja á aldri þessara gagna í þessu sambandi.

Í lok ákvæðisins er vikið að þeirri efnisreglu, að réttur sá, sem kyrrsetning veitir, hlýtur að þoka fyrir rétti, er stafar frá fjárnámi. Hins vegar er ekki kveðið hér um þinglýsingarhlið þessa máls.

Um 16. gr.

Af því er hefð varðar, er hér gerð undantekning frá þeirri niðurstöðu, sem leiða myndi af reglum 15. og 29. gr. sbr. 32. gr. laganna 29. gr. felur í sér mikla breytingu, þar sem hefðuð eignarréttindi eru ekki háð þinglýsingu samkvæmt núgildandi lögum. Skráningu réttinda yfir fasteignum er víða áfátt og má því gera ráð fyrir, að hefð geti skipt miklu máli sem eignarheimild. Er því nokkur ástæða til að milda réttaráhrif þeirra breytinga, sem mælt er fyrir um í 15. og 29. gr. frv., umfram það, sem leiðir af ákvæðum 1. mgr. 51. gr. Þá er þess sérstaklega að gæta hér, þegar rétthafi heldur áfram að neyta óþinglýsts réttar síns, þrátt fyrir vitneskju þess aðila, sem öðlast hefur rétt yfir viðkomandi eign, að slíkt felur í sér nokkra vísbendingu um, að annað hvort hafi nýi rétthafinn gert sér grein fyrir eða átt að gera sér grein fyrir hinum óþinglýstu réttindum eða að heimild hans sé takmörkuð af þeim réttindum.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði fjallar um áreiðanleik þinglýsingabóka á jákvæða vísu, þ. e. að hverju marki menn megi almennt treysta því, að þinglýst skjöl séu réttilega færð í þinglýsingabók. Samkvæmt greininni geta menn ekki fulltreyst þessu. Aðalreglan er sú, að það er skjalið sem slíkt, en ekki greining þinglýsingardómara, sem hér sker úr. Ef veðbréf, sem A á, hefur t. d. verið afhent til þinglýsingar, en dómara

hefur láðst að færa það í þinglýsingabók, eða hefur fært það ranglega, t. d. svo, að lægri fjárhæð sé greind en rétt er samkvæmt efni bréfs, þá er það meginregla að maður sá, B, sem skiptir við þinglýstan eiganda og treystir þinglýsingabók, verður allt að einu að sæta þeirri mótbáru, að veðréttindi samkv. greindu veðskjali A hvílir á eign. A nýtur hins vegar réttar síns óskerts. Veðbréf hans nam t. d. 30 000 kr., og var I. veðréttarbréf, en dómara hefur láðst að geta þess. Síðar er þinglýst I. veðréttarbréfi B, að fjárhæð kr. 30 000. Eign er seld á uppboði, og nemur andvirði hennar 35 000 kr. Þá á A rétt á 30 000 kr., en B fær aðeins 5000 kr. upp í sinn rétt, en hann á þá bótarétt á hendur ríkissjóði, að fjárhæð kr. 25 000, ef skilyrðum 49. gr. er fullnægt.

Stundum getur verið mjög ósanngjarnt að láta yngri rétthafann, B, þoka fyrir hinum eldra, A. Vera má, að B sé það miklu meira hagsmunamál að njóta réttar síns heldur en A. Auk þess er á það að líta, að ýmsir fleiri kunna að hafa skipt við eigandann eftir að mistök dómarans áttu sér stað en B einn. Ef það væri óskoruð regla, að A gengi hér fyrir, gæti það haft miklar raskanir í för með sér fyrir síðari rétthafa. Af þessum sökum þykir rétt að lögmæla hér í 18. gr. frv. heimild til handa dómstólum til að kveða svo á í dómsmáli, að réttur samkv. skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, skuli víkja fyrir rétti samkv. hinu, er síðar barst, og gert er ráð fyrir, að í þessu efni skuli ríkja almennt hagsmunamat. Taka má sem dæmi, að skjali, er veitir umferðarrétt um eignina A, sé þinglýst, t. d. á eignina B. Síðan er eignin A seld, og er hinum nýja eiganda ókunnnugt um umferðarréttinn, enda styðjist grandleysi hans við vottorð dómara um efni hennar. Hinum nýja eiganda (kaupanda) er hér tveggja kosta völ. Hann getur höfðað mál gegn þeim aðila, sem á umferðarréttinn, og krafist þess samkv. 18. gr., að hinn síðarnefndi skuli þoka. Ef málalok yrðu þau, að sá aðili skyldi þoka, gæti hann krafist bóta af ríkissjóði samkv. 49. gr. Hin leiðin fyrir hinn nýja eiganda er sú, að höfða bótamál gegn ríkissjóði samkv. 49. gr., en væntanlega geta fyrirsvarsmenn ríkissjóðs fengið það prófað fyrir dómstólum, hvort réttur umferðarrétthafans eigi ekki að víkja samkv. 18. gr., og ef svo verður, þá getur sá rétthafi aftur haft uppi bótakröfur á hendur ríkissjóði samkv. 49. gr. Ekki er ástæða til að ræða það hér, hvernig málasamlagi getur verið háttað í sambandi við slíkar kröfur.

Sá, sem krefst bóta samkv. þessum ákvæðum eða krefst þess, að réttur annars aðila skuli þoka, verður að sjálfsögðu að vera grandlaus um hinn eldra rétt.

Um 19. gr.

Samkv. núgildandi rétti getur sá aðili, sem fær réttindi með samningi við eiganda, útrýmt rétti eldra rétthafa, sem ekki hefur verið þinglýst, en er þó háður þinglýsingu, ef hann vissi hvorki né mátti vita um réttindi þessi á þeim tíma, er hann öðlaðist rétt sinn, enda þinglýsti hann þá rétti sínum, ef hann er háður þinglýsingu. Þótt yngri rétthafinn hafi ekki verið grandlaus, er hann fékk rétti sínum þinglýst, kemur það honum ekki í koll. Á hinn bóginn skiptir grandleysi ekki máli, þegar skuldheimtumenn ganga að eign þeirra, sem réttindi hafa verið stofnuð yfir, þ. e. skuldheimtumenn þurfa ekki að virða óþinglýst réttindi, jafnvel þótt þeim sé um þau kunnugt eða megi vera það, enda sé um réttindi að tefla, sem háð eru þinglýsingu almennt.

19. gr. frv. byggir á þeim reglum, sem nú eru taldar gilda. Grandleysi er skýrgreint hér með venjulegum hætti, þ. e. hér er almenn aðgæsluskylda lögð á aðila, en þess má geta, að í dönsku þinglýsingalögunum er það eingöngu „stórfellt gáleysi“, sem getur komið hinum yngra rétthafa í koll og varnað því, að hann útrými óþinglýstum rétti eldri rétthafa. Ekki þykja næg rök standa til þess að breyta gildandi reglum um þetta atriði, enda er ekki kunnugt, að þær hafi sætt gagnrýni.

Í 19. gr. er það fólgið, að við mat á grandleysi á að leggja til grundvallar það tímamark, er aðili öðlast réttindi með samningi. Er sú regla í samræmi við reglur norsku laganna. Í dönskum þinglýsingalögunum og í þýskum rétti er miðað við þann tíma, er skjal er afhent til þinglýsingar (eða dagbókarfært), en á þessum tvenns

konar reglum er talsvert mikill munur. Ýmis fræðileg rök má færa að hinum dönsk-þýsku reglum. Að svo stöddu þykir þó varhugavert að víkja frá rógrónum réttarreglum hérlendis um þessi efni, enda er ekki sýnilegt, að þær hafi sætt gagnrýni hér á landi.

Ágreiningur út af óþinglýstum réttindum varðar oft umferðarréttindi og lóðarréttindi. Verður þá oft álitamál, hversu rík rannsóknarskylda verði lögð á kaupanda eignar. Hafa íslenskir dómstólar gengið alllangt í því að krefjast þess af kaupanda, að hann kynni sér lóðarréttindi, sbr. einkum hrd. XX/407 og XXVII/27, og sérstaklega þó, að hann kynnti sér nánar tilvist réttinda, ef einhver ummerki á eign gætu gefið þau til kynna.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þinglýsingu, er varðar fasteignir. Ákvæðum kaflans er skipað í fimm þætti, sem hér segir:

1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst (efni, form og heimild).
2. Leiðrétting á röngum færslum og bráðabirgðavernd réttinda,
3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu,
4. Réttaráhrif þinglýsingar og
5. Brottfall þinglýsingar (tímabundið gildi þinglýsingar, aflýsingar).

Hugtakið fasteign er ekki skýrgreint í frv. þessu, enda má telja, að það hafi fengið á sig festu í lögfræði og lagaframkvæmd, sjá t. d. hrd. V/1007 og VIII/243. Athuga ber í þessu efni ákvæði 3. málsgr. 51. gr. frv.

Um 20. gr.

Yfirleitt mun það ekki orka tvímælis, í hvaða þinglýsingaumdæmi eign sé. Hugsanlegt er, að skjal stofni til réttinda yfir fleiri en einni eign, sem liggja í mismunandi umdæmum. Er það ljóst, að skjali verður að þinglýsa í öllum umdæmum til þess að öðlast fulla lögvernd. Þinglýsing í tilteknu umdæmi hefur ekki gildi um eignir þær, sem eru í öðrum umdæmum. Rétt er þó að geta þess, að í l. 38/1940, um hitaveitu Reykjavíkur, 7. gr. segir, að þinglýsing á réttindum, er varðar eignir hitaveitu öðlast fullt gildi við þinglýsingu í Reykjavík, hvar sem eignir eru. Er ekki gert ráð fyrir, að ákvæði þetta verði fellt úr gildi með frv. þessu.

Ef skjal leggur aðeins kvaðir á eiganda fasteignar persónulega, þá er ekki unnt að þinglýsa þeirri kvöð eftir reglum IV. kafla. Ef kvöð varðar hins vegar bæði núverandi og væntanlega eigendur fasteignar, þá lýtur skjal ákvæðum þessa kafla.

Skráningu lands er víðast hvar mjög skammt á veg komið hérlendis og eru því yfirleitt ekki tök á, að tengja þinglýsingar opinberu skráningarkerfi. Til þess að þinglýsingar nái tilgangi sínum, má hins vegar ekki fara milli mála, hvar viðkomandi fasteign sé, og hver séu mörk hennar gagnvart öðrum fasteignum. Er þess vegna sett ákvæði í 2. mgr. 20. gr. frv., sem heimilar þinglýsingardómara að gera það að skilyrði fyrir þinglýsingu, að uppdráttur fylgi skjali. Ber þá að fara með uppdráttinn sem hluta skjals og afhenda verður hann í tvíriti.

Um 21. gr.

Samkv. þessu ákvæði verður afsali ekki þinglýst sem eignarheimild, nema það sé óskilyrt. Þó er afsal gild eignarheimild, ef það er bundið því skilyrði einu, að kaupverð verði greitt innan tiltekins frests. Ef fleiri skilyrði eru í afsali, svo sem um væntanlegt samþykki yfirvalda um eigendaskipti eða samþykki þriðja manns, svo sem forkaupsréttarhafa, eða skilyrði lúta t. d. að því, að afsalsgjafi njóti aðhlynningar hjá afsalshafa, þá er afsalið ekki fullgild eignarheimild. Er mjög mikilvægt að skapa hreinar línur í þessum efnum. Að sjálfsögðu er ákvæði 21. gr. ekki því til fyrirstöðu, að afsal, sem svo er farið sem hér er gert ráð fyrir, sé þinglýsingartækt, t. d. svo að því verði þinglýst sem kvöð á eign.

Um 22. gr.

Samkv. 33. gr. frv. eru sérstök gildisáhrif tengd við þinglýst skjöl, þannig að sá, sem semur við rétthafa samkv. þinglýstu bréfi, þarf ekki að hlíta þeirri viðbáru, að bréf þess manns, sem hann semur við, sé ógilt. Er því mikilvægt, að tryggja það svo sem föng eru á, að þau skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, séu gild. Í 22. gr. er fólgið það nýmæli (sbr. þó 7. gr. veðlaga), að afsal eða veðbréf, sem óskast þinglýst, skal vera staðfest af tilteknum aðilum, annaðhvort af opinberum starfsmanni, notario publico, eða mönnum, sem fengið hafa sérstaka löggildingu til starfa, þ. e. lögmönnum og fulltrúum þeirra (og er hér átt við löglærða fulltrúa eina saman) eða löggiltum fasteignasölum. Þá er einnig nægilegt, að undirskrift sé staðfest af tveimur vitundarvottum. Enn er það nýmæli, að í staðfestingu skal taka það skýlaust fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, sem undirskriftina staðfestir, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Enn skulu vitundarvottar geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Staðfesting sú, sem hér er vikið að, er einskorðuð við afsöl og veðbréf, en samkv. 2. málsgr. þarf að staðfesta ritun undir samþykki (t.d. um veðleyfi) með sama hætti.

Virða verður það efnislega, hvort afsali sé til að dreifa, og sker nafn það, er aðilar velja gerningi sínum, ekki ávallt úr, sameignarsamningur eða yfirlýsing um eignarréttindi getur t. d. efnislega verið afsal, þ. e. falið í sér yfirlýsingu um yfirfærslu eignarréttar. Ef tveir aðilar eru frá öndverðu að t. d. lóðarréttindum og þeir láta síðar þinglýsa yfirlýsingu um eignarhlutföll, þá er slík yfirlýsing ekki afsal í merkingu þessa ákvæðis.

Framsal á veðbréfi þarf á hinn bóginn ekki að staðfesta með þessum hætti og ekki veðbandsleysingu eða skylda gerninga, og hinu sama gegnir um skjal, sem varðar kvöð eða skyldur. Ekkert er því þó til fyrirstöðu, að dómari gangi eftir staðfestingu á undirskrift, ef honum virðist skjal að einhverju leyti tortryggilegt.

Að því er tekur til þeirra aðila, sem hæfir eru til að staðfesta undirskrift, þá er það ljóst, að íslenskir sendifulltrúar og konsúlar erlendis fara stundum með nótaríalvald, og er staðfesting þeirra þá gild í þessu sambandi, sbr. 1. 39/1971, 15. gr. Ekki eru orðaðar sérstakar reglur um vanhæfi þessara manna vegna hugsanlegra tengsla þeirra við málefnið eða aðila gernings. Ljóst er, að aðili getur ekki sjálfur verið vitundarvottur, þótt hann sé t. d. lögmaður. Um staðfestingarhæfi notarii publici mundi fara eftir venjulegum reglum um hæfi slíkra manna.

Afsal eða veðbréf, sem gefið er út af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, þarf ekki að staðfesta. Samkv. þessu er ekki þörf á staðfestingu, ef skjal stafar frá opinberum starfsmanni og varðar sýslu hans, og á þetta jafnt við um ríkisstarfsmenn sem starfsmenn sveitarfélaga svo og um skjöl, sem stafa frá bönkum og sparisjóðum, og einstökum opinberum stofnunum, svo sem fyrirtækjum ríkis eða sveitarfélaga, opinberum sjóðum ýmiss konar o. fl.

Ef undirritun er ekki staðfest að hætti 22. gr., þegar slíks er þörf, ber dómara að vísa skjali frá, sbr. 6. gr.

Um 23. gr.

Rétt er að minna hér á ákvæði 21. gr. um skilyrði í afsali, og hverju það varði, en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 24. gr.

Ákvæði 24.—26. gr. fjalla um eiginheimildir í sambandi við þinglýsingar, og eru þau meðal mikilvægustu ákvæða frv. þessa.

Samkvæmt núgildandi lögum og lagaframkvæmd getur aðili fengið skjali þinglýst, þótt útgefanda skjals bresti þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er skjal mælir fyrir um. Heimildarskortur veldur því einu, að dómari ritar at-

hugasemd á skjal um heimildarbrest. Sakir þessa er hætt við því, að ekki skapist hreinar línur um eignarheimildir að fasteignum, og því er ekki að leyna, að við þessa hætti myndast aðstaða til misferlis í sambandi við skjöl um eignir. Er þegar af þessu ástæða til að breyta núgildandi lagareglum. Við það verður öryggi mun meira í viðskiptum út af eignum manna, og dregið er til nokkurra muna úr hættu á því, að fölsuðum gerningum sé þinglýst eða gerningum, sem ógildir séu vegna annarra atvika. Er lagt til í þessu ákvæði, að krafist sé þinglýstrar heimildar hjá útgefanda skjals, svo sem um afsöl, kaupsamninga, afnotasamninga, kvaðir, veðbréf o. s. frv., sbr. þó 51. gr. Í dönsku þinglýsingarlögunum er einnig svo fyrir mælt, að aðfarargerð eða kyrrsetningargerð í eign verði ekki þinglýst, ef gerðarþola skortir þinglýsta heimild að eign. Samkvæmt norsku þinglýsingalögunum er það hins vegar ekki þinglýsingu til fyrirstöðu þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild, en uppboðsafsali (útlagningu) og skiptaafsali verður yfirleitt ekki þinglýst, nema þinglýst eignarheimild fyrra eiganda sé í lagi. Einsætt þykir, að heimila þinglýsingu á aðfarargerður, þótt eignarheimild gerðarþola sé ekki í lagi, enda gæti önnur regla oft og einatt verið óskilvísum mönnum til framdráttar og leitt til óeðlilegs tjóns fyrir skuldheimtumenn. Þegar nauðungaruppboðs er krafist á grundvelli aðfarargerðar, sem fram hefur farið, í eign manna, sýnist einnig eðlilegt, að uppboðsafsali verði þinglýst, þótt eignarheimild sé ekki í lagi, með því að uppboðið á að auglýsa með eigi ótryggilegri hætti en títt er t. d. um stefnur í eignardómsmálum, og fá því rétthafar að eign tækifæri til að koma andmælum á framfæri við uppboðsráðanda, ef því er að skipta. Ef veðbréf er grundvöllur uppboðs, má segja, að óeðlilegt sé, að þess sé krafist skilmálalaust, að eignarheimild sé í lagi við þinglýsingu veðbréfs, en hins vegar sé unnt að þinglýsa uppboðsafsalinu, þótt eignarheimild sé ekki í lagi. Á það er þó að líta, að þessa agnúa gætir a. m. k. fyrst og fremst um veðbréf, sem þinglýst er fyrir gildistöku hinna nýju reglna í frv. þessu, og er ekki sanngjarnt að láta reglur í yngri þinglýsingalögunum koma eldri veðhöfum í koll. Í þessu efni er því lagt til, að ekki sé farið jafnstrangt í sakir um þinglýsta eignarheimild sem á hinum Norðurlöndunum.

Í 3. mgr., er það áskilið, að eignarheimild þurfi að vera í lagi, svo að unnt sé að þinglýsa skiptaafsali, nema það stafi frá nauðungaruppboði.

Samkv. 21. gr. frv. verður afsal ekki metið gild eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests. Afsal getur lotið að öðrum skilyrðum, og verður það þá ekki gild eignarheimild. Ljóst er einnig, að skoða verður eignarheimild þess, er gefur út skjal, allrækilega til þess að kanna, hversu víðtæka heimild útgefandi hefur. Hver einstakur rétthafi er að sjálfsögðu bundinn við þá heimild sem hann nýtur, og getur ekki ráðstafað eign í ríkari mæli en heimild hans lýtur að. Ef skjal felur í sér frekari ráðstöfun, þá ber yfirleitt að vísa skjali frá þinglýsingu, ef eigandi hefur skuldbundið sig með þinglýstu skjali til að veðsetja ekki eignina. Ef veðbréf, sem óskast þinglýst, mælir veðhafa t. d. I. veðrétt, en eign er þegar veðsett fyrir með I. veðrétti, þá veldur þetta þó ekki frávísun skjals, heldur aðeins því, að athugasemd er skráð á skjal um fyrra veðrétt.

Þinglýsingardómari verður einnig í sambandi við heimildina að kanna það, hvort sá aðili, er undirritar skjal, hefur heimild til að binda aðilann. Ef það er t. d. lögpersóna, félag eða stofnun, sem hefur eignarheimild að eign, þá verður dómari að ganga úr skugga um, hvort sá maður, sem undirritar skjal, hafi heimild til þess. Ef skjal stafar frá ríki, þá mun vart verða lögð skylda á dómara til að kanna það, hvaða ráðuneyti málefni á undir og hvort skjal sé gefið út á vegum þess. Dómari þarf heldur ekki að ganga úr skugga um, hvort ráðuneyti hefur aflað sér löglegrar heimildar til útgáfu skjals, svo sem t. d. hvort lagaheimild sé til að dreifa um sölu tiltekinnar þjóðjarðar, sem seld er.

Ef hreppsnefnd selur fasteign hreppfélags, mun þinglýsingardómara vera skylt að kanna það, hvort samþykki sýslunefndar sé fengið, sbr. 11. gr. l. 58/1961, en vísa ætti hann skjali frá þinglýsingu, ef hann hefur grun um þennan brest, uns

skilríki lægju fyrir um samþykkið. Ef venjulegur prókúruhafi ritar undir afsal um fasteign fyrirtækis þess, sem hann vinnur í, sýnist þinglýsingardómari eiga að kanna það mál nánar, áður en hann veitir atbeina sinn til þinglýsingarinnar, þar sem almennar lagareglur veita prókúruhafa ekki heimild til útgáfu slíks afsals, sbr. 25. gr. firmalaganna.

Ef hlutafélag tjáist vera útgefandi skjals, verður þinglýsingardómari að kanna, hvort þeir, er undirrita skjal, séu í stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagaskrá (firmaskrá). Hins vegar er dómara ekki skylt að ganga úr skugga um, hvort stjórnarmenn hafi efnislega heimild til ráðstöfunarinnar. Þinglýsingin eyðir að sjálfsögðu ekki efnislegum agnúa, sem kann að vera á t. d. afsali, og gæti félagið eftir atvikum fengið afsalinu hrundið vegna þess að stjórn hafi skort efnisheimild til löggerningsins.

Ef félag með ótakmarkaðri ábyrgð á t. d. fasteign, þá mun vera venja, að félagið sé talið eigandi í þinglýsingabók. Munu þá allir félagar þurfa að standa að afsali, nema gilt umboð liggi fyrir til tiltekins manns, er undirritað hefur skjal, til útgáfu þess. Ef félag er skrásett í firmaskrá, kann hún þó að segja til um, hver geti skuldbundið félagið að öðru leyti. Þótt félagsmaður A, setji annan mann í sinn stað í félaginu, þá er slíkur gerningur ekki háður þinglýsingu, enda þótt hinn nýi félagsmaður öðlist hlutdeild í félagseigninni með gerningi þessum. Ef félag, sem starfar að öðru en að afla félagsmönnum sínum fjárgróða, svo sem íþróttafélag, menningarfélag, bókmenntafélag eða fræðifélag á t. d. fasteign, þá er sýnilegt, að stjórn félags er þess yfirleitt ekki umkomin að selja fasteignina á eindæmi sitt, heldur þarf að koma til samþykki almenns félagsfundar, venjulega aðalfundar, eða annarra þeirra aðilja, sem félagssamþykktir segja fyrir um. Ætti dómari að aðgæta þetta, er hann veitir skjali viðtöku. Sjálfsagt mun dómari eiga að kanna það, ef skjal stafar frá ólögráða manni, og er undirritað af lögráðamanni, hvort lögráðamaður sé bær að gefa út skjal á eindæmi sitt eða hitt sé heldur að samþykki yfirlögráðanda eða jafnvel dómsmálaráðuneytisins þurfi til að koma.

Um ákvæði 2. og 3. málsgreinar er áður rætt.

Í 4. málsgrein er rætt um dóma, sem fjalla um réttindi yfir fasteignum. Verið getur, að dómsmál varði það gagngert, hver sé eigandi fasteignarinnar. Ljóst er þá, að málinu verður að beina gegn þeim, sem er þinglýstur eigandi að eign (auk annars manns eftir atvikum), og er ekki unnt að fá dómi þinglýst, nema þessa sé gætt. Samkv. 28. gr. frv. er heimilt að þinglýsa stefnu í slíku máli eða útdrætti úr henni, og er það til öryggis fyrir stefnanda máls. Eignarréttur sá, sem stefnandi telur sér, getur vitaskuld verið reistur á mismunandi atvikum, svo sem því, að honum hafi verið seld eignin og hafi fulllnægt öllum skilmálum eða hann hafi hefðað eignina. Enn fremur getur verið um hreinan eignardóm að tefla, sbr. 220. gr. l. nr. 85/1936. Þá gætu landamerkja- og lóðamerkjadómarar, einnig komið hér til greina, svo og dómar, er varða óbein eignarréttindi yfir fasteign, svo sem umferðarrétt, veðrétt, ítaksrétt margskonar o. s. frv.

Á það skal bent, að 24. gr. hefur ekki sérstakt ákvæði um eignarnámsgerð. Hún hvílir ekki á löggerningi, og á 1. málsgr. 24. gr. því ekki við um hana. Eignarnámsgerð þarf að beina þeim, sem heimild hefur til eignar samkv. þinglýsingabók eða samþykkt hefur, að hún beinist gegn sér.

Hafa ber í huga ákvæði 25. gr., er 24. gr. frv. er beitt.

Um 25. gr.

Ljóst er, að sá maki, sem greindur er í þinglýsingabók sem eigandi, er réttur heimildarmaður, nema bæði hjón séu þar taldir eigendur. Ef talið er, að eignarréttur hafi horfið frá öðrum maka til hins, verður að færa sérstakar sönnur á, að svo hafi orðið með löggiltum hætti, og einnig verður að skrá kaupmála eða þinglýsa afsali, nema hvorutveggja sé. Dómara ber ekki að kanna hvort samþykki maka til afhendingar á eign, sbr. 20. gr. l. 20/1923 liggi fyrir, og þótt honum sé um

það kunnugt, að samþykki skorti, þá getur hann ekki látið það standa fyrir þinglýsingu skjals.

2. málsgr. Hér er kveðið á um það, hvaða gögn séu fullnægjandi til þinglýsingar um yfirfærslu eignarréttar, er erfingjar skipta búi einkaskiptum eða maki situr í óskiptu búi. Í þessum tilvikum er ekki hvikað frá kröfunni í 3. málsgr. 24. gr. um, að hinn látni hafi verið þinglýstur eigandi.

3. málsgr. Það er efni hennar að leggja uppboðsráðanda eða skiptaráðanda á herðar að hlutast til um að uppboðs eða skipta sé getið í þinglýsingabók, og enn fremur er mælt fyrir um gjöld af þessu tilefni.

Um 26. gr.

Í þessari grein er m. a. kveðið á um tengslin milli eignarréttar að landi og eignarréttar að byggingum, er á landi standa, sbr. 1. og 3. málsgr. Í 2. málsgr. er nánast kveðið á um framkvæmdaratriði.

1. málsgr. er raunverulega aðeins staðfesting á reglum, sem ætla verður, að nú gildi. Það ber alloft við, að bygging sé reist á landi, án þess að húsbyggjandi hafi tryggt sér nokkurn rétt yfir landinu. Samkv. 1. málsgr. er það þá landeigandi (eða erfðafestuhafi, ef því er að skipta sbr. 3. málsgr.) sem talinn er hafa þinglýsta heimild til eignar. Er miklum örðugleikum bundið fyrir húsbyggjanda eða þá, sem leiða rétt sinn frá honum að koma við þinglýsingu á réttindum yfir eigninni en ákvæði 51. gr. 3. málsgr. frv. geta þó komið hér að haldi.

Í 38. gr. dönsku þinglýsingalaganna er gert ráð fyrir, að réttindi yfir efnivöru, sem skeyta á við fasteign sé ekki unnt að stofna og hafi þau ekki gildi, þótt þeim sé þinglýst. Ekki þykir ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði, enda hefur ákvæði dönsku laganna sætt nokkurri gagnrýni upp á síðkastið. Ekki ætti að vera útilokað eftir frv. þessu að þinglýsa slíkum réttindum og afla þeim lögverndar með því.

Ýmis flókin tilvik geta borið að höndum út af réttindum í landi og yfir byggingum eða öðrum mannvirkjum bæði samkv. 1. og 3. málsgr., en ekki er unnt að víkja að þeim hér, og vísast til lögfræðirita um slík efni.

Um 27. gr.

1. málsgr. á við það, að skjal hafi verið fært ranglega í þinglýsingabók, t. d. á blað rangrar eignar í bók eða útdráttur úr skjali er efnislega rangur eða ófullnægjandi. Hins vegar á ákvæðið ekki við um ágalla, sem kunna að vera á skjali því, sem þinglýst er. Ef dómari kemst að raun um að skjal, sem vísa skyldi frá þinglýsingu, hefur verið þinglýst, þá er ekki gerlegt að vísa skjalinu frá þinglýsingu á þessu stigi, heldur er dómara þá unnt að gera athugasemd um þetta efni í þinglýsingabók. Vera má, t. d., að útgefanda afsals hafi skort þinglýsta heimild til eignar, en skjal hefur allt að einu verið tekið til þinglýsingar. Ber dómara þá að gera athugasemd um þetta í þinglýsingabók, þegar er mistök þessi verða honum kunn. Sama er, ef dómari kemst að því, að skjal hefur verið gefið út af ólögráða manni án atbeina lögráðenda. Nú er slík athugasemd gerð við eignarheimild, og nýtur þá aðili sá, sem skjal lýtur að, ekki fullnægjandi eignarheimildar upp frá því. Skjöl frá honum eru ekki tæk til þinglýsingar. Dómara ber hins vegar að skýra honum frá þessu, svo að hann geti gert ráðstafanir til að bæta úr annmörkum, ef því er að skipta. Samkv. 1. málsgr. greinarinnar ber dómara og að skýra aðilum, sem kunna að hafa hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistaka, frá málavöxtum. Vera má, að grandlaus aðili hafi fengið réttindi í trausti þess, að þinglýsingabók greindi rétt frá skjali, og koma þá til greina ákvæði 18., 33. og 49. gr. frv.

Vera má, að dómari treysti sér ekki til að leiðrétta færslu í fasteignabók, er aðili staðhæfir, að sé röng og horfi sér til réttarspjalla. Til er t. d., að aðili staðhæfi, að skjal sé ógilt, sakir þess að beitt hafi verið fölsun eða ofbeldi við útgáfu þess, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Nú er hugsanlegt, að dómari telji aðila ekki hafa fært fullnægjandi sönnur á staðhæfingu sína, og fellst hann þá ekki á að

leiðrétta færslu samkv. 1. málsgr. Verður aðili þá að búa mál á hendur dómara. Ef tiltekinn þriðji maður ber brigður á kröfur aðila t. d. um það, að kvöð hafi verið máð ranglega þá kann að vera nauðsynlegt að fá dómsúrlausn um ágreining þessara manna, og verður þá kröfu ekki sinnt, fyrr en slíkur dómur liggur fyrir.

Þegar svo stendur á, sem hér segir, getur það verið brýnt hagsmunamál fyrir mann, að getið sé kröfu hans um leiðréttingu í þinglýsingabók. Er dómara heimilt að fallast á tilmæli manns um þetta, í fyrsta lagi, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni að mati dómara eða í öðru lagi setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Úrlausn dómara um þessa kröfu sætir kæru samkv. 3. gr. frv. Er gert ráð fyrir, að dómari setji manni frest í þessu skyni, og ber þá að má athugasemd, ef aðila tekst ekki að færa sönnnur á mál sitt innan hins mælta frests. Ef aðila auðnast að sanna staðhæfingu sína innan frestsins, ber dómara að framkvæma leiðréttingu þegar í stað.

Um 28. gr.

Ef stofnað er til dómsmáls út af réttindum yfir eign, annaðhvort á hinum beina eignarrétti eða óbeinum eignarréttindum, er það ljóst, að stefnanda getur varðað miklu að fá þinglýst úrdrætti úr stefnu, og eiga hér við sömu rök og í sambandi við 2. málsgr. 27. gr. Þegar svo hagar til, getur dómari samkv. 1. málsgr. 28. gr. ákveðið að þinglýsa megi stefnu eða útdrætti úr henni. Dómara mundi ekki rétt að ákveða þetta, nema aðstæður væru svipaðar því, sem 2. málsgr. 27. gr. gerir ráð fyrir. Dómari ræður því, hverju úr stefnu skuli þinglýst eða hvort þinglýsa skuli stefnu í heild sinni. Synjun dómara má kæra til Hæstaréttar, en ekki ákvörðun hans um að þinglýsa skuli stefnu eða útdrætti úr henni.

2. málsgr. gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 29. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við gildandi rétt.

Um ákvörðun á hugtakinu grandleysi er rætt í 19. gr. frv., og er efni 29. gr. frv. rætt í athugasemdum við þá grein.

Í 29. gr. er það áskilið, að réttindum yfir fasteign skuli þinglýsa, svo að þau haldi gildi gegn grandlausum viðsemjendum þess aðila, sem þinglýsta heimild hefur að eign, svo og gegn skuldheimtumönnum hans. Er það meginregla, að öll réttindi yfir fasteignum, hversu sem til þeirra er stofnað, séu háð þinglýsingu. Gildir þetta jafnt um samningsbundin réttindi sem um réttindi, er stafa frá skuldasókn skuldheimtumanna. Mismunur er hins vegar sá milli þessara tveggja flokka réttháfa, að samningsaðilinn verður að vera grandlaus um hinn óþinglýsta rétt, er hann öðlaðist rétt sinn, en það skilyrði er ekki sett um skuldheimtumennina.

Í 2. málsgr. 29. gr. er það áréttað, að forsenda fyrir því, að grandlaus rétthafi samkvæmt samningi útrými eldra, óþinglýstum rétti sé sú, að hann (yngri rétthafi) þinglýsi sjálfur sínum rétti, ef hann er háður þinglýsingu.

Í 30.—32. gr. frv. eru síðan ákvæði, er fela í sér frávik frá meginreglu 1. málsgr. 29. gr. Eru þar nokkur réttindi undanþegin þinglýsingu, þ. e. framsal veðbréfs eða annars konar yfirfærsla á rétti til þess, sbr. 30. gr., afnotaréttindi, sem ekki eru ýkja langvinn, sbr. 31. gr. og lögveðsréttindi, sbr. 32. gr.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru tvenns konar tilvik þegin undan þinglýsingu, annars vegar aðilaskipti að veðbréfi (eignaryfirfærsla) og hins vegar veðsetning á veðbréfi að nokkru leyti.

Aðilaskiptin, sem að er vikið í fyrra málslið greinarinnar, geti ýmist stuðst við löggerning eða önnur réttaratvik, svo sem aðför. Sjálf veðréttindin, sem hér eru höfð í huga, geta og átt rót sína að rekja til samnings eða annarra atvika, svo sem aðfarar.

Um veðsetningu er sett sú regla í síðara málslið greinarinnar, að þinglýsingar sé ekki þörf, ef bréf sé sett að handveði, en endranær er stofnun veðréttar háð þinglýsingu, og skiptir þá ekki máli, með hvaða hætti stofnað er til veðréttarins, svo sem með samningi (sjálfsvörsluveð) eða fyrir aðför.

Um 31. gr.

Reglurnar um þinglýsingu á afnotasamningum eru naumast fullskýrar eftir gildandi rétti, og eru þær ólögfestar. Talið hefur verið, að réttarvernd slíkra samninga sé óháð þinglýsingu ef um venjulega samninga er að tefla, þ. e. ef samningur geymir ekki nein sérstæð eða óvenjuleg samningskjör og er ekki gerður til langs tíma eða unnt er að slíta honum með uppsögn miðað við venjulega fardaga (sbr. hins vegar afnotasamninga með sérstæðu efni, hrd. XXVI/39.) Þar sem afnotasamningar eru mjög tíðkanlegir og mikilvægir í viðskiptum manna á milli, þykir rétt að leggja til, að lögfestar verði reglur um þinglýsingu þeirra. Við mat á efni slíks ákvæðis er á það að líta, að reglur gildandi laga eru næsta óákveðnar og teygjanlegar. Er þarflegt að setja skýrari reglur um þetta efni, og er þar full ástæða til að gera greinarmun á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, svo sem lagt er til að gert verði, sbr. 1. tölulið greinarinnar, sem fjallar um íbúðarhúsnæði, og 2. tölulið, sem varðar atvinnuhúsnæði.

Samkvæmt 1. tölulið er afnotasamningur um íbúðarhúsnæði ekki háður þinglýsingu, ef afnotatíminn er 12 mánuðir hið lengsta. Þótt afnotatíminn sé lengri, þá ber það að sama brunni, ef unnt er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi er lengri en 3 mánuðir, miðað við venjulega fardaga. Þar sem rætt er um íðúðarhúsnæði í 1. tölulið, er átt við íbúðir, en ekki einstök herbergi. Samningar um þau eru yfirleitt ekki háðir þinglýsingu, að því er til réttarverndar tekur.

Samkv. 2. tölulið er afnotasamningur um atvinnuhúsnæði eigi háður þinglýsingu, ef afnotatími fer ekki fram úr 2 árum eða unnt er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 6 mánuðir, þótt afnotatími sé lengri en 2 ár. Hér er það ekki áskilið, eins og í 1. tölulið, að uppsagnarfrestur sé einskorðaður við tiltekna fardaga. Um mat á því, hvort húsnæði sé atvinnuhúsnæði má vísa til hrd. XXV/367.

Ábúðarsamningar eru undanþegnir þinglýsingu samkv. 2. málsgr. án tillits til lengdar afnotatíma.

Í 3. málsgr. er rætt um fyrirfram greidda leigu og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi. Er lagt til, að fyrirframgreiðsla á leigu sé háð þinglýsingu, ef greiðslan miðast við meira en eitt ár fram í tímann. Ef getið er um fyrirframgreiðslu á leigu í þinglýstum leigusamningi, t. d. svo að leigusala sé áskilið að ganga eftir slíkri leigu, mun ekki þörf á þinglýsingu, því að þá vinnst viðsemjanda færi á að kynna sér, hver framkvæmd samnings hefur orðið. Ef leigufjárhæð er greind í þinglýstum afnotasamningi, og síðan semst milli aðilja um lækkun hennar, þá er sá samningur háður þinglýsingu. Hins vegar er ekki getið um breytingar á öðrum greiðsluskilmálum um leigu, svo sem um gjalddaga á leigu.

Ákvæði 31. gr. taka ekki eingöngu til stofnunar afnotaréttinda, heldur varða þau einnig framsal á slíkum réttindum, svo sem framleigu húsnæðis. Væntanlega myndi þetta einnig gilda um veðsetningu á afnotaréttindum, eftir því sem við getur átt, þótt ekki sé vikið sérstaklega að þeim atriðum.

Um 32. gr.

Eftir gildandi réttarreglum, sem að sönnu eru ólögfestar, verður að telja, að réttindi, sem hefðuð eru, séu óháð þinglýsingu, að því er lögvernd varðar, og sama er um lögveðréttindi og réttindi samkvæmt eignarnámsgerð. Brýn ástæða er til að taka þessar réttarreglur til endurmats í frv. þessu.

1. Lögveðréttindi. Samkvæmt dönsku þinglýsingalögunum eru lögveðréttindi háð þinglýsingu, en þau eru það hins vegar ekki samkvæmt norsku lögunum. Lög-

veðréttur fylgir ýmsum kröfum hins opinbera út af sköttum og gjöldum. Lögveðréttur getur raunar sprottið út af skiptum einstaklinga, einkum út af því, er eign tiltekins manns er að ólögum skeytt við eign annars, sbr. í því sambandi hrd. XX. bls. 410—411. Ljóst er, að talsvert brotamikið er að láta þinglýsa lögveðréttindum, og myndi það auka til muna störf þinglýsingardómara og raunar einnig störf innheimtumanna opinberra gjalda. Á hinn bóginn er það svo langoftast, en þó að vísu ekki ávallt, að það er alkunna, hvaða kröfum fylgi lögveðréttur, og er mönnum, er skipti eiga við eiganda fasteignar, oftast í lófa lagið að ganga úr skugga um það, hvort slíkar kröfur hvíli á eign. Ekki verður því almennt talið, að það höggvi mikið skarð í viðskiptaöryggið, þótt lögvernd lögveðréttinda sé óháð þinglýsingu, og er ekki kunnugt, að tilhögun gildandi laga hafi sætt gagnrýni. Rétt er að benda á, að sum lög árétta það sérstaklega, að þinglýsing lögveðréttinda sé óþörf, sbr. t. d. l. 38/1940, 3. gr. i. f. Hins vegar eru dæmi þess, að boðin sé þinglýsing í einstökum lögum um lögveðréttindi, sbr. t. d. l. 3/1878, 62. gr., l. 56/1933, 2. gr., l. 77/1936, 2. gr. og l. 80/1947, 44. gr.

Rétt þykir að drepa á það, að við samningu frv. hefur það mjög verið hugleitt að áskilja þinglýsingu á lögveðréttindum, þegar 2 ár eru liðin frá eindaga þeirrar kröfu, sem lögveðsrétturinn fylgir. Um lögveð í lausafjármunum er það meginregla í lögum, að tímagildi þeirra er ekki sett nein mörk, sbr. þó t. d. l. 58/1970, 2. gr. Um hin almennu lögveð, sem svo eru nefnd, gegnir yfirleitt sama máli, en þó er þess að geta, að þinglýsing er áskilin í þeim tveimur tilvikum, þar sem þau hafa einna mest gildi, þ. e. samkv. 62. gr. skiptalaga 3/1878 og samkv. 44. gr. l. 80/1947.

Um lögveð í skipum er það ekki einn veg, hver tímamörk sett eru kröfum, sem lögveðréttur fylgir. Stundum er lögveðrétturinn tímabundinn, sbr. t. d. l. 47/1967, 7. gr., (2 ár frá gjaddaga), sjá og 232. gr. siglingalaga 66/1963 (hámarkstími 1 ár), kröfur eftir 17. gr. sigll. (1 ár), l. 10/1946, 3. gr. (2 ár frá gjalddaga) og l. 45/1973, 12. gr. (2 ár án tilgreiningar á upphafstímamarki). Að jafnaði er þó ekki getið tímamarka, sbr. t. d. l. 42/1926, 26. gr. og 30. gr., l. 19/1973, 7. gr., l. 53/1970, 25. gr., l. 82/1969, 33. og 34 gr., l. 75/1917, 4. gr., tsk. 12. febr. 1872, 6. gr. Skoðun á þessum ákvæðum leiðir í ljós, að það er nánast hending, hvort lögveðréttindum eru sett tímamörk, og myndi áskilnaður um þinglýsingu réttinda eftir 2 ár skapa nokkurt jafnræði milli þessara réttinda, auk þess sem það stuðlar væntanlega að skjótri innheimtu þeirra gjalda, sem tryggð eru með lögveðrétti. Eins og fyrr greinir, er þó ekki tekin upp tillaga um slíka tilhögun í frv. þetta.

2. Eignarnámsgerðir. Þess er fyrr getið, að réttindi, sem fengin eru með eignarnámi, séu ekki háð þinglýsingu. Ef þinglýstur eigandi ráðstafar eign með afsalsgerningi eftir að eignarnám hefur átt sér stað, verður afsalshafi að hlíta þeirri viðbáru eignarnema, að réttindi þau, sem stoð eiga í eignarnámi, gangi framar hinum samningsbundnu réttindum, þótt eignarnámsgerð hafi ekki verið þinglýst. Þetta getur leitt til ósanngjarnra málaloka. Því er það, að bæði dönsk og norsk þinglýsingarlög áskilja, að eignarnám sé háð þinglýsingu. Eignarnemi verður að þinglýsa eignarnámi fyrr eða síðar, til þess að afla sér formlegrar þinglýstrar heimildar, og ákvæði frv. ýta undir það, að aðili hraði þinglýsingu gerðarinnar, en í sjálfu sér er það keppikefli, að aðiljaskiptanna sé sem fyrst getið í þinglýsingarbókum.

Eftir að sá aðili, sem nýtur eignarnámsheimildar, hefur tekið ákvörðun um að neyta hennar um tiltekna eign, getur liðið alllangur tími, uns eignarnámi er hrundið í framkvæmd. Getur það þá verið hagsmunamál fyrir eignarnema að fá þinglýst á eign yfirlýsingu, þar sem lýst sé hinu fyrirhugaða eignarnámi. Í 32. gr. er ekki veitt heimild til að þinglýsa slíkum fyrirætlunum né öðrum frumaðgerðum í sambandi við eignarnám — Það er eignarnámsgerðin í fullri mynd og hún ein, sem getur verið grundvöllur þinglýsingar, — og rétt er að geta þess, að eigandi þarf ekki að þola þinglýsingu á eignarnámsgerð á eign sinni, fyrr en bætur eru greiddar.

Í 32. gr. er það fólgið, að þinglýsingar sé þörf bæði gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda þeirrar eignar, sem tekin er eignarnámi, svo og gagnvart skuldheimtumönnum hans, sbr. meginregluna í 29. gr. 1. málsgr. frv.

3. Réttindi, sem fengin eru fyrir hefð. Eins og kunnugt er, kveður allmikið að því hér á landi, að réttindi yfir fasteignum stofnist fyrir hefð. Örðugt er fyrir þá, er semja við eiganda fasteignar, að sjá við því, að tilteknir menn hafi öðlast réttindi yfir eign fyrir hefð. Lánastofnanir láta t. d. eiganda í té fé gegn tryggingu í fasteign, en síðan kemur það upp, að aðrir menn hafa öðlast veigamikil réttindi yfir hluta af eign fyrir hefð, en þessa er þó að engu getið í þinglýsingabók. Hér mundi það bæta að nokkru úr skák, ef áskilin væri þinglýsing hefðaðra réttinda.

Grundvöllur undir þinglýsingu á hefðuðum réttindum getur annað hvort verið yfirlýsing frá eiganda þeirrar fasteignar, sem hefðin lýtur að, eða dómur, þar sem viðurkennt er, að réttindi hafi stofnast yfir tiltekinni eign með hefð. Ef til dómsmáls er stofnað, þar sem krafist er viðurkenningar á því, að réttindi hafi stofnast yfir tiltekinni eign fyrir hefð, er unnt að þinglýsa til bráðabirgða stefnu í því máli, ef ákvæðum 1. málsgr. 28. gr. frv. er fullnægt.

Um 33. gr.

Áreiðanleiki þinglýsingabóka veltur ekki síst á því, að þeim, sem semja við eigendur fasteigna, sé óhætt að treysta því, að þau réttindi, sem skráð eru í þinglýsingabækur, séu gild. Afsal er t. d. fært í þinglýsingabók, og skapar það afsalshafa, A, eignarheimild. Afsalandi B telur, að t. d. svik eða brostnar forsendur séu fyrir hendi, og leiði til þess, að afsalið sé ógilt og óskuldbindandi fyrir sig. Nú hefur C samið við A sem eiganda eignarinnar samkv. þinglýsingabók. Ef C, sem hvorki veit né má vita um framangreindan agnúa á afsali B til A, ætti að láta af rétti sínum þess vegna, myndi það leiða til mikils öryggisleysis í öllum viðskiptum. Grundvöllur myndi þá hrynja undan mörgum réttindum, og gæti slíkt haft víðtækar afleiðingar aftur í tímann. Í 33. gr., er því lagt til, að grandleysi þess, er semur við þinglýstan eiganda fasteignar, um annmarka á eignarheimild hans, valdi því, að hann þurfi ekki að sæta þeirri viðbáru, að afsal sé ógilt. Þinglýsingin hefur ekki í sjálfu sér þau réttaráhrif, að ógilt heimildarskjal verði gilt. Ef svikum hefur t. d. verið beitt til þess að fá eiganda til að gefa út afsal fyrir eign sinni, þá er afsalanda allt að einu unnt að höfða mál gegn kaupanda (afsalshafa) til ógildingar kaupunum. Í 33. gr. frv. felst það hins vegar, að maður, sem er grandlaus og hefur lánað hinum þinglýsta afsalshafa (A) fé og tekið veð í eigninni, þarf ekki að þoka, þótt seljandi (B) fái dóm fyrir því, að afsalið til A sé ógilt. Ákvæði þessarar greinar rétta hér hlut grandlausra viðsemjanda, en þær koma á hinn bóginn ekki skuldheimtumönnum afsalshafa að haldi almennt, þótt þeir hafi t. d. gert fjárnám í eign, áður en dómur sá gekk, er kvað á um ógildi afsalsins, og er það í samræmi við traustfangsreglur yfirleitt.

Reglan um að grandlausum viðsemjendum sé rétt að treysta gildi þinglýstra heimildarskjala, er ekki algild. Samkvæmt 2. málsgr. glatar afsalandi ekki mótbárum, er lúta að því, að afsalsskjal sé falsað, fengið með beitingu nauðungar, er rúmast innan 28. gr. samningalaga nr. 7/1936, eða loks að útgefandi sé ólögráða sakir æsku. Það er sameiginlegt þessum undantekningartilvikum, að grandleysi viðsemjanda eyðir ekki annmörkum samkv. almennum reglum um fjármálasamninga. Rétt er að benda á það, að ákvæðið á aðeins við þann lögræðisskort, sem stafar af æsku útgefanda skjals, en hins vegar ekki við ef útgefandi er sviptur lögræði. Stendur þetta í sambandi við þá reglu lögræðislaga, að réttaráhrif lögræðissviptingar eru yfirleitt háð skráningu, birtingu og stundum þinglýsingu, og þykir rétt að láta ákvæði lögræðislaganna gilda óbreytt áfram um þetta efni.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, stefna ýmis ákvæði frv. að því að draga úr hættu á því, að skjöl, sem haldin eru þeim annmörkum, sem greinir í 2.

málsgr. 33. gr. frv., nái þinglýsingu, sbr. einkum ákvæði 22. gr. frv., svo og ákvæðin um rannsóknarskyldu dómara almennt og um birtingu skrár um þinglýst skjöl.

Ljóst er, að þeim, er treyst hefur gildi slíkra gerninga, sem falla undir ákvæði 33. gr. 2. málsgr., tjóar ekki að bera fyrir sig áreiðanleik þinglýsingabóka, heldur hljóta þeir að víkja fyrir rétti þess, er sætt hefur misferlinu (þ. e. fyrri eiganda). En þessir aðiljar, sem verða af rétti sínum að öllu eða nokkru, eiga hins vegar bótarétt eftir 49. gr. frv., að fullnægðum þeim skilyrðum, er þar getur.

33. gr. frv. 1. og 2. málsgr. taka aðeins til heimildarskilríkja. Eigandi fasteignar þarf að sjálfsögðu ekki að sæta fölsuðu veðbréfi, sem þinglýst er á eign hans. Þótt veðhafinn sé grandlaus um fölsunina, þá á hann ekki bótarétt á hendur ríkissjóði, frekar en t. d. maður, sem veitir viðtöku fölsuðum víxli, grunlaus um fölsunina. Aðstaðan er hér öll önnur, ef heimildarskjalið sjálft er gallað, og sá, sem nýtur heimildar samkv. hinu falsaða eignarskilríki, gefur út veðskuldabréfið. Grandleysi veðhafans eða handhafa veðbréfs má þá að nokkru rekja til þess, er greinir í þinglýsingabók um réttindi yfir eigninni.

Í 1. málsgr. 33. gr. er talað um, að samningur sá, er þar er fjallað um, stafi frá þinglýstum eiganda. Þetta ákvæði á einnig við um skjal, er stafar frá þinglýstum erfðafestuhafa eða rétthafa samkvæmt lóðarleigusamningi, og er þá hið sama um ákvæði 2. málsgr. að segja.

Ákvæði 3. málsgr. greiðir úr því, hversu fari, ef þinglýst skjal er haldið annmarka, er varðað getur ógildi, en svo fer, að annmarkinn eyðist síðar. Er þá reglan sú samkv. þessari málsgrein, að ekki er þörf á nýrri þinglýsingu. Við þessa aðstöðu hefur þinglýsingin þó ekki afturvirk áhrif, þar sem áhrif þinglýsingar koma ekki til greina, fyrr en annmarkanum léttir, en það getur einkum orðið fyrir það, að útgefandi skjals viðurkennir gildi skjalsins fyrir sig. Þegar svo hagar til, er það í raun réttri staðfesting útgefanda á gildi skjals, en ekki þinglýsingin, sem stofnar til réttarins. Hér yrði það hins vegar brotamikið úr hófi að áskilja nýja þinglýsingu að stofni til, en við ósanngjarnri niðurstöðu má hér sjá með því fyrirmæli, að réttaráhrif þinglýsingar — og þá einkum forgangsáhrif þinglýsingar — verði ekki virk, fyrr en ógildisannmarkinn eyðist. Rétthafi á að sjálfsögðu sönnunarbyrði um, að annmarki sé ekki lengur fyrir hendi. Því verður að vísu ekki neitað, að hér kann að vera nokkur hætta á sýndar-staðfestingu samnings af hendi fasteignareiganda, en þar á móti kemur það, að tilvik þessi eru mjög fátíð, svo að ástæða er til að velja þá tilhögun, sem brotaminnst er.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um heimildaráhrif þinglýsingar, þ. e. ákvæði um það, að þriðja manni sé yfirleitt rétt að skipta við þinglýstan eiganda, sem raunverulegan eiganda eignar. Ákvæði um eignarheimildir eru í 24.—26. gr. frv., en þau horfa fyrst og fremst að þinglýsingardómara og aðstöðu hans, er honum berst skjal til þinglýsingar. 34. gr. veit hins vegar að þriðja manni og aðstöðu hans, er hann þarf að kanna, hver sé bær um að veita viðtöku ýmsum greiðslum, er varða fasteign o. fl.

Í athugasemdum við 33. gr. frv. var því lýst, að gildisáhrif þinglýstra skjala eru ekki fullkomnlega bundin við þinglýsingabækurnar, því að þess eru dæmi að þriðja manni sé ekki rétt að líta svo á, að þinglýst skjal sé gilt. Heimildaráhrifin horfa öðruvísi við. Í öllum viðskiptum er hin mesta þörf á því, að menn geti staðreynt, við hvaða aðilja sé öruggt að semja um tiltekna fasteign. Þau atvik, sem ráða eiga í því efni, þurfa að vera þessleg, að þau verði skjótkönnuð og því bundin við ytri, formleg auðkenni. Á þetta ekki síst við, þegar nauðsyn ber til skjótra aðgerða, svo sem um viðskiptatilkynningar, uppsagnir og efndir á ýmsum samningsbundnum greiðslum. Færsla skjals í þinglýsingabók sýnist vera heppilegasti grundvöllurinn undir þessum áhrifum þinglýsingarinnar, þannig að rannsókn á þinglýsingabók ein sér sýni þá, hverjum sé rétt að inna greiðslur eða beina til yfirlýsingum, er eignina varða.

34. gr. fjallar fyrst og fremst um greiðslur til eiganda fasteignar. Leiga verður t. d. greidd til hans, afgjöld og aðrar slíkar greiðslur, svo sem vextir af skuld. Jafnframt er það fólgið í greininni, að t. d. eiganda fasteignar sé rétt að inna af hendi greiðslu, er honum ber að standa skil á, til þess aðilja, sem greindur er rétthafi í þinglýstu skjali. Heimildarákvæði þetta hefur einnig mikið gildi í sambandi við uppsagnir og svipaðar aðgerðir. Í 1. málsgr. 34. gr. er það sérstaklega áréttað, að almenna reglan á því aðeins við, að greiðandi viti hvorki né megi vita, að viðtökuheimild hafi horfið á hönd öðrum manni.

Um afborgun af veðskuldabréfi og t. d. uppsögn á slíkri skuld fer eftir sérreglunum um viðskiptabréf, sbr. 2. málsgr.

Á heimildaráhrif 34. gr. reynir ekki, fyrr en skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, og er það ekki nægilegt í þessu efni, að skjal hafi borist dómara til þinglýsingar.

Greiðslur þær, er 34. gr. tekur til, eða aðgerðir, sem þar er rætt um, þurfa ekki að eiga stoð í þinglýstum samningi, svo að ákvæðið eigi við.

Um 35.—39. gr.

Þinglýstum réttindum er misjafnlega farið, að því er tekur til gildistíma réttindanna. Sumum réttindum er markaður aldur þegar frá upphafi samkv. efni skjals, t. d. þegar þinglýst er afnotasamningi, sem ætlað er að standa 5 ár, eða veðskjali er þinglýst, og þess er getið, að veðskuld skuli borga að fullu innan t. d. 10 ára. Öðrum réttindum er ætlað að standa langan aldur, og eru þau algerlega ótímabundin, svo sem ýmis ítök, afnotaréttindi og jafnvel veðréttindi.

Það er höfuðatriði í þinglýsingalöggjöf allra landa að búa svo um að þinglýsingabækur veiti glöggt yfirlit yfir réttindi yfir eignum, þau sem gild eru, en skjölum, sem mæla um brottfallinn réttindi, sé byggt út. Þessu markmiði er að sjálfsögðu unnt að ná, ef aðiljar þeir, sem hér eiga hlut að máli, aflýsa skjölum jafn harðan, eftir því sem þau falla úr gildi. Eru þess dæmi, að aðiljum sé skapað aðhald í þessu efni í þinglýsingalöggjöf með því að bjóða mönnum að viðlagðri refsingu að aflýsa skjölum sínum, sem ekki eru framar í gildi. Reynslan hefur sýnt, að menn hafa hér á landi ekki næga hirðu á að aflýsa skjölum um gerninga, sem gengnir eru úr gildi. Hefur því verið gripið til þess ráðs hérlendis að setja sérstök lög um afmáningu veðskuldabréfa úr veðmálabókum, þ. e. að fyrirskipa eins konar allsherjarhreinsun á þeim bókum.

Lög þau, sem sett hafa verið hérlendis um afmáningu skjala, eru einskorðuð við veðskjöl. Víst er þó, að ýmis önnur skjöl eru seld undir sömu sök að þessu leyti sem veðskjöl. Er illt að þurfa að burðast með slík skjöl í þinglýsingaskrifstofum von úr viti, og geta ekki losnað við þau úr hinni lírænu þinglýsingastarfsemi.

Setning sérlaga um afmáningu þinglýstra skjala með nokkurra áratuga bili er ekki heppileg. Réttarhafar vita þá ekki fyrirfram, hve langvinn réttaráhrif þinglýsingar séu, og birting á dómstefnum í Lögbirtingablaði getur auðveldlega farið fram hjá mönnum. Lögin bæta og einvörðungu úr gömlum syndum, en girða ekki fyrir nýjar. Hér mun heppilegast að stemma á að ósi, með því að kveða skýrt á í þinglýsingalögum um tímabundið gildi þinglýsingar. Fellur þá réttarvernd þinglýsingar úr gildi án frekari aðgerða, þegar tími sá er liðinn, sem lögin taka til, nema rétti sé þinglýst að nýju, áður en tímabil þetta er úti. Rétthafar vita þá skil á réttarstöðu sinni frá öndverðu og hafa vitneskju um það, hvenær þeim sé þörf á að efna til endurlýsingar á réttindum sínum, ef því er að skipta. Slík regla er og til mikils hagræðis fyrir þinglýsingardómara. Þegar gildistími þinglýsingar er liðinn, án þess að til endurlýsingar hafi komið, getur dómari umsvifalaust dregið strik yfir bókfærslu skjals í þinglýsingabók og farið með eintak skjalsins svo sem því hefði verið aflýst. Dómari ætti þá árlega, t. d. í lok árs, eða á öðrum tímum, þegar vel hentar, að kanna, hver þinglýst réttindi hefðu glatað gildi tímans vegna.

Í 35. gr. frv. er höfuðákvæðið um tímabundið gildi þinglýsingar. Samkv. upphafi greinarinnar hefur þinglýsing tímabundið gildi, nema hafti eða kvöð sé ætlað að vera ævarandi, en auk þess lúta skjöl, sem marka gildi hafts eða kvaðar ákveðinn aldur, ekki ákvæði 35. gr., sbr. upphafsákvæði 36. gr. frv. Samkv. almenna ákvæðinu í 35. gr. frv. eyðast áhrif þinglýsingar, þegar 30 ár eru liðin frá því að haftinu var þinglýst, nema því sé endurlýst innan þess tímabils. Í 2. málsgr. 36. gr. eru sérreglur um þau skjöl, sem tiltaka lágmarkstíma um gildi skjals, og auk þess eru sérákvæði í 37. gr. um gildi þinglýsingar í sambandi við veðrétt, sem stofnast við réttargerðir. Í 2. málsgr. 35. gr. er sett skýringarregla um það, er þinglýst er áritun á áður þinglýst skjöl. Segir í ákvæðinu, að slík þinglýsing framlengi ekki réttaráhrif þinglýsingar, nema áritun þessi feli í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins.

Samkvæmt framangreindum greinum frv. eru það eignarhöft ein, sem verða máð úr þinglýsingabók. Heimildarbréf geta ekki sætt afmáningu samkvæmt þeim, sbr. hins vegar ákvæði 50. gr. frv. og 220. gr. l. 85/1936. Í afsalsskjali eru stundum ákvæði, er fella höft á eign, t. d. stofna ítaksrétt, veðrétt eða áskilja forkaupsrétt. Ákvæði skjalsins um yfirfærslu eignarréttar lýtur ekki reglu 35. gr., en á hinn bóginn á ákvæði þetta við um óbein eignarréttindi, sem getur í afsalsskjali, þótt þau séu greind í því skjali, en ekki sérstöku skuldbindingarskjali öðru. Svipað sjónarmið kemur raunar til greina við aflýsingar. Ef kaupandi og seljandi verða sammála um að rifta kaup og láta kaup ganga til baka, þá tjóar ekki að seljandi kvitti afsalið og fái því aflýst. Seljandi fær ekki þinglýsta eignarheimild með þeim hætti, heldur verður kaupandi að gefa seljanda afsal og fá því þinglýst.

Eins og fyrr greinir, er rétthafa kostur að lýsa haftinu að nýju. Sé það gert áður en frestur sá, sem gildi þinglýsingar er settur, er á enda runninn, hefst nýr frestur, jafn langur hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja, sbr. 37. gr. 2. málsgr., 35. gr. 2. málsgr., sbr. 38. gr. 1. málsgr. Til afmáningar á hafti getur einnig komið með stoð á ákvæðum XIX. kafla l. 85/1936, 20. gr. l. 14/1905 og samkv. 4. málsgr. 39. gr. frv. og 37. gr. l. 57/1949.

Í 35. gr. 1. málsgr. frv. er svo til orða tekið, að réttaráhrif þinglýsingar, þau er greinir í 15. gr. frv., falli brott, þegar liðinn sé tími sá, sem greinir í ákvæðinu. Í þessu orðalagi felst það, að réttarvernd sú ein, er samfara er þinglýsingu, fellur niður, en hins vegar haggar þetta ákvæði ekki við gildi kröfunnar sem slíkrar. Ákvæðið raskar t. d. í engu hinum almennu reglum fyrningarlaganna, enda eru ekki rökbundin tengsl með fyrningarfrestum og frestum til endurnýjunar á þinglýsingu. Persónuleg krafa eftir veðskuldabréfi getur t. d. verið fyrnd, þótt áhrif þinglýsingar standi, og hins vegar geta réttaráhrif þinglýsingar hafa eyðst, þótt persónulega krafan sé enn í fullu gildi.

Samkv. ákvæðum frv. falla réttaráhrif þinglýsingar brott, þegar tímaskeið það er á enda, er frv. tekur til um hina einstöku flokka krafna, án þess að réttindum sé endurlýst eða annað það gert, sem rofið getur fresti þessa. Þetta gildir jafnt, þótt dómari hafi ekki enn hafist handa um að má haftið úr þinglýsingabók. Verður að sjálfsögðu að skilja ákvæði 38. gr. 1. málsgr. með þetta í huga. Þegar skjali er þinglýst eftir að réttaráhrif þinglýsingar eru brott fallin, verður að sjálfsögðu að meta það sem nýja þinglýsingu að stofni til. Ef sami aðili er þinglýstur heimildarhafi að eign, þegar skjali er þinglýst að nýju, þarf ekki að leita samþykkis hans til þinglýsingar, en þessa er á hinn bóginn þörf, ef nýr aðili hefur þinglýsta heimild að eign, andstætt því sem vera myndi, ef um endurlýsingu væri að tefla innan réttra fresta samkv. t. d. 35. gr. Forgangsáhrif nýrrar þinglýsingar teljast að sjálfsögðu frá frá afhendingu skjals til þinglýsingar o. s. frv.

Um mistök, sem verða við afmáningu skjals, gilda sömu reglur sem um yfirumsjón þinglýsingardómara endranær. Þinglýsingargildi skjals, sem ranglega er máð, helst að höfuðstefnu. Ef lýst er nýju hafti eftir afmáningu skjals, hlýtur það að þoka fyrir rétti þeim, er ranglega var máður, en tjónþoli á þá bótarétt eftir atvikum

samkv. 49. gr. frv. Samkv. 18. gr. frv. getur þó svo farið, að réttur sá, sem máður var, þoki, en rétthafi að þeim rétti hljóti hins vegar bætur.

Í sambandi við ákvæði 35.—38. gr. verður að taka sérstaklega afstöðu til þess, hvernig fara eigi um gildistöku þessara ákvæða. Þar vegast á tvö sjónarmið. Annars vegar er það óneitanlega hagsmunamál almennt, að ákvæði þessi taki sem fyrst gildi. Á hinn bóginn verður hér að hafa í huga hagsmuni eldri rétthafa, er fengið hafa rétti sínum þinglýst.

Í 52. gr. frv. er sérstaklega kveðið á um gildistöku ákvæðanna í 35. og 37. gr. frv. Er þar gert ráð fyrir því, að ákvæði þessi komi ekki þegar í stað til framkvæmda og ekki fyrr en fimm eða eftir atvikum sjö árum eftir gildistöku laganna að öðru leyti. Regla sú, sem hér er lagt til, að lögfest verði, er svipuð reglunni í norska þinglýsingafrumvarpinu frá 1935.

Í 52. gr. 3. málsgr. er þinglýsingardómurum lögð sú skylda á herðar að kanna grandgæfilega á næstu fimm árum eftir gildistöku laganna þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Þarf ekki að bíða þess, að fimm eða sjö ár (sbr. 1. og 2. málsgr. 52. gr.) líði frá gildistöku laganna til þess að hefjast handa um þessa endurskoðun, enda er augljóst, að ýmissa skjala er nú getið í þinglýsingabókum, sem með öllu hafa glatað gildi sínu. Þarf hér að gæta ákvæðanna í 1. og 2. málsgr. 38. gr., þegar til afmáningar kemur. Er höfuðþörf á því, að slík allsherjarhreinsun fari fram, og nauðsynlegt að fylgst verði betur með því en áður, að dómendur framkvæmi þessa rannsókn til hlítar.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um brottfall þeirra réttaráhrifa, sem þinglýsing veitir, þegar um þinglýst höft eða kvaðir er að ræða, sem ekki er ætlað að vera ævarandi, svo sem fyrr greinir. Í þessari grein koma fram meginreglurnar um þetta efni, og ber að skýra greinarnar hér á eftir með hliðsjón af meginreglum hennar.

Höft þau, sem hlíta ákvæðum greinarinnar, eru fyrst og fremst veðréttindi, enda sjaldgæft, að þeim sé ætlað að vera ævarandi. Leigusamningar verða og máðir, ef þeir eru háðir uppsögn af hendi annars hvors aðiljans. Kaupsamningur, sem háður er öðrum skilyrðum en uppgjöri og greiðslu kaupverðs, ber að færa í haftadálk, og geta þeir út af fyrir sig verið háðir afmáningu, þótt að líkindum komi sjaldan til þess að þeir verði máðir samkv. ákvæðum þessa frv. Forkaupsréttur innlausnarréttur) myndi hins vegar tæpast vera háður afmáningu eftir greininni. Þegar forkaupsréttarins hefur verið neytt, myndi skjal um forkaupsrétt að jafnaði hafa lokið ætlunarverki sínu, og væri þá unnt að má það samkv. ákvæðum 38. gr. 1. málsgr. Hliðstæðu gegnir, ef skjal tilgreinir forkaupsréttarhafa og einskorðar forkaupsréttinn við hann persónulega. Þegar hann hefur látist, er yfirleitt heimilt að má þetta skjal samkv. ákvæðum 38. gr. 1. málsgr. Ítök myndu stundum vera ævarandi og sama er um sum afnotaréttindi.

35. gr. varðar ekki einungis höft á sjálfum eignarréttinum að eign, heldur og höft á afnotarétti og öðrum óbeinum eignarréttindum yfir eigninni.

Eins og fyrr greinir, er unnt að slíta 30 ára fresti þeim, sem mælt er um í greininni, með því að þinglýsa réttindum að nýju innan þess frests. Hefst þá nýr frestur jafn langur hinum fyrri, að því er tekur til réttaráhrifa þinglýsingar.

Samkv. 2. málsgr. slítur áritun á þinglýst skjal ekki fresti eftir 35. gr. 1. málsgr., nema áritun feli í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Sú skýringarregla er látin uppi, að í hækkun á fjárhæð veðskuldabréfs felist slík viðurkenning. Áritanir á bréf um annars konar breytingar á efni bréfs myndu yfirleitt ekki fela í sér viðurkenningu á hafti, svo sem áritun um fjárhæð vaxta, nýir skilmálar um afborganir, ákvæði um nýja gjalddaga o. s. frv.

Áritun á skjal um, að verðbréf taki til annarra eigna til viðbótar við þær, sem bréfið tók til í öndverðu, felur í sér nýja veðsetningu að stofni til á eignum þeim, er síðar voru veðsettar. Er því fullljóst, að 30 ára fresturinn um þá veðsetningu

telst frá hinni síðargreindu þinglýsingu, en jafnframt sýnist vera eðlilegast að líta svo á, að í þessu felist einnig viðurkenning á gildi fyrri veðsetningarinnar, svo að hún sé endurnýjuð með þessum aðgerðum, og gildir því einnig í 30 ár frá síðari þinglýsingunni.

Um upphaf fresta samkv. 35. gr. er sett það skýringarákvæði í 38. gr. 4. málsgr., að frestur miðist við það, er skjal er fært í þinglýsingabók, þ. e. ekki við afhendingu skjals til dómara. Skjal,, sem á að endurlýsa, verður að afhenda dómara svo, að það skuli færa til þinglýsingabókar í síðasta lagi samtímis því, að fresti lauk.

Um endurlýsingu skjals eftir að frest þraut samkv. 35. gr. er rætt hér að framan.

Um 36. gr.

Í 1. málsgr. er greind undantekning frá þeirri meginreglu 35. gr., að skjal skuli afmá, þegar 30 ár eru liðin frá þinglýsingu þess, og lýtur undantekningin að því tvennu, er skjal tilgreinir gildistíma sinn eða skjal er bundið við lífstíð rétthafa.

Ef skjal afmarkar ótvírætt það tímaskeið, sem því er ætlað að gilda um, er höfuðreglan sú, að skjal verður afmáð, þegar það tímaskeið er á enda runnið, sbr. 38. gr. 1. málsgr., án tillits til reglu 35. gr. 1. málsgr. Þegar skjal er bundið við lífstíð rétthafans, er rétt að má það, þegar sönnur eru færðar á andlát rétthafans.

Í 2. málsgr. er fjallað um réttindi, sem ekki er ætlað að vera ævarandi, þegar svo er, að lágmarkstími um gildi skjals er tilgreindur. Rétti verður t. d. sagt upp eftir andlát manns eða tilteknu árabili eftir stofnun réttindanna. Við þessa aðstöðu verður reglan sú, að unnt er að má haft eftir 30 ár samkv. ákvæði 1. málsgr. 35. gr., en þó með þeim fyrirvara, að 3 ár hljóta ávallt að líða frá lokum lágmarkstímans, sem skjali var ætlað að gilda um. Afnotarétti er t. d. þinglýst, og verður réttinum sagt upp eftir 20 ár. Er þá örugglega hægt að má skjal þetta, þegar 30 ár eru liðin frá þinglýsingu þess samkv. ákvæði 35. gr. 1. málsgr., en yfirleitt ekki fyrr, sbr. þó e. t. v. ákvæði 38. gr. 1. málsgr., ef þannig stæði á, að uppsagnar hefði sannanlega verið neytt og samningur væri því fallinn niður. Orðinu „aldrei“ í 2. málsgr. 36. gr. er ætlað að gefa til kynna, að hér verði að gæta 35. gr. 1. málsgr. Ef samningnum yrði ekki sagt upp, fyrr en 30 árum eftir þinglýsingu hans, er ekki unnt að má skjalið, fyrr en 33 ár hafa liðið frá þinglýsingu hans. Til er, að afnotaréttur sé uppsegjanlegur í lífstíð tiltekins manns, en sé háður uppsögn eftir andlát hans. Er þá heimilt að má réttindi 3 árum eftir andlát viðkomandi manns, þó þannig að hann verður yfirleitt ekki máður, fyrr en 30 ár eru liðin frá þinglýsingu hans.

Í 3. málsgrein er sérákvæði um veðskuldabréf. Í slíkum bréfum eru oft ákvæði um, að lánið sé gjaldkræft eftir tiltekinn tíma. En veðrétturinn sjálfur er ekki tímabundinn fyrir þá sök. Samkv. ákvæðinu er unnt að má slík skjöl, þegar 5 ár eru liðin frá þinglýstum gjalddaga, en þó aldrei fyrr en 30 ár eru liðin frá gjalddaga samkv. 35. gr. 1. málsgr., sbr. þó 38. gr. 1. málsgr. Ef þinglýst er áritun á skjalið um nýjan gjalddaga, verður haftið ekki máð, fyrr en 5 ár eru liðin frá þinglýsingu þeirrar áritunar. Þess er getið í athugasemdum við 35. gr., að slík áritun felur ekki í sér viðurkenningu á tilvist haftsins í merkingu 2. málsgr. þeirrar greinar.

Oft er veðlánum svo fyrir komið, að inna skal af höndum föst árgjöld afborgana og vaxta af bréfi. Slík bréf verða ekki máð, fyrr en 5 árum eftir að síðusta afborgun skyldi greidd, en þó ekki fyrr en 30 árum eftir þinglýsingu bréfsins.

Um 37. gr.

Í þessari grein eru sérákvæði um brottfall á réttaráhrifum þinglýsingar við veðréttindi, sem stafa af aðför skuldheimtumanna. Er þar greint á milli fjárnámsgerða og lögtaks og svipaðra réttargerða, svo sem löggeymslu, annars vegar og kyrrsetningargerðar og lögbanns hins vegar. Í fyrra tilvikinu eyðast réttaráhrifin eftir 5 ár frá þinglýsingu, en í síðara tilvikinu, er 2 ár eru liðin frá þinglýsingu.

Samkv. 2. málsgr. er unnt að rjúfa þessa fresti með tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti, um, að haftið sé eigi niður fallið. Nægir þá að þinglýsa þessari

tilkynningu, en ekki þarf endurlýsingar á skjali. Hefst síðan nýr frestur frá þessari þinglýsingu, og er hann jafn langur frumfresti. Á það ber að benda hér, að samkv. 2. málsgr. 52. gr. frv. er lagt til, að lögfest verði sérákvæði um máningu þeirra skjala, sem ræðir um í 3. málsgrein 36. gr. og þinglýst hefur verið fyrir gildistöku þessa frv., ef það nær fram að ganga.

Um þinglýsta kyrrsetningargerð er þess að geta, að samkv. 20. gr. 1. málsgr. l. 18/1949 ber að halda kyrrsetningu til laga innan viku frá lokum gerðarinnar, sbr. þó 22. gr., að því viðlögðu samkv. 1. málsgr. 23. gr., að kyrrsetning sé niður fallin. Sama er, ef kyrrsetning er niður felld í staðfestingarmáli, en þá ber að gæta ákvæða 23. gr. 2. málsgr. um það, að kyrrsetning standi a. m. k. í 3 vikur frá uppsögu eða birtingu héraðsdóms, er fellir hana úr gildi. Að því er efnisreglur varðar, verður að hafa í huga ákvæði í 19. gr. sömu laga um, að kyrrsetning víki fyrir fjárnámi og fleiri réttargerðum. Að sjálfsögðu hefur kyrrsetning heldur ekki efnislegu hlutverki að gegna, þegar gerðarþoli hefur gert lögskil. Þegar svo fer, að kyrrsetning hefur glatað gildi sínu efnislega, svo sem hér hefur verið rakið, þá er unnt að má hana annaðhvort eftir ákvæði 38. gr. 1. málsgr. eða 39. gr. Gæta ber þó í sambandi við aflýsingu ákvæða 3. málsgr. 23. gr. laga nr. 18/1949, þar sem óheimilað er að aflýsa þinglýstri kyrrsetningu án samþykkis gerðarhafa, nema vottorð fógeta komi til um það, að máli hafi eigi verið áfrýjað. Um lögbann gilda hliðstæðar reglur þeim, sem hér hafa verið reifaðar um kyrrsetningu, sbr. 27. gr. l. 18/1949.

Auk reglna þeirra, sem vikið hefur verið að hér að framan og leitt geta til máningar þinglýsingar um kyrrsetningu, eyðast réttaráhrif kyrrsetningar- og lögbannsgerða tveimur árum eftir að réttargerðin eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst samkv. almenna ákvæðinu í 1. málsgr. 37. gr. frv., nema þinglýst sé tilkynningu um, að haftið sé eigi fallið niður, sbr. 2. málsgr. sömu greinar.

Þótt beiðst sé nauðungaruppboðs á eign fyrir lok 5 ára frestsins samkv. 1. málsgr. 37. gr., er nauðsyn á nýrri þinglýsingu fjárnámsgerðar, til þess að forgangsáhrif þinglýsingar riftist ekki, ef uppboðsgerð er ekki lokið fyrir endi 5 ára tímans.

Um 2. málsgr. svo og þinglýsingu, sem hafist er handa um að nýju innan loka fresta samkv. 1. málsgr. 37. gr., er áður getið.

Um 38. gr.

Greinin leggur dómara þá skyldu á herðar að má haft úr fasteignabók að eigin frumkvæði. Þess er fyrr getið, að réttaráhrif þinglýsingar samkv. 15. gr. frv. falla niður, þegar liðnir eru þeir frestir, sem greindir eru í 35.—37. gr. frv. Eru þau fallin brott jafnt fyrir því, þótt dómari hafi ekki í raun og veru máð haftið.

Dómari skal einnig má færslur ex officio, ef rétti er bersýnilega lokið. Á það getur reynt fyrst og fremst, eins og áður getur, þegar réttur er bundinn við lífstíð manns og ljóst er, að aðili er látinn. Þinglýsingardómara mundi oft vera kunnugt um andlátið sakir þess, að hann gegnir að jafnaði einnig störfum skiptaráðanda. En hér gæti einnig komið til hluttaka einstakra manna, sem óskuðu eftir því, að afmáning færi fram, og færðu sönnur á, að efnisskilyrði þess væru fyrir hendi. Oft væri og unnt að má tímabundin réttindi samkv. þessari heimild, þegar samningstími er úti án þess að samningur hafi verið framlengdur. Það er áskilið í greininni að rétti sé „bersýnilega lokið", og hvetur það orðalag til varfærni í þessum sökum. Að sjálfsögðu er þessu fullnægt, ef lög kveða beinlínis á um hámarkstíma samnings, sbr. að nokkru 4. tölulið 2. gr. l. 53/1957.

Kaupsamningar verða oftast bókfærðir sem höft á eignum, sbr. 21. gr. frv. Oft mundi rétt að skýra slíkan samning svo, að hann væri ævarandi í merkingu 35. gr. 1. málsgr. frv. og því ekki háður afmáningu samkv. þeirri grein. Þegar afsali er þinglýst, ber hins vegar að má þau ákvæði kaupsamnings, er fjalla um skilmála við yfirfærslu eignarréttar. Ef samningur geymir ákvæði um ítök eða önnur réttindi yfir eign, ber ekki að má þau réttindi fyrir það eitt, að afsal leysir kaupsamning af hólmi.

Forkaupsréttur eða innlausnarréttur verður máður, þegar rétthafi hefur neytt réttar síns og fengið honum þinglýst. Þó er þess að gæta, að t. d. forkaupsréttur getur verið áskilinn mörgum aðilum, og þarf hann ekki að falla brott, þótt einn aðili hafi neytt réttarins. Þegar svo er, skal ekki má færslu um réttinn.

Við getur borið, að rétthafi að óbeinum eignarréttindum yfir eign verði eigandi þeirrar eignar. Óbeinu eignarréttindin geta staðið allt í einu. Samruni aðilda leiðir því ekki alltaf til þes, að má skuli réttindi.

Svo sem hér hefur verið reifað, ber að beita úrræðum 1. málsgr. 38. gr. með nokkurri varfærni. Til frekara öryggis er áskilið í lok 1. málsgr. að dómari skuli senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

Í 2. málsgr. er fjallað sérstaklega um eignarhöft, sem þinglýst eru fyrir 20 árum hið skemmsta og horfur eru á, að lokið sé. Er dómara þá heimilt samkvæmt tilmælum eiganda að gefa út áskorun, sem birta skal þrívegis í Lögbirtingablaði til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan tiltekins frests. Auk þess skal senda sérstaka tilkynningu í ábyrgðarbréfi þeim aðila, sem er rétthafi samkv. þinglýsingabók. Ef enginn gefur sig fram, skal afmá eignarhaftið. Þessar reglur stefna að sama marki sem sérlög þau, sem greind voru hér að framan, um heimild til að má veðskuldbindingar úr þinglýsingabókum, en að efni til eru ákvæði 2. málsgr. nokkru víðtækari en ákvæði sérlaga þessara. Aðferðin við afmáningu hafta er og nokkuð önnur en sú, sem mælt er fyrir um í sérlögum. Á það skal bent, að í 3. málsgr. 52. gr. er sérákvæði um hreinsun þinglýsingabóka, sem framkvæma skal fyrstu 5 árin eftir að frv. þetta verður að lögum, ef því er að skipta.

Skilyrði þess, að eignarhaft verði máð samkv. 2. málsgr., eru tvenns konar. Annað er það, að horfur séu á, að eignarhafti sé lokið, en hitt, að eignarhafti hafi verið þinglýst fyrir 20 árum. Heimild 2. málsgr. er nauðsynleg viðbót við reglu 1. málsgr., sem beita verður jafnan af mikilli varúð.

Þótt færsla um t. d. veðréttindi sé máð samkv. 35.—38. gr., er ljóst, að veðrétturinn fellur ekki brott fyrir þá sök eina saman. Afmáningin varðar aðeins réttaráhrif þinglýsingar, en ekki efnisleg réttindi.

Um þinglýsingu réttinda að nýju eftir lok fresta þeirra, er greinir í 35.—37. gr. frv., er vert að benda á, að síðari þinglýsingin er að höfuðstefnu metin sem frumlýsing réttindanna, t. d. að því er varðar forgangsáhrif þinglýsingar. Eldri réttindin standa því að baki réttindum, sem þinglýst er á tímabilinu milli fyrstu þinglýsingar og endurlýsingar, þó að því athuguðu, að grandleysi þarf að vera til að dreifa hjá viðsemjendum fasteignareiganda.

Í síðustu málsgr. 38. gr. segir, að beita skuli ákvæðum 18. gr., er eignarhaft sé ranglega máð. Í þessu er fólgin sú höfuðregla, að röng afmáning hafi engin áhrif á gildi þinglýsingarinnar — skjalið heldur allt að einu þeirri lögvernd, sem því er búin með þinglýsingunni. Þegar upp kemur, að afmáning fór ranglega fram, ber dómaranum þegar í stað að bæta úr mistökunum, sbr. 27. gr. frv., með því að gera athugasemd um, að afmáning sé röng og haftið haldi þinglýsingargildi sínu til frambúðar. Samkv. þessu verður höfuðreglan sú, að réttindi, sem þinglýst er eftir að haft var máð og áður en úr mistökum var bætt, hljóta að standa að baki hafti, sem máð var ranglega. En rétthafi, sem treyst hefur þinglýsingabók og er grandlaus um atvik þessi, á bótarétt samkv. 49. gr. frv. Hægt er þó að kveða svo á, að rétthafi þessi standi framar rétti þeim, sem afmáður var, sbr. ákvæði 18. gr. frv.

Um 39. gr.

Ákvæði 35.—38. gr. eiga það sammerkt, að réttaráhrif þinglýsingar falla yfirleitt brott án þess að þinglýst sé sönnun fyrir brottfalli þeirra, þar gætir mjög frumkvæðis dómara, og heimild dómara til að hefjast handa hefur stoð í almennum lagaákvæðum. 39. gr. fjallar hins vegar um það, er þinglýst er sönnun fyrir brottfalli hafts. Þar ræður frumkvæði einstaks rétthafa.

Grundvöllur undir aflýsingu, sem svo er nefnd, er yfirlýsing rétthafa um, að rétti sé lokið eða megi aflýsa. Þótt í yfirlýsingu um brottfall réttar, t. d. kvittun á þinglýst bréf, sé ekki ákvæði um, að rétti megi aflýsa, þá myndi hún að jafnaði verða talinn nægur grundvöllur undir aflýsingu.

Yfirlýsing sú, sem getur verið grundvöllur undir aflýsingu, þarf að sumu leyti en ekki öllu, að vera eins úr garði gerð um form og yfirlýsing, sem þinglýsa á í upphafi. Þess er þó ekki krafist, að gætt sé ákvæða 22. gr. um aflýsingarskjal. Kvittun á þinglýst skjal þarf t. d. ekki að vera vottfest með þeim hætti, er greinir í því ákvæði. Ef sjálfstætt skjal er grundvöllur aflýsingar, þá verður sú yfirlýsing að sjálfsögðu að vera rituð á þinglýsingapappír, svo sem er, ef kvittun er ekki rituð á sjálft þinglýsingaskjalið. Um veðskuldabréf og tryggingarbréf er það sérstaklega áskilið í 2. málsgr. 38. gr., að kvittun eða samþykki til aflýsingar sé rituð á þau sjálf og þau afhent þannig farin til aflýsingar. Þessi áskilnaður stendur í tengslum við almennu reglurnar um viðskiptabréf, enda er mjög heppilegt, að dómari riti á bréfið sjálft vottorð um aflýsingu. Sú regla felur ekki í sér neitt verulegt haft á viðskiptum, en er miklu tryggilegra en núgildandi reglur, sem raunar eru nokkuð á reiki. Ef slíkt bréf, sem greint er í 2. málsgr., er ógilt með dómi, er fullnægjandi að leggja fram endurrit dóms, enda er ákvæði 3. málsgr. almennt ákvæði, er tekur til allra skjala, þ. á m. skjala samkv. 2. málsgr. Í 3. málsgr. er krafist skýrlega ógildingardóms, en ekki er nægilegt, að óvéfengjanlegar sönnur komi að öðru leyti fram fyrir því, að skjal sé ekki framar til. Rétt er að benda á, að ákvæði 2. málsgr. á við, þegar má á hluta af veðrétti, er veðskuldabréf tekur til, svo og er veðréttur sá, er skjal fjallar um, á að víkja fyrir öðrum. Veðréttur, sem veittur er í afsali, verður máður samkvæmt lausri kvittun, og sama er um veðrétt eftir fjárnáms-, lögtaks- og skiptagerðum.

Í 4. málsgr. 39. gr. er ákvæði, sem er hliðstætt 14. gr. núgildandi laga um þinglýsingar, en um þetta efni eru einnig fyrirmæli í 36. gr. laga nr. 57/1949 um uppboð, sbr. áður 39. gr. l. nr. 27/1921 og hrd. XVI/168. Ákvæði 4. málsgr. 39. gr. taka bæði til þess, er eign er afsalað á uppboði, svo og til þess, er eign er lögð manni út sem ófullnægðum veðhafa. Þykir rétt að láta ákvæði frv. taka til þessara beggja tilvika andstætt því, sem virðist vera eftir 36. gr. laga nr. 57/1949, enda sýnist vera brýn þörf á ákvæði um afmáningu veðréttinda í báðum þessum tilvikum (sama regla og sú, sem greinir í frv., sýnist gilda í Noregi, sbr. N. Rt. 1936, bls. 617).

Samkvæmt 36. gr. uppboðslaganna nr. 57/1949 dugir eftir orðanna hljóðan „að sýna“ uppboðsafsal, svo að veðbönd og önnur höft verði máð. Í 39. gr. er hins vegar áskilið, að uppboðsafsali eða útlagningu sé beinlínis þinglýst, enda er ákvæði 36. gr. uppboðslaganna í ósamræmi við meginreglur um þinglýsingar.

Ekki skal dómari má úr þinglýsingabók veðskjal það, sem var grundvöllur útlagningar, nema skjalið sé afhent til aflýsingar með árituðu samþykki réttarhafa til aflýsingarinnar.

Skuldurum er stundum rétt að leysa sig undan kröfu með því að koma fé í geymslu í banka með þeim hætti, sem segir nú í l. 10/1961 5. gr. og l. 12/1961 5. gr. Efnisreglur um geymslufé skortir hér á landi. Þar sem skortur er á settum réttarreglum um það, er kröfu lýkur fyrir „depositum“ þykir varhugavert að setja sérstakt ákvæði um aflýsingu skjals á þeim grundvelli, að skuldari hafi komið peningum í banka.

Þá er skjal berst til aflýsingar, koma svipaðar reglur til greina um formlegan gang þinglýsingarmála sem um þinglýsingu frá upphafi. Auk þess er á það að líta, að vísa skal skjali frá, ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, sbr. 5. málsgrein 39. gr. Um framkvæmd aflýsingar segir í 13. gr. frv., og vísast til athugasemda við þá grein frv.

Á aflýsingu reynir, þegar um eignarhöft er að tefla. Heimildarskjölum um eignir verður ekki aflýst. Ef slík skjöl eru ranglega færð til bókar, ber að beita ákvæðum 27. gr., sbr. 18. gr. frv. A hefur t. d. gefið út afsal til B. Þótt aðiljar verði sammála um að láta kaupin ganga til baka, getur A ekki fengið eignarheimild með því, að

afsalinu sé aflýst. Þar verður að koma til ný þinglýsing frá B til A, og er þessa getið fyrr.

Í sambandi við ákvæði 39. gr. er rétt að benda á hrd. IX/735, er fjallar um uppboðsafsal, sem leiddi til afmáningar veðréttinda, en svo fór, að uppboðið var ómerkt í Hæstarétti. Ákvæði þessa frv. hagga ekki við þeirri niðurstöðu, sem fram kemur í þessum dómi, þótt þau næðu lögfestingu.

Við aflýsingu á kyrrsetningar- og lögbannsgerð er að lokum rétt að benda á ákvæði 23. gr. 3. málsgr. l. nr. 18/1949.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þinglýsingu, er varðar skip, sem er 5 rúmlestir eða stærri.

Í 13. gr. siglingalaganna nr. 66/1963 segir, að um stofnun og vernd eignarhafta á skrásettu skipi sem er 5 rúmlestir að stærð eða meira, skuli fara eftir reglum um fasteignir, að svo miklu leyti sem við verður komið. Samkv. 1. gr. laga nr. 53/1970 eru öll skip 6 metrar á lengd eða stærri skráningarskyld, þegar eignarrétti að þeim er svo háttað sem segir í 1.—6. tl. greinarinnar.

Stundum veita lög rétthöfum í fasteign sérstakt hagræði við heimt krafna sinna. Í 2. málsgr. 40. gr. er fólgin sú skýringarregla, að rétthafar í skipum er lúta ákvæðum V. kafla, njóti hliðstæðs hagræðis. Geta má hér til dæmis ákvæða 15. gr. laga nr. 29/1885 og ákvæða 3. gr. veðlaga nr. 18/1887 og 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði.

Um 41. gr.

Í þessari grein er fjallað um það, hvar þinglýsa skuli skjölum, sem varða skip, 5 rúmlestir eða stærri. Ræður skrásetning í þessu efni sbr. lög nr. 53/1970, en þess er jafnframt getið, að ákvæði 5. og 6. gr. siglingalaga gildi áfram.

Um 42. gr.

Í 42. gr. frv. er sú breyting gerð á gildandi lögum, að afnumin er endurþinglýsing, þegar skip er flutt milli umdæma, en hins vegar á skráning í skipabók að fara fram á ný í nýja umdæminu. Er gert ráð fyrir því, að hvert skip fái sitt skjalahylki, þar sem varðveitt séu öll skjöl, sem skipið varða og þinglýst hefur verið. Sé hylkið ásamt skjölum síðan sent milli umdæma, þegar skip flyst á milli. Að öðru leyti er 42. gr. samræmd ákvæðum 8. og 13. gr:. laga nr. 53/1970.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skráð skráningarskyld skip, sem eru minni en 5 rúmlestir. Í sjálfu sér eru góðar og gildar ástæður til að láta þessar reglur einnig ná til bifreiða, eins og ráð var fyrir gert í fyrri frv. Frá því hefur þó verið horfið vegna þess að komið hefur fram frv. um breytingu á skipan bifreiðaskráningar. Er ekki tímabært að ákveða tilhögun á þinglýsingu eignarréttinda yfir bifreiðum, fyrr en séð verður, hvernig tillögum um þessa nýskipan reiðir af. Verði tilhögun á skráningu bifreiða ekki breytt, væri rétt að taka upp ákvæði um bifreiðar í VI. kafla frv. þessa. Verði hins vegar komið á nýrri skipan þeirra mála, verður að haga þinglýsingarreglum í samræmi við hana. Er hugsanlegt að ákvæði um það efni eigi fremur heima í sérstökum lögum um skráningu bifreiða.

Að því er tekur til skipa, þá fer um þinglýsingu á skjölum, er þau varða, sem um fasteignir, sbr. V. kafla frv., ef skip er 5 rúmlestir eða stærra. Smærri skip eru oft og einatt skráningarskyld samkv. ákvæðum laga nr. 53/1970. Skráningarskyldan — og sú skráning, sem fram fer á grundvelli hennar — veldur því, að æskilegt er að ýmsar sérreglur gildi um þau verðmæti framar því, sem almennt er um lausafé.

Við samningu frv. þessa hefur verið leitast við að kanna, að hve miklu leyti

fasteignareglur geti komið til greina um þessar eignir, sem bæði eru oft verðmætar mjög og auk þess skráningarskyldar. Skal nú gerð grein fyrir þessari athugun í stórum dráttum:

1. Að hve miklu leyti eiga réttindi yfir þessum eignum að vera háð þinglýsingu?

Þegar tekið er tillit til verðmætis þessara eigna og skráningar þeirra, þykir rétt að mæla svo fyrir, að réttindi yfir þessum eignum séu almennt háð þinglýsingu með svipuðum hætti og um fasteignir eða skip 5 rúmlestir eða stærri (sbr. 29. gr. 1. málsgr. og 40. gr. 1. málsgr. frv.). Kemur þessi regla fram í 3. málsgr. 43. gr. Er þetta nýmæli.

2. Eignarheimildir. Samkv. 24. gr. frv. er skjal, sem varðar fasteign og hvílir á löggerningi, ekki tækt til þinglýsingar, er útgefanda þess skortir þinglýsta heimild. Um skip þau, sem VI. kafli frv. fjallar um, þykir of brotamikið að ganga eftir sérstakri eignarheimild, og er lagt til í 2. málsgr. 43. gr., að sá sé talinn lögbær um að gefa út skjöl um þessi verðmæti, sem er skráður eigandi í skipaskrá. Ef útgefandi skjals er ekki greindur eigandi í þessum skrám, skal vísa skjali frá, nema dómara sé afhent skriflegt samþykki hins skráða eiganda og sé samþykkið þá svo úr garði gert, sem áskilið er í 22. gr. frv.

3. Veðréttur í skipum.

Í 4. málsgr. 43. gr. er sérstaklega tekið fram, að afhenda skuli veðbréf, sem varða eignir þær, er VI. kafli fjallar um, til þinglýsingar innan þeirra fresta, sem til eru teknir í 48. gr. frv. Að þessu leyti gilda því sömu reglur um þessi verðmæti sem um annað lausafé. Ákvæði 40. gr. 2. málsgr. eiga ekki heldur við um þessar eignir.

Um tímabundin réttaráhrif þinglýsingar er lagt til, að sú sérregla verði sett í 44. gr. frv. um þessar eignir, að veðbréf skuli máð úr þinglýsingabókum, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfs. Brottfalli þinglýsingar verður þó afstýrt með því að afhenda dómara tilkynningu um, að veðrétturinn sé enn í gildi. Ákvæði 36. gr. og 37. gr. frv. gilda að öðru leyti um þessi efni.

4. Flutningur skipa, er lúta VI. kafla, milli umdæma.

Í 45. gr. frv. eru ákvæði um þessi efni, og eru þau að öllu verulegu hin sömu sem um stærri skip, sbr. 42. gr. frv.

5. Almenn ákvæði um þinglýsingu. Samkv. 46. gr. frv. er lagt til, að flest almennu ákvæðin í IV. kafla frv. gildi einnig um þessar eignir (tilvísun til 35. gr. verður vitaskuld að skýra með hliðsjón af 44. gr.). Að sjálfsögðu er hér undanskilin 24. gr. um eignarheimild.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þinglýsingar á skjölum, sem varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld. Ekki er þó girt fyrir, að um skip í smíðum fari eftir V. eða VI. kafla frv.

Reglurnar um það, að hve miklu leyti þinglýsing sé forsenda fyrir lögvernd réttinda yfir lausafé, eru óbreyttar með frv. þessu. Samkv. því verður það meginregla, að lögvernd slíkra réttinda sé ekki háð þinglýsingu, sbr. þó veðréttindi, er veita sjálfsvörsluveð í lausafé, en reglurnar um þau eru tekin í 48. gr. frv. úr 7. gr. veðlaga (reglur um kaupmála falla ekki undir þinglýsingu samkv. frv. þessu). Verður að hafa þetta hugfast, þegar dæma skal það, hvernig fari, er saman lendir réttindum yfir eign, sem háð er þinglýsingu, og réttindum yfir sömu eign, sem ekki er háð þinglýsingu.

Um 47. gr.

Í 1. og 2. málsgr. eru ákvæði um það, hversu þinglýsa skuli skjölum um eignir þær, sem lúta fyrirmælum þessa kafla frv. Eru reglur þessar sama efnis og ákvæði 4. gr. laga nr. 30/1928 svo langt sem þau ákvæði ná.

Samkv. 1. málsgr. ræður heimavarnarþing eiganda því, hvar í umdæmi skuli þinglýsa skjölum þessum. Ef eigandi á ekki heimavarnarþing hér á landi, er heimilt að þinglýsa skjali í Reykjavík. Er þetta ný regla, og svipar henni til reglu í réttarfars-

lögum, sbr. 76. gr. l. 85/1936. Regla þessi mun vera nothæf, þegar ekki tekst að grafa uppi hvert sé varnarþing manns hér á landi.

Í 2. málsgr. eru ákvæði, sem ný eru í þinglýsingalögum, og varða þau þinglýsingu á skjölum um eignir skrásettra firma svo og félaga, sem skrásett eru. Ræður skrásetningin þá, í hvaða umdæmi þinglýsa skuli skjali. Um önnur félög er reglan sú, að þinglýsa skal skjali á varnarþingi formanns. Skjölum, sem varða sérstaka sameign, skal þinglýsa á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, en ella á varnarþingi allra sameigenda.

Í 47. gr. er rætt sérstaklega um það tilvik, er skjal varðar bæði fasteign eða skrásett skip, 5 rúmlestir eða stærra, og auk þess lausafé eða mann persónulega með öðrum hætti. Þegar svona hagar til, þarf bæði að þinglýsa skjali t. d. þar í umdæmi, sem fasteign er, en auk þess á varnarþingi manns, sem vel getur verið annað en umdæmi það, er fasteign er í, sjá 5. málsgr. 4. gr. laga nr. 30/1928.

Í 3. málsgr. 47. gr. er tekin afstaða til þess, hvort ný þinglýsing sé nauðsynleg, ef eigandi lausafjármunar, er ákvæði VII. kafla taka til, flyst úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að slíkri eign. Er þá heimilt að þinglýsa réttindum að nýju, en ekki er það nauðsynlegt samkv. því, er segir í þessari málsgrein. Gildir ákvæði 3. málsgr. einnig um veðbréf, sem stofna til sjálfsvörsluveðréttar yfir lausafé, enda hefur 48. gr. frv. ekki að geyma ákvæði, er hliðstætt sé 3. málsgr. 7. gr. veðlaga (sem lagt er til í 54. gr. frv. að fellt verði brott).

Í 4. málsgr. er vísað til þeirra greina í IV. kafla frv., sem við eiga um þinglýsingu samkvæmt VII. kafla frv.

Ákvæði I., II. og III. kafla frv. eiga yfirleitt jafnt við um þinglýsingu á skjölum þeim, er VII. kafli tekur til, sem um þinglýsingu á öðrum skjölum.

Um 48. gr.

Í þessari grein er tekið upp efni 7. gr. veðlaga, svo sem henni hefur nú verið breytt með lögum nr. 65/1957. Meginefni þeirrar greinar varðar þinglýsinguna, og þykir því réttara að skipa henni í þinglýsingalög en í veðlög.

Í 1. málsgr. eru frestir til að afhenda dómara veðbréf til þinglýsingar allt að þrjár vikur eða fjórar vikur frá útgáfudegi þess. Fyrri reglan — um þriggja vikna frestinn — á við, þegar bréf er gefið út í kaupstað eða þinghá, þar sem dómari hefur skrifstofu. Eru þá yfirleitt hæg heimatök um skjóta þinglýsingu bréfs. Endranær er frestur þessi allt að fjórar vikur. Frestirnir eru nokkuð breyttir frá því, sem greinir í 1. gr. laga 65/1957, og lagt er til, að þeir séu bundnir við alveg ákveðin tímamörk. Geta má þess, að frestur þessi er ávallt 7 dagar eftir útgáfu skjals samkvæmt dönskum rétti. Í 1. málsgr. eru efnislega tekin upp ákvæði 7. gr. veðlaga um staðfestingu á undirritun útgefenda og á dagsetningu bréfs.

Í 2. málsgr. er það áréttað sérstaklega gagnvart hverjum þinglýsingar sé þörf, en í 3. málsgr. er sama regla orðuð sem í 1. málsgr. 1. gr. laga 65/1957 um afleiðingar þess, ef menn láta undir höfuð fallast að þinglýsa veðbréfi innan hinna greindu fresta.

Í 4. málsgr. segir, að veðbréf samkv. 48. gr. skuli máð úr þinglýsingabók, þegar tíu ár séu liðin frá þinglýsingu bréfs, ef dómara hefur ekki fyrr borist tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi, 36. og 37. gr. gilda einnig um þessi bréf.

Í 5. málsgr. er nánast á það minnt að réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs sé háð áritun á bréfið sjálft. Er þetta ákvæði sett til öryggis og mönnum til leiðbeiningar.

Um VIII. KAFLA

Í þessum kafla frv. er fjallað um fébætur fyrir tjón, er rekja má til mistaka í störfum þinglýsingardómara (sbr. 49. gr. a-c liði) eða til þess, að skjal, sem þinglýst er, reynist ógilt (sbr. 49. gr. d-lið). Þessar reglur eru nýmæli í íslenskum rétti, en ákvæði frv. eru mjög svipuð að efni til og hliðstæð ákvæði í dönskum, norskum og sænskum þinglýsingalögum.

Þegar atvikum er svo háttað sem greinir í a-, b-, og c-liðum 49. gr., er það forsenda fyrir bótaskyldu, að rekja megi tjón til mistaka þinglýsingardómara. Bótaskylda samkvæmt d- og e-liðum sömu greinar er hins vegar ekki háð því, að nein mistök hafi átt sér stað af hálfu þinglýsingardómara, þar sem slíkt skilyrði er til þess fallið að veikja það traust, sem ætlast er til að menn geti borið til þinglýstra heimilda.

Stundum stafar tjón manns af því, að hann verður að hlíta réttindum annarra yfir eign, þótt þau réttindi séu ekki háð þinglýsingu, svo sem er um ýmis afnotaréttindi, eða t. d. verður að sætta sig við það, að maður hafi hefðað hluta af eign. Slíkt tjón á að sjálfsögðu ekki rætur sínar að rekja til mistaka í þinglýsingastarfsemi, heldur stafar það af almennum lagareglum. Rétt er að taka fram, að í orðinu „mistök“ í upphafi 49. gr. felst ekki áskilnaður um, að dómarinn sjálfur hafi gerst sekur um saknæmt atferli, heldur dugir, að starfsmaður hans sé sannur að slíku, og einnig má vera t. d., að svonefnt veðbókarvottorð sé algerlega í samræmi við efni þinglýsingabókar, en röng færsla skjals hefur hins vegar átt sér stað eða skjal hefur ekki verið fært og veldur það því, að ekki er getið allra þeirra skjala, sem raunverulega hafa verið afhent um eign þessa. Aðalatriði um bótaskylduna sjálfa kemur raunverulega fram í því ákvæði 49. gr., að bótakrefjandi sjálfur eigi ekki sök á tjóni. Það á einnig við, ef sá, er bótakrefjandi leiðir rétt sinn frá, á sök á tjóni, svo og t. d. ef starfsmaður bótakrefjanda á sök á þessum misfellum eða annar sá maður, sem bótakrefjandi ber að þessu leyti „ábyrgð“ á. Ef bótakrefjandi á að nokkru leyti sök á misfellum, en dómari öðrum þræði, mun 49. gr. ekki stemma stigu við því, að sök verði skipt, og fái þá bótakrefjandi bætur í samræmi við sakarhlutföll. Ef sá, sem t. d. fær veðbókarvottorð í hendur, veit eða má vita, að það er rangt að efni til, á hann ekki bótarétt, og er þetta sérstaklega áréttað í lok a-liðs 49. gr. frv.

Áskilið er í 49. gr., að tjón sé sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingardómara, og er þessi regla í samræmi við almennar bótareglur.

Samkv. 49. gr. ber ríkissjóður bótaábyrgð. Þinglýsing er dómsathöfn, og getur ríkissjóður því átt aðgangskröfu á hendur dómara samkvæmt 34. gr. laga nr. 85/1936. Með því að ákvæði VIII. kafla frv. eru sérákvæði, og þar er manni, sem verður fyrir tjóni sérstaklega veittur aðgangur að ríkissjóði, er ætlast til að ákvæðið verði skýrt svo, að tjónþoli geti ekki, eins og hér stendur á, höfðað mál gagngert gegn dómara samkv. 34. gr. l. nr. 85/1936.

Að sjálfsögðu verður tjónþoli að færa sönnur á það, að hann hafi beðið fjárhagslegt tjón vegna mistaka þinglýsingardómara. Ekki er heimilt að dæma bætur fyrir ófjárhagslegt tjón af þessu tilefni. Mistök þurfa auðvitað ekki alltaf að leiða til tjóns, t. d. er hugsanlegt, að sá, sem betri rétt fær fyrir mistök, vægi af sjálfsdáðum eða t. d. að veðskuld, sem forgangsrétt hefur fengið, sé greidd, og öðlist veðhafi samkv. bréfi því, sem mistök hafa orðið um, þá þann veðrétt, sem honum bar, með því að í bréfi hans hefur verið ákvæði um uppfærslurétt.

Um a-lið. Um veðbókarvottorð ber sérstaklega að geta þess, að forsenda fyrir bótarétti er sú, að slíkt vottorð hafi verið gefið út. Ef sá maður, sem tjón beið, hefur ekki fengið veðbókarvottorð heldur lætur við það sitja að kanna sjálfur þinglýsingabók, þá getur hann ekki krafist bóta.

Um b-lið. Í 5. málsgr. 7. gr. frv. er ákvæði, er leggur dómara þá skyldu á herðar að færa skjal í þinglýsingabók innan tiltekinna tímamarka. Ef bókfærsla skjals fer fyrir með öllu eða henni seinkar um skör fram, getur það leitt til tjóns. Ákvæði eru um það í 18. gr., hvor aðilinn, sá, sem fyrr afhendir skjal, eða hinn, er síðar afhendir skjal, sem ekki fá samrýmst, eigi að ganga fyrir. Sá, sem tjón hlýtur af þessum sökum, getur krafist bóta samkv. 49. gr.

Um c-lið. Sjá athugasemdir við 18. gr. frv.

Um d-lið. Vísa má hér til athugasemda við 33. gr. 2. málsgr. frv.

Um e-lið. Sjá athugasemdir við 50. gr. frv.

Í 49. gr. er ekki sérstaklega vikið að þinglýsingarvottorðum eða veðbókarvottorðum, sem dómarar hafa gefið út fyrir gildistöku þessa ákvæðis frv., ef lögfest verður. Samkv. almennum lögskýringarreglum er það fullljóst, að þeim reglum verður ekki beitt um slík vottorð. Hins vegar getur verið, að ranghermi í vottorði, sem út er gefið eftir gildistöku ákvæðis þessa, stafi af mishermi í þinglýsingabók, en mistök þessi hafa átt sér stað fyrir gildistöku ákvæðisins. Getur 49. gr. átt við, er svo stendur á.

Um IX. KAFLA

Í þessum kafla eru ákvæði um gildistöku og um það, hvernig einstökum ákvæðum verði beitt um atvik, sem gerst hafa fyrir gildistöku laganna, ef frv. nær fram að ganga. Er brýn þörf á að taka afstöðu til þessa tvenns. Í ákvæðum frv. felst um margt veigamikil breyting frá gildandi lögum. Sum réttindi, sem ekki eru háð þinglýsingu samkv. gildandi lögum, verða það nú, ef frv. verður lögfest. Verður að telja rétt, að slík réttindi haldi gildi sínu áfram með sama hætti ef stofnað hefur verið til þeirra að fullu fyrir gildistöku laganna.

Til er, að skjal sé gefið út fyrir gildistöku laganna, en það er ekki afhent til þinglýsingar, fyrr en eftir gildistöku þeirra. Vegna lagasamræmis er heppilegt að öllum þorra ákvæða í hinum nýju lögum verði beitt um slík skjöl, þ. á m. hinum almennu ákvæðum I., II. og III. kafla. Ef þessu sjónarmiði væri haldið afbrigðalaust til streitu, gæti það leitt til ósanngjarnra málaloka. Ef skjal væri t. d. ekki svo úr garði gert, sem boðið er í 22. gr. frv., er hætt við, að því yrði vísað frá þinglýsingu, og sama er, ef áskilnaði 24. gr. væri ekki fullnægt. Getur verið miklum vandkvæðum bundið og jafnvel ógerlegt að bæta úr slíkum ágöllum eftir að skjal hefur verið gefið út, svo sem t. d. ágöllum á formi eftir 22. gr. frv. Af þessum sökum er sett það ákvæði í 2. málsgr. 51. gr. frv., að reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr. verði ekki beitt um skjöl, sem út eru gefin fyrir gildistöku laganna. Af svipuðum ástæðum stafar sá fyrirvari 4. málsgr. 51. gr., að ákvæðum 1. málsgr. 33. gr. og d-liðs 49. gr. verði ekki beitt um önnur skjöl en þau, sem sætt hafa þinglýsingu eftir gildistöku laganna. Þar kemur það raunar til að auki, að könnun á skjölum var ekki jafn rækileg fyrir gildistöku laganna, en ákvæði þessi eru reist á þeirri forsendu, að slík rannsókn sé mjög ítarleg. Þykir því varhugavert að láta bótaregluna ná til skjala, sem þinglýst var í gildistíð eldri laga.

Í sambandi við ákvæði frv. um afmáningu skjala samkv. hinum almennu ákvæðum frv. um tímabundið gildi þeirra réttaráhrifa, sem þinglýsing veitir, mæla sanngirni og venjur í lagasetningu með því, að sérákvæði séu sett um afmáningu skjala fyrsta veifið eftir gildistöku laganna. Er þetta gert í 52. gr. Eru þau ákvæði á því reist, að rétt sé að veita rétthöfum nokkurn frest til að endurlýsa skjölum.

Í 52. gr. 3. málsgr. eru ákvæði, er skylda dómendur til að hreinsa grandgæfilega til í þinglýsingabókum fyrstu 5 árin eftir gildistöku laganna. Er getið um þetta ákvæði í athugasemdum við 38. gr. frv.

Auk ákvæða, sem standa í tengslum við gildistöku laganna eru ákvæði í 53. gr. um setningu reglugerðar um framkvæmd laganna, en sú grein gefur ekki tilefni til athugasemda.

Eins og reifað var í athugasemdum við 24. gr. frv., er það mjög rík krafa eftir frv., að útgefandi skjals hafi þinglýsta eignarheimild. Að undanförnu hefur þessa hins vegar ekki verið krafist. Skortur á þinglýstri eignarheimild hefur aðeins varðað því, að dómari hefur ritað athugasemd á skjal um heimildarskortinn. Af þessum sökum má búast við því, að margir þeir, sem fara með eignarráð yfir fasteignum og eru raunverulega eigendur þeirra, hafi ekki agnúalausa eignarheimild á eign sinni. Eru slíkir menn illa settir til frambúðar vegna fyrirmæla 24. gr. frv., ef lögfest verður. Í Noregi var tekið ákvæði í þinglýsingalögin frá 1935 til þess að bæta hlut þessara manna. Er það ákvæði fyrirmynd 50. gr. frv. Eftir því getur aðili, sem fer með eignarráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara sam-

kvæmt eignarheimild, sem er nokkuð áfátt, snúið sér til dómara á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um það, að hann sé eigandi hennar. Ef heimildarskjali aðilja hefur verið þinglýst a. m. k. 5 árum áður en hann ber upp erindi sitt við dómara eða hann hefur í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta, á hann tilkall til þess, að dómari gefi út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum. Skal birta áskorun í Lögbirtingablaði. Ef engin gefur sig fram innan 4 mánaða frá síðustu (þriðju) birtingu áskorunar, þá skráir dómari athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt. Í ákvæði þessu er fólgin greið leið fyrir eiganda til þess að fá óskoraða eignarheimild, en tillitið til þeirra, sem kynnu að hafa betri rétt en beiðandi, er ekki borið fyrir borð, þar sem boðið er að birta áskorun þessa með tryggilegum hætti, enda er það langoftast svo, að sá, sem fer með eignarráðin, er raunverulega eigandi eignar.

Samkv. 50. gr. eyðast þeir agnúar einir, sem varða eignarheimild eiganda. Í 50. gr. felst ekki úrræði til að eyða ágöllum, sem stafa af því, að aðili hefur ekki fengið lóðarréttindi viðurkennd að eign sinni, eða ágöllum, sem varða skipulags- og byggingarmálefni kaupstaða eða kauptúna.

Erfingjar manns, bú hans eða maki, sem situr í óskiptu búi, geta að sjálfsögðu nýtt sér heimild 50. gr., svo og þrotabú hans. Sameigendur gætu einnig í félagi aflað sér heimildar samkv. þessum ákvæðum, en jafnframt er þess að geta, að einn einstakur sameigandi gæti orðið sér úti um agnúalausa heimild eftir þessum reglum, að því er eignarhlut hans varðar.

Úrlausn á því, hvort maður fari með eignarráð eignar á undir þinglýsingardómara. Skiptir könnun á hinni raunhæfu aðstöðu þar öllu máli, og þyrfti dómari vitanlega að ganga eftir skilríkjum um það efni. Ef einhver vafi er í því efni, ætti dómari að synja um atbeina sinn, en benda aðilja á úrræði 220. gr. l. 85/1936.

Þegar áskorun hefur verið gefin út, er tvennt til, annaðhvort gefur enginn rétthafi sig fram við dómara eða einhver kemur fyrir hann og andmælir tilkalli beiðanda. Í fyrra tilvikinu skráir dómarinn athugasemd um, að eignarheimild sé í lagi með stoð í ákvæðum 50. gr. Þetta ákvæði hefur verið framkvæmt svo í Noregi, að dómari hefur gefið út sérstaka yfirlýsingu um þetta efni í þinglýsingarformi, og hefur aðili síðan látið þinglýsa þeirri yfirlýsingu. Mun það vera heppileg framkvæmd mála. Ef tiltekinn maður gefur sig fram við dómara og kveðst hafa betri rétt en beiðandi getur þinglýsingardómari ekki leyst úr máli, heldur verður það að fara venjulegu dómstólaleiðina.

Úrlausnir þinglýsingardómara út af 50. gr. sæta kæru til Hæstaréttar samkv. almennu ákvæðunum í 3. gr. frv.

Ef aðili fær óskoraða eignarheimild samkv. 50. gr., verður réttarstaða hans sömu og verið hefði, ef hann hefði fengið eignarheimild sína skráða samkv. ákvæðum þessa frv., ef lögfest verða. Nú er hugsanlegt, að tiltekinn aðili gefi sig fram eftir að eignarheimild hefur verið lagfærð samkv. 50. gr. og telji sig hafa betra rétt á eigninni. Þinglýsingardómari getur þá ekki þinglýst neinu um þá kröfu, nema með samþykki hins þinglýsta eiganda. Ef hinn þinglýsti eigandi vill ekki sinna kröfunni, verður að fara dómstólaleiðina til að fá úrlausn á þessum ágreiningi. Dómsniðurstöðinni er síðan unnt að þinglýsa, ef dómur gengur stefnanda í vil. Þótt svo fari, að stefnandi vinni málið, er ljóst, að þeir, sem semja við hinn þinglýsta eiganda og grandlausir eru, vinna rétt með þeim samningi, sbr. 33. gr. 1. málsgr. Aðili sá, sem talinn er eigandi með dómi, verður að standa að baki slíkum rétthafa, en til greina kæmi, að hann ætti bótarétt samkv. 49. gr. frv.

Ef aðili byggir rétt sinn til eignar á hefð, eiga ákvæði 50. gr. 1. og 2. málsgr. að sjálfsögðu ekki við.

Í 3. málsgr. 50. gr. er tekið fram, að fara skuli eftir ákvæðum 220. gr. l. 85/1936, ef mann brestur þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir rétt-

indum sínum. Dómur í eignardómsmálinu getur að sjálfsögðu verið grundvöllur undir þinglýsingu, ef því er að skipta.

Samkvæmt 51. gr. 3. málsgr. nýtur sá, sem fer með eignarráð að lóðarréttindalausri eign, ekki hagræðis af ákvæði 50. gr.

Um 51. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. málsgr. eru rædd hér að framan í almennum athugasemdum við IX kafla.

Um efni 3. málsgr. skal á það bent, að í Reykjavík og sjálfsagt víðar á landinu eru margar húseignir, sem ekki fylgja venjuleg fullkomin þinglýst lóðarréttindi. Við gildistöku laga þessara myndi þinglýsingardómara oft vera mikill vandi á höndum í sambandi við meðferð skjala, er eignir þessar varðar, ef hann ætti oft við erfiða aðstöðu að skera úr um, hvort í viðkomandi tilfelli væri um fullkomna fasteign að ræða eða ekki og mætti því búast við fjölmörgum kærumálum í sambandi við eignir þessar. Er brotaminna og hagkvæmara að skipa eignum þessum í sérflokk, og láta skjöl er eignir þessar varða sæta sömu meðferð og nú tíðkast, þ. e. að beita athugasemd í stað frávísunar þar sem það á við. Eigendur ofangreindra eigna eru oft illa settir. Þeir geta t. d. ekki fengið venjuleg fasteignalán í lánastofnunum og venjulegast myndu eigendur þessara eigna ekki hafa eignir sínar án þinglýstra lóðarréttinda, ef þeir ættu annarra kosta völ.

Óeðlilegt þykir að eigendur ofangreindra eigna geti notið hagræðis 50. gr. laganna.

Um 52. og 53. gr.

Sjá athugasemdir við 34. gr. frv. og í almenna þættinum um IX. kafla frv.

Um 54. og 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 314. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á jarðalögum nr. 65 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 40. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifjár, sem jörð er lagt til eftir 39. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga og til samræmis við þær meginreglur, sem þar er byggt á.

Ed. 315. Frumvarp til laga [154. mál]

um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú er beiðst þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, uns sönnur eru færðar á að leyfi sé veitt.

2. gr.

Orðin „borist skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt“ í upphafi 4. gr. sömu laga falli brott.

3. gr.

4. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í því frv. er reynt að sporna við því, að skjölum sé þinglýst með því að rita á þau athugasemdir um agnúa, sem eru á þeim. Er lagt til í frv. þessu, að lögum nr. 19/1966 verði breytt til samræmis við þær tillögur, sem felast í framangreindu þinglýsingalagafrumvarpi.

Ed. 316. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 35 18. febrúar 1953, um bæjanöfn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

8. gr. 5. málsl. laganna orðist svo:

Leyfisbréfið sendir ráðherra þinglýsingardómara til þinglýsingar og skal dómari skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni, ef þeir eru kunnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í frv. er lagt til, að efni laga um bæjarnöfn o. fl. verði fært til samræmis við þær reglur, sem felast í þinglýsingalagafrumvarpinu.

Ed. 317. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. mars 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

18. gr. 2. málsl. laganna orðist svo:

Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign og skrásettu skráningarskyldu skipi, nema kyrrsetningu hafi verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Hér er lagt til, að lögum um kyrrsetningu og lögbann verði breytt til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingalagafrumvarpinu.

Ed. 318. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:

Skiptagerðum samkvæmt lögunum skal þinglýsa.

2. gr.

Úr 2. málsgr. 16. gr. falla brott orðin:

Skiptameðferð þessari skal þinglýsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Felst í því sú breyting ein, að skiptagerðir eftir landskiptalögunum séu yfirleitt háðar þinglýsingu, en gleggra þykir að haga orðalagi svo, sem hér er lagt til, heldur en eftir lögunum, eins og þau eru nú.

Ed. 319. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

37. gr. 1. málsgr. 2. málsliður laganna orðist svo:

Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á varnarþingi fasteignar eða skrásetts skips, og hennar skal getið á verslanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verslanaskrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í því frv. er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. við ýmiss konar aðgerðir skuldheimtumanna, sbr. V. og VI. kafla frv. Þykir því rétt að leggja til, að 37. gr. laga nr. 19/1924 sé breytt til samræmis við þær reglur, er felast í frv. til þinglýsingalaga.

Ed. 320. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóvember 1919, um landamerki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.

2. gr.

4. gr. 2. málsgr. sömu laga orðist svo:

Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í frv. er lagt til, að orðalagi sé breytt lítið eitt í tveimur ákvæðum laga nr. 41/1919, og er það nánast til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingalagafrumvarpinu. Rétt er að benda á, að samkv. 2. gr. frv. er miðað við það, að dómi um landamerki sé þinglýst innan fjögurra mánaða frá uppsögn hans, og þykir sú regla heppilegri en regla 4. gr. laga nr. 41/1919, eins og hún er nú.

Ed. 321. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

46. gr. 2. málsgr. laganna orðist svo:

Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign og skráningarskyldu skipi er háður þinglýsingu samkvæmt þinglýsingalögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í því frv., sbr. einkum V. og VI. kafla þess, er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. þegar til réttinda er stofnað fyrir aðför. Þykir því rétt að leggja til, að 46. gr. aðfararlaganna sé breytt til samræmis við þær reglur, sem fram koma í frv. til þinglýsingalaga.

Ed. 322. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í því frv., sbr. einkum 22. gr., er gert ráð fyrir því, að þinglýsingarskjöl verði staðfest af þeim aðilum, er greinir í 1. gr. frv. þessa, og þykir þá rétt að leggja til, að 15. gr. lögtakslaganna verði breytt, til samræmis við þinglýsingareglurnar almennt.

Nd. 323. Frumvarp til laga [162. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Þórarinn Sigurjónsson, Garðar Sigurðsson, Guðlaugur Gíslson.

1. gr.

Selfosskauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Selfosshrepp og heitir Selfoss. Umdæmi þetta er í Suðurlandskjördæmi.

2. gr.

Um valdssvið bæjarfógeta á Selfossi og launakjör fer samkvæmt lögum þar um. Sýslumaður Árnessýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Árnessýslu og bæjarstjórn Selfoss skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Árnessýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárhagsskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Selfosshrepps, er á fundi sínum 18. janúar s. l. gerði samhljóða eftirfarandi samþykkt:

„H. S. samþykkir að fara þess á leit við alþm. Suðurlandskjördæmis, að þeir flytji á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi til handa Selfosshreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núverandi Selfosshrepp og verði sýslumaður Árnessýslu bæjarfógeti kaupstaðarins.

Það er einnig vilji hreppsnefndar, að breytingin taki gildi frá og með næstu sveitarstjórnarkosningum.“

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð, sem einnig var samþykkt samhljóða:

„1. Ástæður H. S. til þess að sækja um kaupstaðarréttindi eru fyrst og fremst réttarstöðulegar. Stærð hreppsins gerir það eðlilegt að hann hafi sömu réttarstöðu og sýslufélög.

2. Selfosshreppur er nú stærsti hreppur landsins með liðlega 3 000 íbúa og jafnframt áttunda stærsta sveitarfélag utan Reykjavíkur.

3. Það er vilji hreppsnefndar að sú samstaða og samvinna, sem þróast hefur milli Selfosshrepps og annarra hreppa sýslunnar, megi haldast óbreytt í sem flestum þáttum eftir að Selfoss hefur öðlast kaupstaðarréttindi, enda ná ýmsar sameiginlegar þjónustugreinar, sem þróast hafa á staðnum, langt út fyrir mörk hreppsins.

4. H. S. treystir því, að erindi þetta fái vinsamlega og skjóta afgreiðslu yðar og þingsins."

Hinn 8. janúar s. l. fór fram skoðanakönnun meðal kjósenda á Selfossi um kaupstaðarmálið. Á kjörskrá voru 1944. Þátt tóku í skoðanakönnuninni 1045 eða 53.76% kjósenda. 751 af þeim, sem atkvæði greiddu, voru fylgjandi því, að Selfosshreppur fengi kaupstaðarréttindi, en 278 voru því mótfallnir.

Selfosshreppur er í örum vexti. Segja má að staðurinn sé miðstöð iðnaðar, samgangna og verslunar í fjölmennum byggðum. Jarðhiti er fyrir hendi og stendur til að hagnýta hann í ríkara mæli til hitunar húsa og iðnaðar. Í seinni tíð sækja nálægar sveitir og kauptún ýmsa skóla að Selfossi og eflir það m. a. samstarf og samstöðu í héraðinu. Það virðist vera sanngjarnt að Selfoss, sem er ört vaxandi staður, fái þá réttarstöðu sem kaupstaðir hafa.

Ýmis kauptún miklu fámennari en Selfoss hafa fengið kaupstaðarréttindi. Má m. a. nefna Njarðvík með 1750 íbúa, Seltjarnarnes með 2630 íbúa, Bolungarvík með 1134 íbúa, Dalvík með 1207 íbúa, Eskifjörð með 1033 íbúa og Grindavík með 1723 íbúa.

Nd. 324. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd fjallaði um frv. þetta, en þar náðist engin meirihlutaafstaða fram um afstöðu til frv.

Einn nefndarmanna, Ingvar Gíslason, sem er formaður nefndarinnar, var fjarstaddur. Undirritaðir nefndarmenn, sem standa að þessu minnihlutaáliti, líta svo á, að ef frumvarp þetta verður samþykkt verði brotið niður það skipulag fræðslumála á grunnskólastigi sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla, nr. 63 frá 21. maí 1974. Í II. kafla laganna, 10. gr., er landinu skipt í fræðsluumdæmi. Í öllum umdæmunum hafa fræðsluskrifstofur tekið til starfa og fræðslustjórar verið ráðnir. Ef horfið yrði að því ráði að heimila stofnun fræðsluskrifstofu í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri, er um grundvallarstefnubreytingu að ræða. Undir þau heimildarákvæði féllu nú þrjú sveitarfélög, þ. e. Akureyri, Hafnarfjörður og Kópavogur. Hugsanlega mundi breyting nú í samræmi við frv. leiða til þeirrar breytingar síðar, að undir heimildarákvæðin féllu tvö eða fleiri nágrannasveitarfélög með samtals 10 þús. íbúum, ef þau sameinast um að óska eftir sérstakri fræðsluskrifstofu. Það yrði stigsmunur, en ekki grundvallarbreyting.

Stofnun og rekstur fræðsluskrifstofa er liður í þeirri viðleitni að dreifa valdi og færa yfirstjórn út til héraðanna. Á þetta ekki aðeins við um skólamál, heldur og fleiri málaflokka. Kjördæmi til alþingiskosninga móta nú umdæmi fræðsluráðanna. Til athugunar er hjá stjórnskipaðri nefnd, hvort þetta séu hin einu og réttu mörk. Eðlilegt virðist að samræma umdæmi yfirstjórnar í héraði varðandi einstaka málaflokka.

Ef frv. þetta yrði samþykkt yrði það spor í öfuga átt, yki glundroða og kostnað ríkissjóðs.

Undirritaðir nefndarmenn leggja því til að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 30. jan. 1978.

Gunnlaugur Finnsson, frsm. Svava Jakobsdóttir. Magnús T. Ólafsson.

Sþ. **325. Skýrsla**

dómsmálaráðherra um meðferð dómsmála.

Með bréfi, dags. 21. september 1977, óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um mál, sem kynnu að vera til meðferðar hjá dómstólum landsins. Miðað var við eftirtalin mál:

A. Einkamál, sem dómtekin voru fyrir 1. júní 1977 og voru ódæmd 1. október sl.
B. Einkamál, sem þingfest voru fyrir 1. október 1975 og voru ódæmd 1. október sl.
C. Sakamál, sem voru ódæmd 1. október sl., þar sem ákæra hafði verið gefin út fyrir 1. janúar 1977.
D. Sakamál, sem kærð voru fyrir 1. apríl 1976 og var ólokið 1. október sl. (Eingöngu var átt við þau mál, þar sem brot gat hugsanlega varðað fangelsi.)

Svör hafa borist frá öllum dómstólum. Hér á eftir fer yfirlit um hvern málaflokk, sem að framan greinir.

A. **Einkamál, sem dómtekin voru fyrir 1. júní 1977 og enn eru ódæmd.** Ekkert mál var til meðferðar hjá dómstólum sem fellur undir þennan staflið.

B. **Einkamál, sem þingfest voru fyrir 1. október 1975 og voru enn til meðferðar.** (Málin eru talin upp eftir umdæmum og í tímaröð innan hvers embættis.)

I. Reykjavík.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
14 04 66	368/1966	Hraðfrystihús Patreksfjarðar gegn Söltunarstöðinni Sókn.
23 05 67	3096/1967	Hagprent hf. gegn Sigurði Björnssyni, Agli Nordheim, Dieter Ginsberg og Auglýsingamiðstöðinni.
10 01 69	7/1969	Trolle & Rothe hf. gegn Eimskipafélagi Íslands hf. o. fl.
24 01 69	24/1969	Samvinnutryggingar g. t. gegn Rafmagnsveitum ríkisins og Skipaútgerð ríkisins.
30 01 69	2649/1969	Björgúlfur Kristjánsson gegn Spindli hf.
22 05 69	3203/1969	Halldór Jónsson gegn Þorvaldi Danielssyni.
14 12 69	1919/1969	Eigendur jarðarinnar Neðradals í V-Eyjafjallahreppi gegn vegamálastjóra f. h. Vegagerðar ríkisins.
24 02 70	7640/1970	B. S. A. B. gegn Ástu L. Jóhannsdóttur, gagnsök og framhaldssök.
16 04 70	2793/1970	Haukur Davíðsson gegn Ingólfi Bjarnasyni.
16 06 70	5499/1970	Þórunn Jónsdóttir gegn Skeljungi hf. og fl.
23 06 70	8031/1970	Kristín Guðmundsdóttir gegn Ólöfu Björnsdóttur.
22 08 70	40/1970	Samvinnumötuneytið gegn Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
13 11 70	152/1970	Björn Guðmundsson gegn Borgarkletti hf.
22 01 71	2542/1971	Karl Lúðvíksson gegn Jóhannesi Helga Jónssyni.
29 06 71	5771/1971	Ragnar Aðalsteinsson gegn Guðrúnu E. Jónsdóttur.
07 03 72	5204/1972	Sveinn Egilsson hf. gegn Jens Líndal Bjarnasyni.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
09 03 72	2715/1972	Konráð Beck gegn Þórgný Þorsteinssyni.
02 05 72	7846/1972	Dánarbú Sigurbjargar Ásbjörnsdóttur gegn Álafossi hf.
05 09 72	8329/1972	B. S. A. B. gegn Margréti Ingimundardóttur, gagnsök og framhaldssök.
05 09 72	8337/1972	B. S. A. B. gegn Herdísi Jóhannsdóttur, gagnsök og framhaldssök.
05 09 72	8332/1972	B. S. A. B. gegn Sigríði Kristjánsdóttur, gagnsök og framhaldssök.
10 11 72	154/1972	Kristján R. Sigurðsson gegn Bergi Eiríkssyni o. fl.
05 04 73	790/1973	Hörður Bjarnason og Kristjana Albertsdóttir vegna sjálfra sín og ófjárráða sonar síns, Harðar Alberts Harðarsonar gegn B. M. Vallá hf., Þórarni Ólafssyni og Sjóvá.
10 05 73	1029/1975	Björgúlfur Kristjánsson gegn Húseigninni Laugavegur 1.
10 05 73	1030/1975	Björgúlfur Kristjánsson gegn KR.-húsinu.
21 06 73	1349/1973	Trygging hf. gegn ríkissjóði vegna Vegagerðar ríkisins.
16 10 73	6659/1973	Sturla Einarsson gegn Helgu Jónsdóttur.
23 10 73	6693/1973	Emil Pálsson gegn Pétri Ketilssyni.
16 11 73	124/1973	Álafoss hf. gegn Jóni Guðlaugssyni.
24 01 74	128/1974	Ingimar Jóhannesson gegn Guðmundi Ragnarssyni Mýrdal.
07 02 74	335/1974	Fálkinn hf. gegn Árna Ólafssyni.
07 02 74	320/1974	Eyjólfur Sigurðsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
19 02 74	5277/1974	Skiptaráðandinn í Hafnarfirði f. h. þrotabús Almennra verktaka h. f. gegn Sigurði Söebech.
26 02 74	5299/1974	Viggó S. Pálsson gegn Haraldi E. Ingimarssyni.
08 03 74	25/1974	Magnús Thorlacius f. h. L. Levison Junr. A/S Glostrup Danmörk gegn Runólfi Guðjónssyni.
18 04 74	757/1974	Snorri hf. gegn Kyndli hf.
02 05 74	883/1974	Kyndill hf. gegn Snorra hf.
02 05 74	884/1974	Kyndill hf. gegn Snorra hf.
27 06 74	1387/1974	Ellen E. Úlfarsdóttir Klinger gegn Árnu Rögnvaldsdóttur og Guðjóni Andréssyni.
05 09 74	1664/1974	Kristján Stefánsson gegn Guðjóni Andréssyni.
17 10 74	2129/1974	T. Hannesson & Co. hf. gegn Tryggva Hannessyni.
29 10 74	6529/1974	Friðrik Bertelsen gegn Guðmundi K. Jónssyni.
01 11 74	125/1974	Jónsson & Júlíusson gegn Jóhanni Þórlindssyni.
07 11 74	2289/1974	Þórður Auðunsson gegn Erni Árnasyni.
15 11 74	135/1974	J. & B. Auto Wholesalers gegn Lárusi Jónssyni og Haraldi Ingimarssyni.
21 11 74	2454/1974	Terje Möinichen gegn Stefaníu Harðardóttur.
21 11 74	2455/1974	Magnús Thorlacius, hrl. f. h. Ira Hicks gegn Stangaveiðifélagi Reykjavíkur.
05 12 74	2620/1974	Guðný Júlíusdóttir gegn fjármálaráðherra og forsetum Alþingis.
19 12 74	2934/1974	Jón Bjarnason, hrl. gegn Helgu Jónsdóttur.
20 02 75	465/1975	Jósafat Arngrímsson gegn Vilmundi Gylfasyni og ríkisútvarpinu.
21 02 75	23/1975	Sævar Björnsson gegn Hafrenningu hf. og fl.
11 03 75	5498/1975	Jón Stefánsson f. h. ólögráða sonar síns Sighvats Jónssonar gegn Eggerti Þormóðssyni.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
02 04 75	65/1975	Arnar Sveinsson gegn Karlsefni hf.
03 04 75	919/1975	Gunnar Sveinsson gegn Bjarna Ó. Pálssyni og Energoprojekt.
03 04 75	921/1975	Bjarni Sætran gegn Bjarna Ó. Pálssyni og Energoprojekt.
17 04 75	1029/1975	Guðbjörg Pétursdóttir gegn Sigurdísi Kaprasíusdóttur.
17 04 75	1110/1975	Elísabet Anna Brown gegn Hervin Guðmundssyni.
02 05 75	64/1975	Magnús Thorlacius, hrl., f. h. Silvano Burgassi gegn G. Albertssyni, útflutningsverslun.
20 05 75	6086/1975	Sturla Jónsson gegn Jóni Haraldssyni.
20 05 75	6092/1975	Ýtutækni hf. gegn Ragnari Gunnarssyni.
29 05 75	1433/1975	Daniel Glad gegn Valgarði Reinhardssyni.
13 06 75	86/1975	Þrotabú T. Hannesson & Co. hf. gegn Ágústi Jónssyni
26 06 75	6534/1975	Póstgíróstofan gegn Ögurvík hf.
26 06 75	1827/1975	Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Háskólaráði.
26 06 75	6510/1975	Hulda Eygló Karlsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
04 09 75	2111/1975	Jóhannes Ólafsson gegn Jörundi Bjarnasyni.
30 09 75	6863/1975	Finnbjörn Finnbjörnsson gegn hf. Ölgerðin Egill Skallagrímsson.

II. Akranes.

12 12 73	44/1973	Guðjón Vigfússon gegn Þórði Hjálmarssyni.
02 04 75	6/1975	Þorgeir og Helgi hf. gegn Jóni Valdemarssyni.
14 05 75	13/1975	Bílaleigan Bersi gegn Valdimar Karlssyni.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

07 06 74		Jóhannes Guðmundsson gegn Bjarna Óskarssyni.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

21 02 75	10/1975	Jón Steinn Elíasson gegn Gunnari Guðlaugssyni.

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

Ekkert.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

06 09 73		Skipasmíðastöð Marzlíusar Bernhardssonar gegn Gerald Hässler.
19 06 75		Bárður Jakobsson gegn Elísabetu Gunnlaugsdóttur.

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

07 07 75		Landamerkjamál milli Höskuldsstaða og Syðrahóls.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

17 09 75		Björn Pálsson gegn Gísla Jónssyni.
08 09 75		Stefán Friðriksson gegn Ingvari G. Jónssyni, o. fl.

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

03 04 74		Eigandi Kálfsár, Sveinbjórn Jónsson gegn eiganda Lóns, Kristjáni Jónssyni.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

03 10 74	87/1974	Baugur hf. gegn Herði Þorfinnssyni.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

03 09 75	3/1975	Eiður Guðjohnsen gegn Helga Bjarnasyni f. h. Stangveiðifélagsins Flúðar.

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

Ekkert.

XVII. Neskaupstaður.

75		Jóhanna Dalmann gegn Dráttarbrautinni hf.

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

Ekkert.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

18 04 74	1/1974	Olíuverslun Íslands gegn Hreppsnefnd Hvammshrepps.

XXI. Vestmannaeyjar.

68		Sveinn Hjörleifsson gegn Þórarni Jónssyni.
02 09 71	38/1971	Bæjarsjóður Vestmannaeyja gegn Gunnari Ólafssyni & Co. hf.
29 06 72	36/1972	Guðni Ágústsson gegn Bæjarstjórn Vestmannaeyja.
29 06 72	37/1972	Stefán Jónsson gegn Bæjarstj. Vestmannaeyjum.
14 09 72	41/1972	Birna Björnsdóttir gegn Vestmannaeyjakaupstað.
07 06 73	8/1973	Belgjagerðin gegn Drífanda hf.

XXII. Rangárvallasýsla.

12 06 75	9/1975	Bjarni O. Pálsson gegn Hlíðarverki sf.
12 06 75	10/1975	Óskar V. Bjarnason gegn Hlíðarverki sf.
03 07 75	14/1975	Ólafur Þórarinsson gegn Sigurjóni Sigurðssyni og Kristrúnu Sigurðardóttur.

XXIII. Árnessýsla.

	36/1972	Guðmundur I. Bjarnason gegn Hildiþór Loftssyni.
	81/1972	Vörubílstjórafélagið Mjölnir f. h. Óskars Sigurðssonar gegn Stokkseyrarhreppi.
	82/1972	Helga Helgadóttir gegn Kjartani Hannessyni.
	13/1973	Þorsteinn Jónsson gegn Geir Egilssyni.
	47/1973	Sigurður Jónsson gegn Sigurði Árnasyni.

XXIV. Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýsla.

20 06 73	266/1973	Eigendur Klappar gegn eigendum Flankastaða II.
17 03 73	243/1973	Eigendur Ísólfsskála gegn eigendum Hrauns.
15 05 74	70/1974	Hús og innréttingar gegn Páli Axelssyni.
12 05 75	90/1975	Páll Þ. Jónsson gegn Guðlaugi Aðalsteinssyni.
25 06 75	95/1975	Radíóvinnustofan gegn Agli Ragnarssyni.
25 06 75	174/1975	Garðhús hf. gegn Grindavíkurkaupstað.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

Ekkert.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

04 12 72	316/1972	Eigandi og ábúandi jarðarinnar Meðalfell, Gísli Ellertsson gegn eiganda og ábúanda jarðarinnar Eyja I, Ingólfi Guðnasyni, eigendum og ábúendum jarðarinnar Eyja II, Magnúsi Sæmundssyni og Haraldi Magnússyni, eiganda jarðarinnar Hjalla, Hans Guðnasyni, eigendum jarðarinnar Flekkudals, Guðna Ólafssyni og Guðmundi Ólafssyni, eiganda og ábúanda jarðarinnar Grjóteyrar, Kristjáni Finnssyni og eiganda og ábúanda jarðarinnar Sands, Oddi Jónssyni.
05 02 74	32/1974	Þrotabú Hvests hf. Reykjavík gegn Hafnafjarðarbæ og gagnsök.
13 05 74	122/1974	Herdís Tryggvadóttir gegn Guðmundi Einarssyni.
30 04 75	129/1975	Sigurvin Snæbjörnsson gegn Kristjáni Steinari Kristjánssyni.
30 05 75	165/1975	Bygging sf. gegn Hilmari Helgasyni.
24 06 75	217/1975	Marí Sigurjónsdóttir gegn Bæjarsjóði Hafnarfjarðar.
01 09 75	295/1975	Db. Ástu Jónsdóttur og Jóhannes Bjarnason gegn Jóni Guðmundssyni.

XXVII. Kópavogur.

31 10 74	4/1974	Vinnuvélar Ingólfs Tryggvasonar gegn Uppfyllingu sf. o. fl.
03 04 75	33/1975	Unnsteinn Eggertsson gegn Þórarni Ragnarssyni.
19 06 75	62/1975	Búnaðarbanki Íslands gegn Ásu Jónsdóttur.
18 09 75	81/1975	Njáll Sigurjónsson gegn Þorsteini M. Gunnarssyni.

Samtals falla 113 mál undir þennan staflið. Skiptast þau þannig á milli ára:

1966: 1. 1967: 1. 1969: 5. 1970: 6. 1971: 3. 1972: 14. 1973: 14. 1974: 28. 1975: 40.

Eins og fram kemur eru 67 mál undir þessum lið til afgreiðslu hjá embætti yfirborgardómara í Reykjavík. Til fróðleiks má benda á að á árinu 1974 fóru 359

mál í úthlutun til dómara og eru af þeim 20 óafgreidd eða 5.6%. Fram til 1. október 1975 fóru 271 mál til dómara. Af þeim eru 18 óafgreidd, eða 6.6%.

c. **Sakamál, sem ákært var í fyrir 1. janúar 1977 og vuru enn til meðferðar.** (Málin eru talin upp eftir umdæmum og eftir dagsetningu ákæru innan hvers embættis. Getið er um dagsetningu ákæru, skammstöfun kærða og aðalákæruefni).

I. Reykjavík.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
15 03 71	FJ	Fjárdráttur.
08 11 71	BÞ o. fl.	Eignaspjöll.
27 12 71	RÓ	Skjalafals.
07 04 72	IE	Áfengislagabrot.
23 10 72	GÞF	Fjársvik.
16 11 72	SJG o. fl.	Áfengislagabrot.
16 11 72	SJG	Áfengislagabrot.
11 11 72	BB o. fl.	Nytjastuldur.
21 12 72	BB	Nytjastuldur.
11 01 73	SJG	Áfengislagabrot.
06 04 73	IE	Áfengislagabrot.
14 06 73	GVS	Áfengislagabrot.
20 06 73	JOJ	Áfengislagabrot.
21 06 73	ÓÞ	Nytjastuldur.
27 07 73	JÞH	Umferðarlagabrot.
05 10 73	SE	Umferðarlagabrot.
05 10 73	BH	Umferðarlagabrot.
08 02 74	EK	Líkamsárás (meiriháttar).
08 02 74	GÞF	Skjalafals.
13 02 74	SB	Umferðarlagabrot.
21 02 74	HPS	Umferðarlagabrot.
27 02 74	HSS	Líkamsárás (minniháttar).
04 03 74	SJG	Áfengislagabrot.
15 03 74	HÓ	Líkamsárás (minniháttar).
29 04 74	JK	Líkamsárás (meiriháttar).
19 06 74	HÁ	Umferðarlagabrot.
03 07 74	ÞÖS	220. gr. alm. hgl.
05 09 74	BJ	Umferðarlagabrot.
30 09 74	PM	Líkamsárás (meiriháttar).
30 09 74	ÞS	Líkamsárás (meiriháttar).
07 10 74	FTA	Líkamsárás (meiriháttar).
30 10 74	GSG	Líkamsárás (minniháttar).
01 11 74	SGB	Líkamstjón af gáleysi.
08 11 74	JFP	Umferðarlagabrot.
06 12 74	RSS	Líkamsárás (minniháttar).
11 02 75	SJS	Líkamsárás (minniháttar).
17 02 75	DV	Líkamsárás (minniháttar).
27 02 75	JFP	Skjalafals.
10 03 75	SE	Umferðarlagabrot.
12 03 75	BH	Umferðarlagabrot.
12 03 75	JÁÁ	Umferðarlagabrot.
11 04 75	JFP	Skjalafals.
18 04 75	JMB	Verðlagsbrot.
18 04 75	SBJ	Verðlagsbrot.
18 04 75	SÞ	Verðlagsbrot.
18 04 75	HB	Verðlagsbrot.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
06 05 75	SBN	Líkamsárás (minniháttar).
03 06 75	PM	Líkamsárás (meiriháttar).
03 06 75	SG	Umferðarlagabrot.
09 06 75	SGK	Umferðarlagabrot.
30 07 75	HH	Umferðarlagabrot.
06 08 75	JHA o. fl.	Líkamsárás (minniháttar).
25 08 75	GB	Umferðarlagabrot.
22 09 75	IRV	Umferðarlagabrot.
25 09 75	SER	Umferðarlagabrot.
22 10 75	MB o. fl.	Fjársvik.
21 11 75	IRV	Umferðarlagabrot.
07 01 76	HS	Umferðarlagabrot.
08 01 76	BFE	Umferðarlagabrot.
17 02 76	BG	Líkamsárás (meiriháttar).
17 02 76	GÞ	Líkamsárás (meiriháttar).
17 02 76	HÞJ	Líkamsárás (meiriháttar).
25 02 76	HA	Umferðarlagabrot.
02 03 76	ÞRH	Líkamstjón af gáleysi.
30 03 76	ÞSA	Líkamsárás.
30 04 76	SF o. fl.	Tollalagabrot.
30 04 76	GY o. fl.	Tollalagabrot.
04 05 76	BH	Fjársvik.
05 05 76	SÞF	Nytjastuldur.
28 05 76	BMA	Umferðarlagabrot.
28 05 76	IP	Umferðarlagabrot.
06 06 76	EG	Umferðarlagabrot.
08 06 76	AG	Umferðarlagabrot.
23 06 76	BJ	Umferðarlagabrot.
24 06 76	BMA	Umferðarlagabrot.
28 06 76	AG	Umferðarlagabrot.
30 06 76	GSM o. fl.	Nytjastuldur.
16 07 76	MJJ	Umferðarlagabrot.
19 08 76	SH	Líkamstjón af gáleysi.
02 09 76	KVH	Umferðarlagabrot.
28 09 76	JMG	Umferðarlagabrot.
30 09 76	GL o. fl.	Tollalagabrot.
06 10 76	ÞGB	Nytjastuldur.
07 10 76	NMSO	Líkamstjón af gáleysi.
15 10 76	GSM	Skjalafals.
15 10 76	ÁJ	Fjárdráttur.
04 11 76	HWÁ	Fjársvik.
11 11 76	RA	Skjalafals.
15 11 76	EK	Brot gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf.
24 11 76	HB	Umferðarlagabrot.
03 12 76	JA o. fl.	Fjársvik.
08 12 76	KVV o. fl.	Manndráp.
15 12 76	GSM	Umferðarlagabrot.
15 12 76	GÞ o. fl.	Nytjastuldur.
15 12 76	PP	Umferðarlagabrot.
15 12 76	BÁS	Verðlagsbrot.
15 12 76	ÞGV	Verðlagsbrot.
22 12 76	HJ	Umferðarlagabrot.
21 12 76	KÓ	Umferðarlagabrot.

II. Akranes.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
15 08 75	JL	220 gr. alm. hgl., stofna lífi eða heilsu í hættu.
27 12 76	JS	Þjófnaður og fjársvik.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

06 05 76	ÞB	Manndráp af gáleysi.
14 09 76	GS	Fjársvik.
08 12 76	EVI	Áfengis- og umferðarlagabrot.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

25 03 74	HBG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
20 11 75	ES	Áfengis- og umferðarlagabrot.
15 11 76	SH	Áfengis- og umferðarlagabrot.
28 05 76	HG	Brot gegn farbanni.

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

02 12 75	FHM	Tollalagabrot.
02 12 75	GS	Fjársvik og skjalafals.
27 10 76	GÁÓ o. fl.	Áfengis- og umferðarlagabrot, nytjastuldur.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

04 03 75	GJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
23 06 76	JÞR	Áfengis- og umferðarlagabrot.
06 12 76	ÁG	Manndráp af gáleysi.

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

Ekkert.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

09 12 74	JVÁ

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

Ekkert.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
04 10 74	ÞS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
19 11 75	SG	Þjófnaður.
10 02 76	LH	Áfengis- og umferðarlagabrot.
02 03 76	RK	Líkamsárás (meiriháttar).
07 05 76	HO	Áfengis- og umferðarlagabrot.
18 06 76	RG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
09 09 76	JFF	Þjófnaður.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

31 05 76	GHL	Áfengis- og umferðarlagabrot.
10 11 76	GHL	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

Ekkert.

XVII. Neskaupstaður.

Ekkert.

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

02 09 76	HI	Áfengis- og umferðarlagabrot.
18 02 76	ÓÁR	Áfengis- og umferðarlagabrot.
11 07 76	HÞK o. fl.	Skírlífisbrot.
15 11 76	HG	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

28 01 76	ÞH	Brot á lögum nr. 23/1959 um sauðfjárbaðanir.
76	GS	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XXI. Vestmannaeyjar.

02 06 71	KÓH	Líkamsárás.
31 08 72	SÁS	Líkamsárás.
07 06 74	BK	Líkamsárás.
22 11 74	GTG	Eignaspjöll, áfengis- og umferðarlagabrot.
01 12 76	RS	Þjófnaður og skjalafals.

XXII. Rangárvallasýsla.

Ekkert.

XXIII. Árnessýsla.

24 06 75	SHS o. fl.	

XXIV. Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýsla.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
30 10 74	SSGG	Líkamsárás (minniháttar).
15 05 75	IS	Þjófnaður og hótun um refsiverðan verknað.
05 09 75	ÞKJ	Fjársvik.
11 09 75	GGA	Áfengis- og umferðarlagabrot.
10 10 75	KS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
24 11 75	GSB	Fjársvik, nytjastuldur.
06 02 76	ÞSS	Fjársvik.
30 03 76	GGM	Líkamsárás (minniháttar).
21 06 76	RJ	Líkamstjón af gáleysi.
29 06 76	ÖE	Manndráp af gáleysi.
27 08 76	JÞ	Líkamsárás (minniháttar).
27 10 76	MHH	Áfengis- og umferðarlagabrot.
04 11 76	HG	Líkamsárás (meiriháttar).
20 11 76	EBS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
22 11 76	VÞ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
22 11 76	ÁRÁ	Fjárdráttur.
24 11 76	BÁG	Þjófnaður.
30 11 76	ÓRS	Fiskveiðibrot.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

29 07 75	JÞ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
11 03 76	BV	
08 04 76	FFE	Áfengis- og umferðarlagabrot.
07 05 76	PJJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
07 05 76	SRMC	Áfengis- og umferðarlagabrot.
17 08 76	PHG	Tollalagabrot.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósasýsla.

74	121374	Áfengis- og umferðarlagabrot.
12 11 74	25975	220 gr. alm. hgl. stofna lífi eða heilsu í hættu, húsbrot, eignaspjöll o. fl.
26 08 75	565176	Fjársvik.
29 08 75	134676	Skjalafals.
25 09 75	88076	Fjársvik.
25 09 75	288376	Fjársvik.
20 10 75	175976	Áfengis- og umferðarlagabrot.
31 10 75	288576	Áfengis- og umferðarlagabrot.
14 11 75	289176	
14 11 75	288276	Áfengis- og umferðarlagabrot.
19 11 75	89776	Fjársvik.
25 11 75	134276	Þjófnaður, áfengis- og tollalagabrot.
07 01 76	89876	Umferðarlagabrot.
19 01 76	90176	Skjalafals.
22 01 76	288476	Þjófnaður, skjalafals, hilming o. fl.
31 03 76	90576	Fjársvik.
14 04 76	90376	Áfengis- og umferðarlagabrot.
23 04 76	74376	Fjársvik.
26 04 76	88176	Áfengis- og umferðarlagabrot.
28 04 76	88376	Áfengis- og umferðarlagabrot.
28 04 76	88876	Áfengis- og umferðarlagabrot.
05 05 76	132176	Fjársvik og skjalafals.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
12 05 76	88476	Fjársvik.
24 06 76	106076	Umferðarlagabrot og líkamstjón af gáleysi.
30 06 76	93576	Umferðarlagabrot.
30 08 76	125876	Fjársvik.
14 09 76	143976	Fjársvik.
15 09 76	144176	Fjársvik.
15 09 76	125276	Fjársvik.
29 09 76	108076	Áfengis- og umferðarlagabrot.
21 10 76	80576	Nytjastuldur, áfengis- og umferðarlagabrot o. fl.
22 10 76	156376	Þjófnaður o. fl.
28 10 76	140276	Áfengis- og umferðarlagabrot.
01 11 76	92876	Skjalafals.
01 11 76	94276	Fjársvik.
02 11 76	96976	Fjársvik.
17 11 76	93776	Fjársvik.
02 11 76	152176	Fjársvik.
17 11 76	95076	Fjársvik.
17 11 76	95876	Fjársvik.
17 11 76	97876	Fjársvik.
17 11 76	163476	Áfengis- og umferðarlagabrot.
18 11 76	176476	Fjársvik.
18 11 76	176176	Fjársvik.
18 11 76	177076	Fjársvik.
18 11 76	153076	Fjársvik.
22 11 76	106876	Áfengis- og umferðarlagabrot o. fl.
24 11 76	86776	Áfengis- og umferðarlagabrot og líkamsárás.
26 11 76	111376	Áfengis- og umferðarlagabrot.
29 11 76	187776	Fjársvik.
10 12 76	185076	Áfengis- og umferðarlagabrot.
10 12 76	295976	Umferðalagabrot o. fl.
10 12 76	111576	Þjófnaður.

XXVII. Kópavogur.

09 02 76	REJ	Líkamsárás (meiriháttar).
17 02 76	BJE	Fjársvik.
08 04 76	ÖBN	Áfengis- og umferðarlagabrot.
04 05 76	AKJ	Fjársvik.
05 08 76	SÞ	Umferðarlagabrot.
24 08 76	GABG	Fjársvik.
02 09 76	ÓVH	Umferðarlagabrot.
14 09 76	GE	Fjársvik.
29 09 76	GG	Umferðarlagabrot.
06 10 76	GSÍ	Þjófnaður.
08 10 76	SHS	Þjófnaður.
26 10 76	ROS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
27 10 76	HG	Umferðarlagabrot.
22 10 76	HS	Áfengis- og umferðarlagabrot, nytjataka.
22 11 76	HEP	Umferðarlagabrot.
29 11 76	GGJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
30 11 76	JKG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
06 12 76	MBB o. fl.	Þjófnaður og áfengislagabrot.
20 12 76	PS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
21 12 76	EJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.

Auk þess sem hér að framan er talið voru til meðferðar sex mál hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum sem falla undir þennan lið.

Samtals falla því 239 sakamál undir þennan lið. Er skipting eftir brotum eftirfarandi miðað við hvað ákært var fyrir.

Áfengis- og/eða umferðarlagabrot	104
Fjársvik	48
Líkamsárásir	28
Þjófnaðir	13
Nytjataka	12
Skjalafals	12
Verðlagsbrot	6
Líkamstjón af gáleysi	6
Tollalagabrot	6
Fíkniefnamál	6
Fjárdráttur	3
220. gr. almennra hegningarlaga	3
Manndráp af gáleysi	3
Eignaspjöll	3
Brot gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf	1
Brot gegn farbanni	1
Brot gegn lögum um sauðfjárbaðanir	1
Skírlífisbrot	1
Fiskveiðibrot	1
Hilming	1
Hótun um refsiverðan verknað	1
Manndráp	1

D. **Sakamál, sem kærð voru fyrir 1. apríl 1976 og var ólokið 1. október s. l.** (Miðað var við að brot gæti hugsanlega varðað fangelsi.) Mál þessi eru flokkuð í tvennt:
a. Þau mál, þar sem ákæra hefur verið gefin út á þessu ári.
b. Önnur mál.

I. Reykjavík.

a.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	(Elsta) kæra:	Tegund brots:
03 01	ÆSI	Sept. 1975	Líkamsárás (minniháttar).
11 01	JSP	Okt. 1975	Hilming.
24 01	ÓVS	Ág. 1975	Líkamsárás (minniháttar).
24 01	GL o. fl.	Ág. 1974	Umboðssvik.
27 01	HHJ	Mars 1976	Þjófnaður.
27 01	BÞ	Ág. 1975	Blygðunarsemi særð.
27 01	ÓÓ	Ág. 1975	Brenna.
27 01	HK	Nóv. 1974	Brenna.
02 02	BHG	Ág. 1975	Eignaspjöll.
07 02	JES o. fl.	Ág. 1975	Skjalafals.
14 02	HS o. fl.	Júlí 1973	Líkamsárás (meiriháttar).
16 02	KÓS	Mars 1974	Fjársvik.
22 02	HIB	Júlí 1975	Líkamsárás (meiriháttar).
24 02	SC	Mars 1974	Líkamsárás (minniháttar).
28 02	GT	Nóv. 1972	Nauðgun.
01 03	JS	Jan. 1976	Skjalafals.
07 03	EL	Nóv. 1971	Fjársvik.
08 03	RRÓ	Feb. 1976	Líkamsárás (minniháttar).
08 03	GGG	Feb. 1976	Líkamsárás (minniháttar).

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	(Elsta) kæra:	Tegund brots:
11 03	HSK	Nóv. 1974	Kynferðisafbrot gegn barni.
11 03	KVV	Nóv. 1974	Manndráp.
30 03	GTÆ	Sept. 1975	Líkamstjón af gáleysi.
05 04	BJ	Sept. 1975	Fjársvik.
25 04	EÁ	Júní 1975	Fjárdráttur.
27 04	VG	Nóv. 1975	Líkamsárás (minniháttar).
02 05	GGK	Jan. 1973	Líkamsárás (minniháttar).
03 05	ÁÓS	Júní 1974	Líkamsárás (meiriháttar).
13 05	SG	Júlí 1975	Líkamsárás (minniháttar).
13 05	JÞH	Júlí 1975	Líkamsárás (minniháttar).
20 05	OEP	Mars 1976	Þjófnaður.
07 06	ME	Des. 1974	Fjársvik.
07 06	ÞS	Maí 1975	Fjársvik.
21 06	SLP	Feb. 1975	Líkamsárás (meiriháttar).
04 07	GÖJ	Apr. 1974	Skjalafals.
01 08	JJ	Jan. 1976	Skjalafals.
11 08	HWÁ	Jan. 1976	Skjalafals.
16 08	EÞ	Mars 1976	Þjófnaður.
18 08	GH	Feb. 1976	Þjófnaður.
19 08	GÞ	Júlí 1975	Þjófnaður.
26 08	VÓG	Nóv. 1975	Fjársvik.
14 09	JBF	Nóv. 1971	Skjalafals.
04 10	BAJ	Júní 1974	Líkamsárás (meiriháttar).
b.			
	GSE	Maí 1973	Líkamsárás (meiriháttar).
	ME	Júlí 1975	Áfengislagabrot.
	FC	Feb. 1976	Röng notkun mælitækja.
	AS	Nóv. 1975	Brottnám eða ónýting innsiglis.
	BG	Ág. 1975	Þjófnaður.
	FV	Okt. 1975	Fjárdráttur.
	EJ	Jan. 1974	Fjárhættuspil eða veðmál.
	TKÞ	Mars 1975	Líkamsárás (meiriháttar).
	ÁH	Mars 1975	Gjaldeyrisbrot.
	BK	Des. 1975	Fjársvik.
	HH	Okt. 1975	Fjárdráttur.
	ÓRS	Mars 1975	Líkamsárás (meiriháttar).
	HH	Júlí 1975	Eignaspjöll.

II. Akranes.

a.

12 01	5676	Líkamsárás, nauðung og 220 gr. alm. hgl.

b.

	61776	Þjófnaður og gripdeild.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Ekkert.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Ekkert.

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

a.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	(Elsta) kæra:	Tegund brots:
22 02	GÞÁ	24/02 1976	Trufla flugstjóra við stjórn flugvélar.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

a.

08 06	ÓE	28/12 1975	Líkamsárás (meiriháttar)

b.

HB		Þjófnaður.
GP	29/11 1973	Fjársvik.
BH	29/08 1975	Líkamsárás (minniháttar).
HJJ	26/12 1973	Líkamsárás (minniháttar).

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

Ekkert.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

a.

08 06	RÁ	18/03 1976	Líkamsárás.

XII. Siglufjörður.

a.

22 02	HP	1974	Skilasvik.

b.

KS	1974	Gjaldþrot.
SS	1968—1972	Bókhaldsbrot.

XIII. Ólafsfjörður.

Ekkert.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

b.

Bókhaldsbrot o. fl.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

b.

4674	Þjófnaður.
8175	Þjófnaður o. fl.
1676	Líkamstjón af gáleysi.
44776	Þjófnaður.

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

Ekkert.

XVII. Neskaupstaður.

Ekkert.

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

a.

01 06	HG	25/09 1974	Líkamsárás.

b.

	AÞ	17/09 1975	Fjárdráttur, brot í opinberu starfi.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XXI. Vestmannaeyjar.

b.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	(Elsta) kæra:	Tegund brots:
	ÞMF	12 06 1974	Fjárdráttur.
	RGE	05 11 1974	Skírlífisbrot.
	AKE o. fl.	24 01 1975	Hilming o. fl.
	RS	1975	Líkamsárás.
	EA	15 02 1976	Þjófnaður og innbrot.

XXII. Rangárvallasýsla.

a.

09 08		10/10 1975	Fjárdráttur.

XXIII. Árnessýsla.

b.

Auðkenni máls:	Tegund brots:
28174	Innbrot.
31774	Þjófnaður.
36074	Þjófnaður.
57074	Þjófnaður.
57774	Þjófnaður.
90174	Líkamsárás.
101574	Þjófnaður.
116274	Þjófnaður og líkamsárás.
128374	Þjófnaður.
129374	Þjófnaður.
132574	Skírlífisbrot.
975	Líkamsárás.
30275	Líkamsárás.
30575	Strok úr fangelsi.
78875	Líkamsárás.
98175	Líkamsárás.
136675	Líkamsárás.
140075	Fjársvik.
155075	Fjársvik.
156575	Fjársvik.
156675	Fjársvik.
157075	Fjársvik.
158375	Þjófnaður.
158775	Fjársvik.
174875	Líkamsárás.
2076	Fjársvik.
7676	Fjársvik.
15276	Þjófnaður.
19076	Þjófnaður.
23976	Þjófnaður.
26276	Fjársvik.
26576	Fjársvik.
27476	Þjófnaður og fjársvik.
27576	Þjófnaður og fjársvik.
27676	Þjófnaður og fjársvik.

XXIV. Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýsla.

a.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	(Elsta) kæra:	Tegund brots:
03 01	SGE	30/08 1975	Árás á opinberan starfsmann vegna skyldustarfa.
27 01	GSK	1974	Nauðgun.
16 03	JEV	06/03 1974	Fjársvik.
26 04	ÓÞE	20/09 1975	Manndráp og líkamstjón af gáleysi.
24 08	SS	20/08 1975	Þjófnaður.

b.

	ISÞ	24/03 1975	Þjófnaður.
		sept. 1975	Þjófnaður, áfengis- og tollalagabrot.
	RRG	01/04 1976	Þjófnaður.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

Ekkert.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

a.

04 02	16277	29/02 1975	Þjófnaður, gripdeild, fjársvik o. fl.
17 03	161076	29/08 1975	Fjársvik, skjalafals, brot í op. starfi.
24 03		13/06 1974	Skjalafals.
01 04	113576	02/01 1975	Líkamsárás.
06 04	121274	22/09 1970	Fjárdráttur, skjalafals.
01 06	123876	10/01 1976	Líkamsárás.
06 07	175677	14/03 1976	Líkamsárás.

b.

121174	1974	Fjársvik.
134976	07/07 1974	Nauðgun.
140576	09/10 1970	Fjársvik og þjófnaður.
140976	19/11 1974	Fjársvik o. fl.
318476	27/11 1976	Fjársvik.
96576	17/11 1975	Skjalafals.
109876	1976	Fjársvik.
355576	17/01 1976	Fjárdráttur.
43677	24/09 1975	Fjársvik.
365776	14/03 1975	Fjársvik.
133576	21/03 1976	Skjalafals.

XXVII. Kópavogur.

Ekkert.

Samtals hafa verið gefin upp 141 mál sem falla undir þennan staflið. Þar af hefur verið gefin út kæra í 61 máli á árinu 1977. Ekki þótti rétt að leita framangreindra upplýsinga hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem stofnunin er svo nýlega tekin til starfa.

Í þeim málum sem ákært hefur verið í er skipting þessi eftir brotum:

a.

Líkamsárásir	21
Þjófnaðir	10
Fjársvik	9
Skjalafals	9
Brenna	2
Nauðgun	2
Líkamstjón af gáleysi	2
Fjárdráttur	2
Hilming	1
Umboðssvik	1
Særa blygðunarsemi	1
Eignaspjöll	1
Kynferðisafbrot gegn barni	1
Manndráp	1
220,4 gr. almennra hegningalaga	1
Nauðung	1
Trufla flugstjóra við stjórn flugvélar	1
Skilasvik	1
Árás á opinberan starfsmann vegna skyldustarfa	1
Manndráp af gáleysi	1
Áfengis- og tollalagabrot	1
Gripdeild	1
Brot í opinberu starfi	1

b. Önnur mál skiptast þannig:

Þjófnaður	26
Fjársvik	22
Líkamsárásir	14
Fjárdráttur	4
Bókhalds- og skattalöggjöf	3
Áfengislög	2
Nauðgun	2
Innbrot	2
Röng notkun mælitækja	1
Taka burt eða ónýta innsigli	1
Fjárhættuspil eða veðmál	1
Gjaldeyrisbrot	1
Eignaspjöll	1
Gripdeild	1
Líkamstjón af gáleysi	1
Brot í opinberu starfi	1
Strok úr fangelsi	1
Skjalafals	1
Skírlífisbrot	1
Hilming	1

Sþ. 326. Fyrirspurn [163. mál]

til viðskiptaráðherra um umboðsmenn erlendra framleiðenda eða heildsala.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hverjir eru þeir 1000—2000 íslenskir aðilar sem gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur skrá yfir sem umboðsmenn erlendra framleiðenda eða heildsala er stunda innflutning til Íslands?
2. Fyrir hvaða vörur hafa þessir aðilar umboð hver um sig?
3. Hvernig skiptust þær 2517 milljónir króna í umboðslaunum, sem skil voru gerð fyrir í vörum eða gjaldeyri á síðasta ári, milli þessara aðila?
4. Hvaða reglur gilda um það, hverjir Íslendingar megi taka að sér erindrekstur fyrir erlenda framleiðendur og heildsala?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Sþ. 327. Fyrirspurn [164. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað vegna ráðgjafarstarfa um rekstur ríkisfyrirtækja eða stofnana.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvaða ríkisstofnanir hafa verið athugaðar í þeim tilgangi að koma á hagkvæmni og auknum sparnaði í rekstri á árunum 1974, 1975, 1976 og 1977?
2. Hverjir hafa annast þessar rannsóknir og hvað hefur hver aðili fengið í greiðslu fyrir þær?
3. Hvað hefur verið gert hjá viðkomandi stofnunum til þess að skipuleggja reksturinn í samræmi við tillögugerð, og hvað hefur það kostað?

Nd. 328. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir þrír nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt, en aðrir nefndarmenn, sem mættir voru á fundi, skila sérstöku nefndaráliti.

Sigurlaug Bjarnadóttir skrifar undir með fyrirvara.

Ingvar Gíslason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. jan. 1978.

Ellert B. Schram, varaform., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. **329. Tillaga til þingsályktunar** [165. mál]

um leit að nýjum karfamiðum.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Hafrannsóknastofnuninni að hefja hið fyrsta leit að nýjum karfamiðum með eigin skipi eða öðru hentugu togskipi, sem tekið yrði á leigu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fram borin 1973 og er nú endurflutt. Þá fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

„Það hefur verið vitað um alllangt skeið, að karfi gýtur í úthafinu. En það var ekki fyrr en 1961, að gotstöðvar hans voru staðsettar í Grænlandshafi og hafsvæðinu þar fyrir sunnan, vegna íslenzkra og þýzkra rannsókna. Önnur gotsvæði eru undan vesturströnd Norður-Noregs, undan austurströnd Nýfundnalands og á Nova Scotia-Main svæðinu.

Það kom snemma í ljós að magn seiða í úthafinu var það mikið, að um stóran gotstofn hlaut að vera að ræða.

Veiðitilraunir gerðar með handfæri frá veðurskipum í Grænlandshafi (Alfa) gáfu til kynna, að karfi var í úthafinu árið um kring.

Á árunum 1962 og 1963 gerðu Rússar nokkrar tilraunir til að veiða karfa í úthafinu með miðsjávarvörpu, en árangur var rýr.

Þjóðverjar hófu veiðar á karfa í miðsjávarvörpu haustið 1968 og öfluðu mjög vel til að byrja með. En mjög hefur dregið úr þeim afla, þótt eitthvað stundi þeir slíkan veiðiskap enn þá. Karfaveiðar Þjóðverja í miðsjávarvörpu eru ekki veiðar í úthafinu sjálfu, heldur hafa þeir veitt karfann yfir landgrunninu og þá vanalegast allnálægt botni á svæði suður af Eldey.

Þeir hafa stundað þessar veiðar eitthvað á hverju hausti síðan, en afli hefur verið tregur hjá þeim. Þeir taka tvö tog á sólarhring og hafa verið að fá ca. 15 tonn á sólarhring.

Karfinn, sem þeir veiða, er sams konar og sá, sem fæst í botnvörpu á svipuðum slóðum.

Íslendingar byrjuðu að leita að karfa í úthafinu 1972, og hafa alls á árunum 1972 og 1973 verið farnir 4 leiðangrar, þar sem slík veiði hefur verið reynd, 3 að hausti og 1 að vori, allir með r/s Bjarna Sæmundssyni. Þessar rannsóknir beindust m. a. að því að reyna að finna í úthafinu gotstofn þess karfa, sem heldur sig annars á landgrunnunum. Það hefur ekki tekizt enn þá. Það er hins vegar vitað, að hann leitar burt frá bönkum til gots. Þetta er því brýnt verkefni, sem þarf að leysa.

Rannsóknir Íslendinga og annarra benda því eindregið til þess, að í úthafinu sé sérstakur karfastofn.

Seiðarannsóknir og veiðitilraunir benda til þess, að hér sé um stóran stofn að ræða.

Veiðitilraunirnar hafa hins vegar sýnt fram á, að karfinn er mjög dreifður í úthafinu, bæði hvað snertir útbreiðslusvæði og dýpi, á þeim tímum, sem farið hefur verið í leiðangra. Þannig var reynt víða í Grænlandshafi á 50—650 m dýpi. Karfi fékkst á öllum dýpum.

Beztur afli hjá Bjarna Sæmundssyni var:

a) Í vestanverðu Grænlandshafi að hausti á 110 m dýpi, 321—330 kg pr. togtíma að meðaltali úr allmörgum togum.
b) í austanverðu Grænlandshafi að vorlagi á 250 m dýpi 230 kg pr. togtíma.

Þess ber að geta, að vélaorka í Bjarna Sæmundssyni er ekki næg til að toga stóra vörpu, og hefur því verið notazt við minni vörpu en æskilegt væri.

Enn fremur ber þess að geta, að svæðið, sem til greina kemur, er ákaflega stórt og því mjög takmarkað, hvað eitt skip getur annað á stuttum tíma. Enn fremur hefur vegna anna skipsins ekki enn verið unnt að fara á þeim tíma, sem vænlegastan til árangurs mætti telja.

Fiskleitartæki eru hins vegar góð í Bjarna Sæmundssyni. En þau hafa ekki komið fyllilega að tilætluðum notum, þar sem ekki hefur enn reynzt unnt að greina endurvörp á karfa með nokkurri vissu frá ýmsum öðrum endurvörpum.

Sá karfi, sem veiðzt hefur í úthafinu hingað til, hefur **allur** verið djúpkarfi (**Sebastes mentella**). Hin tegundin (**S. marinus**), sem er uppistaðan í veiði togaranna á íslenzka og austurgrænlenzka landgrunninu, hefur ekki fundizt í úthafinu enn þá.

Karfinn, sem veiðzt hefur í tilraunum Hafrannsóknarstofnunarinnar hingað til, er tvenns konar með tilliti til nýtingar:

1. Heldur smár karfi, en þó allur vinnsluhæfur, en mjög sýktur af sníkjukrabbanum **Sphyrion lumpi**, sem skilur eftir smá-„þris" í fiski undir roði, þar sem hann hefur setið. Enn fremur eru dökkir blettir í roði all-algengir á þessum karfa. Nýting hans reyndist 21.4% við vinnslu í frystihúsi. Þessi karfi hefur einkum veiðzt á tiltölulega litlu dýpi.
2. Vænn karfi, lítið sýktur af **S. lumpi** og með eðlilegu litarfari, og gæti verið djúpkarfi eins og við þekkjum hann frá landsgrunnshöllunum. Þessi karfi hefur að jafnaði veiðzt dýpra, en mun minna af honum.

Eftirfarandi atriðum, sem áhrif kunna að hafa á hugsanlega veiði karfa í úthafinu, hefur ekki verið svarað viðhlítandi enn þá:

1. Þéttist úthafskarfinn ekki einhvern tíma í úthafinu það mikið, að grundvöllur sé til veiða? Og ef svo er, þá
   a) Hvenær ársins?
   b) Á hvaða svæði?
   c) Í hvaða dýpi?
2. Gotstofnar karfans, sem algengastir eru við Ísland og Austur-Grænland, hafa ekki fundizt í úthafinu enn þá, en vitað er, að hann gýtur þar. Hvar halda þeir sig?
3. Eru gotstofnar tegundanna (karfa og djúpkarfa) aðskildir eða ekki?

Flutningsmenn telja mjög mikilvægt, að mál þetta sé kannað til hlítar hið allra fyrsta."

Ed. 330. Frumvarp til laga [166. mál]

um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Viðskiptabankar í eigu ríkisins, hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar, eru Búnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands.

Ríkisviðskiptabankarnir eru sjálfstæðar stofnanir, er lúta hver um sig sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabankanna er í Reykjavík, en auk þess geta þeir haft útibú og umboðsskrifstofur og fer um stofnun þeirra eftir b-lið 13. gr.

4. gr.

Hlutverk ríkisviðskiptabankanna er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í IV. kafla laganna.

Ríkisviðskiptabönkunum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað.

Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í hlutafélagsformi, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringa á starfsemi sinni orðið „Banki“ og önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur seðlabanka eða almenns viðskiptabanka sé að ræða. Ráðherra þeim, sem fer með bankamál, er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum málsgreinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Um starfsemi Veðdeildar Landsbanka Íslands, Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um þær gilda.

II. KAFLI

Stjórn.

6. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum þess ráðherra, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, yfirstjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Framkvæmdastjórn hvers ríkisviðskiptabanka er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

7. gr.

Ráðherra getur, hvenær sem er, krafið bankaráð og bankastjórn um yfirlit yfir rekstur og hag bankans.

8. gr.

Bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan þeirra varaformann.

9. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum ríkisviðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

Bankaráði er heimilt að ráða sér starfsmann, er ekki hafi með höndum önnur störf í þágu bankans. Starfsmaður þessi hafi aðstöðu til að fylgjast með starfsemi bankans eftir nánari ákvörðun bankaráðs.

10. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.

Bankaráð ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

11. gr.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra og segir þeim upp starfi.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

12. gr.

Bankaráð ákveður hverjir hafi heimild til að rita firma bankans svo skuldbindandi sé fyrir hann.

13. gr.

Bankaráð skal ávallt taka ákvarðanir um eftirtalda málaflokka, að fengnum tillögum bankastjórnar:

a) Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum bankans.
b) Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa, sbr. þó ákvæði 10. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.
c) Yfirtöku á starfsemi (eignum og skuldum) annarra innlánsstofnana.
d) Afskriftir af eignum bankans í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.
e) Ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða bankans.

Bankaráð getur, að fenginni umsögn bankastjórnar, sett almennar reglur um lánveitingar bankans, ef það telur ástæðu til.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál, sem bankastjórn leggur fyrir það eða það skal annast samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og ráðstafar að öðru leyti fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og ákvörðunum bankaráðs.

15. gr.

Bankastjórn undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hag bankans.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en nánari ákvæði um fundafjölda skal setja í reglugerð.

16. gr.

Bankastjórar og aðstoðarbankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði, en þeir skulu sitja bankaráðsfundi nema fjallað sé um mál, er varða þá sjálfa.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir mega ekki heldur án leyfis bankaráðs og ráðherra taka þátt í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana en bankans sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt.

18. gr.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Laun, eftirlaun og önnur ráðningarkjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra skulu ákveðin af bankaráði.

Um ákvörðun launa og starfskjara annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

III. KAFLI

Samstarfsnefnd.

19. gr.

Ríkisviðskiptabankarnir skulu hafa sín á milli náið samstarf, er miði að því að tryggja sem mesta rekstrarhagkvæmni og eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. Setja skal á stofn sérstaka samstarfsnefnd, er hafi það markmið að samræma starfsemi ríkisviðskiptabankanna, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Samstarfsnefndina skipa sjö menn. Ríkisviðskiptabankarnir skipa tvo nefndarmenn hver og Seðlabankinn einn. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

20. gr.

Verkefni samstarfsnefndarinnar eru:

a) Að koma á náinni samvinnu ríkisviðskiptabankanna um allt það, er stuðlað gæti að hagkvæmni í rekstri, svo sem samvinnu um bókhald, innkaup og erlend viðskipti.
b) Að vinna að því að endurskipuleggja útibúakerfi ríkisviðskiptabankanna í því skyni að tryggja eðlilega verkaskiptingu og stuðla að því, að útibú geti náð hagkvæmri stærð, án þess að dregið verði úr eðlilegri þjónustu við einstök byggðarlög.
c) Að fjalla um tillögur ríkisviðskiptabanka um stofnun nýrra útibúa.
d) Að vinna að því, að ríkisviðskiptabankarnir skipti með sér verkum, eftir því sem hagkvæmt þykir, varðandi þjónustu við einstök byggðarlög og atvinnugreinar. Skal nefndin vinna að tilflutningi viðskipta í því skyni, að sem mest jafnvægi náist milli ríkisviðskiptabankanna, að því er varðar útlán til einstakra atvinnugreina. Skulu bankarnir skiptast á almennum upplýsingum um útlánastarfsemi sína og önnur viðskipti, er tryggi sem best samræmi varðandi starfsreglur.
e) Að fjalla um hvaða mál önnur, sem stuðlað gæti að nánara samstarfi ríkisviðskiptabankanna, hagkvæmari rekstri þeirra og bættri þjónustu við atvinnuvegi landsmanna.

21. gr.

Auk þess samstarfs sín á milli, sem fjallað er um í þessum kafla, skulu ríkisviðskiptabankarnir einnig leita samstarfs við hlutafélagsbanka og sparisjóði með þau markmið fyrir augum, sem um ræðir í 20. gr.

IV. KAFLI
Starfsemi.

22. gr.

Starfsemi ríkisviðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimil önnur starfsemi en um getur í 1. mgr. Um frekari afmörkun á starfsvettvangi ríkisviðskiptabanka fer eftir öðrum ákvæðum í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. 47. gr.

23. gr.

Um rétt ríkisviðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands.

Ríkisviðskiptabanka, sbr. 1. mgr., er óheimilt að taka á sig gengisáhættu umfram það, sem óhjákvæmilegt er vegna venjulegra og eðlilegra gjaldeyrisviðskipta bankans.

Ríkisviðskiptabanka, sbr. 1. mgr., er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem honum er seldur. Þó skal hann selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir hans, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Ríkisviðskiptabanka, sbr. 1. mgr., er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skal hann gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Að öðru leyti en segir í 3. mgr. er ríkisviðskiptabanki, að því er varðar erlendar lántökur, háður ákvæðum laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, þ. á m. um lán, sem tekin eru til endurlána innanlands með gengisákvæði.

24. gr.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Ríkisviðskiptabanka er óheimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum og má ekki á neinn hátt taka þátt í eða bera ábyrgð á rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 25. gr. Þrátt fyrir þetta er ríkisviðskiptabanka heimilt að eiga aðild að fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bókhalds- og tölvuþjónustu í þágu innlánsstofnana.

25. gr.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar, sbr. a-lið 13. gr.

26. gr.

Úr innlánsskilríki, þ. e. sparisjóðsbók eða öðru slíku skilríki fyrir innláni, getur bankinn greitt hverjum þeim, sem hefur skilríkið undir höndum og gefur þær upplýsingar, sem bankinn almennt krefst eða um kann að hafa verið samið, sbr. þó 2. mgr. Ef sérstök ástæða er til, getur bankinn þó jafnframt krafist þess, að handhafi sanni rétt sinn til að taka fé út úr reikningnum.

Eigandi innlánsskilríkis getur mælt svo fyrir, að annar en hann sjálfur megi ekki leggja inn eða taka út fé úr því.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár skal setja í reglugerð, sbr. 47. gr.

27. gr.

Ríkisviðskiptabönkum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabankinn samþykkir.

28. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í ríkisviðskiptabanka.

Ríkisviðskiptabanki tekur við geymslufé (depositum).

29. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleitt í Lögbirtingablaði, og ef enginn gefur sig fram, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim aðila fjárhæðina, sem fengið hefur innlánsskilríkið eða viðtökuskírteinið, án þess að nokkur annar, er skjölin kunna að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

30. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til við ríkisviðskiptabanka, skulu að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans.

Heimilt er að stofna til skuldbindinga við ríkisviðskiptabanka án veðs eða ábyrgðar annarra, hafi bankinn aflað sér upplýsinga um viðkomandi viðskiptaaðila, sem að mati bankans sýna, að slíkra trygginga sé ekki þörf. Á meðan slík skuldbinding stendur, skal bankinn fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, þannig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans, ef þörf krefur.

Þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans, er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

31. gr.

Við ákvörðun heildarfyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila í formi útlána eða ábyrgða skal ríkisviðskiptabanki gæta þess, að heildarfjárhæðin sé í hæfilegu hlutfalli við eigið fé bankans með hliðsjón af þeim tryggingum, sem settar hafa verið, og fjárhag viðskiptaaðilans, sbr. 30. gr. Sama gildir um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að m. t. t. útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra við bankann í einu lagi.

32. gr.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur, endurskoðandi skipaður af ráðherra, bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki vera skuldskeyttir viðkomandi banka, hvorki sem skuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra, sem hér eru taldir.

Aðrir starfsmenn en um getur í 1. mgr. mega vera skuldskeyttir viðkomandi banka eftir reglum, sem bankaráð setur að fengnum tillögum bankastjórnar.

Ekki mega bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur, endurskoðandi skipaður af ráðherra né starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir né reka á nokkurn hátt erindi annarra við bankann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur eða endurskoðandi skipaður af ráðherra kunna að hafa stofnað til, áður en þeir eru kjörnir til starfans, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma að mati hlutaðeigandi bankastjórnar. Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar skulu greiða slíkar skuldbindingar upp, þegar er þeir taka við starfi.

V. KAFLI

Lausafjárstaða.

33. gr.

Ríkisviðskiptabanki skal gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

VI. KAFLI

Reikningsskil.

34. gr.

Reikningsár ríkisviðskiptabanka er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gerður ársreikningur.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar uppsetningu reikningsins, mat á hinum ýmsu liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

35. gr.

Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en í marsmánaðarlok.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri fram að færa athugasemdir við ársreikning, skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en í lok febrúarmánaðar.

36. gr.

Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum bankans og skal afhentur hverjum viðskiptaaðila, sem þess óskar.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum. Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaðinu í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður.

VII. KAFLI

Endurskoðun.

37. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn og löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn.

Nú hefur löggiltur endurskoðandi, sem ráðherra skipar skv. 1. mgr. í þjónustu sinni menn, sem vinna endurskoðunarstörf undir stjórn og á ábyrgð hans og er honum þá heimilt að láta þessa starfsmenn sína taka þátt í framkvæmd endurskoðunar hjá viðkomandi banka.

Endurskoðandi ríkisviðskiptabanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun. Ekki má hann

heldur vera í þjónustu bankaráðsmanns, bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Þóknun endurskoðenda er háð samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs.

Skylt er að veita endurskoðendum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skal bankaráð og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

38. gr.

Við ríkisviðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 11. gr.

39. gr.

Endurskoðendum, sbr. 37. gr., er heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar og öðru innra eftirliti bankans. Þeir skulu gefa gaum að því, að starfsemi endurskoðunardeildar og annað innra eftirlit bankans sé í fullnægjandi horfi. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma endurskoðun í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

40. gr.

Endurskoðendur skulu árita ársreikning. Einnig skulu þeir semja endurskoðunarskýrslu, sem fylgi ársreikningi, þar sem gerð sé grein fyrir endurskoðun á árinu og athugasemdum, ef einhverjar eru, sem þeir telja rétt að vekja athygli ráðherra á.

Bankaráð skal fá skýrslu endurskoðenda í hendur hæfilegum tíma, áður en ársreikningur er lagður fyrir ráðherra til staðfestingar. Skal bankaráð semja svar við athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru.

Endurskoðendur skulu færa endurskoðunarbók yfir störf sín. Þeir skulu með reglubundnum hætti, og ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, gera bankaráði grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar.

Endurskoðendum er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni bankans og framkvæmd endurskoðunar, sem það kann að óska eftir og þeir geta í té látið. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri bankans, varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu bankans eða viðskiptatraust hans, skulu endurskoðendur gera bankaeftiritinu viðvart.

41. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gera bankaráði og endurskoðendum, sbr. 37. gr., reglulega grein fyrir störfum deildarinnar. Hann skal jafnframt árita ársreikning bankans.

VIII. KAFLI

Refsiákvæði.

42. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

43. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti, samkvæmt öðrum lögum.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

44. gr.

Ríkisviðskiptabanki er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum.

Bækur ríkisviðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

45. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn ríkisviðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

46. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett ríkisviðskiptabanka og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

47. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs ríkisviðskiptabanka, nánari ákvæði um starfsemi hans.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. október 1978.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög:

Nr. 11 frá 29. mars 1961 um Landsbanka Íslands, nr. 12 frá 29. mars 1961 um Útvegsbanka Íslands, nr. 34 frá 29. maí 1957 um Útvegsbanka Íslands, nr. 28 frá 19. maí 1976 um Búnaðarbanka Íslands, nr. 31 frá 19. maí 1930 um sveitabanka og nr. 49 frá 8. september 1931 um Ríkisveðbanka Íslands og síðari breytingar á ofangreindum lögum, svo og önnur lög, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra. Skal Alþingi þá kjósa ný bankaráð samkvæmt ákvæðum laganna og skal kjörtími vera til ársloka 1980.
2. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi endurskoðenda ríkisviðskiptabankanna. Skal Alþingi þá kjósa nýja endurskoðendur skv. ákvæðum 37. gr. og skal kjörtími þeirra vera til ársloka 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Viðskiptaráðuneytið hefur látið semja frumvarp þetta. Undanfarið hefur verið unnið að endurskoðun löggjafar um innlánsstofnanir. Þetta frumvarp er hluti af því verki. Unnið er að samningu frumvarps til laga um viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi og frumvarps til laga um sparisjóði. Gert er ráð fyrir, að frumvörp til laga um þessar innlánsstofnanir verði lögð fyrir þetta þing.

Nauðsyn ber til að setja nýja heildarlöggjöf um bankastofnanir. Nú er eina heilsteypta löggjöfin á þessu sviði lögin um Seðlabanka Íslands, sem sett voru árið 1961. Sú löggjöf uppfyllir í flestu þær kröfur, sem gerðar eru nú á dögum til seðlabankalöggjafar. Um viðskiptabankana er hins vegar ekki til nein samstæð löggjöf. Starfar hver þeirra samkvæmt sérstökum lögum, sem að sumu leyti eru ósamstæð og að mörgu leyti ófullkomin.

Sparisjóðir búa við lög frá árinu 1941, sem á sínum tíma voru fullnægjandi, en eru nú mjög úrelt orðin.

Bankamál hafa oft komið til kasta Alþingis, sem hefur stundum varið miklum tíma í þessi mál. Hefur sérstökum milliþinganefndum nokkrum sinnum verið falið að athuga þessi mál og gera tillögur um þau. Slíkar bankamálanefndir störfuðu árin 1925—26, 1937—40 og 1951. Þrátt fyrir þetta og miklar opinberar umræður og ýmiss konar athuganir, hafa þessi mál ekki í heild verið tekin til almennrar meðferðar, ef frá eru skilin störf milliþinganefndar þeirrar, er starfaði árin 1937—40, og gerði heildstæðar tillögur um þetta svið allt, svo og störf bankamálanefndar, sem skipuð var af viðskiptaráðherra í maí 1972 í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar til að endurskoða allt bankakerfið. Nefnd þessi skilaði lokaskýrslu í formi greinargerða og tillagna í janúar 1973.

Auk viðskiptabanka og sparisjóða eru innlánsstofnanir hér á landi innlánsdeildir samvinnufélaga, Söfnunarsjóður Íslands og Póstgíróstofan. Af þessum síðastnefndu innlánsstofnunum skipta innlánsdeildir samvinnufélaga mestu máli. Starfsemi þeirra byggist á ófullkomnum ákvæðum í samvinnufélagalögunum. Ekki er gert ráð fyrir að tillögur til breytinga á skipulagi innlánsdeildanna verði lagðar fram nú samhliða frumvörpum um viðskiptabanka og sparisjóði, en hins ber að gæta, að ný löggjöf um sparisjóði gæti haft verulega þýðingu fyrir innlánsdeildirnar á þann hátt, að hugsanlega yrðu stofnaðir sparisjóðir upp úr einhverjum þeirra.

Þótt frumvörp þau, sem ráðgert er að leggja fyrir Alþingi nú, þ. e. um ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóði, nái þannig ekki til allra starfandi innlánsstofnana, taka þau til þeirra innlánsstofnana, sem mestu máli skipta og sem höfðu 96.5% af heildarinnlánum í árslok 1976. Má því til sanns vegar færa, að hér sé um að ræða nýja heildarlöggjöf um innlánsstofnanir, þ. e. a. s. almenna löggjöf um hverja tegund þessara innlánsstofnana. Draga frumvörp þessi dám hvert af öðru, enda er reynt að hafa samræmd ákvæði um almenn atriði varðandi þessar stofnanir. Frávik eru þó óhjákvæmileg, m. a. vegna mismunandi rekstrarforms, þ. e. ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóði, og ólíkra sögulegra og félagslegra forsendna.

Eins og áður er sagt hafa viðskiptabankar, bæði viðskiptabankar í eigu ríkisins og viðskiptabankar í hlutafélagsformi, starfað samkvæmt sérlögum um hvern fyrir sig og reglugerðum settum samkvæmt þeim og eru ákvæði sérlaganna að sumu leyti hin sömu, en ýmissa frávika gætir og margt er mjög ófullkomið. Má í því sambandi nefna, að þörf er á nútímalegum ákvæðum um eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu, töku greiðslutrygginga, hámarkslán til einstakra viðskiptaaðila, endurskoðun og önnur slík atriði. Ný og samræmd löggjöf ætti því að geta orðið til verulegra bóta í þessum efnum. Með setningu nýrrar og samræmdrar löggjafar er stefnt að því að setja fyllri og skýrari ákvæði um ýmis tæknileg atriði í rekstri bankanna auk endurskoðunar á öðrum ákvæðum.

Meginhlutverk viðskiptabanka, bæði hér á landi og í öðrum löndum, er móttaka á innlánsfé frá almennum viðskiptaaðilum og ávöxtun þessa fjár í útlánum, einkum í þágu atvinnuveganna. Er nú tekið fram í lögum um bankana, bæði viðskiptabanka í eigu ríkisins að undanteknum Landsbankanum og banka, sem reknir eru í hlutafélagsformi, að þeir skuli sérstaklega „styðja“ tilteknar atvinnugreinar og það sama kemur fram í nöfnum stofnananna. Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við það, að þessir aðilar skuli njóta forgangs um lánafyrirgreiðslu. Í Landsbankalögunum er tekið fram, að bankinn „skuli stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna“. Fallið er frá þessari lögfestingu sérhæfingar í frum-

varpinu og verður einnig svo í væntanlegu frumvarpi til laga um hlutafélagsbanka, enda er sú stefna eðlilegri, að viðskiptabankar geti veitt almenna og alhliða þjónustu í öllum atvinnugreinum. Að auki má benda á, að tenging útlánaviðskipta við ákveðið svið atvinnulífsins er ekki í samræmi við þá meginreglu öruggs bankarekstrar að dreifa útlánaáhættunni eins og kostur er.

Hér að framan hefur verið farið nokkrum orðum um helstu innlánsstofnanirnar, enda er eðlilegt að gefa stutt yfirlit yfir þau mál í heild hér, þar sem þetta frumvarp er einungis hluti endurskoðunar löggjafar um þessar stofnanir og tengist því með ýmsum hætti þeim frumvörpum, sem væntanlega verða lögð fyrir Alþingi, áður en langt um líður.

Með frumvarpi þessu, sem hér liggur fyrir, um viðskiptabanka í eigu ríkisins, er stefnt að því að setja ríkisviðskiptabönkunum sameiginlega og nútímalega löggjöf, er leysi af hólmi gildandi lög um einstaka banka.

Frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins var lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973—1974. Það frumvarp varð ekki útrætt. Frumvarpið var byggt á starfi bankamálanefndar þeirrar, sem starfaði 1972—1973 og tillögum hennar. Auk þess að setja sameiginlega og nútímalega löggjöf um ríkisviðskiptabanka stefndi frumvarpið að sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Við samningu þessa frumvarps, sem hér liggur fyrir, hefur mjög verið höfð hliðsjón af áðurgreindu frumvarpi. Ýmsu hefur þó verið breytt, sumu við aukið og öðru sleppt. Ekki eru í þessu frumvarpi ákvæði um sameiningu ríkisviðskiptabanka.

Ríkisviðskiptabankarnir eru þrír svo sem kunnugt er. Hinn elsti þeirra, Landsbanki Íslands, er jafnframt fyrsti viðskiptabankinn hérlendis. Hann hóf starfsemi sína árið 1886. Landsbankinn starfar nú samkvæmt lögum frá 1961. Útvegsbanki Íslands h/f tók við af Íslandsbanka h/f á árinu 1930 og var reyndar reistur á rústum hans. Ríkið átti þá þegar mikinn meirihluta hlutafjár í Útvegsbankanum. Honum var síðan breytt í hreinan ríkisbanka 1957. Útvegsbankinn starfar nú samkvæmt lögum frá 1961. Búnaðarbanki Íslands hóf starfsemi sína árið 1930 og var hann frá upphafi eign ríkisins. Búnaðarbankinn starfar samkvæmt lögum frá 1976, er tóku við af lögum um bankann frá árinu 1941.

Hlutur ríkisviðskiptabankanna í heildarstarfsemi bankakerfisins er mjög stór. Til viðmiðunar um þetta má nefna, að hlutdeild þeirra í heildarinnlánum innlánsstofnana var í árslok 1976 63.2%.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Hér er tekið fram, hvaða viðskiptabankar séu í eigu ríkisins. Er hér um að ræða Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Í hinum almennu athugasemdum hér að framan er fjallað nokkuð um ríkisviðskiptabankana og er vísað til þess.

2. mgr. er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum í 1. gr. laga nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, 1. gr. laga nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands og 1. gr. laga nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Um 2. gr.

Í þessari grein felst breyting frá samsvarandi ákvæðum gildandi laga. Auk reglu um ábyrgð ríkissjóðs á öllum skuldbindingum viðkomandi ríkisviðskiptabanka eru ákvæði um, að til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þurfi ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni. Þessi síðast nefndu ákvæði hafa vakið ýmsar spurningar. Hallast hefur verið að því, að hér sé annars vegar um að ræða takmörkun á ábyrgð ríkissjóðs, að því er erlendar

lántökur varðar, og hins vegar sjálfstæð heimild til lántöku erlendis gegn tryggingu í eignum bankanna. Ennfremur hafa í sambandi við þessa sjálfstæðu lántökuheimild vaknað spurningar um tengsl hennar við ákvæði laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, þar sem erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs eru háðar samþykki ríkisstjórnarinnar. Þar er um gjaldeyrisreglur að ræða og má með rökum halda því fram, að þær gildi um bankana þrátt fyrir ákvæði um sjálfstæða lántökuheimild. Þess ber að geta, að í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana, eru ekki frekari ákvæði um erlendar lántökur þeirra.

Í þessu frumvarpi er vafaatriðum þeim, sem að framan greinir, eytt. Kveðið er á um ábyrgð ríkissjóðs í þessari grein. Í því efni skipta og máli 40. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæði í lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, t. d. 2. gr. þ. l. Tekin eru upp í frumvarpið ákvæði, sem afmarka heimildir ríkisviðskiptabankanna til að taka erlend lán. Eru þær reglur í 23. gr. frumvarpsins og er heimildin bundin við yfirdráttarheimildir erlendis til skamms tíma. Að öðru leyti er sjálfstæð „stjórnarfarsleg" heimild ríkisviðskiptabankanna felld niður og skýrt kveðið á um í 5. mgr. 23. gr., að bankarnir séu háðir ákvæðum laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála um lántökur erlendis að undanteknum ofangreindum yfirdráttarheimildum hjá erlendum bönkum.

Um 3. gr.

Þessi grein þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Lagt er til, að hlutverk ríkisviðskiptabanka sé að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, sbr. 1. mgr., sem er nánar skilgreind í IV. kafla frumvarpsins, og vísast til athugasemda um greinar þess kafla. Rétt þykir að benda á, að hér er lagt til, að fallið verði frá þeirri stefnu, að ríkisviðskiptabankarnir sérhæfi sig í þjónustu við tilteknar atvinnugreinar, eins og verið hefur hingað til, og á það sérstaklega við um Búnaðarbankann og Útvegsbankann, með það fyrir augum, að þeir geti veitt almenna og alhliða bankaþjónustu öllum greinum atvinnuvega landsmanna. Nánar er fjallað um þetta í hinum almennu athugasemdum hér að framan og vísast til þess.

Í 2. mgr. er lagt til, að ríkisviðskiptabönkunum einum sé heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög ákveði annað. Með ákvæði þessu er ætlunin að girða fyrir það, að nýir viðskiptabankar geti hafið starfsemi hér á landi, án þess að fyrir liggi samþykki löggjafarvaldsins. Ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á starfsemi þeirra viðskiptabanka, sem nú eru reknir skv. sérstökum lögum og eru í formi hlutafélaga né heldur á starfsemi sparisjóða, en skilgreining á sparisjóðsstarfsemi og viðskiptabankastarfsemi er eins samkvæmt frumvörpunum.

Í 3. mgr. er lagt til, að Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í formi hlutafélaga, sem starfa skv. sérstökum lögum, verði veittur einkaréttur á orðinu „Banki" til notkunar í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni og öðrum ótilgreindum orðum, sem benda til þess, að um seðlabankaeða viðskiptabankastarfsemi sé að ræða. Ennfremur er lagt til, að ráðherra sá, sem fer með bankamál, geti veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. Nái ákvæði þetta fram að ganga, er ljóst, að nokkrir aðilar verða sviptir rétti til að nota orðið „Banki" í firma sínu. Má sem dæmi nefna, að til eru fyrirtæki hér, utan hins almenna bankakerfis, sem skírð hafa verið „Eignabankinn h.f.", „Hugmyndabankinn" og „Verðbréfabankinn". Eðlilegt þykir, að þeir aðilar, sem heimild hafa lögum samkvæmt, til að reka almenna bankastarfsemi hér á landi, fái einkarétt á orðinu „Banki", þó að það svipti nokkra aðila rétti til notkunar orðsins, sem ekki stunda almennan bankarekstur. Eins og fram kemur hér að framan er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu. Ástæðan fyrir

því er sú, að sérstakar ástæður geta mælt með því, að fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru bankar í almennum skilningi þess orðs, geta átt erfitt eða ómögulegt með að finna annað jafngott orð yfir starfsemi sína, og var t. d. „Blóðbankinn“ hafður í huga í því sambandi. Ennfremur kæmi „Hjálpartækjabankinn“ til álita í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Hér er tekið fram, að um starfsemi veðdeilda Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands svo og Stofnlánadeildar landbúnaðarins fari eftir þeim lögum og reglugerðum, sem um þessar stofnanir gilda.

Um stofnun veðdeildar Landsbanka Íslands eru lög nr. 1/1900. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands starfar samkvæmt III. kafla laga nr. 115/1941, um Búnaðarbanka Íslands, en sá kafli hélt gildi sínu við gildistöku hinna nýju laga um Búnaðarbankann frá 1976. Um starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins fer eftir lögum nr. 45/1971, sbr. lög nr. 68/1973. Sérstök nefnd á vegum Landbúnaðarráðuneytisins hefur unnið að endurskoðun laga um stofnlánadeildina.

II. KAFLI

Um 6. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga um Landsbankann og Útvegsbankann. Samkvæmt 8. gr. gildandi laga um Búnaðarbankann er yfirstjórn bankans í höndum þess ráðherra, sem fer með landbúnaðarmál. Eðlilegra er, að sami ráðherra, þ. e. a. s. ráðherra sá, sem fer með bankamál, hafi yfirstjórn allra ríkisviðskiptabankanna.

Samkvæmt 2. mgr. fer landbúnaðarráðherra áfram með umsjón stofnlánadeildar. Hins vegar færist yfirstjórn veðdeildar Búnaðarbankans til þess ráðherra, sem fer með bankamál, ef frumvarp þetta verður að lögum, enda eðlilegast, að veðdeildin fylgi Búnaðarbankanum í þessum efnum. Ákvæði 3. mgr. um bankastjórn eru í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Um 7. gr.

Grein þessi er nýmæli. Rétt þykir og í samræmi við kröfur tímans að veita ráðherra virkari úrræði til að fylgjast með rekstri ríkisviðskiptabanka.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum í gildandi lögum um skipan bankaráða ríkisviðskiptabankanna.

Í gildandi lögum um Landsbankann og Útvegsbankann eru í 2. mgr. 9. gr. ákvæði um, að bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skuli vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Ekki er eðlilegt að halda í skilyrði af þessu tagi og er lagt til, að þau verði felld niður. Þess konar skilyrði eru ekki og hafa ekki verið í lögum um Búnaðarbankann.

Um 9. gr.

1. mgr. svipar til ákvæða gildandi laga um meginhlutverk bankaráðanna. Til nánari útfærslu er hér til viðbótar kveðið á um, að bankaráð hafi einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

Í 2. mgr. er mikilvægt nýmæli, sem ætlað er að styrkja bankaráðin og bæta starfsskilyrði þeirra. Þar er um að ræða heimild fyrir bankaráðin til að ráða sér sérstakan starfsmann, er ekki hafi með höndum önnur störf í þágu bankans. Ætti að vera til bóta, að bankaráðin hafi sérstakan starfsmann á sínum snærum, er eingöngu vinni á þess vegum og í þágu þess. Hér er um heimild að ræða og sé hún notuð fer eftir frekari ákvörðun bankaráðs um aðstöðu þessa starfsmanns til að fylgjast með starfsemi bankans eins og tekið er fram í greininni.

Um 10. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru efnislega hliðstæð samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum um Landsbankann, Útvegsbankann og Búnaðarbankann. Þær breytingar eru þó, að um aðstoðarbankastjóra er hér fjallað í 11. gr. og lagt er til, að bankaráð skuli hafa samráð við ráðherra, þegar um fyrirvaralausa frávikningu bankastjóra að ræða.

Um 11. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Skv. gildandi lögum um Landsbankann ræður bankaráð eftirtalda starfsmenn, án tillagna frá bankastjórn: aðalféhirði, aðalbókara, forstöðumann endurskoðunardeildar og útibúa utan Reykjavíkur. Sama gildir um Útvegsbankann að undanskildum forstöðumanni endurskoðunardeildar, sem ekki er nefndar í hliðstæðri lagagrein í Útvegsbankalögunum. Lög Búnaðarbankans kveða á um, að bankaráð ráði aðalbókara og aðalféhirði og stjórnendur útibúa bankans.

Í 1. mgr. er lagt til, að bankaráð ráði, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segi þeim upp starfi. Þykir eðlilegt, að bankastjórar ríkisviðskiptabankanna eigi tillögurétt um stöður þessar innan sinnar stofnunar, þar sem þær eru svo nátengdar störfum þeirra sjálfra.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að bankaráð ríkisviðskiptabanka ráði forstöðumenn endurskoðunardeilda bankanna, án tillagna frá viðkomandi bankastjórn. Heyra endurskoðunardeildir því undir bankaráð og er það eðlilegt, ef tekið er tillit til innri uppbyggingar bankanna.

Í frumvarpi þessu er ekki sagt berum orðum, hverjir ráði aðra starfsmenn bankanna og segi þeim upp starfi. Þykir óþarfi að nefna það, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóta það að vera bankastjórnirnar, sem annast daglega stjórn bankanna og standa fyrir rekstri þeirra.

Um 12. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 13 gr.

Hér eru taldir upp fimm málaflokkar, sem lagt er til, að bankaráð skuli ávallt taka ákvarðanir um að fengnum tillögum bankastjórna. Eru þeir það mikilvægir fyrir starfsemi og stefnumótun bankanna, að ástæða þykir til að nefna þá sérstaklega. Að sjálfsögðu fjalla bankaráð um önnur mál, er varða starfsemi bankanna annað hvort að sjálfsdáðum eða skv. tillögum bankastjórna, sbr. 3. mgr. greinarinnar og önnur ákvæði frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mikilvægt nýmæli, þar sem bankaráði er veitt heimild til að setja, að fenginni umsögn bankastjórnar, almennar reglur um lánveitingar bankans. Hér er alls ekki um það að ræða, að bankaráð gefi fyrirmæli um einstakar lánveitingar, heldur verður hér aðeins um almenna stefnumörkun að ræða með setningu slíkra almennra reglna. Heimild þessi er í samræmi við starfsskiptingu bankaráðs og bankastjórnar og þau meginhlutverk bankaráðanna, sem greind eru í 9. gr.

Um 14. gr.

Greinin er að meginefni samhljóða hliðstæðum greinum í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Um 15. — 16. gr.

Efnislega eru greinar þessar samhljóða þeim ákvæðum laga, sem um þessi mál gilda nú.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að efni til hliðstæð þeim ákvæðum laga, sem um þessi mál gilda nú. Lagt er fortakslaust bann við því, að bankastjórar, aðstoðar-

bankastjórar og útibússtjórar stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Að því er varðar þátttöku þeirra í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja en viðkomandi banka sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt þurfa þeir, auk leyfis bankaráðs, samþykki ráðherra og er það breyting frá gildandi lögum. Í 21. gr. laga um Seðlabankann eru aukastörf bankastjóra þess banka háð samþykki ráðherra, en ráðherra skipar bankastjórana. Þótt ráðherra skipi ekki bankastjóra ríkisviðskiptabankanna er ekki óeðlilegt, að hann hafi afskipti af þessum málum auk bankaráðs með hliðsjón af hlutverki hans í yfirstjórn ríkisviðskiptabankanna samkvæmt þessu frumvarpi.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru í samræmi við gildandi ákvæði.

Um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins hafa nýlega verið sett sérstök lög, l. nr. 34, 12. maí 1977.

III. KAFLI

Um 19. — 21. gr.

Ákvæði þessara greina eru nýmæli. Hér er mælt fyrir um stofnun sérstakrar samstarfsnefndar er skipuð sé sjö mönnum, tveimur frá hverjum ríkisviðskiptabanka og einum frá Seðlabanka Íslands. Nauðsynlegt er að tryggja sem best samstarf bankanna m. a. til að auka sem mest rekstrarhagkvæmni þeirra, vinna að endurskipulagningu útibúakerfis og fjalla um verkaskiptingu þeirra. Eru verkefni nefndarinnar talin upp í 20. gr. og skýra ákvæði greinarinnar sig sjálf.

IV. KAFLI

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið bankastarfsemi. Þessi skilgreining sýnist komast næst því, sem almennt er álitið felast í hugtakinu bankastarfsemi. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, hefur verið fallið frá þeirri stefnu að afmarka starfsemi ríkisviðskiptabankanna við ákveðnar atvinnugreinar, heldur eru þeir gerðir að alhliða viðskiptabönkum, sem eiga að geta þjónað landsmönnum og atvinnuvegum þeirra á öllum sviðum bankastarfsemi.

Með ákvæði 1. mgr. er fallið frá þeirri venju að tiunda, hvernig viðskiptabankar leysi hlutverk sitt, sbr. eftirfarandi upptalningu, sem er 5. gr. laga um Landsbankann:

„Hlutverk sitt leysir Landsbankinn af hendi með því:

a. Að taka fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.“

Með ákvæðum 1. mgr. er síður en svo verið að þrengja starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna frá því, sem nú er, og má segja, að í ákvæðum 1. mgr. felist öll þau atriði, sem talin eru í a—g liðum 5. gr. Landsbankalaganna, auk annarra atriða, sem fólgin eru í banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

2. mgr. takmarkar starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna innan ramma frumvarps þessa.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er vísað til þeirra reglna, sem nú gilda, þ. e. í lögum um Seðlabankann, viðvíkjandi rétti til verslunar með erlendan gjaldeyri. Í 19. gr. seðlabankalaganna er svo kveðið á, að auk Seðlabankans hafi Landsbankinn og Útvegsbankinn rétt til að versla með erlendan gjaldeyri, en bankastjórn Seðlabankans sé heimilt að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa öðrum bönkum svo og póststjórninni að versla með erlendan gjaldeyri innan takmarka, sem bankastjórnin ákveður. Með þessu frumvarpi verður því engin breyting á núverandi skipan þessara mála.

Innstæður, sem ríkisviðskiptabankarnir eignast erlendis umfram eðlilegar viðskiptaþarfir, verður að skoða sem hluta af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem landið ræður yfir. Skv. lögum er Seðlabankanum falið að varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsins. Þykir því eðlilegt, að Seðlabankinn geti fengið keyptan slíkan gjaldeyri, ef hann telur nauðsyn bera til, t.d. vegna ástands gjaldeyrismála. Það er á sama hátt nauðsynlegt, að lántökur bankanna erlendis séu innan marka eðlilegra viðskiptaþarfa, og að jafnaði ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn geti fylgst með slíkum lántökum ríkisviðskiptabankanna. Um erlendar lántökur bankanna er nánar fjallað í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Hér er um nýmæli að ræða bæði í 1. og 2. mgr. Lagt er til, að ríkisviðskiptabönkunum sé óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirra eða vegna líklegrar aukningar á starfseminni. Rök fyrir þessu ákvæði eru þau, að óeðlilegt þykir, að ríkisviðskiptabankarnir geti fest laust fé sitt í fasteignum, enda samrýmist það ekki hlutverki þeirra skv. 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að bankarnir geti leigt út húsnæði, enda sé það í byggingu, sem sé að megintilgangi ætluð starfsemi bankans. Sérstaklega á þetta við um byggingar útibúa bankanna, þar sem opinberir aðilar eru oft leigjendur.

Í 2. mgr. er ríkisviðskiptabönkunum bannað að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum.

Undantekningar frá þessum ákvæðum eru annars vegar í 25. gr., um yfirtöku eigna til fullnustu kröfu og í 2. málsl. 2. mgr. þessarar greinar, þar sem ríkisviðskiptabönkunum er veitt heimild til að eiga aðild að fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bókhalds- eða tölvuþjónustu fyrir innlánsstofnanir og er Reiknistofa bankanna höfð hér sérstaklega í huga.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að yfirtaka eigna sé heimil, t. d. þegar banki eignast fasteign á nauðungaruppboði. Óraunhæft þykir að setja ákveðna fresti fyrir bankana til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torseljanlegar.

Um 26. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru í samræmi við núverandi framkvæmd á þessu sviði hjá innlánsstofnunum og þarfnast greinin því ekki nánari skýringa.

Rétt er þó að taka fram, að til álita gæti komið að setja í lög ákvæði eins og tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum, að krafist sé fullkominnar nafnskráningar við opnun innlánsreikninga. Ekki þótti þó rétt að gera tillögu um það hér, þar sem núverandi fyrirkomulag í þessum efnum hefur tíðkast hérlendis um langt skeið og vandséð er hvaða áhrif breyting á því mundi hafa.

Á það má þó minna, að nýlega hafa verið tekin upp hér á landi sérstök innlánsform, svonefndir vaxtaaukareikningar og gjaldeyrisreikningar, þar sem krafist er nafnskráningar.

Um 27. gr.

Æskilegt er, að innlánsstofnanir leiti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxtaákvörðunarvalds bankans.

Um 28. gr.

Samhljóða gildandi ákvæðum.

Um 29. gr.

2. gr. laga nr. 14/ 1905 kveður m. a. svo á, að kröfur á hendur banka um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í bankann, fyrnist á 20 árum. Tilkynningarfrest mætti setja í reglugerð.

2. mgr. er efnislega í samræmi við gildandi ákvæði.

Um 30. gr.

Í 5. gr. gildandi laga um Landsbanka og Útvegsbanka og Búnaðarbanka segir m. a., að þessum bönkum sé heimilt að:

Kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir,
kaupa og selja verðbréf,
veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

Önnur ákvæði, sem varða tryggingar fyrir útlánum er ekki að finna í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skuli að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð, sbr. 2. mgr.

Á síðari árum hefur það farið í vöxt, að bankarnir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag og noti þessar upplýsingar til að meta almennt lánshæfi viðkomandi aðila. Ljóst er, að í framtíðinni verður slíkum vinnubrögðum beitt í vaxandi mæli við afgreiðslu á lánsumsóknum. Með hliðsjón af þessari þróun, sem telja verður eðlilega og æskilega, er ríkisviðskiptabanka í 2. mgr. heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati bankans á afkomu og efnahag lántaka. Í slíkum tilfellum skal bankinn fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru ekki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem bankinn aflar um afkomu og efnahag lántaka né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati bankans og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans, enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Hér eru t. d. höfð í huga svokölluð sparilán Landsbankans og önnur hliðstæð lán, sem fyrir kynnu að koma, þar sem bankinn byggir lánveitinguna á því, að lántakinn hefur sparað reglulega í bankanum og sýnt fyllstu reglusemi í þeim viðskiptum.

Um 31. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru til komin vegna þeirrar áhættu, sem í því getur falist, ef viðskiptabanki lánar einum viðskiptaaðila mjög háar upphæðir miðað við eigið fé bankans. Við mat á þessari áhættu þarf að sjálfsögðu að taka tillit til öryggis þeirra trygginga, sem settar hafa verið fyrir lánunum og vitneskju bankans um fjárhagslegan styrk lántaka.

Nefna má, að í almennri viðskiptabankalöggjöf í Danmörku og Noregi eru nákvæmar reglur settar um hámark lánveitinga til eins viðskiptaaðila, þar sem

tekið er mið af eigin fé bankans og þeim tryggingum, sem fyrir lánunum eru. Í viðskiptabankalöggjöf Finnlands og Svíþjóðar eru hins vegar almenn ákvæði um þetta efni í líkingu við ákvæði frumvarpsgreinarinnar. Þar sem um nýmæli er að ræða í viðskiptabankalöggjöf hérlendis, þótti ekki rétt að leggja til, að lögfestar yrðu ófrávíkjanlegar reglur um þetta atriði, þegar í hlut eiga viðskiptabankar í eigu ríkisins.

Um 32. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. laga um Landsbankann, Útvegsbankann og Búnaðarbankann eru ákvæði, sem banna bankastjórum og starfsmönnum að vera skuldskeyttir viðkomandi banka, sem skuldunautar eða ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði í Landsbankalögum veita undanþágu, er varðar skuldbindingar, sem þessir aðilar stofna til við veðdeild bankans.

Í 1. mgr. er lagt til, að bann við skuldskeytingu nái til allrar yfirstjórnar banka og útibúa, hvort sem þeir aðilar séu kjörnir eða ráðnir til starfa, endurskoðenda og maka allra þeirra, sem taldir eru í málsgreininni. Ákvæðinu er ætlað að koma m. a. í veg fyrir, að þessir aðilar geti notað aðstöðu sína innan viðkomandi banka í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn, er lagt til í 2. mgr., að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér, að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinna hjá eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar. Ákvæði hliðstæð þessu er að finna í viðskiptabankalögum á Norðurlöndum.

Ákvæði 3. mgr. er ekki í gildandi lögum um ríkisviðskiptabanka, en hliðstætt ákvæði er að finna í reglugerð fyrir Seðlabankann.

Í 4. mgr. er lagt til, að hlutaðeigandi bankastjórn meti í hverju tilviki, hvort ástæða sé til að breyta áður gerðum skuldbindingum bankaráðsmanna, varamanna þeirra eða endurskoðenda við hlutaðeigandi banka. Ákvæði þetta kemur m. a. í veg fyrir framlengingu á áður umsömdu láni, á meðan aðilar þessir eru í tengslum við bankann.

V. KAFLI

Um 33. gr.

Þau ákvæði í gildandi lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka, sem miða að því að tryggja lausafjárstöðu þeirra, eru í 6. gr. laganna. Í þessum ákvæðum er m. a. að finna fyrirmæli um, að bankarnir skuli eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í „tryggum og auðseldum verðbréfum".

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lausafjárstöðu banka og annarra innlánsstofnana.

Með frumvarpsgreininni er reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé bankans sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

VI. KAFLI

Um 34. gr.

Að miða reikningsárið við almanaksárið er í samræmi við gildandi ákvæði.

Í 2. mgr. eru settar fram almennar reglur um gerð ársreiknings og er vísað til laga og hugtaksins góð reikningsskilavenja. Þetta hugtak er þegar til í lögum hér á landi, þ. e. a. s. lögum nr. 51/1968, um bókhald. Segja má, að með þessu hugtaki sé einkum átt við, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við það, sem almennt

gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma. Þau lög, sem átt er við, eru fyrst og fremst lög um bókhald.

Í 3. mgr. er ráðherra gert skylt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Fyrirmynd þessa ákvæðis er í lögum nr. 26/1973, um vátryggingarstarfsemi, þar sem tryggingamálaráðherra ákveður form ársreikninga vátryggingarfélaga og hefur verið gefin út reglugerð (nr. 77/1975) um ársreikninga þessara félaga. Eðlilegt er að gera ráð fyrir tillögugerð bankaeftirlitsins varðandi reglur um gerð ársreikningsins. Vegna eftirlitsstarfa sinna og skýrslugerða hefur bankaeftirlitið innheimt um nokkurt skeið rekstrar- og efnahagsreikninga frá viðskiptabönkunum í samræmdu formi. Engu að síður mun enn þá nokkuð mismunandi, hvernig einstakir bankar setja reikninga sína upp og birta þá opinberlega.

Um 35. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkuð fyllri en hliðstæð ákvæði í gildandi lögum.

Tímamörk varðandi lok reikningsskila eru ekki í gildandi lögum um bankana, en í reglugerðum fyrir Landsbankann og Útvegsbankann er svo kveðið á, að ársreikninga skuli birta í B-deild Stjórnartíðinda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

Um 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VII. KAFLI

Um 37., 38. og 39. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. er gert ráð fyrir, að haldið sé því fyrirkomulagi, að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Sú breyting er þó gerð, að hér er lagt til, að endurskoðendurnir verði kosnir til fjögurra ára í senn í stað tveggja eins og er samkvæmt gildandi lögum. Það mikilvæga nýmæli er í 1. mgr., að lagt er til, að auk hinna þingkjörnu endurskoðenda skuli starfa að endurskoðun ríkisviðskiptabanka löggiltur endurskoðandi, sem ráðherra skipar og skv. 2. mgr. er honum veitt heimild til að láta menn, sem eru í þjónustu hans, taka þátt í framkvæmd endurskoðunar hjá viðkomandi banka.

Í 39. gr. er mælt fyrir um, að við hvern ríkisviðskiptabanka skuli starfa endurskoðunardeild, sem annast skal um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, og í 39. gr. segir m. a., að endurskoðendum sé heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar.

Ákvæði þessara frumvarpsgreina verður að skoða í ljósi þeirra staðreynda, að fjölþættari starfsemi og vaxandi umsvif banka og annarra innlánsstofnana, ásamt breyttri tækni við bókhald og á fleiri sviðum, krefst aukinnar faglegrar þekkingar af þeim, sem við endurskoðun fást í þessum stofnunum og breyttrar skipulagningar þessara starfa. Má benda á, að á Norðurlöndum hafa kröfur til faglegrar þekkingar þeirra, sem ábyrgð bera á endurskoðun hjá innlánsstofnunum, farið sífellt vaxandi, og inn í flest þau lög, sem slíkar stofnanir varða, er nú komið ákvæði um, að löggiltur endurskoðandi skuli eiga aðild að endurskoðuninni. Telja verður, að skipulag og framkvæmd endurskoðunar hjá innlánsstofnunum hér á landi kalli á ýmsar breytingar, bæði hjá minni stofnunum og hinum stærri, þ. á m. ríkisviðskiptabönkunum.

Í heild er með ákvæðum 37.—39. gr. miðað að aukinni faglegri þekkingu þeirra, sem að endurskoðun starfa hjá ríkisviðskiptabönkunum, jafnframt því sem stefnt er að breytingum á skipulagi og framkvæmd þessa starfsþáttar í samræmi við þær breyttu aðstæður í þessum efnum, sem vikið var að hér á undan.

Um 40. gr.

Hér er kveðið á um áritun endurskoðenda skv. 37. gr. á ársreikninginn og um það, hvernig þeir skuli gera frekari grein fyrir endurskoðun á árinu og niðurstöðum hennar. Ennfremur er hér almennt fjallað um störf og skyldur endurskoðendanna, þ. á m. um upplýsingaskyldu þeirra gagnvart bankaeftirlitinu.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 41. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VIII. KAFLI

Um 42. og 43. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

IX. KAFLI

Um 44. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við gildandi ákvæði um ríkisviðskiptabankana, en í lok 1. mgr. er nýmæli, sem þykir rétt að setja m. a. með tilliti til þess, að ríkisviðskiptabankarnir greiða nú landsútsvar.

Um 45., 46. og 47. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 48. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að hér er notað tækifæri til þess að fella úr gildi lög um sveitabanka og Ríkisveðbanka Íslands, en bæði þessi lög hafa verið í gildi yfir fjóra áratugi án þess að ákvæði þeirra hafi nokkurn tíma komið til framkvæmda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hér er annars vegar mælt fyrir um niðurfellingu umboðs núverandi bankaráða og kosningu nýrra samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og hins vegar um, að umboð núverandi endurskoðenda falli niður og nýir verði kosnir og skipaðir í samræmi við ákvæði 37. gr.

Ed. 331. Frumvarp til laga [167. mál]

um afnám laga nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Lög nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um Fiskimálaráð var lagt fram á Alþingi 1967 og 1968 og var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi mótatkvæðalítið hinn 9. apríl 1968. Utan þings mætti stofnun Fiskimálaráðs andstöðu, einkum vegna þess, hve hlutverk ráðsins þótti skylt hlutverki Fiskifélags Íslands, auk þess sem ýmsum þótti, sem verið væri að fela Fiskimálaráði verkefni, sem betur ættu heima í ráðuneyti. Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs hefur verið greiddur úr Fiskimálasjóði.

Framkvæmdanefnd Fiskimálaráðs ritaði sjávarútvegsráðuneytinu bréf dags. 23. mars 1970, þess efnis að gerð yrði könnun á heildarstjórn sjávarútvegsmála hérlendis og með bréfi dagsettu 26. maí s. á. skipaði ráðuneytið 3ja manna nefnd fulltrúa frá Fiskimálaráði, Fiskifélagi Íslands og sjávarútvegsráðuneyti til að gera könnun á heildarstjórn sjávarútvegsmála, m. a. á skipulagi og innbyrðis tengslum stjórnarstofnana í sjávarútvegi. Nefndina skipuðu Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Már Elísson, fiskimálastjóri og Eggert Jónsson, framkvæmdastjóri Fiskimálaráðs. Nefndin skilaði áliti og tillögum í nóvember 1971.

Í nefndarálitinu var lagt til, að Fiskimálaráð yrði sameinað Fiskifélagi Íslands, en að skipulagi Fiskifélagsins yrði breytt á þann veg, að hagsmunasamtök, er áður áttu aðild að Fiskimálaráði, fengju eftir breytinguna aðild að Fiskifélagi Íslands. Að baki tillögunni að sameiningu Fiskifélags og Fiskimálaráðs, lá hugmynd um gleggri verkaskiptingu sjávarútvegsráðuneytinsins og Fiskifélags. Grundvallarmunur yrði gerður á þessum tveimur stofnunum með tilliti til ábyrgðar og með hliðsjón af hagkvæmni við einföldum á stjórnkerfi í sjávarútvegi í heild. Tillögur nefndarinnar voru að öðru leyti mjög efnismiklar og ýtarlegar og er of langt mál að rekja þær.

Segja má, að á þeim tíma, sem liðið hafi síðan tillögur nefndarinnar lágu fyrir, hafi verið leitast við að hrinda þeim í framkvæmd og séu þær nú að mestu orðnar staðreynd.

Grundvallarbreyting var gerð á lögum Fiskifélags Íslands í desember 1972. Þá fengu helstu áhuga- og hagsmunasamtök í sjávarútvegi beina aðild að Fiskiþingi og Fiskifélagsstjórn, þannig að úr því varð Fiskifélagið fyllilega málsvari ekki aðeins fiskideilda og fjórðungssambanda heldur og hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Einnig var gerð skipulagsbreyting varðandi starfsemi félagsins og deildarskiptingu. Hið fyrsta Fiskiþing samkvæmt hinu nýja skipulagi kom saman í nóvember 1973. Eftir breytinguna hefur Fiskifélag Íslands orðið öflugri ráðgjafaraðili en það var fyrir, og þjónustustarfsemi félagsins hefur eflst og störf þess orðið fjölþættari.

Síðan sjávarútvegsráðuneytið var stofnað sem sjálfstætt ráðuneyti veturinn 1970 hefur það verið í uppbyggingu og mótun. Meginverkefni ráðuðneytisins eru nú yfirstjórn og eftirlit með þeim stofnunum, er undir það heyra, auk alls undirbúnings og ákvarðanatöku í sjávarútvegsmálum, sem er í höndum ráðherra.

Hér koma til fiskfriðunarmál, fiskirannsóknir, mál er varða fiskveiðiréttindi, þ. á m. landhelgismál, fiskirækt og mengunarmál, svo og þáttur í að móta og fylgja eftir stefnu Íslendinga á alþjóðavettvangi í þessum málum. Fjármál, skipulags- og starfsmannamál, framleiðslumál, ráðstafanir í sjávarútvegi, efnahagsmál, skýrslusöfnun auk fjölmargra fleiri atriða, er of langt mál yrði upp að telja.

Segja má, að tekist hafi að byggja upp og endurskipuleggja sjávarútvegsráðuneyti, þannig að viðunandi geti talist, þótt nokkuð sé ógert á því sviði.

Allar framangreindar breytingar hafa leitt til þess, að Fiskimálaráð hefur ekki orðið eins virkt og til stóð. Aðilar að Fiskimálaráði hafa ekki sýnt nægilegan áhuga um að gera því kleift að gegna því hlutverki, sem því var ætlað samkvæmt lögum. Með tilliti til þessa þykir tímabært að leggja ráðið niður. Því er frumvarp þetta flutt.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft.

Nd. 332. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Sams konar frumvarp hefur áður verið flutt og var þá menntamálanefnd sammála um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Nefndin er sammála flutningsmönnum frumvarpsins um að sundkunnátta sé nauðsynleg í útgerðarstöðum og að örva beri sjómenn til sundiðkana. Hins vegar tekur nefndin undir álit íþróttafulltrúa ríkisins um, að vafasamt sé að gera lagalegan mismun á hlutdeild ríkissjóðs í byggingu sundlauga á þeim grundvelli sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þar sem Alþingi hefur áður samþykkt að vísa málinu til athugunar ríkisstjórnarinnar og tillögur frá henni liggja ekki fyrir treystir nefndin sér ekki til að leggja annað til en að frumvarpinu verði enn á ný **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 31. jan. 1978.

Ingvar Gíslason, form.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Ellert B. Schram, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Magnús T. Ólafsson.	Gunnlaugur Finnson.
	Svava Jakobsdóttir.	

Nd. 333. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Ellert B. Schram.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Launakjör alþingismanna skulu ákveðin af Kjaradómi. Kjör alþingismanna að öðru leyti, svo sem húsnæðis-, dvalar- og ferðakostnaður, skulu sömuleiðis ákveðin af Kjaradómi að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar. Launin greiðast mánaðarlega og hefjast greiðslur frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra fríðinda, sem alþingismönnum eru ákveðin í lögum þessum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húshald til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Kjaradómur ákveður hámark húsnæðiskostnaðar, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar, ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði í 1. málsgr. gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.

4. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Kjaradómur, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar, ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum.

Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann er í framboði.

5. gr.

8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa verið þeirrar skoðunar, að laun alþingismanna skuli ákveðin af Kjaradómi, og fluttu frumvarp þess efnis fyrir fáum árum. Það frumvarp hlaut ekki afgreiðslu.

Launakjör alþingismanna hafa nú enn á ný verið í sviðsljósinu og margvíslegur misskilningur skapast um þau, upphæð þeirra og tilurð, svo og kjör alþingismanna almennt. Þessar umræður hafa sýnt fram á nauðsyn þess, að lagaákvæði hér um valdi ekki ruglingi og þingmenn eyði þeirri tortryggni sem ríkjandi virðist um kjör þeirra.

Skv. lögum nr. 4 frá 1964, um þingfararkaup, 1. gr., skulu þingmenn njóta launa skv. launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins. Í 8. gr. segir hins vegar að „ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þingfararkaupsnefnd heimilt að hækka eða lækka árslaun skv. 1. gr. að sama skapi".

Síðarnefnda ákvæðið hefur í raun litla sem enga þýðingu, þar sem launakjörin eru fastbundin skv. 1. gr. Þingmenn sjálfir taka því ekki ákvarðanir um laun sín, nema að því leyti að Alþingi og alþingismenn hafa löggjafarvaldið í sínum höndum.

8. gr. hefur hins vegar valdið útbreiddum misskilningi og nú, þegar leiðir hafa skilist með BSRB og BHM og launaflokkur B 3 er ekki lengur fyrir hendi, teljum við flutningsmenn frv. tímabært að það skref verði stigið, að Kjaradómur taki ákvörðun um laun þingmanna, eins og hann gerir varðandi kjör ráðherra og hæstaréttardómara, ráðuneytisstjóra o. fl. eftir atvikum.

Varðandi önnur kjör þingmanna hefur þingfararkaupsnefnd lögum samkvæmt ákveðið þau, svo sem ferða-, dvalar- og fæðiskostnað. Eðlilegt er að þau kjör hlíti sömuleiðis ákvörðunum Kjaradóms, en gert er ráð fyrir að þingfararkaupsnefnd hafi tillögurétt þar um.

Nd. **334. Frumvarp til laga** [169. mál]

um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI

Kvikmyndasafn.

1. gr.

Stofna skal Kvikmyndasafn Íslands. Kvikmyndasafn hefur aðsetur í Fræðslumyndasafni ríkisins og starfar í tengslum við það uns annað verður ákveðið af stjórn þess og Menntamálaráðuneyti..

2. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasöglegt gildi að mati safnsstjórnar.

3. gr.

Kvikmyndasafn fær til umráða ásamt Fræðslumyndasafni tæknilega útbúið geymslurými þar sem kvikmyndir þess skulu varðveittar. Á fjárlögum skal veita sérstakt fjárframlag til handa Kvikmyndasafni og Fræðslumyndasafni til að koma á fót þessari kvikmyndageymslu og gera hana svo úr garði sem nauðsyn krefur.

4. gr.

Fræðslumyndasafn annast rekstur Kvikmyndasafns, gegn hæfilegri borgun, þar til annað verður ákveðið, sbr. 1. gr.

Ráðinn skal sérhæfur starfsmaður að Kvikmyndasafni í a. m. k. hálfa stöðu og greiðast laun hans beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir til Kvikmyndasafns árið 1979 5 m.kr. og árlegt framlag eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

5. gr.

Kvikmyndasafn skal hafa sýningar á myndum safnsins fyrir áhugahópa um kvikmyndir og kvikmyndagerðarlist ef óskað er og safnstjórn telur tiltækilegt. Aðgangseyrir skal tekinn fyrir kostnaði við þessar sýningar.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndasafns til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna, Fræðslumyndasafns ríkisins, Ríkisútvarps — sjónvarps og Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnin tekur ákvarðanir um kvikmyndakaup og heildarstarfsemi safnsins en felur forstöðumanni Fræðslumyndasafns framkvæmdir.

II. KAFLI
Kvikmyndasjóður.

7. gr.

Stofna skal kvikmyndasjóð með 30 m.kr. framlagi úr ríkissjóði, sem greiðist árið 1979. Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til Kvikmyndasjóðs eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

8. gr.

Tilgangur Kvikmyndasjóðs er að styrkja íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárframlögum eða lánum til kvikmyndagerðarmanna.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Kvikmyndasjóðs til fjögurra ára og úthlutar hún úr sjóðnum. Formaður skal vera formaður stjórnar Kvikmyndasafns en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafns ríkisins.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

10. gr.

Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóður skulu í sameiningu stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar og auknum skilningi á kvikmyndagerðarlist almennt. Skal safn og sjóður leitast við í traustri samvinnu að sinna þessu verkefni með öllum tiltækum ráðum eftir því sem fjárhagur og aðstæður frekast leyfa.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð með lögum þessum þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Kvikmyndasafns og reglur settar um úthlutun úr Kvikmyndasjóði. Sérstaklega skal kveða á um tengsl og samvinnu Kvikmyndasafns og Fræðslumyndasafns og tillit tekið til hugsanlegra breytinga á því fyrirkomulagi. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafn.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, er menntamálaráðherra fól að semja frumvarp til laga um kvikmyndasjóð, skilaði frumvarpi um þetta efni 26. apríl 1977. Athugasemdir við frumvarpið og einstakar greinar þess bárust frá formanni nefndarinnar 19. janúar 1978 og fylgja hér með. Frumvarpið er lagt fram óbreytt eins og nefndin skilaði því nema ákvæðin um fjárframlög. Í till. nefndarinnar er gert ráð fyrir föstu, árlegu framlagi sem framreiknast eftir verðlagsbreytingum. Hér er aðeins kveðið á um fjárhæð fyrstu framlaga 1979. Síðan skulu árleg framlög fara eftir því, sem Alþingi ákveður í fjárlögum.

Greinargerð nefndarinnar hljóðar svo:

„Hinn 30. apríl 1976 skipaði menntamálaráðherra eftirtalda menn í nefnd til að semja frumvarp til laga um kvikmyndasjóð: Jón E. Böðvarsson frá Fjármálaráðuneyti, Magnús Bjarnfreðsson frá Sjónvarpi, Sigurð Sverri Pálsson frá Félagi íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Stefán Júlíusson frá Menntamálaráðuneyti og var hann formaður. Jón E. Böðvarsson var kosinn ritari. Nefndin lauk í rauninni störfum í desember 1976. En þar sem umræður höfðu farið fram milli nefndarmanna og ráðuneyta um öflun fjár til verkefnisins dokaði nefndin við meðan þessi hlið málsins var í athugun. Þegar engin niðurstaða fékkst í málinu varð nefndin sammála um það á fundi sínum 26. apríl 1977 að skila af sér störfum og senda menntamálaráðherra frumvarp sitt um Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóð sem hún hafði sýnt honum 21. des. 1976. Frumvarpið skýrir sig að mestu sjálft en til frekari áréttingar skal hér gerð grein fyrir örfáum atriðum. Tekið skal fram að nefndin hafði til athugunar fyrra frumvarp til laga um kvikmyndasjóð, ýmsar athuganir og skýrslur um málið frá einstaklingum og félögum og leitaði til Hagstofu og ráðuneyta eftir ýmsum upplýsingum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hafa miklar umræður orðið um stofnun kvikmyndasafns, bæði meðal kvikmyndagerðarmanna sjálfra og áhugamanna um kvikmyndalist. Hafa menn yfirleitt verið á einu máli um að ekki væri vansalaust að ekkert kvikmynda-

safn væri til í landinu. Þetta er ekki síst fyrir þá sök að víða munu kvikmyndir og kvikmyndabútar, sem sögulegt gildi hafa, liggja í óreiðu og undir skemmdum.

Nefndin telur ódýrast og hagkvæmast að nýstofnað kvikmyndasafn tengist Fræðslumyndasafni sem að nokkru hefur svipuðu hlutverki að gegna þótt ekki megi blanda verkefnum þeirra saman. Reynsla og umsvif munu skera úr um hversu lengi þessi samvinna eða samrekstur á að haldast.

Um 2. gr.

Aðalhlutverk kvikmyndasafnsins er að safna, flokka og skrá íslenskar kvikmyndir og kvikmyndabúta og varðveita allt það efni sem til næst svo að það geti orðið sögulegar heimildir til nytsamra upplýsinga. Annað hlutverk kvikmyndasafnsins er að afla sér eintaka (kópía) af erlendum kvikmyndum sem snerta Ísland og íslensk efni, svo og eintaka af merkum kvikmyndum sem hafa sögulegt gildi í kvikmyndagerðarlist eða eru stiklur á þróunarferli kvikmyndagerðarinnar. Á þennan hátt getur safnið komið til móts við áhugahópa um þessa listgrein og verið til leiðbeiningar og mennta því námsfólki sem hyggst leggja út á þessa braut.

Um 3. gr.

Rétt hönnuð og útbúin filmugeymsla, sem því nafni getur talist, er engin til í landinu. Fræðslumyndasafn hefur ekki haft bolmagn til að koma sér upp slíkri geymslu þótt nauðsyn bæri til. Tómt mál er að tala um kvikmyndasafn nema um leið sé útbúin geymsla sem er vísindalega rétt úr garði gerð. Nefndin telur brýnt að sérstakur stofnkostnaður sé veittur kvikmyndasafninu nýja og Fræðslumyndasafni til að koma á fót slíkri geymslu. Þar sem þörfin er svo brýn má vel gera ráð fyrir að ýmsir fleiri aðilar gætu notið hér góðs af og mætti þá gera ráð fyrir einhverjum leigutekjum.

Um 4. gr.

Af hagkvæmnisástæðum telur nefndin rétt að Fræðslumyndasafn annist rekstur kvikmyndasafnsins, a. m. k. fyrst í stað. En fræðslumyndasafn er ekki aflögufært um rekstrarfé til nýrra viðfangsefna enda mun hlutverk kvikmyndasafnsins liggja að verulegu leyti utan við starfssvið þess. Sérfróða menn þarf því að fá til að meta rekstrarkostnað kvikmyndasafnsins og má þar að sjálfsögðu sníða stakk eftir vexti. Þó er alveg nauðsynlegt að sérhæfur starfsmaður sé í upphafi ráðinn að kvikmyndasafninu og sé það föst staða. Slíkum starfsmanni hefur Fræðslumyndasafnið ekki á að skipa. Nefndin telur viðunanlegt að þetta sé í byrjun hálf staða hjá kvikmyndasafni en beint liggur við að hann yrði að hálfu hjá Fræðslumyndasafni og yrði þá í stofnuninni starfsmaður í fullu starfi með sérþekkingu í kvikmyndagerð, meðferð, geymslu og klippingu kvikmynda. Hann yrði stjórn til aðstoðar við val á erlendum myndum. Nefndin telur nauðsynlegt að árlega sé veitt fé til kvikmyndasafnsins til kaupa á filmum og nefnir 5 millj. kr. sem lágmark miðað við verðgildi peninga árið 1976. Framlag án endurskoðunar árlega vegna verðbólgu er einskis virði.

Um 5. gr.

Að sjálfsögðu er það hlutverk kvikmyndasafnsins að kynna áhugafólki, nemendum og leiðbeinendum í kvikmyndalist myndakost safnsins eftir því sem tök eru á. Eins kemur til greina að safnið útvegi til skoðunar fyrir einstaka hópa erlendar úrvalsmyndir sem ekki eru í safninu. Nefndin telur sjálfsagt og eðlilegt að aðgangur sé seldur að þessum sýningum fyrir húsnæðiskostnaði og öðrum gjöldum.

Um 6. gr.

Eftir töluverðar umræður og athuganir varð nefndin sammála um að aðilar þeir, sem nefndir eru í greininni, ættu fulltrúa í stjórn safnsins; Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna vegna sérþekkingar og áhuga á viðfangsefninu, Fræðslu-

myndasafn vegna sameiginlegra hagsmuna, Sjónvarpið vegna framleiðslu á ýmsum kvikmyndum sem væntanlega ganga til safnsins og Þjóðminjasafn vegna sögulegrar og þjóðlegrar þýðingar safnsins. Eðlilegt er og sjálfsagt að menntamálaráðuneytið skipi formann stjórnar til að tengja þessa nýju menningarstofnun ráðuneytinu.

Um 7. gr.

Stofnun kvikmyndasjóðs til styrktar kvikmyndagerð í landinu hefur lengi verið til umræðu og margar tillögur hafa verið gerðar um sjóðinn, bæði innan Alþingis og utan. Í þessum umræðum öllum hefur komið fram að stofnun sjóðsins er brýn til að styðja við bakið á hinni tiltölulega ungu listgrein hérlendis. Nefndin hafði til athugunar ýmsar þær tillögur sem fram hafa komið og taldi höfuðhluverk sitt að benda á ákveðnar leiðir til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. Um byrjunarfjárframlagið sjálft má deila og vafalaust er það fjárveitingavalds að meta þetta menningarframtak en nefndin telur að minni fjárhæð en 30 millj. kr. miðað við verðgildi árið 1976 komi ekki til greina. Nefndin velti mjög fyrir sér hvaðan tekjur til kvikmyndasjóðsins skyldu fengnar. Til greina hefur komið hluti af skemmtskatti, sætagjald af kvikmyndahúsum o. fl. Eftir talsverða könnun, upplýsingaleit og umræður komst nefndin að þeirri niðurstöðu að beint framlag á fjárlögum væri hreinlegast og árvissast. Telur nefndin margs konar erfiðleika á framkvæmd annars konar fjáröflunar beint í sjóðinn þótt henni sé að sjálfsögðu ljóst að ríkissjóður þurfi að afla þessa fjár og leggi ekki dóm á innheimtuleiðir. En nefndin leggur áherslu á að þessi stuðningur við íslenska kvikmyndalist verði fast framlag á fjárlögum, endurskoðað árlega vegna verðbreytinga, en óháð sveiflum í skemmtanalífi landsmanna eða aðsókn að kvikmyndahúsum almennt.

Um 8. gr.

Þessi grein þarf naumast skýringa við, verkefnið liggur svo beint við. Nefndin telur að stundum komi lán til einstakra verkefna vel til greina og þannig geti sjóðurinn komið fleiri að notum. Um fjárveitingar og lán úr sjóðnum verða að sjálfsögðu sett ákvæði í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar.

Um 9. gr.

Nefndin telur rétt og eðlilegt að sami maður sé formaður kvikmyndasafns og kvikmyndasjóðs. Þannig tengjast þessar tvær stofnanir nánar og formaðurinn verður sérhæfari og kunnari verkefninu. Er það von nefndarinnar að þessar tvær greinar á sama meiði geti þegar á stað er farið veitt hvor annarri og eflst sameiginlega til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. Að sjálfsögðu mun menntamálaráðherra skipa áhugamann um kvikmyndagerð í formannsstöðuna. Þar sem stjórnin hefur með höndum úthlutun úr sjóðnum telur nefndin rétt að Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafn eigi fulltrúa í henni. Þannig mun tryggt að gerð heimildarmynda og leikinna mynda njóti jöfnum höndum styrkveitinga úr sjóðnum eftir efnum og ástæðum.

Um 10. gr.

Greinin er aðeins til áréttingar þeirri skoðun nefndarinnar að komið sé til móts við íslenska kvikmyndagerð með öllum tiltækum ráðum og ítrekunar á þeim anda frumvarpsins að svo sé um hnútana búið að í framtíðinni rísi á legg sú stofnun sem verði grundvöllur hagnýtra og heillavænlegra átaka í kvikmyndalist hér á landi.

Um 11. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Ed. 335. Frumvarp til laga [170. mál]

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—1978.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna og einn samkvæmt tilnefningu félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiriháttar ákvarðanir er stofnunina varða.

6. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 13. gr., að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna.

7. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhúss, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.

8. gr.

Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri, sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raði niður á æfingum og æfingatímum, skipuleggi leikferðir innanbæjar og utan og annist önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

10. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistaráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Skulu bókmennta- og leiklistarráðunautur og listdansstjóri vera í fullu starfi, en starf tónlistarráðunauts skal vera ⅓ af fullu starfi.

11. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir þjóðleikhúsráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal leitast við, að nýting starfskrafta verði hagkvæm og tillit tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

12. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félaga, sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.

Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem ástæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda til þriggja eða sex mánaða.

13. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

14. gr.

Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

15. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

16. gr.

Þjóðleikhúsið skal svo fljótt sem verða má koma sér upp öðru leiksviði, svo mögulegt sé að framkvæma ákvæði þessara laga, og leysi það þá af hólmi bráðabirgðasvið það sem komið hefur verið upp í veitingasal leikhúskjallara.

17. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

18. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til. Eigi skal ráða í nýjar stöður samkvæmt lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.

19. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86, 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. til laga um Þjóðleikhús var lagt fyrir 97. og 98. löggjafarþing en varð eigi útrætt. Frv. hefur eftir ábendingu fjármálaráðuneytisins verið breytt þannig að niðurlag 6. gr. hefur verið fellt brott og 14. gr. einnig. Greinatala breytist samkvæmt því. Frumvarpinu fylgdi síðast svofelld greinargerð:

„Frumvarp til laga um Þjóðleikhús var lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp árið 1971 á 91. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt. Síðan kom það fyrir Alþingi í tvö skipti, en hlaut eigi afgreiðslu. Einkum virðast skoðanir skiptar um skipan þjóðleikhúsráðs. Upphaflega frumvarpið var samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði og í áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri og dr. Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari.

Frumvarpið kemur nú fyrir Alþingi í fjórða sinn og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Gert er ráð fyrir að rekstri leikhússins stjórni þjóðleikhússtjóri og þjóðleikhúsráð. Skal þjóðleikhúsráð skipað 5 mönnum völdum á sama hátt og mælt er fyrir um í gildandi lögum.

Felld eru niður ákvæði um leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla en komið hefur verið á fót Leiklistarskóla Íslands með sérstökum lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ráðnir verði nokkrir nýir starfsmenn. Ber þar fyrst að nefna leiklistarráðunaut (dramaturg), þá er gert ráð fyrir tónlistarráðunaut (⅓ starfs) og listdansstjóra í fullu starfi. Loks er svo starf skipulagseða framkvæmdastjóra (produktionsleiter — production manager) sem mjög hefur skort í leikhúsinu og sjálfsagður er talinn í leikhúsum víðast erlendis. Honum er ætlað að hafa yfirumsjón með niðurröðun og skipulagningu æfinga, nýtingu starfskrafta, skipuleggja leikferðir, fylgjast með innkaupum o. s. frv. Er þess að vænta að þessu fylgi hagræðing, sem hafi í för með sér aukinn sparnað fyrir leikhúsið.

Heimild til leikhússins til að geta ráðið höfunda um ákveðinn tíma er ekki mikið fjárhagsatriði, myndi samsvara því að bæta við einum leikaralaunum. Virðist rétt að gera tilraun með slíkt fyrirkomulag.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Þjóðleikhúsið standi fyrir óperustarfsemi og listdanssýningum. Forsenda hins síðarnefnda er að sjálfsögðu, að Íslenska dansflokknum sé tryggður starfsgrundvöllur. Að undanförnu hefur leikhúsið að miklu leyti haldið dansflokknum uppi. Er talið að um 10 milljónir króna þurfi miðað við núverandi peningagildi til að kosta dansflokkinn og er þá miðað við þá aðstöðu, sem leikhúsið mun geta veitt honum án þess að bitni á annarri starfsemi í húsinu.

Hvað óperustarfsemi varðar er rétt að benda á, að við slíka starfsemi er kostnaðurinn mestur, og fyrst og fremst vegna þess, að fæstir eða engir listrænir kraftar hússins, sem á fastakaupi eru, geta nýst við slíkar uppfærslur. En óperuflutningur og listdans er þegar að lögum meðal verkefna Þjóðleikhússins og hefur verið meira og minna sinnt eftir því sem ástæður hafa leyft. Kostnaður við uppsetningu óperu í dag er 5—9 milljónir króna og sjaldnast von til þess, að afgangur kvöldkostnaðar geti endurgreitt stofnkostnaðinn. Í framtíðinni væri eðlilegt, að í fjárhagsáætlun leikhússins væri sundurliðað það sem varðar óperu og listdans.

Vert er að vekja athygli á, að í frumvarpinu er gerð krafa til leikhússins um að þjóna landsbyggðinni í leiklistarefnum. Þetta hefur leikhúsið reynt eftir föngum að undanförnu. Er einkum um að ræða leikferðir út um land á leikári eða í sumarleyfum leikara og starfsfólks. Hið fyrrnefnda er erfitt að skipuleggja, þar sem alltítt er að leikarar hafi á hendi 3—4 hlutverk samtímis í leikhúsinu. Aðalerfiðleikarnir eru þó kostnaðarlegs eðlis. Samvinna við Menningarsjóð félagsheimila gæti hugsanlega bætt þarna um. Leikhúsið getur lagt til leikara og leikstjóra til að vinna með áhugafólki úti á landsbyggðinni og hefur gert það í vaxandi mæli. En til þess að nokkuð kveði að slíku, er leikhópur hússins of fámennur í dag. Lán á búningum, leikmunum og jafnvel heilum leikmyndum er nauðsynleg þjónusta og er þegar

veruleg, bæði við áhugaleikfélög og skóla og einkum fer mikill tími hjá saumastofu leikhússins í slíka afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þjóðleikhússtjóri hefur að undanförnu verið settur í starf sitt frá ári til árs til þess að unnt yrði að breyta ráðningartíma í það horf, sem gert er og hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpi til laga um Þjóðleikhús, þ. e. að hann verði ráðinn til fjögurra ára í senn með heimild til endurráðningar önnur fjögur ár í stað ótímabundinnar skipunar.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Starf framkvæmdastjóra er nýtt og er honum ætlað að sjá um sem hagfelldasta skipan á æfingum og æfingatímum, fylgjast með innkaupum, skipuleggja leikferðir o. fl.

Um 9. gr.

Fjármálafulltrúi kemur í stað skrifstofustjóra leikhússins með nokkuð breyttu verksviði.

Um 10. gr.

Hér er um nýja starfsmenn að ræða, — bókmennta- og leiklistarráðunaut (1), tónlistarráðunaut (⅓ fulls starfs) og listdansstjóra.

Um 11. gr.

Þjóðleikhússtjóra er ætlað að hafa úrslitavald um og bera ábyrgð á stjórn leikhússins, bæði að því er varðar listræn málefni og fjármál.

Um 12. gr.

Þeim kröfum sem gerðar eru til leikhússins verður því aðeins fullnægt að því sé séð fyrir tekjum sem nægja til þess leikhúsrekstrar, sem til er ætlast. Í slíkum rekstri eru jafnan miklar fjárhagssveiflur og erfitt fyrir stofnun, sem gera ber jafnmiklar kröfur til og Þjóðleikhússins að hafa ekki fastan tekjustofn að styðjast við. Í greininni er miðað við að Þjóðleikhúsið hafi á að skipa því starfsliði sem þarf til þess að það geti leyst verkefni sín af hendi, m. a. er kveðið á um að þar skuli starfa blandaður kór. Hefur svo verið í reynd að undanförnu (Þjóðleikhúskórinn).

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. og 15. gr.

Æskilegt er að koma leikmunasafni á fót, ekki síst sem lið í aukinni þjónustu við leikfélög áhugamanna víðsvegar um land. Eigi er síður mikilsvert að Þjóðleikhúsið aðstoði þau með gistileikurum og leiðbeinendum meðan ekki er önnur stofnun til sem hafi það hlutverk sérstaklega með höndum.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17.—21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Sþ. 336. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um íslenzkukennslu í fjölmiðlum.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Tómas Árnason, Jónas Árnason, Gylfi Þ. Gíslason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að sjónvarp og útvarp annist kennslu og fræðslu í öllum greinum móðurmálsins. Þrettán manna ráð, kosið hlutfallskosningu á Alþingi, skal hafa með höndum stjórn þeirra mála.

Greinargerð.

Engum dylst, að íslenzk tunga á nú í vök að verjast. Á þetta sérstaklega við um talað mál, framburð og framsögn. Einnig fer orðaforði þorra fólks þverrandi og erlend áhrif hvers konar vaxandi. Engum orðum þarf að fara um lífsnauðsyn þess, að stemma stigu við slíkri óheillaþróun, og snúa við inn á þá braut íslenzkrar málhefðar, sem ein verður farin, ef íslenzk menning á að lifa og dafna.

Ríkisútvarpið hefur lagt nokkuð af mörkum til fræðslu og kennslu í íslenzkum fræðum, tungu og bókmenntum. Er það góðra gjalda vert, en það er skoðun flutningsmanna, að betur megi ef duga skal, og á það einnig við um meðferð tungunnar yfirleitt í munni þeirra, sem í útvarp tala.

Áhrifaríkasti fjölmiðillinn, sjónvarpið, hefur hins vegar í engu sinnt fræðslu í meðferð íslenzkrar tungu. Virðist jafnvel ekki lögð sérstök rækt við orðfæri eða framburð þeirra, sem þar starfa. Á þessu þarf að verða gjörbreyting. Langsterkasta áróðurstækið, sem flutzt hefur inn á gafl á hverju heimili landsins, þarf að taka tröllataki til eflingar íslenzkri menningu, sérstaklega til viðreisnar íslenzkri tungu, en það er brýnasta verkefnið nú.

Lagt er til að kosið verði hlutfallskosningu á Alþingi þrettán manna ráð, sem hafi með höndum stjórn þessara mála í fjölmiðlunum. Verkefnið er viðamikið, og þykir flutningsmönnum því ástæða til, að allmargir eigi hlut að máli, enda hefur þjóðin til þess arna á að skipa mörgum mjög hæfum mönnum.

Nd. 337. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Kvaddi hún á sinn fund Hallvarð Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóra og fulltrúa hans, Erlu Jónsdóttur og Þóri Oddsson.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en sumir nefndarmanna munu skrifa undir með fyrirvara.

Alþingi, 2. febr. 1978.

Ellert B. Schram, form., með fyrirvara	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Páll Pétursson, frsm.
Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.	Ingólfur Jónsson.	Sighvatur Björgvinsson.
	Svava Jakobsdóttir.	

Ed. **338. Frumvarp til laga** [172. mál]

um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:
Sárasótt (syphilis),
lekandi (gonorrhoea),
þvagrásarbólga af öðrum orsökum (nongonococcal urethritis),
linsæri (ulcus molle), lymphogranuloma venereum og granuloma inguinale,
Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

Hver sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefur grun um að svo sé, skal leita sér læknishjálpar þegar í stað. Honum er skylt að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð gegn smitun annarra.

3. gr.

Veita skal þeim sjúklingum, sem haldnir eru kynsjúkdómum eða grunur leikur á að svo sé, ókeypis læknishjálp á heilsugæslustöð. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja. Þar sem til staðar eru stofnanir eða sérfræðingar á sviði kynsjúkdómavarna skal sjúklingum vísað þangað sé þess nokkur kostur.

4. gr.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla sjúklinga með kynsjúkdóma. Skráningum skal hagað þannig, að sjúklingur skal auðkenndur með upphafsstöfum og fæðingarnúmeri á þar til gert eyðublað, sem skrifstofa landlæknis gefur út. Sérhver starfandi læknir skal annast þessa skráningu eftir því sem þurfa þykir og senda héraðslækni, í Reykjavík borgarlækni. Lokaskráning og úrvinnsla gagna fer fram hjá landlæknisembættinu.

Tíðni kynsjúkdóma skal tilfærð á venjulegan hátt á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem læknum er skylt að senda viðkomandi héraðslækni, sem síðan annast skýrslugerð til landlæknis. Sé rökstuddur grunur um, að sjúklingur hafi kynsjúkdóm, skal hann skráður, þótt eigi hafi fundist óræk merki þess, að hann sé sjúkur.

5. gr.

Læknir skal útskýra fyrir sjúklingum með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Læknir skal skýra vandlega fyrir þeim hvernig sjúkdómur smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að sé út af brugðið varði slíkt hegningu samkv. almennum hegningarlögum. Þá skal læknir ennfremur fá hverjum sjúkling, sem til hans leitar vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem landlæknir lætur í té. Í öllum íslenskum skipum skal vera alþjóðleg bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum skal fylgja lyfjakistli skipsins.

6. gr.

Hafi læknir greint kynsjúkdóm skal hann grennslast vandlega eftir því af hverjum sjúklingur hefur smitast, svo og hverja sjúklingur kann að hafa smitað. Sjúklingur skal láta í té alla vitneskju sína um það efni. Læknirinn skal gera gangskör að því að hinir grunuðu séu rannsakaðir og teknir til meðferðar ef þörf krefur. Lögregluyfirvöld skulu aðstoða lækni telji hann þörf á aðstoð. Sé um að ræða einstaklinga í öðru læknisumdæmi skal tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni það tafarlaust og ber hann upp frá því ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar.

7. gr.

Sérhverjum, sem starfs síns vegna kemst að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, ber að gæta þagmælsku þar um, nema lög bjóði annað eða brýn nauðsyn krefji, t. d. vegna yfirvofandi smitunar.

8. gr.

Komi kynsjúkdómur upp á stað þar sem enginn læknir er, eða þar sem erfitt er að ná í fullkomna læknisþjónustu, skal landlækni heimilt að senda þangað lækni svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Í grunnskólum skal veita fræðslu um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim. Menntamálaráðuneytið kveður á um námsefni og tilhögun fræðslunnar í samráði við yfirlækni húð- og kynsjúkdómadeildar Heilsuverndunarstöðvar Reykjavíkur, landlækni og skólayfirlækni.

10. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkv. almennum hegningarlögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 91/1932 um varnir gegn kynsjúkdómum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júnímánuði sl. skipaði heilbrigðis- og tryggingaráðherra nefnd undir forsæti landlæknis til þess að endurskoða gildandi lög um varnir gegn kynsjúkdómum. Þessi nefnd skilaði tillögum sínum skömmu fyrir áramót og er frv. þetta að miklu leyti byggt á þeim.

Eldri lög um varnir gegn kynsjúkdómum eru frá árinu 1932 og eru sem vænta má úrelt. Á þeim tíma sem þau lög voru sett var lítið hægt að gera til þess að lækna kynsjúkdóma, þannig að lögin tóku fyrst og fremst mið af því að reyna að hefta útbreiðslu þessara sjúkdóma og voru lögin samin með sérstöku tilliti til þess. Mörg ákvæði laganna frá 1932 eiga því ekki lengur við, þegar möguleikar eru á að lækna kynsjúkdóma á tiltölulega auðveldan hátt.

Enn þann dag í dag eru kynsjúkdómar talsvert heilbrigðisvandamál og hefur þeim fjölgað hérlendis sem og í nágrannalöndunum á undanförnum árum. Orsakir þessarar fjölgunar eru margvíslegar, en þær eru miklu fremur félagslegar en læknisfræðilegar. Vegna þessa er full ástæða til þess að endurskoða löggjöfina og færa hana í raunverulegra horf.

Við samningu frumvarpsins var fyrst og fremst lögð áhersla á eftirtalin atriði:

1. Skráningu kynsjúkdóma.
2. Að afla lagaheimilda til þess að leita að sýktum einstaklingum og veita þeim meðferð.
3. Að veita fræðslu um kynsjúkdóma, einkum fyrir ungmenni.

Skráning kynsjúkdóma er alls staðar ófullkomin og hefur verið svo hérlendis einnig, þótt tíðni kynsjúkdóma hér sé sú lægsta í Evrópu. Samkvæmt þessu frumvarpi er ætlunin að breyta skráningu þeirra þannig, að lækni, sem greinir kynsjúkdóm,

er gert skylt að senda landlækni á sérstöku eyðublaði upplýsingar um hvaða sjúkdóm sé um að ræða. Sjúklingur yrði auðkenndur á þann hátt, að ekki er augljóst hver í hlut eigi. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir mjög strangri þagnarskyldu hvað snertir þá, er eftir lögunum eiga að starfa með hliðsjón af þeim upplýsngum, sem fram koma. Við gerð eyðublaðs verði þess gætt að hafa það einfalt og auðvelt í notkun og ætti slíkt eyðublað því ekki að hamla gegn skráningu. Frumvarpið gerir ráð fyrir öðru nýmæli, en það er að fleiri sjúkdómar verði skráningarskyldir og er þar bætt við lymphogranuloma venereum, granuloma inguinale og þvagrásarbólgu af öðrum orsökum en lekanda (nongonococcal urethritis). Síðastnefndi sjúkdómurinn er mjög algengur og er því skráning á tíðni hans afar mikilvæg.

Ennfremur verður að telja mjög nauðsynlegt að hafa heimild til að leita að sjúklingum, sem kynnu að vera haldnir kynsjúkdómum, og veita þeim viðeigandi meðferð, ef þurfa þykir.

Hér verður þó að gæta þess að vara ber eindregið við ofnotkun slíkrar heimildar og mun nánast óþekkt hér á landi að grípa hafi þurft til hennar.

Annað nýmæli, sem e. t. v. er merkilegast, er að frumvarpið gerir ráð fyrir fræðslu um kynsjúkdóma á grunnskólastigi. Ætlast er til þess að sú fræðsla tengist almennri kynfræðslu í skólum, en samkvæmt lögum nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, er gert ráð fyrir fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins, jafnframt því sem veita skal slíka fræðslu á öðrum námsstigum. Fræðsla um einkenni kynsjúkdóma og varnir gegn þeim er að líkindum besta vopnið gegn útbreiðslu þessara sjúkdóma. Til þess að auðvelda kennslu á þessu sviði þyrfti að semja bækling þar sem helstu atriði varðandi kynsjúkdóma eru útskýrð á aðgengilegu máli.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru taldir upp þeir sjúkdómar, sem nefndir skulu einu nafni kynsjúkdómar. Lögunum er eingöngu ætlað að ná til þessara tilgreindu sjúkdóma og því eingöngu meðan þeir eru smitandi. Um aðra kynsjúkdóma er raunverulega ekki um að ræða hér né í nágrannalöndunum.

Um 2. gr.

Hér er lögð sú skylda á hvern þann sem sýkist af kynsjúkdómi að hann leiti sér þegar í stað læknishjálpar. Jafnframt er hverjum þeim, sem grun hefur um að hann sé haldinn kynsjúkdómi, gert skylt að leita sér læknishjálpar þegar í stað. Vegna þess hversu veigamikið er að hægt sé að koma í veg fyrir smitun þegar um er að ræða kynsjúkdóma er ennfremur nauðsynlegt að hverjum slíkum einstaklingi sé gert skylt að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur um meðferð sjúkdómsins og varúð gegn smitun annarra. Slíka skyldu er reyndar að finna í almennum hegningarlögum, þ. e. í 175. gr., en rétt þykir að árétta þetta sérstaklega í þessum lögum, þar sem mjög mikilvægt er að viðkomandi haldi í heiðri þau fyrirmæli, sem þeim er gert að fara eftir.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að þeim sjúklingum, sem haldnir eru kynsjúkdómum eða sem grunur leikur á að séu haldnir þeim, sé veitt ókeypis læknishjálp á viðkomandi heilsugæslustöðvum. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar er að gagni getur komið við lækningu á slíkum sjúkdómi. Í lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu er gert ráð fyrir því að á heilsugæslustöð skuli m. a. veita heilsuvernd sem fólgin er í t. d. kynsjúkdómavörnum. Þannig eru þegar fyrir lagaákvæði, er kveða á um slíka starfsemi á heilsugæslustöðvum. Mundi allur kostnaður við kynsjúkdómavarnir samkv. þessum lögum greiddur af rekstrarfé viðkomandi heilsu-

gæslustöðva. Greinin gerir jafnframt ráð fyrir því að sé um að ræða sérfræðinga eða stofnanir á sviði kynsjúkdóma skuli vísa sjúklingum þangað sé þess nokkur kostur. Þarfnast slíkt ekki frekari skýringa, svo sjálfsagður hlutur sem slíkt er.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar sérstaklega um skráningu þeirra sjúklinga, sem haldnir eru kynsjúkdómi. Vart þarf að fjölyrða mikið um nauðsyn slíkrar skráningar. Gert er ráð fyrir því að skrifstofa landlæknis gefi út og láti í té sérstök eyðublöð til þessara skráninga og að skráningarskyldan hvíli á viðkomandi læknum og að þeir sendi skráningarnar til héraðslækna, í Reykjavík borgarlæknis, sem síðan senda skráninguna til landlæknis þar sem lokaúrvinnsla fer fram. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf og má jafnframt vísa til þess sem greinir frá í athugasemdum við frumvarpið hér að framan.

Um 5. gr.

Greinin leggur ríka skyldu á lækna að þeir útskýri fyrir sjúklingum, sem haldnir eru kynsjúkdómum, hvað að þeim gangi. Það sem læknirinn þarf helst að gæta að er að skýra vandlega fyrir þeim hvernig koma eigi í veg fyrir smitun og hverrar varúðar beri að gæta. Ennfremur er mikilvægt að læknirinn geri viðkomandi grein fyrir því hversu alvarlega sé litið á það sé út af brugðið. Lækni er ennfremur skylt að afhenda hverjum sjúklingi, sem til hans leitar vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar og er gert ráð fyrir því að landlæknir annist útgáfu þeirra og láti þær í té. Gert er ráð fyrir því að í öllum íslenskum skipum skuli vera alþjóðleg bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum skal fylgja lyfjakistu skipsins. Ákvæði svipaðs efnis er að finna í gömlu lögunum.

Um 6. gr.

Hér er lögð sú skylda á herðar læknum, sem greint hafa kynsjúkdóm, að þeir grennslist vandlega fyrir um það hvaðan smitun hefur borist og svo hverja sjúklingur kunni að hafa smitað. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða og má reyndar segja að þetta sé eitt af grundvallaratriðum þess að lög sem þessi nái tilgangi sínum. Sjúklingi er ennfremur skylt að láta í té alla vitneskju sína um það efni. Greinin fjallar ennfremur um skyldur lögregluyfirvalda til að aðstoða lækni, telji læknir þörf á aðstoð.

Um 7. gr.

Þessi grein fjallar um þagnarskyldu þeirra, sem starfa við kynsjúkdómavarnir. Þannig er sérhverjum sem starfs síns vegna kemst að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra skylt að gæta þagmælsku þar um nema lög bjóði annað eða brýn nauðsyn krefji. Hér getur verið um svo alvarlegt hættuástand að ræða að brýna nauðsyn beri til að koma upplýsingum áleiðis.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að landlækni sé heimilt að senda lækni á staði þar sem enginn læknir er eða þar sem erfitt er að fá fullkomna læknisþjónustu, komi upp kynsjúkdómar. Slíkt ákvæði er bráðnauðsynlegt þar sem upp kann að koma sú staða að enginn læknir sé á staðnum og gera þurfi ráðstafanir til þess að fljótt verði brugðist við. Í þessu tilviki er gert ráð fyrir því að kostnaður greiðist úr ríkissjóði, en annar kostnaður vegna laganna greiðist eins og hver annar rekstrskostnaður við heilsugæslustöðvar, sbr. það sem segir hér að framan um 3. gr.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um fræðslu um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið kveði á um námsefni og tilhögun fræðslunnar

og hafi um það fullt samráð við yfirlækni húð- og kynsjúkdómadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, landlækni og skólayfirlækni. Að öðru leyti vísast til þess sem segir hér að framan í athugasemd um frumvarpið.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 339. Fyrirspurnir. [173. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hverjar voru tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins árin 1972, 1973, 1974, 1975, 1976 og 1977, sundurliðað?
2. Hvernig hefur þessum tekjum verið varið, sbr. 16.—19. gr. reglugerðar um sjóðinn?
3. Hafa áætlanir verið gerðar um tekjuþörf Þróunarsjóðsins árin 1978, 1979 og 1980 — og hvað sýna þær þá?

II. Til félagsmálaráðherra um athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá Tómasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, sem samþykkt var á Alþingi 14. maí 1975?

III. Til samgönguráðherra um stofnlánasjóð atvinnubifreiða og vinnuvéla.

Frá Helga F. Seljan.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla frá 18. maí 1976.

IV. Til menntamálaráðherra um hönnun Þjóðarbókhlöðu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Er væntanleg Þjóðarbókhlaða þannig hönnuð að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, eigi greiða leið um húsið allt og geti gegnt þar störfum?

V. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær verður gengið þannig frá aðalbækistöð Tryggingastofnunar ríkisins, að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, eigi greiðan aðgang að öllum húsakynnum og geti rætt þar við starfsfólk, m. a. sérfræðinga og lækna?

Sþ. 340. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um útgáfu kortabókar Íslands.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ingvar Gíslason, Gils Guðmundsson, Eggert G. Þorsteinsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórn að hafa forgang um útgáfu kortabókar Íslands.

Greinargerð.

Kortabók Íslands verður safn korta af Íslandi, þar sem margs konar fróðleikur um land og þjóð er settur fram á myndrænan hátt.

Þjóðlandaatlasar hafa verið gefnir út í velflestum Evrópulöndum, þ. á m. Norðurlöndum, en auk þess í mörgum löndum í öðrum heimsálfum. Fyrsta kortabók, sem út var gefin af þessu tagi, var Finnlandsatlas, sem gefinn var út 1899, en hefur verið gefinn út þrisvar sinnum síðan. Hefur slík útgáfa hvarvetna verið talin hin mesta nauðsyn, til að auka þekkingu á landsháttum.

Árið 1976 kom út kortabók yfir öll Norðurlönd (Norden i text och kartor). Að undanskyldum nokkrum þáttum náttúrufars eru nær engar upplýsingar um Ísland í kortabókinni. Oftast er einungis ein stærð eða tala yfir allt landið, þar sem upplýsingar eru birtar eftir umdæmum í hinum löndunum.

Kortabókinni er ætlað að vera upplýsinga- og heimildarit í þágu stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, sem fást við margs konar áætlanagerð varðandi byggð, atvinnulíf og landnýtingu. Er þar átt við nýtingu lands til búskapar, ýmiss konar verklegra framkvæmda, samgangna, almenningsnota og náttúruverndar.

Kortabókin verður gagnlegt heimildarit fyrir innlenda og erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir á ýmsum fræðasviðum. Enn fremur yrði bókin mikilvæg fyrir fjölmarga aðra, sem vilja kanna útbreiðslu ýmiss konar fyrirbæra til lands og sjávar og athuga samhengi þeirra á milli.

Síðast en ekki síst er ótalið menntunargildi bókar af þessu tagi. Hún yrði notuð af kennurum og nemendum í framhaldsskólum og á háskólastigi og yrði handbók eða uppsláttarrit fyrir kennara og nemendur í efstu bekkjum á grunnskólastigi.

Til þess að ná þeim árangri, sem að framan er getið, er fyrirhugað að setja fram á kortum og á annan myndrænan hátt ýmis einkenni lands og þjóðar. Þar á meðal má nefna náttúrufar, sögu, atvinnulíf, félagsmál og menningarmál.

Ed. 341. Frumvarp til laga [175. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi Íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 6. febrúar 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslur hinn 6. febrúar 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok aprílmánaðar 1978.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 13% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna 8. febrúar 1978.

Ennfremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

3. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. 65% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskimjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.
b. 35% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið a) 43% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og b) 57% til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, hvort tveggja eftir þeim reglum og með skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 8. febrúar 1978 ákvað Seðlabankinn, að höfðu samráði við ríkisstjórnina 13% lækkun á markaðsgengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa undanfarið verið undirbúnar margþættar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem nauðsynlegar eru taldar til að bregðast við þeim efnahagsvanda, sem upp hefur komið. Breyting á gengi krónunnar, sem Seðlabankinn tilkynnti um hinn 8. þ. m. er einn liður í þessum aðgerðum.

Vegna þessarar gengisbreytingar er nauðsynlegt að setja í lög ákvæði þau, sem eru í frv. þessu annars vegar um tollmeðferð á innflutningi og hins vegar um meðferð á gengismun vegna birgða útflutningsafurða sjávarútvegsins og ráðstöfun á honum.

Um 1. gr.

Svo sem venja hefur verið við gengisbreytingar eru hér settir frestir um tollafgreiðslu, en að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskrárlaga um tollmeðferð skjala, eftir að hið nýja gengi tekur gildi.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að taka gengismun af þeim birgðum sjávarafurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en ekki fluttar út eða verið greiddar áður en hið nýja gengi tók gildi. Er þar ákveðinn hundraðshluti, sem nemur þeirri breytingu, sem gerð var á gengi krónunnar 8. febrúar 1978. Rétt þykir að undanþiggja þær afurðir, sem framleiddar voru frá og með 1. janúar 1978, þar sem þær efnahagsráðstafanir, sem nú eru gerðar eiga að tryggja grundvöll framleiðslunnar frá upphafi ársins og m. a. fiskverð gilti frá sama tíma. Þessar afurðir verða því greiddar með nýja genginu. Sjávarútvegurinn hefur að því leyti nokkra sérstöðu meðal atvinnuvega landsmanna, að nánast öll hans framleiðsla er flutt út. Oft eru birgðir sjávarafurða allmiklar og er svo einnig nú, en skiptast misjafnt eftir afurðum, þar sem framleiðsla vissra afurða er árstíðabundin. Er því nokkur hending hvernig birgðir skiptast. Hins vegar er það eins nú og oft áður að afkoma hinna ýmsu greina sjávarútvegsins er bæði æði misjöfn og breytileg. Það hefur því verið venja um allmörg undanfarin ár, að við gengisbreytingar hefur gengismunur af sjávarafurðum verið látinn renna í sérstakan sjóð, sem varið hefur verið á mismunandi hátt í þágu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins. Er það einnig gert nú. Áður en kemur til ráðstöfunar á því fé, sem rennur til gengismunarsjóðs hefur þó þótt rétt að greiða af óskiptu þær hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning, vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en ekki fluttar út fyrr en eftir gengisbreytinguna. Ennfremur þykir eðlilegt, að greitt verði af gengismun áður en honum er ráðstafað, það, sem ríkissjóður hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs. Er þar um að ræða um kr. 174 millj.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um ráðstöfun á gengismunarsjóði. Nokkur óvissa ríkir um það hversu mikið fé getur hér orðið um að ræða, þar sem miklar birgðir eru af óseldri skreið, sem alger óvissa ríkir um hvernig kunni að seljast eða hvenær, og ennfremur andvirði verkaðs saltfisks ,sem seldur var til Zaire og ekki fengist greitt enn. Ekki er þó ólíklegt, að heildarverðmæti birgða og þess, sem ógreitt er en flutt út geti numið um kr. 18 þús. millj. og er þá hvorugt þess, sem hér var nefnt talið með, sakir óvissu. Þá eru ákvæði um ráðstöfun á gengismunarsjóði.

Gert er ráð fyrir, að 65% af því fé, sem kemur í sjóðinn af þeim afurðum, sem koma undir Verðjöfnunarsjóð, en það eru þær afurðir, sem þar eru taldar, renni til viðkomandi deilda sjóðsins. Mikil þörf er á að efla Verðjöfnunarsjóð, sem á undanförnum árum hefur orðið að taka á sig byrðar, sem hafa verið bein afleiðing af kostnaðarhækkunum framleiðslunnar innanlands og því eðlilegt að þegar aðgerð eins og sú, sem nú er framkvæmd með lækkun gengisins til að vega upp á móti innlendum tilkostnaðarhækkunum þá renni hluti af þeim gengismun, sem til verður, til Verðjöfnunarsjóðs. Þá þykir eðlilegt, að stofnuð verði sérstök deild við Verðjöfnunarsjóð fyrir saltsíld, þar sem framleiðsla hennar virðist nú komin á öruggan grundvöll og fer vaxandi. Er hér gert ráð fyrir, að hluti af gengismun vegna saltsíldar renni í deild saltsíldar sem stofnframlag.

Hinum hlutanum, 35% og því, sem kemur af öðrum sjávarafurðum, skal síðan að hluta varið til að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda. Við fyrri gengislækkanir hefur hluta gengismunar einnig verið ráðstafað á þennan hátt og þykir ekki óeðlilegt, að eigendum fiskiskipa, sem eru með skuldir vegna skipanna að mestu gengisbundnar, verði bættur að nokkru sá útgjaldaauki, sem af gengislækkuninni leiðir.

Að hluta verður þessu fé varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði. Enda þótt miklum fjármunum hafi verið varið á undanförnum árum til endurbóta í

fiskiðnaði er þar mikil nauðsyn á að auka hagræðingu á ýmsum sviðum og bæta framleiðni.

Er gert ráð fyrir, að sjávarútvegsráðuneytið setji nánari reglur um notkun þessa hluta gengismunarsjóðs.

Sþ. 342. Fyrirspurn [176. mál]

til fjármálaráðherra um risnu fyrirtækja.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvaða reglur giltu um frádrátt frá tekjum fyrirtækja vegna risnu við álagningu skatta árið 1977?
2. Hve mikilli fjárhæð nam þessi frádráttur hjá skattskyldum félögum við álagningu skatta árið 1977, upphæðin samanlögð eftir framtölum eða áætluð samkvæmt hæfilegu úrtaki?

Sþ. 343. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um Suðurnesjaáætlun.

Flm.: Gils Guðmundsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins:

I. Að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Verði áætlunargerðinni flýtt eftir föngum og áfangaskýrslur gefnar út strax og við verður komið.

Við áætlunargerð þessa um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum skal leitast við að ná eftirtöldum markmiðum:

a) Að koma á sem nánastri samvinnu og skipulagi um öflun hráefnis til fiskiðnaðar og löndun þess, og skal að þessu leyti litið á allt Suðurnesjasvæðið sem eina heild.

b) Að gera áætlun um hæfilegan og nógu fjölbreyttan skipastól, sem gæti þjónað Suðurnesjasvæðinu öllu og tryggt sem jafnasta hráefnisöflun og atvinnuöryggi þess fjölda sem við sjávarútveg vinnur. Verði sérstaklega leitast við að draga úr þeim sveiflum, sem lengi hafa átt sér stað um hráefnisöflun, þegar meira en helmingur ársaflans berst á land á þrem mánuðum, en fiskvinnslustöðvar skortir verkefni meira en hálft árið.

c) Að gera áætlun um nauðsynlega endurnýjun og uppbyggingu fiskvinnslustöðva á svæðinu, þar sem lögð er áhersla á hóflegan fjölda og hagkvæma stærð. Höfð skal í huga æskileg verkaskipting milli einstakra útgerðarstaða. Áætlun um mjöl- og lýsisverksmiðjur verði einn liður þessarar skipulagningar.

d) Að gera tillögur um ýmsan iðnað annan en fiskiðnað, svo og atvinnurekstur af öðru tagi, með það í huga að auka fjölbreytni atvinnulífs á Suðurnesjum. Skal það sérstaklega haft í huga við slíka tillögugerð, að hægt verði að tryggja því fólki, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli eða við önnur störf tengd dvöl erlends herliðs, atvinnu við innlendan og þjóðhagslega arðbæran atvinnurekstur.

II. Að undirbúa nú þegar og leggja fram svo fljótt sem við verður komið rökstuddar tillögur um bráðabirgðaskipulag hráefnisöflunar og skynsamlega nýtingu fiskvinnslustöðva á Suðurnesjum, með það fyrir augum að bæta rekstur

og tryggja fulla atvinnu. Þess sé gætt, að umræddar bráðabirgðaaðgerðir geti orðið þáttur í þeirri alhliða atvinnuuppbyggingu til frambúðar, sem um er fjallað í I. lið tillögunnar.

III. Verk það, sem um getur í I. og II. lið þessarar tillögu, skal unnið í samvinnu við Samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum eða einstakar sveitarstjórnir, ef hentara þykir, svo og fulltrúa verkalýðsfélaga og sjómannafélaga.

Greinargerð.

Sjávarútvegur hefur löngum verið höfuðatvinnuvegur á Suðurnesjum og er það enn. Hluti mannafla, er starfar við sjávarútveg á landinu öllu, er talinn 12.5%, en er um 40% á Suðurnesjum. Eru það eingöngu Snæfellsnesbyggðir og Vestfirðir, sem hafa að þessu leyti svipað hlutfall og Suðurnes.

Hin síðustu missiri hefur útgerð og fiskvinnsla á Suðurnesjasvæðinu öllu átt við mikla og vaxandi rekstrarerfiðleika að stríða. Er nú svo komið, að margar fiskvinnslustöðvar þar eru ýmist alls ekki reknar eða reknar með hálfum afköstum, jafnvel á hávertíðinni. Er þetta ástand svo alvarlegt, að það verður að teljast hrein ógnun við atvinnuöryggi þess fjölda, sem vinnur við sjávarútveg og aðrar atvinnugreinar á Suðurnesjum. Ber brýna nauðsyn til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir algert hrun framleiðslunnar á þessu svæði. Þarf þar bæði að verða um skjótvirkar bráðabirgðaráðstafanir að ræða og undirbúning að tillögugerð um nýja og bætta frambúðarskipan mála, þar sem atvinnuöryggi fólksins yrði haft í fyrirrúmi og tryggt eftir föngum.

Margar samverkandi ástæður valda því, hversu sjávarútvegur á Suðurnesjum er illa á vegi staddur um þessar mundir. Miklu veldur að sjálfsögðu minnkandi afli á veiðislóðum Suðurnesjaflotans, svo og óhagkvæmari samsetning aflans en áður var. Þá verður ekki fram hjá því gengið, að óeðlilegur fjöldi vanbúinna frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva og lélegt ástand margra þeirra á hér stóran hlut að máli. Sú endurnýjun skipastóls og fiskiðjufyrirtækja, sem víða hefur átt sér stað á þessum áratug og gerbreytt hefur rekstri og afkomuhorfum jafnt fólks sem fyrirtækja, hefur í mjög litlum mæli náð til Suðurnesja. Víða annars staðar hafa frystihús gjörsamlega skipt um svip og eru nær óþekkjanleg frá því sem áður var. Þar hefur á myndarlegan hátt verið komið til móts við nútímakröfur um aukið hreinlæti, minni mengun og bættan aðbúnað starfsfólks, jafnframt því sem tæknibúnaður hefur verið endurnýjaður og meðferð hráefnisins, geymsla þess og nýting er stórum betri en áður. Allt tryggir þetta öruggari og betri rekstur en ella. Á Suðurnesjum hefur verið nær alger stöðnun í þessum efnum undanfarin ár. Þar hefur sáralítil endurnýjun átt sér stað, og eru frystihús þar um slóðir því mjög vanbúin að flestu leyti miðað við nútímakröfur. Á þessu svæði eru alls um 100 fiskverkunarstöðvar, þar af um 20 frystihús, og gefur auga leið, að slíkur fjöldi er afar óhagkvæmur, hvort sem litið er á fjárfestingu eða rekstur. Er og svo komið, að allur þorri frystihúsa auk fleiri fiskvinnslustöðva á svæðinu, er gersamlega vanbúinn að húsakosti og tækjum og hefur orðið að fá margvíslegar undanþágur frá gildandi starfsreglum, m. a. um hollustuhætti, og hefur af þeim ástæðum legið við lokun sumra þeirra. Skortir víða stórlega á að vatnslagnir og skolplagnir séu í sæmilegu lagi, og undantekningalítið er frágangur á umhverfi fiskvinnsluhúsa á Suðurnesjum í hrópandi ósamræmi við það sem nú er krafist í reglum um hreinlæti og hollustuhætti.

Um nokkurt skeið hefur verið sýnt að hverju fór um útgerð og fiskverkun á Suðurnesjum. Hið skipulagslausa „einkaframtak“, þar sem allt of mörg vanbúin fyrirtæki kepptu um síminnkandi afla, hlaut að komast í þrot. Aldrei hefur ástandið í þessum efnum þó verið jafnillt og nú, þegar margar verkunarstöðvar eru lokaðar í upphafi vetrarvertíðar og lokun vofir yfir hjá öðrum. Undanfarin missiri hafa allmörg af nýrri og betri fiskiskipum Suðurnesjaflotans verið seld í aðra landshluta, bæði vélskip og togarar, og enn munu slíkar sölur vera í undirbúningi.

Ekki þarf að hafa um það mörg orð, hversu víðtækar eru afleiðingar langvinnra og sívaxandi rekstrarörðugleika fyrirtækja sjávarútvegs á Suðurnesjum. Slíkt ástand hefur lamandi áhrif á flestan annan rekstur. Fyrst verða fyrir skakkaföllum þjónustufyrirtæki þau sem næst útveginum standa, vélsmiðjur, dráttarbrautir og netagerðir, en brátt gætir afleiðinga þessa ástands miklu víðar. Sveitarfélögin lenda í erfiðleikum, rafveitur, tryggingar og lánastofnanir, og síðast en ekki síst starfsfólkið við fiskiðnaðinn og sjómennirnir. Þegar fyrirtæki útgerðar og fiskiðnaðar hafa annaðhvort stöðvast eða skulda nær öllum viðskiptaaðilum sínum stórar upphæðir, hefur það keðjuverkanir og veldur svo alvarlegum kyrkingi í öllu atvinnulífi á svæðinu, að til ófarnaðar horfir.

Það ástand, sem nú er upp komið á Suðurnesjum, er svo alvarlegt, að bráðra úrbóta er þörf. Þær úrbætur verða þó harla lítils virði og síst til frambúðar, sem ekki miða að því að koma stórbættu skipulagi á allan rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu. Tillaga þessi er flutt til þess að leggja áherslu á nauðsyn nýrra og skipulegra vinnubragða við uppbyggingu útgerðar, fiskiðnaðar og nýrra iðngreina á Suðurnesjum. Suðurnes tákna í tillögu þessari sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi sunnan Hafnarfjarðar. Er hér um að ræða útgerðarstaðina Voga, Njarðvíkur, Keflavík, Garð, Sandgerði, Hafnir og Grindavík. Sú er ein meginhugsun tillögunnar, að kleift sé og nauðsynlegt að skipuleggja sjávarútveg og fiskiðnað á þessu svæði í heild með tilliti til atvinnuþarfa fólks og þjóðhagslegrar hagkvæmni við fjárfestingu og rekstur. Þar eiga að vera einkar góðir möguleikar á margvíslegri samvinnu og verkaskiptingu, bæði við hráefnisöflun, löndun og vinnslu sjávarafurða. Fjarlægðir milli útgerðarstaða eru tiltölulega litlar, vegir góðir og yfirleitt með varanlegu slitlagi og lokun þeirra vegna snjóa nær óþekkt.

Helstu fiskimið Suðurnesjamanna hafa löngum verið aflasæl á vetrarvertíð og þá að jafnaði ekki langróið. Hér hafa að vísu orðið töluverðar breytingar á síðustu árum vegna hins alvarlega ástands fiskstofna við landið. Þó er það enn svo, að aflinn á vetrarvertíð er meginuppistaða ársaflans af bolfiski og veiðarnar fyrst og fremst stundaðar af meðalstórum vélbátum sem róa daglega úr landi, ýmist með línu eða þorskanet. Veiðar lítilla og meðalstórra togbáta eru einnig nokkrar. Helsta nýbreytnin er sú, að nokkrir togarar hafa bæst í Suðurnesjaflotann síðustu missirin, en óvissa ríkir um framtíð þeirrar útgerðar, og tveir togaranna eru raunar þegar seldir í aðra landshluta.

Það er alkunna, að árstíðadreifing afla er mjög mismunandi eftir landshlutum og ræðst bæði af afstöðunni til miða og útgerðarháttum. Sveiflur aflamagns eftir árstíðum hafa óvíða verið meiri en á Suðurnesjum, þar sem 50—60% ársaflans hafa einatt borist á land á tveimur til þremur aflahæstu mánuðum ársins og yfir 80% á sex hæstu mánuðum ársins. Slíkar sveiflur valda að sjálfsögðu margvíslegum erfiðleikum fyrir alla aðila. Þetta hefur að vísu tekið dálitlum breytingum síðustu árin með tilkomu skuttogara og minnkandi aflamagni á hávertíð, en er þó enn verulegt vandamál. Hlýtur það að teljast eitt meginverkefni við áætlunargerð um skipulag útgerðar og fiskvinnslu á þessu svæði að tryggja jafnari hráefnisöflun allt árið og þar með jafnari atvinnu.

Utan vetrarvertíðar má gera ráð fyrir að afli sé einatt lítill á nálægum miðum Suðurnesjamanna. Þá verður um langsókn að ræða til miða fyrir Suðvesturlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Virðist ljóst, að eins og nú háttar fiskgengd og fiskmagni hér við land sé bátaflota einum um megn að tryggja þá hráefnisöflun utan vetrarvertíðar, sem hlýtur að teljast grundvöllur sæmilegrar afkomu fólks á þessu svæði. Er ekki annað sjáanlegt en sú sókn verði öðrum þræði að byggjast á togurum.

Flm. tillögu þessarar leggja á það áherslu, að kannað verði sérstaklega með hverjum hætti best verði tryggt útgerð hæfilega margra togara, sem þjónuðu Suðurnesjasvæðinu öllu. Varðandi eignaraðild og rekstrarform slíkrar togaraútgerðar Suðurnesja virðist einsætt að sækja fyrirmyndir þangað sem útgerð á félagslegum grundvelli hefur gefið hvað besta raun. Telja verður æskilegt að aðild sveitarfélaga á svæðinu komi til, og þau verði ef til vill burðarás slíkrar útgerðar, hugsanlega með þátttöku fiskvinnslustöðva og fleiri aðila. Kanna þarf enn fremur, með hverjum hætti fulltrúar sjómanna og landverkafólks geta öðlast raunverulegt áhrifavald um rekstur slíks fyrirtækis, sem fyrst og fremst er ætlað það hlutverk að tryggja sem öruggasta og jafnasta atvinnu allt árið.

Veigamikill þáttur þeirrar áætlunar, sem gera þarf um framtíðarskipan útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum, eru tillögur um fjármögnun nauðsynlegra framkvæmda. Lánastefnu fjárfestingarsjóða þarf að samræma sem mest þeim fyrirætlunum um atvinnuuppbyggingu á svæðinu, sem tillögur verða gerðar um.

Við áætlunargerð þá, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, ber að stefna að því, að hægt verði að tryggja öllu verkfæru fólki á Suðurnesjum örugga atvinnu við íslenskan atvinnurekstur af ýmsu tagi. Eins og kunnugt er, vinnur nú allmikill fjöldi fólks á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli eða í tengslum við dvöl herliðsins. Telja flm. þessarar tillögu einsætt að miða áætlunargerðina við það, að því annarlega ástandi ljúki sem fyrst og fjölþættur innlendur atvinnurekstur í byggðum Suðurnesja komi þar í staðinn.

Að lokum skal lauslega drepið á nokkra möguleika, sem virðast vera fyrir hendi til að auka fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu.

Ljóst er að Suðurlandssíld á með hóflegri veiði og skynsamlegri nýtingu að geta orðið mikil búbót og góður atvinnuauki á komandi árum. Telja verður hagkvæmt að nota aðstöðuna á Suðurnesjum til að fullvinna margháttaða vöru úr þessu góða og dýrmæta hráefni. Þarf að kanna hagkvæmni þess að koma upp a. m. k. einni niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju síldar og fleiri fiskafurða á svæðinu.

Með vaxandi síldarsöltun á Suðurlandi virðist fyllilega tímabært að koma upp tunnuverksmiðju, og yrði slík verksmiðja einkar vel staðsett á Suðurnesjum.

Bent skal á þá möguleika, sem í því kunna að felast að stunda í stórum stíl fiskrækt í hæfilega heitum jarðsjó. Til þess eru talin sérlega góð skilyrði á Suðurnesjum, þar sem er annars vegar jarðsjórinn og hins vegar hráefni frá fiskvinnslustöðvum, en slík starfsemi byggist á nýtingu fisks og fiskúrgangs. Er þegar verið að hefja lokatilraunir með slíka ræktun „laxbirtings“ í Grindavík og framleiðslu í smáum stíl. Sé það rétt, sem ýmsir telja, að fiskrækt með þessum hætti eigi framtíð fyrir sér, hlýtur að fylgja í kjölfarið niðursuðuiðnaður og önnur fullvinnsla á þeim fiski — laxi og silungi — sem ræktaður yrði.

Þá er nauðsynlegt að kanna hugmyndir um framleiðslu rafmagns, þar sem jarðgufa yrði notuð. Er talið, að slík rafmagnsframleiðsla geti auðveldað ýmsa þá iðnaðarframleiðslu, sem háð er raforku á hóflegu verði.

Aðeins skal drepið á væntanlega saltvinnslu. Stofnað hefur verið fyrirtæki til að reisa tilraunaverksmiðju til vinnslu salts úr heitri jarðgufu og verður verksmiðjan byggð við jarðhitasvæðið á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að þessi litla verksmiðja geti tekið til starfa á þessu ári. Hér er að sjálfsögðu um tilraun að ræða, en við hana eru óneitanlega bundnar allgóðar vonir.

Naumast verður því lengi skotið á frest að reisa hér við Faxaflóa a. m. k. eina fullkomna fiskimjölsverksmiðju, en allur verksmiðjukostur okkar á því sviði er úreltur og á engan hátt sambærilegur við það sem nú gerist hjá nálægum þjóðum. Verksmiðjurnar eru allar eldþurrkunarverksmiðjur, gagnstætt því sem gerist hjá keppinautum okkar, sem yfirleitt reka verksmiðjur búnar til gufuþurrkunar. Talið er, að fullkomin verksmiðja með gufuþurrkun sé forsenda þess, að fiskimjölsiðnaðurinn geti þróast eðlilega. Skal í því sambandi bent á þá merku tilraunastarfsemi,

sem fram fer í því skyni að hagnýta fiskimjöl til manneldis. Forsenda slíkrar framleiðslu er fullkomin, nútímaleg verksmiðja. Líklegt má telja, að beislun jarðgufu til þessara nota muni reynast hagkvæm. Telja flm. þessarar tillögu einsætt að rannsakað verði, hvort ekki sé hagkvæmt að reisa slíka fyrsta flokks verksmiðju með gufuþurrkun á Suðurnesjum.

Enda þótt hér hafi fyrst og fremst verið bent á ýmsa möguleika í sambandi við bætt skipulag sjávarútvegs og aukna fjölbreytni fiskiðnaðar, þarf jafnframt að rannsaka skilyrði til að reka á Suðurnesjum margvíslegan iðnað af öðru tagi. Verður að telja mjög sennilegt að slíkt sé tiltölulega hagkvæmt, einkum ef um ódýra raforku yrði að ræða. Ber í þessu sambandi að hafa í huga þörfina á að koma upp margs konar léttum iðnaði fyrir aldraða og öryrkja, og kynni oft að vera hægt að tengja slíkan iðnað öðrum rekstri.

Hér er mikið verkefni fyrir höndum. Alhliða uppbygging þróttmikils og fjölþætts atvinnurekstrar á Suðurnesjum gerist að sjálfsögðu ekki öll í einu eða á mjög skömmum tíma. En aðstæður eru nú þannig, að nauðsynlegt er að hefjast þegar handa og stíga fyrstu sporin strax á þessum vetri. Skiptir þá meginmáli, að í rétta átt sé stefnt og bráðabirgðaaðgerðir verði fyrsti liður þeirrar nýskipunar til frambúðar, sem þarf að verða takmarkið. Tillaga þessi er flutt í því skyni að leggja áherslu á nauðsyn Suðurnesjaáætlunar af því tagi, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Hinar fyrstu aðgerðir þurfa að koma fljótt, en þær eiga að verða upphaf framtíðarlausnar, sem miðar að því að tryggja öllum íbúum Suðurnesja örugga atvinnu við þjóðnýt störf.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um endurnýjun og uppbyggingu strandferðaþjónustunnar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Tómas Árnason, Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða athugun á endurnýjun og uppbyggingu Skipaútgerðar ríkisins og leita leiða til þess að fjármagna slíka endurnýjun í því skyni að

1) auka og bæta strandferðaþjónustuna við dreifbýli landsins,
2) stuðla að hallalausum rekstri Skipaútgerðar ríkisins.

Greinargerð.

Strandferðaþjónustan er tvímælalaust einhver mikilvægasti hlekkurinn í viðleitni okkar Íslendinga til þess að byggja landið allt og jafna lífskjör svo sem frekast er unnt. Aðstaða hér á landi er víða þannig að hagkvæmast er að dreifa nauðsynjum með skipum, enda sé vissum lágmarksskilyrðum fullnægt, m. a. um tíðni reglubundinna ferða. Vöruverð í dreifbýli er mjög háð þessari þjónustu. Því komst milliþinganefnd um verðjöfnun vöruflutninga að þeirri niðurstöðu, að stefna bæri að jöfnun vöruverðs fyrst og fremst með því að efla strandferðaþjónustuna.

Skipaútgerð ríkisins hefur sinnt hinni reglubundnu strandferðaþjónustu. Því miður hefur rekstur þeirrar útgerðar gengið erfiðlega undanfarin ár. Hefur ekki reynst unnt að veita þá lágmarksþjónustu, sem nauðsynleg er til þess að landsmenn geti fullkomlega treyst strandferðaþjónustunni og noti hana sem mest til almennra vöruflutninga. Hefur þetta leitt til vaxandi erfiðleika í rekstri Skipaútgerðar ríkisins.

Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur lagt fram „áætlun að uppbyggingu strandferðaþjónustunnar“ (nóvember 1977). Þar koma fram allróttækar og mjög athyglis-

verðar tillögur um endurskipulagningu Skipaútgerðar ríkisins og rekstrar hennar. Skýrsla þessi hefur verið send öllum þingmönnum. Er því ekki ástæða til þess að endurprenta hér efni hennar. Hins vegar verða rakin nokkur meginatriði.

Núverandi staða og ástand Skipaútgerðar ríkisins. Þótt skip Skipaútgerðarinnar, Hekla og Esja, séu frá árunum 1970 og 1971 og vönduð, standast þau ekki samanburð við samsvarandi skip í nágrannalöndum okkar, hvað þá það sem best gerist. Óhagkvæmni skipanna kemur fyrst og fremst fram í eftirgreindum atriðum:

1. Ekki er unnt að koma við nýjustum aðferðum við lestun og losun skipanna. Afköst eru, þegar best lætur, 20—30 tonn á klst., en algeng, t. d. í Noregi, 200 tonn á klst. Er þó mannafli við þau störf u. þ. b. tvöfalt meiri hér en í Noregi.
2. Áhöfn á hvoru skipi er 17—18 menn, eða u. þ. b. þrefalt fleiri en á samsvarandi skipum á norsku ströndinni. Aukakostnaður vegna áhafnar verður þannig um 150 millj. kr. á ári.

Auk þessa er aðstöðu Skipaútgerðarinnar til vöruafgreiðslu í Reykjavík og víðast um landið mjög ábótavant, tækjabúnaður ófullnægjandi og fjárhagsstaða fyrirtækisins mjög slæm.

Ný skip. Síðustu árin hefur orðið bylting í gerð strandflutningaskipa. Byggist hún fyrst og fremst á nýrri tækni við lestun og losun, sem lýsa mætti sem akstri með vörur um og frá borði. Þessi skip geta opnast annaðhvort að aftan eða framan, ef ekki hvort tveggja, og einnig eru þau með lestunarop á hliðum. Því er unnt að aka vörum um borð með lyfturum eða á vögnum á ýmsa vegu.

Í skýrslunni er lýst nýjum norskum strandferðaskipum, sem eru um 20 m styttri en Hekla og Esja, en hafa þó jafnmikið lestarrými. Þau hafa bæði skutop fyrir lestun og losun á hjólum og hliðarop fyrir lestun með lyfturum, auk lestarops að ofan og 28 tonna lyftigetu í bómu. Ekkert farþegarými er á þessum skipum og áhafnarstærðin í Noregi aðeins 6 menn. Skip þessi kosta í Noregi nýsmíðuð um 400 millj. ísl. kr.

Ýmsum fleiri nýjungum við þessi skip er lýst. Mundu slík skip valda gjörbyltingu á útgerð Skipaútgerðar ríkisins.

Ný vöruskemma. Aðstaða Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík er mjög bágborin. Lóð hefur fengist fyrir skemmu á uppfyllingu við Grófarbryggju í Reykjavíkurhöfn. Þar mun skapast hin ákjósanlegasta aðstaða.

Áætlað er að byggja þarna skemmu, sem yrði um 2500 m² og þjónustubyggingu á tveimur hæðum, 525 m², áfasta við skemmuna. Áætlaður kostnaður er samtals 186 millj. kr.

Tækjabúnaður. Tækjabúnað Skipaútgerðar ríkisins í lyfturum og fleiru þarf að endurnýja. Í skýrslunni er fjárfesting í slíku áætluð 200 millj. kr. á fjórum árum.

Áætlanir um fjárfestingu og rekstur. Áætlanir um fjárfestingu og rekstur fylgja skýrslunni og eru birtar með tillögu þessari í töflum 1, 2 og 3.

Við þessar áætlanir eru að sjálfsögðu ýmsir fyrirvarar. Má í því sambandi nefna verðlagsþróun. Áætlanirnar eru gerðar í nóvember 1977. Nokkur óvissa er einnig um vissa kostnaðarliði og loks um flutningsmagn.

Samkvæmt þessum áætlunum yrði fjárfesting að frádregnu söluverði núverandi skipa 1 451 millj. kr. Verulegur hluti af fjárþörfinni yrði fjármagnaður með erlendum lánum. Áætlað er að rekstur batni fljótlega og geti skilað allverulegum fjárhæðum upp í fjármagnskostnað þegar á fjórða ári eftir að umræddar breytingar eru hafnar.

Rekstrarafkoma er sýnd á meðfylgjandi línuriti. Þar sést að áætlað er að rekstrarafkoma yrði orðin jákvæð á árinu 1984 að fjármagnskostnaði meðreiknuðum.

Breytt strandferðaþjónusta. Með hinum nýju skipum er unnt að stórauka fjölda ferða frá Reykjavík. Það er ákaflega mikilvægt. Hins vegar er rætt um að fækka viðkomustöðum. Ef það á að gerast verður að tryggja að þeir staðir, sem falla niður, njóti einnig hinnar sömu stórbættu þjónustu, t. d. með flutningi á bifreiðum frá löndunarhöfnum á vegum Skipaútgerðarinnar sjálfrar. Líklegt er þó að ekki reynist unnt að fækka viðkomustöðum svo sem um er rætt, a. m. k. á veturna. Þær hugmyndir þarf því allar að athuga stórum nánar.

Hvað sem strandferðaáætlun líður virðist líklegt, að slík gjörbylting í tækjakosti og starfsemi Skipaútgerðar ríkisins gæti haft í för með sér stórbætta þjónustu við dreifbýli landsins, með lækkuðu vöruverði og auknu vöruúrvali, svo og stórbættan rekstur Skipaútgerðar ríkisins sjálfrar. Þetta er mikið nauðsynjamál. Því er lagt til að athugun á umræddum tillögum verði hraðað og ef þær reynast á góðum rökum reistar, þeim hrint í framkvæmd svo fljótt sem unnt má vera.

Tafla 1.

Fjárfestingaráætlun Skipaútgerðarinnar.

3 ný skip	1 500 m. kr.
Vöruskemma	146 m. kr.
Þjónustubygging	40 m. kr.
Tækjabúnaður	200 m. kr.
Alls	1 886 m. kr.
Eftirstöðvar söluvirðis Herjólfs	30 m. kr.
Áætlað söluvirði Heklu og Esju	400 m. kr.
Fjárfesting nettó	1 456 m. kr.

Tafla 2.

Fjárfesting og fjáröflun.

	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Ný skip[1])	200	100				
Vöruskemma	116					
Þjónustubygging		40				
Tækjabúnaður	25	80	50	45		
Fjárfesting alls	341	220	50	45		
Sala Heklu og Esju	200	200				
Fjárfesting nettó	141	20	50	45		
Greiðslubyrði v/skipakaupaláns			108	108	187	187
Frá rekstri	÷ 334	÷275	÷115	43	105	167
Fjárþörf alls[2])	475	295	273	110	82	20
Þar af v/fjárf.	141	20	50	45	0	0


1) Miðað er við 80% lán til skipakaupanna og eru hér því aðeins tekin 20% þeirra sem fjáröflunarvandi, þ. e. 300 m. kr.
2) Hér er ekki með hugsanleg fjárþörf síðar vegna annarra lána, auk skipakaupalánsins, sem hugsanlega yrðu tekin í byrjun, s. s. til vöruskemmunnar.

Tafla 3.

Rekstraráætlun Skipaútgerðar ríkisins miðað við algjöra endurnýjun 1978—80, m.kr.

Gjöld	1978	1981	1983
Rekstur skipa	**510**	**495**	**560**
Laun	302	205	230
Olía	84	140	180
Viðhald	53	70	70
Annað	71	80	80
Vöruafgreiðsla	**91**	**85**	**75**
Laun	73	60	50
Olía	2	4	4
Viðhald	5	6	6
Annað	11	15	15
Skrifstofa	**41**	**50**	**42**
Laun	29	35	27
Annað	12	15	15
Rekstrarkostnaður alls	642	630	677
Tekjur			
Skip	241	555	690
Vöruafgreiðsla	68	118	154
Tekjur alls	309	673	844
Halli	333		
Framl. í vexti og afskriftir	0	43	167
Meðalfjármagnskostnaður	ca. 210	ca. 210	

REKSTRARAFKOMA



Nd. 345. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Minni hlutinn, Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Alþingi, 8. febr. 1978.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason.
Ey. Kon. Jónsson. Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 346. Fyrirspurn [179. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skuldir á fiskiskipaflota landsmanna 31. des. 1977.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hverjar voru skuldir fiskiskipaflota landsmanna 31. des. 1977:
   a) togara hjá Fiskveiðasjóði Íslands,
   b) togara hjá öðrum stofnlánasjóðum,
   c) fiskiskipa annarra en togara hjá Fiskveiðasjóði Íslands,
   d) fiskiskipa annarra en togara hjá öðrum stofnlánasjóðum?
2. Hverjar voru erlendar skuldir 31. des. 1977 vegna alls fiskiskipaflota landsmanna?

Sþ. 347. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um könnun á atvinnulegri og félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kanni atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar og geri næsta Alþingi grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

Greinargerð.

Staða atvinnuvega á Suðurnesjum hefur verið mjög erfið mörg undanfarin ár. Sjávarútvegur hefur lengst af verið grundvöllur atvinnu og afkomu á svæðinu, en nú upp á síðkastið hafa aflabrögð verið mjög rýr og samsetning afla breyst frá því að vera að mestu leyti þorskur yfir í aðrar verðminni tegundir, og hefur þessi breyting haft mjög óhagstæð áhrif á afkomu þeirra er þessa atvinnu stunda.
Versnandi afkoma veiða og vinnslu hefur einnig haft mjög óhagstæð áhrif á rekstur og afkomu fjölda þjónustufyrirtækja er starfa í sambandi við sjávarútveginn, og einnig hafa sveitarfélögin sjálf átt við mikla fjárhagsörðugleika að

etja, — örðugleika er rekja má til hinna sömu orsaka. Líta verður svo á, að ekki hafi verið brugðið jafnskjótt við til hjálpar atvinnustarfsemi á Suðurnesjum og gert hefur verið þegar aðrir landshlutar hafa lent í örðugleikum, og er hugsanlegt að þar hafi nálægðin við Keflavíkurflugvöll haft áhrif. Á Keflavíkurflugvelli fer fram blómleg og fjölbreytt atvinnustarfsemi, og munu ýmsir líta svo á, að ekki þurfi að hafa áhyggjur af afkomu Suðurnesjamanna þar sem þeir hafi völlinn.

Það er hins vegar skoðun flutningsmanns, að starfsemin á Keflavíkurflugvelli hafi að ýmsu leyti óhagstæð áhrif á þróun sjávarútvegs á Suðurnesjum, en geti hins vegar á engan hátt leyst hann af hólmi sem grundvöllur undir afkomu svæðisins. Auk þess fylgja starfseminni á Keflavíkurflugvelli ýmis félagsleg áhrif, sem full ástæða er til þess að kanna rækilega.

Nd. 348. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til. l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið felur í sér staðfestingu á þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fella enn einu sinni gengi íslenskrar krónu, um 13% í einu skrefi, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri um 14.9%.

Núverandi ríkisstjórn hefur þrisvar sinnum lækkað gengi íslenskrar krónu formlega. Hún hefur auk þess lækkað gengið með svonefndu gengissigi, og má í rauninni segja að slíkt gengissig hafi átt sér stað nær allan valdatíma stjórnarinnar.

Gengislækkunarstefna stjórnarinnar hefur leitt til þess, að nú er Bandaríkjadollar 156.7% hærri í verði gagnvart íslenskri krónu en hann var í ágúst 1974, þegar stjórnin kom til valda. Auðvitað hefur þessi mikla gengisbreyting leitt til gífurlegra verðhækkana hér á landi. Innfluttar vörur hafa af þessum ástæðum hækkað í verði um 150—170%. Gengislækkunarstefnan hefur líka haft sín áhrif á annað verðlag hér á landi.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum í ágústmánuði 1974 var framfærsluvísitalan 297 stig. Nú er hún orðin 934 stig og nemur því hækkunin 214%. Það þýðir að verðlag hér á landi hefur rúmlega þrefaldast í tíð núverandi stjórnar.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir, boðar enga nýja stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það sýnir að hún heldur sig enn við gengislækkunarstefnuna, þá stefnu sem á undanförnum árum hefur leitt til óðaverðbólgu og síendurtekinna átaka á vinnumarkaði.

Ákvörðun um að lækka gengið nú um 13% í einu skrefi í framhaldi af gengissigi undanfarandi mánuði er í raun aðeins formleg staðfesting á fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar í gengismálum. Við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s. l. kom fram, að ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafði þá reiknað með 18% gengissigi á árinu 1978 og áætlað tekjur og gjöld ríkissjóðs samkvæmt því. Ríkisstjórnin hefur því fyrir alllöngu ákveðið mikla gengislækkun á árinu, annaðhvort í formi gengissigs eða formlegrar gengislækkunar.

Með formlegri gengislækkun, sem nú á að framkvæma, áformar ríkisstjórnin að gera jafnframt breytingar á þeim kjarasamningum, sem gerðar voru með samþykki hennar á s. l. sumri, og á þeim samningum sem hún gerði sjálf við BSRB fyrir rétt rúmum þremur mánuðum. Það er því ljóst, að ríkisstjórnin er enn við sama heygarðshornið í efnahagsmálaaðgerðum sínum. Enn á að beita gengislækkun, sem á að auka verðbólguna, og enn á að leysa vandann á kostnað launafólks.

Við, sem undir álit þetta ritum, erum andvígir stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Við teljum hana hafa leitt út í miklar ógöngur og það í góðæri. Frum-

varp þetta er einn liður þeirra efnahagsaðgerða sem við erum á móti. Við leggjum því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 8. febr. 1978.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 349. Frumvarp til laga [181. mál]

um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Flm.: Stefán Jónsson, Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson, Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Íslenskum stjórnmálaflokkum er óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar hérlendis frá erlendum aðilum.

2. gr.

Lög þessi taka til stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða.

3. gr.

Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

4. gr.

Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að tíu milljónum króna og varðhaldi, ef sakir eru miklar.

Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að dómi flutningsmanna er æskilegt að sett verði sérstök löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka á landi hér, þar sem m. a. verði kveðið á um skyldur þeirra til opinberra reikningsskila, og verði þar að sjálfsögðu reistar skorður við því, að erlendir aðilar geti náð á þeim fjárhagslegum tökum. Sérstök þingnefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, vinnur nú að undirbúningi þess máls, sem er allmikið og vandasamt verk.

Orsök þess, að flutningsmenn flytja nú þetta sérstaka frumvarp, sem varðar einn þátt málsins, er hins vegar sú, að upp komst nú í vetur og liggur fyrir játning eins stjórnmálaflokks, Alþýðuflokksins, að hann hafi leitað fjárframlaga erlendis frá og fái nú þaðan peninga til þess að kosta útgáfu blaðs síns og standa straum af annarri stjórnmálastarfsemi á landi hér. Skiptir hér ekki máli að dómi flutningsmanna þótt gjafafé þetta sé sótt til Norðurlanda. Þarf ekki að rökstyðja það álit í greinargerð því alls ekki verður við það unað, að neinir erlendir aðilar fái að gera út stjórnmálaflokka á Íslandi.

Nd. 350. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
Við setningu reglna um stuðning við hagræðingu í fiskiðnaði skal lögð sérstök áhersla á skipulega uppbyggingu fiskiðnaðar á svæðum sem verst eru sett atvinnulega og skila lakastri nýtingu hráefnis og fjármagns.

Nd. 351. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
2. gr. laganna, um laun þeirra alþingismanna sem jafnframt eru starfsmenn ríkisins eða ríkisstofnana, falli niður.

Ed. 352. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson skila sérálíti.
Albert Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. febr. 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 353. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er skilgetið afkvæmi stefnu núverandi stjórnar. Gengislækkanir hafa verið aðalúrræði hennar við sérhverjum efnahagsvanda. Svo skefjalaust og ótæpilega hefur þessu úrræði verið beitt, að segja má að **gengisfellingin sé orðin fíknilyf núverandi stjórnar.**
Til eru fíkniefni, sem átt geta rétt á sér við sérstakar kringumstæður í smáum skömmtum. Sé hins vegar gripið til þeirra takmarkalaust verða þau vanabindandi og hafa vaxandi eiturverkanir í för með sér, eftir því sem þeim er oftar beitt.

Undanfarin þrjú ár eru mesta gengislækkunartímabil í sögu íslensks gjaldmiðils. Núverandi ríkisstjórn hefur þrisvar sinnum lækkað gengi íslenskrar krónu formlega. Hún hefur auk þess lækkað gengið með svonefndu gengissigi, og má í rauninni segja að slíkt gengissig hafi átt sér stað nær allan valdatíma stjórnarinnar.

Gengislækkunarstefna stjórnarinnar hefur leitt til þess, að nú er Bandaríkjadollar 156.7% hærri í verði gagnvart íslenskri krónu en hann var í ágúst 1974, þegar stjórnin kom til valda. Auðvitað hefur þessi mikla gengisbreyting leitt til gífurlegra verðhækkana hér á landi. Innfluttar vörur hafa af þessum ástæðum hækkað í verði um 150—170%. Gengislækkunarstefnan hefur líka haft sín áhrif á annað verðlag hér á landi.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum í ágústmánuði 1974 var framfærsluvísitalan 297 stig. Nú er hún orðin 934 stig og nemur því hækkunin 214%. Það þýðir að verðlag hér á landi hefur rúmlega þrefaldast í tíð núverandi stjórnar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér staðfestingu á ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fella enn gengi íslenskrar krónu, um 13% í einu skrefi, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri um 14.9%. Ríkisstjórnin heldur sem sagt fast við gengislækkunarstefnuna, sem á undanförnum árum hefur leitt til einstæðrar óðaverðbólgu og síendurtekinna átaka á vinnumarkaði.

Ákvörðunin um að lækka gengið nú um 13% í einu skrefi í framhaldi af gengissigi undanfarandi mánuði er í raun aðeins formleg staðfesting á fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar í gengismálum. Við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s. l. kom fram, að ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafði þá reiknað með 18% gengissigi á árinu 1978 og áætlað tekjur og gjöld ríkissjóðs samkvæmt því. Ríkisstjórnin hefur því fyrir alllöngu ákveðið mikla gengislækkun á árinu, annaðhvort í formi gengissigs eða formlegrar gengislækkunar.

Með formlegri gengislækkun, sem nú á að framkvæma, áformar ríkisstjórnin að gera jafnframt breytingar á þeim kjarasamningum, sem gerðir voru með samþykki hennar á s. l. sumri, og á þeim samningum, sem hún gerði sjálf við BSRB fyrir rétt rúmum þremur mánuðum.

Ljóst er, að með þessu er stefnt að nýjum stórátökum á vinnumarkaðinum. Vandamálin verða síst minni en áður var, þvert á móti verða þau meiri og erfiðari úrlausnar, og hraði verðbólguhjólsins mun enn aukast.

Alþýðubandalagið hefur ásamt öðrum stjórnarandstöðuflokkum og fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar bent á aðra leið til lausnar á aðsteðjandi vanda: verðlækkunarleið.

Við erum algerlega andvíg efnahagsstefnu núverandi stjórnar — ef stefnu skyldi kalla.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 8. febr. 1978.

Ragnar Arnalds.

Nd. 354. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. felur í sér staðfestingu á því, sem almenningur hér á landi hafði beyg af undanfarnar vikur, að enn einu sinni ætti að fella gengi íslensku krónunnar. Þetta frv. felur í sér beina gengisfellingu um 13%, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri að meðaltali um 15%.

Núverandi ríkisstjórn hefur því þrisvar sinnum á valdaferli sínum lækkað gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri með sérstakri löggjöf þar um. Auk þess hefur hún beitt eða látið Seðlabankann beita svonefndu gengissigi. Þetta gengissig hefur verið svo ört á undanförnum nokkrum vikum, að það jafngilti nokkurn veginn 2% gengisfellingu að meðaltali á mánuði. Þetta hefur almenningur fundið og skynjað stöðugar verðhækkanir á erlendri vöru. Til þess að draga úr áhrifum af rýrnandi verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum aðföngum hefur hver og einn einstaklingur eftir bestu getu og aðstæðum eytt lausafé sínu. Þessi ráðstöfun hins almenna borgara hefur leitt af sér meiri eftirspurn á erlendum gjaldeyri af hálfu innflytjenda, og voru biðraðir í gjaldeyrisbönkunum eftir að fá að kaupa erlendan gjaldeyri, sem var kominn að mati margra á útsöluverð. Seðlabanki Íslands sá sig því til neyddan, auðvitað í samráði við stjórnvöld, að fella niður skráningu á erlendum gjaldeyri og svonefnd gjaldeyrisnefnd bankanna var látin tefja venjulega afgreiðslu gjaldeyrisumsókna eftir föngum. Almenningur hefur undanfarna daga keypt dýrar vörur fram úr hófi til þess að bjarga rýrnun sparifjár frá meiri skakkaföllum, sem þessi beina gengisfelling annars hefði í för með sér. Hverjum einstaklingi, sem hefur átt sparifé í bankastofnunum ríkisins undanfarin ár, er nokkur vorkunn þar sem sameiginleg rýrnun sparifjár landsmanna á árinu 1977 nemur um eða yfir 14 milljörðum króna. Enn einu sinni er ráðist af hálfu stjórnvalda á sparnaðarviðleitni hins almenna borgara og hann sviptur verðmætum sparnaði, sem hann á í formi sparifjár í bankastofnunum landsins. Það er skoðun undirritaðs, að ógerlegt sé að koma á jafnvægi í neyslu og fjárfestingu í þjóðarbúskap okkar meðan fylgt er gengislækkunar- og gengissigsstefnu, eins og átt hefur sér stað í mörg undanfarin ár. Hér eiga allir stjórnmálaflokkar hlut að máli, og við höfum verið í miklum minni hluta hér á háttvirtu Alþingi, þeir þingmenn er telja þessa stefnu löngu gengna sér til húðar.

Því miður er ekki að sjá að enn sé fyrir hendi grundvallarbreyting í þessum efnum, og hlýtur undirritaður að skírskota til almennings, að hann veiti þessari gengisfellingar- og gengissigsstefnu hart aðhald og raunar hreki hana upp að vegg, svo að lengra verði ekki haldið í stjórnun efnahagsmála á þessari braut.

Óþarfi er að rekja í hlutfallstölum, hvað erlendur gjaldeyrir hefur hækkað á valdaferli núverandi ríkisstjórnar, þar sem öllum landsmönnum er málið vel kunnugt. Þó má minna á, að verð á bandaríkjadollar vegna gengisfellingar og gengissigs er u. þ. b. 157% hærra en það var í ágúst 1974, þegar þessi ríkisstjórn íhaldsmanna og framsóknarmanna tók völdin í landinu. Afleiðingar af þessari efnahagsstefnu gagnvart sparifjáreigendum er sú, að þeir, ungir sem aldnir, hafa sætt verðrýrnun sem nemur mörgum tugum milljóna á valdaferli þessarar ríkisstjórnar. Þetta táknar að hliðstæð upphæð hefur raunar verið veitt skuldakóngum landsins.

Allir viðurkenna í orði, að einn aðalvandi efnahagsmála á Íslandi sé verðbólga. Höfuðmarkmið í fyrstu yfirlýsingu hæstvirts forsrh., Geirs Hallgrímssonar, f. h. ríkisstjórnar sinnar var að koma ríkjandi óðaverðbólgu úr þrotabúi vinstri stjórnarinnar niður í um 15% á einu ári. Þessi yfirlýsing sem grundvallaratriði í stjórnarsamningnum hefur mistekist hrapallega og svo átakanlega, að verðbólgan sum árin hefur verið um 50%. Þegar slík hömlulaus verðbólga ríkir hjá einni þjóð er engin von til þess að nokkurt jafnvægi geti til lengdar ríkt í atvinnumálum og efnahagsmálum þjóðarinnar.

Þetta frv., sem er um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, segir raunar það eitt, að íslenska krónan fellur um 13% gagnvart erlendum gjaldeyri og þeim gengismun, sem við það myndast vegna birgða í landinu á útflutningsafurðum, skuli ráðstafað á sérstakan hátt, eins og frv. greinir. Þetta er mjög á sama veg og gert hefur verið í fyrri gengisfellingum. Þó vil ég undirstrika, að í 2. gr., næstsíðustu málsgr., standa þessi orð: „Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem lög þessi taka til.“ Hér er um fremur ónákvæmt orðalag að ræða og undirritaður telur nauðsynlegt

að hæstv. forsrh. staðfesti, að áður en gengismun verði ráðstafað geti útflytjendur átt þess kost að leggja fram gögn um kostnað, sem til hefur komið vegna útflutningsstarfsemi í landinu, og fengið hann greiddan úr þessum gengismunarsjóði.

Augljóst er að í kjölfar þessarar gengisfellingar mega landsmenn eiga von á, samkvæmt fyrri reynslu, svonefndu bandormsfrumvarpi, er felur í sér nauðsynlegar ráðstafanir að mati ríkisstjórnarinnar, svo að áhrif beinnar gengisfellingar renni ekki beint út í sandinn. Það hefur vart farið fram hjá ríkisstjórninni og málsvörum hennar, að hagsmunasamtök verkalýðs og launþega almennt hafa sent frá sér yfirlýsingar, er fela í sér aðvörun um beina kjaraskerðingu á gildandi nýgerðum kjarasamningum. Ekki er undirrituðum á nokkurn hátt kunnugt um áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, en hann vill minna á þessar aðvaranir frá hinum óbreyttu borgurum þessa lands. Ef takast á að koma á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum landsmanna og tryggja stöðuga atvinnu, sem hlýtur að vera sameiginlegt markmið allra ábyrgra einstaklinga og aðila, verður ríkisvaldið að hafa fulla samvinnu við hagsmunasamtök fólksins í landinu og gera sér grein fyrir því, að ekki verður haldið lengur áfram að „millifæra“ gríðarlegar eignafúlgur frá sparnaði hins almenna borgara yfir í skuldafenið hjá þeim er hlotnast það að fá hundruð milljóna króna lán í nafni mikilvægs atvinnurekstrar. Þetta er að mati undirritaðs slíkt grundvallaratriði til að ná eðlilegu jafnvægi og hafti á verðbólguna, að á meðan þetta er ekki tryggt í efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar, má segja að baráttan sé við vindmyllur einar og því vonlaus og áfram muni almenningur því reikna með verðbólgu í landinu á háu stigi og haga sér samkvæmt því.

Frumvarp þetta er sagt vera einn liður efnahagsaðgerða sem ríkisstj. er að beita sér fyrir. En okkur í stjórnarandstöðunni er ekki gerð nánar grein fyrir hvað fram undan er í þeim efnum, og meðan svo er hlýtur undirritaður að taka afstöðu á móti þessu frv.

Alþingi, 9. febr. 1978.

Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 355. Frumvarp til laga [182. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI
Um verðbótaákvæði kjarasamninga.

1. gr.

Hinn 1. mars 1978, 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem Kauplagsnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega, hvaða hækkanir skuli verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

2. gr.

Sú krónutöluhækkun verðbóta og verðbótaauka, sem launþegi fær samanlagt frá byrjun greiðslutímabils fyrir dagvinnu, yfirvinnu, ákvæðisvinnu og annað, skal aldrei vera minni en svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1%, sem öll hækkun verðbótavísitölu að meðtöldum verðbótaauka hefur numið hverju sinni samkvæmt út-

reikningi Kauplagsnefndar. Fyrir launþega, sem eru ekki í fullu starfi, lækkar þessi fjárhæð hlutfallslega.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fyrirmælum þessarar greinar skulu sett með reglugerð.

3. gr.

Frá og með 1. janúar 1979 skulu óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Kauplagsnefnd skal meta hvað telja skuli óbeina skatta í þessu skyni.

II. KAFLI

Um bætur almannatrygginga skv. lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977 og nr. 56/1977.

4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu 1. mars 1978, 1. júní 1978 og 1. september 1978 taka sömu hlutfallshækkun og laun almennt þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar, skv. 1. mgr. 19. gr. laganna, svo og heimilisuppbótar, skv. 2. mgr. 19. gr. laganna sbr 1. gr. laga nr. 56/1977, skal hækka um 2 prósentustig 1. mars 1978 umfram hækkun almennra bóta þann dag.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977 og lög nr. 63 28. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

5. gr.

1. mgr. C-liðar 25. gr laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 orðist svo:

Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins, er nemi 31 456 kr. með fyrsta barni en 47 183 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins. Framfærandi samkvæmt þessum staflið telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá sem greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi þess í þessu sambandi.

IV. KAFLI

Um skyldusparnað félaga og stofnana.

6. gr.

Öll þau félög og stofnanir sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og tekjuskattskyld eru skv. ákvæðum þeirra laga, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem nemur 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að viðbættum þeim varasjóðstillögum sem heimiluð hafa verið til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna á því ári skv. 2. mgr. 17. gr. nefndra laga.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og

gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess félags eða stofnunar er sparar.

Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 7. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innstæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innstæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnist eigi að þeim réttur eigandi.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja innstæður á reikningum þeim sem hér um ræðir. Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað frávik frá þessu.

7. gr.

Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

8. gr.

Skyldusparnaður skv. 6. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innstæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald sbr. l. nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

10. gr.

1. og 2. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1977, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 15. febrúar 1978 en 16% tímabilið 16. febrúar til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

11. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið lækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 16. febrúar 1978, skv. 1. gr. laga þessara, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 16. febrúar 1978 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 16. febrúar 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 16. febrúar 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu hins lægra vörugjalds.

Af vöru, sem með leyfi tollyfirvalda hefur verið afhent innflytjanda fyrir 16. febrúar 1978 gegn fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. toll-

skrárlaga, skal greiða það vörugjald, sem greiða bar af vörunni fyrir 16. febrúar 1978.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá sérstöku vörugjaldi í sama mæli hlutfallslega.

VI. KAFLI
Um ríkisframkvæmdir og lántöku.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 er heimilt að lækka fjárveitingar skv. 4. gr. laganna um 1 000 millj. kr. hvort sem er framkvæmda- eða rekstrarliði.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði töluliðar XLIX í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978 skal fjármálaráðherra heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 4 600 m.kr. á árinu 1978.

VII. KAFLI

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma III. og IV. kafli til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda til ríkissjóðs fyrir skattárið 1977.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir fjármálaaðgerðir og kaupmáttaráhrif þeirra skv. frumvarpi um ráðstafanir í efnahagsmálum í febrúar 1978.

Fjárhæðir sýna breytingar frá fjárlögum 1978 og fyrri áætlunum.

		Ríkisfjárhags-áhrif M.kr.	Kaupmáttar-áhrif %
I. A-hluti fjárlaga			
1. Endurmat á fjárhag ríkissjóðs		—2 100	-
2. Áhrif kauplags-, verðlags- og gengisbreytinga á fjárhag ríkissjóðs:			
a) Á tekjur		+4 300	
b) Á gjöld		—2 100	
c) Niðurskurður gengisáhrifa á útgjöld		+1 100	
3. Hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar um 2% umfram laun 1/3/78		—80	-
4. Hækkun barnabóta um 5% umfram skattvísitölu 213		—300	+0,1
5. Skyldusparnaður á félög, 10% á hreinar tekjur án frádráttar til varasjóðs		+800	-
6. Lækkun tímabundins vörugjalds um 2%		—720	+0,3
7. Aukning niðurgreiðslna		—1 300	+1,0
Samtals A-hluti		—400	+1,4
II. Heimildir			
8. Heimild til lækkunar útgjalda á A-hluta		+1 000	
9. Heimild til aukinnar útgáfu spariskírteina		+1 500	
Samtals I+II	Mest	+2 100	
	Minnst	+1 000	

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hér er flutt, er áfangi í þeim aðgerðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til að bregðast við þeim efnahagsvanda, sem við hefur blasað. Gengisbreytingin, sem Seðlabanki Íslands tilkynnti hinn 8. þ. m. með samþykki ríkisstjórnarinnar, og frumvarp það um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar, sem flutt var sama dag, var gerð í þeim tilgangi að afstýra rekstrarstöðvun fyrirtækja í helstu útflutningsatvinnuvegunum og þar með atvinnuleysi. Jafnframt mun gengisbreytingin breyta verðhlutföllum innflutnings og innlendrar framleiðslu og því hamla gegn óhóflegri innflutningseftirspurn, svo að til betra jafnvægis horfi í utanríkisviðskiptum. Orsök þess jafnvægisleysis, sem einkennt hefur efnahagsframvinduna að undanförnu og þess mikla hallarekstrar útflutningsatvinnuveganna, sem gerir gengisbreytinguna óhjákvæmilega, eru mun örari verðbreytingar hér á landi en í viðskiptalöndum okkar. Ef ekkert væri að gert, væru horfur á örum víxlgangi verðlags og kauplags á næstu mánuðum og enn vaxandi verðbólgu.

Ráðstafanir þær, sem felast í þessu frumvarpi, eru til þess ætlaðar að hamla gegn verðbólgu og stuðla að betra jafnvægi í efnahagsmálum. Ef stefna á að því að ná tökum á verðbólguvextinum þegar á þessu ári, er sýnt, að ekki er um annað að ræða en að draga úr víxlgangi verðlags og launa með því að takmarka nokkuð þær kauphækkanir, sem ráðgerðar eru með kjarasamningum, enda væru önnur úrræði of seinvirk eða hefðu í för með sér hættu á atvinnubresti. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir, að verðbætur á laun verði takmarkaðar nokkuð, en hins vegar er gerðum kjarasamningum ekki raskað að öðru leyti. Ríkisstjórnin gerði þegar á s. l. ári grein fyrir þeirri skoðun sinni, að áfangahækkanir og verðbótaákvæði samninga gengju lengra en fært væri, ef fast væri við hvort tveggja haldið. Það hefur komið á daginn, að af hefur hlotist mikil verðbólga.

Í frumvarpi þessu eru jafnframt gerðar tillögur um hliðarráðstafanir til að milda áhrif takmörkunar verðbóta á kaupmátt og lífskjör almennings og lækka verðlag með nokkurri lækkun skatta. Þessar hliðarráðstafanir valda ríkissjóði talsverðu tekjutapi og er því nauðsynlegt, að hagur ríkissjóðs sé tryggður, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, með álagningu skyldusparnaðar á félög til samræmis við skyldusparnað einstaklinga og með lækkun ríkisútgjalda, en frumvarpið gerir ráð fyrir heimild til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs um 1 000 m.kr. Jafnframt er lagt til að heimild verði veitt fyrir auknu framboði spariskírteina til almennings til þess að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs og draga fé úr umferð.

Að öllu samanlögðu er það tilgangur þessa frumvarps, ásamt þeirri gengisbreytingu, sem tilkynnt hefur verið, að tryggja fulla atvinnu, draga úr verðbólgu og treysta þau góðu lífskjör almennings, sem náðust á síðastliðnu ári.

Í frumvarpinu er lagt til, að hamlað verði gegn víxlgangi verðlags og launa með því að helminga þá hækkun verðbóta og verðbótaauka sem koma ættu til framkvæmda 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. n. k. skv. ákvæðum kjarasamninga.

Þrátt fyrir takmörkun verðbóta skv. 1. gr. frv. er þó tryggt með ákvæði um lágmarksverðbætur í 2. gr., að þessi frádráttur komi ekki fram með fullum þunga gagnvart hinum tekjulægri í hópi launþega. Hér eru einkum þeir hafðir í huga, sem hafa tekjur af reglulegri dagvinnu einni. Ljóst er frá upphafi, að vandasamt verður að framkvæma þetta ákvæði, þar sem ekki er hægt að ákveða þennan bótarétt beint út frá kauptaxta heldur ræður einnig, hvort viðkomandi launþegi hefur fengið verðbætur á yfirvinnugreiðslur og/eða ákvæðis- eða álagsgreiðslur, sem samanlagt koma verðbótum til hans upp yfir hið tilgreinda mark. Um þetta efni þarf að setja sérstakar reglur, en hér er um mikið sanngirnismál að ræða og þessi fyrirhöfn því eðlileg.

Það er ótvíræður galli á núgildandi verðbótakerfi, að breytingar á óbeinum sköttum — öðrum en þeim, sem fólgnir eru í verði áfengis og tóbaks — valda breytingu á kaupgreiðslum en breytingar á beinum sköttum ekki. Hér er lagt til að frá og

með 1. janúar 1979 skuli breytingar á óbeinum sköttum ekki valda breytingu á verðbótum. Rökin fyrir þessu eru vel kunn. Í fyrsta lagi eru beinir skattar ekki meðtaldir í verðbótavísitölu, eins og að framan var getið. Það veldur því, að val löggjafans milli beinna og óbeinna skatta er ekki óbundið að þessu leyti, sem hlýtur að teljast óæskilegt. Í öðru lagi stendur ómæld opinber þjónusta á móti óbeinum sköttum, sem ekki er metin til kjarabóta. Í þriðja lagi geta stjórnvöld ekki með sama árangri og ella beitt breytingum á óbeinum sköttum til hagstjórnar vegna þess að þeir eru í grunni verðbótavísitölu. Í frv. er gert ráð fyrir að Kauplagsnefnd meti hvaða skattar skuli teljast óbeinir í þessu sambandi.

Ekki þykir rétt að binda í lög með fullkominni upptalningu, hvaða skattar falli hér undir því að skattalög geta breyst og sker þá Kauplagsnefnd úr vafaatriðum.

Það er kunnugt í öðrum löndum að undanskilja alla skatta úr verðbótavísit., m. a. í Danmörku, en þar fylgir einnig að breytingar niðurgreiðslna séu ekki heldur taldar með. Þetta atriði þarf sérstakrar könnunar við. Í frv. er mörkuð framtíðarstefna í þessu efni. Þessi tillaga er ekki beinlínis tengd stundarvanda þjóðarbúsins en hugsuð til þess að bæta launaákvörðunarkerfið til frambúðar.

Áður en gripið var til efnahagsráðstafana þeirra, sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir, voru horfur á, að verðlag innanlands hækkaði um 36% frá upphafi til loka þessa árs og að meðaltali næmi verðbreytingin á árinu 40%. Við þessar tölur má svo bæta verðáhrifum gengisbreytingarinnar, sem nú hefur reynst nauðsynleg, þótt í áætlunum þessum hafi raunar verið gert ráð fyrir nokkru gengissigi á árinu. Kauptaxtar voru hins vegar álitnir hækka um 43% frá upphafi til loka ársins en um 53% að meðaltali á árinu, og kaupmáttur ráðstöfunartekna var því talinn stefna í um 7% aukningu á mann frá fyrra ári, þótt sú aukning væri raunar mjög óviss vegna þeirrar hættu á rekstrarstöðvunum og atvinnuleysi, sem óheft verðbólguþróun hlyti fyrr eða síðar að valda. Með þeim breytingum á verðbótaákvæðum kjarasamninga sem hér er gerð um tillaga, er búist við að unnt reynist að koma verðbólguvextinum allt árið niður undir 30% og meðalverðbreytingum á árinu í um 36—37%. Kauptaxtar myndu skv. þessu hækka um rúmlega 20% frá upphafi til loka ársins en um rúmlega 40% að meðaltali á árinu. Til að vega að nokkru leyti upp kaupmáttaráhrif þessara aðgerða hyggst ríkisstjórnin beita margvíslegum fjármálaaðgerðum, sem að hluta felast í þessu frumvarpi.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tvenns konar ráðstöfunum til að styrkja kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna. Annars vegar eru barnabætur hækkaðar um 5%, en það léttir nokkuð skattbyrði barnmargra fjölskyldna. Hins vegar er gert ráð fyrir lækkun sérstaks vörugjalds úr 18% í 16 %. Þessar ráðstafanir valda ríkissjóði u. þ. b. 1 000 milljón króna tekjumissi á ári. Þá er gert ráð fyrir, að bætur almannatrygginga hækki með launum, og á sömu dögum, og auk þess er gert ráð fyrir sérstakri hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar umfram launahækkun hinn 1. mars n. k. Loks hyggst ríkisstjórnin auka niðurgreiðslu vöruverðs um 1 300 m.kr. á ári, en það jafngildir 1% í kaupmætti ráðstöfunartekna.

Kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem hér hafa verið nefndar, jafngilda þegar allt er talið saman tæplega 1½% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna frá því sem ella hefði orðið. Með þessu gæti kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann árið 1978 orðið nálægt því sá sami og á árinu 1977, en þá var hann nær því jafnmikill og hann hefur mestur orðið áður, á árinu 1974.

Ráðstafanir þessar hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Fjárlög þessa árs voru afgreidd með tekjuafgangi er nam 1 milljarði króna og var þá byggt á áætlunum frá s. l. hausti. Raunveruleg útkoma ríkisfjármálanna 1977 var hins vegar óhagstæðari en gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna. Endurmat á fjárlagatölum 1978 vegna þessara breytinga á grunni þeirra bendir til 2.1 milljarðs króna lakari stöðu en í fjárlögum. Gjöld yrðu því um 1 milljarði króna umfram tekjur að óbreyttu. Hér er einkum um að ræða meiri vaxtagreiðslur og útgjöld til almannatrygginga en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áhrif kauplags- og verðlagsbreytinga af völdum ráðstafana þessara, svo og áhrif gengisbreytingarinnar á fjárhag ríkissjóðs eru samtals taldar fela

í sér 3.3 milljarða króna bata í stöðu ríkissjóðs á árinu og hefur þá verið reiknað með hækkun rekstrarútgjalda vegna gengisbreytingarinnar og reyndar nokkrum niðurskurði einnig eins og fram kemur á fylgiskjali með frv. Með þessu einu væri stefnt í 1.2 milljarða króna bætta stöðu hjá ríkissjóði. Ráðstafanir þær sem gert er ráð fyrir til að milda áhrifin af breytingum verðbótareglna eru álitnar kosta ríkissjóð 1.1 milljarð króna í útgjaldaauka og tekjutapi. Þessari fjárhæð er skv. frv. þessu, að hluta mætt með aukningu ráðstöfunarfjár ríkissjóðs með álagningu skyldusparnaðar á félög til samræmis við skyldusparnað einstaklinga. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir heimild til lækkunar framkvæmdaframlaga og rekstrargjalda á A-hluta fjárlaga um 1.0 milljarð króna. Eftir þessar aðgerðir væri um smávægilegan tekjuafgang að ræða hjá ríkissjóði á árinu, allt að 0,6 milljarða króna, ef heimild til útgjaldalækkunar yrði að fullu notuð, en það er ótraustari staða ríkissjóðs en varlegt getur talist. Hér verður að hafa í huga þá óvissu, sem jafnan ríkir um framvindu efnahagsmála og áhrif þeirra á ríkisfjármálin. Auk þess telur ríkisstjórnin nú afar brýnt, að ríkisfjármálin verði ekki þensluvaldur í því árferði, sem nú ríkir, heldur sé þeim beitt til að draga úr þunga innlendrar eftirspurnar. Því er í frv. þessu gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lántökuáformum ríkissjóðs í þessu skyni. Gert er ráð fyrir, að framboð spariskírteina verði aukið um 1.5 milljarða króna frá fyrri áformum eingöngu til að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs og draga fé úr umferð, en ekki til að fjármagna útgjöld. Með þessum hætti er því stefnt að 2.1 milljarðs króna greiðsluafgangi á þessu ári en það felur í sér nokkru traustari afkomu en reiknað er með á fjárlögum, enda nauðsynlegt til að hamla gegn verðþenslu. Auk þess verður unnið að því á næstunni að leita leiða til að fresta framkvæmdum sem fjármagnaðar eru með erlendum lántökum um a. m. k. 1 000 m kr.

Með gengisbreytingunni hinn 8. þ. m. og þeim ráðstöfunum, sem þetta frumvarp felur í sér, er eins og fyrr segir að því stefnt að tryggja öruggan rekstur undirstöðuatvinnuveganna og þar með fulla atvinnu, jafnframt því sem hamlað sé gegn verðbólgu á árinu og grunnur lagður að sókn gegn verðbólgunni á næsta ári. Jafnhliða er með þessum ráðstöfunum stefnt að bættum viðskiptajöfnuði og bættri stöðu landsins út á við. Til þess að ná þessum árangri þarf nokkra kaupmáttarfórn, sem þó gæti verið meiri í sýnd en reynd.

Að óbreyttu blasti við hallarekstur og rekstrarstöðvun í fiskiðnaðinum og útflutningsiðnaði. Ráðstafanirnar tryggja viðunandi rekstrargrundvöll allra helstu atvinnuvega.

Að óbreyttu hefði verðbólguhraðinn á árinu orðið meiri en 40% að meðaltali en 36% frá upphafi árs til loka þess. Ráðstafanir þessar þoka þessari tölu niður í 36—37% að því er ársmeðaltalið varðar en niður undir 30% frá upphafi til ársloka.

Að óbreyttu hefði stefnt í a. m. k. um 4—5 milljarða króna viðskiptahalla á árinu. Ráðstafanir þessar bæta viðskiptajöfnuð um 6—7 milljarða á þessu ári og snúa halla í afgang.

Þessi árangur og hallalaus ríkisbúskapur, sem aðgerðirnar tryggja, er mikilvægur og þeim mun meira er um vert, að með þeim er á raunhæfan hátt leitast við að tryggja þann kaupmátt, sem náðist á árinu 1977, og leggja þannig traustan grundvöll að kjarabótum síðar og jafnframt varanlega breytingu á vísitölubindingu launa þannig, að frá upphafi næsta árs hafi óbeinir skattar ekki áhrif á verðbótavísitölu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um I. Kafla.

Um 1. gr.

Í því skyni að draga úr víxlhækkunum verðlags og kauplags kveður svo á um í 1. gr. að frá 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1978 skuli verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem Kauplagsnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt

sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Um útreikning verðbótavísitölu og verðbótaauka fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Bætur skv. 1. gr. koma í stað hækkana verðbóta samkvæmt kjarasamningum umfram gildandi verðbótavísitölu 114.02 stig.

Um 2. gr.

Með lágmarksverðbótaákvæði í 2. gr. er svo komið í veg fyrir að skerðing verðbóta skv. 1. gr. komi fram af fullum þunga gagnvart hinum tekjulægri í hópi launþega, sem aðallega hafa tekjur af dagvinnu einni saman. Þannig verður hækkun lægstu kauptaxta 1. mars, ef eingöngu er unnin dagvinna, rúmlega 8% miðað við að verðbótavísitalan hækki um 10%, og hækkun meðaldagvinnukauptaxta verkafólks verður um 7½%. Hækkun allra annarra launa verður á bilinu 5—7½% 1. mars. Framkvæmd ákvæða 2. greinar verður ýmsum erfiðleikum háð þar sem lágmarksverðbætur tengjast ekki ákveðnum kauptöxtum heldur ráðast einnig af yfirvinnu- og álagsgreiðslum. Um framkvæmd þessa ákvæðis þarf að setja reglugerð. Bætur samkvæmt 2. gr. koma í stað hækkana verðbóta samkvæmt kjarasamningum umfram gildandi verðbótavísitölu 114.02 stig.

Um 3. gr.

Í þriðju grein er gert ráð fyrir að Kauplagsnefnd meti hvaða skattar skuli teljast óbeinir. Hér er einkum um eftirfarandi skatta að ræða í núverandi skattakerfi:

— Aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrárlögum.

— Bensíngjald samkvæmt lögum nr. 79/1974 með síðari breytingum.

— Gjald á innfluttum bifreiðum samkvæmt reglugerðum settum með heimild í 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

— Sérstakt tímabundið vörugjald á innfluttum vörum og innlendri framleiðslu samkvæmt lögum nr. 49/1977 með síðari breytingum.

— Vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1971 með síðari breytingum.

— Söluskattur og söluskattauki samkvæmt lögum nr. 10/1960 með síðari breytingum.

Um II. Kafla.

Sú hækkun almennra bóta, sem hér er gert ráð fyrir, er innan gildandi heimildar almannatryggingalaga, sem kveður á um hækkun innan sex mánaða frá hækkun launa. Á hinn bóginn er hér lagt til, að þessari heimild verði beitt þannig, að bætur hækki jafnskjótt og laun og um sama hlutfall og laun almennt þ. e. vegna grunnkaupshækkana og verðbóta skv. 1. gr. frv. Fæðingarstyrkur er þó frátalinn, enda breytist hann með daggjöldum sjúkrahúsa. Hvað varðar tekjutryggingu og heimilisuppbót, sem ásamt elli- og örorkulífeyri mynda „lágmarkslaun“ þau er almannatryggingar veita, er gert ráð fyrir heldur meiri hækkun 1. mars 1978 en heimild laganna veitir. Þessi sérstaka hækkun er talin kosta um 80—100 m.kr. á ári.

Um III. Kafla.

Með þessari grein er lagt til að barnabætur verði hækkaðar um 5% frá því sem ella hefði orðið með gildandi skattvísitölu. Við þessa breytingu munu barnabætur aukast um nærfellt 300 milljónir kr. og koma þær þeim sem hafa börn á framfæri sínu til hagsbóta í formi lækkaðra greiðslna opinberra gjalda eða aukinni útborgun barnabóta. Í lokamálslið greinarinnar er skotið inn ákvæði sem tekur af öll tvímæli um að barnabætur skuli greiðast til þeirra sem hafa börn hjá sér á framfæri sínu en ekki til aðila sem meðlagsskyldir eru með börnunum. Er þetta í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Um IV. Kafla.

Með lögum nr. 77/1977 var öllum mönnum sem tekjuskattskyldir eru hér á landi og höfðu tekjur umfram visst lágmark á skattárinu 1977 gert að leggja til

hliðar 10% skyldusparnað af þeim tekjum sem umfram það lágmark eru. Hér er lagt til að hliðstæð skylda verði lögð á lögaðila enda er eðlilegt að samsvarandi reglur gildi um þá að þessu leyti.

Má ætla að skyldusparnaður þessi auki ráðstöfunarfé ríkissjóðs á árinu 1978 um 800 milljónir króna. Er lagt til að skyldusparnaðurinn verði lagður á skattgjaldstekjur að viðbættum þeim fjárhæðum sem viðkomandi lögaðili hefur lagt í skattalegan varasjóð vegna skattársins 1977. Verður að telja að það falli vel að grundvallarhugsun þeirri, er liggur að baki varasjóðsmyndunar, að fé í varasjóði sé lagt til hliðar verðtryggt. Að öðru leyti eru ákvæði þessa kafla í samræmi við hliðstæð ákvæði laga nr. 77/1977 um skyldusparnað manna og þarfnast ekki frekari skýringa. Rétt er þó að vekja athygli á lokamálslið 6. gr. en með honum er ráðherra heimilað að veita með reglugerð undanþágur frá banni við framsali á skyldusparnaðarinnistæðum, m. a. við félagsslit.

Um V. Kafla.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að sérstakt tímabundið vörugjald verði lækkað úr 18% í 16%. Er þetta fyrsta skrefið í þá átt að afnema gjald þetta en það var fyrst lagt á í júlí 1975. Lækkun gjaldsins, sem hér er gert ráð fyrir, er álitin kosta ríkissjóð um 720 m.kr. í tekjumissi á ári og mun draga úr verðhækkun um tæplega 0.3%.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt þeim ákvæðum, sem hafa verið við fyrri breytingar á vörugjaldinu og þarfnast ekki skýringa.

Um VI. Kafla.

Um 12. og 13. gr.

Hér er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að lækka fjárveitingar um 1 000 m.kr. frá tillögum fjárlaga, hvort sem er framkvæmda eða rekstrarliði, ef þurfa þætti til að tryggja fjárhag ríkissjóðs. Þá er heimild til útgáfu spariskírteina innanlands rýmkuð um 1 500 m.kr., sem beita ætti til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs, en ekki til að fjármagna ákveðin útgjöld.

Um VII. Kafla.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ed. **356. Lög** [175. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 341.

Nd. **357. Lög** [35. mál]

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

(Afgreidd frá Nd. 10. febr.)

Samhljóða þskj. 36.

Sþ. **358. Tillaga til þingsályktunar** [183. mál]

um að ríkið sé virkur aðili að kjarasamningum vinnumarkaðarins.

Flm.: Gunnar Sveinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frumvarp til laga er feli í sér að ríkisstjórnir séu á hverjum tíma virkur aðili að heildarkjarasamningi um kaup og kjör í landinu, ásamt aðilum vinnumarkaðarins.

Greinargerð.

Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera það mikið áhyggjuefni, hvernig verðbólgan hefur tröllriðið íslensku þjóðfélagi í mörg ár, þó sjaldan hafi verið eins og nú. Til þessa ástands eru margar samverkandi orsakir, svo sem stjórn peningamála og fjárfestingarmála, út- og innflutningsverslunar, ásamt kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem eru líklega stærsta atriðið af þeim sem hér hafa verið upp talin.

Sú þingsályktunartillaga, sem hér er flutt, felur í sér að ríkisvaldið gerist beinn þátttakandi í gerð kjarasamninga og taki þannig fulla ábyrgð á framkvæmd þeirra á svipaðan hátt og um eigin starfsmenn væri að ræða.

Nokkrar tillögur hafa komið fram á þessu þingi er snerta kjör hins almenna launþega, fluttar af þingmönnum Alþýðubandalagsins, svo sem tillaga um hámarkslaun og tillaga um að ríkið semji beint við Stéttarsamband bænda. Tillaga um það mál er einnig væntanleg frá ríkisstjórninni.

Áður hefur Alþingi nokkrum sinnum sett lög er snerta kjör launþega í landinu. Er þar skemmst að minnast laga sem vinstri stjórnin setti 1971 um styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofs.

Umræður um, að bændur semji beint við ríkisstjórnina, hafa farið fram nokkur ár. Um það mál hefur verið nokkuð góð samstaða meðal bænda, en deilur um framkvæmd hafa verið miklar og hindrað framgang málsins. Nú virðist samstaða hafa náðst um málið, og á þessu þingi mun ríkisstjórnin bera fram frumvarp er felur í sér að bændur semji beint við ríkisstjórnina um kaup og kjör, og er ekki að efa að það verður samþykkt.

Nýlega hafa verið gerðir samningar við opinbera starfsmenn um kaup og kjör og þeir fengið takmarkaðan verkfallsrétt. Ríkið semur þar við 14% launþega í landinu í flestöllum stéttum þjóðfélagsins.

Fiskverð er ákveðið í flestum tilfellum af yfirnefnd þar sem ríkið skipar oddamann. Má því með nokkrum sanni segja að þar sé ríkið viðsemjandi á svipaðan hátt og hjá bændum.

Það er því augljóst, að nú þegar semur stór hluti af launafólki í landinu beint við ríkisvaldið, og ef við lítum til samningagerða undanfarinna ára er um óbeina samningagerð að ræða gagnvart miklu fleiri aðilum. Eins og flestum mun kunnugt hefur verið stillt upp tveim stórum samninganefndum frá aðilum vinnumarkaðarins til samningsgerða með ærnum tilkostnaði. Þó hafa þessar samninganefndir raunverulega verið getu- og úrræðalausar til samninga. Atvinnurekendur hafa vitað í flestum tilfellum að þeim var um megn að greiða það kaup, er um var verið að semja, en hafa í trausti þess, að ríkisvaldið gripi í taumana með aðstoð, samið langt umfram það sem þeir gátu staðið við, með auðsæjum verðbólguáhrifum.

Með almennri þátttöku ríkisvaldsins í samningagerð og raunhæfum áhrifum þess mundi vinnast m. a. samræming launataxta, sem er mjög stórt atriði í allri samningsgerð. En eins og flestum er kunnugt ríkir mikið ósamræmi milli samninga ríkisvaldsins og atvinnurekenda og milli þeirra síðarnefndu innbyrðis. Má nefna í því sambandi að eftir heildarsamninga ASÍ við atvinnurekendur á s. l. ári komu samningar ríkisins við opinbera starfsmenn. Var þar miðað við að leiðrétting

fengist á kjörum þeirra til samræmis við þá er áður voru búnir að semja. En þegar upp var staðið voru samningar opinberra starfsmanna mun hagstæðari en hinir fyrrnefndu, fyrir utan ýmis fríðindi sem opinberir starfsmenn hafa. Þetta skapar nú þegar ósamræmi sem hægt hefði verið að komast hjá. Staðreynd er að þjónusta og umsvif ríkisins eru orðin það mikil hér á landi, að segja má að launaskrá ríkisins spanni flesta þætti þjóðlífsins. Það er því ekki stór vandi fyrir ríkisvaldið að finna flestum starfsmönnum stað í sinni launaskrá, en með því mundi skapast heildarsamræming á öllum launum í landinu, þó að því tilskildu að gott samstarf og samvinna tækist með ríkisvaldinu og launþegasamtökum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins.

Annar kostur við að ríkið sé virkur aðili að heildarsamningum eru skarpari mörk en nú eru um hvað er verið að semja og við hverja er verið að semja.

Í mörgum undanförnum samningum milli aðila vinnumarkaðarins hafa þessi mörk ekki komið nógu skýrt fram. Forusta launþegasamtakanna hefur túlkað viðsemjendur sína sem hina raunverulegu viðsemjendur er sætu yfir því fjármagni, að þeir gætu auðveldlega greitt hærra kaup, ekki aðeins í krónum, heldur hærri rauntekjum. Hækkað kaup hefði því ekki áhrif til hækkunar verðlags og þar með verðbólguaukningu.

Raunveruleikinn er allt annar. Atvinnurekendur hafa ekki getað samið án þess að sú kauphækkun færi út í verðlagið. Þeir hafa því samið upp á fyrirgreiðslu ríkisvaldsins með gengisfellingu eða hækkaða skatta í huga. Afleiðingin hefur verið aukin verðbólga, en raunverulegar kjarabætur sáralitlar.

Atvinnurekendur hafa raunverulega gefist upp á að hamla gegn kauphækkunum. Það er óvinsælt í landi kunningsskaparins, og af fyrri reynslu vita þeir að ríkisvaldið lagar stöðuna ef illa gengur, því atvinnurekstrinum verður að halda áfram hvað sem öllu öðru líður.

Því er nauðsynlegt að ríkisvaldið sé virkur aðili að samningsgerðinni og segi viðsemjendum hvað viðkomandi samningsgerð hafi í för með sér. Með núverandi hagstjórnartækjum ætti slíkt ekki að vera erfitt. Fela þyrfti það sérstakri stofnun er gæfi upplýsingar um hvað er raunverulega hægt að borga við viðkomandi aðstæður, hvar verðbólgan kemur inn í dæmið, hvar raunveruleg takmörk eru. Þessum upplýsingum ætti að koma í fjölmiðla á víðtækan hátt, þar sem gerð væri grein fyrir afleiðingum ef yfir mörkin væri farið. Launþegasamtökin gætu einnig reiknað út þetta dæmi. Í það dæmi kæmu eðlilega margir liðir: markaðsverð, inn- og útflutningsframleiðsla, stjórn peningamála, fjárfesting opinberra aðila og einstaklinga, afborganir, skuldir o. s. frv. Launþegasamtökin geta síðan valið og hafnað.

Það, sem gerir stærsta muninn frá því sem nú er, er það, að þarna er verið að fást við allt dæmið. Það er verið að skipta allri kökunni í einu á vegum samfélagsins.

Kaupgjaldsbaráttan inn í kjörklefann. — Í mörgum kosningum undanfarinna ára hefur þessi setning hljómað hjá ýmsum flokkum. Með þeirri breytingu, sem hér er rætt um, yrði þetta að raunveruleika. Beint samband skapaðist milli raunverulegs kaupgjalds og kaupmáttar og viðkomandi ríkisstjórnar í landinu. Sá afsökunaraðili, er atvinnurekendur hafa verið fyrir lélegum kaupmætti launa og víxlgengi kaupgjalds og verðlags, væri horfinn þar sem hér væri aðeins um einn aðila að ræða, sem gæti stjórnað, og hann gæti samið í samráði við alla aðila vinnumarkaðarins í einu, ásamt bændum og sjómönnum.

Með þessum breytingum tengdist saman raunverulegt vald og ábyrgð. Sú ríkisstjórn, er á hverjum tíma sæti, fengi sinn dóm um, hvernig afkoma heimilanna hefði verið undir hennar stjórn, á miklu skýrari hátt en nú er.

Ef sú staða kemur upp að ekki semst milli ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sjómanna og bænda innan þess ramma er viðkomandi stofnun ríkisins teldi eðlilegt, hefði viðkomandi ríkisstjórn ávallt þann valkost að leggja málið undir dóm þjóðarinnar í almennum kosningum og hlíta þeim úrskurði.

Nd. 359. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Aftan við síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna, er sjávarútvegsráðherra heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma, erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað. Um heimild til veiða og löndunar fer þá eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum, sem ráðherra er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mjög algengt er, að togarar og stærri fiskiskip verði fyrir óhöppum, svo sem vélarbilun o. þ. h., sem tíma taki að bjarga við. Á meðan slíkt ástand varir er enginn til að hlaupa undir bagga og erfitt getur reynst að fá íslenskt skip í staðinn. Útgerðin lamast, áhöfn verður atvinnulaus og fiskverkun í landi leggst niður með þeim afleiðingum, að önnur þjónusta við sjávarútveginn verður fyrir skaða einnig. Einstakir útgerðarbæir og þorp geta þannig orðið fyrir miklum atvinnu- og tekjumissi þann tíma, er tekur að lagfæra það, er óhappinu olli og atvinnulífið truflast um nokkurn tíma með óheppilegum hætti. Einmitt nú er svo ástatt á nokkrum stöðum á landinu.

Úr þessu væri e. t. v. hægt að bæta með leigu á erlendu fiskiskipi um skamman tíma, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu. Er frumvarpið flutt vegna óska um þetta efni.

Lögin nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi voru sett við ákveðin skilyrði og aðstæður hér á landi á sínum tíma, en eru orðin úrelt í mörgum greinum. Væri þörf heildarendurskoðunar laganna miðað við aðstæður nú. Slík endurskoðun tæki þó langan tíma og lagfærði því ekki þau vandræði, sem hér hefur verið fjallað um og brýna nauðsyn ber til að reyna að bæta úr nú þegar.

Með lagabreytingu þessari, ef samþykkt verður, er með engum hætti verið að hleypa útlendum aðilum eða fjármagni inn í íslenska fiskveiðilandhelgi, heldur aðeins verið að gera tilraun til að bæta úr tímabundnum vandræðum í einstökum byggðarlögum. Ráðuneytið mun í hverju einstöku tilviki rannsaka, hvort um brýna nauðsyn sé að ræða, athuga hvort leigusamningur og leigukjör séu eðlileg, og með því fyrirbyggja, að um dulbúna útgerð erlendra aðila í íslenskri landhelgi sé að ræða.

Nd. 360. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðalefni frumvarpsins kemur fram í þremur fyrstu greinum þess. Önnur atriði eru minni háttar og skipta í rauninni ekki miklu máli, þegar litið er á málið sem heild.

Í 1. gr. segir að ekki skuli greiða nema hálfar verðbætur á laun það sem eftir er ársins og er þar um meginreglu að ræða.

Í 2. gr. segir hins vegar að verðlagsbætur skuli þó aldrei verða lægri en sem svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1% sem verðbótavísitala og verðbótaauki hækka um. Með ákvæði þeirrar greinar er nokkuð dregið úr niðurskurði á verðbótagreiðslum á allra lægstu laun.

Í 3. gr. frv. er svo fyrir mælt, að frá 1. janúar 1979 skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótagreiðslur á laun. Ákvæði þessarar greinar gera með öðrum orðum ráð fyrir því, að eftir 1. janúar 1979 skuli hækkanir á söluskatti, tollum, vörugjaldi, bensínskatti og öðrum hliðstæðum sköttum ekki bættar í launum eins og aðrar verðlagshækkanir.

Samkvæmt ákvæðum þessara þriggja greina ætlar ríkisstjórnin sér að rifta öllum kjarasamningum, sem gerðir voru á s. l. ári.

Kjarasamningar verkalýðsfélaganna voru gerðir 22. júní s. l., eða fyrir um 7 mánuðum. Kjarasamningar BSRB eru rétt liðlega þriggja mánaða gamlir. Síðan þessir samningar voru gerðir hefur ekkert óvænt komið fyrir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Tölur, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðarbúsins á árinu, sýna þvert á móti að þjóðarframleiðsla hefur orðið meiri en ráðgert var um það leyti sem samningar voru gerðir og þjóðartekjur hafa hækkað um 7—8% í stað um 5% sem áætlað hafði verið. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að ætla að rifta kjarasamningunum er því með öllu óafsakanleg.

Það er vissulega alvarlegt mál, að ríkisstjórn, sem sjálf gerir bindandi launasamninga og lætur fjármálaráðherra sinn skrifa hátíðlega undir launa- og kjarasamninga, skuli eftir aðeins þrjá mánuði leyfa sér að svíkja slíka samninga. Þannig hefur núv. ríkisstjórn staðið að samningsgerð við BSRB, og þannig ætlar hún nú að hlaupa frá þeim samningum.

Ríkisstjórnin ber einnig fulla samábyrgð ásamt með vinnuveitendum á samningunum við verkalýðsfélögin frá því í júní s. l. Hún var með afskiptum sínum af þeim samningum aðili að samkomulagsgerðinni. Þá samninga ætlar hún einnig að svíkja.

Lækkun verðlagsbóta á laun um helming, eins og að er stefnt með frumvarpinu, mun nema 10—12% lækkun á kaupmætti launa frá því sem hann hefur verið í upphafi þessa árs. Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar mun meðalverðhækkun á milli áranna 1977 og 1978 nema 36—37%. Ljóst er því, að við slíkar aðstæður er ekki gott að búa með aðeins hálfar verðlagsbætur á laun. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar munu ekki breyta miklu í verðlagsmálum — dýrtíðin verður síst minni en áður. Þær munu á hinn bóginn, ef þær fá að standa, draga lífskjör vinnandi fólks niður. Stefnan er sem sagt sú sama og áður, að ætla að leysa allan vanda á kostnað launafólks.

Aðrar hliðarráðstafanir, sem frv. fjallar um, breyta litlu um stöðuna í efnahagsmálum. Ákvæði eins og um lækkun vörugjalds úr 18% í 16%, á sama tíma og verð á innfluttum vörum hækkar í kjölfar gengislækkunar um 15%, hefur að sjálfsögðu ekki áhrif til verðlækkunar. Aukin niðurgreiðsla um 1300 milljónir króna er að vísu til bóta, en segir lítið í almennu verðhækkunarflóði.

Af þessu frumvarpi er ljóst, að ríkisstjórnin hefur ekki valið neina þá leið til ráðstafana í efnahagsmálum, sem fram komu hugmyndir um í verðbólgunefnd. Leið ríkisstjórnarinnar er í rauninni ekki um neitt annað en að lækka umsamið kaup launafólks og ógilda þar með nýlega gerða kjarasamninga. Sú leið hefur þegar mætt hörðum mótmælum samtaka launafólks og m. a. leitt til þess, að miðstjórn Alþýðusambandsins hefur skorað á sambandsfélög sín að segja upp öllum launasamningum hið fyrsta.

Við erum andvígir þessu frumvarpi og bendum um leið á afstöðu okkar í verðbólgunefnd og þær tillögur um ráðstafanir til verðlagslækkunar sem við stóðum þar að. Þær tillögur eru prentaðar með þessu nefndaráliti.

Alþingi, 13. febr. 1978.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 8. febrúar 1978.

SAMEIGINLEGT ÁLIT FULLTRÚA ASÍ, BSRB OG FULLTRÚA ÞRIGGJA FLOKKA Í VERÐBÓLGUNEFND.

Í þeim tillögum, sem nefndarformaður hefur lagt fram í verðbólgunefnd, er gert ráð fyrir beinni riftun kjarasamninga og verulegri almennri kjaraskerðingu. Við undirritaðir 5 nefndarmenn: Ásmundur Stefánsson, fulltrú ASÍ, Gylfi Þ. Gíslason, fulltrúi þingflokks Alþýðuflokksins, Karvel Pálmason, fulltrúi þingflokks Frjálslyndra og vinstri manna, Kristján Thorlacius, fulltrúi BSRB, og Lúðvík Jósepsson, fulltrúi þingflokks Alþýðubandalagsins, lýsum okkur andvíga slíkum aðgerðum og teljum okkur ekki fært að standa að nefndarálitinu.

Frá undirskrift samninga ASÍ-félaganna og atvinnurekenda eru nú einungis liðnir rúmir 7 mánuðir og rétt rúmlega 3 mánuðir frá undirskrift aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra. Í þessu sambandi má minna á, að í haustspá Þjóðhagsstofnunar og yfirliti stofnunarinnar um þróun og horfur efnahagsmála í janúarlok á þessu ári er aukning þjóðartekna talin rúmlega 7% árið 1977, en Þjóðhagsstofnun spáði um 5% í áætlun sinni sl. vor. Sá rammi, sem stjórnvöld hafa miðað við, hefur þannig reynst rýmri en áður var gert ráð fyrir. Sú ríkisstjórn, sem sjálf hefur undirritað kjarasamninga fyrir þrem mánuðum og afgreitt fjárlög fyrir rúmum mánuði, stefnir nú að riftun samninga.

Stefna verður að samfelldum aðgerðum, sem miða að endurskipulagningu efnahagslífsins, þannig að markmiðunum stöðugu verðlagi, vaxandi kaupmætti og fullri atvinnu sé náð til lengri tíma. Því er brýnt að þær aðgerðir, sem nú verður gripið til, torveldi ekki frambúðarlausn þessara mála, eins og fram lagðar tillögur gera ráð fyrir. Það er skoðun okkar, að þann vanda, sem við er að etja, megi leysa án þess að rifta samningum eða skerða almenn launakjör. Þá ber að ítreka, að grundvallarforsenda þess að sú víðtæka samstaða, sem nauðsynleg er, ef lausnin á að koma að varanlegu gagni, er fyrir fram rofin með aðgerðum af því tagi, sem nú er boðað.

Það er algjört grundvallaratriði að samningar, sem varða kaup og kjör, séu haldnir eins og aðrar fjárskuldbindingar í þjóðfélaginu. Um leið og við leggjum fram meðfylgjandi verðlækkunartillögu, leggjum við áherslu á að unnið verði að því m. a. að jafna sveiflurnar í efnahagslífinu, koma skipulagi á fjárfestingarmálin, hrinda fram

úrbótum í skipan fjármála ríkis og sveitarfélaga og bæta fyrirkomulag verðlagseftirlitsins. Skammtímalausnin verður að leggja grunn að langtímalausn. Sú tillaga, sem við leggjum hér fram, stefnir að því að hægja á verðbólgunni, án þess að til atvinnuleysis þurfi að koma, þótt ljóst sé að hér er ekki um að ræða nema skref í átt að lausn málsins til frambúðar.

VERÐLÆKKUNARLEIÐ

Fjáröflun:

1.	10% hækkun á skatti félaga auk 5% skyldusparnaðar	900 m. kr.
2.	Veltugjald á sama skattstofn og aðstöðugjöld	4300 m. kr.
3.	Lækkun rekstursgjalda ríkisins	1500 m. kr.
4.	Útflutningsuppbætur, sem færast á niðurgreiðslur	1000 m. kr.
5.	Áhrif aðgerðanna á ríkissjóð	2000 m. kr.
6.	Hækkun tekna ríkisins v/betri innheimtu söluskatts ..... v/breyt. á tekjusk.	1000 m. kr.
7.	Sala spariskírteina	2000 m. kr.
	Alls	12 700 m. kr.

Ráðstöfun:

1.	Vörugjald fellur niður	6800 m. kr.
2.	Niðurgreiðslur auknar	3200 m. kr.
3.	Leiðrétting á forsendum fjárlaga (en skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er óhjákvæmilegt að afla þessara tekna, þar sem fjárlagaforsendur hafa reynst rangar)	2100 m. kr.
	Alls	12 100 m. kr.

Auk þessara fjárlagaaðgerða verði verslunarálagning lækkuð um 10%, þannig að áhrif verðlækkunaraðgerðanna á framfærsluvísitöluna verði sem hér segir:

Lækkun verslunarálagningar	1½%
Auknar niðurgreiðslur	3%
Niðurfelling vörugjalds	2½%
Lækkun alls	7%

Samkomulag 5 fulltrúa í verðbólgunefnd er þannig byggt á því grundvallaratriði að ekki verði hróflað við kjarasamningum, full atvinna haldist og dregið verði úr verðbólgu með verðlækkunaraðgerðum.

Um hinn sérstaka vanda útflutningsatvinnuveganna gerum við ekki tillögur hér, þar sem ljóst er að gengislækkun er þegar ákveðin. Sú ákvörðun knýr enn á um að gengið sé til verðlækkunaraðgerða af því tagi, sem hér er gerð tillaga um.

Ásmundur Stefánsson. Gylfi Þ. Gíslason. Karvel Pálmason.
Kristján Thorlacius. Lúðvík Jósepsson.

Við, sem erum fulltrúar ASÍ og BSRB, tökum fram, að samtök okkar eru reiðubúin að eiga viðræður við ríkisstjórnina á grundvelli þessara tillagna.

Ásmundur Stefánsson. Kristján Thorlacius.

Gylfi Þ. Gíslason, tekur eftirfarandi fram:

Ég er í meginatriðum sammála þeim hugmyndum, sem settar eru fram í 4. og 5. kafla skýrslunnar varðandi umbætur í stjórn efnahagsmála og skipulegt samráð aðilanna á vinnumarkaðinum og stjórnvalda, sem stuðlað gæti að varanlegum árangri í viðureigninni við verðbólguna.

Varðandi hugmyndir þær, sem settar eru fram í 3. kafla um efnahagsráðstafanir nú, er ég aðili að framangreindum tillögum, og tel ríkisstjórnina eiga þegar í stað að taka upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins og bændasamtakanna á þeim grundvelli.

Ef ekki næst samstaða um þessar ráðstafanir, en í ljós kæmi, að ríkisstjórnin vildi virða gerða kjarasamninga, m. a. með því að draga úr rekstrarútgjöldum ríkisins og opinberum framkvæmdum, eins og gert er ráð fyrir í dæmi 2 í 3. kafla, og ef bændasamtökin gætu ekki fallist á lækkun útflutningsbóta, mæli ég með því, að framkvæmdar verði þær aðgerðir, sem felast í dæmi 2, með þeirri breytingu, að í stað tekjuskattshækkunar og útsvarshækkunar komi heimild til sveitarfélaga til þess að hækka aðstöðugjald á atvinnurekstur, enda gætu þau dregið úr framkvæmdum sínum, ef þau telja hækkun aðstöðugjaldanna varhugaverða.

Gylfi Þ. Gíslason.

Til viðbótar þeim yfirlýsingum og tillögum, sem ég stend að, ásamt fjórum öðrum nefndarmönnum í verðbólgunefnd, vil ég taka fram eftirfarandi:

Ein af meginorsökum hinnar hröðu verðbólguaukningar á síðari árum er, að mínum dómi, óhagkvæm og skipulagslaus fjárfesting á vegum hins opinbera og annarra aðila í þjóðfélaginu. Þessari öru fjárfestingu hefur fylgt óhófleg og stórvarasöm skuldasöfnun erlendis.

Ég tel að jafnframt því sem gerðar eru ráðstafanir til lagfæringar á skipulagi fjárfestingarmála til lengri tíma, sé rétt að hefjast handa þegar á þessu ári og hægja nokkuð á fjárfestingu, sem unnt er að fresta, jafnvel þó þörf sé.

Kristján Thorlacius.

Nd. 361. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [182. mál]

í málinu: Frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Í sérbókum fulltrúa ASÍ og BSRB með tillögum þeirra og fleiri aðila í verðbólgunefnd um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem fram voru lagðar á fundi nefndarinnar 8. þ. m., segir eftirfarandi:

„Við, sem erum fulltrúar ASÍ og BSRB, tökum fram, að samtök okkar eru reiðubúin að eiga viðræður við ríkisstjórnina á grundvelli þessara tillagna.“

Með vísan til þessarar yfirlýsingar telur deildin rétt og leggur til, að viðræður framangreindra launþegasamtaka og ríkisstjórnarinnar fari fram um ráðstafanir í efnahagsmálum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 362. Fyrirspurn [185. mál]

til forsætisráðherra um Álafoss hf.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

1) Af hverju er Álafoss hf. ríkisfyrirtæki?
2) Hverjir eru í stjórn Álafoss hf., hver kýs hana og til hve langs tíma?
3) Hvert er umboð stjórnarinnar? — Hér er átt við hvaða valdsvið stjórnin hefur. — Getur hún ákveðið án þess að bera undir aðra fjárfestingar og útflutning á lopa í stórum stíl?
4) Hvað er hlutafé Álafoss hf.?
5) Hvaða fyrirgreiðslu hefur ríkið veitt Álafoss hf. síðan það yfirtók fyrirtækið?
6) Greiðir Álafoss hf. vexti eða arð af hlutafé?
7) Standa fyrir dyrum fjárfestingar til þess að auka lopaútflutning?
8) Hver tók þá ákvörðun að flytja út verksmiðjulopa í stórum stíl til þess að endurvinna erlendis?
9) Hver fjármagnaði kaup Álafoss hf. á húseigninni við Vesturgötu 2?
10) Hvers vegna eru reikningar Álafoss hf. ekki birtir í ársskýrslu Framkvæmdasjóðs?
11) Er Álafoss hf. á lista yfir ríkisfyrirtæki sem komið hefur til tals að selja?

Nd. 363. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt, en tekur fram, að rétt sé að fela Kauplagsnefnd að meta sérstaklega þátt niðurgreiðslna í vöruverði, svo og aðra þætti í tengslum við óbeina skatta. Þessi athugun fari fram í samráði við samtök atvinnuveganna og launþegasamtökin.

Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 13. febr. 1978.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr.

Þórarinn Þórarinsson. Ey. Kon. Jónsson. Tómas Árnason.

Nd. 364. Frumvarp til laga [186. mál]

um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI

Um almennan aðgang að upplýsingum.

1. gr.

Lög þessi taka til almannastofnana, hvort sem þær eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga, þar á meðal til Alþingis og dómstóla, að löggjafar- og dómstörfum þó frátöldum.

Ennfremur taka þau til fyrirtækja, sem eru algerlega í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

2. gr.

Öllum er heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stofnunum, sem nefndar eru í 1. gr., nema á annan veg sé mælt í þessum lögum eða öðrum.

Almenn þagnarskylduákvæði hegningarlaga og laga um skyldur og réttindi starfsmanna ríkisins takmarka ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Í beiðni skal tilgreina málið, sem skjöl varða, er hlutaðeigandi óskar að kynna sér.

3. gr.

Heimildin í 2. gr. nær ekki til skjala, er hafa að geyma upplýsingar um eftirtalin atriði, nema sá er í hlut á samþykki, að skjöl séu birt:

1) Einkahagi og fjármál einstaklings.
2) Tækni, rekstur eða viðskiptaaðstöðu einstaklings eða fyrirtækis, ef það varðar hlutaðeiganda miklu fjárhagslega, að beiðni sé synjað.

4. gr.

Þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, er heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. skjöl, sem hafa að geyma upplýsingar um:

1) Öryggi ríkisins og varnir landsins.
2) Samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir.
3) Ráðstafanir stjórnvaldshafa eða stjórnvaldsstofnunar til eftirlits, þar til einstökum aðgerðum er lokið.
4) Mál, sem til rannsóknar eru, þar sem ætla má, að lögbrot hafi verið framið.
5) Fyrirhugaða hagræðingu eða breytingu í rekstri þeirra stofnana og fyrirtækja, sem getur í 1. gr.
6) Fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal í gjaldeyrismálum, peningamálum, skattamálum, tollamálum og til annarrar tekjuöflunar, svo og í kjaramálum starfsmanna þeirra stofnana og fyrirtækja, sem 1. gr. tekur til.
7) Viðskiptamál fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga til verndar rekstrar- og samkeppnisaðstöðu þeirra.
8) Hvers konar prófraunir, sem fyrirhugaðar eru á vegum ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Ef ákvæði 3.—4. gr. taka einungis til hluta skjals, er mönnum heimilt að kynna sér annað efni skjalsins.

Ráðherra sá er hlut á að máli getur ákveðið, að einstakir málaflokkar og tilteknar tegundir skjala skuli vera undanþegnar ákvæðum 2. gr., enda séu skjölin þess eðlis, að þau féllu almennt undir ákvæði 3.—4. gr., þannig að beiðni samkvæmt 2. gr. yrði synjað.

6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í 2. gr., nær til eftirtalinna gagna:

1) Allra skjala, sem snerta mál það, er upplýsinga er óskað um, þar á meðal afrita útsendra skjala, þegar ætla má, að þau hafi borist viðtakanda.
2) Dagbókarfærslna, er lúta að skjölum málsins, efnisútdrátta úr þeim og hvers konar skráningar þeirra.

7. gr.

Nú eru veittar munnlega upplýsingar, sem mikilvægar má telja fyrir úrslit máls, og ber þá að skrá efni þeirra og leggja það, sem skráð hefur verið, með öðrum gögnum málsins.

8. gr.

Eftirtalin gögn er þó heimilt að undanþiggja ákvæðum 6. gr.:

1) Fundargerðir ráðherrafunda.
2) Vinnuskjöl starfsmanna þeirra stofnana og fyrirtækja, sem getur í 1. gr., svo sem minnisgreinar, frásagnir, skýrslur, uppköst, tillögur og áætlanir.
3) Bréfaskipti almannastofnana og -fyrirtækja við sérfræðinga til afnota í dómsmálum eða til ákvörðunar um það, hvort mál skuli höfða.
4) Skjöl, sem lúta að hvers konar lagasetningu, þar til frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi.

II. KAFLI

Um aðgang málsaðila að upplýsingum.

9. gr.

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl, sem 2. gr. nær til, þrátt fyrir ákvæði 3.—4. gr. Þetta er þó ekki heimilt, ef hagsmunir aðila af því að notfæra sér vitneskju úr skjölum málsins þykja eiga að víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Nú á þetta aðeins við um hluta skjala og á aðili þá rétt á að kynna sér það að öðru leyti.

Ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til að veita málsaðilum upplýsingar, sbr. þó 1. mgr.

Nú varðar það aðila miklu að fá afrit eða ljósrit af málsskjölum til þess að gæta hagsmuna sinna og skal þá orðið við beiðni hans að svo miklu leyti, sem það samrýmist 1. mgr.

10. gr.

Nú fer aðili máls fram á að fá að kynna sér skjöl meðan mál er til meðferðar og skal þá afgreiðslu þess frestað, uns aðili hefur kynnt sér skjölin, enda beri lögum samkvæmt að verða við beiðni hans.

Afgreiðslu máls skal þó ekki frestað, ef sérstakir almanna- eða einkahagsmunir mæla gegn því.

11. gr.

Ef því verður við komið, skal stjórnvaldshafi sá, er mál hefur með höndum, vekja athygli aðila á því, að mál hans sé til umfjöllunar hjá stjórnvaldsstofnun, nema ljóst sé, að hann hafi fengið vitneskju um það fyrirfram.

Aðili getur hvenær sem er krafist þess, að afgreiðslu máls sé frestað, uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta umsögn sína í té. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. gilda þó eftir því sem við á.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

12. gr.

Forstöðumaður almannastofnunar eða fyrirtækis tekur ákvörðun um það, hvort upplýsingar skuli veittar samkvæmt lögum þessum.

Forstöðumaður metur, hvort orðið skuli við beiðni þegar í stað eða síðar og hvort þeim, sem beiðnina ber fram, skuli heimilað að kynna sér skjölin á staðnum eða hvort honum skuli látið í té afrit eða ljósrit af þeim. Ávallt skal stefnt að því, að beiðni sé afgreidd eins fljótt og verða má.

13. gr.

Sá, sem einhverra hagsmuna hefur að gæta, getur skotið ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 12. gr. beint til þess ráðherra, eða sveitarstjórnar, sem stofnun eða fyrirtæki lýtur. Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

Ráðherra er skylt að leita álits sérstakrar nefndar, áður en kæra samkvæmt 1. mgr. er tekin til úrskurðar.

Í nefnd þessari eiga sæti fimm menn, en aðeins þrír þeirra taka þátt í afgreiðslu hvers máls. Hæstiréttur skipar oddamann og varamann hans, en sameinað Alþingi kýs aðra nefndarmenn. Nefndarmenn skulu skipaðir eða kosnir til fjögurra ára.

Oddamaður tilnefnir hverju sinni með sér tvo menn úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna til að taka þátt í afgreiðslu máls, er nefndinni berst. Álit nefndarinnar er aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir ráðherra.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd er dómsmálaráðherra skipaði 16. september 1976, og fylgdi frumvarpinu frá nefndinni eftirfarandi

Greinargerð.

Frá fornu fari hefur það þótt hlýða, að almenningur ætti þess nokkurn kost að fylgjast með landsstjórnarmálum. Er þess nærtækast að minnast, að á miðöldum fóru löggjafar- og dómstörf fram í heyranda hljóði, þannig að allir gætu fylgst með og er Alþingi hið forna ágætt dæmi um það. Á þessu varð nokkur breyting, eftir því sem einveldi jókst, en þó var Alþingi haldið í heyranda hljóði, þar til það var lagt niður árið 1800.

Eftir því, sem frjálsræðisstefnum óx fiskur um hrygg, einkum á 19. öld, urðu kröfur háværari um, að löggjafar- og dómstörf færu þannig fram, að almenningur ætti kost á að fylgjast með. Það var mikilvægur þáttur í baráttu þeirra, sem beittu sér fyrir auknu lýðræði og mannréttindum, að dómstólarnir störfuðu fyrir opnum tjöldum og smám saman var sú meginregla í lög leidd, að dómþing skyldu háð í heyranda hljóði og öllum gefast kostur á að kynna sér skjöl mála, er þar voru til meðferðar. Hefur sú meginregla gilt um langan aldur í íslensku réttarfari. Í baráttunni fyrir endurreisn Alþingis var þess snemma krafist, að þingið yrði háð í heyranda hljóði, en sú krafa náði þó ekki fram að ganga fyrr en 1849. Útgáfa Alþingistíðinda er og nátengd þessu, en hún hófst, eins og kunnugt er frá því að Alþingi kom fyrst saman 1845. Raunar höfðu áður verið gefnar út Alþingisbækur, prentun þeirra hófst 1696 og var fram haldið til 1800, að vísu með nokkrum hléum.

Jón Sigurðsson gerði sér ljóst, hversu nauðsynlegt væri, að þjóðin ætti kost á að fylgjast með gerðum embættismanna. Nokkru eftir að hann hafði tekið við forstöðu Hins íslenska bókmenntafélags hóf félagið útgáfu tveggja ritraða, er voru Skýrslur um landshagi á Íslandi og Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. Annaðist félagið útgáfu beggja ritraðanna, að vísu með nokkrum styrk af almannafé, 1854—1874, en þá tók stjórnin að sér verkið og útgáfa Stjórnartíðinda hófst með svipuðu sniði og enn tíðkast. Í þeim var frá upphafi birt ýmislegt úr hagskýrslum, en þær urðu þar sérstök deild, c-deild, 1882 og hélst sá háttur til 1898. Síðan voru þær gefnar út sérstaklega 1899—1912, en Hagstofa Íslands hóf hagskýrsluútgáfu 1914.

Frá 1873 hafa og dómar Landsyfirréttar og Hæstaréttar, verið gefnir út árlega og stundum oftar.

Af þessu stutta yfirliti má ráða, að lengi hefur verið talið nauðsynlegt, að landstjórnarmenn gerðu almenningi grein fyrir gerðum sínum og hag landsins.

Ef miðað er við þrískiptingu ríkisvaldsins, má segja, að bæði löggjafarvald og dómsvald hafi starfað að mestu leyti fyrir opnum tjöldum og birt gerðir sínar, en meiri leynd hvílt yfir störfum framkvæmdarvalds.

Á Alþingi 19. maí 1972 var samþykkt svolátandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.“ Tillögunni var á Alþingi vísað til nefndar, sem lagði til, að hún yrði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum. Á Alþingi urðu litlar umræður um tillöguna áður en hún var samþykkt mótatkvæðalaust.

Frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi í febrúar 1973. Hafði Jón P. Emils, hæstaréttarlögmaður, samið frumvarpið að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis með hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda á þessu sviði, en ráðuneytið gerði í samráði við hann nokkrar breytingar á frumvarpinu og jók við greinargerð. Frumvarpið var ekki útrætt og var það síðan lagt fyrir Alþingi að nýju á 94. löggjafarþingi haustið 1973. Fékk frumvarpið dræmar undirtektir og varð ekki heldur útrætt.

Með bréfi dagsettu 16. september 1976 fól Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, Baldri Möller, ráðuneytisstjóra, Einari Karli Haraldssyni, fréttastjóra, þáverandi formanni Blaðamannafélags Íslands og Sigurði Líndal, prófessor, að endurskoða þetta frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda eða semja nýtt frumvarp um þetta efni. Hefur nefndin valið þann kostinn að semja algjörlega nýtt frumvarp og liggur það hér fyrir. Ritari nefndarinnar hefur verið Eiríkur Tómasson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi upphaflegu frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1973, segir m. a.:

„Í íslenskri löggjöf eru svo sem kunnugt er engin almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Rétt er að hafa í huga, þegar rætt er í frumvarpi þessu um upplýsingaskyldu, að þar er um að ræða samstæðu við hið skandinaviska hugtak „offentlighet“, þ. e. að eitthvað skuli vera opinbert eða aðgengilegt fyrir almenning. Þessi samstæða er efnisleg, þótt hún sé ekki málfarsleg. — Í íslenskri löggjöf eru að sjálfsögðu dreifð ákvæði um þagnarskyldu og leyndarskyldu, og einnig ýmis ákvæði um, að tilteknar athafnir eða upplýsingar skuli vera opinberar eða aðgengilegar. Um þagnarskylduna má fyrst og fremst vísa til ákvæða í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954) svo og til almennra refsiákvæða í almennum hegningarlögum um brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Hefur þess gætt, að talið væri, að af slíkum almennum ákvæðum megi draga ályktanir um almennar leyndarreglur íslenskrar löggjafar, sem er þó fjarri lagi. Þessi ákvæði vísa til leyndarskyldu, þegar hún er fyrir hendi samkvæmt eðli máls, eða beinum lagaákvæðum, en í því felst engin almenn regla um, að upplýsingar um athafnir stjórnvalda skuli ekki veita. — Engin almenn rannsókn hefur verið gerð á raunverulegri framkvæmd í þessu efni í hinu íslenska stjórnkerfi. Í stórum dráttum má þó leiða getum að því, að upp og ofan sé í framkvæmd að allverulegu leyti svokölluð „partsoffentlighet“, þ. e. upplýsingaskylda gagnvart aðila um málefni, er varða hann persónulega, en skýra mynd af þessu er ekki unnt að fá án könnunar, sem væri mjög umfangsmikil og tímafrek. Hitt er og ljóst, að slík framkvæmd hlýtur að vera talsvert á reiki, þegar engar lagareglur setja henni úrlausnarmörk. Umræða um efnið hefur verið mjög takmörkuð og þá að sjálfsögðu mjög lauslega um það fjallað. Verður því að viðurkenna, að talsverð vandkvæði eru á að móta lagareglur um efnið, sem öruggt sé, að henti okkar aðstæðum og falli að okkar stjórnkerfi og framkvæmd þess. Liggur þá óneitanlega beinast við, að hentað geti líkar lagareglur hér á landi á þessu sviði og í þeim löndum, sem okkar stjórnkerfi er mótað eftir, þ. e. Danmörku og að nokkru leyti Noregi, en sú leið hefur verið valin, svo sem áður segir. Nokkuð hefur og verið stuðst við sænskar laga-

reglur. Eins og áður var sagt, eru nýlega sett lög um þetta efni í Danmörku og Noregi þ. e. 1970, og er það í báðum löndunum fyrsta lagasetning um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, en í Danmörku hafði 1964 skrefið verið stigið til hálfs, með lagasetningu um upplýsingaskyldu gagnvart aðila. Svíþjóð, og raunar Finnland með líkum hætti sem oftar, hefur haft almenna upplýsingaskyldu samkvæmt stjórnskipun sinni í meira en 200 ár. Svo sem kunnugt er má segja, að lagakerfi Svíþjóðar og Finnlands sé byggt upp að ýmsu leyti með ólíkum hætti því dansk-norska og þar með því íslenska. — Það er því ástæða til að taka fram, að í ofangreindum frjálsara aðgangi að upplýsingum frá stjórnvöldum felst ekki endilega betri trygging réttinda borgaranna gagnvart valdi stjórnkerfisins, og felst þetta í og með í stjórnlagakerfinu, sem í Danmörk og Noregi (svo og Íslandi) byggir á hinni beinu ráðherraábyrgð „ministerialsystem“, sem ekki er uppbyggð með sama hætti í Svíþjóð-Finnlandi. Ekki er tilefni til að rekja þau atriði hér fræðilega. — Undanfari lagasetninga 1970 í Noregi og Danmörku (einnig 1964 þar) voru mjög umfangsmikil rannsóknarstörf og greinargerðir margra nefnda, allt frá lokum síðasta stríðs. Einnig má segja, að þessi málefni hafi í þeim löndum verið á dagskrá um rúm 100 ár, þ. e. frá því að stjórnfrelsi fyrst var innleitt. Er þar að finna mjög fróðlegar upplýsingar um sjónarmið, sem vegast á, vandamál sem til úrlausnar koma við slíka lagasetningu og um framkvæmd löggjafarinnar, þegar hún er komin á.“

Í hinu fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir, að lögin nefndust: Lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en hér er lagt til, að heitið verði: Lög um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum. Er það talið heppilegra, því að engin skylda er lögð á stjórnsýsluhafa að hafa frumkvæði um að veita upplýsingar, eins og eldra heitið gæti vakið hugmyndir um, heldur er meginhugsun þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, sú, að öllum eigi að vera heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum, ef þeir óska þess. Undantekningar beri eingöngu að gera, ef sérstakir hagsmunir einstaklinga eða þjóðfélags krefjist annars. Hins vegar megi ekki láta nein þau sjónarmið hafa áhrif, sem lúta að því að losa embættismenn og aðra starfsmenn almannastofnana við óþægindi eða fyrirhöfn við að veita vitneskju um mál. Verða þær undantekningar, sem gert er ráð fyrir í lagafrumvarpi þessu, sérstaklega rökstuddar hver fyrir sig, þegar kemur að athugasemdum við einstakar greinar þess.

Öllum má vera kunnugt, að íslenskur stjórnarfarsréttur er lítt plægður akur og hugtakaskipan ekki jafn glögg eða með þeirri festu, sem æskilegt væri. Til dæmis hefur hugtakið stjórnvald, sem mikið er notað í stjórnarfarsrétti, til þessa haft margræða og oft óljósa merkingu. Því hefur nefndin talið rétt að gera tilraun til að festa merkingu nokkurra hugtaka í stjórnarfarsrétti, sem notuð eru í þessu frumvarpi og greinargerð þeirri, sem fylgir, og jafnvel leggja til, að ný orð verði tekin upp. Rétt þykir að skýra merkingu þessara hugtaka:

Almannastofnun: Stjórnsýsluheild eða stjórnsýslueining, sem annað hvort fer með stjórnvald, þ. e. opinbert vald, eða annast þjónustu við borgara í einhverri mynd. Sem dæmi um hið síðara má nefna Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Borgarbókasafnið, Íþróttahöllina í Laugardal o. s. frv. Þetta orð gæti komið í stað orðsins opinber stofnun, sem oft er notað.

Stjórnvaldsstofnun: Stjórnsýsluheild, sem fer með stjórnvald, t. d. dómsmálaráðuneyti, rafmagnsveitur ríkisins, félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar o. s. frv.

Stjórnvaldshafi: Einstaklingur, oft og tíðum innan stjórnvaldsstofnunar, sem gegnir stöðu eða starfi, er stjórnvald fylgir, t. d. dómsmálaráðherra, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, rafmagnsveitustjóri, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar. Greina verður á milli stjórnvaldshafa og þess manns, sem gegnir stjórnvaldsstöðunni eða -starfinu á hverjum tíma, en til þessa hefur orðið stjórnvald verið notað um hvorn tveggja.

Stjórnvaldsráð, stjórnvaldsnefnd: Ráð eða nefnd, þar sem sitja fleiri en einn einstaklingur, er fara sameiginlega með stjórnvald, t. d. ríkisskattanefnd, borgarstjórn Reykjavíkur. Til þessa hefur orðið fjölskipað stjórnvald verið notað um stjórnvaldsráð og -nefndir.

Stjórnvald: Opinbert vald, þ. e. heimild til að úrskurða um rétt eða skyldu borgara eða beita þá ytri þvingunum, t. d. líkamlegu valdi.

Aðili máls: Sá, sem er viðriðinn mál, hefur t. d. sótt um tiltekið leyfi eða starf eða verið boðið eitthvað eða bannað.

Lögin skiptast í þrjá kafla. Hefur fyrsti kafli að geyma almenn ákvæði um rétt manna til að kynna sér skjöl. Annar kafli kveður á um heimild málsaðila til að kynna sér skjöl þess, en sú heimild er nokkru rýmri en felst í hinum almennu reglum. Í þriðja kafla eru almenn ákvæði um málsmeðferð og í fjórða kafla gildistökuákvæði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að mönnum sé almennt veitt heimild til að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum eða fyrirtækjum. Í 3. gr. er undantekning frá meginreglunni og ennfremur í 4. gr., þar sem stjórnsýsluhöfum er heimilað að undanþiggja tiltekin málefni almennum aðgangi, þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast.

Ekki hefur verið farin sú leið, eins og í dönsku upplýsingalögunum að taka upp almennt undantekningarákvæði með vísan til eðlis máls, heldur tekinn sá kostur að telja upp sem ítarlegast allar þær undantekningar, sem nauðsynlegt hefur verið talið að lögfesta. Með þessu móti er girt fyrir það, að forstöðumenn almannastofnana og -fyrirtækja reyni að skjóta sér undan því að veita tilteknar upplýsingar með því að bera fyrir sig eðli máls, án nánari skilgreiningar.

Í 6. gr. er kveðið á um, til hvaða skjala hin almenna heimild nái, en í 8. gr. er heimilað að undanþiggja tiltekin skjöl ákvæðum 6. gr. Hér gildir sama regla um skjöl eins og um málefni, að stjórnsýsluhöfum er heimilt að undanþiggja tiltekin skjöl almennum aðgangi. Hvorugt ákvæðið bannar þó, að stjórnsýsluhafar veiti rýmri aðgang að skjölum en lögin gera ráð fyrir, en það verður að vísu einungis gert innan þeirra marka, sem sérákvæði setja um þagnarskyldu á ýmsum sviðum.

Oft og einatt taka stjórnsýsluhafar við upplýsingum um ýmis málefni í síma, og er í 7. gr. frumvarpsins lögð sú skylda á þá að skrá efni þeirra, ef þær teljast mikilvægar fyrir úrslit máls.

Þá fjalla lögin einungis um heimild manna til að kynna sér skjölin, en þau nefna ekkert um það, í hvaða skyni þessar upplýsingar skuli notaðar. Af þeim leiðir að sjálfsögðu, að unnt er að birta þessi skjöl og það takmarkast einungis að því leyti, sem lög mæla fyrir á annan veg.

Þá er ekki í þessum lögum á neinn veg fjallað um heimild manna til að vera viðstaddir fundi í stjórnvaldsráðum og -nefndum, það fer eftir öðrum lögum, sbr. t. d. 26. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Um merkingu orðsins almannastofnun skal vísað til þess, sem áður sagði.

Utan gildissviðs laganna falla:

1) Alþingi og dómstólar um það er lýtur að löggjafar- og dómstörfum, enda gilda þar um sérstakar reglur. Í 57. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er kveðið á um, að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði og sama á við um dóm-

þing, sbr. 39. gr. laga nr. 85/1936 og 16. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Þetta á hins vegar ekki við stjórnsýslustörf sem Alþingi eða dómstólar hafa með höndum eða kunna að vera falin þ. á m. þau stjórnsýslustörf, sem unnin eru í þágu þessara stofnana í skrifstofum þeirra. Þá tilhögun, sem lagt er til, að lögfest verði, er að finna í norsku upplýsingalögunum og að nokkru leyti í sænsku stjórnsýslulögunum frá 1971, en þau síðarnefndu taka þó einungis til dómstóla. Á hinu er rétt að vekja athygli, að starfslið sænska þjóðþingsins lýtur að flestu leyti sömu reglum og annað starfslið sænska ríkisins.

2) Ýmis hálfopinber félög eða fyrirtæki, svo sem Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands. Rétt þykir hins vegar, að lögin nái til þeirra fyrirtækja og stofnana, sem að öllu leyti eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem til allra ríkisbankanna og sjóða í almannaeigu jafnt sem annarra atvinnu- og þjónustufyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Þó ber í þessu sambandi að vekja athygli á 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands og hliðstæðum ákvæðum í lögum um hina ríkisbankana, þar sem segir, að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Gert er ráð fyrir, að þetta ákvæði og önnur samsvarandi haldist, þannig að réttur manna til að kynna sér skjöl í málum, sem eru til meðferðar eða hafa verið til meðferðar í ríkisbönkum, sé einungis bundinn við þau, er lúta rekstri bankanna. Á hinn bóginn skiptir rekstrarformið eða staða fyrirtækis í stjórnkerfinu ekki máli og er að því leyti gengið lengra en gert er bæði í dönsku og norsku upplýsingalögunum. Þó þykir ekki fært að láta lögin taka til fyrirtækja, sem ríki eða sveitarfélög eiga einungis að hluta.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mörkuð meginstefna frumvarpsins, sem áður hefur verið lýst, sem sé sú, að öllum skuli heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum eða -fyrirtækjum. Undantekning er einungis gerð, að á annan veg sé mælt í frumvarpinu eða öðrum lögum. Þetta felur í sér, að sérstök fyrirmæli í lögum um þagnarskyldu skuli haldast. Á hinn bóginn takmarkast ákvæði greinarinnar hvorki af stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðarákvæðum né heldur af samþykktum eða siðareglum tiltekinna starfshópa. Í fylgiskjali með greinargerð þessara laga er yfirlit yfir ákvæði í íslenskum lögum, sem lúta að þagnarskyldu.

Að norrænni fyrirmynd hefur sérhverjum þeim, sem áhuga hefur, verið veitt heimild til að kynna sér málsskjöl án tillits til búsetu eða ríkisfangs, afstöðu til málsaðila eða þess markmiðs, sem að baki býr. Heimildin nær hins vegar aðeins til skriflegra upplýsinga, en ekki munnlegra, sbr. orðið „skjöl“. Ekki skiptir máli, hvort mál er enn til meðferðar eða hefur verið afgreitt, sbr. orðin „eru eða hafa verið“.

Í beiðni skv. 3. mgr. á að taka fram, hvert það mál sé, er hlutaðeigandi óskar að fá upplýsingar um, þannig að það sé alveg ljóst. Frekari kröfur um efni eða form beiðni eru ekki gerðar; þannig þarf ekki að tiltaka ástæðu til beiðni, en rétt er að vekja athygli á því, að menn geta bakað sér ábyrgð með því að nota upplýsingar úr málsskjölum í ólögmætum tilgangi.

Um 3. gr.

Greinin takmarkar aðgang að skjölum vegna þeirra einkahagsmuna, sem tilteknir eru í 1. og 2. tölulið. Ákvæðið skerðir hins vegar ekki rétt aðila sjálfs til að kanna skjölin, sbr. 9. gr. frv. Ekki felst í greininni, að stjórnsýsluhafi geti gefið nein fyrirheit um þagmælsku, sem rýmkuðu ákvæði 3. gr. Stjórnsýsluhafar gætu einungis greint frá því, að þeir skildu lögin svo, að ekki bæri að veita aðgang að tilteknum

skjölum. Ekki gæti heldur einstaklingur, sem ætti viðskipti við almannastofnun, áskilið sér þagmælsku framar en 3. gr. leyfir og bæri þá stjórnsýsluhöfum að vekja athygli hlutaðeigenda á því.

Töluliður 1 lýtur einkum að því að vernda friðhelgi einkalífs og hann nær einungis til einstaklinga, ekki til neins konar félaga eða annarra lögpersóna. Undir þennan tölulið féllu m. a. skjöl, er lytu að hjúskaparmálum, ættleiðingum, framfærslu, ætterni, heilsufari manna o. s. frv. Af skjölum, sem einkum féllu undir þennan tölulið, má nefna læknisvottorð, skrár og dagbækur sjúkrahúsa, sakavottorð, skattframtöl og fleira þess háttar. Í þessu samhengi má og minna á fjölmörg sérákvæði um þagnarskyldu, sem stefna að sama markmiði.

Töluliður 2 felur ekki í sér, að skilorðslaust sé bannaður aðgangur að skjölum, er lúta að þeim málefnum, sem þar eru talin, heldur einungis að því leyti, sem það varðar hlutaðeiganda miklu fjárhagslega, að beiðni sé synjað.

Þetta ákvæði kæmi einkum til álita, ef aðgangur að skjölum gæti valdið hlutaðeigandi einstaklingi eða fyrrtæki hans fjárhagstjóni. Kæmi þá einkum til álita samkeppnissjónarmið, svo sem viðskiptasambönd, tilboð og annað þess háttar. Ennfremur gætu skjöl, er geymdu upplýsingar um fjárhagslegt tap, fyrirhugaða stækkun, framleiðsluaðferðir, breytingu á rekstri o. s. frv. fallið undir þessa grein. Ýmsar almannastofnanir hafa hagsmuni af því að fá sem réttasta vitneskju um fyrirtæki, svo sem vegna styrkja, lánafyrirgreiðslu, bæjarskipulags og annars þess háttar, þannig að óæskilegt væri, að þeir aðilar, sem nefndir eru í töluliðnum, teldu sig knúna til þess að leyna upplýsingum vegna hættu á, að þær kynnu að berast út.

Um 4. gr.

Þessi grein heimilar að undanþiggja aðgangi skjöl í tilteknum málaflokkum, sem sérstaklega eru taldir upp. Metið skal í hverju einstöku tilfelli, hvort mikilvægir hagsmunir séu bundnir við hvert einstakt skjal. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja, að greinin heimili að undanþiggja aðgangi öll skjöl tiltekins máls, ef upplýsingar um eitthvert skjal eða einhver skjöl úr því hefðu það óbeint í för með sér, að nauðsynlegri leynd yrði svipt af öllu málinu.

Rétt er að vekja athygli á því, að sum undantekningarákvæðin taka aðeins til ráðstafana, sem fyrirhugaðar eru, þ. e. þau eiga ekki við eftir að ráðstafanir hafa verið gerðar.

Um 1. tl.

Stjórnsýsluhöfum er heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. frumvarpsins skjöl, er lúta að öryggi ríkisins og vörnum landsins. Þarfnast það ekki frekari skýringar.

Um 2. tl.

Undir þennan tölulið féllu hvers konar skjöl, er lytu að samskiptum við erlend ríki, bæði um utanríkisviðskiptamál og utanríkisstjórnmál. Hagsmunir íslenska ríkisins krefðust þess mjög oft, að slíkum skjölum yrði haldið leyndum, einkum í samningum við önnur ríki, ella yrði verulegum hagsmunum stefnt í hættu. Auk þess verður að hafa í huga þær almennu reglur, sem gilda í samskiptum ríkja, er oft krefðust þess, að skjölum yrði haldið leyndum, þangað til samþykki hins erlenda ríkis væri fengið. Ennfremur yrði oft að líta á það, hverjar reglur giltu í hinu erlenda ríki um aðgang að skjölum. Sama á við um fjölþjóðastofnanir, svo sem Norðurlandaráð, Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Fríverslunarbandalag Evrópu og Efnahagsbandalag Evrópu.

Um 3. tl.

Þessi töluliður á við um hvers konar ráðstafanir til eftirlits ríkisins, þar sem hugsanlegt væri, að það missti marks, ef skylt væri að veita óskorað aðgang að skjölum, sem að því lúta. Undir þennan tölulið félli t. d. öryggiseftirlit, bifreiða-

eftirlit, loftferðaeftirlit og eftirlit með skipum, en þó einkum hvers konar endurskoðun, svo og skatteftirlit, einkum rannsóknir skattyfirvalda á framtölum manna. Þegar einstökum aðgerðum er lokið, sýnist ekkert mæla því í gegn, að aðgangur sé heimilaður að umræddum skjölum, ef önnur lagaákvæði banna ekki.

Um 4. tl.

Í 56. gr. segir, að almennar reglur gildi um réttarverkanir lögréttudóma, sbr. einkum 195. og 196. gr. einkamálalaga og 168. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í 2. mgr. er nýmæli um leiðréttingar að ósk aðila á frásögn í forsendum dóms um málavexti og lagarök. Ætlast er til, að þetta gildi aðeins um ummæli aðila eða lögmanna þeirra, en ekki um ályktanir dómenda um ágreining um atvik. Fyrirmynd þessa ákvæðis er 221. gr. 2. mgr. dönsku réttarfarslaganna. Frestur til að beiðast leiðréttinganna er hafður jafnlangur hinum almenna áfrýjunarfresti. Rök fyrir því að hafa slíka leiðréttingarheimild eru þau, að frásögn sú, sem til greina kemur að leiðrétta, er frá aðilum og því réttlætanlegt, að þeir geti komið að breytingum, ef um misskilning dómenda er að ræða. Þó að í ljós kynni að koma, að þessi misskilningur gæti haft áhrif á ályktanir dómara í forsendum eða á dómsorð, verður breytingum ekki komið við að því leyti nema með málskoti. Loks segir í þessari grein, að um málskot til Hæstaréttar fari eftir lögunum um þann dómstól (nú lögum nr. 75/1973), en þeim þarf að breyta, ef þetta frv. verður lögfest.

Um 57. gr.

Í 57. gr. er rætt um ársskýrslur um starfsemi lögréttnanna og sagt, að um gerð þeirra fari eftir reglugerð. Ástæða þótti til að hafa í 2. mgr. sérstakt ákvæði um skýrsluskyldu, ef fram kemur beiðni frá dómsmálaráðherra eða allsherjarnefnd á Alþingi, en þær nefndir fjalla nú um dómsmál, þar sem sérstakar laganefndir eru ekki skv. þingsköpum. Ráðherrann og nefndir þessar geta þurft að fjalla um atriði, sem varða starfsemi lögréttnanna almennt. Þannig ber ráðherranum að hafa almennt eftirlit með framkvæmd dómsvalds í landinu, og þingnefndirnar geta þurft á upplýsingum að halda vegna tillagna um lagabreytingar. Í greininni segir ekki berum orðum, hvort skylt sé að láta ráðherra og þingnefndum í té upplýsingar um dómsmál, sem fjallað hefur verið um fyrir luktum dyrum eftir 1. mgr. 13. greinar, um atriði, sem fram koma á fundum dómara eftir 7. mgr. sömu greinar, sbr. 3. og 5. mgr. Ekki segir heldur, hvort gefa skuli fyrrgreindum aðilum upplýsingar um þau atriði, sem óheimilt er að birta opinberlega eftir 57. gr. 4. mgr. Yfirleitt ætti ekki að gefa upplýsingar um slík atriði, þótt þess væri beiðst, en lagt er á vald dómenda að meta, hvort sérstakar knýjandi ástæður séu til staðar, er réttlætti slíkt. Mætti hugsa sér, að svo hörð gagnrýni hefði komið fram á meðferð tiltekins dómsmáls, að rétt væri að upplýsa, hvernig stæði á sérstökum töfum vegna langra umræðna milli dómara. Jafnvel gæti hugsast, að almenningshagsmunir réttlættu birtingu nafna, sem ella ætti ekki að gera opinber. Sem fyrr segir verða dómendur að meta þetta hverju sinni, oftast dómsforseti, en ella dómendur í tilteknu máli, sem til meðferðar er, þegar beiðni kemur fram.

Í 3. mgr. 57. gr. er heimilað að fara inn á nýja leið til að kynna almenningi störf dómstóla og til að gefa lögfræðingum tækifæri til að fræðast um starfsemi lögréttnanna. Í 4. mgr. eru ákvæði um nafnleynd.

Um 58. gr.

Í 58. gr. segir, að endurupptaka geti farið fram eftir reglum héraðsdómstólanna, sbr. XXIII. kafla laganna um meðferð opinberra mála. Þörf er á lagasetningu um endurupptöku einkamála í héraði.

Ákvæði VI. kafla sýnast ekki þarfnast skýringa. Um 60. gr. 2. mgr. má þó taka fram, að ljóst er, að lögrétturnar geta ekki, áður en í þær er skipað, tilnefnt fulltrúa í nefnd skv. 5. gr. Er því gert ráð fyrir bráðabirgðafyrirkomulagi, en aðeins í upphafi, meðan skipaðir eru fyrstu embættisdómarar lögréttnanna.

Ed. 366. Frumvarp til laga [188. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI
Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi og búa nemendur undir háskólapróf í þeim fræðum.
2. Skólinn annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi, enn fremur kennara barna í yngri aldursflokkum, sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.
3. Skólinn annast fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi. Heimilt er að fela skólanum fullnaðarmenntun í þeim greinum, sem kenndar eru í sérskólum við setningu þessara laga.
4. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið sinna endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um hvernig að þessari starfsemi skulu staðið, m. a. að því er varðar samstarf við kennarasamtök, Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir.

II. KAFLI
Stjórn Kennaraháskólans.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Stjórn skólans er falin skólaráði, rektor og skólaritara.

Skólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerð, ákvörðunarvald í málefnum skólans og stofnana hans og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor er forseti skólaráðs. Hann hefur almennt eftirlit með daglegri starfsemi skólans og vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum skólans.

Vararektor er staðgengill rektors í forföllum, sbr. 3. gr.

Skólaritari annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega.

Rektor og skólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir skólaráð eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Risi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af skólaráði eða rektor, sker menntamálaráðherra úr.

Áður en lögum, er snerta Kennaraháskólann, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar skólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli.

3. gr.

Rektor er kjörinn úr hópi fastra kennara til þriggja ára í senn. Atkvæðisrétt eiga allir fastir kennarar skólans, skólastjóri Æfingaskólans, fulltrúi annarra fastra starfsmanna en kennara í skólaráði, fulltrúi lausráðinna kennara í skólaráði og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði þannig, að einn fulltrúi nemenda komi fyrir hverja fjóra atkvæðisbæra aðila aðra eða brot úr þeirri tölu. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði, og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.

Vararektor skal kjósa með sama hætti sem rektor, og er kjörtímabil hans hið sama og rektors.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð. Sami háttur skal hafður við kjör vararektors.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en vararektor gegnir rektorsstörfum þangað til. Vararektor gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef vararektor fellur frá eða lætur af störfum, skal kjósa nýjan vararektor.

4. gr.

Í skólaráði eiga sæti rektor, skorarstjórar, skólastjóri Æfingaskólans, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara, einn fulltrúi tilnefndur af öðrum fastráðnum starfsmönnum skólans en kennurum og þrír fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði. Vararektor og skólaritari eiga og sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, sjá þó síðustu málsgr. þessarar greinar.

Nú má kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur varamaður hans, sem nefndur er með sama hætti og aðalmaður, þá sæti þess, sem forfallaður er.

Rektor er forseti skólaráðs, en vararektor gegnir varaforsetastörfum og hefur þá atkvæðisrétt. Skólaritari er ritari ráðsins.

5. gr.

Skólaráð heldur fundi eftir þörfum. Óski þrír menn úr skólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar.

Skólaráð er ekki ályktunarfært nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra skólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða vararektors, ef hann gegnir forsetastörfum.

6. gr.

Rektor eða skólaráð geta boðað til starfsmannafunda til umræðna um einstök málefni Kennaraháskólans eða stofnana hans. Skylt er rektor að boða til slíks fundar, ef stjórn kennarafélags eða starfsmannafélags skólans eða ⅓ hluti félagsmanna æskir þess. Allir kennarar skólans og starfsmenn við stjórnsýslu skólans eiga rétt á að sækja fund og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

7. gr.

Á fundum hverrar skorar eiga sæti allir fastir kennarar við skorina, æfingakennarar og lausráðnir greinakennarar, svo og tveir fulltrúar tilnefndir af nem-

endaráði. Atkvæðisrétt hafa fastir kennarar, báðir fulltrúar nemenda, einn fulltrúi æfingakennara og einn fulltrúi lausráðinnna greinakennara.

Hver skor velur sér skorarstjóra til tveggja ára í senn og annan til vara. og skulu þeir kjörnir úr hópi fastráðinna kennara við skorina. Kjör þeirra fer fram í apríl, en þeir taka við störfum 1. júlí sama ár.

8. gr.

Hver skor heldur fundi reglulega. Skorarstjóri boðar fundi, og er öllum fastráðnum starfsmönnum við skorina skylt að sækja fundi. Skorarstjóra er skylt að boða til skorarfundar, ef rektor eða þriðjungur skorarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, óska fundar.

Skorarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði skorarstjóra eða þess, er gegnir störfum hans.

Heimilt er skor að starfa í sérgreindum hópum eftir fræðasviðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

III. KAFLI

Inntaka nemenda og skólavist.

9. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf. Þó getur skólaráð heimilað inngöngu á grundvelli annarra prófa, náms og starfsreynslu, ef ráðið telur það tryggja jafngildan undirbúning.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir óska, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun námsins og hve miklu þurfi við að auka, að fengnum tillögum skólaráðs.
3. Um inntökuskilyrði til náms í uppeldis- og kennslufræðum fyrir þá, sem hlotið hafa annars staðar tilskilda menntun í ákveðnum kennslugreinum, fer eftir ákvæðum í reglugerð, sem sett skulu að fengnum tillögum skólaráðs.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

10. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

11. gr.

Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum og öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs, áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla til bráðabirgða, meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir.

12. gr.

Tilkynni nemandi, að hann sé hættur námi við skólann, skal má nafn hans af nemendatali skólans. Sama máli gegnir, hafi hann ekki stundað nám við skólann heilt kennsluár án gildra forfalla samkvæmt þeim kröfum, sem gerðar eru um námsástundun. Heimilt er að áskilja í reglugerð, að nemendur láti skrá sig til náms hvert kennsluár, sem þeir stunda nám við skólann, enda falli þeir niður af nemendatali, ef þeir láta ekki skrá sig. Sömuleiðis er heimilt að ákveða skrásetningargjöld í reglugerð og hvernig þeim skuli varið.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun nemenda má setja í reglugerð.

13. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólaráð og á skorarfundi. Enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

IV. KAFLI
Kennaranám.

14. gr.

Nám til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) skal skipuleggja sem þriggja ára nám.

Kennsluárið er frá 1. september til 15. júní. Í reglugerð skal kveða á um annaskiptingu kennsluárs.

15. gr.

Nám til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) skal skipulagt í námseiningum, og svari hver námseining til einnar viku námsvinnu. Hvert námsár er 35 virkar vikur og námið í heild því 105 námseiningar.

Náminu skal skipað í meginþætti sem hér segir:

I. Almennar uppeldisgreinar, samtals 30 einingar.
II. Bekkjargreinar, samtals 30 einingar. Í þessum þætti skulu 10 námseiningar vera skyldunám fyrir öll kennaraefni, en 20 einingar skiptast að jöfnu milli bóklegra greina annars vegar og list- og verkgreina hins vegar. Hið sameiginlega skyldunám skal m. a. taka til móðurmáls, og skal þess gætt, að allir kennaranemar fái undirstöðuþjálfun í lestrar- og skriftarkennslu.
III. Valgreinar, samtals 45 einingar. Valgreinar skulu vera úr hópi skyldunámsgreina í grunnskóla eða lúta að sérstöku verksviði í grunnskólastarfi, t. d. byrjendakennslu. Hver nemandi leggur stund á eina eða tvær valgreinar. Hámarksfjöldi námseininga í bóklegri valgrein er að jafnaði 30.

Skólinn getur heimilað nemanda að leggja aukna áherslu á II. námsþátt með því að bæta þar við allt að 15 námseiningum, en fækka einingum í III. námsþætti að sama skapi. Leggi nemandi stund á valgrein úr hópi list- og verkgreina skal hann taka 55 námseiningar í þeirri grein, að meðtöldum list- og verkgreinaeiningum í II. námsþætti.

Æfingakennsla og annað verklegt nám í tengslum við hana skal vera hluti af námi því, er að ofan greinir, 12 einingar hið minnsta.

Kennsla í einstökum greinum skal jafnan við það miðuð að búa nemendur undir að takast á hendur kennslu í þeim.

16. gr.

Kennsla í uppeldis- og kennslufræðum fyrir kennara á framhaldsskólastigi og grunnskólakennara sem hlotið hafa annars staðar tilskilda menntun í ákveðnum kennslugreinum tekur til almennra uppeldisgreina í I. námsþætti sbr. 2. mgr. 15. gr., að meðtalinni greinabundinni kennslufræði, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

17. gr.

Námsgreinar Kennaraháskólans skiptast í skorir sem hér segir:

1. Uppeldisskor: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, skólasaga, siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga.
2. Félagsskor: félagsfræði, saga, hagfræði, og landafræði.
3. Málaskor: íslenska, þar með taldar bókmenntir, málfræði, framsögn og hljóðfræði nútímamáls, danska og enska.
4. Raungreinaskor: eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.
5. List- og verkmenntaskor: skrift, mynd- og handmennt, tónmennt, leiktjáning, líkamsrækt og fimleikafræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

18. gr.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum skora og menntamálaráðuneytið samþykkir, skal gerð nánari grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

19. gr.

Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- eða þjónustustörfum eigi skemur en fjóra mánuði á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám er hafið.

Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

20. gr.

Skylt er hverjum fræðslustjóra að efna til fundar haust og vor með nýjum kennurum í fræðsluumdæminu. Á fundum þessum skal vera kennari frá Kennaraháskóla Íslands. Markmið fundanna er að veita nýjum kennurum leiðsögn varðandi störf þeirra, áður en þeir hefja kennslu og að fenginni reynslu fyrsta starfsárs, svo og að efla tengsl Kennaraháskólans við fræðsluumdæmin.

Um leiðsögukennara nýrra kennara fer eftir ákvörðun 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

V. KAFLI

Nám og rannsóknir í uppeldisfræðum.

21. gr.

Stofna skal til kennslu í uppeldisfræði til B.A.-prófs við Kennaraháskóla Íslands, er svari 105 námseiningum hið minnsta.

Nemendur, sem lokið hafa B.Ed.-prófi eða öðrum háskólaprófum, þar sem uppeldisfræði er hluti námsefnis, skulu fá fyrri námseiningar í þeirri grein metnar sem hluta af námi sínu til B.A.-prófs í uppeldisfræði.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að hluti náms til B.A.-prófs í uppeldisfræði sé námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisfræði. Er heimilt að sækja slíkt nám til annarra háskóla ef þörf gerist.

Heimilt er samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í uppeldisfræði til æðri prófgráðu en B.A.-prófs.

22. gr.

Við Kennaraháskólann starfar rannsóknastofnun í uppeldisfræðum samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Fastráðnir kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með starfi í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m. a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn hennar og tengsl við skólaráð og uppeldisskor.

VI. KAFLI
Próf og námsmat.

23. gr.

Próf skulu haldin í öllum námsgreinum og námsþáttum, er teljast til fullnaðarprófa við Kennaraháskólann. Heimilt er skólaráði að láta annars konar námsmat koma að nokkru leyti í stað almennra prófa.

Kennarar standa fyrir prófum hver í sinni grein.

Í reglugerð skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, einkunnir og annað, er að prófum lýtur.

24. gr.

Nú stenst nemandi ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið einu sinni að nýju, næst þegar prófið er haldið. Skólaráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt nemenda, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

25. gr.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemandi, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi skorarstjóra. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómara að fengnum tillögum skora. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi frá háskóla eða sérkennaraskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. málsgr. hér á undan.

26. gr.

Skólaráð metur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi greinarkennara og skor, hvort viðurkenna skuli próf sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennaraskóla og að hverju leyti. Skylt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvor annars.

VII. KAFLI
Starfslið.

27. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar, auk kennara Æfingaskólans, sbr. VIII. kafla laganna.

Um stofnun nýrra kennaraembætta fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs og fjárveitingum í fjárlögum.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Kennaraháskólann að aðalstarfi.

Heimilt er með samþykki skólaráðs að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að 5 ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun.

Í hvert skipti er nýr kennari ræðst að skólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara. Skólaráð leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast.

28. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður skólaráð aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósents- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, ritsmíðar og rannsóknir. Þann einan má skipa í þessar stöður, sem auk fullgilds háskólaprófs hefur lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum eða er að öðru leyti talinn hafa nægilegan kennslufræðilegan undirbúning að mati dómnefndar. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, lektorsstöðu, enda hafi dómnefnd fjallað um umsóknir og metið umsækjanda hæfan til starfsins.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstöðu við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur um er að tefla stöðu prófessors, dósents eða lektors.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

29. gr.

Forseti Íslands skipar skólaritara og aðalbókavörð að fengnum tillögum skólaráðs.

Menntamálaráðherra skipar eða ræður aðra bókaverði, endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, húsvörð, tækjavörð, fulltrúa og annað starfslið við stjórnsýslu, að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Kveða skal nánar á í reglugerð um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur ofangreindra starfsmanna.

30. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt fastráðnum starfsmanni Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsmaðurinn hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknastörfum. Leita skal umsagnar rektors um orlofsumsókn.

Eftir því sem fjárlög heimila getur ráðuneytið veitt starfsmanni, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferðalögum og námsdvöl í sambandi við orlofið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. VIII. kafla laganna.

Nánari reglur um orlof og styrkveitingar í því sambandi má setja í reglugerð.

VIII. KAFLI
Æfingaskóli.

31. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal reka æfinga- og tilraunaskóla, sem jafnframt er grunnskóli fyrir afmarkað hverfi Reykjavíkurborgar. Skólinn nefnist Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands og er miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans, sbr. 15. gr. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að reka forskóladeildir við skólann.

32. gr.

Æfingaskólinn skal rekinn sem þróunarstofnun í þágu skólastarfs á grunnskólastigi. Skólinn fylgist með breytingum í skólamálum, reynir nýjungar í verki með skipulegum hætti, kynnir hugmyndir um kennslu og nám og birtir opinberlega niðurstöður tilrauna með þeim hætti, er henta þykir. Æfingaskólinn vinnur að þróunarverkefnum í samvinnu við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins. Verkaskiptingu og samstarf þessara aðila skal ákveða nánar í reglugerð.

Æfingaskólinn skal leita samstarfs við aðra skóla og vinna framangreind verkefni í samvinnu við þá eftir því sem hagkvæmt þykir. Einnig skal hann hafa samstarf við rannsóknastofnun Kennaraháskólans í uppeldisfræðum, sbr. 22. gr.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólanefndar og skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Skólastjóri vinnur að stefnumótun skólans og annast daglega stjórn hans í umboði rektors Kennaraháskólans. Skólastjóra til ráðuneytis er skólanefnd, sem í eiga sæti skólastjóri, rektor eða fulltrúi hans, fræðslustjóri Reykjavíkur og tveir æfingakennarar kjörnir til tveggja ára af kennurum skólans. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólanefndar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er skólanefnd að kveðja fulltrúa foreldrafélags skólans til fundarsetu.

Skólanefnd heldur fundi eftir þörfum. Sömuleiðis getur rektor eða þriðjungur kennara Æfingaskólans krafist fundar í nefndinni. Skólastjóri er formaður skólanefndar, boðar til funda og stýrir þeim.

Skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórn skulu vera tveir yfirkennarar.

Skólastjóri efnir til almennra kennarafunda eftir þörfum til að kynna og ræða starfsemi og stefnumótun skólans.

34. gr.

Stofnkostnaður Æfingaskólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir 3/5 hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur 2/5 hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.
2. Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkur.

35. gr.

Við Æfingaskólann starfa fastráðnir æfingakennarar, svo margir að þeir fullnægi sem næst kennaraþörf skólans, svo og aðrir kennarar ráðnir eftir þörfum. Um menntun og starfsreynslu æfingakennara skal nánar ákveðið í reglugerð.

Heimilt er, að fastráðnir æfingakennarar starfi við aðra skóla en Æfingaskólann. Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru einnig heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.

36. gr.

Æfingastjóri skal kjörinn til þriggja ára úr hópi fastráðinna æfingakennara. Hann má endurkjósa einu sinni án lotuskila. Heimilt er, ef henta þykir og með samþykki menntamálaráðuneytisins, að æfingastjóri sinni áfram kennslu í hálfu starfi og æfingakennslustjórn að hálfu, enda njóti hann fullnægjandi skrifstofuaðstoðar. Æfingastjóri annast skipulagningu æfingakennslu undir yfirstjórn skólastjóra.

37. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, vinnu að rannsóknarverkefnum, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

38. gr.

Skólar, sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum skólastjóra og skólaráðs Kennaraháskóla Íslands, eru skyldir að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

Stofna skal samstarfsnefnd Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Skal hún skipuð sex fulltrúum til fjögurra ára í senn, þremur kjörnum af skólaráði Kennaraháskóla Íslands og þremur kjörnum af háskólaráði. Nefndin kýs sér formann, og skal formannsstarfið vera á höndum skólanna til skiptis, tvö ár í senn. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að og skipuleggja nauðsynlega samvinnu skólanna, m. a. að því er varðar samnýtingu námsþátta og samhæfingu námsefnis, eftir því sem við á, svo og samstarf að rannsóknaverkefnum.

Kennaraháskólinn skal og hafa samstarf við sérskóla, er mennta kennara í einstökum greinum, sbr. 1. gr.

Menntamálaráðuneytið efnir, þegar þurfa þykir, til umræðufunda með fulltrúum allra þeirra skóla, er annast kennaramenntun.

40. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands, er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, þar á meðal að skólinn starfi að hluta utan Reykjavíkur.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, sbr. þó 42. gr., svo og önnur lagaákvæði er fara kunna í bága við lög þessi.

Stefnt skal að því, að 16. gr. og 1. mgr. 21. gr. komi til framkvæmda eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku laganna, og falla þá jafnframt úr gildi tvær síðustu málsgreinar 38. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, er lúta að kennslu í uppeldisfræðum.

Menntamálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður þykja til, heimilað frávik frá ákvæðum 2. tölul. 1. gr. á þá lund að tilteknir sérkennaraskólar annist áfram uppeldis- og kennslufræðilega menntun nemenda sinna, en þá með nánu samráði við Kennaraháskóla Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

42. gr.

Nemendur, sem skráðir voru í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 38/1971.

43. gr.

Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, en hafa ekki full kennsluréttindi, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77, en varð þá eigi útrætt. Jafnframt því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi sendi menntamálaráðuneytið það ýmsum aðilum til athugunar og umsagnar. Umsagnir þær sem borist hafa ráðuneytinu eru prentaðar hér sem viðauki (IV.).

Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, með nokkrum breytingum sem gerðar voru m. a. með hliðsjón af athugasemdum umsagnaraðila.

Eins og getið var í athugasemdum með frumvarpinu í fyrri gerð er það að meginstofni samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði í nóvember 1972 og skilaði áliti í júní 1976. Var þar gerð svofelld grein fyrir skipun nefndarinnar, viðfangsefnum hennar og vinnubrögðum:

„Hinn 29. nóvember 1972 skipaði þáverandi menntamálaráðherra Magnús Torfi Ólafsson nefnd til þess að endurskoða lög nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, í samræmi við 25. gr. téðra laga, en þar segir svo m. a.:

„Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.“

Í nefndina voru skipaðir Broddi Jóhannesson, rektor, formaður, Árni Gunnarsson, deildarstjóri, Jónatan Þórmundsson, prófessor, og Jónas Pálsson, skólastjóri, að því er tekur til Æfinga- og tilraunaskólans. Jónas tók í reynd fullan og gildan þátt í starfi nefndarinnar.

Er Baldur Jónsson hafði verið kjörinn rektor í janúarmánuði 1975 óskaði nefndin eftir því, að hann tæki sæti í henni. Var hann skipaður í nefndina 4. mars 1975.

Hinn 24. nóvember 1975 var Kristínu Magnúsdóttur falið að starfa með nefndinni sem fulltrúi kennaranema, en Lars Andersen til vara.

Nefndin hóf störf sín með því að afla gagna um þróun í menntamálum kennara frá því að löggjöfin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var undirbúin. Auk þess sótti formaður nefndarinnar ráðstefnu Evrópuráðs um rannsóknir og endurbætur á menntun kennara, er háð var í Bristol á Englandi 8.—13. apríl 1973. Þá sótti formaður ráðstefnu um kennaramenntun, sem haldin var í Lysebu við Ósló dagana 26.—28. nóvember 1975 á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Alls hélt nefndin 59 fundi. Hún ræddi við ýmsa sérfróða aðila um einstaka þætti viðfangsefnisins.

Á fyrstu fundum sínum lagði nefndin megináherslu á að ræða hlutverk og markmið í menntun og starfi kennara, en skilningur og mat á þeim efnum er forsenda allra ákvarðana um kennaranám, gerð þess og inntak.

Í kaflanum um markmið og lagaákvæði um þau í viðauka I er einnig vikið að störfum nefndarinnar.“

Greinargerð sú er hér fer á eftir um helstu nýmæli frumvarpsins, miðað við núverandi skipan, er tekin að mestu óbreytt úr álitsgerð laganefndarinnar. Athugasemdir við einstakar greinar eru einnig að miklu leyti frá nefndinni runnar, en tillit er tekið til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá drögum nefndarinnar.

1. Mikilvægust nýmæli frumvarpsins

Ýmis nýmæli eru í frumvarpinu, en mikilvægustu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á hlutverki Kennaraháskóla Íslands og fyrri skipan kennaranáms eru þessar:

1. Kennaraháskólinn skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu.
2. Hann skal annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi.
3. Heimilt er að fela skólanum að annast fullnaðarmenntun kennara í þeim greinum grunnskóla, sem kenndar eru í sérskólum við setningu laganna.
4. Stofna skal til kennslu í uppeldisfræði til B.A.-prófs við Kennaraháskóla Íslands. Auk þess er heimilt samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í Kennaraháskólanum til æðri prófgráðu en B.A.-prófs.
5. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp námseiningakerfi og kveðið er á um meginþætti kennaranáms á þeim grundvelli. Jafnframt er valgreinakerfið gert sveigjanlegra og tekur nú einnig til sérstakra verksviða í grunnskóla, t. d. byrjendakennslu.
6. Æfingaskólinn skal sinna þróunarverkefnum á uppeldissviði í samvinnu við menntamálaráðuneytið, einkum skólarannsóknadeild.

Miðstöð uppeldisfræðilegra rannsókna.

Með breytingum þessum er Kennaraháskólanum fengið aukið hlutverk á sviði fræðslu, rannsókna og frumkvæðis í uppeldismálum.

Margt ber til, að aukin áhersla er lögð á rannsóknarhlutverk Kennaraháskólans. Æ ljósara verður að sívaxandi íhlutun ríkisvalds um nám, námsferil og uppeldi ungmenna að öðru leyti, flókin gerð nútímasamfélags og sífjölgun ytri áreita, gera uppeldisfræðilegar rannsóknir skyld og nauðsynleg tæki til að meta gildi löggjafar og framkvæmdar á sviði skólamála, svo og virk tengsl þeirra.

Kennurum er ætluð aðild að þróunarverkefnum í skólum og svo mun verða framvegis. Er þeim því brýn nauðsyn að kynnast vísindalegum vinnubrögðum þegar í námi sínu.

Auk þess er vald hæfra manna á aðferðafræði og rannsóknartækni á sviði uppeldis- og kennslufræði beint skilyrði fyrir sjálfræði og ábyrgri ákvörðun, gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis og vænlegust vörn gegn hvoru sem heldur er trénun eða valdboði í uppeldisháttum. Þjálfun kennaraefna við tök móðurmáls og ofríkislausa framsetningu á sem flestum sviðum uppeldisvísinda er mikilvægur þáttur slíkra fræðslu- og rannsóknarstarfa, svo að mál fræðimanna verði hvorki einkamál þeirra né villumál alþýðu, heldur nothæft tæki hennar í umræðu og ákvörðun.

Traustri fræðilegri þjálfun kennaraefna er ætlað að verða forsenda ábyrgrar skoðanamyndunar og vinnubragða í daglegu starfi og undirstaða frekari sérhæfingar, ef á það reynir.

Eitt nýjasta, skýrasta og mikilvægasta dæmi um skilning íslenska löggjafans á gildi uppeldis- og kennslufræðilegra rannsókna er ákvæði laga um grunnskóla nr. 63/1974, 62.—63. gr.

Barátta fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra uppeldismála er að vonum drjúgum eldri en löggjöf um grunnskóla. Íslensk kennara-

samtök höfðu um áratuga skeið lagt áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna og miðlun fræðilegra upplýsinga meðal kennara og skólamanna. Í þeim umræðum var þráfaldlega vitnað til þorsksins á miðunum og þeirrar viðhafnar, er hann nyti í fjárveitingum til rannsókna, meðan allsleysið eitt var lagt til uppeldisrannsókna. Reynsla hefur skorið úr því, að síst var ofgert við þorskinn. Ef til vill eru menn nú að rumska til þeirrar vöku, að á heimari miðum hafi þörfin síst verið minni.

Í III. kafla laga um menntun kennara frá 12. mars 1947 er æfinga- og tilraunaskóla ætlað veigamikið rannsókna- og ráðgjafahlutverk, sbr. viðauka II, en þetta tvennt verður að fara saman, ef vel á að vera.

Af sömu rót rann ákvörðun löggjafans um að koma á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, sbr. II. kafla sömu laga, og fjárveitingar til rannsóknastarfa dr. Matthíasar Jónassonar og nokkurra fleiri.

Félag íslenskra sálfræðinga beitti sér mjög fyrir því um árabil í samvinnu við kennarasamtök, að uppeldisfræðileg rannsóknastörf yrðu efld og þeim tryggðar fjárveitingar og skipan, einkum á árunum um og eftir 1950. Lögðu þeir til að 0,25% af rekstrarfjárveitingum til skólamála ár hvert yrði varið til rannsókna. Hliðstæð hugmynd kom fram í frumvarpi til laga um grunnskóla, en náði ekki fram að ganga.

Með sérstökum bálki um rannsóknastofnun uppeldismála í lögum um Kennaraháskóla Íslands staðfesti löggjafinn að nýju nauðsynina á því rannsóknastarfi, sem mælt var fyrir um í lögum um menntun kennara nr. 16/1947. Skilgreind eru verkefni rannsóknastofnunarinnar, mannaflaþörf og stjórn, og ráð gert fyrir samvinnu Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins.

Að formi til var stofnun þessari aldrei komið á fót, en skólinn rækti að sínum hlut skyldur sínar samkvæmt áðurnefndum bálki í löggjöfinni og Alþingi lagði fé til starfseminnar í fjárveitingum til Kennaraháskólans.

Hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir þörf kennaraefna á því að kynnast uppeldis- og kennslufræðilegu rannsóknastarfi svo og því, að alþýða og stjórnvöld þarfnast þeirra til hliðsjónar, er meta skal uppeldisleg markmið og aðgerðir til að ná þeim.

Hinni spurningunni hefur lítt eða ekki verið svarað, hvers vegna þörf væri á miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum né heldur, hvers vegna Kennaraháskóli Íslands skuli gegna því hlutverki.

Það leiðir af stöðu Kennaraháskólans, að hann er, svo sem Kennaraskólinn var á undan honum, miðstöð kennaramenntunar í landinu, og hún verður nýtileg eða lítilsháttar eftir því, hvernig skólinn er verki sínu og vanda vaxinn, en auknar kröfur á hendur skólanum og aðgerðir, er efla hann til að rækja hlutverk sitt, stuðla að sjálfsögðu að bættri menntun kennara.

Það leiðir og af stöðu Kennaraháskólans í skólakerfinu, að skylt ætti að vera og líklegt til þeirra áhrifa sem vænst er af uppeldisfræðilegu rannsóknastarfi að fela honum forystu um það öðrum fremur. Kennsla í uppeldisfræðum til háskólaprófs, tengsl hennar við menntun kennara og starf á vettvangi, æfingaskólann og viðfangsefni hans eiga að fullnægja kröfum um fræðileg gæði náms og kennslu og tengingu kenninga og daglegra viðfangsefna á vettvangi.

Einsætt er, að jafnan er þörf hagsýni, hvort heldur er í meðferð mannafla, veraldlegra fjármuna eða annars, er til verðmæta kann að teljast. Á það því fremur við sem færri hendur eru til að vinna verkin, svo sem títt er í fámennu þjóðfélagi með fjölbreytt viðfangsefni.

Líklegt er, að hagsýni verði meiri, ef sami aðili hefur sýn yfir viðfangsefni eða tök á að skipuleggja þau og gefa ráð til um framkvæmd þeirra, beitingu mannafla og fjármagns og hagnýtingu á niðurstöðum í verki.

Með því að fela Kennaraháskóla Íslands slíka ábyrgð og aðild að vísindalegum rannsóknum í uppeldis- og kennslufræðum yrðu vísindamenn færðir nær vettvangi og vettvangur nær rannsóknastofunni.

Eðli uppeldislegra rannsóknaverkefna leiðir m. a. af lögbundnu hlutverki skóla, sbr. fyrrnefndan kafla í lögum um grunnskóla, en auk þess verður að ætla slíkri rannsóknastofnun heilskyggni á verkefni og hlutfallslegt gildi þeirra og því einnig eigið frumkvæði og frjálsræði um val á þeim. Samur hlýtur og að vera réttur og skylda þeirra stofnana, er Kennaraháskólinn tengist í rannsóknastarfi.

Það er eðli rannsókna, að niðurstöður vekja nýjar spurningar. Því verður ekki, ef vel á að fara, sagt fyrir um verkefnaval til frambúðar í hvorri merkingunni sem er, spásagnar eða valdaboðs. Því skyldi löggjöf um slík efni vera rúm, en framkvæmd hnitmiðuð. Ákvæði frumvarps, 1. gr., 1.tl., heimilar jafnt frumrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir.

Hér verður ekki freistað að gera grein fyrir umtaki og inntaki uppeldislegra rannsóknaefna, er við blasa um þessar mundir, en nefna má örfá hefðbundin svið:

Markmið og möguleikar uppeldis, meðtalið nám og kennsla.

Kennslufræði, almenn og sérleg.

Jaðarsvið: sálarfræði, líffræði, lífeðlisfræði og samfélagsfræði.

Ekki verður heldur gerð tilraun til að flokka ótöluleg og fjölbreytt rannsóknaefni, er falla á þessi svið, rúm sem þröng. Nefna má þó örfá dæmi:

1. Hvenær, hvar og hvernig gerist vöxtur og nám?

Þetta er meginspurning, er teygir sig til allra fyrrnefndra sviða. Án ljósra svara við henni er m. a. torvelt að ákvarða skólaskyldu og ætlunarverk hennar.

2. Hvert er markmið kennslu í íslenskri stafsetningu? Hver er framkvæmd hennar, árangur og kostnaður?
3. Hver er námsárangur í hlutfalli við lengd skólatíma?
4. Hver er hlutfallslegur uppeldisárangur skólavistar og starfsvistar (þátttöku í atvinnulífi)? Með hvaða hætti verða tengsl þeirra farsælust?
5. Hverju máli skiptir stærð og samsetning námshóps í skóla?

Enginn mun glíma lengi né drengilega við þessar og þvílíkar spurningar, án þess að sannreyna að hann brestur trúverðug svör við þeim öllum.

Kennaraháskólinn annist kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Það nýmæli að Kennaraháskólinn skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra íslenskra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi leiðir af þeirri forsendu, að eftirsóknarvert sé, að kennarastéttin sé samstæð og heil í skilningi sínum á sameiginlegu hlutverki. Þá mun og reynast hagfellt að fela Kennaraháskólanum verkefni þetta af þeim sökum, að margar námseiningar verða sameiginlegar í uppeldis- og kennslufræðilegu námi kennara, á hvaða stigi sem þeir hyggjast kenna. Mun því starfslið skólans nýtast betur en ella og því verða brýning og ávinningur að því að takast á við verkefnið, en fjárveitinga- og framkvæmdavald mun eiga auðveldara með að glöggva sig á því, að saman verða að fara ríkar skyldur og full tök slíkrar stofnunar á að rækja þær, m. a. með því að fá til starfa mannafla, er notið hefur æskilegrar menntunar.

Fela má Kennaraháskólanum að annast kennslu í greinum sérkennaraskóla.

Laganefndin hafði nokkra hliðsjón af hagræðingu, er hún lagði til að fela mætti Kennaraháskólanum fullmenntun kennara í skyldunámsgreinum, sem nú eru kenndar í sérskólum, því að af skipulagssökum getur komið sér vel fyrir flesta aðila að saman fari í Kennaraháskólanum nám í sérgrein og uppeldisfræðum, en auk þess leggur nefndin ríka áherslu á það meginsjónarmið, að nám kennara skuli vera **kennslumiðað**, þ. e. jafnan taka mið af væntanlegu starfi kennaraefnis, hvert svo sem viðfangsefnið eða greinin er.

Nútíma kennslufræði leggur æ þyngri áherslu á að temja nemendum æskilega **námsaðferð** og **námsviðhorf** með hliðsjón af sívaxandi þekkingu á flestum eða öllum sviðum. Þó fer fjarri, að kennara dugi að þekkja allt til kennslu, nema það sem hann á að kenna. Eftir sem áður, og raunar miklu fremur en áður, verður þekking kennara og skilningur hans á kennslugrein sinni að vera traust. Jafnvíst er, að enn síður má skorta á hæfni kennara til að koma efni sínu til skila í hendur og hug nemenda. Þann vanda, sem hér er til vísað verða námsskrárgerðarmenn að kljást við. Þeir komast ekki undan því að skilgreina námskröfur í greinum kennaraefnis, en þar verður ávallt mikillar hagsýni þörf í ráðstöfun á náms- og kennslutíma, og mun flestum fræðurum jafnan þykja á skorta þann tíma sem til umráða er í grein þeirra. Ströng sérhæfing í grein getur verið kennara á grunnskólastigi allsendis ófullnægjandi, þó að mikið nám liggi að baki. Er af því ljóst, að önnur sjónarmið hljóta að ráða efnisvali innan greinar í kennaranámi fyrir grunnskóla en öðru háskólanámi. Því er og einsætt, hversu örðugt muni vera að velja og hafna, er ákveða skal námsefni til kennaraprófs sem og að flétta hæfilega fast þætti greinar og kennslufræði.

Það sem hér hefur verið sagt á jafnt við, hvort sem greinar eru kenndar í sérskólum eða öðrum. Fleira kemur til, svo sem það meginviðhorf, að lögboðnar námsgreinar í grunnskóla skuli njóta jafnréttis, jafngildingar. Líklegt má telja, að sambýli þeirra í Kennaraháskólanum myndi stuðla að því flestu öðru fremur. Hér koma þó fleiri sjónarmið til álita, og vísast um þau efni til athugasemda við 1. gr., 3. tl.

Beint ákvæði um kennslu í sérgreinum var í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, og er greint frá því í viðauka II.

Kennsla í uppeldisfræði til B.A.-prófs.

Þeim mun nú fara mjög fækkandi, sem á annað borð velta uppeldismálum fyrir sér hérlendis, en draga í efa gildi þess að innlend menntastofnun láti í té kennslu til undirbúnings háskólaprófi í uppeldisfræði.

Til skamms tíma hafa íslenskir námsmenn sótt slíkt nám til annarra þjóða. Þeir hafa víða leitað fanga, og það er vel í sjálfu sér, en hópurinn hefur verið svo fámennur, að hann hefur brostið afl til að fylgja fræðum sínum eftir með samfelldum rannsóknum á uppeldismálum heima fyrir og áhrifum á þau. Því hefur honum ekki auðnast að stuðla að þróun greinar sinnar í hæfi við stað og tíma, enda þótt hver og einn hinna örfáu einstaklinga hafi verið trúr verkamaður í víngarðinum. Þetta þarf engan að undra, sem hugleiðir, hver er staða þeirra greina, sem sækja þurfa alla meiri háttar fræðslu og endurnýjun til erlendra menntastofnana. Þær munu fæstar eiga sér teljandi von þróunar án halds og trausts í eigin skóla heima fyrir, þar sem kostur er á að njóta fræðslu, námsaðstöðu og stunda rannsóknir til fullgilds háskólaprófs.

Lítilli þjóð og aflfárri er brýn þörf á því að hafa náin kynni af æðstu menntum annarra þjóða, en henni er lífsnauðsyn að njóta fræðilegs sjálfræðis í uppeldismálum.

Því meiri trú sem fest er á gildi umhverfisþátta í uppeldi — og þeim einum fær uppalandi breytt samkvæmt eðli máls — því skyldara er að kanna og meta með trúverðugum kenningum, tækjum og aðferðum það sem næst er í eigin samfélagi.

Íslenskur jarðvegur, íslenskt gróðurríki hefur verið kannað eftir föngum um langt skeið, hreistur og annað fleira á fiski hefur verið skoðað um áratugi, svo og smíðaefni hvers konar til húsa og skipa, fallvötn, varmi og berggrunnur landsins, en uppeldiskjör íslenskra barna hafa engrar slíkrar fræðilegrar allsherjar athygli notið. Eru þó kjör þeirra og umhverfi allt um margt frábrugðin því, er með öðrum þjóðum gerist.

Á síðustu misserum hafa orðið þau tímamót í þessum efnum, að stofnað hefur verið til kennslu í uppeldisfræðum til B.A.- prófs við Háskóla Íslands í tengslum

við það uppeldis- og kennslufræðinám, sem skólinn hefur lengi gefið kost á fyrir B.A.- prófsmenn úr öðrum greinum og verið hefur skilyrði kennsluréttinda þeim til handa. Kennsla til B.A.- prófs í uppeldisfræði samkvæmt skipulegri námsáætlun hófst haustið 1975, og með breytingu á reglugerð háskólans í janúar 1976 var uppeldisfræði formlega bætt í tölu B.A.- prófsgreina.

Laganefndin taldi eðlilegt, að framangreind starfsemi í Háskóla Íslands yrði færð í Kennaraháskólann. Er það í samræmi við þá meginstefnu sem mörkuð er í 1. gr. frv. um hlutverk Kennaraháskólans. Ef sú uppeldis- og kennslufræðimenntun framhaldsskólakennara, sem rækt hefur verið í Háskóla Íslands, flyst á vegu Kennaraháskólans eins og frv. gerir ráð fyrir, sýnist og eðlilegt að kennslan í uppeldisfræði til B.A.- prófs flytjist með, sökum þeirra tengsla sem að framan getur, En einnig frá sjónarmiði Kennaraháskólans sem almennrar kennaramenntunarstofnunar eru gild rök fyrir því, að koma beri á fót kennslu til háskólaprófs í uppeldisfræði við skólann. (Sjá nánar aths. við 1. gr.)

Þó að vænta megi, að aukin ábyrgð og virkari afskipti alþýðu af uppeldi og uppeldismálum verði þjóðfélagsleg nauðsyn á næstu áratugum og sé það raunar nú þegar, og uppeldisfræðingar fái af þeim sökum víðari starfsvettvang, fer ekki hjá því, að skólar og ýmsar aðrar stofnanir verði sem fyrr miðsvæðis í uppeldisstarfi. Verður því að ætla, að háskólagengnir uppeldisfræðingar tengist kennurum fastar í starfi en öðrum mönnum og störf beggja muni nýtast því betur sem samvinna þeirra og gagnkvæmur skilningur er heilli. Farsælast mun reynast, að kynni þeirra og samstarf hefjist þegar í námi þeirra. Eru þau rök að sjálfsögðu gildust í þessum efnum, er lúta að því, hversu menntun uppeldisfræðinga og kennara megi síðar nýtast í starfi.

Á hitt ber þó einnig að líta, að hagfelldara er að skipuleggja kennslu í uppeldisfræðum og auðveldari verkaskipting kennara, ef í sömu stofnun vinna fræðarar beggja, kennaraefna og uppeldisfræðinga. Það myndi og stuðla að eðlilegum og æskilegum tengslum uppeldislegrar kenningar og verklegrar framkvæmdar. Mun það báðum hollt, kenningunni og framkvæmdinni.

Ekki þykir vænlegt að stefna hærra í fyrstu atlögu en stofna til náms undir B.A.-próf í uppeldisfræði við Kennaraháskóla Íslands. Þó er skylt að vænta þess og ætlast til þess að greinin og skólinn þróist á þá lund að hann megi búa vísindamenn undir æðri prófgráður, þegar fram líða stundir. Lagði nefndin því til, að það yrði á valdi skólaráðs og menntamálaráðherra að taka ákvörðun um það.

Líta má á ákvæðin um kennslu í uppeldisfræði í Kennaraháskóla Íslands sem lokastig þeirrar þróunar hreinnar starfsmenntunar íslenskra kennara á háskólastigi, sem hvað fyrst örlar á í Menntamálanefndaráliti II, 1921. Í nefndinni voru Guðmundur Finnbogason og Sigurður P. Sívertsen, en auk þeirra unnu að nefndarálitinu Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Helgason og Steingrímur Arason. Stefna þessi tók skýrari mynd með lagaákæðum um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands 1947, þó að ekki yrði úr framkvæmdum, hún var mjög í umræðu við undirbúning löggjafar um Kennaraskóla Íslands 1963, en loks staðfest í orði og verki í og með lögum um Kennaraháskóla Íslands 1971.

Einingar náms og meginþættir.

Nokkur vandi hefur stafað af því og óánægja meðal kennaraefna, að skýr fyrirmæli hefur brostið um skilgreiningar á námseiningum í Kennaraháskólanum, enda þótt löggjöfin gerði ráð fyrir því að háskólarnir báðir viðurkenndu námseiningar hvor annars. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er úr því bætt. Einnig eru meginþættir náms skilgreindir skýrar en fyrr og valgreinakerfið gert sveigjanlegra, sbr. athugasemdir um þessi atriði við 15. grein.

Þróunarverkefni og samvinna Æfingaskólans og skólarannsóknadeildar.

Á síðastliðnum áratug mun reynsla hafa leitt fátt skýrar í ljós á sviði íslenskra skólamála en nauðsynina á heilli samvinnu yfirstjórnar þeirra mála og Kennaraháskólans. Sú þróunarstefna, sem löggjafi og ríkisstjórn hafa fylgt fram á þessum tíma, hefur goldið þess, að skólinn hafði lítil tök á því að leggja henni lið eða eiga frumkvæði. Löggjafi og framkvæmdavald hafa mjög fylgt alþjóðlegri stefnu í skólamálum á þessum tíma, og auðkennist hún af því m.a. að endurskoða markmið náms og kennslu, viðfangsefni og vinnubrögð og virkja kennaralið, námsmenn og samfélag til atfylgis um þvílík efni. Stefna þessi er um margt vænleg og líkleg til farsælla áhrifa framvegis, ef vel er á haldið, en hér sem endranær geta góð vopn snúist í höndum manna, ef örugg tök brestur. Því er nauðsyn, að kennaraefni kynnist slíkum viðhorfum og vinnubrögðum rækilega þegar í námi sínu. Er af flestum sökum eðlilegt að fela Æfingaskólanum það hlutverk, því að þar á einkum að reyna á þjálfun kennaraefna við að tengja fræði sín frjóu verki. Jafnframt gæti Æfingaskólinn orðið framkvæmdavaldi til ráðuneytis og aðstoðar um endurmat og prófun á tækjum, vinnubrögðum og kenningum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

1. tl. Greinin ákvarðar hlutverk Kennaraháskóla Íslands og mikilvægustu breytingar, sem lagt er til að á því verði gerðar.

Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, 1. gr., 1. tl., að Kennaraháskóli Íslands skuli vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum, en hér er kveðið svo á, að hann skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu og búa stúdenta undir háskólapróf í þeim greinum. Á það auk B.Ed.- prófs (kennaraprófs) einnig við B.A.- próf í uppeldisfræðum, en það er nýmæli, sbr. 21. gr.

Með ákvæðum þessum er stefnt að því að tengja mannafla, fjármagn, náms- og rannsóknaaðstöðu til eflingar uppeldisstarfi í landinu, enda flytjist kennsla í uppeldisfræði úr Háskóla Íslands í Kennaraháskólann.

Svo sem fram kemur í umsögnum háskólaráðs og nokkurra háskóladeilda (sjá viðauka IV.) hefur hugmyndin um þennan flutning sætt andmælum af hálfu Háskóla Íslands. Er í umsögnunum bent á ýmis rök er mæli gegn slíkri ráðstöfun, bæði frá sjónarmiði háskólans sjálfs og með tilliti til æskilegrar skipunar háskólastigsins í heild. Félagsvísindadeild, þar sem uppeldisfræðum er nú skipaður sess í háskólanum, bendir á aðrar leiðir og telur, að ekki komi síður til greina að stefna að samruna beggja stofnananna með þeim hætti að verkefni Kennaraháskólans færist til Háskóla Íslands, þar sem stofnuð yrði sérstök kennaradeild. Vissulega styður margt þá skoðun, að starfsemi Kennaraháskólans annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar gæti reynst gagnkvæmur hagur að skipulagslegri sameiningu skólanna og kynni það vel að reynast æskileg framtíðarskipan. Mjög virðist þó hæpið að tímabært sé orðið að stíga það skref og fela Háskóla Íslands á hendur menntun allra kennara á grunnskólastigi. Er hætt við að sú langa hefð sem sérstök menntastofnun kennara styðst við í starfi sínu mundi síður nýtast í deiglu almenns háskóla. En meðan samruni skólanna telst ekki tímabær sýnist einsætt, að sú stofnunin sem annast almenna kennaramenntun sé efld með því að draga til hennar helstu föng sem tiltæk eru á sviði kennslu og rannsókna í uppeldisfræðum. Þetta raskar ekki því, að eftir sem áður og jafnvel enn frekar verður með slíkri tilhögun augljós nauðsyn á samvinnu milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, bæði á skyldum fræðisviðum, svo sem í uppeldisfræðum og sálarfræði, og í einstökum greinum sem stundaðar eru í skólunum báðum, ennfremur um nýtingu kennslu sem fram fer í öðrum skólanum en hinn þarf á að halda.

Slíkt samstarf ætti að vera sjálfsagt, og í 39. gr. frumvarpsins er leitast við að tryggja það frekar með ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd.

2. tl. Það er nýmæli, að skólinn skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Í því felst, að Kennaraháskóli Íslands taki að sér að annast þá kennslufræðilegu menntun, sem Háskóli Íslands lætur nú í té, einkum fyrir B.A.- prófsmenn, auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnað verði til hliðstæðrar menntunar fyrir kennara ýmissa skóla á framhaldsskólastigi (sbr. 16. gr.). Kennarar í verklegum greinum við iðnskóla og aðra sérskóla hafa hingað til ekki átt kost á uppeldis- og kennslufræðilegri menntun hér á landi, nema á einstökum námskeiðum, m. a. hin síðari ár á vegum framhaldsdeildar Kennaraháskólans. Ætla verður að þeim sé þó engu síður þörf slíks undirbúnings undir kennslustarf sitt en kennurum bóklegra greina. Þá felst og í ákvæði þessa töluliðar sú stefna, að Kennaraháskólinn annist hinn almenna uppeldis- og kennslufræðilega þátt í menntun þeirra sérgreinakennara, **sem nú hljóta** alla kennaramenntun sína á vegum sérskóla á viðkomandi sviði. Þar er átt við myndlistarkennara, sem nema við kennaradeild Myndlista- og handíðaskólans, tónmenntakennara, sem nema við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík, hússtjórnarkennara, er hljóta menntun sína í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands og íþróttakennara, sem nema við Íþróttakennaraskóla Íslands. Hversu sem sérgreinamenntun þessara kennara verður hagað að öðru leyti (sbr. og aths. við 3. tölul. þessarar greinar), sýnist eðlilegt og hagkvæmt, að þessi hluti náms þeirra verði á vegum Kennaraháskólans sem hinnar sérhæfðu miðstöðvar í uppeldis- og kennslufræðum.

Með nýmælum þeim, sem í þessum tölul. felast, er að því stefnt að styrkja tengsl kennara á mismunandi sviðum, efla skilning þeirra á starfi sínu og sameiginlegum kjarna þess, hver sem kennslugrein þeirra er, verksvið eða sá aldursflokkur sem kennt er. Vex þeirri stefnu nú mjög fylgi víða um lönd. Einnig á ákvæði þetta að koma í veg fyrir tvíverknað og stuðla að hagfelldari nýtingu fjármagns, svo og bættri náms- og starfsaðstöðu í Kennaraháskólanum.

3. tl. Með upphafsákvæði þessa töluliðar er Kennaraháskólanum falið að annast fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi í öllum þeim greinum sem kenndar eru til kennaraprófs við skólann. Ákvæði þetta er ekki nýmæli, en kemur í staðinn fyrir fyrra málslið 2. tl. 1. gr. í gildandi lögum, þar sem Kennaraháskóla Íslands er fengið það hlutverk „að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi". Þess ber þó að gæta, að „skyldunámsstig" hefur ekki að öllu sömu merkingu í þeim lögum og „grunnskólastig", þegar lög nr. 63/1974, um grunnskóla, verða komin til fullra framkvæmda með eins árs lengingu skólaskyldu. — Með fullnaðarmenntun er átt við þær námskröfur, sem fullnægja þarf til kennararéttinda.

Í síðara ákvæði þessa tölul. er heimilað að fela Kennaraháskólanum að annast fullnaðarmenntun kennara í þeim greinum, sem nú eru kenndar í sérstökum kennaraskólum eða kennaradeildum. Í gildandi lögum (1. gr., 1. tl.) er mælt fyrir um að Kennaraháskólinn skuli, til að forðast tvíverknað, hafa samstarf við skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hér er um að ræða sérgreinar þær, sem vikið er að í athugasemdum við 2. tölul. hér að framan. Í þeim tölul. er gert ráð fyrir, að Kennaraháskólinn annist uppeldis- og kennslufræðimenntun kennara í þessum greinum, og er þar með þegar séð fyrir veigamiklu samstarfi og verkaskiptingu. Síðan er í þessum tölulið gert ráð fyrir að heimilt sé að ganga lengra og fela Kennaraháskólanum einnig sjálfa sérgreinamenntunina. Hvort og þá að hvaða marki þeirri heimild verði beitt hlýtur að ráðast af rækilegri athugun margra atriða, bæði kennslulegs og fjárhagslegs eðlis. Færa má ýmis rök fyrir hvorri tveggja skipaninni, sérskólafyrirkomulagi og sameiningu við almennt kennaranám í Kennaraháskólanum. Með hinu fyrra mælir m. a., að í sérskólunum sé fyrir hendi aðstaða, sem ella þyrfti að byggja upp í Kennaraháskólanum, svo og að kennaramenntuninni í viðkomandi greinum sé styrkur og hagur að sambýli og samstarfi við aðra sérmenntun í greinunum, svo

sem er um myndlistarnám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Á hinn bóginn má benda á, að sameining allrar kennaramenntunar fyrir grunnskóla í einni stofnun mundi stuðla að samræmingu kennaranámsins, jafnstöðu kennslugreina og einingu kennarastarfsins. Nefndin, sem frumvarpið samdi, taldi það ekki í verkahring sínum að taka beina afstöðu til þess, hvað best hentaði í þessum efnum, en taka ber fram, að ekki er ótrúlegt að mismunandi lausnir komi til álita eftir því hvaða sérgrein á í hlut. Hversu sem ráðast kann um stofnanalega tilhögun kennaranáms í umræddum greinum, ber að leggja áherslu á að samhæfa það öðru kennaranámi eins og kostur er. Æskilegt er að þessar greinar geti orðið valgreinar til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) með sama hætti og þær greinar, sem nú eru kenndar við Kennaraháskóla Íslands, enda virðist ekki ókleift að fella kennaranám í sérgreinunum inn í þá umgerð sem valgreinum er sniðin í 15. gr. frumvarpsins. Í því sambandi kann þó að þurfa að gera sérstakar kröfur um undirbúning til inngöngu í kennaranám, að því er listgreinar varðar. Um samstarf Kennaraháskólans og þeirra skóla sem hér um ræðir er kveðið á í 39. gr.

4.tl. Í þessum tölul., sem fjallar um endurmenntun kennara, er sú breyting frá hliðstæðu ákvæði í gildandi lögum, að starfsemin er ekki einungis miðuð við kennara á skyldunámsstigi, heldur bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Hefur framkvæmdin þegar hneigst í þá átt. Þá er og mælt fyrir um nánari framkvæmdarákvæði í reglugerð, m. a. að því er varðar samstarf við kennarasamtök, Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir.

Vert er að leggja áherslu á mikilvægi þessa þáttar í hlutverki Kennaraháskólans. Mönnum hefur orðið æ ljósara, að starfsmenntun í nútímaþjóðfélagi verður ekki áunnin í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf hún að vera með nokkrum hætti áfangamenntun. Kennarastarfið mun mörgum störfum fremur jafnan verða háð slíkri kvöð um sífellda endurnýjun menntunarforðans.

II. KAFLI

Um 2. gr.

Grein þessi kveður á um, hverjum falin sé æðsta stjórn Kennaraháskóla Íslands. Hún samsvarar að nokkru leyti 1. og 3. lið 2. gr. gildandi laga, en nokkur nýmæli eru í frumvarpinu. Lagt er til, að stjórn skólans sé einföldud, þannig að í stað skólastjórnar og skólaráðs komi nú aðeins skólaráð. Hins vegar er lagt til, að sú skipulagsbreyting sé gerð stjórn skólans til styrktar, að greint sé skýrar á milli kjörinna fulltrúa starfsmanna í skólaráði og stjórnskipaðra embættismanna skólans, svipað og tíðkast hefur í Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir, að stofnuð sé staða skólaritara er annist í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans og hafi heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega. Ekki eru líkur á, að þessi nýja skipan hafi aukinn kostnað í för með sér, þar sem vararektor (nú aðstoðarrektor) mundi þá ekki lengur gegna launuðu starfi, heldur verða staðgengill rektors í forföllum. Ætlast er til, að rektor geti með þessu fyrirkomulagi helgað sig í auknum mæli stefnumótun í málefnum skólans og almennu eftirliti með stjórn hans. Ákvæði 2. tl. 2. gr., um skólanefnd kennaraskóla, er fellt brott en í staðinn kemur ákvæði í 39. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið efni eftir þörfum til funda um kennaramenntun. Að öðru leyti eru hér ákvæði, sem ætlað er að kveða skýrar á um valdsvið hinna einstöku stjórnunaraðila.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um kjör rektors og vararektors. Er kosningarréttur til embætta þessara rýmkaður nokkuð frá því, sem nú er í 4. tl. 2. gr. Um kjör rektors og vararektors er lagt til, að ákvæði 39. gr. reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands verði flutt í lögin. Er það og í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Nýmæli er ákvæðið um það, hvernig með skuli fara, ef rektor fellur frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er á enda, svo og ef rektor forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Um 4. gr.

Grein þessi fjallar um skipulag skólaráðs. Er það í stórum dráttum svipað og í 2. gr. gildandi laga. Fulltrúum í ráðinu er þó fjölgað nokkuð í því skyni, að allir starfshópar skólans eigi þar fulltrúa. Að öðru leyti er ákvæðið gert gleggra en áður, m. a. um það, ef fulltrúi forfallast.

Um 5. gr.

Nýmæli er það í frumvarpinu að kveða á um nokkur meginatriði fundarskapa, er miklu varða um greiða og skipulega fyrirtekt og afgreiðslu mála í skólaráði. Sambærilegt ákvæði er nú í 38. gr. reglugerðar skólans.

Um 6. gr.

Ákvæði um starfsmannafundi eru nýmæli. Er því ætlað að fylla upp í það skarð, er myndast kann við afnám skólastjórnar og kennarafunda. Tilhögun þessi er sveigjanlegri, en ætti að koma að svipuðu gagni. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

Um. 7. gr.

Hér er fjallað um skorir. Er ætlast til, að hver skor verði stjórnunareining með svipuðum hætti og verið hefur. Lagt er til, að nemendur hafi tvo fulltrúa á fundum hverrar skorar. Þá er og stefnt að því að treysta tengslin við Æfingaskólann með því að æfingakennarar þar eigi jafnan rétt til fundasetu og þátttöku í afgreiðslu mála sem greinakennarar. Ákvæðið um kjör skorarstjóra er óbreytt.

Um 8. gr.

Nýtt ákvæði er hér um fundarsköp skora. Er því ætlað að skapa festu varðandi boðun funda og meðferð mála á fundum. Nýtt er einnig ákvæðið um heimild skora til starfa í sérgreindum hópum eftir fræðasviðum, enda ljóst af 17. gr. frumvarpsins, að mjög ólíkar greinar lenda saman í sumum skorum, en hins vegar ekki æskilegt að fjölga þeim af stjórnunarástæðum.

III. KAFLI

Í þennan kafla er skipað saman ákvæðum, sem í l. nr. 38/1971 féllu undir kaflana um nemendaráð og inntöku nemenda í skólann, 3. og 4. gr. Eru ákvæði þessi lítt breytt efnislega í frumvarpinu en auk þeirra er bætt við nokkrum nýjum efnisákvæðum.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um inntökuskilyrði. Aðalskilyrði er eins og í gildandi lögum stúdentspróf, en skólaráð hefur heimild til að víkja frá því og taka tillit til annarra prófa, náms og starfsreynslu, þegar meta skal hvort umsækjandi hafi nægan undirbúning til að hefja nám í Kennaraháskóla Íslands, og þarf ekki lengur að leita samþykkis menntamálaráðuneytisins til slíkra frávika. Þróunin varðandi inntöku í háskóla er nú víða í þá átt, að láta ekki tiltekin próf vera allsráðandi í því efni, heldur líta einnig til þess, ef umsækjandi hefur með öðrum hætti aflað sér undirbúnings sem telja megi nægan grundvöll að viðkomandi háskólanámi. Þegar nefnd er starfsreynsla er hér sérstaklega haft í huga, að þeir sem fengist hafa við kennslu-

störf um nokkurt skeið með góðum árangri geti átt þess kost að setjast í Kennaraháskólann án þess að ljúka stúdentsprófi, ef skólaráð metur fullnægjandi forsendur fyrir hendi að öðru leyti.

2. tl. er efnislega samhljóða núgildandi 2. tl. 4. gr. að breyttu breytanda.

Í 3. tölulið er gert ráð fyrir, að sett skuli í reglugerð sérstök ákvæði um inntökuskilyrði fyrir þá sem einungis sækja til Kennaraháskólans nám í uppeldis- og kennslufræðum, sbr. 16. gr.

Í stað ákvæðis um hæfnispróf og lágmarkseinkunn í íslensku er hér lagt til að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar. Hér falla undir m. a. heimild til almennrar takmörkunar á inntöku nemenda í skólann vegna óviðráðandi fjölda umsókna og heimild til að kveða á um lágmarkseinkunnir eða sérstakan undirbúning í einstökum greinum.

Um 10. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði, er áður var í 4. tl. 1. mgr. 4. gr., er nú gert ítarlegra og raunhæfara. Einkum er eftirlit með heilbrigðisástandi nemenda styrkt með því að lögfesta heimild til að ákveða í reglugerð um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu og um heilbrigðisrannsóknir eftir ákvörðun skólaráðs.

Um 11. gr.

Þetta er nýmæli í lögunum. Er það að nokkru leyti sniðið eftir 24. og 25. gr. l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Ekki þykir síður þörf hér að kveða á um viðurlög, ef nemandi brýtur lög eða aðrar reglur skólans eða gerist sekur um alvarlegt refsilagabrot. Er það bæði byggt á nauðsyn þess að halda uppi hæfilegum aga og aðhaldi innan skólans, almennum varnaðarsjónarmiðum og ekki síst því, að ungmenni þau, er veljast til kennslu barna og ungmenna síðar meir, séu vel þroskuð siðferðislega og vammlaus í öllu líferni sínu.

Ekki er ætlast til, að til brottvikningar að fullu komi, nema um ítrekun sé að ræða eða stórfelld brot. Ella má láta við áminningu sitja eða brottvikningu um stundarsakir. Ætíð hefur nemandi rétt til að skjóta ákvörðun um brottrekstur til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi þó ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Auk málskotsréttar nemanda á ætíð að veita honum kost á að svara til saka, og ætíð skal leita álits nemendaráðs, áður en brottvikning er ráðin.

Ákvæði 2. mgr. um brottvikningu að fullu vegna tiltekinna alvarlegra refsilagabrota er aðeins heimildarákvæði og því vægara en sambærilegt ákvæði 25. gr. l. nr. 84/1970. Brot þau, sem hér um ræðir, eru einungis þau brot, er hafa flekkun mannorðs í för með sér, þ. e. ef sakborningur hefur verið fullra 18 ára, er hann framdi brotið, og refsing er 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla er dæmd, sbr. 2. gr. l. nr. 52/1959, sbr. 1. gr. l. nr. 45/1961.

Um 12. gr.

Ákvæði 1 mgr. er nýmæli í lögum um Kennaraháskólann. Þykir heppilegt að lögfesta skýra reglu til að forðast hugsanlegan ágreining um það, hvort nemandi teljist við nám í skólanum og njóti réttinda og beri skyldur sem innritaður nemandi. Gert er ráð fyrir, að í reglugerð megi áskilja árlega skráningu, í því skyni fyrst og fremst að koma við betri yfirsýn og meira aðhaldi en áður. Jafnframt þykir rétt að heimila ákvörðun skrásetningargjalda með reglugerð og hvernig þeim skuli varið, m. a. í þarfir nemenda sjálfra. Ákvæðin eiga sér hliðstæðu í 21. og 26. gr. l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Í 2. mgr. er heimilað að setja reglugerðarákvæði um námsástundun nemenda.

Um 13. gr.

Ákvæði um nemendaráð er efnislega óbreytt, sbr. 3. gr. gildandi laga. Nemendaráði er þó einnig ætlað að tilnefna fulltrúa nemenda á skorafundi.

IV. KAFLI

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þriggja ára námi með 8½—9½ mánaða kennslu á ári. Menntamálaráðuneytið getur þó leyft allt að hálfsmánaðarvik frá þessu ákvæði. Sú hefð hefur skapast, að kennsluárið væri 9 mánuðir, frá 1. september til 31. maí. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kennsluárið geti verið 9½ mánuður, ef ástæða þætti til.

Um 15. gr.

Sú breyting er hér gerð frá gildandi lögum að námið er skipulagt í námseiningum þar sem hver eining er ígildi einnar viku vinnu, en í gildandi lögum er öllum námstímanum skipt í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 vikustundum árlangt. Breytingin er gerð til auðveldunar á námsskipulagi og námsmati og er í samræmi við einingamat, sem nú er notað eða í undirbúningi að nota í skólakerfinu, m. a. í vaxandi mæli í Háskóla Íslands. Ætti því þessi tilhögun jafnframt að auðvelda gagnkvæma og sjálfsagða viðurkenning námshluta milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Skipting námsins í meginþætti felur í sér meiri sveigjanleika fyrir nemendur í vali námsefnis en er í gildandi lögum. Valfrelsi innan ákveðinna marka nær nú til rúmlega 60% námsefnis í stað tæpra 50% áður. Ásamt námseiningaskiptingunni ætti námsþáttaskipulagið að gera hægara um vik fyrir kennara, sem hafa hug á að bæta við nám sitt með markvissum hætti, t. d. afla sér aukinnar menntunar í grein til víðtækari kennsluréttinda.

Sveigjanleiki námsmagns í einstökum valgreinum er aukinn verulega eða í 30 einingar úr nálega 15 einingum í gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir að allir, sem B.Ed.- prófi ljúka, hafi hlotið undirbúning til að sinna almennri bekkjarkennslu en auk þess er nemanda gefið svigrúm til að einbeita sér hvort heldur er að bekkjarkennslu með fjölbreyttu námsgreinavali eða að kennslu einstakra námsgreina með þröngu vali (45 einingar í valgreinum). Ákvæði varðandi lestrar- og skriftarkennslu er sett til að taka af tvímæli um að allir brautskráðir grunnskólakennarar skuli hafa hlotið undirstöðuþjálfun í slíkri kennslu, m. a. vegna þarfa lítilla skóla, þar sem verkaskiptingu eftir greinum og aldursstigum verður síður við komið.

Gert er ráð fyrir að æfingakennslu verði ætlaður svipaður tími og nú er.

Um 16. gr.

Hér er um að ræða nánari skilgreiningu á því námi, sem kveðið er á um í 1. gr., 2. tl.

Um 17. gr.

Nokkrar breytingar eru hér gerðar frá gildandi lögum um skipun námsgreina í skorir.

1. Uppeldisskor. Siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga eru fluttar í uppeldisskor úr félagsskor.
2. Félagsskor. Úr skorinni eru fluttar siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga. Inn koma í staðinn landafræði úr raungreinaskor og hagfræði, sem er ný grein.

3. Málaskor. Hér er engin efnisbreyting.
4. Raungreinaskor. Landafræði er flutt í félagsskor.
5. List- og verkmenntaskor. Mynd- og handmennt kemur í stað teiknunar og handavinnu, tónmennt í stað tónfræði, líkamsrækt í stað íþrótta. Orðalagsbreytingar þessar leiða ekki sjálfkrafa til breytinga á inntaki greinanna. Nokkuð öðru máli gegnir um leiktjáningu í stað leiklistar. Með breytingunni er lögð áhersla á uppeldislegt markmið kennslunar. Vélritun er felld niður úr upptalningu greina í skorinni.

Óbreytt er gildandi heimild stjórnar skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Er og vert að leggja áherslu á, að frumvarpsgreinin gefur fremur til kynna verkaskiptingu milli skora en að í henni geti falist tæmandi upptalning þeirra námsgreina sem fengist verði við í Kennaraháskólanum hverju sinni.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli og þarf ekki skýringa við.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 8. gr.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar á sér hliðstæðu í lögum um grunnskóla, 12. gr., 5. tl.

V. KAFLI

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli og er meginákvæði hennar, að stofna skuli til kennslu í uppeldisfræði til B.A.- prófs við Kennaraháskólann, rökrétt afleiðing þeirrar stefnu, sem mörkuð er í 1. gr., að Kennaraháskóli Íslands skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi. Námstími og námskröfur skulu vera sambærileg við annað nám til B.A.- prófs.

Eðlilegt þykir, að nemendur, sem lokið hafa B.Ed.- prófi eða öðrum háskólaprófum, þar sem uppeldisfræði er hluti námsefnis, skuli fá fyrri námseiningar metnar sem hluta af námi í uppeldisfræði. Er það í samræmi við anda laga þessara og almenna stefnu.

Rétt þykir að hafa heimild í reglugerð til að ákveða, að námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisfræði séu hluti náms til B.A.- prófs í uppeldisfræði, svo og að heimilt sé að sækja það nám til annarra háskóla, ef þörf gerist, sbr. einnig 26. gr., enda kveði reglugerð á um inntak og umtak þeirra námsþátta.

Ætla verður að uppeldisvísindi eflist svo á Íslandi í framtíðinni, að meginkennslustofnun þeirra verði bæði fært og skylt að kenna þau til lokastigs háskólanáms.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um að við Kennaraháskólann starfi rannsóknastofnun í uppeldisfræðum samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, en um starfssvið hennar, stjórn o. fl. skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

Í gildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands eru ákvæði, 14. og 15. gr., um sérstaka rannsóknastofnun uppeldismála, sem gert er ráð fyrir að starfrækt sé með aðild Kennaraháskólans og Háskóla Íslands auk þess sem skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins eigi aðild að stjórn hennar. Stofnun þessari hefur ekki verið komið á fót, þótt unnið hafi verið að ýmsum uppeldisfræðilegum rannsóknaverkefnum á vegum þeirra aðila, sem ætlað var að standa að stofnuninni. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að hlutverk slíkrar stofnunar verði fellt undir verk-

svið Kennaraháskóla Íslands. Er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins, að Kennaraháskólinn skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi. Af því leiðir að sú starfsemi sem lýtur að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum á að vera jafnsjálfsagður þáttur í viðfangsefnum skólans og kennslan sjálf. Samkvæmt 22. gr. er gert ráð fyrir að fá megi þessum þætti starfseminnar stofnunarform, þar sem líklegt er að það verði til þess fallið að treysta skipulagslegan grundvöll rannsóknanna og auðvelda áætlanagerð og yfirsýn. Þá verður og með því móti hægara að tengja sérfræðinga utan kennaraliðsins rannsóknastarfinu, þegar slíkt kann að þykja æskilegt. Jafnframt verður kennurum skólans auðveldara að fullnægja rannsóknaskyldu sinni, ef þeir njóta stuðnings slíkrar stofnunar. Um hliðstæða tilhögun má vísa til rannsóknastofnana á vegum Háskóla Íslands.

Sjálfsagt er að rannsóknastofnun í uppeldisfræðum við Kennaraháskólann kosti kapps um eðlilegt samstarf við aðra aðila sem starfsemi hennar tengist. Til greina kemur að slíku samstarfi sé formlega skipað með ákvæðum í reglugerð, þar sem mæla skal nánar fyrir um starfssvið stofnunarinnar og stjórn, svo og tengsl hennar við aðrar stjórnarstofnanir skólans.

VI. KAFLI

Um 23. gr.

Greinin er allmiklu styttri en sambærileg grein í gildandi lögum (9. gr.). Hún er rammagrein, sem fær fyllingu í reglugerð og gefur auk þess skólaráði aukið svigrúm um framkvæmd prófa.

Ákvæðið um að kennarar standi fyrir prófum, hver í sinni grein, felur í sér að kennari skuli sjálfur semja próf sín og ákveða umfang þeirra, þó að sjálfsögðu í samræmi við námsskrá og reglugerð.

Um 24. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um endurtekningu prófa.

Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð megi setja ákvæði um endurtöku prófs til að fá betri vitnisburð, þótt nemandi hafi hlotið lágmarkseinkunn í greininni.

Um 25. gr.

Hér er mælt fyrir um hvernig dæma skuli fullnaðarpróf. Í greininni felast veigamiklar breytingar frá gildandi lögum, en í meginatriðum er fylgt þeirri tilhögun, sem ákveðin var í Háskóla Íslands með lögum nr. 45/1976. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að prófdómendur utan skólans verði að meginreglu því aðeins við skriflegt próf, að sérstök ástæða þyki til. Þá er og nemendum, sem ekki standast próf, tryggður réttur til málskots að því er varðar mat kennara á skriflegri úrlausn.

Í greininni eru ákvæði um val prófdómenda og skipunartímabil, ítarlegri en í gildandi lögum.

Um 26. gr.

Fyrri málsl. er nýr, en þarfnast naumast skýringar. Með viðurkenningu er hér átt við, að viðkomandi próf fáist metið sem þáttur til fullnaðarprófs frá Kennaraháskóla Íslands. Ákvæði seinni málsl. á sér hliðstæðu í 1. tl. 1. gr. gildandi laga.

VII. KAFLI

Um 27. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um fjölda prófessora og dósenta. Ákvæði þetta hefur reynst dauður bókstafur og er það því fellt niður í frumvarpinu og í þess stað

gert ráð fyrir að stofnun nýrra kennaraembætta fari eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til slíkra embætta í fjárlögum.

Nýmæli er heimild til að skipa dósenta eða lektora tímabundið.

Í lokamálsgrein er lögfest heimild til að kveða á í reglugerð um meginreglur varðandi starfsskyldur kennara. Í gildandi reglugerð um skólann er þó að finna slíkar reglur.

Um 28. gr.

Nýmæli er það að skólaráð ráði aðjúnkta í stað menntamálaráðherra áður.

Þrengd eru ákvæði um að veita megi umsækjanda, sem ekki fullnægi kröfum um fullgilt háskólapróf auk prófs í uppeldis- og kennslufræðum, fasta stöðu við skólann. Er nú undanþágan bundin við lektorsstöður og háð því skilyrði, að dómnefnd hafi fjallað um umsóknina og metið umsækjanda hæfan til starfsins.

Heimild til að flytja lektor í dósentsstöðu samkv. nánari ákvæðum í reglugerð er ný, en hliðstætt ákvæði er í lögum um Háskóla Íslands.

Um 29. gr.

Nýmæli er hér staða skólaritara, sbr. greinargerð með 2. gr.

Sú breyting er hér gerð að menntamálaráðherra skipar eða ræður fast starfslið skólans annað en kennara. Í gildandi lögum er rektor falin ráðning þessara starfsmanna, en í reynd hefur hún þó verið í höndum ráðuneytisins að undanskilinni ráðningu aðstoðarrektors.

Um 30. gr.

Með breytingum þeim, sem greinin gerir ráð fyrir á ákvæðum gildandi laga um orlof við Kennaraháskólannn (sbr. 23. gr. laganna), er meginhersla lögð á þarfir skólans og frumkvæði. Kemur það fram með þrennum hætti:

1) orlof skal vera heimilt föstum starfsmönnum skólans, en ekki kennurum hans einum,
2) skylt er ráðuneyti að leita umsagnar rektors um umsóknir um orlof starfsmanna,
3) réttur til orlofs er ekki gerður háður þjónustualdri starfsmanns.

Sveigjanleiki ákvæða frumvarpsins er eftir því sniðinn að reglur um orlof verði í reynd til að efla hæfni starfsliðs skólans.

Á því er alllöng hefð að veita kennurum einum fastra starfsmanna við skóla orlof. En hvort tveggja er, að við Kennaraháskólann kunna fastir starfsmenn að inna mikilvæga kennslu af höndum, þó að ekki beri þeir kennaranafn — það á við bókaverði — og aðrir kunna ásamt þeim að láta í té ýmsa þjónustu við kennaranám, t. d. í tækni margháttaðri, og getur mikið oltið á því fyrir skólann að þeim gefist kostur á að auka við sig námi.

VIII. KAFLI

Um 31. gr.

Greinin kveður á um rekstur sérstaks hverfisskóla í Reykjavík, sem skal vera miðstöð æfingakennslu við Kennaraháskóla Íslands. Greinin er í aðalatriðum samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Æfingadeildir hafa starfað við Kennaraskóla Íslands allt frá stofnun hans. Deildirnar sóttu nemendur víðsvegar að úr borginni, en á því varð þó breyting árið 1968, þegar hverfisskóli tekur til starfa í eigin skólahúsi á lóð Kennaraskólans. Ákvæði höfðu þó verið í lögum um sérstakan æfingaskóla allt frá árinu 1943, sbr. l. nr. 50/1943, um Kennaraskóla Íslands.

Í greininni segir, að skólinn sé miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans. Er hér skýrar að orði kveðið en í 16. gr. gildandi laga og þáttur skólans í menntun kennara nánar afmarkaður en þar er gert.

Skilgreining skólans sem miðstöðvar æfingakennslunnar felst m. a. í eftirfarandi:

1. Æfingaskólinn og starfsmenn hans eru ábyrgðarmenn við mótun æfingakennslunnar jafnt í einstökum greinum og kennslustarfi samfelldu. Þeim er ætlað, undir stjórn skólastjóra og æfingastjóra, að annast faglega umsjón með æfingakennslu í öðrum skólum og vera lausráðnum æfingakennurum þar til halds og trausts. Af framansögðu leiðir óbeint, að einungis hluti æfingakennslunnar fer fram í Æfingaskólanum sjálfum, þótt skólinn muni, svo sem skylt og eðlilegt er, hafa innan sinna veggja hlutfallslega fjölmennari hóp kennaranema en aðrir skólar. Sá misskilningur skýtur stundum upp kolli, að sérstaða Æfingaskólans sé í því fólgin að þar skuli allir nemar fá alla sína æfingu í kennslu. Þetta er að sjálfsögðu hvorki framkvæmanlegt né æskilegt.
2. Kennaranemar skulu eiga samastað í skólahúsi Æfingaskólans, er þeir vinna að undirbúningi kennsluæfinga sinna. Gildir þetta jafnt fyrir nema, er sækja kennsluæfingar sínar í Æfingaskólanum sjálfum og þá, sem sækja til annarra skóla, að svo miklu leyti sem slíku verður við komið og hentugt þykir. Athvarf kennaranema þarf að vera í húsnæði sérstaklega búnu til þessara nota. Þar þarf að vera til reiðu kennsluefni, kennslutæki og önnur nauðsynleg gögn. Aðstaða þessi myndi jafnframt notuð þegar efnt væri til námskeiða fyrir nema og kennara í notkun kennslu- og námsgagna.
3. Æfingaskólanum er einnig ætlað að gegna hlutverki sínu sem miðstöð æfingakennslu í landinu með því að sinna nýbreytni í skólastarfi öðrum skólum fremur og veita þannig verðandi kennurum færi á að fylgjast með verklagi í skóla, sem er í skipulegri þróun. Sjá um þetta atriði nánar í skýringum, sem fylgja 32. gr.

Nafn skólans er stytt úr Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands. Er þetta eingöngu gert til hægðarauka, þar eð nafnið er þannig heldur styttra og þjálla.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning skal tekið skýrt fram að með nafnbreytingunni er ekki gefið í skyn, að þetta skuli draga úr verkefnum skólans á sviði nýbreytni og tilrauna við nám og kennslu. Þessu er þveröfugt farið svo sem víða kemur skýrt fram í frumvarpinu og þessari greinargerð.

Forskóladeildir fyrir 5 og 6 ára börn eru þegar í Æfingaskólanum. Í lok greinarinnar er ákvæði sem heimilar að svo verði einnig framvegis að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 32. gr.

Greinin fjallar um tilraunahlutverk skólans og nýbreytni við nám og kennslu. Ákvæði greinarinnar stefnir að sama marki og 17. gr. gildandi laga, en eftir öðrum leiðum, enda margt breytt, þótt ekki sé lengra um liðið frá setningu þeirra.

Í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1947 og 1963 voru ákvæði um að Æfingaskólinn skyldi starfa sem tilraunaskóli og jafnframt sinna rannsóknum á sviði skólamála, sbr. viðauka II. Fyrir löggjafanum hefur sennilega vakað að skólinn sinnti a. m. k. að einhverju leyti verkefnum, sem síðar voru falin skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins. Lagaákvæði þessi um Æfingaskólann komu þó aldrei til framkvæmda né heldur ákvæðin í lögum nr. 16/1947, um rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Lögin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 geyma enn ákvæði um tilraunaskóla og rannsóknaskyldu. Hefur starfsemi skólans þróast í þá átt síðan skólinn tók til starfa sem hverfisskóli og flutti í sérstakt skólahús. Á þessum árum hefur einnig samstarf ráðuneytis og Æfingaskólans orðið virkara en áður var.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt á undanförnum árum, að samhæfingu skorti milli starfsmenntunar kennara og breytinga á kennslu og námsefni, sem menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir. Í umræðu um Æfingaskólann hefur fyrr og síðar bryddað á þeirri skoðun, að æfingakennsla og vísindaleg rannsóknastörf á sviði kennslustarfa færu illa saman, þar eð halda þyrfti rannsóknabreytum sem mest einangruðum og aðstæðum óbreyttum, ef mark skyldi taka á niðurstöðum, en þetta hlyti að reynast erfitt í deildum, þar sem æfingakennsla færi fram. Þessi rök eru réttmæt a.m.k. í sumum tilvikum, ef miðað er við rannsóknir skv. aðferðalíkani raunvísinda. Skal og heldur ekki gert lítið úr þörf nákvæmni af þessu tæi, t. d. í mörgum greinum sálarfræði og einnig við prófun kennsluaðferða. Hins vegar er oft ógerlegt að koma við slíkum vinnubrögðum þegar leggja skal reynsludóm á nýjungar í kennslu eða hagnýt not breyttra námsaðferða eða námsefnis. Skipulegt mat skv. einhverjum sæmilega skilgreindum kvörðum verður oftast að duga, a. m. k. fyrst í stað. Þá kemur enn til að draga má í efa hvort aðferðir náttúruvísinda henta ævinlega sérlega vel, þegar rannsaka skal kennslu- og námsferli. Af þessum sökum hafa sérfræðingar á þessu sviði hin síðari ár beitt nokkuð sveigjanlegri aðferðum en fyrr og vinna rannsóknir sínar við eðlilegar aðstæður. Má telja víst að gera megi margvíslegar marktækar kannanir, þótt æfingakennsla fari fram samtímis og stundum gæti slíkt hentað vel, ef fyrirhyggju er gætt við skipulagningu.

Þá er þess enn að geta sem mestu skiptir í þessu samhengi að tilraunahlutverk skólans er í rauninni ekki — og svo hefur sennilega ekki heldur verið í upphafi — tengt vísindalegri tilraunastarfsemi í þröngri merkingu heldur hinu sem vikið er að hér að framan, að skólinn hefði forgöngu um nýjungar í skólastarfi eða það sem í frumvarpsgreininni er nefnt nýbreytni og legði á verkefni sín nokkurt mat hverju sinni. Þessu sjónarmiði til stuðnings skal bent á heiti skóla erlendis, sem reknir eru í þessum yfirlýsta tilgangi: „forsöksskole“ á norðurlandamálum og „laboratory school“ á ensku. Svipaðir skólar hafa einnig risið hérlendis hin síðustu ár, sbr. starfsemi Fossvogsskóla í Reykjavík og Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Nú um sinn virðist stefna í þá átt að hver skóli geti og eigi að mótast sem mest innan frá og þróast í samræmi við eigin þarfir og aðstæður í skólahverfinu. Sérstaða Æfingaskólans gagnvart öðrum skólum yrði skv. framansögðu einkum fólgin í því að honum bæri beinlínis skylda til að fylgjast með framvindu skólamála erlendis og hér heima, brjóta upp á nýjungum í starfi og greina opinberlega frá viðleitni sinni í þessa veru. Að framan var þess getið að verkefnum, sem skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins hefur sinnt hin síðari ár, hafi löggjafinn sennilega í lagaákvæðum um menntun kennara 1947 og Kennaraskóla Íslands 1963 ætlast til að sinnt væri að einhverju leyti af Æfingaskólanum og vafalaust einnig rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Margt horfir nú öðruvísi við í þessum málum, en þó er enn raunhæfur grundvöllur fyrir samstarfi Kennaraháskólans og menntamálaráðuneytisins um ýmis hagnýt og fræðileg efni, er lúta að námsefnisgerð, námsstjórn og æfingakennslu. Vettvangur þessa samstarfs af hálfu menntastofnunar kennara yrði í rannsóknastofnun í uppeldisfræðum við Kennaraháskólann og Æfingaskólinn.

Ákvæði um samstarf við aðra skóla um rannsóknaverkefni er sett til að koma í veg fyrir einangrun, en þessum stofnunum er mikil nauðsyn að endurnýja stöðugt tengsl sín við skólastarf í landinu.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans og er að nokkru samhljóða ákvæðum um sama efni í 18. og 19. gr. gildandi laga. Með „öðrum starfsmönnum“ er m. a. átt við starfslið á skrifstofu og sérfræðinga við ráðgjafarstörf. Gert er ráð fyrir skólanefnd, er sé rektor og skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skólans, og er þetta nýmæli auk nokkurra annarra minni háttar breytinga.

Skipan sú, sem verið hefur skv. gildandi lögum, að allir fastir kennarar skólans, auk rektors Kennaraháskólans, skólastjóra og fræðslustjóra Reykjavíkurborgar,

eigi sæti í stjórn skólans, reynist þung í vöfum, gerir ákvörðunartöku seinvirka og jafnvel óþægilega fyrir starfsfólk. Með breytingunni er ekki ætlunin að rýra aðild kennara að stefnumótun skólans, enda eiga þeir fulltrúa í skólanefnd, en talið heppilegt að tillögur og áhrif starfsliðs á þróun skólans komi einnig fram með öðrum hætti, t. d. á samstarfsfundum kennara, sérstökum kennarafundum eða fyrir tilstilli sérstaklega kjörinna nefnda og starfshópa innan skólans, sbr. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Nauðsyn þykir að festa í lögum ákvæði um, að tveir yfirkennarar starfi við skólann. Æfingaskólanum er ætlað að sinna mörgum og vandasömum verkefnum og því álitið heppilegt að skólastjóri sé ekki of bundinn störfum við daglegt eftirlit í skólanum.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar og rekstrargjalda Æfingaskólans milli ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Greinin er samhljóða 2. tölulið 18. gr. í gildandi lögum.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um kennaralið skólans og svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Sú meginbreyting er þó gerð frá því, sem áður var, að við skólann skuli að mestum hluta starfa fastráðnir æfingakennarar, en á þeim og almennum kennurum er nokkur munur, bæði að því er varðar kennsluskyldu og launakjör. Starfskjaramunur og tvískipting kennaraliðs skólans, sem af honum leiðir, orkar á ýmsan hátt tvímælis og hefur í för með sér marga ókosti beint og óbeint og torveldar eðlilega samvinnu kennara og fulla nýtingu starfsliðs, ekki síst samhæfingu verkefna, sem kennurum ber að sinna. Hér er auk kennslu átt við samstarfsfundi innan skólans, viðtöl við kennaranema og vinnu með kennurum Kennaraháskólans og alveg sérstaklega umsjónarstörf með æfingakennslu í einstökum greinum og samstarf við lausráðna æfingakennara í öðrum skólum. Af þessum sökum og öðrum, sem lítillega verður vikið að hér á eftir, þykir vænlegra til árangurs og betur í samræmi við markmið Æfingaskólans að allir — eða nær allir — kennarar skólans skuli fastráðnir æfingakennarar. Svigrúm yrði þó áfram að ráða til skamms tíma nokkra kennara að skólanum á kjörum almennra kennara. Væntanlega yrði einkum um að ræða nýliða við kennslustörf. Æfingakennsla er ekki nema að takmörkuðu leyti bundin við kennslu einstakra æfingakennara í tiltekinni kennslustofu ákveðinn stundafjölda á viku heldur verður hún best rækt í fjölþættu og samvirku starfi kennara og nema, þegar þeir gegna um lengra tímabil margvíslegum sameiginlegum störfum sínum. Í samræmi við þetta er Æfingaskólanum ætlað að vera kennaraefnum sýnishorn af sveigjanlegu skólastarfi, sem þeir eigi jafnan aðgang að. Samkvæmt því er starf allra kennara skólans jafn mikilvægt og raunar annarra starfsmanna einnig. Til þessa viðhorfs er þá einnig að rekja helsta rökstuðning þess að allir fastir kennarar skólans sitji við sama borð í kjaralegu tilliti, enda geti þeir hver á sínu sviði lagt til skólastarfsins fullgildan skerf, svo að skólinn gegni hlutverki sínu.

Telja verður að í framantöldum atriðum felist umtalsverð breyting á æfingakennslunni frá því sem gildandi lög ákveða og algengast hefur verið um framkvæmd hennar til þessa. Þetta má m. a. marka af því, að verkefni og vinnuframlag einstakra æfingakennara verða ekki metin (a. m. k. ekki í Æfingaskólanum) í fjölda kenndra æfingastunda (sbr. upphaf 21. gr. 2. tl. í gildandi lögum) heldur tekið mið af vinnu kennarans samanlagðri á sviði kennslu og uppeldisstarfs í skólanum, sem hann ásamt samkennurum og kennaranemum innir af hendi.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um stöðu æfingastjóra, val hans og verksvið. Í gildandi lögum er æfingastjóri talinn til starfsmanna Kennaraháskólans, sbr. 13. gr. þeirra laga,

tölulið I. 4. Frumvarpsgreinin kveður á um breytingu að því leyti, að æfingastjóra skal nú kjósa úr hópi fastra æfingakennara til þriggja ára í senn og má ekki endurkjósa hann nema einu sinni án lotuskila.

Með þessari breytingu er að því stefnt að æfingastjóri sé í sem allra nánastri snertingu við sjálfa framkvæmd æfingakennslunnar, hafi starfsaðstöðu í Æfingaskólanum og sé ótvírætt hluti af starfsliði skólans. Starf núverandi *æfingastjóra* hefur raunar þegar orðið mjög á þennan veg og hann hefur bækistöð sína í Æfingaskólanum. Af sömu ástæðu er talið heppilegt, að æfingastjóri gegni ekki starfi of lengi í senn. Auk þess kynni að reynast erfitt fyrir viðkomandi að hverfa aftur að kennslu, ef því starfi hefur ekki verið sinnt um margra ára skeið. Af sama toga er sú heimild að kennari megi gegna æfingastjórastarfi að hálfu móti kennslu, en njóti þá skrifstofuaðstoðar til viðbótar sem því svarar.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 20. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 22. gr. 1. málslið gildandi laga, nema hvað skyldan til að taka við nemum til æfingakennslu er ekki lengur bundin við grunnskóla. Er það eðlileg afleiðing af víkkun á starfsviði Kennaraháskólans, sbr. 1. gr., 2. tl.

IX. KAFLI

Um 39. gr.

Eins og að er vikið í athugasemd um 1. gr. hér að framan er augljós nauðsyn á nánu samstarfi milli Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Í þessari grein er gert ráð fyrir, að skipulagsgrundvöllur slíkrar samvinnu verði treystur með stofnun sérstakrar samstarfsnefndar. Koma þessi ákvæði að nokkru í stað fyrirmæla í 1. gr. gildandi laga um verkaskiptingu milli þessara tveggja skóla.

Meðan sú skipan helst, að undirbúningur kennara í tilteknum námsgreinum grunnskóla fari að nokkru fram í sérskólum, verður þörf á samstarfi þeirra skóla við Kennaraháskólann, enda gerir frumvarpið m. a. ráð fyrir, að hann láti í té kennslu í uppeldis- og kennslufræðum fyrir kennaraefni í slíkum greinum. 2. málsgr. þessarar gr. lýtur að samstarfi við þessa skóla og á sér einnig hliðstæðu í 1. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. málsgr. kemur í stað ákvæðis um skólanefnd kennaraskóla í 2. tl. 2. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Ætla má, að þegar fram líða stundir verði þörf fyrir kennaramenntað fólk það mikil, að hagkvæmt reynist að kenna þau fræði víðar en í Reykjavík. Að því lýtur lokaákvæði greinarinnar, en að öðru leyti þarfnast hún ekki skýringar.

Um 41. gr.

Af ákvæðum 1. gr. um hlutverk Kennaraháskólans leiðir, að honum er ætlað að takast á hendur þau verkefni á sviði uppeldis- og kennslufræða, sem nú er sinnt við Háskóla Íslands. Í samræmi við það er í þessari gr. gert ráð fyrir, að þau ákvæði í gildandi lögum um Háskóla Íslands, sem lúta að kennslu í uppeldisfræðum verði felld úr gildi. Eðlilegt er hins vegar að ætla nokkurn tíma til að koma hinni breyttu skipan til framkvæmda, og er í frumvarpsgreininni miðað við þrjú ár í því skyni.

Í lokamálsgr. greinarinnar er gert ráð fyrir heimild til takmarkaðra frávika frá þeirri meginreglu, að uppeldis- og kennslufræðileg menntun grunnskóla- og framhaldsskólakennara sé á höndum Kennaraháskólans. Þykir æskilegt að menntamálaráðherra hafi slíka heimild meðan framtíð sérkennaraskóla þeirra sem nú starfa er ekki að fullu ráðin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Á undanförnum árum hefur orðið að setja til kennarastarfa allmargt manna sem ekki hafa full kennsluréttindi samkvæmt gildandi lögum og geta því ekki hlotið skipun í kennarastöðu. Í umræðum um þessi mál hefur verið bent á, að æskilegasta lausnin á vanda þessara kennara sé að greiða þeim leið til að afla sér fullra réttinda með viðbótarnámi. Í skýringum við 9. gr. frumvarpsins er vikið að því, að kennslureynsla ætti að koma til álita við mat á umsóknum um námsvist í Kennaraháskólanum ásamt formlegri undirbúningsmenntun, og í 26. gr. er fjallað um möguleika á viðurkenningu prófa frá öðrum háskólum eða sérkennaraskólum sem þætti til fullnaðarprófs frá Kennaraháskólanum. Í þessari gr. er gert ráð fyrir sérstöku átaki við gildistöku nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands á þann veg, að þeim sem þá hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur skuli gerður kostur á að ljúka á vegum Kennaraháskólans réttindanámi, er verði sérstaklega skipulagt í því skyni. Er þá m. a. haft í huga, að um gæti orðið að ræða sumarkennslu og bréfanám að einhverju leyti.

Áætlaðar kostnaðarbreytingar vegna nýmæla í frumvarpinu.

Nýmæli í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, horfa til hagræðingar í rekstri að því leyti, að Kennaraháskólanum er falin kennsla, sem nú fer fram við ýmsa aðra skóla (sérkennaraskóla og Háskóla Íslands). Má vænta að fremur leiði lækkun en hækkun kostnaðar af þeim skipulagsbreytingum í heild sinni. Líku máli gegnir um prófkostnað. En auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir, að skólinn taki að sér kennslu í uppeldis- og kennslufræði fyrir ýmsa kennara á framhaldsskólastigi, sem fram að þessu hafa ekki átt hennar kost, sbr. athugasemdir í greinargerð um 1. gr., 2. tl., svo og 4. tl. hér á eftir. Breytingu þessari hlýtur að fylgja aukinn kostnaður. Loks ber að nefna auknar skyldur Ætingaskólans og jafna dreifingu þeirra á herðar allra fastráðinna kennara skólans ásamt þar af leiðandi kjarajöfnuði.

Breytt tilhögun valgreina, sbr. 15. gr., felur í sér nokkra aukningu á kennslumagni, en ekki á að vera þar um verulegan kostnaðarauka að ræða.

Hér fara á eftir skýringar á nokkrum þeim nýmælum, er áhrif hafa á rekstrarkostnað í Kennaraháskólanum sjálfum.

1. Gert er ráð fyrir einu nýju starfi við skólann, starfi skólaritara, sbr. 5. mgr. 2. gr. Við tilkomu skólaritara fellur niður starf aðstoðarrektors, en hann hefir verið í launafl. 114 og sinnt ⅓ hluta af kennsluskyldu lektors. Þarna er því um mjög óverulegan kostnaðarauka að ræða.
2. Ætla má að kostnaður vegna prófdómara lækki verulega frá því sem nú er, sbr. 25. gr. Á fjárlagatillögum skólans fyrir 1978 er sá kostnaður áætlaður 2,5 millj.
3. Kennsla í uppeldisfræði til B.A.- prófs við Kennaraháskóla Íslands, sbr. 21. gr., þarf ekki óhjákvæmilega að leiða til kostnaðarauka, enda er gert ráð fyrir að hún leysi af hólmi hliðstæða kennslu við Háskóla Íslands.
4. Erfitt er að áta sig á kostnaðarauka við framkvæmd 2. tl. 1. gr. sem lýtur að því að skólinn annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Miðað við tillögur til fjárlaga varðandi þessar greinar má ætla, að þessi kennsla muni kosta um 5—6 millj. kr., en þar á móti kemur sparnaður á kennslukostnaði í þeim skólum þar sem slík kennsla fer fram nú þegar.
5. Erfitt er að áætla kostnaðarauka vegna 4. tl. 1. gr. um endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á framhaldsskólastigi. Kostnaður vegna endurmenntunar á grunnskólastigi er nú áætlaður um 34 millj. kr. árið 1978. Auk þess er í áætlun

gert ráð fyrir 8 millj. fyrir slíka menntun á framhaldsskólastigi. Ef skrefið hefði þegar verið stigið til fulls og Kennaraháskólinn tekið algjörlega við endur- og viðbótarmenntunarhlutverki á framhaldsskólastigi, hefði upphæðin sennilega orðið 10—12 millj. kr., en þar á móti kemur sérstök fjárveiting til endurmenntunarnámskeiða fyrir menntaskólakennara, 4,8 millj. kr.

VIÐAUKI[1])

I.

MARKMIÐ KENNARAMENNTUNAR OG LAGAÁKVÆÐI UM ÞAU

Horft um öxl.

Í löggjöf um Kennaraskóla Íslands er fátt um bein ákvæði um markmið náms og kennslu fyrr en í lögum nr. 23/1963. Þar er þeim lýst með einni málsgrein. Í lögum um Kennaraháskóla Íslands átta árum síðar eru allýtarleg ákvæði um hlutverk skólans og markmið í fimm töluliðum. Færri orð löggjafa fyrri tíðar um markmið kennaraskóla sanna ekki, að þeir hafi síður gert sér þeirra grein. Fjölgun ákvæða um markmið í lögum um uppeldismál benda þó til, að álitamálum hafi fjölgað jafnhliða aukinni ábyrgð skóla og endurmati á stöðu þeirra og samfélagslegu hlutverki.

Mgr. sem hefst á orðunum: „Heimilt er...“ falli brott. Næsta mgr. sem hefst á orðunum: „Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla...“ orðist svo: „Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.“

37. gr.

Greinin falli brott og númer síðari greina breytist til samræmis.

38. gr.

Fyrsta orð 1. mgr. falli brott, en í stað þess komi orðið „Skólar“.

IX. Niðurlagsákvæði.

39. gr.

Orðin „á Akureyri“ breytist í „utan Reykjavíkur“.

Ákvæði til bráðabirgða.

42. gr.

Í stað orðsins „Kennarar“ í uphafi 1. gr. komi „Þeir“.

Samþykkt á fundi í Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands 25. júní 1977.

Samstarfsnefnd kennarasamtakanna

Reykjavík, 29. ágúst 1977.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Samstarfsnefnd kennarasamtakanna hefur komið sér saman um að leggja til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands.

I. KAFLI

1. gr., 1. töluliður hljóði þannig:

Skólinn annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi, ennfremur kennara barna á forskólastigi sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.

1. gr., 4. töluliður hljóði þannig:

Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið og kennarasamtökin annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningum á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

II. KAFLI

2. gr., 7. mgr. hljóði þannig:

Menntamálaráðuneytið skal efna til umræðufunda með fulltrúum allra þeirra skóla er annast kennaramenntun. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

4. gr. hljóði þannig:

Í skólaráði eiga sæti rektor, skólastjórar (svo, væntanlega misritun fyrir skorarstjórar), skólastjóri Æfingaskólans, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara, einn fulltrúi tilnefndur af öðrum fastráðnum starfsmönnum skólans en kennurum og fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði, þannig að einn fulltrúi nemenda komi fyrir hverja 2 atkvæðisbæra aðila aðra eða brot úr þeirri tölu. Rektor er forseti ráðsins en vararektor gegnir varaforsetastörfum. Vararektor og skólaritari eiga sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Skólartari er ritari skólaráðs.

Nú má kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur varamaður hans, sem nefndur er með sama hætti og aðalmaður, þá sæti þess sem forfallaður er.

6. gr. hljóði þannig:

Rektor eða skólaráð geta boðað til starfsmannafunda til umræðna um einstök málefni Kennaraháskóla Íslands eða stofnana hans. Skylt er rektor að boða til funda um einstök málefni ef stjórn kennarafélagsins eða starfsmannafélagsins eða ⅓ hluti félagsmanna viðkomandi félaga æskir þess. Allir kennarar skólans og starfsmenn við stjórnsýslu skólans eiga rétt á að sækja fund og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

7. gr. hljóði þannig:

Á fundum hverrar skorar eiga sæti allir fastráðnir kennarar við skorina, æfingakennarar, lausráðnir greinakennarar, svo og tveir fulltrúar tilnefndir af nemendaráði.

Atkvæðisrétt hafa allir fastráðnir kennarar, báðir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi frá hverjum hinna, æfingakennurum og lausráðnum greinakennurum.

Hver skor velur einn skorarstjóra, nema uppeldisskor tvo, til tveggja ára í senn og jafnmarga til vara og skulu þeir kjörnir úr hópi fastráðinna kennara við

skorina. Kjör þeirra fer fram í apríl, en þeir taka við störfum 1. júní sama ár. Kveðið verði á um verkaskiptingu milli skorarstjóra í uppeldisskor í reglugerð.

8. gr., 1. mgr. breytist þannig að í stað: Formanni er skylt . . . komi: Skorarstjóra er skylt ... .

12. gr. Upphaf falli brott og greinin hefjist þannig: Tilkynni nemandi að hann sé hættur námi ... .

IV. KAFLI

15. gr. Næstseinasta mgr. hljóði þannig: Æfingakennsla og annað verklegt nám í tengslum við hana skal vera hluti af námi því er að ofan greinir, 12 einingar hið minnsta.

Seinasta mgr. falli brott.

17. gr. hljóði þannig:

Námsgreinar Kennaraháskólans skiptast í skorir sem hér segir:

1. Uppeldisskor: uppeldisfræði, sálarfræði, heimspeki, kennslufræði og kennsluæfingar.
2. Félagsskor: félagsfræði, saga, hagfræði, landafræði, kristinfræði og siðfræði, trúarbragðasaga.
3. Málaskor: móðurmál, danska og enska.
4. Raungreinaskor: eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.
5. List- og verkmenntaskor: mynd- og handmennt, tónmennt og líkamsmennt.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum og/eða skorum að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

V. KAFLI

Fyrirsögn breytist í: Nám í uppeldisvísindum.

21. gr. hljóði þannig:

Stofna skal til kennslu í uppeldisvísindum til B.A.- prófs við Kennaraháskóla Íslands er svari 105 námseiningum hið minnsta. Heimilt er samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í uppeldisvísindum til æðri prófgráðu en B.A.- eða B.Ed.- prófs.

Nemendur sem lokið hafa námseiningum í uppeldisgreinum á háskólastigi eiga rétt á því að fá þær einingar metnar sem hluta af námi sínu í uppeldisvísindum.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að hluti náms í uppeldisvísindum sé námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisvísindum. Er heimilt að sækja slíkt nám til annarra háskóla ef þörf gerist.

22. gr. hljóði þannig:

Við Kennaraháskólann starfar rannsóknarstofnun í uppeldisgreinum samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Fastráðnir kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með starfi í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m. a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn hennar og tengsl við skólaráð og uppeldisskor.

VI. KAFLI

25. gr., 2. mgr. hefjist svo:

Nemandi á rétt til þess að fá útskýringar kennara ... .

VII. KAFLI

27. gr., 1. mgr. hljóði þannig:
Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stundakennarar og æfingakennarar.

4. mgr. hljóði þannig:
Heimilt er með samþykki skólaráðs að ráða dósent eða lektor tímabundið til allt að 5 ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal kveða á í reglugerð.

28. gr., í 3. magr.: „Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina. Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar.“ hljóði þannig: Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, viðkomandi skor annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar.

30. gr., 1. mgr. hefjist þannig:
Menntamálaráðuneytið getur veitt fastráðnum starfsmönnum Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið í senn með föstum embættislaunum . . . .

3. mgr. hljóði þannig:
Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans sbr. VIII. kafla laganna. Skulu að minnsta kosti 2 kennarar fara í orlof ár hvert.

VIII. KAFLI

33. gr., 2. mgr. hljóði þannig:
Skólastjóri vinnur að stefnumótun skólans og annast daglega stjórn hans í umboði rektors Kennaraháskólans. Skólastjóra til ráðuneytis er skólanefnd, sem í eiga sæti auk skólastjóra fulltrúi menntamálaráðuneytisins, fræðslustjóri Reykjavíkur, einn fulltrúi kennarsamtaka, einn fulltrúi foreldrafélags, einn fulltrúi nemenda, einn æfingakennari kjörinn til tveggja ára í senn af kennurum skólans. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólanefndar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

4. mgr. hljóði þannig:
Skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórn skulu vera tveir yfirkennarar og skipta þeir með sér verkum.

35. gr. breytist þannig:
Orðið „fastráðnir“ falli brott í báðum málsgreinum.

36. gr. hljóði þannig:
Æfingastjóri skal kjörinn til þriggja ára úr hópi æfingakennara. Hann má endurkjósa án lotuskila. Hann skal njóta fullnægjandi skrifstofuaðstoðar. Æfingastjóri annast skipulag æfingakennslu undir yfirstjórn skólastjóra.

37. gr. Í stað seinustu línu „að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins“ komi: að fengnu samþykki skólanefndar.

38. gr. Upphafsorð verði Skólar í stað Grunnskólar.

Samstarfsnefndina skipuðu þessir fulltrúar:

Pálmi Pétursson SÍB. Ragna Ólafsdóttir SÍB. Guðjón Magnússon LFSK.
Hilmar Ingólfsson LFSK. Jóhannes Pétursson LFSK. Kjartan Guðjónsson LFSK.
Kolbrún Sigurðardóttir FHK. Ragnar Jónasson FHK.

Virðingarfyllst,

Hilmar Ingólfsson, formaður.

Félag skólastjóra og yfirkennara

Reykjavík, 25. janúar 1978.

Félag skólastjóra og yfirkennara fékk til umsagnar frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Stjórnin fól þeim Inga Kristjánssyni, Birni Jónssyni og Þráni Guðmundssyni að fjalla um frumvarpið og fylgir hér með álit þeirra.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Guðmundsson, formaður.

Menntamálaráðuneytið.

Höfum yfirfarið Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands og breytingartillögur samstarfsnefndar kennarasamtakanna.

Erum samþykkir frumvarpinu með breytingartillögum samstarfsnefndarinnar og sjáum ekki ástæðu til frekari athugasemda.

Reykjavík, 28. desember 1977.

Björn Jónsson. Ingi Kristinsson. Þráinn Guðmundsson.

Til félags skólastjóra og yfirkennara.

Handavinnukennarafélag Íslands

Reykjavík, 16. júní 1977.

Hr. Árni Gunnarsson,
menntamálaráðuneytinu.

Við þökkum bréf sent K.H.Í. dagsett 13. apríl s. l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands. Við biðjumst afsökunar hvað svar okkar er síðbúið. Ekki verður hér fjallað um frumvarpið í heild, en þau atriði sem við teljum varða mestu okkar grein, handmennt.

1. Kafli VIII. 32. gr. Við viljum undirstrika þessa grein, einnig 35. gr. í sama kafla um kennaraskipti milli Æfingarskólans og annarra skóla.
2. Við teljum mjög mikilvægt að nám handmenntakennara frá K. H. Í. dragist ekki saman meir en orðið er. Nú eru nemendur talsvert verr undirbúnir í handmennt, er þeir koma í K.H.Í., vegna helmings skerðingar á handavinnunámi í grunnskóla, auk þess sem skyldunám í handmennt nær aðeins til áttunda bekkjar grunnskóla og kerfið býður ekki nemendum upp á frekara nám í handmennt, allt að háskólanámi.
3. Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum minnst á mikilvægi framhaldsnáms og réttindi til kennslu í framhaldsskólum. Núgildandi próf í handmennt frá K.H.Í. veitir aðeins réttindi til kennslu við grunnskóla, en náði áður til allra framhaldsskóla. Þar sem brýnt er að handmenntakennarar útskrifist einnig fyrir framhaldsskólastigið, svo sem fjölbrautaskóla og valgreinar í menntaskóla, teljum við nauðsynlegt að stofnsett verði framhaldsdeild við skólann.
4. Við álítum áríðandi að alltaf séu gangandi endurmenntunar- og framhaldsnámskeið í okkar grein.

Að endingu viljum við lýsa ánægju okkar yfir að kennaranám í handmennt er nú þegar innan K. H. Í. og teljum eðlilegt að svo sé einnig með hinar sérgreinarnar.

Virðingarfyllst,

f. h. Handavinnukennarafélags Íslands,
Borghildur Jónsdóttir, formaður.

Íþróttakennarafélag Íslands

Reykjavík, 15. júní 1977.

Til menntamálaráðuneytisins
Hr. Birgir Thorlacius

Viðvíkjandi: Frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Með bréfi dags. 13. apríl 1977 óskaði ráðuneytið eftir umsögn Íþróttakennarafélags Íslands (ÍKFÍ) um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands (KHÍ), sem lagt var fyrir Alþingi, 98. löggjafarþing 1976—1977.

Vegna þessarar beiðni ráðuneytisins efndi stjórn ÍKFÍ til fundar í Reykjavík með nokkrum íþróttakennurum úr Reykjavík og nágrenni þann 24. maí s. l. Á fundinn mætti Baldur Jónsson rektor KHÍ og skýrði hann frumvarpið fyrir fundarmönnum og svaraði fyrirspurnum þeirra. Á fundinum var eingöngu rætt um 1. gr. frumvarpsins, þ. e. þau atriði þess sem helst varða menntun íþróttakennara og þar af leiðandi Íþróttakennaraskóla Íslands (ÍKÍ).

Með tilliti til þeirra umræðna, sem áttu sér stað á fundinum, leyfir stjórn ÍKFÍ sér að taka fram eftirfarandi:

1. Varðandi 2. tl. 1. greinar:

Stjórn ÍKFÍ telur eðlilegt að KHÍ verði falið að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi, enn fremur í yngri aldursflokkum, sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga, eins og frumvarpið sjálft gerir ráð fyrir. Það er álit stjórnarinnar að með því að fela KHÍ þetta hlutverk megi stuðla mjög að því að öll kennaramenntun á Íslandi komist á sama stig eða svipað stig. Fyrir nauðsyn þess að öll kennaramenntun sé á sama stigi má færa mörg og mikilvæg rök, en hér verður látið nægja að vísa til greinargerðar frumvarpsins.

Margt bendir til þess að það myndi koma sér vel fyrir íþróttakennaramenntunina í landinu, ef KHÍ yrði falið það hlutverk sem hér um ræðir. Hins vegar myndi það þýða töluverða röskun á íþróttakennaranáminu og starfi ÍKÍ eins og það hefur verið til þessa. Ljóst er til að mynda, að námið kemur til með að lengjast, sennilegast um eitt ár, enn fremur að hluti námsins verður að öllum líkindum að fara fram í Reykjavík (við KHÍ) á meðan ÍKÍ er starfræktur á Laugarvatni. Einnig má benda á, að ýmis vandamál kunna að koma upp vegna mismunandi inntökuskilyrða ÍKÍ og KHÍ, svo og vegna þess að ÍKÍ tekur inn nýja nemendur aðeins á tveggja ára fresti.

Stjórn ÍKÍ telur að þessi vandamál og mörg önnur verði varla leyst, svo vel megi við una, nema þau verði athuguð gaumgæfilega. Hún leggur því til að ráðuneytið feli sérstakri nefnd að kanna þessi mál og fjalla vítt og breytt um menntun íþróttakennara yfirleitt.

2. Varðandi 3. tl. 1. greinar

Stjórnin telur að margt mæli með því að fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi verði falin einni stofnun. Að öðru leyti vill stjórnin ekki tjá sig frekar um þetta atriði en vísar til þess sem sagt er hér að ofan.

3. Varðandi 4. tl. 1. greinar

Samkvæmt lögum ÍKÍ frá 29. maí 1972, skal skólinn efna til námskeiða fyrir íþróttakennara. Hin síðari ár hafa afskipti KHÍ af námskeiðum íþróttakennara aukist. Eðlilegt virðist að endurmenntun íþróttakennara heyri undir sömu stofnun og endurmenntun annarra kennara. Hins vegar þykir sjálfsagt að starfandi sérskólar

hafi hönd í bagga hvað þessi mál varðar og mætti ef til vill leggja á það áherslu í væntanlegum lögum KHÍ.

Lokaorð: Stjórn ÍKFÍ lýsir sig reiðubúna til þess að stuðla að bættri íþróttakennaramenntun á Íslandi og veita þá aðstoð, sem hún getur í té látið.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands

Ingimar Jónsson
(formaður).

Félag íslenskra myndlistarkennara

Reykjavík, 28. des. 1977.

Athugasemdir um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Um 1. grein:

Í þessari grein (2) er gert ráð fyrir að KHÍ annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi, á framhaldsskólastigi og ennfremur í yngri aldursflokkum sem eiga rétt á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga. Félagið er samþykkt þessari stefnu og telur eðlilegt að í KHÍ sé kjarni kennaranámsins en að við myndlistar- og handíðaskóla, tónlistarskóla og íþróttaskóla verði, a. m. k. fyrst um sinn, hagnýt sérsvið viðkomandi greina. Heimildarákvæði (3) virðast ekki hafa raunverulega þýðingu nú — og í ófyrirsjáanlegri framtíð ef hafður er til hliðsjónar húsnæðisskortur skólans og alhliða aðstöðuleysi til list- og verkgreinanáms.

Um 4. grein:

Ef svo fer að KHÍ annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi en sérstök fagleg menntun fari fram í myndlista- og handíðaskóla, vélskóla o. s. frv. er nauðsynlegt að fulltrúar viðkomandi skóla eigi aðild að skólaráði KHÍ (og fulltrúar frá KHÍ eigi aðild að skólaráðum viðkomandi skóla). Það getur verið matsatriði hvort um fulla aðild er að ræða, eða aðild svipaða og skólaritari hefur, þ. e. a. s. málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Aðalatriði er að tryggja gott samstarf og samskipti milli KHÍ og annarra skóla sem annast sérstaka fagmenntun kennara.

Um 9. grein:

(1) Síðari setning breytist: Í stað „Þó getur skólaráð heimilað inngöngu“ o. s. frv. komi „Þó ber skólaráði að heimila inngöngu á grundvelli annarra prófa, náms og starfsreynslu, ef ráðið telur það jafngildan undirbúning. Orðið ef í síðasta hluta setningarinnar ætti að vera nægjanleg trygging af hálfu skólans.

Um 9. grein:

(2) Í þessari grein segir m. a.: Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar. Er þarna ef til vill möguleiki á því að iðnmeistarar í húsgagna- og húsasmíði fái aðgang að smíðakennaradeild og geti

lokið þaðan smíðakennaraprófi án þess að taka almennt kennarapróf um leið? Um þetta er spurt og á þetta minnt vegna hins mikla smíðakennaraskorts við grunnskóla og framhaldsskóla landsins. Nú eru starfandi við grunnskóla um það bil 55—60 smíðakennarar. Grunnskólar eru taldir um 230, sumir þeirra eru það fjölmennir að við þá eru fullar tvær smíðakennarastöður, eðrir skólar — sérstaklega í dreifbýli — eru það fámennir að við þá er ekki um heila smíðakennarastöðu að ræða.

Það er augljóst mál að gera þarf einhverjar ráðstafanir til að auka aðstreymi nema í smíðakennaradeildir KHÍ. Í því sambandi má minna á að það er rökrétt að krefjast góðrar undirbúningsmenntunar í verklegum greinum hjá þeim kennaranemum sem hyggja á kennaranám við smíða- og hannyrðakennaradeildir KHÍ — ef hafðar eru í huga kröfur um stúdentspróf í bóklegum greinum til inngöngu í KHÍ.

Eins og málin standa nú, og hafa reyndar gert í nokkur ár, eru flestir nemendur sem stundað hafa nám við handavinnukennaradeildir KHÍ aðeins með unglingapróf í viðkomandi verklegum greinum þegar þeir hefja kennaranámið í þessum kennaradeildum. Reyndar hafa sumir þessara kennaranema alls ekki stundað áður það nám sem þeir nú nema sem aðalvalgrein og útskrifast með háskólaprófi í eftir tiltölulega skamman námstíma. (Stúlkur sem stunda smíðakennaranám). Þarna er greinilega brotalöm á kennaramentuninni og skjótra úrbóta er þörf. Hvort rétt er að skrifa sérstaka málsgrein innan 9. greinar varðandi þetta atriði, teljum við okkur ekki geta dæmt um — en viljum ekki láta hjá líða að benda á mikið misræmi í mentunarkröfum hvað varðar bóklegar og verklegar greinar.

Um 15. grein:

Félagið telur að 55 námseiningar (virkar vinnuvikur) sé of naumur tími — miðað við núverandi undirbúning kennaranema í verklegum greinum — til að mennta kennara sem eiga að kenna öllum aldursflokkum grunnskóla.

Um 17. grein:

Okkur virðist eðlilegra að kristinfræði og trúarbragðasaga verði í félagsskor í stað uppeldisskorar.

Um 20. grein:

Þessa grein teljum við að þurfi að endurskrifa a. m. k. fyrstu setninguna, sem er um starfsskyldur fræðslustjóra og ætti ekki að vera í lögum um KHÍ.

Um 25. grein:

Íþessari grein þarf nauðsynlega að bæta við ákvæðum um verkleg próf og mat verkefna kennaranema við smíða- og hannyrðakennaradeildir skólans.

Virðingarfyllst,
f. h. Félags íslenskra myndlistarkennara.

Margrét Friðbergsdóttir
Katrín Pálsdóttir
Guðmunda Kristinsdóttir
Þórir Sigurðsson

Félag íslenskra smíðakennara

Menntamálaráðuneytið
Háskóla- og alþjóðadeild

Reykjavík, 20. september 1977.

Umsögn Félags ísl. smíðakennara um frumvarp að lögum um Kennaraháskóla Íslands, samkv. ósk frá ráðuneytinu í bréfi merktu Db: K — 25, dagsettu 13. 4. 1977.

Félag ísl. smíðakennara lýsir í meginatriðum yfir ánægju sinni með hið nýja frumvarp um Kennaraháskóla Íslands.

Félagið minnir á mikilvægi handmennta til að auka þroska einstaklingsins, en svo virðist, sem einvörðungu sé talað um bóklegt nám í frumvarpinu og eingöngu sé á það lögð áhersla að stúdentar, sem fá inngöngu í Kennaraháskólann, hafi stúdentspróf í bóklegum greinum. Því leggur Félag íslenskra smíðakennara til, að í stað stúdentsprófs verði lokapróf frá uppeldissviði framhaldsskóla inntökuskilyrði í Kennaraháskólann, enda séu handmenntir kenndar á því kjörsviði sem kjarni.

Áðurnefnt fyrirkomulag opnaði réttindalausu fólki, sem starfað hefur við kennslu og þeim sem uppgötva hæfni sína eða löngun að venjulegum framhaldsskólaaldri liðnum, möguleika á að komast í Kennaraháskólann. Þannig gætu iðnlærðir menn aukið við menntun sína í bóklegum greinum og uppeldis- og kennslufræðum í gegnum framhaldsskóla og opnað sér leið í smíðakennaranám.

Aðeins með breyttri viðmiðun í þá átt sem hér er mælt með verða líkur á að til kennaranáms og þar með smíðakennaranáms veljist fólk með ígildi stúdentsprófs í handmenntum.

Virðingarfyllst.
Fyrir hönd Félags ísl. smíðakennara.
Auðunn H. Einarsson, formaður.

Félag menntaskólakennara

Reykjavík, 31. maí 1977.

Fyrir nokkru barst stjórn Félags menntaskólakennara til umsagnar frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands, sem lagt var fram á alþingi því er nú hefur nýlokið störfum. Stjórn FM hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum og vill í framhaldi af því koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við menntamálaráðuneytið.

1. Stjórn FM fagnar því, að nú skuli lokið endurskoðun gildandi laga um Kennaraháskóla Íslands og fram skuli komið á Alþingi nýtt frumvarp til laga um starfsemi skólans. Okkur virðist sem margt í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, horfi til bóta, og erum við þeirrar skoðunar, að keppa beri að því að afgreiða mál þetta á næsta þingi. Þó teljum við, að sumar þær breytingar og nýmæli, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, geti mjög orkað tvímælis, nema tekin verði upp í frumvarpið skýrari og fyllri ákvæði um framkvæmd þeirra. Verður hér á eftir vikið lítillega að þessum atriðum.

2. Eins og vikið er að í greinargerð þeirri, sem fylgir frumvarpinu, gerir frv. ráð fyrir, að Kennaraháskólinn annist í framtíðinni uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Hér er um að ræða veigamikið nýmæli og raunar grundvallarbreytingu í þessum efnum. Til þessa hafa kennarar í bóklegum greinum á framhaldsskólastigi yfirleitt fengið þessa menntun í Háskóla Íslands í nokkrum tengslum við sitt faglega og fræðilega nám þar. Hitt er svo ljóst, að mjög margir kennarar á framhaldsskólastigi hafa alls

engrar slíkrar menntunar notið. Þarflaust er að fjölyrða um það, að ýmis rök geta hnigið að því að taka upp þá skipan mála, sem frv. gerir ráð fyrir. Nægir í því sambandi að benda á, að ýmsir þættir í námi í uppeldis- og kennslufræðum eru sameiginlegir án tillits til skólastigs og væntanlega næst betri nýting fjárveitinga og mannafla með því að efla eina stofnun til rannsókna og kennslu á þessu sviði en með því að dreifa kröftunum. Þá skal ekki úr því dregið, að eftirsóknarvert sé að kennarastéttin sé samstæð og heil í skilningi sínum á sameiginlegu hlutverki, þótt okkur virðist ýmsar aðrar leiðir færar að því marki en sú kerfisbreyting sem frv. gerir ráð fyrir.

Nokkurrar óánægju hefur um langt skeið gætt í okkar röðum með ýmsa þætti námsskipunar í uppeldis- og kennslufræði við H.Í. Hefur þar borið hæst þá umkvörtun, að námið hafi ekki verið nógu kennslumiðað og sérstökum vandamálum og aðstæðum einstakra námsgreina ekki verið sinnt nægilega mikið. Okkur sýnist ekki ákvæði frumvarpsins veita neina tryggingu fyrir því að á þessu verði breyting til batnaðar nema síður sé. Á það skal hins vegar lögð áhersla, að fyrir okkur er það ekkert aðalatriði, hvar kennarar í framhaldsskólum fái uppeldis- og kennslufræðilega menntun sína, heldur hlýtur það að skipta mestu, hvert inntak hennar er og hvert gildi hún hefur fyrir kennarann í starfi sínu. Við erum þeirrar skoðunar, að þessi menntun komi þá að bestum notum, þegar hún er í lífrænum tengslum við kennslu og rannsóknir á einstökum fræðasviðum. Meðan uppeldis- og kennslufræði er kennd í H.Í., hljóta möguleikar til samtengingar af ýmsu tagi að vera fyrir hendi milli hins eiginlega fagnáms og uppeldis og kennslufræðinámsins, þótt ekki hafi til þessa tekist að nýta þessa möguleika sem skyldi. Ef horfið yrði að því ráði að flytja alla kennslu og rannsóknir í uppeldis- og kennslufræðum í Kennaraháskóla Íslands, eins og frv. gerir ráð fyrir, þarf að okkar mati að tryggja með skýrari ákvæðum en frv. hefur nú að geyma, að Kennaraháskólinn geti fullnægt **þeim sérstöku þörfum og kröfum sem menntun í uppeldis og kennslufræðum vegna kennslu í framhaldsskólum gerir.**

3. Frv. gerir ráð fyrir því að Kennaraháskólinn skuli í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á framhaldsskólastigi. Stjórn FM fagnar því, að með þessum ákvæðum virðist að því stefnt að taka málefni endurmenntunar og viðbótarmenntunar á þessu stigi fastari tökum en gert hefur verið til þessa. Það er ekki of djúpt í árinni tekið þótt sagt sé að í þessum efnum hafi ríkt hálfgert ófremdarástand til þessa, þrátt fyrir veikburða viðleitni til úrbóta nú hin síðari ár. Má í þessu sambandi minna á, að mjög hefur á það skort að ákvæði menntaskólalaganna frá 1970 um þessi atriði hafi komið menntaskólakennurum að því gagni sem löggjafinn hefur vafalaust ætlast til. Stafar það sumpart af of kröppum fjárveitingum og sumpart af því, að skort hefur skipulega forystu af hálfu hins opinbera um námskeiðshald og aðra skipulega fræðslu- og kynningarstarfsemi fyrir þennan hóp kennara.

Varðandi ákvæði 4. töluliðar 1. gr. frv. um viðbótar- og endurmenntun framhaldsskólakennara kemur okkur nokkuð spánskt fyrir sjónir, að þar skuli í engu vikið að hlutverki Háskóla Íslands í þessum efnum. Þetta stafar e. t. v. af því, að samvinna skólanna tveggja þyki svo sjálfsögð að um slíkt þurfi ekki að ræða, ekki einu sinni í aukasetningu hvað þá meira. Við teljum rétt, að skýrt sé kveðið á um slíka samvinnu í frumvarpinu, því að við erum þeirrar skoðunar, að Kennaraháskólinn einn saman sé ekki fær um að rækja þetta hlutverk á viðhlítandi hátt, hér þurfi líka að koma til atbeini starfsmanna Háskóla Íslands og erlendra sérfræðinga af ýmsu tagi. Okkur virðist Kennaraháskóli Íslands einkum hafa hlutverki að gegna í þessum efnum sem skipulags-, kynningar- og framkvæmdaaðili. Til þess að endurmenntun og viðbótarmenntun komi að tilætluðum notum, þarf hún að tengjast fræðilegum rannsóknum í einstökum greinum og vera á sama eða hærra stigi en sjálf grundvallarmenntun viðkomandi kennara. Þessu marki verður að okkar dómi aðeins náð með því, að Kennaraháskólinn starfi í náinni samvinnu við H.Í. að

þessu verkefni. Þá þarf líka jafnhliða að sjá til þess, að H.Í. sinni þessu verkefni miklu meira en gert hefur verið til þessa, enda sé stofnuninni gert það kleift fjárhagslega.

Félag menntaskólakennara hefur nokkur hin síðari ár haft forgöngu um námskeiðshald á sumrin fyrir félaga sína. Sjálfsagt er engum ljósara en okkur, að FM er að mörgu leyti vanbúið til að standa fyrir slíkri starfsemi. Því er það, að við fögnum því að nú virðist stefnt að fastara skipulagi á þessum málum. Við viljum hins vegar leggja á það áherslu, að framkvæmd þessara mála verði með þeim hætti, sem lýst var hér að framan, og slík framkvæmd verði tryggð með ótvíræðum lagaákvæðum.

Þá viljum við að lokum leggja til, að tekin verði upp í frv. ákvæði þess efnis að haft skuli samráð við samtök kennara um allan undirbúning og framkvæmdir í þessum efnum.

4. Stjórn FM telur heimildarákvæði þau, sem er að finna í 39. gr. frv., um að heimila megi í reglugerð, að skólinn starfi að hluta til á Akureyri, orki tvímælis, svo ekki sé meira sagt. Öll meginstefna frumvarpsins miðar að því að efla Kennaraháskólann sem **miðstöð kennslu og rannsókna** og jafnvel er gengið svo langt, að gert er ráð fyrir að leggja undir skólann ýmsa starfsemi, sem nú fer fram annars staðar. Það kemur því nokkuð einkennilega fyrir sjónir, þegar hér er farið að bollaleggja um hugsanlega skiptingu skólans. Er ekki augljóst, að þau rök, sem mæla með sameiningunni, hljóta að mæla gegn því, að slík skipting verði upp tekin? Hér virðist vera á ferðinni byggðastefna á villigötum, og slík byggðastefna er verri en engin.

5. Stjórn FM þykir rétt að láta þess getið, að í tengslum við Þing norrænna háskólamanna (Nordisk akademikermøte) hér í Reykjavík á s. l. hausti áttu fulltrúar FM viðræður við fulltrúa hliðstæðra samtaka á hinum Norðurlöndunum um kennaramenntun á Norðurlöndum. Varð í viðræðum þessum fullt samkomulag um almenna grundvallarstefnumörkun í þessum efnum milli allra félaganna. Viljum við leyfa okkur að koma stefnumörkun þessari á framfæri við ráðuneytið sem fylgiskjali með bréfi þessu.

Nú alveg nýlega hefur sameiginleg nefnd norrænu kennarafélaganna fyrir framhaldsskólastigið látið frá sér fara allítarlegt álit um menntun kennara á Norðurlöndum (Lærerutdanning ved universitet/högskole i Norden). Þar er gerð nánari grein fyrir viðhorfum félaganna í þessum efnum, og túlkar nefndarálitið í öllum meginatriðum viðhorf stjórnar FM til menntunarmála kennara almennt.

Í athugasemdum við 2. tölulið 1. gr. frv. á bls. 16 í frv. er látið að því liggja, að þeirri stefnu að staðla menntun allra kennara sem mest vaxi nú mjög fylgi víða um lönd. Það má vel vera að svo sé, en hitt er jafnvíst, að forystumenn í samtökum framhaldsskólakennara á hinum Norðurlöndunum telja þessa stefnu að ýmsu leyti geta verið varhugaverða, og óttast að hún geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir skólastarf á framhaldsskólastigi. Urðum við mjög áþreifanlega varir við þetta viðhorf í viðræðum okkar við þá.

Frumvarpið um Kennaraháskóla Íslands er tvímælalaust í anda „stöðlunarstefnunnar“. Sú stefna á ótvírætt rétt á sér **að vissu marki**, en þess verður umfram allt að gæta, að henni sé ekki framfylgt af offorsi. Þarfir hinna einstöku skóla og skólastiga eru mismunandi og því verður ávallt að hafa að leiðarljósi, að kennaramenntun í landinu sé sem fjölþættust, jafnframt því sem stefnt er að því „að styrkja tengsl kennara á mismunandi sviðum, efla skilning þeirra á starfi sínu og sameiginlegum kjarna þess, hver sem kennslugrein þeirra er, verksvið eða sá aldursflokkur sem kennt er“, eins og segir í greinargerðinni.

Með bestu kveðju,
f. h. F.M.

Sigurður Ragnarsson, ritari.

Háskóli Íslands

Reykjavík, 14. nóvember 1977.

Háskóli Íslands sendir ráðuneytinu hér með umsagnir um eftirtalin frumvörp.

Frumvarp til laga um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 26. júní 1977.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 4. maí 1977.

Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 13. apríl 1977.

Umsagnirnar eru þessar:

Umsögn heimspekideildar um öll þrjú frumvörpin.

Umsögn félagsvísindadeildar um öll þrjú frumvörpin.

Umsögn viðskiptadeildar um frumvarp um Kennaraháskóla Íslands.

Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla.

Umsögn háskólaráðs um frumvarp um Kennaraháskóla Íslands og frumvarp um framhaldsskóla.

Ályktun háskólaráðs vegna frumvarpanna þriggja.

Virðingarfyllst,
Guðlaugur Þorvaldsson, rektor.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

Ályktun háskólaráðs vegna framkominna frumvarpa til laga um Kennaraháskóla Íslands, um framhaldsskóla og um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í ljósi umsagnar háskólaráðs og umsagna deilda um áðurnefnd frumvörp til laga gerir háskólaráð svofellda ályktun:

Innan háskólans hefur að undanförnu verið stofnað til fjölþættrar umræðu um ofangreind frumvörp og þær breytingar á skólakerfinu, sem samþykkt þeirra mundi hafa eða gæti haft í för með sér. Kennarar og aðrir starfsmenn háskólans hafa einnig fjallað ítarlega um þessi mál á fundum og ráðstefnum á vegum annarra aðila, m. a. á ráðstefnu Bandalags háskólamanna nú í október. Umræðu um þessi mál er hvergi nærri lokið og mun henni verða haldið áfram á ýmsum vettvangi. Háskólinn lýsir sig reiðubúinn til að veita ráðuneyti menntamála og Alþingi alla þá aðstoð og þjónustu, sem kostur er og óskað er eftir, við frekari umræðu eða vinnu við þessi mál.

1. Atriði, sem háskólaráð vill sérstaklega benda á varðandi frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

1. Ef frumvarpið verður að lögum, mun það að öllum líkindum hafa mikil og að mörgu leyti óheillavænleg áhrif á starfsemi nokkurra deilda háskólans, einkum heimspekideildar, félagsvísindadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar, svo sem meðfylgjandi umsagnir greina nánar frá. Ekki verður séð, að þessara atriða hafi verið gætt sem skyldi við samningu frumvarpsins.

2. Það er skoðun háskólaráðs, að skynsamlegt sé að láta á það reyna, áður en fleiri háskólar eru stofnaðir með lögum í svo fámennu þjóðfélagi sem okkar, hvort þeir tveir skólar, sem fyrir eru geti ekki ræktað með sér þjóðhagslega heppi-

legt samstarf, þar sem hvorugt er útilokað, að skólarnir verði áfram sjálfstæðar stofnanir eða þeir renni saman í eina stjórnskipulega heild, þegar aðstæður leyfa.

Samvinna af því tæi gæti orðið fyrirmynd, þegar fjallað yrði um frekara tæknínám eða búnaðarfræðslu á háskólastigi, svo að eitthvað sé nefnt af því, sem til umræðu hefur verið.

3. Í meðfylgjandi umsögnum er bent á þann tvíverknað, sem í því er fólginn, að Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands fari hvor inn á hins svið. Svo hefur að vísu verið í nokkrum mæli að undanförnu, en tvíverknaðurinn mundi aukast, ef frumvarpið verður lögfest. Gjalda ber varhuga við þeim kostnaðarauka og stjórnunarerfiðleikum, sem slíkt hefur í för með sér fyrir yfirstjórn menntamála. Náin, frjáls samvinna skólanna er líkleg til að sníða af mestu vankantana í þessu efni og forðast ber ótímabæra löggjöf, sem torveldaði slíkt.

4. Með tilliti til framansagðs er það ósk háskólaráðs, að reynt verði að koma á umræðuvettvangi milli Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, þar sem málið verði skoðað á nýjan leik af þessum tveimur aðilum í samvinnu við ráðuneyti menntamála. Gæti það orðið með fleiri en einum hætti, t. d.:

Rektorum skólanna verði falin athugun málsins í samvinnu við fulltrúa ráðuneytisins.

Tveimur fulltrúum frá hvorum skóla auk rektora verði falið að skoða málið að nýju undir forsjá ráðuneytisins.

Nauðsynlegt er að rúmur tími gefist til þessarar athugunar, þar sem mikilvægt hlýtur að teljast að viðhlítandi skipulag fáist, sem kemur í veg fyrir óþarfan tvíverknað í starfi skólanna og kostnaðarauka, sem það hefur í för með sér.

Niðurstöður, sem fengjust með þessum hætti gætu orðið fyrirmynd að samvinnu þessara aðila við aðrar stofnanir hér á landi, er íhuguðu fræðslu og vísindastörf á háskólastigi.

(Hér er sleppt þeim köflum ályktunarinnar er varða frv. til laga um framhaldsskóla og frv. til laga um embættisgengi kennara.)

Umsögn háskólaráðs um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands:

Um starfrækslu háskóla við íslenskar aðstæður.

Skipan og rekstur háskóla við íslenskar þjóðfélagsaðstæður fela í sér ýmis almenn vandkvæði sem nauðsyn er að hafa í huga þegar stefnt er að lagasetningu um háskóla. Hér verða talin nokkur vandamál sem Háskóli Íslands telur sig eiga við að stríða. Þessi vandamál snerta Kennaraháskóla Íslands bæði beint og óbeint. Önnur sérstök ástæða er til að benda á núverandi vandkvæði við starfrækslu háskóla á Íslandi. Undanfarnar breytingar og tillögur til breytinga á lægri skólastigum hljóta að hafa víðtæk áhrif á rekstur og skipan allra skóla á háskólastigi.

Á seinasta áratug hafa orðið miklar breytingar á Háskóla Íslands. Skólinn hefur stækkað mjög, námsgreinum fjölgað og upp verið teknir nýir kennslu- og námsþættir, einnig í eldri deildum skólans. Breytingarnar á skipan námsins eru einum þræði beinar afleiðingar af vexti skólans en öðrum þræði hafa þær vrið gerðar visvitandi og af ráðnum hug til að færa háskólastarfið til betri vegar. Í flestum tilfellum hefur breytingu og aukningu í starfsemi háskólans borið mjög brátt að og venjulega hafa háskólinn og yfirvöld menntamála átt erfitt með að gera sér fulla grein fyrir heildaráhrifum eða heildarkostnaði ákvarðana um einstaka breytingar. Af þessu hefur það hlotist að oft hefur verið lagt út í verkefni sem ekki var tryggt að unnt yrði að ljúka. Jafnframt má það heita algild regla að við ný verkefni sé ekki tekið tillit til aukins sameiginlegs kostnaðar og þjónustu. Þannig eru nú framundan margir örðugleikar við rekstur einstakra deilda og námsbrauta og í rekstri og þjónustu háskólans alls.

Um nauðsyn sveigjanlegrar námsskipanar.

Eitt meginmarkmið þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á námsskipan Háskóla Íslands á síðasta áratug er að auka sveigjanleika og fjölbreytni í kennslu og námi. Þessarar stefnu gætir í öllum deildum, jafnvel hinum elstu og hefðbundnari, þar sem ýmis söguleg og efnisleg rök mæla með því að nám sé nokkuð fastmótað og einskorðað.

Aðstæðurnar til þess að eðlilegt og æskilegt er að gera námsskipan sameiginlegri eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi gefur slíkt fleiri kosti á því að koma til móts við óskir nemenda um sundurgreindari og sérhæfðari samsetningu náms. Í öðru lagi er með auknum sveigjanleika unnt að láta nemendur í ýmsum deildum og námsbrautum nýta námskeið sameiginlega og auka þannig hagkvæmni í rekstri skólans. Í þriðja lagi miðar sveigjanleg námsskipan að því að kennsla í einstökum námsgreinum geti tekið nauðsynlegum breytingum og fylgt framförum í hverri fræðigrein án þess að það raski skipan námsins í heild.

Það sem einkum hefur staðið í vegi fyrir því að hægt væri að auka sveigjanleika í námsskipan svo sem æskilegt væri er smæð Háskóla Íslands; nemendur eru of fáir til þess að unnt sé að kenna sama námsefni á nokkuð mismunandi hátt fyrir mismunandi hópa nemenda, en það er forsenda samnýtingar námskeiða að sveigja megi námsefnið að nokkru leyti að sérþörfum einstakra hópa.

Það yki verulega á olnbogarúm Háskóla Íslands í þessum efnum ef honum bættist svo fjölmennur hópur sem nú sækir í Kennaraháskólann, og hlýtur að þurfa að tileinka sér fræðaefni sem í mörgum tilfellum er alveg hliðstætt því sem þegar er kennt við Háskóla Íslands.

Á sama hátt hlyti það að gefa tilefni og tækifæri til sveigjanleika í kennslu- og uppeldisfræðum — þ. e. þeim greinum sem Kennaraháskólanum er samkvæmt frumvarpinu einkum ætlað að sinna — að vera í svo nánu sambýli við aðrar greinar háskólanáms að þær gætu nýtt þessar greinar fyrir sína nemendur.

Um nauðsyn samvinnu og samræmingar.

Það leiðir auðsjáanlega af þeirri stefnu Háskóla Íslands að gera námsskipan sveigjanlegri, að deildir og námsbrautir skólans verða að hafa náið samstarf og samvinnu sín á milli. En það liggja ýmis önnur rök til þess að auka samstarf deilda en þau ein að samstarfið sé forsenda þess að unnt sé að auka sveigjanleika í námsskipan.

Þar sem Háskóli Íslands býr og hlýtur ævinlega að búa við knöpp gæði í flestum efnum er ljóst að þessum gæðum verður að útdeila sameiginlega og í samráði við allar deildir. Það er óviðundandi að tilfæranleg gæði séu svo fast bundin afnotum eins aðila að unnt sé að láta þau ónotuð, þegar annan aðila innan háskólans skortir tilfinnanlega gæði sömu tegundar. Þetta á meðal annars við húsnæði og búnað ýmiss konar, þjónustu og skiptingu almennra fjárveitinga.

Ákvörðun um skiptingu og nýtingu almennra gæða verður aldrei tekin svo að allir uni sæmilega við hana nema aðilar hafi sjálfir samvinnu um ákvarðanir og taki hver tillit til þarfa og röksemda annars. Það er Háskóla Íslands jafnframt nauðsyn að geta sjálfur tekið ákvarðanir í slíkum efnum. Ef Háskóli Íslands getur ekki komið sér saman um úrlausn slíkra mála, verða þau leidd til lykta á einhverjum öðrum vettvangi, þar sem greinilega væri torveldara að koma fram öllum málavöxtum allra aðila hvers máls.

Ýmsar ástæður liggja til þess að eðlilegt er að samræma sem mest ýmis formsatriði í námsskipan allra deilda. Sömuleiðis mælir margt með því að reynt sé svo sem kostur er að samræma námsálag í mismunandi deildum. Slík samræming auðveldar þá þjónustu sem háskólinn veitir einstökum deildum og öllum kennurum

og nemendum, en jafnframt er samræming forsenda þess að skólinn mismuni hvorki kennurum innbyrðis né heldur nemendum innbyrðis. Í þessu sambandi má til dæmis benda á að samræming kennslutíma er verulegt kjaraatriði fyrir nemendur og kennara. Samræming námsálags er einnig verulegt kjaraatriði fyrir stúdenta vegna námslána og eins vegna þess að laun þeirra að námi loknu ráðast meðal annars af lengd námstímans. Forsenda þess að samræma megi námsskipan og kennslutilhögun er sú að allar deildir og námsbrautir á háskólastigi vinni saman og fylgist sæmilega með þróun mála hver hjá annarri.

Að lokum er ljóst að samstarf ólíkra deilda getur orðið að ýmsum almennum notum í fræði- og kennslustarfi einstaka deilda. Ýmis ytri atriði fræðanna og kennslunnar eru hin sömu hjá öllum deildum þótt viðfangsefnin séu ólík. Samvinna deilda stuðlar að því að hver deild nýti aðferðir eða hugmyndir sem reynst hafa vel í öðrum deildum, slíkt stuðlar að eðlilegri endurnýjun og gagnrýni á daglegu kennslu- og fræðastarfi.

Það er einkum í þessu síðasta tilliti sem starfræksla kennaramenntunardeildar eða kennslufræðastofnunar innan Háskóla Íslands hefði bætandi áhrif á samvinnu allra háskóladeilda og námsbrauta. Slík deild innan háskólans hlyti að láta til sín taka við skipulagningu og framkvæmd kennslu og prófa við háskólann allan og skapaði þannig grundvöll fyrir hversdagslegu samstarfi allra deilda, en án slíkra hversdagslegra samskipta hlýtur öll samvinna deilda að vera í senn formleg og stirð. Á sama hátt er ljóst að kennsla og fræði kennaranámsdeildar eða stofnunar nyti góðs af daglegum samskiptum við þær deildir sem fjalla fræðilega um það efni sem nemendur yrðu menntaðir til að kenna.

Um víðtækt hlutverk háskóla.

Háskólinn hefur við allar sínar ákvarðanir lengst af tekið aðallega mið af sjónarmiðum fræðanna sem við skólann eru iðkuð. Háskólinn hefur þannig talið það meginhlutverk sitt að skila nemendum nokkurn spöl að því marki að gerast fræðimenn hver á sínu sviði.

Slíkt sjónarmið hlýtur ævinlega að vera haft í hávegum. Háskólanum er í lögum ætlað það hlutverk að stunda rannsóknir. En jafnvel þótt háskólinn ætti einungis að miðla fræðum sem mótuð væru annars staðar, hlyti sú krafa að vera gerð til hans að hann fylgdist með í þeim fræðum sem honum bæri að miðla og liti á námsefni og kennsluhætti undir sjónarhorni fræðanna — ekki síður en með hliðsjón af þörfum og óskum nemenda og stjórnvalda.

Á síðustu árum hafa leitað til háskólans æ fleiri nemendur sem af ýmsum ástæðum óska ekki eftir að stunda nám, sem aðeins er skipulagt með fræðistörf í huga. Jafnframt hefur háskólinn tekið upp kennslu í ýmsum hagnýtum greinum sem ekki hafa sjálfstætt fræðagildi en eru reistar á grunni ýmissa fræða. Þessi þróun sýnir að háskólinn stefnir að því að veita öllum þeim nemendum sem til hans leita einhverja úrlausn og jafnframt að því að geta veitt ýmiss konar starfsmenntun sem byggist á fræðilegum grunni og getur nýst í íslensku samfélagi.

Þessi stefnumið bæði styrkja það að háskólinn verði að hafa námsskipan sem sveigjanlegasta og að deildir háskólans verði að starfa saman. Auk þess er ljóst að háskólinn verður að efla starfshætti sem ekki ráðast af sjónarmiðum fræðanna einna. Hér skulu aðeins nefnd tvö sérstök viðfangsefni á þessu sviði.

Til þess að veita nemndum sæmilegar viðtökur verður háskólinn að taka upp námsráðgjöf innan sinna veggja. Námsráðgjöf hefur nokkuð lengi verið til umræðu innan háskólans, og hafa menn verið á einu máli að henni þyrfti að koma á fót, en lítið hefur orðið úr framkvæmd. Háskólinn hefur lítið fé til að standa undir slíkri starfsemi, sé henni ætlað að vera sjálfstæð, þess vegna hefur sú litla námsráðgjöf sem veitt hefur verið, öll verið á hendi kennara eða á hendi nemenda. Báðir þessir hópar eru vel færir um að sinna einstökum þáttum námsráðgjafar:

Kennarar geta gefið góðar upplýsingar um námið og námskröfur, nemendur kunna skil á námsaðstæðum og viðmóti einstakra skóla eða deilda, en hvorugur hópurinn er vel í stakk búinn til að leiðbeina þeim sem annað hvort eru í vandræðum í námi eða eru að leita sér að námi, en geta þó hvorki hnitmiðað spurningar sínar né gert sér ljósa grein fyrir hvers konar nám sé við þeirra hæfi. Í þessu efni ætti starfslið Kennaraháskólans augljóslega að vera Háskóla Íslands kærkominn liðsauki um leið og námsráðgjöf væri kennslu- og uppeldisfræðingum hvati og efniviður til rannsókna á þeirra fræðasviði.

Annað sérstakt viðfangsefni er skipulagning nýrra námsgreina. Þegar háskólinn stofnar til kennslu í grein sem ekki hefur áður verið kennd hér á landi verður hann yfirleitt að fá til skipulags kennslunnar og síðar til kennslunnar sjálfrar menn sem ekki hafa áður sinnt kennslu í greininni. Af þessu hljóta að skapast ýmiss konar byrjunarörðugleikar, sem oftast mætti draga úr ef háskólinn væri þess umkominn að gera sér fyrirfram nána grein fyrir eðli kennslu í greininni og hefði á að skipa starfsliði er gæti veitt nýliðum í skipulagningu og kennslu almenna aðstoð. Greinilegt er hér að þeir menn sem lagt hafa sérstaka stund á kennslufræði gætu verið að hinu mesta liði.

Enn er eitt hlutverk háskóla sem hér er vert að nefna. Háskólalíf hefur lengstum verið með öðrum hætti og daufara hérlendis en við flesta erlenda háskóla. Nemendur hafa haft fremur lítil kynni hverir af öðrum nema innan deilda þar sem þeir vinna allir saman að svipuðum verkefnum. Þeir hafa átt erfitt með að sameinast um nokkur viðfangsefni eða áhugamál önnur en bein, nánast stéttarleg, hagsmunamál. Nær einu undantekningarnar í þessu efni eru að finna í íþróttasamtökum nemenda og í þátttöku þeirra í tónlistarlífi. Svipaða sögu er reyndar að segja af samskiptum kennara háskólans sín á milli, þau mótast öll af starfslegum erindum og sameiginlegri hagsmunabaráttu. Þessi deyfð og takmörkun háskólalífsins hefur ýmis augljós og óæskileg áhrif á allt starf háskólans.

Þetta ástand stafar af því að fátt í starfsemi háskólans höfðar beint til allra nemenda og kennara án tillits til þess hvaða sérgrein þeir nema eða kenna og án tillits til stéttarlegra hagsmuna. Það skortir við háskólann einhverja þá daglega starfsemi sem er áheyrileg eða ásjáleg fyrir alla án tillits til sérhæfingar. Háskólinn gæti að vísu, ef hann hefði fjármagn til, efnt til sérstakrar starfsemi í þessu augnamiði eða aukið mjög stuðning við þá litlu starfsemi sem nú er haldið uppi, en hitt virðist þó líklegra til árangurs að háskólinn stefndi að því að taka upp kennslu í listum og öðrum þeim greinum sem gefa af sér það sem laðar menn til samskipta yfir markalínur sérþekkingar og hagsmuna.

Um stöðu háskólans í þjóðfélaginu.

Háskóla er í senn skylt og nauðsynlegt að hafa náin og viðtæk tengsl við menn og málefni þess þjóðfélags, sem hann starfar í og á að þjóna. Háskóli hlýtur að leitast við að taka í starfi sínu sem nánast mið af aðstæðum í þjóðfélaginu öllu, af atvinnuháttum og menningarstraumum, af almennri stjórnmálaumræðu og sérstökum þjóðfélagslegum vandamálum og viðfangsefnum. Jafnframt er háskóla skylt að hafa áhrif, bein eða óbein, á þróun mála og meðferð í mörgum greinum þjóðlífsins. Nemendur og kennarar háskóla hafa hver um sig áhrif sem mótast af háskólalífinu, en jafnframt hafa háskólar í eigin nafni ýmis bein áhrif út á við. Háskólar veita ýmsa fræðilega þjónustu aðra en beina kennslu og leitast við að miðla fræðum sínum sem víðast, ekki aðeins til eigin nemenda heldur til þjóðfélagsins alls.

Mörgum þykir Háskóli Íslands hafa vanrækt þetta hlutverk sitt í íslensku þjóðfélagi. Má þar nefna að háskólanum er oft borið á brýn að hann sinni ekki nægilega þörfum atvinnuveganna. Mörgum háskólamönnum þykja einnig sjónarmið og vandamál háskólans mæta litlum skilningi utan háskólans og telja jafnframt

að rekja megi þetta skilningsleysi til vanþekkingar er háskólinn sjálfur gæti bætt úr. Hér verða nefnd tvö atriði þessa efnis.

Háskólinn hefur haft á hendi menntun kennara í menntaskólum og í gagnfræðaskólum. Þannig hefur kennsla á lægri skólastigum mótast mjög af kennslu og fræðaiðkun við háskólann. Þetta á að einhverju marki við um nær allar kennslugreinar í menntaskólum, en þó sérstaklega við um íslensk fræði og sagnfræði, en fer í vöxt í mörgum öðrum greinum. Þótt háskólinn hafi þannig haft óbein áhrif á menntun á lægri skólastigum hefur hann sjaldan tekið sér fyrir hendur að hafa bein áhrif á eða íhlutun um málefni þessara skóla. Slík bein íhlutun væri þó eðlileg þar sem starfsskilyrði háskólans ráðast mjög af því hvernig nemendur eru búnir til háskólanáms er þeir innritast í háskólann. Aðskilnaður háskólans og Kennaraháskólans og þá einkum flutningur alls kennslu- og uppeldisfræðanáms í Kennaraháskólann myndi torvelda mjög það samband sem eðlilegt er og æskilegt milli háskólans og þeirra skóla er undirbúa nemendur undir háskólanám.

Annað atriði er ekki síður mikilvægt. Háskólinn hefur af og til á ferli sínum borið það við að miðla fræðum sínum og viðhorfum til almennings bæði til að veita almenningi aðgang að þeim fræðum sem iðkuð eru við háskólann og eins til hins að kynna starfsemi háskólans og háskólalífið. En þessi starfsemi hefur verið stopul og lítt samhæfð enda hefur háskólann skort fjármagn, aðstöðu og tækifæri til að halda stöðugt uppi slíku starfi svo sem æskilegt væri. Í háskólanum hefur til þessa ekki verið nein starfseining sem af hagnýtri nauðsyn hlyti að laða að skólanum nægilega fjölmennan og fjölskrúðugan hóp manna, annarra en skráðra háskólastúdenta, í leit að fræðslu. Brýnt er að koma á fót slíkri starfseiningu til að styrkja háskólann í viðleitni hans til að miðla upplýsingum og þekkingu til allra þeirra sem eftir henni sækjast. Einstakar deildir hafa að vísu oft haldið námskeið eða ráðstefnur fyrir brautskráða nemendur og áhugamenn, en flest slík námskeið og ráðstefnur hafa fjallað um hnitmiðuð efni og hafa því aðeins höfðað til lítils hóps. Ekki hefur slíkt ráðstefnu- og námskeiðahald heldur orðið svo fastur liður í starfi deilda að það gæti gefið almenningsfræðslu háskólans nauðsynlegan skriðþunga, þó að einmitt slíkt endurmenntunarstarf sé líklegastur vísir að starfsemi er lyti að almenningsfræðslu.

Aðildarfélög Bandalags háskólamanna hafa á síðustu árum oft látið í ljós óskir um að háskólinn styddi þau í viðleitni þeirra í þessum efnum. Þar sem flest félaganna eru smá og jafnframt samstæð er starfsemi hvers þeirra um sig of lítil og einhæf til að geta staðið sjálfstæð og jafnframt óhentug til að mynda kjarna víðari fræðsluviðleitni. Félögin hafa sjálf ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa ein undir sérhæfðri fræðslu og háskólinn getur lítinn stuðning veitt í því efni.

Stjórnvöld hafa heldur ekki séð sér fært að styðja slíka starfsemi fjárhagslega að nokkru marki nema í einu tilviki: Endurmenntun kennara er skipulögð og rekin með verulegum tilkostnaði af hendi ríkisins. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins um Kennaraháskólann er honum ætlað að hafa allan veg og vanda af endurmenntun kennara í þeim efnum sem lúta að framkvæmd kennslu. Endurmenntun kennara í fræðigreinum þeirra ætti þá á sama hátt að vera á hendi háskólans. Langeðlilegast virðist vera að allir þættir endurmenntunar kennara væru á hendi einnar stofnunar sem sameinaði bæði hin einstöku fræði og umfjöllun um miðlun þeirra til nemenda.

Niðurlagsorð

Eins og vikið var að í upphafi þessarar umsagnar eru þau vandamál háskólans sem hér hafa verið rakin miklu víðari og umfangsmeiri en svo að þau snerti þetta lagafrumvarp eitt. Vandamálin eru reyndar ekki þannig vaxin að unnt

sé að leysa þau með lagasetningu, þótt góð lagasetning ætti að stuðla að lausn margra þeirra.

Nú eru til umfjöllunar og endurskoðunar ýmisleg ákvæði um menntun á háskólastigi önnur en þau lög sem hér hefur verið fjallað um. Þar má nefna lög um tæknimenntun og lög um búnaðarskóla. Ennfremur eru nú til umfjöllunar frumvarp til laga um framhaldsskóla en eins og nefnt var í upphafi er þar gert ráð fyrir miklum breytingum á námi á framhaldsskólastigi, breytingum sem hljóta óhjákvæmilega að hafa mikil áhrif á allt háskólastarf, þótt enn verði ekki séð hver þau áhrif verða.

Umsögn félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Í þessari umsögn verður fjallað um það grundvallaratriði í frv., sem snertir Háskóla Íslands og félagsvísindadeild hans beinlínis, þ. e. ákvæði um að öll uppeldis- og kennslufræðimenntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi skuli fara fram innan vébanda Kennaraháskóla Íslands, svo og kennsla til B.A. prófs í uppeldisfræði, sbr. 1., 16. og 21. gr. frv.

Að öðru leyti verður ekki fjallað um einstakar greinar frumvarpsins, þar eð mat á þeim hlýtur að hvíla á þeim megingrundvelli, sem frumvarpið er byggt á, og sé honum hafnað, eins og hér er gert, verða athugasemdir um einstök atriði merkingarlaus.

Í frv. kemur fram sú meginstefna, að kennaramenntun á Íslandi skuli efld og samræmd og þá einkum hinn uppeldis- og kennslufræðilegi hluti hennar. Félagsvísindadeild tekur eindregið undir þetta markmið sem almennt stefnumál, enda þótt hún geti ekki fallist á þá leið sem valin er til slíkrar eflingar í frv.

Félagsvísindadeild vill benda á, að flutningur uppeldisfræði úr deildinni til Kennaraháskólans er líklegur til þess að hafa ýmsar veigamiklar afleiðingar í för með sér. Þessar eru þær helstu:

1) Þegar unnið var að stofnun félagsvísindadeildar fyrir tæpum tveimur árum, var sú röksemd sett á oddinn, að með samskipan uppeldisfræði, sálarfræði og þjóðfélagsfræða í eina heild fengist mun hagkvæmari samnýting námskeiða en verið hafði. Menntamálaráðuneytið féllst á þessa röksemd, eins og fram kom við umfjöllun lagabreytingar á lögum um Háskóla Íslands, er tók til þessa máls. Eftir af félagsvísindadeild tók til starfa fyrir einu ári, hefur verið ötullega unnið að námsskipan, sem felur í sér hagkvæma samnýtingu. Er námsskipan deildarinnar nú svo háttað, að þessar þrjár greinar eru byggðar upp hver með hliðsjón af annarri, t. d. er námsskrá í sálarfræði til B.A.-prófs háð því að uppeldisfræði sé kennd við deildina. Flutningur uppeldisfræðinnar hlýtur því að hafa mjög óheppileg áhrif á alla námsskipan deildarinnar.
2) Rannsóknastarf í deildinni byggir á náinni samvinnu milli kennara í ýmsum greinum. Stefnt er að því, að rannsóknum sé þannig hagað, að þær geti fjallað um viðfangsefni, sem hafa allt í senn uppeldislega, sálfræðilega og félagsfræðilega skírskotun. Sem dæmi um verkefni af þessu tagi má nefna, að nú er í gangi stórt rannsóknaverkefni með aðild kennara í sálarfræði og uppeldisfræði frá félagsvísindadeild og félagsfræðinga frá erlendri stofnun. Að öðru verkefni er og unnið, sem kennarar í félagsfræði og uppeldisfræði stjórna. Full ástæða er til að ætla að slík samvinna milli greina um rannsóknaverkefni muni aukast verulega í framtíðinni verði deildinni ekki sundrað. Augljóst má vera að mun erfiðara verður um vik að halda áfram slíkri samvinnu, ef kennarar starfa í tveim aðskildum stofnunum. Reynslan hefur a. m. k. orðið sú, að **engin** samvinna hefur til þessa komist á milli félagsvísindadeildar og KHÍ um rannsóknastörf. Hefur það ekki komið að haldi, að í gildi eru lög og reglugerð um rannsóknasamstarf þessara tveggja stofnana (sjá bls. 11 í greinargerð frv.).

3) Í lögum HÍ er ákvæði, er lýtur að því, að til þess að heimilt sé að stofna nýja deild við H.Í. skuli vera starfandi þrír prófessorar hið minnsta í hinni nýju deild. Nú eru starfandi þrír prófessorar í félagsvísindadeild. Við flutning uppeldisfræðinnar yrðu einungis tveir eftir. Við það er veigamikil forsenda fyrir áframhaldandi starfrækslu deildarinnar brostin, og kæmi því til álita að leggja hana niður. Ef hins vegar yrði ákveðið að starfrækja deildina áfram, myndu óeðlilega miklar stjórnunarskyldur lenda á hinum tveimur prófessorum, sem eftir sitja, og hljóta þær að sjálfsögðu að bitna mikið á öðrum störfum þeirra (kennslu og rannsóknum).

Skiljanlegt er, að höfundum frv. verði fyrst fyrir, að leggja til flutning uppeldisfræði úr H.Í., þegar þangað er seilst til kennarakrafta. Undarlegra er, að ekki skuli einnig lagt til, að sálarfræðin sé flutt, þegar þess er gætt, að í raun hefur ætíð verið lögð fullt svo mikil áhersla á kennslu í sálarfræði við KHÍ og fyrirrennara hans Kennaraskóla Íslands. Þá má minna á, að í Kennaraháskóla Danmerkur er sálarfræði kennd til magisterprófs. Hvergi er að þessum möguleika vikið í frv.

Þetta ber þó ekki að skilja svo, að félagsvísindadeild sé meðmælt slíkum flutningi, heldur er frá þessu skýrt til þess að vekja athygli á ósamkvæmni í stefnumörkun frumvarpsins.

Félagsvísindadeild þykir mjög skorta á, að yfirvegaðir hafi verið allir þeir möguleikar, sem til greina geta komið, þegar um er að ræða eflingu KHÍ. Í frumvarpinu er **ein leið** valin og gerð rækileg grein fyrir kostum hennar í greinargerð. Hvergi er minnst á, að fleiri leiðir séu hugsanlegar, jafn sjálfsagt og það hlýtur þó að vera. Skal hér bent á nokkra valkosti, sem félagsvísindadeild finnst eðlilegt að athugaðir hefðu verið:

1) Flutningur félagsvísindadeildar í nábýli við KHÍ. Með því móti mætti koma á allri þeirri samvinnu um kennslu og rannsóknir, sem báðum aðilum er þörf á. Virðist sem þannig mætti mæta óskum höfunda um „hagsýni... í meðferð mannafla, veraldlegra fjármuna eða annars, er til verðmæta kann að teljast“ (bls. 12). Með því að velja þessa leið, hefði mátt fresta ákvörðun um flutning uppeldisfræðinnar, en í stað þess bíða eftir reynslu um samvinnu.

   Frv.höfundum hefði mátt vera kunnugt um, að félagsvísindadeild er í miklu húsnæðishraki, og að innan deildarinnar er talsverður áhugi á nábýli eða jafnvel sambýli við KHÍ vegna hugsanlegrar samvinnu. Deildinni virðist vel geta komið til greina, að KHÍ og HÍ byggi sameiginlegt húsnæði á lóð KHÍ.
2) Sú leið er hugsanleg að sameina félagsvísindadeild og kennaramenntun í tveggja deilda háskóla. Þessi lausn er alvarlegrar umræðu verð vegna skyldleika viðfangsefna og hentugrar stjórnunarstærðar.

   Í 39. gr. er „heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, þar á meðal að skólinn starfi að hluta á Akureyri“. Margra hluta vegna er óeðlilegt, að tveir háskólar starfi í Reykjavík, en enginn utan höfuðborgarinnar. Af þeim sökum má hugleiða, að háskóli er taki til félagsvísinda og kennaramenntunar sé stofnaður utan Reykjavíkur, t. a. m. á Akureyri.
3) Í greinargerð frv. er ekki að því vikið einu orði, að efling kennaramenntunar sé betur tryggð í sérstökum háskóla heldur en t. a. m sem sérstök deild, kennaradeild í HÍ. Það má undarlegt heita, að þessi leið skuli ekki hafa verið rædd og þá borin fram rök gegn henni hafi höfundum sýnst hún ófær. Eins og stjórn HÍ er háttað, er ekki sjáanlegt að KHÍ myndi missa mikils um sjálfstæði við slíkan samruna. Deildir HÍ eru tiltölulega óháðar hver annarri fjárhagslega og skipulagslega. Öll meiri háttar málefni KHÍ og HÍ lúta sömu yfirstjórn, þ. e. menntamálaráðuneytisins. Þá væri mikið hagræði fólgið í samræmdri námsskipan í báðum skólunum, m. a. gæti það aukið verulega samnýtingu námskeiða milli slíkrar kennaradeildar annars vegar og fjölmargra kennslugreina annarra deilda Háskólans hins vegar. Auk þess gæti slíkt fyrir-

komulag greitt fyrir aðgöngu nemenda úr KHÍ að öllu námi í HÍ og eytt óþarfri samkeppni um kennslukrafta, svo að eitthvað sé nefnt.

Niðurstaðan félagsvísindadeildar að lokinni athugun á frv. verður því svolátandi:

Enda þótt deildin styðji af alhug hugmyndir um eflingu kennaramenntunar í landinu og líti á hana sem fyllilega tímabæra, er hún ósamþykk þeirri leið, sem lögð er til í frv., og telur auk þess að svo margt sé enn óathugað um æskilegustu leiðir til slíkrar eflingar, að óverjandi sé að samþykkja frv. í núverandi mynd. Því leggur deildin til að frv. sé hafnað.

Í þess stað verði skipuð ný frumvarpsnefnd með jafnri þátttöku KHÍ og HÍ ásamt aðild menntamálaráðuneytisins. Þá leggur deildin til, að þegar í stað verði þess freistað að taka upp nána samvinnu milli félagsvísindadeildar og KHÍ og verði í því skyni skipuð samstarfsnefnd kennara og nemenda úr báðum skólum.

Umsögn heimspekideildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Heimspekideild telur sér ekki fært að gera athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins önnur en þau sem varða beinlínis heimspekideild og starfsvettvang hennar.

Þessi atriði eru í 1. gr., 15. gr., 17. gr., 21. gr. og 26. gr.

Athugasemdir við 1. grein.

Í 2. mgr. 1. gr. er kveðið svo á um að KHÍ skuli annast uppeldis- og **kennslufræðilega** menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á **framhaldsskólastigi.** Nú mun því hvergi lýst í frumvarpinu né greinargerð þess hvað felst í orðinu kennslufræði, en eðlilegast virðist að skilja það sem fræði um það **hvernig kenna skuli.** Virðist þá mega ráða af ákvæði þessu að KHÍ skuli falið að kenna hvernig kenna skuli greinar á framhaldsskólastigi, svo sem ensku, íslensku og heimspeki sem eru meðal kennslugreina heimspekideildar.

Nám í fræðigrein og nám í því hvernig sömu grein skuli kenna hlýtur að ýmsu leyti að fara saman og getur styrkt hvort annað. Heimspekideild telur því brýnt að samráð og samvinna verði milli KHÍ og þeirra deilda eða námsbrauta HÍ sem brautskrá kennara í einstökum fræðigreinum sem kenndar eru í framhaldsskólum. — Erfitt getur orðið að skipuleggja slíka samvinnu (t. d. við námsskrárgerð) nema HÍ og KHÍ verði stjórnunarlega tengdir, og að KHÍ verði ekki einum og að öllu leyti falið að annast kennslufræðilega menntun kennara.

Í 4. mgr. 1. gr. er kveðið svo á um að KHÍ skuli í samvinnu við menntamálaráðunevtið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Þetta ákvæði felur í sér að KHÍ skuli falið að endurmennta og bæta menntun kennara sem útskrifast með B A.- próf eða B.S.- próf frá HÍ.

Heimspekideild telur eðlilegt að nám í kennslufræðum og nám í viðkomandi kennslugrein fari saman, þegar stefnt er að endur- eða viðbótarmenntun kennara og að KHÍ og viðkomandi deildir eða námsbrautir HÍ þurfi því að vinna saman við skipulagningu slíkrar kennslu.

Athugasemdir við 15. grein.

Í þessari grein eru ákvæði um námseiningar og skiptingu náms í KHÍ í einingablokkir. Heimspekideild telur þessi ákvæði eiga heima í reglugerð.

Athugasemd við einingaákvæðin: Gert er ráð fyrir að 3ja ára nám til kennaraprófs skiptist í 105 einingar (35 á ári). Nám til B.A.-prófs er einnig 3 ár, en skiptist hins vegar í 90 einingar (30 e á ári). Sama skilgreining er á námseiningu (námseining

skal svara til einnar viku í námi). Ósamræmið stafar af því að námsári KHÍ er skipt í 35 virkar vikur, en námsári í HÍ í 30 vikur. Þetta ætti að vera auðvelt að samræma.

Athugasemdir við 17. grein.

17. grein setur ákvæði um skorarskiptingu námsgreina í KHÍ með ýmsum breytingum frá núverandi skipan. Allar þær námsgreinar sem hér eru nefndar eru einnig kenndar við HÍ, annaðhvort sem námskeið eða sem kennslugreinar sem spanna yfir mörg námskeið. Raunar kemur ekki fram í frumvarpinu hvort með **námsgrein** er átt við námskeið (t. d. í trúarbragðasögu) eða sjálfstæða kennslugrein (t. d. sagnfræði).

Af þeim námsgreinum sem nefndar eru í þessari grein eru eftirtaldar greinar kenndar í heimspekideild, ýmist sem námskeið eða kennslugreinar: Siðfræði, trúarbragðasaga, íslenska, málfræði, framsögn og hljóðfræði nútímamáls, danska og enska.

Heimspekideild lýsir sig reiðubúna til að veita KHÍ alla þá aðstoð við kennslu áðurnefndra námsgreina sem hann vill þriggja — og telur sér bæði skylt og sjálfsagt að veita slíka þjónustu.

Athugasemdir við 21. grein.

Í 21. gr. eru ákvæði um að stofna skuli til B.A.- náms í uppeldisfræði við KHÍ; þetta ákvævði felur í sér að uppeldisfræði til B.A.- prófs í félagsvísindadeild verði flutt til KHÍ (sbr. 1. gr. frumvarpsins og greinargerð með henni, þar sem þetta er tekið skýrt fram).

Þá er tekið fram í 3. mgr. 21. gr. að heimilt sé að sækja hluta náms til B.A.-prófs í uppeldisfræði til HÍ, **ef þörf gerist.**

Þetta ákvæði finnst heimspekideild kyndugt; þar sem um sérstakt heimildarákvæði er að ræða í þessu eina tilfelli virðist eðlilegt að álykta að beinlínis sé bannað að sækja annað nám til HÍ. t. d. í dönsku eða siðfræði.

Athugasemdir við 26. grein.

26. gr. hljóðar svo: „Skólaráð metur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi greinarkennara og skor, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem nemandi hefur lokið annars staðar og að hverju leyti".

Greinargerð með ákvæði þessu hljóðar svo: „ Í gildandi lögum, 1. gr. 1. tl., er kveðið svo á um að Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sé skylt að viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvor annars, ennfremur að Kennaraháskólinn skuli hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hér eru þessi ákvæði almennari og ákveðið hverjir meti slíkt nám og hverjir skulu kallaðir til ráðuneytis þar um." (bls. 22).

Hér er á ferðinni nánast eina ákvæðið þar sem óbeint er vikið að tengslum KHÍ og HÍ. (HÍ er nefndur í 21. gr., eins og áður kom fram, og á einum öðrum stað í frumvarpinu, þar sem þess er getið að HÍ skuli skipa mann í nefnd til að meta hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents).

Eigi KHÍ eftir að lenda í vandræðum með að meta nám sem væntanlegir nemendur hans kunna að hafa hlotið í heimspekideild eða öðrum skólum — og telji sig þurfa á lagaákvæði að halda til að taka á slíkum málum — er ekki ótrúlegt að heimspekideild eigi eftir að lenda í hliðstæðum vanda við að meta nám nemenda úr KHÍ. Í KHÍ eiga nemendur nú kost á að ljúka 30 eininga námi í ýmsum greinum sem kenndar eru til 60 eininga í heimspekideild, og það er því mjög líklegt að ýmsa nemendur KHÍ fýsi að afla sér 30 eininga til viðbótar í heimspekideild, og fá þannig réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi. Þó ekki væri nema vegna þessa eina atriðis er augljóst að náin samvinna um námsskrá og tilhögun kennslu er mjög æskileg milli KHÍ og heimspekideildar í þeim námsgreinum sem kenndar eru í báðum skólunum.

Niðurlagsorð.

Mörg önnur rök en þau sem hér hafa komið fram má færa fyrir því að brýna nauðsyn ber til að KHÍ og HÍ hefji náið samstarf, en meginforsenda slíkrar samvinnu er að skólarnir verði stjórnunarlega tengdir og vinni saman við að gera námsskrár sínar og kennsluáætlanir.

Þau rök að KHÍ sé ætlað að mennta kennara fyrir grunnskóla, en heimspekideild (og ýmsum öðrum deildum HÍ) kennara fyrir framhaldsskóla, duga engan veginn til þess að réttlæta aðskilnað þessara stofnana: Verksvið KHÍ nær yfir hluta af verksviði heimspekideildar og raunar einnig ýmsra annarra deilda, svo sem félagsvísindadeildar, verkfræði- og raunvísindadeildar og einnig guðfræðideildar. Eflaust þurfa kennarar í grunnskólum á sérstöku námi að halda í uppeldisgreinum — eins og kennarar í framhaldsskólum eru líka taldir hafa þörf fyrir — en sú menntun sem þeir þarfnast í almennum kennslugreinum, eins og landafræði, íslensku, kristinfræði, dönsku o. s. frv., er nákvæmlega af sama tagi og sú menntun sem nemendum HÍ er veitt í þessum greinum.

Það eru því engin fræðileg rök sem mæla með aðskilnaði þessara skóla — hins vegar eru til mörg rök, bæði fræðileg og hagnýt sem mæla með sameiningu þeirra. Hin fræðilegu rök varða ávinninginn sem fengist við það að kennarar þessara skóla beri saman bækur sínar, uppfræði og gagnrýni hverjir aðra eins og tíðkast í fróðskaparsetrum, og gefi nemendum sínum um leið kost á fjölbreyttari og betri menntun. Hin hagnýtu rök varða rekstur þessara stofnana, þann sparnað og þá hagkvæmni sem af því hlytist að sameina stjórnunar- og skrifstofulið skólanna. Fámenni okkar veldur sem kunnugt er gífurlegum rekstrarlegum vandræðum, vegna þess að sömu aðilar verða að gegna ótal störfum í senn. Þessi hagkvæmnisrök, sem heimspekideild treystir öðrum betur til að rekja í smáatriðum, ættu að ráða úrslitum um það að nú verði hafinn undirbúningur að náinni samvinnu þessara tveggja skóla á háskólastigi.

Umsögn viðskiptadeildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Kenaraháskóla Íslands.

Tilefni þess að viðskiptadeild telur rétt að veita umsögn um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands eru ýmsir annmarkar á skipulagi háskólastigsins, sem frekar vaxa en hverfa ef frumvarpið verður samþykkt.

Með háskólastigi er hér átt við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Tækniskóla Íslands og framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri. Sameiginlegt þessum menntastofnunum er að til að stunda nám í þeim þarf stúdentspróf eða ígildi þess.

Skipulag háskólastigsins hefur verið með ýmsu móti. Í upphafi störfuðu sjálfstæðir embættismannaskólar, Prestaskólinn frá 1847, Læknaskólinn frá 1876 og Lagaskólinn frá 1908. Árið 1911 sameinast þeir hver með sinni hefð í Háskóla Íslands og teljast þar deildir. Um leið er stofnuð heimspekideild, þar sem íslensk fræði eru kennd og rannsökuð.

Síðar bætast aðrir skólar í hópinn. Viðskiptaháskólinn stofnaður 1938 sameinast Háskólanum 1941 og Lyfjafræðingaskólanum sem stofnaður er 1940 er breytt í námsbrautina Lyfjafræði lyfsala árið 1948.

Kostir sameiningar sérskólanna á háskólastigi í Háskóla Íslands eru á þessu tímabili augljósastir fyrir stjórnvöld. Samræming á kröfum og þörfum skólastigsins skeður á skólastiginu sjálfu en ekki hjá æðra stjórnvaldi. Betri nýting fæst á húsnæði, fjármunum og kennslukröftum og yfirstjórn verður ódýrari.

Samræming á námsefni milli deilda í þágu nemenda er hins vegar í algjöru lágmarki á þessu tímabili. Þó má segja að hægara hafi verið fyrir nemendur að fara á milli deilda innan háskólans en sjálfstæðra skóla.

Frekari þróun innan háskólans um og eftir síðari heimsstyrjöldina er sú, að heimspekideild er efld með því að hafin er þar kennsla til BA-prófs. Kennsla í tannlækningum er tekin upp árið 1945. Kennsla til fyrri hluta prófs í verkfræði hefst 1940, verkfræðideildin er síðan formlega stofnuð árið 1944. Árið 1970 er henni breytt í verkfræði- og raunvísindadeild með fjölbreyttum BS-námsleiðum.

Í fyrra var gerð sú skipulagsbreyting, að ný deild, félagsvísindadeild, var stofnuð og sameinar hún eldri námsbrautir í sálarfræði, þjóðfélagsfræði, uppeldis- og kennslufræði og bókasafnsfræði.

Er nú svo komið í þróun Háskóla Íslands með tilliti til skipulags hans og námsbrauta, að líkja má honum við eins konar fjölbrautaskóla á háskólastigi. Til viðbótar við þá rekstrarhagkvæmni, sem af samnýtingu húsnæðis og stjórnsýslu hlýst hafa nú bæst önnur einkenni. Námi í flestum deildum hefur verið skipt niður í námskeið, sem svara til ákveðinna námseininga, og nokkurt valfrelsi milli námskeiða gefið á síðari námsárum. Fyrir vikið er auðveldara fyrir nemendur að sækja sér kjörgreinanámskeið til annarra deilda og flytja með sér námskeiðseinkunnir ef skipt er um námsbraut. Talsverð verkaskipting er milli háskóladeilda um ýmis grundvallarnámskeið fyrir fleiri námsbrautir og gefur hún aukið svigrúm fyrir háskólakennara til sérhæfingar í kennslu og rannsóknum í þessum greinum.

Sem dæmi um slíka verkaskiptingu má taka, að efnafræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar sér einnig um efnafræðikennslu fyrir læknadeild og lyfjafræði lyfsala. Uppeldis- og kennslufræði til fyllstu kennsluréttinda innan félagsvísindadeildar er kennd fyrir tungumálanám í heimspekideild (BA) og raunvísindagreinar í verkfræði- og raunvísindadeild (BS) auk þess sem kennslufræði er kennd í hjúkrunarfræðinámi. Viðskiptadeild sér um hagfræðikennslu fyrir félagsvísindadeild, kennslu í rekstrarhagfræði og bókfærslu fyrir verkfræði- og raunvísindadeild og nemendur viðskiptadeildar sækja til reiknistofnunar námskeið í tölvunotkun.

Að formi til hættir háskólastigið að rúmast allt innan Háskóla Íslands þegar Tækniskóli Íslands byrjar að kenna til tæknifræðiprófs árið 1965. Reyndar var það ekki fyrr en nokkru síðar að í ljós kom, að aðfararnám að þeirri kennslu hafði stúdentsprófsígildi og tæknifræðinámið því á háskólastigi. Síðar hefur framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri einnig verið talin til háskólastigs á grundvelli aðfararnáms síns. Árið 1971 er Kennaraháskólinn stofnaður og leysir af hólmi Kennaraskóla Íslands á lægra skólastigi.

Niðurstaða þessa yfirlits um skipulag háskólastigsins er í stuttu máli, að háskólastigið er við upphaf aldarinnar skipt á fleiri skóla — þeir síðan sameinaðir í Háskóla Íslands, sem þróast upp í eins konar fjölbrautaskóla á háskólastigi. Á síðustu árum hafa verið stofnaðir nýir skólar á háskólastigi án innbyrðis skipulagstengsla. Milli þessara skóla á sér vafalítið stað tvíverknaður, sem dregur úr rekstrarhagkvæmni skólastigsins og fræðslugetu þess. Vitað er að slíkur tvíverknaður er á milli Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði, erlendum tungumálum, samfélagsgreinum og raungreinum. Að vísu er sá áherslumunur, að innan kennaraháskólans er meiri áhersla lögð á kennslufræðilegt inntak námsins en rannsóknir skipa hærri sess innan háskólans. Ekki verður því þó í mót borið að ýmis byrjunarnámskeið mætti nýta betur ef til stjórnunarsamlögunar kæmi milli þessara skóla, auk húsnæðis, kennslutækja og stjórnsýslu.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands er gefið til kynna að unnt sé að draga úr tvíverknaði með því að flytja til hans kennslu og rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslufræði, sem nú fara fram innan Háskóla Íslands. Þær námsbrautir innan háskólans, sem notið hafa uppeldis- og kennslufræði sem stoðgreinar yrðu að leysa vanda sinn með því að sækja greinina til kennaraháskólans.

Gegn þessari fyrirætlan frumvarpsins mæla tvær röksemdir. Sú fyrri hnígur að því að á þennan hátt sé einungis reynt að leysa hluta af tvíverknaðarvandanum,

nefnilega einnar greinar, en hann nær til fleiri greina svo og samnýtingar fjármuna og stjórnsýslu, eins og getið var.

Síðari röksemdin er sú, að vandkvæðum er bundið að fá tvær eða fleiri skipulagsheildir á sama stjórnvaldsstigi til samstarfs. Sú meginregla gildir, að gagnkvæm tengsl beri að leysa innan sömu skipulagsheildar. Þau gagnkvæmu tengsl, sem skapast við að samræma þarf notkun kennaraliðs, húsnæðis og tækjakosts og gerð kennsluskrár og námskeiða verða ekki til lengdar leyst með samstarfi eingöngu milli tveggja jafnsettra og sjálfstæðra skipulagsheilda. Enda hefur ekkert á slíku samstarfi bólað til þessa, þrátt fyrir augljósa hagkvæmni þess. Einvörðungu stjórnunarleg samlögun skipulagsheildanna getur tryggt skynsama samfléttun þessara þátta. Öll þróunarsaga samræmds framhaldsskóla erlendis sem hérlendis hnígur í þessa átt og er ein meginforsendan fyrir því að einn samræmdur skóli hafi meiri sveigjanleika og fræðslugetu en margir sjálfstæðir skólar. Verður að líta svo á að þá reynslu megi einnig heimfæra á háskólastigið.

Niðurstaðan er, að leið sú sem frumvarpið fer til að leysa tvíverknaðarvandann — að gefa kennaraháskólanum einkaleyfi á kennslu og rannsóknum í uppeldis- og kennslufræðum — sé ekki fær nema kennaraháskólinn hafi áður sameinast háskólanum stjórnunarlega og myndað þar sérstaka deild. Hljóti frumvarpið samþykki í núverandi mynd má búast við að það kalli fram ástæðulausa spennu milli þessara tveggja háskóla en leysi ekki vanda þeirra.

Sú tillaga er því gerð hér, að frumvarpið verði ekki lagt fram í núverandi mynd. Í stað þess verði skipuð nefnd til að kanna og gera tillögur um skipulag háskólastigsins í **heild** eins og þegar hefur verið gert fyrir grunnskólastig og framhaldsskólastig.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands

Vegna tilmæla menntamálaráðuneytis sendi ég stutta umsögn um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Höfundar frumvarpsins þekkja til hlítar starf og stefnu skólans og vita öðrum fremur hvaða breytingar á löggjöf eru líklegar til að efla starf hans.

Líkur á því að skilgreind markmið skóla á skyldunámsstigi náist á viðunandi hátt ráðast mjög af því hver staða kennaramenntunar er.

Hvaða menntakosti getur Kennaraháskóli Íslands boðið, hverjir möguleikar og takmarkanir felast í námi þar og hvaða horfur eru á að starf, að námi loknu, sé eftirsóknarvert?

Þessar og svipaðar spurningar bera stúdentar upp áður en þeir taka ákvörðun um framhaldsnám. Staða Kennaraháskóla Íslands í menntakerfinu og aðbúnaður allur hefur því úrslitaáhrif á hvaða hópar menntamanna veljast í kennarastétt á næstu árum.

I. kafli.

Fyrsti liður 1. gr. frumvarpsins er afar mikilvægur. Kennaraháskóla Íslands verður að efla til þess að gegna forustuhlutverki í rannsóknarstarfi á sviði uppeldismála. Til þess að svo megi verða þarf skólinn að geta valið til starfa hæfustu uppeldisvísindamenn þjóðarinnar á hverjum tíma. Þar er of dýrt að dreifa kröftunum á tvo háskóla.

Í öðrum lið 1. gr. er gert ráð fyrir að stefnunni, sem mörkuð er í fyrsta lið sé framfylgt.

Í þriðja lið 1. gr. segir: „Heimilt er að fela skólanum fullnaðarmenntun í þeim greinum, sem kenndar eru í sérskólum við setningu þessara laga“.

Lausn þessa máls er vandasöm. Hér verður eingöngu rædd staða Hússtjórnarkennaraskóla Íslands í því sambandi. Skólinn hefur starfað síðan 1942 við ófull-

komin skilyrði. Hann á samkvæmt lögum að mennta bæði hússtjórnarkennara og matráðsmenn. Ef Kennaraháskóla Íslands verður falin menntun hússtjórnarkennara, þarf að athuga að menntun þeirra þarf að vera mun sérhæfðari en annarra verknámskennara. Því að auk þess sem verklegur þáttur námsins er tímafrekur á borð við nám handavinnukennara, er fræðilegur þáttur þessarar greinar (lífefnafræði, líffræði- og líffærafræði, næringarfræði, matvælafræði, örverufræði, vefjarefnafræði og híbýlafræði) umfangsmikill, en hann er undirstaða þess, að stuðlað sé að líkamlegum þrifum þjóðarinnar í skólastarfi.

Því má gera ráð fyrir, að sérnám í hússtjórn fylli allan þann geira sem valgreinum er ætlaður, samanber IV. kafla, 15. gr. Einnig má ætla, að stúdentar í öðrum valgreinum geti haft not af að nema einhverjar af ofangreindum námsgreinum.

Ef kennaranemum í hússtjórnarfræðum verður tryggður viðunandi aðbúnaður við Kennaraháskóla Íslands þarf jafnframt að gefa nemendum á hússtjórnarbrautum fjölbrautaskóla og öðrum sem eftir því leita kost á að ljúka námi til þess að vinna við mötuneyti. Einnig þarf að koma á framhaldsnámi í matvæla- og næringarfræðum fyrir þá sem taka að sér matreiðslu í mötuneytum sjúkrahúsa. Á meðan Hússtjórnarkennaraskólinn er sjálfstæð stofnun, geta nemar með tilskilinn undirbúning stundað þar nám í næringar- og dietfræði.

II. kafli.

Mikilvægt er, þegar stjórnun er falin fundum kjörinna fulltrúa, að þeir séu allir jafnt kvaddir til ábyrgðar (skólaráð, skorarfundur). Væri e. t. v. athugandi að setja í reglugerð ákvæði um fasta fundatíma innifalda í launuðu starfi.

III. kafli.

Bent skal á í sambandi við niðurlag 9. gr., að athugandi er að setja í reglugerð ákvæði um að nemar sem hyggjast stunda hússtjórnarnám skuli sækja námskeið menntaskóla, hússtjórnarskóla eða fjölbrautaskóla í þeirri grein.

IV. kafli.

15. gr. Um sérstöðu hússtjórnarnáms í vali er rætt hér að framan. Ekki er ljóst hver verður hlutur greinarinnar af 12 einingum æfingakennslu, né heldur annarra valgreina.

17. gr. Við röðun námsgreina í skorir virðist eðlilegra að siðfræðin, kristnu fræðin og trúarbragðasagan verði hluti af félagsskor. Vélritun á heima í aðfararnámi.

VII. kafli.

28. gr. Spurning er hvort það er í samræmi við stöðu Kennaraháskóla Íslands að Háskóli Íslands skipi fulltrúa í dómnefnd um hæfi umsækjenda um stöður við K.Í., svo sem uppeldisfræði, ef K.Í. verður samkvæmt 1. gr. laganna „miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi.“.

Reykjavík, 12. desember 1977.

Vigdís Jónsdóttir.

Íþróttakennaraskóli Íslands
Laugarvatni

Laugarvatni, 6. janúar 1978.

Kennarar við Íþróttakennaraskóla Íslands hafa farið yfir frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands og senda, samkvæmt beiðni menntamálaráðuneytisins, meðfylgjandi athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Árni Guðmundsson.

Til Menntamálaráðuneytisins,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Athugasemdir við frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Athugasemdir munu fyrst og fremst gerðar við I. kafla frumvarpsins. Um stjórn stofnunarinnar og aðra þætti er snerta rekstur hennar og innra skipulag verður ekki fjallað sérstaklega.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að nefndin sem samdi frumvarpið hafi haldið samtals 59 fundi og „rætt við ýmsa sérfróða aðila um einstaka þætti viðfangsefnisins". Það skal tekið fram í þessu sambandi, að enda þótt nefndin fjalli um mál, sem snerta menntun íþróttakennara og ræði jafnvel um Íþróttakennaraskóla Íslands, hafði hún aldrei samband eða samráð við skólastjóra eða kennara skólans. Slík vinnubrögð verða að teljast fráleit, þegar það er vitað að enginn af nefndarmönnum hefur sérþekkingu á sviði íþrótta og íþróttakennslu.

I. kafli.

1. gr.

1. tl. Í þjóðfélagi, sem ekki er stærra en hið íslenska, er ef til vill ástæðulaust að vera með marga aðskilda háskóla. Háskólinn ætti því að vera einn — Háskóli Íslands. Í einum háskóla með deildaskiptingu gætu þær stofnanir starfað, sem annast menntun á háskólastigi á Íslandi.

Á næstu árum má gera ráð fyrir mjög ört vaxandi fjölda námsgreina, sem kenna þarf í háskóla. Yrði háskólinn aðeins einn, myndi verða auðveldara að koma við hagræðingu og stjórnsýsla öll yrði auðveldari, þar sem yfirsýn framkvæmda- og fjárveitingavalds myndi verða betri.

Háskóli Íslands gæti þó ekki starfað á einum stað — í einni borg. Hinum ýmsu deildum yrði að dreifa um landið. Með því yrði aðstaða landsmanna jöfnuð nokkuð hvað viðkæmi nábýli við æðri menntastofnanir. uk þess sem víða hagar svo til, að sumar háskóladeildir ættu auðveldara með að starfa úti á landsbyggðinni, mitt í athafnalífinu, en t. d. í Reykjavík.

Yrði aðeins einn háskóli á Íslandi myndi það hafa í för með sér að Kennaraháskóli Íslands, sem nú starfar í Reykjavík, yrði deild í Háskóla Íslands, sem starfaði í Reykjavík, á Akureyri eða á Laugarvatni. Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands tæki breytingum til samræmis við það sjónarmið að skólinn yrði deild í Háskóla Íslands.

2. tl. Haldbær rök hafa ekki komið fram, er mæla gegn því að sérgreinaskólarnir fyrir kennaraefni annist sjálfir uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennaranema eftirleiðis sem hingað til. Það er óþarfa bölsýni að álíta að það skapi sundrung innan kennarastéttarinnar og mismunandi skilning á sameiginlegu hlutverki kennara, ef kennsla í uppeldisgreinum verði ekki á einni hendi. Sameiginlegt markmið kennaraskólanna ætti að vera öllum ljóst, sem við þá starfa, án tillits

til námsgreinanna, sem þeir kenna. Í flestum löndum eru starfandi fjöldamargir skólar, sem búa nemendur sína undir kennslustörf. Ekki er kunnugt um að á milli þeirra ríki togstreita um kennsluefni.

Hér á landi á fjárveitingavald og framkvæmdavald greiðan aðgang að kennaraskólunum, þar sem þeir eru allir ríkisskólar. Ætti því að vera auðvelt að fylgjast með starfrækslu þeirra, bæði kennslunni sjálfri og öðrum rekstri.

Það getur ekki talist rétt stefna að slíta uppeldis- og kennslufræðilegt nám kennaraefna úr tengslum við annað nám þeirra í kennaraskólunum, heldur á það að vera samofið öðru námi, þar sem námsgreinarnar eru tengdar saman í eina heild og þar sem sérhver námsgrein styður aðra að sameiginlegu markmiði. Hins vegar mælir margt með því að um kennslu í uppeldis- og kennslufræði ríki góð samvinna milli kennaraskólanna.

3. tl. Í þessum tölulið leggur nefndin til að Kennaraháskóla Íslands verði talin menntun **allra kennara** á grunnskólastigi — einnig þeirra kennara sem hingað til hafa hlotið menntun sína í sérkennaraskólunum. Þá leggur nefndin til að Kennaraháskóla Íslands verði heimilað að sjá um fullnaðarmenntun kennara í þeim greinum, sem kenndar hafa verið um langt árabil í sérkennaraskólunum. Gert er ráð fyrir, þótt það sé ekki sagt berum orðum, að hér sé átt við að Kennaraháskóli Íslands annist fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m. a. í þessu tilefni: „Nefndin hafði hliðsjón af hagræðingu ...“ og síðar segir: „... af skipulagssökum getur komið sér vel fyrir flesta aðila að saman fari í Kennaraháskólanum nám í sérgrein og uppeldisfræðum“. Hagræðing er góðra gjalda verð en í uppeldismálum er hagræðing ein sér ekki einhlít leið til hollra uppeldishátta. Áður er það komið fram hjá nefndinni, sem samdi þetta frumvarp, að Kennaraháskóli Íslands annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra íslenskra kennara. Þessari skoðun var andmælt hér að framan, vegna þess að varhugavert gæti reynst að slíta þetta nám úr tengslum við aðrar námsgreinar kennaraskólanna. En nú álítur nefndin að af „skipulagssökum“ gæti komið sér vel að saman færi í kennaraháskólanum nám í sérgrein og uppeldisfræðum.

Vitanlega þarf nám í kennaraskóla að vera kennslumiðað, þ. e. að námið taki mið af væntanlegu starfi kennaraefnis. Ekki síst af þeim sökum eiga sérkennaraskólarnir fullan rétt á sér, þar sem þetta sjónarmið, að hafa námið kennslumiðað, hefur jafnan verið í heiðri haft. Enda er um það kunnugt, að kennarar frá þessum skólum hafa yfirleitt verið vandanum vaxnir, þegar þeir hafa byrjað kennslu og furðu lítill viðvaningsbragur verið á kennslu þeirra.

Í gildandi lögum, nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands, 1. gr. 1. tl., er mælt fyrir um að Kennaraháskóli Íslands skuli, til að forðast tvíverknað, hafa samstarf við skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 65/1972 um Íþróttakennaraskóla Íslands, en þar segir í 2. gr.: „Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein ...“

Hér hefur verið vitnað í ákvæði í lögum, sem ekki hefur verið útfært ennþá, þótt fyllsta ástæða hafi verið til þess. Vinna ber að því, að slíkt ákvæði verði áfram í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Leggja ber áherslu á mikilvægi þessa ákvæðis í lögum beggja skólanna, þar sem t. d. nemendur, sem lokið hafa tveggja ára námi við Íþróttakennaraskóla Íslands, ættu greiðan aðgang að námi í Kennaraháskóla Íslands og gætu bætt við sig námi þar í almennum greinum og hlotið fullgilt embættispróf frá KHÍ eftir t. d. tveggja ára nám (eins og átt hefur sér stað) eða lokið kennaraprófi á takmörkuðu sviði í 1—3 bóknámsgreinum eftir eins árs nám í KHÍ.

Það fer ekki á milli mála að oft, einkum við hina smærri skóla, kæmi sér vel að íþróttakennarinn hefði fyllstu réttindi til kennslu fleiri námsgreina en íþrótta. Um þetta efni var sett löggjöf 1963, lög nr. 23/1963 um Kennaraháskóla Íslands. Í þessari löggjöf er að finna ákvæði um **undirbúningsdeild sérnáms**, en þar átti að sjá nemendum, er höfðu hug á kennaranámi í list- og verkgreinum, fyrir alm. und-

irstöðunámi og námi til kennaraprófs í 1—3 bóklegum greinum, sem þeir öðluðust síðan full réttindi til að kenna að afloknu kennarnámi í sérgrein, t. d. íþróttum við Íþróttakennaraskóla Íslands. Undirbúningsdeild sérnáms var starfrækt fram til ársins 1971 og hentaði mjög vel við íslenskar aðstæður, þar sem hægt var að ráða að litlum skólum kennara með sérmenntun í list- og verkgreinum. En undirbúningsdeild sérnáms var lögð niður með tilkomu laga nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands — án þess að nokkurt samráð væri haft við sérkennaraskólana eða álits leitað hjá skólanefndum hinna minni skólahverfa.

Íþróttafræði er yfirgripsmikið og víðtækt námsefni, sem á að vera viðfangsefni sérstakrar stofnunar, sem hefur það sem aðalviðfangsefni.

Með því að gera íþróttir að valgrein til kennaraprófs í Kennaraháskóla Íslands er stigið spor til baka á þróunarferli íþróttakennslu á Íslandi. Í kennaraháskólanum yrði þetta nám, sem valgrein, aðeins hluti úr heilsársnámi og stæði væntanlega tvo eða e. t. v. þrjá vetur. Ljóst er að með því að skipa þessu námi sem valgrein við Kennaraháskóla Íslands næst ekki sá kennslustundafjöldi í námsgreininni sem hún fær nú í sérskólanum í óskiptu tveggja ára námi í Íþróttakennaraskóla Íslands.

Nám í íþróttafræðum er því ekki hægt að skerða með hlutanámi í stofnun sem hefur mörg önnur verkefni. Slíkt nám getur ekki komið í staðinn fyrir nám í sérhæfðri stofnun í tvö eða þrjú ár eins og Íþróttakennaraskóla Íslands.

Norðurlöndin öll starfrækja íþróttakennaraskóla sem eru sérhæfðar stofnanir til að mennta íþróttakennara. Í Noregi er einn slíkur skóli. Í Svíþjóð eru skólarnir tveir. Í Finnlandi er einn skóli og í Danmörku eru þeir tveir. Engum dettur í hug í löndum þessum að skerða starfssvið þessara skóla. Heldur er allsstaðar unnið markvisst að eflingu þeirra sem sérhæfðra skóla í líkamsrækt og íþróttakennslu.

Íþróttir eru margslungið viðfangsefni, sem skipar sífellt stærri og stærri sess í skólum hinna ýmsu landa, þar sem forystumenn skólamála gera sér nú betur en áður grein fyrir þýðingu líkamsræktar í uppeldi og öllum velfarnaði manna. Á Íslandi hefur það verið hlutverk Íþróttaskóla Björns Jakobssonar og síðar Íþróttakennaraskóla Íslands að sjá um menntun íþróttakennara. Íþróttakennarar á Íslandi hafa því allir numið við sérskóla og kennt við hina fjölmörgu skóla landsins og getið sér góðan orðstír sem kennarar og uppalendur. Mörg dæmi eru um að íþróttakennurunum hafi verið falin hin vandasömustu og erfiðustu verk innan skólanna.

Íþróttakennaramenntun á Íslandi er nú senn hálfrar aldar gömul. Á þessu tímaskeiði hefur Íþróttakennaraskóli Íslands haslað sér völl sem föst og gróin stofnun og gegnt forystuhlutverki í menntun íþróttakennara. Áhrif þessarar stofnunar í líkamsrækt landsmanna á ekki að slæva með því að draga úr áhrifum hennar á menntun íþróttakennara og fela annarri stofnun að annast sérmenntun íþróttakennara að hluta til eða að öllu leyti. Fjármagn ríkissjóðs hefur jafnan reynst af skornum skammti til þessara mála og getur það vart talist til skiptanna. Íþróttakennaraskóla Íslands á því að efla sem sérhæfða stofnun á sviði kennslu íþrótta og líkamsræktar — stofnun sem starfar sjálfstætt en í samstarfi við Háskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands.

4. tl. Íþróttakennaraskóli Íslands hafði um nær þriggja áratuga skeið staðið fyrir endurmentunar- og viðbótarmenntunarnámskeiðum fyrir íþróttakennara. Skólinn sinnti þessu mikilvæga verkefni í menntun íþróttakennara langt á undan öðrum er séð hafa um menntun kennara. En með tilkomu laga nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands breyttist þetta að því leyti að námskeið fyrir íþróttakennara hafa síðan verið kostuð af fé, sem veitt hefur verið til Kennaraháskóla Íslands til starfrækslu námskeiða. Framkvæmd þessara námskeiða hefur þó að verulegu leyti hvílt á íþróttafulltrúa ríkisins og Íþróttakennarskóla Íslands. Vegna fenginnar reynslu af framkvæmd námskeiða fyrir íþróttakennara þykir rétt að leggja til að gerð verði sú breyting á 4. tl. 1. gr. að á eftir „menntamálaráðuneytið“ komi „og sérgreinaskóla fyrir nemendur“, síðan „annast endurmenntun ...“ o. s. frv.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Myndlista- og handíðaskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

I

Í frumvarpinu er það ítarlega rakið, að KHÍ skuli verða miðstöð uppeldislegra rannsókna í landinu og að kjarnamiðja hans sé **listin að kenna.**

Kjarnahugsun MHÍ er á sam hátt **myndlistin sjálf.**

Við listaskóla, sem varðveitt hafa teiknikennaradeild sína eins og Konstfackskólinn í Stokkhólmi, eru unnar merkar rannsóknir á sviði myndtáknmáls, gildis mynda í nútímaþjóðfélagi og myndfræðslu þar að lútandi. Slík rannsókn getur aðeins farið fram við listaskóla, sem sinnir menntun myndlistakennara jafnhliða almennu listnámi.

Ljóst er, að eigi MHÍ ekki lengur að annast verklega menntun kennara fyrir grunnskólastigið, glatast ákaflega þýðingarmikill þáttur, sem er hin uppeldislega — pedagógiska — hlið myndlistamótunar.

MHÍ rekur nú allumfangsmikinn námsskeiðaskóla. Þar á meðal barna- og unglingadeildir, þar sem kennarar hafa tækifæri til að þróa hugmyndir sínar í framkvæmd og fylgjast náið með æfingakennslu. Fullorðinsdeildirnar eru og nátengdar fræðsluhugsjóninni og grundvöllur kennaradeildanna og námskeiðaskólans því að nokkru leyti sá sami.

Teikning er lifrænt fag, og börnum og unglingum er hún ríkur tjáningarmiðill. Teikning er einn af hornsteinum myndlistarinnar, áherslur hennar síbreytilegar, og á fáum stöðum er mótunin augljósari en við góðan listaskóla. Því er það mjög alvarlegt mál að rjúfa tengsl fagsins við lífkjarna sinn og móðurstofnun. Óþarft ætti að vera að eyða dýrmætum tíma og fjármunum uppeldisrannsóknarmiðstöðvar til þes að færa sönnur á jafnaugljósa staðreynd.

Frumvarpið felur í sér það nýmæli, að KHÍ skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Því ber að fagna, ef framkvæmd frumvarpsins verður í jafnréttisátt og myndlistakennarar öðlast sömu kjör og aðstöðu við störf sín og aðrir kennarar. Blöndun almenns bóknáms og myndlistarkennslu eða verkgreina getur verið mjög jákvæð einkum hvað varðar teikningu, því að myndir eru sífellt að verða meiri samskiptamiðill og notkun þeirra við kennslu líkleg til að aukast stöðugt.

Margsinnis hefur verið á það bent, að stundafjöldi ætlaður listgreinum í hinu nýja frumvarpi er allmiklu minni en stundafjöldi þessara greina er við MHÍ og Tónlistarskólann í Reykjavík. Vera má, að óhjákvæmilegt sé að sætta sig við þessa tímaskerðingu vegna samræmingar kennaranámsins, en þá virðist eðlilegt að krefjast myndlistarundirbúnings af þeim framhaldsnemum, sem sækja um myndmennt við KHÍ.

Stytting námstímans verður miklum mun tilfinnanlegri, ef KHÍ verður falið að annast verklegan þátt menntunar teiknikennara. Við það rofna tengslin við starfandi listamenn og þar með snertingin við innviðu myndlistar í víðfeðmum skilningi. Námið verður yfirborðslegt. Umræður þær og vangaveltur sem eru samfara námi við myndlistarskóla eiga sér ekki stað.

Það er því álit okkar, að ekki skuli að svo stöddu máli færa verklega kennslu yfir í KHÍ og vandlega athugað hvaða áhrif slík tilfærsla hafði á smíða- og handavinnukennaradeildirnar, sem fluttar voru til KÍ árið 1956, áður en slíkt skref er stigið.

Þeir sem frumvarpið sömdu, hafa gert sér grein fyrir þeim erfiðleikum, sem skapast myndu við flutning verkgreina frá sérskólunum yfir í KHÍ.

Óvíst er þó, hvort þeir hafa gert sér nægjanlega grein fyrir hættunni á doða og kyrrstöðu, sem kann að bíða myndmennta í grunnskólum landsins, sé þjálfun kennara kippt úr sínum eðlilega jarðvegi við það, að bóknámsskóli teygir sig enn

yfir á svið verknámsskóla, þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis, að auka þurfi verkmennt í landinu.

Við álítum, að allra leiða skuli leitað til að glæða mynd- og handmenntir jafnt myndfræðilegu og kennslufræðilegu inntaki, en sjáum ekki ástæðu til að óska orðalagsbreytingar við frumvarpið, þar sem ofantalin atriði eru einungis bundin við heimild eða reglugerðarákvæði.

Reykjavík, 27. júní 1977

Hildur Hákonardóttir, skólastjóri

Menntamálanefnd þjóðkirkjunnar

Reykjavík, 23. nóvember 1977.

Menntamálanefnd þjóðkirkjunnar hefur fjallað um frumvarp til laga um **Kennaraháskóla Íslands**, einkum með tilliti til stöðu kristinna fræða í menntun kennara.

Nefndin fagnar því að kristnum fræðum er í frumvarpinu ætlaður sess í uppeldisskor með öðrum mikilvægustu námsgreinum skólans og telur það í samræmi við það hlutverk sem þeim er ætlað samkvæmt grunnskólalögum.

Með tilliti til þessa er nauðsynlegt að tryggja að kristin fræði verði gildur þáttur í kjarnanámi allra grunnskólakennara.

Framangreind samþykkt var gerð á fundi í Menntamálanefnd þjóðkirkjunnar 15. þ.m.

Þetta tjáist yður, hæstvirtur menntamálaráðherra, hér með.

Ólafur Haukur Árnason, formaður.

Hr. Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra
Menntamálaráðuneytinu
Reykjavík.

Athugasemdir um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands frá starfsfólki skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins.

Um 1. kafla.

1. gr. hefst með orðunum: „Kennaraháskóli Íslands skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi ...". Ekki er fyllilega ljóst hvernig skilja ber ákvæði þetta. Við teljum að það megi ekki túlka á þann veg að skólinn annist einhvers konar yfirstjórn allra slíkra rannsókna. Það kynni að takmarka rannsóknarefni sem valin verða og not af niðurstöðum. Orðalagi greinarinnar ber því að breyta þannig að skólanum sé ekki ætlað að vera miðstöð slíkra rannsókna en hins vegar gert ráð fyrir að þær fari fram á vegum hans.

Um 1. og 4. kafla.

Í lögin vantar skilgreiningu á því hvernig uppeldis- og kennslufræðilegri menntun, sem skólanum er ætlað að annast fyrir alla kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi (sbr. 1. gr. 2. liður), skuli skipað fyrir þá sem hafa numið utan skólans (í Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Vélskóla o. s. frv.). Æskilegt virðist að það nám samsvari 35 námseiningum. Um þetta þarf að fjalla í sérstakri grein í 4. kafla.

Um 2., 4. og 6. kafla.

Nemendum er að okkar dómi ætlaður of lítill hlutur að stjórn skólans og ákvörðunum um skipan námsmats og prófa. Sérstök ástæða er til að benda á tak-

markaða fulltrúatölu nemenda í skólaráði (4. gr.) og takmarkaða möguleika þeirra á að ráða hvenær boðað er til fundar í ráðinu (5. gr.).

Auka má hlut nemenda í ákvörðunum um námsefni og skipan námsins með því að setja í lögin ákvæði um námsnefndir með jafnri fulltrúatölu frá kennurum og nemendum er hefðu svipað hlutverk og námsnefndir þær sem fjallað er um í reglugerð fyrir Heimspekideild Háskóla Íslands.

Opna þarf möguleika á því að frá Kennaraháskólanum geti útskrifast sérkennarar í ákveðnum greinum, s. s. mynd- og handmennt og tónmennt, þannig að þeir sem lokið hafa námi í sérskólum á þessu sviði þurfi ekki að ljúka prófum sem veita þessi almennu kennararéttindi heldur einungis í uppeldis- og kennslufræðum og frekara námi í sérgreinum sínum.

Í sambandi við 3. gr. virðist okkur ástæðulaust að takmarka kjörgengi til rektorsstarfs við hóp fastra kennara þar sem það gæti útilokað vel hæfa menn frá því að eiga kost á starfinu.

Uppeldisskor ætti að nefnast Uppeldis- og kennslufræðiskor.

Um 3. kafla.

Rýmka ber inntökuskilyrðin sem 9. gr. kveður á um, m. a. vegna ákvæða í 1. gr. í frumvarpinu sjálfu, þar sem skólanum er ætlað að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara á öllum stigum öðrum en háskólastigi og gert heimilt að annast fullnaðarmenntun í þeim greinum, sem kenndar eru í sérskólum við setningu laganna.

Meginástæðan fyrir því að við teljum að rýmka beri inntökuskilyrðin er þó sú að okkur eru ekki kunn nein haldbær rök fyrir því að neita því fólki um rétt til að hefja nám við stofnunina sem telur sér það fært og finnur hjá sér köllun til þess.

Við leggjum því til að við 9. gr. bætist sérstakt ákvæði sem heimili öllum sem náð hafa 24 ára aldri inntöku í Kennaraháskólann.

Í 11. og 12. gr. eru of ströng ákvæði, erfitt getur reynst fyrir nemanda að leita réttar síns og það tekið langan tíma og ákvæðin um námsástundun gætu hrundið góðum kennaraefnum frá námi að ástæðulausu.

Um 7. kafla.

Við teljum að það geti haft slæm áhrif á starf Kennaraháskólans ef kennurum hans verður skipt í 5 mismunandi flokka eftir starfsheitum sem ráða miklu bæði um inntak starfsins, starfsskyldur og laun. Stofnunin þarf ekki á hefðbundnum háskólakennaratitlum og hefðbundinni hlutverkaskiptingu, sem þeim hefur fylgt, að halda. Við leggjum til að í lögunum verði notað eitt starfsheiti fyrir kennara við skólann og starfsskyldur verði ákveðnar með reglugerð eða ráðningarsamningi. Gert verði ráð fyrir að starfið geti verið fólgið í bæði kennslu og rannsóknum eða öðru tveggja.

Einnig verði í lögunum ákvæði er heimili tímabundna ráðningu kennara af grunnskóla- og framhaldsskólastigi til kennslustarfa við Kennaraháskólann.

Reykjavík, september 1977.

Hörður Bergmann. Anna Kristjánsdóttir. Jacqueline Hannesson.
Sigurður Pálsson. Peter Søby Kristensen. Ólafur Proppé.
Þórir Sigurðsson. Indriði Gíslason. Guðmundur Ingi Leifsson.
Ingvar Sigurgeirsson. Hrólfur Kjartansson. Njáll Sigurðsson.
Guðmundur Þ. Harðarson.

Til
menntamálaráðherra
Vilhjálms Hjálmarssonar
Reykjavík.

Dr. Wolfgang Edelstein
Max Planck Institut für Bildungsforschung
Berlin

Herra ráðuneytisstjóri
Birgir Thorlacius
Menntamálaráðuneytinu
Reykjavík.

Reykjavík í janúar 1978.

Hér með legg ég fram umsögn þá, um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, sem ég var beðinn að láta í té með bréfi ráðuneytisins dags. 19. september (dagb. k-1). Mér þykir leitt að vegna anna var mér ókleift að semja umsögnina fyrr.

Virðingarfyllst,

Dr. Wolfgang Edelstein.

Umsögn um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

0. Formáli.

Í umsögn minni tek ég aðeins afstöðu til þeirra atriða í frumvarpinu sem ég tel mig geta tekið afstöðu til á grundvelli sérfræðiþekkingar í einkum kafla I, IV og V). Þessi atriði lúta að meginstefnu þeirri sem mörkuð er í frumvarpinu og vísindalegri og kennslufræðilegri skipan kennaranáms. Hins vegar mun ég ekki fjalla um innri skipan Kennaraháskólans sjálfs, svo sem um stjórn hans, starfslið og rekstur, innritun nemenda og skólavist o. s. frv. Kaflarnir sem fjalla hér um fela í sér hagnýtar ákvarðanir um uppbyggingu og rekstur stofnunar og mega teljast álitamál og byggjast á hagnýtri reynslu og samkomulagi. Ég hef enga þá sérþekkingu er gæti réttlætt að ég taki afstöðu til þeirra mála. Ég mun því einkum fjalla um kafla I, IV og V.

1. Meginstefnan.

1.1. Tvennt er það sem einkennir meginstefnu frv.: a) að gera KHÍ að sérstakri vísinda- og rannsóknastofnun á háskólastigi, b) að flytja í **eina** stofnun — KHÍ — allt fræðilegt átak sem unnt er að gera í uppeldisvísindum, hvort heldur er nám eða rannsóknir. Þó að starfsmenntunarhlutverki skólans séu vitanlega gerð skil í frv. ræður það markmið, að gera KHÍ að vísinda- og rannsóknastofnun frv. svo mjög að fyrsti töluliður fyrstu greinar skilgreinir þetta markmið, en starfsmenntunarhlutverkið er ekki skilgreint fyrr en í næstu töluliðum greinarinnar. En fyrsti töluliður kveður svo á: „KHÍ skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi og búa nemendur undir háskólapróf í þeim fræðum."

Það er auðséð á greinargerðinni (sjá bls. 10—12, 13—15 og eins í athugasemdum um I. kafla, 1. grein, 1. tl.) að hér er ekki um stílbrögð eða aukaatriði að ræða. Meira en 3 síður af 5, sem fjalla um „mikilvægustu nýmæli frumvarpsins" eru helgaðar þessu efni. Í stuttu máli sagt stefnir frumvarpið að því, eins og segir í athugasemd við 1. tl. fyrstu greinar (bls. 15) að flytja kennslu í uppeldisfræði úr Háskóla Íslands yfir í Kennaraháskólann.

Nú er þessi stefna studd þeim rökum að tengja skuli mannafla, fjármagn, náms- og rannsóknaaðstöðu til eflingar uppeldisstarfi í landinu. Þessi rök eru sannfærandi. Mannafli og fjármagn til fræðistarfa og rannsókna hér á landi eru af skornum skammti og vissulega nýtast þau betur, ef forsendur eru skapaðar til að bæta vísindaaðstöðuna skipulagslega, enda afar mikil þörf

á því vegna örra breytinga á félags- og uppeldisháttum í landinu, að aðstaða til rannsókna á uppeldissviðinu verði aukin og bætt uppeldi og skólakerfi í hag. Undirritaður telur því að augljósar ástæður séu fyrir þeirri stefnu frv. að tengja mannafla, fjármagn, náms- og rannsóknaaðstöðu til eflingar uppeldisstarfi í landinu. Öðru máli gegnir um framkvæmdina á þessari stefnu, sem frumvarpið fylgir. Frv. telur „eðlilegt“ (bls. 14) að þessi samtenging gerist í KHÍ **vegna þeirrar stefnu sem mörkuð er í fyrstu grein frumvarpsins.** Þessu fylgja verulegir annmarkar. Að vísu gæti háskólinn e. t. v. tekið því að missa uppeldisfræðina yfir í aðra stofnun, þó að slík ákvörðun myndi vera einsdæmi og auk þess valda verulegri röskun á nýstofnaðri félagsvísindadeild háskólans. Hitt er miklu alvarlegra mál, að slík ákvörðun mundi leysa fræðilegt nám og rannsóknir í uppeldisfræði úr samhengi við þá stofnun sem helst hefur möguleika til þess hér á landi að ábyrgjast fræðilegan grundvöll náms og rannsókna, laða til sín fræðimenn og leggja gagnrýnið mat á vísindalega starfsemi. Um leið myndu uppeldisvísindin sjálf svipt stofnunarlegu fulltingi félagsvísinda og sálfræði, sem uppeldisvísindum er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að njóta, vegna þess að þessum vísindagreinum eru þau fræðilega háð. Það hefur hvarvetna rýrt gildi uppeldisrannsókna og háð fræðilegum árangri á þessu sviði mjög, ef tengsl þeirra við félagsvísindalegan og sálfræðilegan grundvöll voru rofin. Þetta á sér eðlilegar skýringar: a) Einangrun uppeldisvísinda og rannsókna á uppeldissviðinu frá félagsvísindalegum og sálfræðilegum grunnfögum hefur svipt uppeldissviðið fræðilegri viðmiðun við þær meginbreytur og viðfangsefni undirstöðurannsókna sem bæði undirstöðurannsóknir og hagnýtar rannsóknir á uppeldissviðinu eru tengdar (t. d. félagsmótun og fjölskyldugerð, viðhorfsmyndun, ferill vitsmunaþroskans o. s. frv.). b) Sérstofnanir fyrir uppeldissviðið hafa ekki getað laðað til sín þá fræðimenn, sem vegna fræðilegrar hæfni sinnar og færni í rannsóknum áttu aðgang að háskólastarfi og samvinnu við aðra þá er fengust við fræðistörf og rannsóknir á félags- og sálfræðisviði. Af þessum sökum á sú leið að sameina kennaramenntunarstofnanir háskólum æ meira fylgi að fagna, enda hafa ýmsar merkustu og áhrifamestu kennaramenntunarstofnanirnar myndast á þann veg, svo sem Teacher College við Columbia-háskólann í New York, School of Education við Chicago-háskóla eða School of Education við Lundúnaháskóla, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þetta er og sú leið sem valin hefur verið við þrjá kennaraskóla, sem besta menntun teljast veita kennurum í Vestur-Þýskalandi: Hamborg og Frankfurt, þar sem kennaraskólar eru deildir innan háskólanna, og Vestur-Berlín, þar sem nú er verið að sameina kennaraháskólann og háskólann (Freie Universität Berlin).

Það er því hætt við að sú leið, sem frv. fer í samtengingarstefnunni, geti leitt bæði til hættulegrar einangrunar skólans og takmarkana á vísindalegri „reisn“ á gæðum rannsókna og notagildi. Gegn slíkri einangrun gæti KHÍ tæpast leitað annarra ráða en þeirra að byggja upp félagsvísinda- og sálfræðinám og fræðistörf í KHÍ sem svöruðu til hliðstæðrar starfsemi háskólans að gæðum. Það er augljóst að slík tilraun getur vart tekist vel. Háskólinn á sjálfur fullt í fangi með að byggja þessar fræðigreinar upp og fá til þess færa starfskrafta. KHÍ gæti ekki keppt við háskólann um starfskrafta vegna þess að hann hefur ekki fræðilega reisn (status) á við þá hefðum studdu fræðistofnun sem háskólinn er. Hins vegar kemur ekki til greina að staðsetja félagsvísindin öll í KHÍ, til þess að tryggja uppeldisvísindum rétt fræðilegt umhverfi, enda myndi háskólinn sjálfsagt leggjast á móti því af augljósum ástæðum og enginn telja það eðlilega lausn.

Eins og fyrr er sagt verður hins vegar að telja það rétta stefnu að aðstaða til fræðilegs náms og rannsókna sé hagnýtt sem best. Raunar er það forsenda þess að slík starfsemi geti yfirleitt farið fram með sóma hér á landi, þar

sem mannfæð og fjárskortur munu halda áfram að valda örðugleikum um fyrirsjáanlega framtíð.

En sé það rétt stefna að tengja fræði- og rannsóknagetu Háskóla Íslands og KHÍ virðast því af áðurgreindum ástæðum (a) vísindalegar og b) stofnunarlegar forsendur fræðistarfa á uppeldisvísindalegu sviði) sá einn kostur skynsamlegur að tengja KHÍ við háskólann, í stað þess að fara öfuga leið eins og frv. gerir ráð fyrir, og nýta þá fræðilegu aðstöðu, sem háskólinn hefur, uppeldisvísindum og kennaranámi í hag.

1.2. Nú virðist allt benda til þess að frv. vilji tryggja KHÍ stöðu sem sé óháð háskólanum og að mestu ótengd honum. Slík ákvörðun hefði bagaleg áhrif á kennaramenntunina sjálfa, þ. e. starfsmenntunarhlutverk KHÍ. Uppeldisfræðilegt nám allra kenara á skv. frumvarpinu að flytjast í KHÍ — og þá burt úr háskólanum og úr tengslum við félagsvísindin eins og áður segir. Þar sem faglegt nám kennara á framhaldsskólastigi verður eftir sem áður í háskólanum, mun sú ákvörðun að flytja uppeldisfræðinám og rannsóknastörf í KHÍ, lima í sundur kennaranámið í háskólanum og skipta því á tvær stofnanir. Við þetta mætti þó una, ef góð rök mæla með því að flytja uppeldisfræðina í KHÍ. Afdrifaríkari er ákvörðun þessi þó með tilliti til framvindu kennaranámsins í KHÍ sjálfum. Í stað þess að stofna til námsgrundvallar í sterkri stofnun, sem veitir kennaranemum tækifæri til náms á tiltölulega háu stigi í tiltölulega mörgum fögum og sviðum, er þeim skorinn óþarflega þröngur stakkur. Einkum er hann þrengri en athuganir á þörfum skólakerfisins gefa ástæðu til. Tengsl við fræðslu einkum á sviði félagsvísinda (sálfræði og félagsfræði) og hagvísinda, en einnig á sviði raunvísinda (t. d. líffræði) og jafnvel læknisfræði, verða miklu örðugri ef tvær óskyldar stofnanir sjá um menntun kennara annars vegar og menntun til annarra akademiskra starfa hins vegar. Augljóst er orðið af athugunum á þjóðfélagsbreytingum á Íslandi (þ. á m. snöggum breytingum á lífvistun barna og unglinga og breytingum á fjölskyldugerðum) að þörfum þjóðfélagsins og skólakerfisins fyrir margvíslega sérhæfingu margra kennara á ólíkum sviðum tengdum háskólamenntun (einkum á sviði félagsvísinda) verður trauðla svarað nema með nánari tengslum við aðrar vísindagreinar, en til þess þarf sterk og skipuleg tengsl við háskólann.

Sú stefna sem fylgt hefur verið með því að lyfta kennaranámi á háskólastig er að reisa hlutverk kennarans og kennaranám á vísindalegum starfsgrundvelli. Á því leikur enginn vafi að sú stefna er rétt: Hlutverk kennara í verkskiptu breytingarsamfélagi þarf að byggjast á vísindalegum grunni. En hitt getur ekki talist rökrétt afleiðing af þessari réttu stefnu að skilja nám kennarans frá almennu vísindalegu námi og fræðslu, og þá stofnun sem tilvonandi kennarar nema starfshluverk sitt í, frá þeirri stofnun sem stendur undir vísindalegu starfsnámi í landinu. Það væri í meira samræmi við þá stefnu sem frv. telur sig fylgja, ef Kennaraháskólinn færðist nær háskólanum, byggði upp kerfisbundin og þó sveigjanleg tengsl við hann og leitaðist að lokum við að sameinast honum vísindalega og skipulagslega, þó með tilliti til þeirrar sérstöðu sem kennaranáminu hentar, því þrátt fyrir allt hefur kennaramenntunin um margt sérstöðu gagnvart öðrum vísindalega grundvölluðum menntunargreinum. Meðal annars felst slík sérstaða í því, að vísindalega grundvölluð kennaramenntun er nýnæmi á Íslandi, og krefst því skipulagslegrar sérstöðu gagnvart þeirri skipan á háskólamenntun, sem aðrar hefðbundnari vísindalegar starfsgreinar hljóta. Því er hér alls ekki lagt til að afnema sjálfræði Kennaraháskólans, heldur hitt að sjá til þess að kennaramenntun geti þróast eins og önnur akademisk svið innan háskólans og inn í háskólann. Skipuleg tengsl milli skólanna gætu verið upphaf að skipan sem gæti endað með samruna þessara stofnana, t. d. þannig að KHÍ væri sjálfstæð stofnun innan vébanda háskólans, e. k. „College of Education at the University of Iceland“. Út frá

þeirri reynslu sem fengist hefur á þróunarskilyrðum kennaramenntunar annars staðar, myndi maður álykta að kennaraháskóli, sem er annt um að tryggja vísindalegan grundvöll sinn og þróa vísindalega starfsmenntun kennara, muni leitast við að stefna í þá átt að eignast aðstöðu í almennum háskóla og samstöðu með honum.

2. Nokkur inntaks- og skipulagsatriði.

2.1. Margir skipulags- og inntaksþættir í undirbúningi kennaraefna undir starf sitt eru umdeilanlegir í dag og nokkur óvissa ríkir um valkosti og þróunarskilyrði kennaranáms víða um lönd. Víst er að kennslustörf og kennaranám þurfa að taka meira mið af undirstöðurannsóknum í sálfræði (einkum þroskasálfræði og sálfræði námshvatningar) og félagsfræði (einkum félagsmótun námsviðhorfa og vitsmunaþroska). Einnig er ljóst að leitast þarf við að aðhæfa hina almennu þekkingu, sem áunnist hefur í rannsóknum á námsskilyrðum og forsendum árangurs í námi, að íslenskum samfélags- og atvinnuháttum og skólakerfinu hér.

Að þessu athuguðu er mjög umdeilanlegt, hvort beri að festa námsferil og námskröfur til kennararéttinda í lög. Núverandi skipan hlýtur að vera til bráðabirgða uns reynsla er fengin á gildi hennar. Hvort þriggja ára nám nægi til frambúðar; hvort einingaskiptingin er hagkvæm; hvort kennslumagn er skynsamlega skilgreint, miðað við starfsundirbúningsþarfir kennara í nútímasamfélagi — allt þetta orkar tvímælis. Ólíklegt er að almenn undirstaða kennarastarfs — almennar uppeldisgreinar — geti sinnt hlutverkinu sem þeim er ætlað með þeim einingum sem þeim eru úthlutaðar (30). Óljóst er hvort sérstök fög bundin uppeldis- og sálfræði kennslu og náms (kennslufræði) í skyldu og valgreinum eru gerð viðunandi skil.

Skoraskipting orkar og tvímælis. T. d. er félagsfræðimenntun ekki talin hluti af uppeldisskor, þó að þessi grein félagsfræðinnar (þ. e. félagsfræði skólaskipunar, bekkja og hópa og félagsmótunarfræði) séu allt að því jafnmikilvægir þættir uppeldisnáms og t. d. sálarfræði. Almenn félagsfræði sem undirstöðugrein í félagsskor er þessu óháð. Siðfræði og trúarbrögð ættu frekar heima í félagsskor; heimspeki — hefðbundin undirstöðugrein í uppeldisvísindum — er hvergi nefnd á nafn. Ekki virðist gert ráð fyrir þeim möguleika að velja valgreinar meðal almennra uppeldisgreina. Væri það skammsýn ákvörðun ef þess er gætt, hversu mörg hlutverk kennara koma til með að krefjast sérstakrar menntunar í ýmsum almennum uppeldisgreinum: ráðgjöf ýmiss konar, samstarfs-, skipulags- og stjórnunarstörf, heimavistarstörf í dreifbýli, tómstundastjórnun, úrlausnir á ýmiss konar sérvandamálum nemenda og foreldra, samstarf við atvinnuvegina, kynfræðsla og meðferð á sérvandamálum unglinga o. s. frv.

Augljóst virðist að æfingakennslu (hagnýtum starfsundirbúningi kennaraefna) verða ekki gerð viðunandi skil, hvorki fræðilega né hagnýtt, innan þeirrar skipunar sem frv. greinir (12 einingar). Þrátt fyrir kafla VIII í frv. sem fjallar um Æfingaskóla er það meginvandamál allrar kennaramenntunar hér á landi, sem felst í hagnýtum starfsundirbúningi kennaraefna, hvergi tekið sannfærandi tökum. Hlutverk æfingaskólans — sem höfundur þessarar umsagnar er að öðru leyti fyllilega sammála um — er allsendis óskilgreint með tilliti til þess, hversu hagnýtu námi (æfingakennslu, kennsluæfingum, samvinnu við leiðbeinendur o. s. frv.) skuli hagað. Þetta eru verulegir gallar, ef leiða á skipan þessa í lög; frekar væri við slíkt unandi, ef rammagreinar væru almennari og reglugerðir kvæðu á um nánari útfærslu og breytingar á fyrirkomulaginu eftir því sem vísindaleg upplýsing og hagnýt reynsla gæfu tilefni til.

2.2. Um V. kafla hefur verið fjallað í greinum 1.1 og 1.2 hér að framan.

2.3. Loks er rétt að taka það fram, að skipulagstengsl og hlutverk Kennaraháskólans í menntun sérnámskennara (íþróttakennara, myndlistakennara, tónmenntakennara) eru óljós, þó að þess sé getið í þriðja tl. fyrstu greinar frv. að heimilt sé að fela KHÍ almenna uppeldisfræðilega menntun þeirra, er sérstofnanir sjá um fagmenntun fyrir.

Sama gildir um endurmenntun og viðbótarmenntun fyrir starfandi kennara — eitt mikilvægasta hlutverk KHÍ, miðað við félagslegar þarfir, breytingar í skólakerfinu og starfsþarfir kennara við nútíma starfshætti. Ný lög um hlutverk KHÍ og skipan geta tæpast leitt hjá sér stefnumótun í svo mikilvægum málum. Að sumu leyti eru þau jafnvel enn meira knýjandi, við núverandi aðstæður, en undirbúningsmenntun kennara, þar sem framhaldsmenntun og viðbótarmenntun snertir fjölda starfandi kennara. Í heild virðist mega segja að höfundar frumvarpsins virðast ekki hafa gert upp við sig, hvort þeir semja rammalöggjöf er krefst nánari útfærslu með reglugerðarákvæðum, eða fastbinda framkvæmdaatriði í lögum. Tæknilega er frumvarpið beggja blands og virðist það ekki ákjósanleg lausn.

3. Niðurstöður.

3.1. Meginstefna frumvarpsins miðar að einangrun KHÍ frá HÍ og fræði- og vísindastarfsemi háskólans. Tengsl þessara stofnana virðast hins vegar forsenda bæði fyrir skynsamlegri þróun kennaranámsins sjálfs (starfsmenntunarhlutverki KHÍ) og framvindu rannsókna á sviði uppeldisvísinda á Íslandi. Frumvarpið gengur í aðra átt og getur komið til með að hindra þróunina, ef að lögum verður, frekar en stuðla að henni. Einkum er hætta á að einangrun KHÍ hindri að nægilega hæft lið veljist til kennslu eða rannsókna þar; að munur verði á gæðum og reisn stofnananna, framvindu beggja stofnananna sem og uppeldiskerfisins á Íslandi í óhag.

3.2. Skilgreiningar á námi og námsskipan í KHÍ, námsskrá, einingakerfi og hagnýtu námi í starfsundirbúningi (æfingakennslu); svo og stefnumótun um tengsl við nám kennara í sérskólum, skipulag, inntak og markmið endurmenntunar eru ekki nógu ljósar. Frumvarpið virðist annars vegar fastbinda ákveðin framkvæmdaatriði um of í lögum, en hins vegar ekki skilgreina nægilega vel ýmsa mikilvæga þætti í hlutverkaskrá kennaraháskóla á Íslandi.

Reykjavík, í janúarmánuði 1978.

Dr. Wolfgang Edelstein.

Nd. 367. Frumvarp til laga [189. mál]

um búnaðarfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI
UM HLUTVERK, SKIPULAG OG STJÓRN

1. gr.

Markmið búnaðarfræðslu er:

a) að veita bændaefnum og öðrum hagnýta fræðslu um landbúnað;
b) að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra, er við og fyrir landbúnað starfa;
c) að veita vísindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar.

Almenn búnaðarfræðsla skv. liðum a og b fer fram við búnaðarskóla, sbr. II. kafla. Enn fremur getur hún farið fram við aðra framhaldsskóla, í bréfaskóla, með námskeiðahaldi og á hvern þann hátt annan, sem hagkvæmt þykir og samþykkt er af yfirstjórn búfræðslumála. Fræðsla skv. lið c fer fram við búvísindadeild bændaskólans á Hvanneyri í Borgarfirði, sbr. III. kafla laganna.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu.

Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

4. gr.

Á skólastöðum eða í tengslum við þá skal reka fjölbreyttan búskap, er fullnægi sem flestum þörfum kennslu og verkþjálfunar, skapi aðstöðu til rannsókna og sé til fyrirmyndar, hvað snertir rekstrarhætti og umgengni.

5. gr.

Rannsóknir við skólana skulu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu.

II. KAFLI
UM BÚNAÐARNÁM

6. gr.

Í landinu skal starfrækja a. m. k. þrjá búnaðarskóla, að Hólum í Hjaltadal, á Hvanneyri í Borgarfirði og í Odda á Rangárvöllum. Á búnaðarskólum skal veita bóklega og verklega fræðslu um alla þætti almenns búrekstrar svo og um aukabúgreinar, eftir því sem við verður komið við hvern skóla.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið verkaskiptingu á milli skóla og skólabúa, ef þurfa þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra, og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

8. gr.

Við hvern skóla skal starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Skólanefnd skal m. a. efla tengsl skólanna við bændur og búnaðarsamtök á svæðinu og vera skólastjóra til fulltingis við uppbyggingu skólasetursins. Nánar skal kveða á um skipun og starfsvið hverrar skólanefndar í reglugerð. Skólanefndir séu ólaunaðir.

9. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara við skólana, en skólastjóri ræður stundakennara.

Kennarar við hvern skóla skulu vera eigi færri en 6 auk skólastjóra. Af þeim skal einn hafa yfirumsjón með skipulagningu á verkþjálfun og verknámi nemendanna, sbr. 12. gr. þessara laga.

Skipa má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

10. gr.

Fastir kennarar búnaðarskólanna skulu vinna fullt ársstarf. Auk kennslu skulu þeir vinna að rannsóknum, kennslubókagerð og öðrum hliðstæðum störfum í þágu skólastofnunarinnar. Nánar skal kveðið á um störf skólastjóra og kennara í erindisbréfi.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.

11. gr.

Almenn deild búnaðarskóla nefnist bændadeild og lýkur námi í henni með búfræðiprófi.

Inntökuskilyrði í bændadeild eru:

1. Umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi eða aflað sér á annan hátt jafngildrar undirbúningsþekkingar að dómi skólastjóra.
2. Umsækjandi hafi öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, bæði vetur og sumar.

12. gr.

Nám við bændadeild skal skipuleggja sem tveggja ára nám. Árlegur námstími skal eigi vera skemmri en 27 vikur. Námið skiptist í eftirtalin þrjú svið:

1. Grunnnám með aðaláherslu á undirstöðuatriði búfræði og búrekstrar.
2. Verknám og verkþjálfun, er farið getur fram jöfnum höndum á skólastöðunum og á bændabýlum eða öðrum búum, og þá undir eftirliti skólans.
3. Nám í hinum einstöku greinum búfræði og tengdum greinum.

13. gr.

Námsefni til búfræðiprófs skal ákveðið með námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Auk búfræðigreina og tengdra greina skal til búfræðiprófs kenna íslensku og stærðfræði. Enn fremur skal gefa nemendum kost á kennslu í ensku og einu Norðurlandamáli eftir ákvörðun búfræðslunefndar. Sú kennsla skal sniðin eftir námsefni almennra framhaldsskóla.

Nám til búfræðiprófs skal metið til eininga, hverfi nemandi úr búnaðarskóla að öðru framhaldsnámi.

Um tímalengd og skiptingu námsins, svo og fyrirkomulag þess og námsmat, skal nánar kveðið á í reglugerð.

14. gr.

Nú sækja nemendur, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, um inngöngu í bændadeild búnaðarskóla, og skal þá meta til eininga það af fyrra námi þeirra, sem nýtist fyrir búfræðipróf, og minnka námsskylduna, er því nemur.

15. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til námsbrautar í búfræði, og skal þá námsskrá slíkrar kennslu og fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðslunefndar.

Búfræðslunefnd ákveður, hvort eða hvenær slíkur skóli getur útskrifað búfræðinga.

Um bútæknanám og námskeiðahald.

16. gr.

Heimilt er að koma á framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf, bútæknanámi, við einn eða fleiri af búnaðarskólanum, þegar aðstæður eru fyrir hendi.

17. gr.

Framhaldsnám þetta skal miða við, að það veiti fyllri fræðslu í búfræðigreinum, einkum bútækni, bústjórn og búnaðarhagfræði og standi eigi skemur en 30 vikur.

Námsefni til bútæknaprófs skal ákveða með námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir. Nánar skal kveða á um fyrirkomulag náms og námsmat í reglugerð.

18. gr.

Búnaðarskólarnir skulu halda námskeið fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins. Námsefni skal miðast við, að það henti starfandi bændum og öðrum, er við landbúnað vinna, hvort sem þeir hafa lokið búfræðiprófi eða ekki.

III. KAFLI

UM BÚVÍSINDANÁM

19. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækt búvísindadeild, sem er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar.

Búvísindadeild veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði, er miðast við það, að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

20. gr.

Skólastjóri bændaskólans er yfirmaður búvísindadeildar. Deildarstjórn er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn deildarinnar og skipulagningu kennslu og rannsókna.

Deildarstjórn skipa fulltrúar kennara á öllum námssviðum (sbr. 24. gr.) og 2 fulltrúar nemenda við deildina.

Kveða skal nánar á um vald og verksvið deildarstjórnar í reglugerð.

21. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar. Skólastjóri ræður stundakennara.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

22. gr.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna dómnefnd, er fjalli um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu kennara við búvísindadeild. Einn skal skipaður eftir tilnefningu deildarstjórnar, annar eftir tilnefningu Félags íslenskra búfræðikandidata, ráðherra skipar formann án tilnefningar. Skipa má þá eina í dómnefnd, sem lokið hafa háskólaprófi í viðkomandi grein eða eru viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Um inntökuskilyrði, námsefni og próf.

23. gr.

Skilyrði til inntöku í búvísindadeild eru þessi:

a. að umsækjandi hafi lokið búfræðiprófi með fyrstu einkunn.
b. að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi eða öðru framhaldsskólanámi, sem deildarstjórn telur jafngilt og mælir með.

24. gr.

Námsefni deildarinnar er skipt í eftirtalin fimm svið:

1. Undirstöðugreinar, 2. búfjárfræði, 3. jarðræktarfræði, 4. bútækni, 5. búnaðarhagfræði og félagsfræði. Hverju námssviði er skipt í námsgreinar. Efni hverrar námsgreinar skal skilgreina í námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

25. gr.

Árlegur námstími við búvísindadeild skal eigi vera skemmri en 34 vikur. Ákveða má einstök námskeið utan reglulegs námstíma. Leyfi og önnur kennsluhlé skal ákveða í reglugerð.

26. gr.

Lokapróf frá búvísindadeild er kandidatspróf í búfræði (B. S. próf).

Námsskrá miðast við 3 ára nám og 4 ára nám.

Heimilt er að brautskrá búfræðikandidata að loknum tilskyldum prófum eftir þrjú námsár.

Auk þess skal á fjórða námsári gefinn kostur á sérhæfðu námi og rannsóknaþjálfun.

27. gr.

Hafa skal samvinnu við Háskóla Íslands um kennslu nemenda búvísindadeildar eftir því sem henta þykir, með tilliti til kennslukrafta og kennsluaðstöðu.

Um þá samvinnu skal gera sérstakt samkomulag á milli Bændaskólans á Hvanneyri og Háskóla Íslands.

28. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara við búvísindadeild.

Í reglugerð skal kveða á um námsmat og réttindi nemenda til að ganga undir próf.

29. gr.

Starfrækja skal við búvísindadeild fræðilegt bókasafn varðandi landbúnað. Það skal vera nemendum og kennurum til afnota svo og þeim sem vinna að landbúnaðarrannsóknum.

IV. KAFLI
EMBÆTTISBÚSTAÐIR

30. gr.

Á landi skólanna skal reisa bústaði fyrir skólastjóra, kennara og aðra fasta starfsmenn skólanna, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

31. gr.

Nú vill fastur starfsmaður skóla reisa sér íbúðarhús, og á hann þá rétt á lóð undir það í landi skólans. Lóðir skulu ákveðnar í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins. Leita skal í hvert sinn samþykkis ráðherra fyrir byggingunni og þeirri teikningu, sem byggt er eftir.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

32. gr.

Kostnaður við stofnun og starfrækslu búnaðarskóla, búvísindadeildar og skólabúa greiðist úr ríkissjóði. Verði reksturshalli á skólabúunum, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

33. gr.

Skólastjórar skólanna sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, ella selji skólarnir þeim fæði á kostnaðarverði.

34. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum búfræðslunefndar, skal kveða nánar á um starfsemi búnaðarskólanna, búvísindadeildar og annað, er að framkvæmd laga þessara lýtur.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 frá 20. apríl 1963.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1978. Ákvæði 12. gr. skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 4 árum frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og fram kemur hér á eftir, er frumvarp þetta samið af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði árið 1973.

Eftir að nefndin skilaði frumvarpinu, var það lagt fyrir Búnaðarþing 1975, sem mælti með lögfestingu þess með lítilsháttar breytingum.

Síðan hefur frumvarpið verið til athugunar á vegum landbúnaðarráðuneytisins og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar einkum á III. kafla, er fjallar um búvísindanám.

Athugasemdir þær sem hér fara á eftir hafa verið færðar til samræmis við þetta, þó eru fjórir fyrstu kaflar þeirra, aftur að: „Skipulag búnaðarfræðslunnar“, óbreyttir frá því sem nefndin skilaði þeim.

Nefndarskipun og verkefni.

Með bréfi dagsettu 6. febrúar 1973 skipaði landbúnaðarráðherra Halldór E. Sigurðsson 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög og reglur um alla búnaðarmenntun í landinu og gera tillögur um tilhögun búnaðarmenntunar í framtíðinni.

Tillögur sínar skyldi nefndin miða við það, að í náinni framtíð hafi sem allra flestir bændur landsins hlotið búnaðarmentun og í öðru lagi við það, að háskólamenntun í búfræði verði efld og gerð svo fullkomin sem tök eru á.

Ráðuneytið vakti jafnframt þessu athygli á tillögum milliþinganefndar Búnaðarþings, um menntun bænda og ályktun Búnaðarþings 1972 um þessi efni.

Nefndinni var einnig bent á að skipuð hefði verið nefnd til að vinna að stofnun bændaskóla á Suðurlandi og að eðlilegt teldist, að nefndirnar hefðu samráð með sér eftir því sem tilefni gæfust.

Í nefndina voru skipaðir skólastjórarnir Haraldur Árnason og Magnús B. Jónsson, Hjörtur E. Þórarinsson, bóndi á Tjörn, eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Jón Helgason, bóndi á Seglbúðum, eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda. Jónas Jónsson, þá aðstoðarmaður ráðherra, var skipaður formaður nefndarinnar.

Forganga Búnaðarþings.

Áður en greint er frá störfum nefndarinnar skal lýst forsögu málsins.

Á Búnaðarþingi 1971 var kosin milliþinganefnd „til að gera tillögur um hvernig að því megi stuðla, að sem flestir þeir, sem hefja búskap í lok yfirstandandi áratugs hafi fengið visst lágmark búfræðimenntunar“.

Nefnd þessi skilaði ítarlegu áliti til Búnaðarþings 1972, og afgreiddi það málið með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum.

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna að því við ríkisstjórn og Alþingi, að endurskoðuð verði öll lög og reglugerðir um bændaskóla og almennt búnaðarnám í landinu. Í því skyni séu skipaðir á vegum landbúnaðarráðuneytisins fimm menn í nefnd, tveir eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, tveir eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda og einn án tilnefningar.

Markmið þeirrar endurskoðunar verði það, að í náinni framtíð hafi sem allra flestir bændur landsins hlotið búfræðimenntun."

Því bendir þingið á eftirfarandi:

a) Að starfandi verði bændaskóli í hverjum landsfjórðungi og stærð þeirra miðist við það, að þeir fullnægi jafnan ofangreindu markmiði.
b) Að nám í bændaskóla tengist eðlilega almennu skólakerfi landsins.
c) Að komið verði á nokkru valfrelsi í námsgreinum og lengd námstíma innan skólanna, svo og verkaskiptingu milli þeirra, m. a. í þeim tilgangi að auka verulega verklega kennslu.
d) Að bændum og bændaefnum verði gert kleift að afla sér nokkurrar búfræðimenntunar utan reglulegra bændaskóla með því að koma í fast form námskeiðahaldi í búfræðilegum greinum á hentugum stöðum og í bréfaskóla.
e) Að settar verði reglur um aukna opinbera þátttöku í námskostnaði nemenda bændaskólanna.
f) Að tekið verði til athugunar, hvort gerlegt sé að lögtaka, að búfræðiprófi fylgi ákveðin réttindi.
g) Að starfandi verði við bændaskólana skólanefndir, kosnar af búnaðarsamtökum viðkomandi landsfjórðungs.
h) Að sett verði á stofn í samráði við bændasámtökin föst ráðgefandi nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytisins varðandi allt það er lýtur að búnaðarmenntun bændastéttarinnar.

Jafnframt vill þingið benda á, að unnt er að vinna nokkuð að því marki, sem hér um ræðir, án þess að til komi löggjöf, svo sem með:

a) Kynningu og áróðri fyrir bændaskólunum af hendi búnaðarsamtaka og skólanna sjálfra.
b) Styrkveitingum búnaðarsamtakanna til búfræðinema.
c) Skipulagningu búnaðarnámskeiða, þ. á m. bréfanámskeiða, með samkomulagi við starfandi skóla eða á annan hátt.
d) Tengingu bændaskólanáms við almenna fræðslukerfið, með samkomulagi við yfirstjórn fræðslumála, þannig að upp verði tekin á síðasta stigi skyldunáms kennsla í búfræðigreinum í skólahverfum sveitanna.

Sem greinargerð með þessari ályktun vísast til álitsgerðar milliþinganefndar.

Í milliþinganefnd Búnaðarþings áttu sæti: Hjalti Gestsson, ráðunautur, Hjörtur E. Þórarinsson, bóndi og Páll Pálsson, bóndi.

Nefndarstörfin.

Nefndin kom fyrst saman til fundar á Hvanneyri 19. maí 1973. Sá fundur var í tengslum við fund félags búfræði- og garðyrkjukennara, sem fjallaði um búfræðimenntun. Síðar hefur hún haldið flesta fundi sína í Reykjavík.

Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, hefur starfað sem ritari nefndarinnar.

Nefndin hefur aflað sér gagna og munnlegra upplýsinga um tilhögun búnaðarnáms á hinum Norðurlöndunum.

Formaður nefndarinnar heimsótti yfirmenn norsku búnaðarfræðslunnar við landbúnaðarráðuneytið í Osló, og einnig landsráðunaut Noregs í búfræðslumálum, Arne

Vold, og fékk hjá þeim yfirlit yfir skipan búfræðslumála í Noregi og upplýsingar um áformaðar breytingar á þeim. Þá hefur nefndin fengið yfirlit yfir þessi mál í Svíþjóð og Danmörku.

Verður síðar í greinargerðinni gefið stutt yfirlit yfir þau.

Þann 17. júlí 1973 héldu búfræðslunefnd og bændaskólanefnd Suðurlands sameiginlegan fund. Auk þess hefur formaður nefndarinnar fylgst með undirbúningsstarfi búnaðarskólanefndar Suðurlands.

Nefndin hefur átt góða samvinnu við þá aðila í menntamálaráðuneytinu, sem vinna að skipulagningu náms í framhaldsskólum og skólarannsóknum. Á fundi nefndarinnar hafa komið þeir Andri Ísaksson, Hörður Lárusson og Stefán Ólafur Jónsson.

Á meðan nefndin hefur starfað hefur Félag kennara við búnaðar- og garðyrkjuskóla haldið þrjá fundi, þar sem rætt hefur verið um búnaðarfræðslu. Einstakir nefndarmenn hafa tekið þátt í þessum fundum.

Verkefnum nefndarinnar var eðlilegt að skipta í tvo meginþætti.

1. Almenna búfræðimenntun. Búnaðarskólana, hlutverk þeirra og tilhögun.
2. Háskólamenntun í búfræði, þ. e. samningu laga um búnaðarháskóla.

Nefndin kannaði nokkuð hvort eðlilegt teldist að hún tæki til endurskoðunar lög um garðyrkjumenntun í landinu. Að dómi nefndarmanna er slík endurskoðun tímabær, en þar sem hvorki var fulltrúi garðyrkjubænda né garðyrkjuskólans í nefndinni ákvað hún að taka þann þátt búnaðarfræðslunnar ekki fyrir.

Dagana 24.—26. marz 1974 heimsótti nefndin bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og átti þar fundi með kennurum og nemendum.

Leitast var við að kynna sér sem nánast sjónarmið þessara aðila hvers fyrir sig til búnaðarnámsins, eins og því er nú háttað, og hverjar breytingar þeir teldu æskilegar og nauðsynlegar.

Í þessum umræðum lögðu nefndarmenn fram þær hugmyndir sem nefndin hafði þá gert sér um tilhögun námsins.

Alls hefur nefndin haldið 25 fundi og lauk hún störfum 26. febrúar 1975.

BÚNAÐARNÁM Á NORÐURLÖNDUM

NOREGUR

Í Noregi er búnaðarfræðsla á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Alls eru þar 39 búnaðarskólar, þar af tveir í einkaeign. Árið 1969 voru 1736 nemendur þar í búnaðarskólum, þar af 1114 á fyrsta ári og 622 á öðru. Til samanburðar má geta, að bújarðir eru um þetta leyti taldar 155 þúsund. Námið skiptist í fjögur stig.

Undirstöðunám (grunnoplæring) í eitt ár. Í það geta nemendur farið eftir grunnskóla 16 ára. Þeir, sem hafa lokið því eða hafa eins árs starfsreynslu við landbúnaðarstörf, geta farið í almennt búfræðinám við búnaðarskóla. Það stendur í eitt eða eitt og hálft ár og lýkur með búfræðiprófi. Bútæknինámi (agroteknikerkurs) er síðan hægt að ljúka á einu ári, eftir búfræðipróf, en þess er óskað, að nemandi hafi unnið a. m. k. eitt ár við landbúnaðarstörf eftir búfræðipróf. Norðmenn voru að undirbúa breytingu á fyrirkomulagi búfræðináms og stefndu að því að fella námið meira að öðru framhaldsskólanámi og auðvelda nemendum, sem sæktu búnaðarskóla að halda áfram námi við aðra framhaldsskóla.

Háskólanám í búfræði fer fram við Landbúnaðarháskólann að Ási. Náminu er nú hægt að ljúka á 4 árum, áður á þremur (32 mánuðum). Krafist er stúdentsprófs, búfræðiprófs og árs verkþjálfunar, til að menn fái inngöngu í skólann. Hægt er þó að komast í skólann án stúdentsprófs, með því að fara á sérstakan undirbúningsskóla að Hamri.

DANMÖRK

Í Danmörku er starfræktur 21 búnaðarskóli og auk þess tveir skólar, sem eingöngu hafa stutt námskeið. Námið er nokkuð mislangt við hina einstöku skóla. Margir skólar hafa grunnnámskeið, sem eru 3—6 mánuðir. Sumir auk þess 2ja til 3ja mánaða forskóla. Við mjög marga skóla er hægt að velja um 6 eða 9 mánaða nám. Búfræðinám í Danmörku getur verið frá 5 og upp í 12 mánuðir. Að loknu búfræðiprófi gefst kostur á bútæknanámi, sem tekur eitt eða tvö ár.

Nám við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn tekur 4 ár. Krafist er búfræðiprófs og undirbúningsnáms til inngöngu, en stúdentspróf er ekki skilyrði.

SVÍÞJÓÐ

Með breytingum, sem gerðar voru á fyrirkomulagi búnaðarmenntunar í Svíþjóð árið 1962, var búnaðarnámið tengt við almennt skyldunám og nám í öðrum framhaldsskólum. Þeir, sem ekki ætla áfram í háskóla, en vilja afla sér búfræðimenntunar, sækja námsskeið í mismunandi greinum og tekur þá eitt við af öðru. Námið hefst að loknu grunnskólanámi, en á síðustu árum grunnskóla er gefinn kostur á námi í búfræði. Búfræðinám í Svíþjóð skiptist í þrjá þætti:

1. Undirbúningsnám, sem er bæði bóklegt og verklegt og getur verið frá 29—42 vikur. Það er bæði hægt að taka á síðustu árum skyldunáms og að loknu skyldunámi.
2. Almennt búfræðinám, sem er bæði bóklegt og verklegt. Það getur varað í 21—42 vikur, eftir undirbúningi nemenda. Fyrir þá, sem ekki hafa notið búfræðimenntunar en orðnir eru meira en 25 ára, eru sérstök námsskeið, fyrst í 10 vikur, síðan geta þeir gengið inn í annað búfræðinám.
3. Framhaldsnám, sem er sérhæft nám eftir búfræðipróf. Er það m. a. ætlað fyrir þá, sem ætla í búnaðarháskóla, en ekki hafa stúdentspróf.

Háskólanám í búfræði í Svíþjóð fer fram við Landbúnaðarháskólann í Ultuna við Uppsali. Það er 4—5 ára nám. Ekki er krafist búfræðiprófs til að hægt sé að hefja háskólanám.

SKIPULAG BÚNAÐARFRÆÐSLUNNAR

1. Svið laganna.

Nefndinni sem samdi frumvarp þetta var falið að endurskoða löggjöf um búnaðarmenntun í landinu. Garðyrkjumenntun var þó ekki tekin þar með eins og að framan er getið. Hér er valinn sá kostur að hafa í einum lagabálk ákvæði um almenna búfræðimenntun, hvort sem hún fer fram við búnaðarskóla eða við aðra framhaldsskóla (s. s. fjölbrautaskóla), og búfræðimenntun á háskólastigi, enda er ætlast til að sama stofnunin, Bændaskólinn á Hvanneyri, annist kennslu á báðum þessum námsstigum. Þetta er í beinu framhaldi af þeirri þróun sem átt hefur sér stað síðan framhaldsdeild var stofnuð við Bændaskólann á Hvanneyri 1947.

Í kaflanum um hlutverk, skipulag og stjórn er gert ráð fyrir því, í samræmi við ályktun Búnaðarþings, að sett verði á fót nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytis, búfræðslunefnd, er marki stefnu í öllum búfræðslumálum og samræmi störf þeirra er að þeim vinna. Þörf fyrir slíka nefnd er meiri, þar sem gert er ráð fyrir að fleiri aðilar fáist við fræðslu á sviði landbúnaðarins en áður. Þá er einnig gert ráð fyrir vissri verkaskiptingu á milli þeirra aðila og eykur það á þörf fyrir samræmda stjórn.

Auk þessa skal við hvern bændaskóla starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum viðkomandi búnaðarsambanda eða sambandi. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um, hvaða búnaðarsambönd tækju þátt í tilnefningu skólanefndar við hvern skóla, og er eðlilegt að það yrðu þau, sem liggja næst skólanum og að land-

inu yrði þannig á vissan hátt skipt í skólaumdæmi, þó að ekki væri það á nokkurn hátt bindandi.

Skólanefndirnar yrðu fyrst og fremst ráðgefandi, og til stuðnings við eflingu skólanna. Þær hefðu væntanlega einnig hönd í bagga með skipulagningu námskeiðahalds og yrðu á annan hátt til að auka tengsl skólanna við bændur og samtök þeirra, m. a. í því skyni að glæða áhuga á búfræðinámi og auka aðsókn að búnaðarskólunum.

2. Almenn búnaðarmenntun.

Eins og fram kemur í frásögn af skoðanakönnun, þurfti nefndin að taka afstöðu til lengdar búfræðinámsins, hvort því skyldi lokið á einum eða tveimur vetrum og hve skólatími skyldi vera langur ár hvert.

Þrjár ástæður lágu einkum til þess, að nefndin taldi óhjákvæmilegt að lengja búfræðinámið frá því sem það er nú.

1. Auknar kröfur um verknám og verkþjálfun, samanber ályktun Búnaðarþings.
2. Það var samdóma álit skólastjóra og kennara búnaðarskólanna, að til þess að geta gert nauðsynlegum, bóklegum greinum viðunandi skil þyrfti lengri kennslutíma en gefst með núverandi fyrirkomulagi.
3. Niðurstöður könnunar.

Nefndin ræddi þann möguleika að hafa eitt langt skólaár, en varð sammála um að það mundi ekki nægja, enda reyndist það greinilegur vilji meirihluta allra sem við var rætt og í samræmi við niðurstöður skoðanakönnunarinnar, að stutt skólaár, það er 7 mánuðir (á milli sláturtíðar og sauðburðar) hentaði nemendum best. Það kom heldur ekki fram, að tveggja vetra nám með stuttu skólaári mundi draga úr aðsókn að skólunum. Þvert á móti er það skoðun nefndarinnar, að aukið og bætt verklegt og bóklegt nám muni örfa aðsókn að skólunum. Nefndin telur þetta því eitt fyrsta skrefið sem taka verður að því marki, að sem allra flestir bændur landsins verði með búfræðimenntun í framtíðinni. Ljóst er að lenging námsins gerir það að verkum, að bændaskólarnir hafa ekki tök á að brautskrá árlega jafn marga búfræðinga, miðað við núverandi húsakost og aðstæður. Þessar tillögur miðast því við það, að hraðað verði byggingu bændaskóla á Suðurlandi jafnframt því sem aukið verði og bætt húsnæði Hólaskóla og í þriðja lagi, að stofnað verði til kennslu í búfræði við væntanlegan fjölbrautarskóla á Austurlandi, samanber viðræður nefndarinnar við Hjörleif Guttormsson, formann byggingarnefndar menntaskóla á Austurlandi.

3. Tenging búfræðináms við annað framhaldsskólanám.

Í ályktun Búnaðarþings er lagt til, að nám í bændaskóla tengist eðlilega almennu skólakerfi landsins. Leggur nefndin áherslu á í tillögum sínum, að nám við búnaðarskóla verði metið til eininga í almennu framhaldsnámi þannig, að það gagnist þeim til prófs sem ljúka vilja námi frá öðrum framhaldsskólum. Í samræmi við þetta er lagt til að íslenska og stærðfræði verði skyldufög til búfræðiprófs, en valfrjálst nám í erlendum málum.

Taldi nefndin að nauðsynlegt væri að veita nemendum búnaðarskólanna kennslu í þessum fögum. Með þessu bættust enn rök fyrir því að lengja skólatímann.

Þá er í frumvarpinu lagt til að nemendur úr öðrum framhaldsskólum eigi rétt á að fá nám sitt metið til eininga, og viðurkennt sem hluta af námi til búfræðiprófs.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að heimilt verði að koma á eins vetrar framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf. Einnig verði námskeiðahald fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins fastur liður í starfi bændaskólanna.

Eðlilegt er að slík kennsla verði fyrst tekin upp á Hólum, enda er mikilvægt að efla þann skóla sem er að dómi nefndarinnar of lítill.

4. Búvísindanám.

Hugmynd um stofnun búnaðarháskóla hér á landi er nú orðin all gömul. Allt frá stofnun framhaldsdeildar við bændaskólann á Hvanneyri 1947 hefur það vakað fyrir þeim, sem að henni hafa staðið, að hún þróaðist til þess að verða að fullkomnum búnaðarháskóla eftir því sem við framast hefðum tök á að starfrækja hér á landi.

Hér er lagt til, að búnaðarnám á háskólastigi fari áfram fram á Hvanneyri í Borgarfirði við sérstaka deild, sem nefnd er búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Til álita komu tveir aðrir möguleikar á skipulagi þessara mála.

1. Að stofnaður yrði búnaðarháskóli á Hvanneyri, sem annað tveggja yrði þá sjálfstæð stofnun við hlið bændaskólans, eða tæki við af bændaskólanum og sinnti búfræðikennslunni jafnframt. En hentara þótti, með tilliti til stjórnar á staðnum og samnota af byggingum, búi og jörð, að búvísindadeild og búnaðarskóli væru ein og sama stofnunin.
2. Að búvísindanám færi fram við sérstaka deild úr Háskóla Íslands, sem væri á Hvanneyri. Þessi leið var talin flóknari í framkvæmd, enda litið svo á, að eðlilegra væri að búnaðarmenntun lyti öll sömu yfirstjórn, og að ná mætti sömu hagræðingu í sambandi við kennslu í undirstöðufögum, sem eru sameiginleg búvísindanámi og námi, sem fer þegar fram við Háskóla Íslands, með því að nemendur búvísindadeildar nytu kennslu við Háskólann í viðkomandi fögum. Um þá kennslu yrði gert samkomulag á milli skólanna, sbr. 27. gr.

Þó að sá kostur hafi verið valinn að kalla þetta búvísindadeild, en ekki háskóla eða háskóladeild, er ekki verið að slá af kröfum um að námið verði gert eins fullkomið og kostur er, miðað við aðstæður og innan þess ramma, sem viðráðanlegt telst vegna kostnaðar.

Rétt er að benda á, að með lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 6. apríl 1971 markaði Alþingi þá stefnu, sem hér er fylgt, að Háskóli Íslands verði ekki eina háskólastofnunin í landinu. Í ákvæðum um búvísindadeild eru mörg ákvæði hliðstæð lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Áætlun um kostnaðarauka er mun leiða af frumvarpi til laga um búnaðarfræðslu ef samþykkt verður.

Á undanförnum árum hefur verið jöfn þróun á framhaldsmenntun á Hvanneyri. Síðasti áfangi á þeirri braut er útgáfa reglugerðar nr. 358/1974. Í þeirri reglugerð eru inntökuskilyrði hert og námsefni betur skilgreint en áður og skipt í 6 megin svið: Undirstöðugreinar, búfjárræktarsvið, jarðræktarsvið, hagfræðisvið, bútæknisvið og aðalverkefni. Námsefni og námslengd er ákveðið þannig að námi lýkur með kandidatsréttindum (B. Sc.).

Þegar kennarar hafa verið ráðnir að Bændaskólanum á Hvanneyri, þ. á m. til starfa við búvísindadeild (framhaldsdeild), hefir ekki verið gerður greinarmunur á launum eftir starfi þeirra fyrr en við kjarasamninga 1976. Í þeim var ákveðið að kennarar við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri taki lægst laun eftir lfl. A—18 fyrir þann hluta kennsluskyldu sem inntur er af hendi við deildina. Það er sami launaflokkur og lektor var greitt skv. við Háskóla Íslands, sem hafði kandidatspróf eingöngu. Lektor með doctors eða licentiatsgráðu við Háskóla Íslands fékk hinsvegar laun skv. lfl. A—20.

Kostnaðarauki sem gæti orðið við samþykkt frumvarps að lögum um búnaðarfræðslu, mundi felast í þessum þáttum:

1. Hærri launum kennara.
2. Breyttu mati á kennsluskyldu.
3. Fjölgun kennara.

1. **Hærri laun kennara.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við búvísindadeild verði a. m. k. 5 aðalkennarar og fjöldi aukakennara fari eftir ákvörðun landbúnaðarráðherra. Gera verður ráð fyrir að aðalkennarar við búvísindadeild verði ýmist ráðnir á kjörum prófessora eða dósenta, en aukakennarar á kjörum lektora. Áætla má því að launaskrið yrði að meðaltali um 4 launaflokka samkvæmt kjarasamningum ársins 1976, sem svarar til launahækkunar um 16—17%.

Það hefur tíðkast undanfarin ár, að kennarar á Hvanneyri hafa fengið greidda sumarvinnu, sem hefir numið 1 eða 2ja mánaða launum, þ. e. 8.33 til 16.66% á árslaun. Þessar sumarvinnugreiðslur myndu falla niður. Það yrði álíka sparnaður og kostnaðurinn við launahækkunina er.

2. **Breytt mat á vinnuskyldu.**

Á undanförnum árum hefur það verið mjög í lausu lofti hvernig bæri að meta vinnu kennara við undirbúning fyrirlestra í búvísindadeild. Til að ráða bót hér á skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 3ja manna til að meta kennsluskylduna í samanburði við hliðstæð störf í hliðstæðum stofnunum.

Nú liggja fyrir drög að því mati. Við matið hefur komið í ljós að kennslukraftar við búvísindadeildina eru mjög vel hæfir með hliðsjón af menntun samanborið við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Tækniskólann.

Í drögum nefndarinnar er reiknað með að kennarar við búvísindadeild verji 30% af daglegum vinnutíma til rannsóknarstarfa og 10% til stjórnunarstarfa. Í kjarasamningum háskólakennara er reiknað með að 40—60% af daglegum vinnutíma sé varið til kennslu og stjórnunar. Rannsóknarstörf geta eftir því orðið 40—60% af daglegum vinnutíma eða 10—30% meiri en við búvísindadeildina.

Kennslu við búvísindadeildina hefir verið hagað þannig að inntaka nýrra nemenda er aðeins 2. hvert ár. Þá er starfrækt kennsla fyrir 1. og 3. árs nemendur og næsta ár kennsla fyrir 2. árs nemendur.

Kennslustundir hafa verið þessar að fjölda á viku:

	1. önn		2. önn	
	bóklegar	verklegar	bóklegar	verklegar
1. og 3. ár	50	19	50	11
2. ár	29	—	29	2
Alls	79	19	79	13

Samkvæmt mati kennslumatsnefndar má áætla að stundafjöldi við kennslu og undirbúning kennslu sé um 6000 stundir á 1. og 3. ári nemenda. Á öðru ári er tíminn um 3000 stundir. Með 60% kennsluskyldu er ársverk kennara 1009 stundir og þyrfti eftir því 6 ársverk kennara við búvísindadeildina þegar álagið yrði mest, en 3 ársverk þegar álagið er minna. Væri kennsluskylda einungis 30% af ársvinnu, sem er nálægt lágmarkskennsluskyldu við Háskóla Íslands, væri þörf 12 ársverka kennara þegar álagið er mest, en 6 ársverk þegar álagið er minna. Það væri um tvöföldun verkálags frá því sem nú er.

Með því að gera ráð fyrir, að skylda til kennslu og stjórnunar yrði 50% af daglegum vinnutíma kennara, þyrfti 6.69 stöður við búvísindadeild til jafnaðar. Það er 2.3 ársverkum meir en nú er skv. tillögum kennslumatsnefndar.

Með þessu fyrirkomulagi ykist rannsóknastarfsemi stofnunarinnar um störf 2.2 manna. Væri hins vegar kennslu- og stjórnunarskyldan 60%, svo sem nú er, þyrfti ekki að fjölga kennurum við búvísindadeild.

3. **Fjölgun kennara.**

Við Bændaskólann á Hvanneyri eru í árslok 1977 starfandi 11 kennarar auk skólastjóra. Sjö af kennurunum uppfylla skilyrði, sem krafist er til kennslu við

búvísindadeild. Einn þeirra er í ½ starfi. Auk þess nemur aðkeypt stundakennsla 1—1½ ársverki.

Við Bændaskólann á Hólum eru í árslok 1977 starfandi 4 kennarar auk skólastjóra. Aðkeypt aukavinna nemur nálega 1 ársverki.

Með samþykkt frumvarps til laga um búnaðarfræðslu þyrfti kennurum búnaðarskólanna að fjölga um 1 frá því sem nú er. Þessi viðbót er vegna annars fyrirkomulags á verklegu námi.

Hvað varðar búvísindadeild þá þyrfti að ráða aðalkennara á öll svið og aukakennara eftir umfangi sviða og þeim rannsóknum sem starfræktar yrðu við stofnunina. Sé miðað við núverandi aðstæður þyrfti að ráða nýja aðalkennara á 1—2 svið og aukakennara á 1 svið. Með ákvæðum í erindisbréfum kennara við búvísindadeild um kennsluskyldu við bændadeild, mætti spara sér kennarastöður þar.

Kostnaðarauki vegna fjölgunar kennara eru laun 1 kennara vegna nýrra verkefna bændadeilda og 1—2ja kennara við búvísindadeild. Með samvinnu bænda- og búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri mætti spara sér viðbótarlaun kennara við bændadeild þar.

Niðurstöður:

Samkvæmt framansögðu má gera ráð fyrir að kostnaðarauki vegna lagabreytingarinnar sé sem svari 1 ársverki við Bændaskólann á Hólum og 2.3—3.3 ársverk við Bændaskólann á Hvanneyri.

Lagabreytingin felur ekki í sér á neinn hátt breytt viðhorf til uppbyggingar og reksturs skólunum né skólabúunum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um hlutverk búnaðarfræðslunnar. Með búnaðarfræðslu er átt við alla fræðslu um búfræði, hvort sem hún fer fram við búnaðarskóla, aðra framhaldsskóla sem kynnu að taka upp slíka kennslu, á námskeiðum við bréfaskóla eða háskóla. Undanskilið er hér garðyrkjunámið eins og að framan greinir, svo og sú fræðsla sem leiðbeiningarþjónustu veitir.

Með yfirstjórn búfræðslumála er átt við landbúnaðarráðuneytið og búfræðslunefnd, samanber 3. gr.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar við.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skipun búfræðslunefndar, sem ætlað er það hlutverk að móta stefnu í búfræðslumálum og samræma kennslu allra þeirra aðila er við hana fást. Þar sem gert er ráð fyrir að nú verði fleiri aðilar sem kenna búfræði, þar á meðal almennir framhaldsskólar, er enn meiri ástæða til að skipa slíka nefnd. Fulltrúi menntamálaráðuneytisins í nefndinni tryggir eðlileg tengsl við hið almenna skólakerfi.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að búnaðarskólar hafi aðgang að kennslu- og tilraunabúum. Bú þessi verður að reka þannig, að þau þjóni fyrst og fremst þörfum kennslu, verkþjálfunar og rannsókna. Rekstrarhættir þeirra þurfa að vera til fyrirmyndar miðað við aðstæður sem þeim eru búnar, svo og umgengni. Vegna kennslu- og rannsóknarhlutverks skólabúanna verður að reikna með meiri tilkostnaði við þau en á öðrum búum.

Um 5. gr.

Sjálfsagt er að rannsóknir sem fara fram á skólastöðunum séu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu.

Rannsóknir sem gerðar eru á skólunum geta verið hvort sem er á vegum skólanna sjálfra eða á vegum annarra aðila, svo sem Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í samvinnu við skólana. Hvort tveggja tíðkast nú við skólana.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að búnaðarskólar í landinu verði ekki færri en þrír. Þetta er í samræmi við ákvæði gildandi laga og þann undirbúning sem þegar hefur verið gerður að stofnun búnaðarskóla á Suðurlandi, samanber og skipunarbréf nefndarinnar. Ekki er heppilegt að búnaðarskólar séu mjög stórir, og eru 60—90 nemenda skólar taldir heppilegir m. a. með tilliti til aðstöðu til verknáms.

Ef það er sett sem mark að árlega brautskráist ekki færri en 120—150 búfræðingar, flestir eftir tveggja vetra nám, er hægt að ná því, með þremur skólum, er hefðu samanlagt rúm fyrir um 240 nemendur, auk þeirra sem fjölbrautarskóli eða skólar með búnaðarnámsbraut gætu útskrifað. Það hefur augljóst gildi fyrir hvern landshluta að þar sé starfræktur búnaðarskóli. Í könnun þeirri sem milliþinganefnd búnaðarþings gerði á fjölda búfræðinga í bændastétt í hverri sýslu landsins, kom í ljós að hlutfallslega flestir búfræðingar voru í sýslunum næst búnaðarskólunum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa við.

Um 8. gr.

Í tillögum milliþinganefndar Búnaðarþings er lagt til að skólanefndir verði við búnaðarskólana. Skólanefndir eiga að auka tengsl bænda og búnaðarsamtaka við búnaðarskólana og eru líklegir til að stuðla að auknum áhuga á búnaðarnámi og auka ábyrgðartilfinningu búnaðarsamtakanna gagnvart skólunum.

Námskeiðahald á vegum skólanna yrði í samvinnu við búnaðarsamböndin.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að kennarar skuli vera eigi færri en 6 við hvern skóla. Er það einum fleiri en skylt er samkvæmt núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir auknu verknámi og verkþjálfun og er því þörf á auknum kennslukröftum. Frekar má reikna með að kennurum þyrfti að fjölga meira en þetta. Heimilað er að ráða bústjóra að skólabúunum á sömu kjörum og með sömu menntun og kennarar hafa. Telja verður æskilegt að bústjórar skólabúanna geti tekið að sér hluta verklegrar kennslu og verkþjálfunar nemenda. Aukin rannsóknarstarfsemi við skólana krefst góðrar samvinnu á milli bústjóra og þeirra fagmanna sem að rannsóknum vinna.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að kennarar skólanna verði ársstarfsmenn og vinni auk kennslu að rannsóknum, kennslubókagerð, undirbúningi námsefnis svo og öðrum störfum í þágu skólans, eftir því sem verkefni falla að kennslusviði þeirra. Nauðsynlegt er að efla tengsl rannsókna og búfræðslu með því að auka rannsóknarstarfsemi við skólana. Skólabúin hafa alla tíð verið meira eða minna notuð til búfjárrannsókna, og jarðræktarrannsóknir hafa verið gildur þáttur starfseminnar á Hvanneyri. Samvinna er góð á milli þeirra sem fást við rannsóknir á skólastöðunum og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins. Sérfræðingar Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins hafa fengið aðstöðu til tilrauna á skólabúunum og nægir að benda á að bútæknideild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins er á Hvanneyri.

Um 11. gr.

Almenn deild búnaðarskólanna er nefnd bændadeild. Er það í samræmi við hefð sem skapast hefur við búnaðarskólana. Inntökuskilyrði eru svipuð og nú gilda. Sleppt er ákvæði um lágmarksaldur, 17 ár við inntöku, sem er í gildandi lögum.

Með lengingu skyldunáms um eitt ár, og kröfum um að nemendur hafi fjölbreytta reynslu við bústörf og hafi að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, ættu slík aldursmörk að vera óþörf.

Um 12. gr.

12. gr. fjallar um lengd námsins, og er lagt til að nám til búfræðiprófs verði tveir vetur. Frá þessu verður þó sú undantekning að þeir, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla skulu fá metið til eininga það af fyrra námi sem nýtist til búfræðiprófs.

Rök fyrir lengingu námsins:

1. Það er samdóma álit skólastjóra og kennara búnaðarskólanna, að til þess að gera því námsefni æskileg skil, sem nú er lagt fyrir nemendur búnaðarskólanna, þyrfti lengri skólatíma en hann er nú, 6½—7½ mánuður. Auk þess væri æskilegt að auka nokkuð við bóklegt námsefni og að bæta við fögum s. s. heimilisfræðum.
2. Auknu verknámi og verkþjálfun verður ekki komið á nema með nokkurri lengingu skólatíma.
3. Með samræmingu og tengingu við námsefni annarra framhaldsskóla, vex þörfin fyrir kennslu í öðrum fögum en beinum búfræðifögum. Gert er ráð fyrir fastri kennslu í íslensku og stærðfræði, og að gefin verði kostur á kennslu í erlendum málum sbr. 13. gr.
4. Draga mátti þær ályktanir af skoðanakönnun sem framkvæmd var af búfræðslunefnd, að lenging námsins um 1 vetur með tiltölulega stuttum skólatíma, mundi ekki draga úr aðsókn að skólunum, og að það væri æskilegra en að lengja skólaárið t. d. í 9—10 mánuði.

Ljóst er að tveggja vetra búfræðinám krefst meira skólarýmis. Ekki er þó rétt að líta á það sem aukin útgjöld fyrir ríkið, þar sem ætla má að það muni fara í vöxt og verði fremur regla en undantekning að unglingar á þessum aldri, 17—19 ára, verði í skólum, sem ríkið þarf að leggja til og kosta. Valið verður þá frekar á milli þess, hvers konar skólar verða byggðir. Skólar tengdir undirstöðu íslensks atvinnulífs, sem kenna nemendum sínum hver eru grundvallarlögmál náttúru og mannlegrar tilvistar hér á jörð, ættu ekki að vera gerðir hornreka í skólakerfi landsins.

Í greininni er kveðið á um skiptingu námsins í svið og er gert ráð fyrir því, að verknám og verkþjálfun fái aukið rúm. Það er nýjung, að gert er ráð fyrir, að verknám og verkþjálfun geti hvort sem er farið fram við búnaðarskólana, á bændabýlum eða við önnur bú, svo sem tilraunabú. Ætlað er, að hver skóli geti haft á þessu þann hátt, sem best telst henta. Ef búfræðinám verður tekið upp við fjölbrautaskóla, svo sem fyrirhugað mun á Egilsstöðum, gæti samvinna við tilraunabú og önnur bú hentað þar vel.

Um 13. gr.

Að efni greinarinnar hefur nokkuð verið vikið hér að framan. Eðlilegt er að námsefni til búfræðiprófs sé ákveðið með námsskrá sem hægt er að breyta eftir því, sem tilefni gefast. Af nýju námsefni sem eðlilegt væri að taka upp að dómi nefndarinnar, má sérstaklega benda á nám í heimilisfræðum.

Um 14. gr.

Að efni greinarinnar hefur áður verið vikið og þarfnast hún ekki frekari skýringar við.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar lúta að því, sem að framan hefur verið að vikið, að eðlilegt telst, að búfræði verði tekin upp sem námsbraut við fjölbrautaskóla. Það er álit nefndarinnar, að ekki komi til mála að fjölbrautaskólar geti leyst af hólmi búnaðarskóla í landinu, þó að það geti hentað vel að taka slíkt nám upp við einn eða fleiri fjölbrautaskóla eins og fyrr er að vikið.

Um 16. gr.

Framhaldsnám það, sem um er rætt í greininni er hugsað með svipuðu sniði og komið hefur verið á á hinum Norðurlöndunum. Þar er eins til tveggja vetra nám eftir búfræðipróf nefnt „Agroteknikerkurs“. Námið er í frumvarpi þessu nefnt „bútæknanám“. Þess ber þó að geta, að námið yrði ekki einungis bundið við bútækni, heldur yrði þetta almennt framhald af búfræðinámi í bændadeild. Leiða má að því rök, að full þörf væri fyrir slíkt nám. Þeir, sem því lykju, mundu jöfnum höndum verða bændur og starfsmenn landbúnaðarins á stærri búum, og við ýmsa þjónustu fyrir bændur. Inn í þetta nám mætti fella ýmis sérnámskeið svo sem í búfjársæðingum o. fl.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa við en að framan eru komnar.

Um 18. gr.

Eitt af þeim atriðum sem milliþinganefnd Búnaðarþings benti á, var „að bændum og bændaefnum yrði gert kleift að afla sér nokkurrar búfræðimenntunar utan reglulegra bændaskóla, með því að koma í fast form námskeiðahaldi í búfræðilegum greinum á hentugum stöðum og í bréfaskóla“. Það er eðlilegt, að búnaðarskólarnir standi fyrir slíkum námskeiðum, en þeim er eðlilegt að koma á í samvinnu við búnaðarfélög og ráðunauta. Slík námskeið yrðu bæði sem endurmenntun (fullorðinsfræðsla) og svo til kynningar fyrir þá, sem síðar kynnu að vilja sækja búnaðarskóla.

Um 19. gr.

Árið 1947 var stofnað til framhaldsnáms í búfræði við Bændaskólann á Hvanneyri.

Markmið framhaldsnámsins var að bæta úr brýnni þörf fyrir leiðbeinendur í íslenskum landbúnaði.

Framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri hefur nú starfað í 30 ár og útskrifað um 120 búfræðikandidata og því gegnt mikilvægu hlutverki í framhaldsmenntun í búfræði.

Á þeim 30 árum sem deildin hefur starfað hafa orðið ýmsar breytingar á námstilhögun og kröfum til undirbúnings nemenda í þá átt að samræma námsbrautina öðru námi á háskólastigi.

Í upphafi var námstíminn 2 ár. Þá var lögð megináhersla á undirbúning nemenda í búfræðifögum og reynslu í bústörfum.

Almennt undirbúningsnám var síðan aukið smám saman. Frá 1956 var krafist sérstaks undirbúningsnáms auk búfræðiprófs til inngöngu í framhaldsnámið. Árið 1965 var námstíminn lengdur í 3 ár. Frá árinu 1974 hafa inntökuskilyrði í búvísindanámið verið próf úr raungreinadeild Tækniskóla Íslands eða stúdentspróf auk búfræðiprófs. Með þessari löggjöf er að því stefnt að treysta og efla það starf, sem unnið hefur verið með stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar og síðar búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri.

Lögð er áhersla á tengsl námsins við leiðbeiningar og tilraunastörf í þágu íslensks landbúnaðar með því að gera búvísindadeildinni kleift að reka öfluga rannsóknarstarfsemi auk kennslunnar.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um stjórn búvísindadeildar og kveður svo á að skólastjóri bændaskólans sé æðsti yfirmaður búvísindadeildar. Honum til ráðuneytis er deildarstjórn, sem skipuð er fulltrúum kennara, einum frá hverju námssviði og tveim fulltrúum nemenda.

Um 21. gr.

Til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu hvers námssviðs er gert ráð fyrir aðalkennara er hafi umsjón með hverju sviði bæði hvað varðar þjálfun nemenda, kennslu og rannsóknir.

Mikilvægt er að sömu kröfur séu gerðar til kennara við búvísindadeild og kennara er sinna öðru háskólanámi. Þá er eðlilegt að starfsmenn búvísindadeildar njóti sömu kjara og starfsmenn annara háskólastofnana.

Um 22. gr.

Eðlilegt er að dómnefnd, sem kveðið er á um í þessari grein, skuli hafa fulltrúa frá stofnuninni og félagsskap búfræðimenntaðra manna ásamt fulltrúum ráðuneytis. Félag íslenskra búfræðikandidata er faglegur félagsskapur og því eðlilegur aðili að slíkri nefnd.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 23. gr.

Talið er nauðsynlegt, að þeir sem fá inngöngu í búvísindadeildina, hafi lokið búfræðiprófi. Stúdentspróf er ekki gert að ófrávíkjanlegu skilyrði til að fá inngöngu í skólann, frekar en við búnaðarháskóla í Noregi, Danmörku eða Svíþjóð, og er lagt til, að deildarstjóri setji reglur um almennt, lágmarks undirbúningsnám. Kröfur til almenns undirbúningsnáms til inngöngu í búvísindadeild eru nú þær, að þeir, sem ekki hafa stúdentspróf, hafi lokið prófi frá undirbúningsdeild og raungreinadeild Tækniskóla Íslands.

Um 24. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi reglugerð. Námið skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar í grunngreinar og búfræðigreinar hins vegar. Grunngreinar svara til 45% námsefnis í núverandi námsskrá.

Um 25. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við námstíma í sambærilegu námi.

Um 26. gr.

Almennu háskólanámi í raungreinum við Háskóla Íslands lýkur með B. S. prófi ýmist að loknum 3 eða 4 árum. Við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri er námstími nú 3 ár. Kandidatspróf í búfræði er því hliðstætt B. S. prófi í raungreinum frá Háskóla Íslands.

Með ákvæðum greinarinnar er gert ráð fyrir að ljúka almennu kandidatsprófi (B. S. prófi) í lok 3. námsárs eða í byrjun 4. námsárs. Nemendum yrði síðan gefinn kostur á að afla sér viðbótarþekkingar, sem yrði sérhæfðara nám og fælist m. a. í þjálfun við rannsóknir.

Námslok yrðu í lok 4. námsárs. Hliðstæðu þessa fyrirkomulags er að finna við líffræðiskor Háskóla Íslands. Talið er eðlilegt að samræmis sé gætt milli kennslu í búvísindadeild og líffræðiskor (sbr. 27. gr.)

Um 27. gr.

Hér er kveðið á um samvinnu búvísindadeildar og Háskóla Íslands. Ákvæði greinarinnar eiga að tryggja að samvinna verði um kennslu þess námsefnis sem er sameiginlegt búnaðarnámi og því námi sem nú fer fram við Háskóla Íslands.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Gott bókasafn er forsenda þess að hægt sé að stunda búvísindanám. Bókakostur Bændaskólans á Hvanneyri er þegar verulegur, en nauðsyn er að bæta hann að mun.

Um 30. gr.

Greinin er óbreytt frá því sem er í núgildandi löggjöf.

Um 31. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði núgildandi reglugerðar og það sem tíðkast hefur á Hvanneyri.

Um 32.—35. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar við.

Um 36. gr.

Þær breytingar sem felast í 12. gr., þarfnast undirbúnings og er því að dómi nefndarinnar talið eðlilegt að þær komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum.

Ed. 368. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til byggingarlaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum, kynnt sér m. a. fjölda umsagna um það, sem borist höfðu á tveim síðustu þingum, þegar málið var fyrir neðri deild. Þá hefur nefndin fengið á sinn fund ráðuneytisstjórann í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum, sem hún gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Steingrímur Hermannsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febrúar 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Eggert G. Þorsteinsson.	Jón Helgason.	Helgi F. Seljan.

Ed. 369. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til byggingarlaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum þessara laga eru þó götur og vegir, framræsluskurðir, girðingar á lögbýlum, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi rafmagns, síma, hitaveitna og vatns, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki að undanskildum húsbyggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sbr. þó 2. mgr. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Nefndin skiptir með sér verkum.

Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. 24. gr. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og störfum byggingarfulltrúa. Félagsmálaráðuneytið skal staðfesta slíka samninga og úrskurðar jafnframt ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Starfsmenn sveitarfélaga eru kjörgengir í byggingarnefnd.

Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja alla fundi byggingarnefndar.

Sveitarstjórn og byggingarnefnd geta ákveðið, að starfsmenn sveitarfélags og aðrir opinberir starfsmenn, sem fjalla um byggingar og skipulagsmál, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

Skipulagsstjóri ríkisins eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

3. Við 7. gr.
   a) Við 1. mgr. bætist: sbr. þó 7. mgr. 8. gr.
   b) 3. mgr. orðist svo:
   Byggingarnefnd annast þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.
4. Við 8. gr. 4. mgr. falli niður.
5. Við 9. gr. 2. töluliður 4. mgr. orðist svo:
   Sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, hefur undirritað yfirlýsingu, sbr. 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, og aðrir, sem hlotið hafa til þess rétt áður en lög þessi gengu í gildi, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynslu að baki.

   Réttur samkvæmt 1. mgr. til að gera uppdrætti er háður löggildingu, sem félagsmálaráðherra veitir að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndaumdæmum fyrir gildistöku laga þessara, halda þeim staðbundnu réttindum. Enn fremur getur ráðherra veitt öðrum en 1. mgr. tekur til slík staðbundin réttindi að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

   Heimilt er að sameina tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einföld mannvirki.

   Uppdrættir skulu bera með sér, hverjir hafi gert þá. Sá, sem gerir aðaluppdrátt, skal að öðru jöfnu sjá um, að aðrir uppdrættir séu samræmdir.

   Þeir, sem aðaluppdrætti gera samkvæmt þessari grein, svo og þeir, sem gera séruppdrætti, hver á sínu sviði, skulu árita uppdrættina með eigin hendi og bera á þeim ábyrgð.

   Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti að byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrir fram veitt til þess samþykki sitt.

   Varðveita skal a. m. k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum af samþykktum byggingarmannvirkjum (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjalasafni byggingarfulltrúa. Enn fremur skulu áritaðir uppdrættir jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað.

   Í reglugerð skal nánar kveðið á um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein.
7. Við 13. gr. Orðin „um byggingarstjóra“ í 1. mgr. falli niður.
8. Við 15. gr. Í stað „36. gr.“ komi: 40. gr.

9. Við V. kafla.
   a) Í stað „Byggingarstjórar“ í fyrirsögn komi: Umsjón með byggingarframkvæmdum.
   b) Á undan 16. gr. komi 4 nýjar greinar, og breytist tala síðari greina í samræmi við það. Hinar nýju greinar orðist svo:

16. gr.

Þeir einir mega hafa umsjón og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum, sem til þess hafa hlotið löggildingu byggingarnefndar, og getur hún sett sérstakar reglur um hvað til löggildingar þurfi.

Byggingarnefnd veitir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu, og getur hún sett sérstakar reglur um, hvað til löggildingar þurfi.

17. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast, skulu viðkomandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt eða þar til gerð eyðublöð, að þeir taki að sér framkvæmdir. Með þeirri áritun tekur meistari á sig ábyrgð þess, að framkvæmdir verði í samræmi við uppdrætti, veitt leyfi og lög og reglur, sem til greina kunna að koma.

Ef meistari hættir umsjón með framkvæmdum, áður en verki er lokið, skal það tilkynnt til byggingarfulltrúa. Skal þá fara fram úttekt á þeim hluta byggingar, sem lokið er, og má ekki halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur tekið við framkvæmdum, skv. 1. mgr.

18. gr.

Húsasmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt, sbr. 17. gr., ber ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna, múrarameistari ber ábyrgð á allri múrvinnu, þ. á m. járnalögn, svo og grunngrefti.

Ef ágreiningur verður um starfssvið meistara við tiltekna framkvæmd, sker byggingarfulltrúi úr, en skjóta má úrskurði hans til byggingarnefndar.

19. gr.

Byggingarleyfishafa er skylt að sjá svo um, að aflað sé nauðsynlegra heimilda í sambandi við byggingarframkvæmdirnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

10. Við 16. gr., er verði 20. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.
11. Við 19. gr., er verði 23. gr. Í stað „15.—18. gr.“ í upphafi 1. mgr. komi: 20.—23. gr.
12. Við 22. gr., er verði 26. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Þá annast bbyggingarfulltrúi önnur þau störf, sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglum, og störf, sem byggingarnefnd eða sveitarstjórn hefur falið honum, svo sem útmælingu lóða, staðsetningu húsa svo og upplýsingagjöf til Fasteignamats ríkisins, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976.
13. Við 26. gr., er verði 30. gr. Í stað „36. gr.“ í 2. mgr. komi: 40. gr.
14. Við 29. gr., er verði 33. gr. Í stað „27. gr.“ komi: 32. gr.
15. Við 32. gr., er verði 36. gr. Greinin orðist svo:
    Ef hönnuður skv. 12. gr. leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í bága við ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, eða brýtur slíkt ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna félagsmálaráðherra það. Sama gildir, ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu skv. 12. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir skal hann leita umsagnar viðkomandi aðila, sem mælt er fyrir um í 12. gr.

16. Við 33. gr., er verði 37. gr. Greinin orðist svo:

Ef sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

Ef brot er ítrekað eða alvarlegt getur byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu skv. 16. og 20. gr.

Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

17. Við 34. gr., er verði 38. gr. Greinin orðist svo:

Ef hönnuður skv. 12. gr., iðnmeistari eða byggingarstjóri gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann til greiðslu sekta.

18. Við 37. gr., er verði 41. gr.

a) 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979, sbr. þó 2. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. skulu að fullu komin til framkvæmda í árslok 1985, en jafnframt falla þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 (sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948) um byggingarfulltrúa í sveitum.

b) Upphaf 2. mgr. orðist svo:

Við gildistöku laga þessara 1. janúar 1979 falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 19, 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
Lög nr. 84, 16. desember 1943 um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
Lög nr. 108, 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, ekki eru löggildir verslunarstaðir, að undantekinni 5. gr., sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948.
Lög nr. 26, 1. apríl 1948 um breyting á lögum nr. 108 frá 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undanteknum a-lið 3. gr.
Lög nr. 61, 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Ed. 370. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingu, sem lögð er til á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Steingrímur Hermannsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febrúar 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Eggert G. Þorsteinsson.	Jón Helgason.	Helgi F. Seljan.

Ed. 371. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

Frá félagsmálanefnd.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
Til viðbótar 13. gr. laganna komi:
Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.

Sþ. 372. Fyrirspurnir. [190. mál]

I. Til samgönguráðherra um veg í Mánárskriðum.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni.

Hvað líður áætlunargerð um nýtt vegarstæði í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi?

II. Til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd reglugerðar um lágmarksstærðir fisktegunda.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Í reglugerð nr. 262 6. júlí 1977 segir svo: „Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli og karfi."
   Spurt er: Hvernig er háttað framkvæmd og eftirliti með reglugerðinni að því er þetta ákvæði hennar varðar?
2. Hve mikið var á s. l. ári gert upptækt af fiski undir lágmarksstærð samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar?

Ed. 373. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.
Minni hlutinn, Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti. Albert Guðmundsson var fjarverandi endanlega afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Ed. **374. Nefndarálit** [182. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt ákvæðum þessa frv. ætlar ríkisstjórnin sér að rifta öllum kjarasamningum, sem gerðir voru á s. l. ári.

Kjarasamningar verkalýðsfélaganna voru gerðir 22. júní s. l., eða fyrir um 7 mánuðum. Kjarasamningar BSRB eru rétt liðlega þriggja mánaða gamlir. Síðan þessir samningar voru gerðir hefur ekkert óvænt komið fyrir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Tölur, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðarbúsins á árinu, sýna þvert á móti að þjóðarframleiðsla hefur orðið meiri en ráðgert var um það leyti sem samningar voru gerðir og þjóðartekjur hafa hækkað um 7—8% í stað um 5% sem áætlað hafði verið. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að ætla að rifta kjarasamningunum er því með öllu óafsakanleg.

Það er vissulega alvarlegt mál, að ríkisstjórn, sem sjálf gerir bindandi launasamninga og lætur fjármálaráðherra sinn skrifa hátíðlega undir launa- og kjarasamninga, skuli eftir aðeins þrjá mánuði leyfa sér að svíkja slíka samninga. Þannig hefur núv. ríkisstjórn staðið að samningsgerð við BSRB, og þannig ætlar hún nú að hlaupa frá þeim samningum.

Ríkisstjórnin ber einnig fulla samábyrgð ásamt með vinnuveitendum á samningunum við verkalýðsfélögin frá því í júní s. l. Hún var með afskiptum sínum af þeim samningum aðili að samkomulagsgerðinni. Þá samninga ætlar hún einnig að svíkja.

Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa þegar svarað þessum áformum.

Í ályktun formannaráðstefnu BSRB, sem haldin var nú í vikunni, segir m. a.:

„Skorar formannaráðstefnan á Alþingi að hætta við að samþykkja þau ákvæði frumvarpsins, sem fela í sér riftun á samningum um kaup og kjör.

Verði Alþingi ekki við þessari áskorun er launafólk knúið til aðgerða til verndar samningsréttinum nú og í framtíðinni

Ef nauðsyn krefur og samstaða næst við önnur launþegasamtök um aðgerðir, felur formannaráðstefnan stjórn BSRB að gangast fyrir víðtækri þátttöku félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í þeim. Komi til vinnustöðvunar, er stjórn Bandalagsins falið að taka þátt í stjórnun hennar af þess hálfu."

Í ályktun formannaráðstefnu verkalýðsfélaga innan ASÍ, formanna landssambanda þess og miðstjórnar, sem haldin var 15. febr. s. l., segir m. a.:

„Ráðstefnan ítrekar fyrri áskoranir verkalýðssamtakanna til ríkisstjórnarinnar um að stöðva framgang frumvarpsins. Verði ekki orðið við þeim eindregnu tilmælum samþykkir ráðstefnan að fela miðstjórn ásamt stjórnum eða fulltrúum BSRB og FFÍ að skipuleggja sameiginlegar **baráttuaðgerðir** og skal miða við að að þær **hefjist 1. mars n. k.**, en þann dag á fyrsta kaupskerðingin að koma til framkvæmda. Allar skulu aðgerðir samtakanna stefna að því marki að þeim ólögum, sem sett hafa verið hagsmunum og rétti launamanna til höfuðs, verði í reynd eytt þannig að kjara- og réttindaskerðingin komi ekki til framkvæmda og verði ekki þoluð af neinu verkalýðsfélagi né einstökum félögum þeirra. Kjörorð baráttunnar verði: **Kjarasamningana í gildi.**"

Lækkun verðlagsbóta á laun um helming, eins og að er stefnt með frumvarpinu, mun nema 10—12% lækkun á kaupmætti launa frá því sem hann hefur verið í upphafi þessa árs. Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar mun meðalverðhækkun á milli áranna 1977 og 1978 nema 36—37%. Ljóst er því, að við slíkar aðstæður er ekki gott að búa með aðeins hálfar verðlagsbætur á laun. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar munu ekki breyta miklu í verðlagsmálum — dýrtíðin verður síst

minni en áður. Þær munu á hinn bóginn, ef þær fá að standa, draga lífskjör vinnandi fólks niður. Stefnan er sem sagt sú sama og áður, að ætla að leysa allan vanda á kostnað launafólks.

Aðrar hliðarráðstafanir, sem frv. fjallar um, breyta litlu um stöðuna í efnahagsmálum. Ákvæði eins og um lækkun vörugjalds úr 18% í 16%, á sama tíma og verð á innfluttum vörum hækkar í kjölfar gengislækkunar um 15%, hefur að sjálfsögðu ekki áhrif til verðlækkunar. Aukin niðurgreiðsla um 1300 milljónir króna er að vísu til bóta, en segir lítið í almennu verðhækkunarflóði.

Ákvæði 2. gr. um lágmarksverðbætur er því miður lítils virði, þar sem það bætir í engu hag þeirra, sem hafa samanlagt í mánaðarlaun fyrir dagvinnu og eftirvinnu meira en 176 000 kr. Auk þess er ljóst, að þar sem um er að ræða fasta, lögbundna krónutölu sem kaupuppbót á tímum óðaverðbólgu, verður þetta ákvæði einskis virði fyrir nær alla launamenn eftir nokkra mánuði.

Svo dæmi sé tekið af launum Dagsbrúnarverkamanna á 5. taxta (byggingarvinna), þá fá þeir nú samkvæmt þeim taxta í mánaðarlaun fyrir dagvinnu og 10 eftirvinnustundir á viku 167 092 kr. Í staðinn fyrir 10% verðbætur á laun 1. mars n. k. munu þessir verkamenn fá 5% verðbætur skv. ákvæðum 1. gr. frv. eða 8 355 kr. og auk þess 445 kr. í uppbót skv. 2. gr., eða samanlagt 8 800 kr. í stað 16 709 kr., þ. e. þeir fá aðeins 53% af verðbótum saamkvæmt gildandi kjarasamningum. Varla þarf nokkurn að undra, þótt menn bregðist hart við svo stórfelldri kjaraskerðingu.

Við erum andvígir þessu frumvarpi og bendum um leið á afstöðu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar í verðbólgunefnd og þær tillögur um ráðstafanir til verðlagslækkunar sem þeir stóðu þar að. Þær tillögur eru prentaðar með þessu nefndaráliti.

Alþingi, 16. febr. 1978.

Ragnar Arnalds, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 8. febrúar 1978.

SAMEIGINLEGT ÁLIT FULLTRÚA ASI, BSRB OG FULLTRÚA ÞRIGGJA FLOKKA Í VERÐBÓLGUNEFND.

Í þeim tillögum, sem nefndarformaður hefur lagt fram í verðbólgunefnd, er gert ráð fyrir beinni riftun kjarasamninga og verulegri almennri kjaraskerðingu. Við undirritaðir 5 nefndarmenn: Ásmundur Stefánsson, fulltrúi ASÍ, Gylfi Þ. Gíslason, fulltrúi þingflokks Alþýðuflokksins, Karvel Pálmason, fulltrúi þingflokks Frjálslyndra og vinstri manna, Kristján Thorlacius, fulltrúi BSRB, og Lúðvík Jósepsson, fulltrúi þingflokks Alþýðubandalagsins, lýsum okkur andvíga slíkum aðgerðum og teljum okkur ekki fært að standa að nefndarálitinu.

Frá undirskrift samninga ASÍ-félaganna og atvinnurekenda eru nú einungis liðnir rúmir 7 mánuðir og rétt rúmlega 3 mánuðir frá undirskrift aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra. Í þessu sambandi má minna á, að í haustspá Þjóðhagsstofnunar og yfirliti stofnunarinnar um þróun og horfur efnahagsmála í janúarlok á þessu ári er aukning þjóðartekna talin rúmlega 7% árið 1977, en Þjóðhagsstofnun spáði um 5% í áætlun sinni s. l. vor. Sá rammi, sem stjórnvöld hafa miðað við, hefur þannig reynst rýmri en áður var gert ráð fyrir. Sú ríkisstjórn, sem sjálf hefur undirritað kjarasamninga fyrir þrem mánuðum og afgreitt fjárlög fyrir rúmum mánuði, stefnir nú að riftun samninga.

Stefna verður að samfelldum aðgerðum, sem miða að endurskipulagningu efnahagslífsins, þannig að markmiðunum stöðugu verðlagi, vaxandi kaupmætti og fullri

atvinnu sé náð til lengri tíma. Því er brýnt að þær aðgerðir, sem nú verður gripið til, torveldi ekki frambúðarlausn þessara mála, eins og fram lagðar tillögur gera ráð fyrir. Það er skoðun okkar, að þann vanda, sem við er að etja, megi leysa án þess að rifta samningum eða skerða almenn launakjör. Þá ber að ítreka, að grundvallarforsenda þess að sú víðtæka samstaða, sem nauðsynleg er, ef lausnin á að koma að varanlegu gagni, er fyrir fram rofin með aðgerðum af því tagi, sem nú er boðað.

Það er algjört grundvallaratriði að samningar, sem varða kaup og kjör, séu haldnir eins og aðrar fjárskuldbindingar í þjóðfélaginu. Um leið og við leggjum fram meðfylgjandi verðlækkunartillögu, leggjum við áherslu á að unnið verði að því m. a. að jafna sveiflurnar í efnahagslífinu, koma skipulagi á fjárfestingarmálin, hrinda fram úrbótum í skipan fjármála ríkis og sveitarfélaga og bæta fyrirkomulag verðlagseftirlitsins. Skammtímalausnin verður að leggja grunn að langtímalausn. Sú tillaga, sem við leggjum hér fram, stefnir að því að hægja á verðbólgunni, án þess að til atvinnuleysis þurfi að koma, þótt ljóst sé að hér er ekki um að ræða nema skref í átt að lausn málsins til frambúðar.

VERÐLÆKKUNARLEIÐ

Fjáröflun:

1.	10% hækkun á skatti félaga auk 5% skyldusparnaðar	900 m. kr.
2.	Veltugjald á sama skattstofn og aðstöðugjöld	4300 m. kr.
3.	Lækkun rekstursgjalda ríkisins	1500 m. kr.
4.	Útflutningsuppbætur, sem færast á niðurgreiðslur	1000 m. kr.
5.	Áhrif aðgerðanna á ríkissjóð	2000 m. kr.
6.	Hækkun tekna ríkisins v/betri innheimtu söluskatts v/breyt. á tekjusk.	1000 m. kr.
7.	Sala spariskírteina	2000 m. kr.
	Alls	12 700 m. kr.

Ráðstöfun:

1.	Vörugjald fellur niður	6800 m. kr.
2.	Niðurgreiðslur auknar	3200 m. kr.
3.	Leiðrétting á forsendum fjárlaga (en skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er óhjákvæmilegt að afla þessara tekna, þar sem fjárlagaforsendur hafa reynst rangar)	2100 m. kr.
	Alls	12 100 m. kr.

Auk þessara fjárlagaaðgerða verði verslunarálagning lækkuð um 10%, þannig að áhrif verðlækkunaraðgerðanna á framfærsluvísitöluna verði sem hér segir:

Lækkun verslunarálagningar	1½%
Auknar niðurgreiðslur	3%
Niðurfelling vörugjalds	2½%
Lækkun alls	7%

Samkomulag 5 fulltrúa í verðbólgunefnd er þannig byggt á því grundvallaratriði að ekki verði hróflað við kjarasamningum, full atvinna haldist og dregið verði úr verðbólgu með verðlækkunaraðgerðum.

Um hinn sérstaka vanda útflutningsatvinnuveganna gerum við ekki tillögur hér, þar sem ljóst er að gengislækkun er þegar ákveðin. Sú ákvörðun knýr enn á um að gengið sé til verðlækkunaraðgerða af því tagi, sem hér er gerð tillaga um.

Ásmundur Stefánsson. Gylfi Þ. Gíslason. Karvel Pálmason.
Kristján Thorlacius. Lúðvík Jósepsson.

Ed. 375. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

3. gr. falli niður.

Nd. 376. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum um félagsheimili, nr. 107 1970.

Flm.: Gunnar Sveinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Upphaf 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal því fé varið til að stuðla af menningarstarfsemi á vegum almennra félagssamtaka, svo sem ungmenna- og æskulýðsfélaga, kvenfélaga og annarra menningarsamtaka. Eigi skal styrkveiting bundin því skilyrði, að sú menningarstarfsemi, sem styrkt er, fari fram í félagsheimili, þó slíkt sé æskilegt. Styrkveitingu til menningarstarfsemi o. s. frv.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna komi:

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann byggingarstyrki úr sjóðnum samkvæmt tillögum íþróttanefndar, íþróttafulltrúa og deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar 3 manna nefnd til 3 ára, er geri tillögur um styrki úr menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal sú nefnd skipuð tveimur mönnum samkvæmt tilnefningu: einum frá Ungmennafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands, einum frá Bandalagi ísl. listamanna og Bandalagi ísl. leikfélaga. Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin er ólaunuð. Framkvæmdastjóri nefndarinnar skal vera æskulýðsfulltrúi ríkisins.

Umsóknir um styrki skal senda menntamálaráðuneytinu. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningardeild félagsheimilasjóðs, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting, sem hér er lögð til að gerð verði á lögum um félagsheimili, á aðallega við um menningarsjóð félagsheimila og felur í sér þrjár meginbreytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að sá hluti sjóðsins, er veitir fé til menningarmála, sé kallaður menningardeild félagsheimilasjóðs og til úthlutunar úr menningardeild sjóðsins skipi ráðherra 3 manna nefnd.

Í öðru lagi sé það ekki bundið í lögum að styrkveitingar gangi til ákveðinna húsa, heldur sé styrkurinn veittur til félagssamtaka.

Í þriðja lagi er lagt til að æskulýðsfulltrúi ríkisins verði framkvæmdastjóri og starfsmaður þeirrar nefndar, er sér um úthlutun úr menningardeild sjóðsins.

Með þessum breytingum er stefnt að því, að menningarsjóðurinn komi betur að þeim notum er honum var ætlað í byrjun, en í reglum um menningarsjóðinn frá 1. mars 1972 segir m. a., að sjóðurinn skuli stuðla að flutningi á leikhúsverkum, þ. e. leikritum, söngleikjum, blönduðum leikdagskrám og listdanssýningum, tónleikahaldi, bókmenntakynningum og annarri menningarstarfsemi.

Á fundi, er menntamálaráðuneytið boðaði til 8. des. 1975 að Hótel Sögu, voru málefni sjóðsins rædd og gerðar áætlanir um starfrækslu sjóðsins. Á þeim fundi, þar sem mættir voru 32 fulltrúar félagsheimila, ráðuneytis og félagssamtaka, kom berlega í ljós, að mikil þörf væri á nánari kynningu á störfum sjóðsins, og var forráðamönnum félagsheimila ekki nógu ljóst hvernig þeir gætu notfært sér hann.

Tekjur sjóðsins hafa verið sem hér segir:

1970—1974	kr.	11 529 544
1975	—	5 259 400
1976	—	7 232 400
1977	—	8 100 402

og á árinu 1978 má gera ráð fyrir nærri 10 milljónum króna.

Aðalgalli við það fyrirkomulag, sem verið hefur á rekstri sjóðsins, er að hann hefur ekki verið í neinum tengslum við þá aðila er njóta áttu styrkja úr honum, þ. e. a. s. almenna félagsstarfsemi í landinu.

Einnig hafa háð starfsemi sjóðsins þau ákvæði í lögum að miða styrkveitingu við hús, en ekki félagssamtök.

Með því, að almenn félagssamtök fái aðild að starfsemi sjóðsins á þann hátt sem hér er lagt til og æskulýðsfulltrúi verði starfsmaður hans, er það von flutningsmanna, að starfsemi sjóðsins muni aukast og komast í það horf, er ætlað var í byrjun, og að betra samband skapist milli ráðamanna sjóðsins og félagssamtaka í landinu.

Ed. 377. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

1. Við 10. gr.
   a. Í stað „15. febrúar“ komi: 19. febrúar.
   b. Í stað „16. febrúar“ komi: 20. febrúar.
2. Við 11. gr. Í stað „16. febrúar“ í 1., 2. og 3. mgr. komi: 20. febrúar.

Ed. 378. Frumvarp til laga [182. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. febr.)

I. KAFLI
Um verðbótaákvæði kjarasamninga.

1. gr.

Hinn 1. mars 1978, 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem Kauplagsnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega, hvaða hækkanir skuli verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

2. gr.

Sú krónutöluhækkun verðbóta og verðbótaauka, sem launþegi fær samanlagt frá byrjun greiðslutímabils fyrir dagvinnu, yfirvinnu, ákvæðisvinnu og annað, skal aldrei vera minni en svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1%, sem öll hækkun verðbótavísitölu að meðtöldum verðbótaauka hefur numið hverju sinni samkvæmt útreikningi Kauplagsnefndar. Fyrir launþega, sem eru ekki í fullu starfi, lækkar þessi fjárhæð hlutfallslega.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fyrirmælum þessarar greinar skulu sett með reglugerð.

II. KAFLI

Um bætur almannatrygginga skv. lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977 og nr. 56/1977.

3. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu 1. mars 1978, 1. júní 1978 og 1. september 1978 taka sömu hlutfallshækkun og laun almennt þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar, skv. 1. mgr. 19. gr. laganna, svo og heimilisuppbótar, skv. 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1977, skal hækka um 2 prósentustig 1. mars 1978 umfram hækkun almennra bóta þann dag.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977 og lög nr. 63 28. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

4. gr.

1. mgr. C-liðar 25. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 orðist svo:

Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins, er nemi 31 456 kr. með fyrsta barni en 47 183 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins. Framfærandi samkvæmt þessum staflið telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá sem greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi þess í þessu sambandi.

IV. KAFLI

Um skyldusparnað félaga og stofnana.

5. gr.

Öll þau félög og stofnanir, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og tekjuskattskyld eru skv. ákvæðum þeirra laga, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem nemur 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að viðbættum þeim varasjóðstillögum sem heimiluð hafa verið til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna á því ári skv. 2. mgr. 17. gr. nefndra laga.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess félags eða stofnunar er sparar.

Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 6. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innstæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innstæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnist eigi að þeim réttur eigandi.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja innstæður á reikningum þeim sem hér um ræðir. Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað frávik frá þessu.

6. gr.

Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

7. gr.

Skyldusparnaður skv. 5. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innstæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. l. nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

9. gr.

1. og 2. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1977, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 19. febrúar 1978 en 16% tímabilið 20. febrúar til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

10. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið lækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 20. febrúar 1978, skv. 1. gr. laga þessara, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 20. febrúar 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 20. febrúar 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 20. febrúar 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu hins lægra vörugjalds.

Af vöru, sem með leyfi tollyfirvalda hefur verið afhent innflytjanda fyrir 20. febrúar 1978 gegn fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða það vörugjald, sem greiða bar af vörunni fyrir 20. febrúar 1978.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá sérstöku vörugjaldi í sama mæli hlutfallslega.

VI. KAFLI

Um ríkisframkvæmdir og lántöku.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 er heimilt að lækka fjárveitingar skv. 4. gr. laganna um 1 000 millj. kr. hvort sem er framkvæmda- eða rekstrarliði.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði töluliðar XLIX í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978 skal fjármálaráðherra heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 4 600 m.kr. á árinu 1978.

VII. KAFLI

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma III. og IV. kafli til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda til ríkissjóðs fyrir skattárið 1977.

Nd. 379. Lög [87. mál]

um breyting á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. des. 1976.

(Afgreidd frá Nd. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 224.

Nd. 380. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Flm : Gunnlaugur Finnsson, Ólafur G. Einarsson, Magnús T. Ólafsson, Páll Pétursson.

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna hljóði svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram fyrsta laugardag júnímánaðar.

2. gr.

Í stað 1. mgr. 20. gr. laganna komi tvær mgr., sem hljóði svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Kjósa skal aðalmenn og varamenn á sama kjörseðli, sem er tvískiptur, þannig að tilgreindur er fjöldi aðalmanna sérstaklega og síðan sami fjöldi varamanna. Þeir

eru kjörnir aðalmenn í hreppsnefnd sem flest atkvæði fá í sæti aðalmanna. 1. varamaður er sá kosinn er flest atkvæði hlýtur í 1. sæti á lista yfir varamenn, að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann fækk á lista yfir aðalmenn, hafi hann ekki náð kosningu sem aðalmaður. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti á lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut á lista aðalmanna og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt, uns fyllt er í sæti þau, sem kjósa skal í.

Nú er sýslunefndarmaður og varamaður hans kosnir óbundinni kosningu og gilda þá sömu ákvæði um kosningu þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir tvenns konar breytingum á sveitarstjórnarlögum, hvorum tveggja að því er varðar kosningar til sveitarstjórnar.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að kjördagur verði einn og hinn sami um land allt þegar sveitarstjórnarkosningar fara fram.

Líta verður svo á, að tveir kjördagar með sem næst mánaðar millibili séu leifar af úreltu skipulagi. Þegar lögbundinn kjördagur í þéttbýlissveitarfélögum var færður frá síðasta sunnudegi í janúar til síðasta sunnudags í maí, sem ekki er hvítasunnudagur, þótti ekki rétt að stíga skrefið til fulls. Sennilega hafa vorannir í sveitum, einkum vegna sauðburðar, valdið því, enda getur kjördagur samkvæmt gildandi reglum verið hvenær sem er á tímabilinu frá 18. maí (ef hvítasunnudag ber upp á 25. maí) til mánaðarloka.

Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri hefð að kjósa á sunnudegi. Laugardagur er nú orðinn almennt frídagur og ekki afgerandi stærri sá hópur sem bundinn er vegna starfs síns á laugardegi en sunnudegi. Ætla má, að hinn stóri hópur kjörstjórnarmanna og annarra starfsmanna við kosningar, og ekki síður mikill þorri almennings, sem vakir eftir kosningaúrslitum, geti mætt betur hvíldur til starfs síns á mánudagsmorgni en ella, ef þessi háttur verður upp tekinn.

Í öðru lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á framkvæmd óhlutbundinna kosninga. Óbundið persónukjör á sér enn víða stað í strjábýlishreppum og er ekki ástæða til að leggja það niður að svo stöddu, þótt frá því hafi verið horfið í nálægum löndum.

Lagaákvæði nú heimila tvenns konar framkvæmd:

Annars vegar að kosnir eru helmingi fleiri fulltrúar en kjósa skal á einum lista, og eru þeir rétt kjörnir aðalmenn sem flest fá atkvæði þar til fyllt eru sæti aðalmanna, en varamenn verða jafnmargir, eftir því sem atkvæði hafa fallið. Gallinn við þessa framkvæmd er augljós og ekki rakinn ítarlega hér, þó aðeins bent á þá staðreynd, að þeir gætu náð kjöri sem aðalmenn sem ekki hafa til þess raunverulegt kjörfylgi, enda þótt þeir hafi kjörfylgi til að taka sæti varamanns. Þessi aðferð mun enda vera framkvæmd á tiltölulega fáum stöðum.

Hin aðferðin, að kjósa aðalmenn sér og síðan varamenn, krefst tveggja kjörfunda og leiðir víðast til þess, að kjördagar verða tveir.

Er raunar vart hægt að sjá að fullt samræmi sé milli ákvæðanna um kjörfundi í kosningalögum til Alþingis, sem gilda einnig í sveitarstjórnarkosningum, og ákvæðanna í sveitarstjórnarlögunum og lögum um sveitarstjórnarkosningar hins vegar.

Sú leið, sem lagt er til í frv. að farin verði, ætti að gera kleift að kjósa aðalmenn og varamenn á sama kjörfundi og tryggja að ekki verði aðrir kosnir aðalmenn en þeir, sem til þess hafa kjörfylgi, en þeim nýtist atkvæðin til kjörs varamanna, sem fá atkv. á lista aðalmanna, nái þeir ekki kjöri sem slíkir.

Nd. 381. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Ólafur G. Einarsson, Magnús T. Ólafsson, Páll Pétursson.

1. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fylgir frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum og er til samræmingar, verði það frv. lögfest.

Nd. 382. Frávísunartillaga [182. mál]

í málinu: Frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá Benedikt Gröndal, Eðvarð Sigurðssyni og Karvel Pálmasyni.

Þar sem breytingar efri deildar á frumvarpinu draga ekkert úr kjaraskerðingu eða riftun samninga, sem í því felast, og enn stendur boð stærstu launþegasamtakanna um að ræða við ríkisstjórnina um lausn á vandamálum atvinnuveganna án þess að kjarasamningum sé rift, ályktar neðri deild, í trausti þess að slíkar viðræður fari fram, að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar.

Nd. 383. Lög [182. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum.

(Afgreidd frá Nd. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 378.

Sþ. 384. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um athugun á veiðiréttindum bænda, sem eiga land að sjó.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða nokkur ákvæði laga um lax- og silungsveiði, sem orka kunna tvímælis. Í þessu sambandi ber einkum að kanna réttindi og skyldur bænda, sem eiga land að sjó, og athuga, hvort ekki sé ástæða til að rétta þeirra hlut. Meðal annars ber sérstaklega að kanna:

hvort veiðiréttur á silungi í sjó, sbr. 19. gr. laganna, er ekki bundinn óþarflega ströngum takmörkunum til viðbótar þeim veiðihömlum, sem stafa af óblíðu veðurfari hér við land;

hvort ákvæði 23. gr. laganna um skyldu manna til að sanna sakleysi sitt, ef grunur um lögbrot fellur á þá, gangi ekki þvert á meginreglur íslenskra laga um sönnunarbyrði í refsimálum;

hvort ákvæði 6. töluliðar 89. gr., sem heimila eftirlitsmönnum húsleit að eigin geðþótta án undangengins úrskurðar, gangi ekki langt úr hófi fram.

Jafnframt ber að stefna að því, að bændur, sem eiga land að sjó og hafa verið sviptir hlunnindum bótalaust, eigi í framtíðinni rétt á sérstakri fyrirgreiðslu til að koma upp fiskrækt sem aukabúgrein, þar sem góðar aðstæður eru fyrir hendi.

Greinargerð.

Veiði lax og silungs hefur sætt ströngum takmörkunum í seinni tíð og hefur verið stefnt að því að veiða fiskinn fremur á stöng en í net. Þetta er eðlileg þróun á þeim tímum, þegar veiðigleðin er orðin verðmeiri en maturinn í fisknum.

Hinu má ekki gleyma, að með þessari þróun er nokkur hluti bænda sviptur hlunnindum, sem forfeður þeirra hafa notið um aldir, og er þá átt við bændur, sem eiga land að sjó. Þeir hafa að öllu leyti misst rétt til laxveiða í sjó og fá engan arð af aukinni laxagengd í veiðiám, en veiðar á silungi í net eru miklum takmörkunum háðar og bannaðar hálfa vikuna. Ef eitthvað er að veðri er veiði í sjó vonlaus og verða mögulegir veiðidagar miklu færri í ám og vötnum.

Ekki er rétt að leyfa **laxveiðar** í sjó að nýju, en ástæðulaust er að herða svo að **silungsveiði** í sjó, að bændur, sem búa við sjávarsíðuna, verði nær réttindalausir.

Á seinustu árum hefur eftirlit með veiði í sjó verið aukið. Eðlilegt eftirlit er sjálfsagt að allra dómi, en ýmsar heimildir eftirlitsmanna og aðfarir þeirra með stoð í lögum sæta ámæli, svo að illindi hafa af hlotist.

Ákvæði 3. töluliðar 23. gr. þykja mörgum nokkuð ströng og í litlu samræmi við íslenskar *réttarvenjur*:

„3. Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma."

Í 6. tölulið 89. gr. segir: „Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhúsi, frystihúsi eða öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni **heimilt án undangengins úrskurðar dómara** að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörslu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar." Orðin, sem ég hef undirstrikað, veita heimild, sem lögreglumönnum er almennt ekki veitt, jafnvel gegn morðingjum og milljónaþjófum, og er því lítt skiljanlegt, að lögin skuli veita ólöglærðum veiðieftirlitsmönnum vald, sem dómurum einum er ætlað samkvæmt almennum reglum.

Þessi dæmi sýna, að þörf er á að endurskoða lögin um lax- og silungsveiði og ber þá sérstaklega að huga að réttindum og skyldum bænda, sem eiga land að sjó.

Fiskrækt á vafalaust glæsilega framtíð fyrir sér hér á landi, bæði sem aukabúgrein og sjálfstæður atvinnurekstur. Er raunar furðulegt, hve Íslandingar eru langt á eftir nálægum þjóðum í þessum efnum. Lax- og silungsrækt í lokuðum hólfum við og í sjó á eftir að stóraukast hér á landi, og þá ekki síst þar sem einhvern jarðhita er að fá.

Með hliðsjón af þeim réttindamissi, sem bændur við sjó hafa orðið fyrir, ættu þeir að njóta sérstakrar fyrirgreiðslu þegar skriður kemst á fiskrækt hér við land, svo fremi að góðar aðstæður séu fyrir hendi.

Alþingismenn á Norðurlandi vestra hafa fengið sendar áskoranir úr báðum Húnavatnssýslum og Skagafirði, þar sem þess er óskað, að hlutur bænda, sem eiga land að sjó, verði réttur. Inngangur að undirskriftarskjali, sem áritað var af fjölmörgum bændum úr þessum sýslum og sent var þingmönnum kjördæmisins, birtist hér sem fylgiskjal ásamt bréfi, sem undirskirftunum fylgdi.

Jafnframt skal þess getið, að flm. tillögunnar bar fyrrgreint erindi bænda undir veiðimálastjóra en hann vildi ekki fallast á að rétt væri að ganga til móts við sjónarmið þeirra.

Fylgiskjal I.

Við undirritaðir, er hlunnindi höfum af silungsveiði í sjó, mótmælum ákvæðum laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970, 19. gr., um friðun silungs, þar sem veiði í sjó er svo háð veðráttu að öll lagaboð um friðun hljóta að teljast óþörf, enda með þeim skert stórlega viðurkennd hlunnindi jarða bótalaust, sem vart getur samræmst íslenskum lögum, þar sem ekkert bendir til að um ofveiði sé að ræða.

Jafnframt mótmælum við harðlega, að í jafnumdeildu máli sem þessu sé áreigendum, eða þeirra starfsmönnum, falið eftirlit með netalögnum í sjó utan vatnasvæðis straumvatns.

Skorum við hér með á háttvirta alþingismenn Norðurlandskjördæmis vestra að vinna nú þegar að því að fá ákvæðum laga um lax- og silungsveiði breytt á þann hátt, að heimilt skuli að láta silungsnet í sjó liggja alla þá daga sem aðstæður leyfa.

(Undirskriftir.)

Fylgiskjal II.

Herra alþingismaður.

Við undirritaðir, sem tekið höfum að okkur að koma undirskriftum þessum til þingmanna kjördæmisins, töldum rétt að gefa heldur gleggri mynd af skoðunum okkar í þessu máli.

Sjávarsilungur hefur verið við strendur landsins frá upphafi Íslands byggðar, en er ekki til kominn vegna fiskræktar. Eiga því allir, sem möguleika hafa á að nytja hann, að hafa til þess fullan rétt.

Silungsveiði í sjó hefur verið stunduð í margar aldir og hafa þau hlunnindi, sem silungsveiðin er, fyrir löngu verið viðurkennd eign viðkomandi jarða.

Lög þau um lax- og silungsveiði, sem nú gilda, skerða stórlega rétt sjávarjarða umfram aðrar, þar sem aðstæður eru víða þannig, að eingöngu er um veiðar í net að ræða. Netalagnir í sjó eru miklu háðari veðráttu og ýmsum öðrum aðstæðum en í ám og vötnum, þar sem þau geta legið í nær hvaða veðri sem er.

Skerðing á veiðirétti í sjó er ekki til komin vegna ofveiði, enda engar þær rannsóknir farið fram, sem gefa til kynna að um slíkt sé að ræða.

Teljum við að lög þessi hafi þann eina tilgang að koma silungsveiðinni til þeirra, sem þegar hafa fengð öll hlunnndi af laxveiði og vilja nú líka sitja einir að silungnum.

Þeirri stefnu í veiðréttarmálum að vilja koma þessum hlunnindum öllum yfir á jarðir, sem land eiga að ám og vötnum, mótmælum við harðlega.

Best er að sem flestar jarðir hafi einhver hlunnindi, og Alþingi á að standa vörð um þennan rétt hvers landeiganda, en láta ekki peningasjónarmið einstakra manna ráða í þessu máli.

Treystum við því, að máli okkar verði vel tekið.

Virðingarfyllst.

Eiríkur Pálsson, Syðri-Völlum, V.-Hún.	Þorvarður Júlíusson, Löndum, V.-Hún.	Páll J. Leví, Heggsstöðum, V.-Hún.

Sþ. 385. Fyrirspurn [195. mál]

til viðskiptaráðherra um fjárfestingu ríkisbankanna.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1) Hversu mikil var fjárfesting ríkisbankanna hvers um sig á árunum 1960—68, í byggingarlóðum og húsbyggingum svo og tækjum og búnaði bankahúsa á núverandi verðlagi?
2) Hversu mikil er þessi og önnur fjárfesting ríkisbankanna á árunum 1969—78 einnig á núverandi verðlagi?
3) Hversu mikill er áætlaður kostnaður ríkisbankanna hvers um sig af yfirstandandi fjárfestingarframkvæmdum?
4) Eru ráðgerðar einhverjar fjárfestingarframkvæmdir hjá ríkisbönkunum sem enn er ekki byrjað á? Ef svo er, hverjar eru þær og hvað er áætlað að þær muni kosta?
5) Er um að ræða einhverjar sameiginlegar fjárfestingar ríkisbankanna á þessu árabili? Ef svo er, hverjar eru þær og hvað hafa þær kostað á núverandi verðlagi?
6) Eru fyrirhugaðar frekari sameiginlegar fjárfestingarframkvæmdir ríkisbankanna? Ef svo er hverjar eru þær?

Óskað er eftir skriflegu svari.

Sþ. 386. Fyrirspurn [196. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur á þjóðvegum á Vestfjörðum.

Frá Jóhannesi Árnasyni.

Hvaða reglur gilda hjá Vegagerð ríkisins um snjómokstur á þjóðvegum á Vestfjörðum:

1) Á þjóðvegum út frá Ísafirði til nálægra byggðarlaga?
2) Á þjóðvegum út frá Patreksfirði til nálægra byggðarlaga?

Sþ. 387. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls.

Flm.: Þorleifur K. Kristmundsson, Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta framkvæma vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls.

Greinargerð.

Frá upphafi Íslandsbyggðar hafa hlunnindi af æðarfugli verið nokkur þáttur í afkomu Íslendinga og þannig liður í afkomu þeirra bænda, sem búið hafa á varpjörðum.

Það er því ekki vansalaust fyrir okkur, að ekki hefur enn farið fram hérlendis nein vísindaleg rannsókn á lifnaðarháttum æðarfuglsins. Bestu upplýsingar hérlendis um æðarfuglinn mun að finna í grein eftir Eyjólf Guðmundsson á Illuga-

stöðum á Vatnsnesi, sem birtist í Skírni, og í bæklingi eftir sr. Sigurð Stefánsson í Vigur frá 1914.

Nú mun væntanleg í Náttúrufræðingnum þýdd grein um rannsókn á æðarfugli við Bretland.

Brýna nauðsyn ber því til að við Íslendingar látum rannsaka æðarfuglinn vísindalega, og er það jafnvel enn brýnna þegar skýrslur um dúntekju sýna að hún hefur minnkað að mun frá síðustu öld og fyrri hluta þessarar aldar.

Ekki er hægt að gefa neinar ákveðnar skýringar á fækkun æðarfugla síðan á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, en vafalítið er olíumengun stríðsáranna og eftirstríðsáranna stór þáttur ásamt mjög mikilli fjölgun vargfugls, tilkomu minksins í lífríki Íslands og svo auknum netalögnum allt í kringum landið vegna vaxandi hrognkelsaveiða.

Meðalútflutningur á dún á árunum 1864—1913 mun hafa verið nálægt 3400 kg, en á árunum 1943—1960 er meðaltal allrar dúntekju aðeins um 2 100 kg og á árinu 1977 virðist dúntekja rösklega 2 200 kg.

Þessar tölur sýna okkur að tekjur dúnbænda og þá um leið þjóðarbúsins hafa minnkað stórlega á síðustu árum.

Dúntekjur ársins 1977 hafa verið reiknaðar samtals 96 445 173 kr. á verðlagi þess árs, en hefðu orðið tæplega 150 millj. ef dúntekja hefði verið eins og meðaltalið 1864—1913.

Greinilegt er af þessum tölum, að mikil röskun hefur orðið á lífi æðarfuglsins og því brýn nauðsyn á að bæta þar úr, en slíkt verður því aðeins gert að við felum náttúrufræðingum okkar að gera víðtæka vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum hans við Ísland.

Ed. 388. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um geymslufé.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. febr. 1978.

Jón G. Sólnes, varaform. — Jón Helgason, fundaskr., frsm. — Albert Guðmundsson.
Ragnar Arnalds. — Jón Árm. Héðinsson. — Axel Jónsson.
Þorleifur Kjartan Kristmundsson.

Ed. 389. Breytingartillaga [142. mál]

við frv. til l. um geymslufé.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymsluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymsluféð, sé þess kostur.

Ed. **390. Frumvarp til byggingarlaga** [14. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. febr.)

I. KAFLI
GILDISSVIÐ LAGANNA

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum þessara laga eru þó götur og vegir, framræsluskurðir, girðingar á lögbýlum, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi rafmagns, síma, hitaveitna og vatns, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki að undanskyldum húsbyggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum.

Mannvirki undanþegin ákvæðum þessara laga skulu byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um náttúruvernd.

Leiki vafi á því, hvort mannvirki er háð ákvæðum laga þessara, skal félagsmálaráðuneytið úrskurða um það.

2. gr.

Þar sem sérstaklega stendur á, getur ráðuneytið, að fenginni umsókn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og umsögn skipulagsstjórnar, heimilað sveitarfélagi tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna.

II. KAFLI
YFIRSTJÓRN BYGGINGARMÁLA, ALMENN BYGGINGARREGLUGERÐ OG BYGGINGARSAMÞYKKTIR

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn byggingarmála. Ráðuneytinu til aðstoðar eru Skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins og aðrar stofnanir, sem fara með málefni, sem snerta framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð svo og sérreglugerðir með ákvæðum um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um, hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja, sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur, sem gerðar eru varðandi m. a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, birtu, svo og aðra hollustuhætti og eldvarnir, að því leyti sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru varðandi einstaka hluta bygginga og mismunandi tegundir bygginga, umgengni á vinnustöðvum og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um réttindi og skyldur byggingarstjóra, starfssvið hönnuða og iðnmeistara, hversu háttað skuli byggingareftirliti, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té, og hvernig þau skuli innheimt.

Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök, sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, s. s. varðandi stærðir og byggingarstig mannvirkja.

Birta skal hina almennu byggingarreglugerð og sérreglugerðir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að setja í sérstaka byggingarsamþykkt fyllri ákvæði m. a. um stjórn og meðferð byggingarmála, um réttindi og skyldur iðnmeistara og byggingarfulltrúa og starfsreynslu. Til þess að byggingarsamþykkt öðlist gildi, þarf félagsmálaráðuneytið að staðfesta hana að fenginni umsögn Skipulagsstjórnar ríkisins. Byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI
BYGGINGARNEFNDIR

6. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sbr. þó 2. mgr. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Nefndin skiptir með sér verkum.

Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. 24. gr. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og störfum byggingarfulltrúa. Félagsmálaráðuneytið skal staðfesta slíka samninga og úrskurðar jafnframt ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Starfsmenn sveitarfélaga eru kjörgengir í byggingarnefnd.

Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja alla fundi byggingarnefndar.

Sveitarstjórn og svæðisbyggingarnefnd getur ákveðið, að starfsmenn sveitarfélags og aðrir opinberir starfsmenn, sem fjalla um byggingar og skipulagsmál, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

Skipulagsstjóri ríkisins eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og ráðuneytis, sbr. þó 7. mgr. 8. gr.

Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir og hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og að lög og reglur um byggingarmálefni séu haldin.

Byggingarnefnd annast þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.

Ennfremur er sveitarstjórn heimilt að fela byggingarnefnd önnur störf á sviði byggingarmála, s. s. að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál, nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

8. gr.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a. m. k. mánaðarlega, svo framarlega sem erindi liggja til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað. Byggingarnefnd skal halda gerðabók, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð hverju sinni.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi og hefur tekið þátt í afgreiðslu máls. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn með máli og móti, er málið fallið.

Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanns eða manns, sem situr fundi nefndarinnar, skal hann víkja af fundi, meðan það mál er til umræðu og afgreiðslu.

Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal nefndin rökstyðja synjunina, sé þess sérstaklega óskað.

Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast ályktunin gildi, enda sé skilyrðum IV. kafla laga þessara fullnægt.

Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða, frá því að hún var gerð, öðlast ályktunin gildi, enda hafi ákvæðum IV. kafla laganna verið fullnægt.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls, sker félagsmálaráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar.

Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða, frá því honum varð kunnugt um ályktunina. Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan þriggja mánaða frá áfrýjun, og skal hann áður hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og skipulagsstjórnar.

IV. KAFLI
BYGGINGARLEYFISUMSÓKNIR OG BYGGINGARLEYFI

9. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deildarskipulag, sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga.

Í sambandi við niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969, um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Byggingarleyfi skal vera skriflegt og öðlast gildi, þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað aðaluppdrátt.
2. Sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, hefur undirritað yfirlýsingu, sbr. 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd.

Staðfesting á samþykkt byggingarnefndar, skv. 1. tölulið, fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykki sveitarstjórnar.

10. gr.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli, er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því, sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður á.

11. gr.

Sá, sem óskar leyfis til framkvæmda samkvæmt 9. gr., skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum uppdráttum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um, hvaða önnur gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið. Í byggingarreglugerð skal ennfremur kveðið á um, hvaða séruppdrætti skuli gera af mannvirkjum og hvenær þeir skuli hafa borist byggingarfulltrúa.

12. gr.

Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tækndeildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, og aðrir, sem hlotið hafa til þess rétt áður en lög þessi gengu í gildi, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynslu að baki.

Réttur samkvæmt 1. mgr. til að gera uppdrætti er háður löggildingu, sem félagsmálaráðherra veitir að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laga þessara, halda þem staðbundnu réttindum. Enn fremur getur ráðherra veitt öðrum en 1. mgr. tekur til slík staðbundin réttindi að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

Heimilt er að sameina tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einföld mannvirki.

Uppdrættir skulu bera með sér, hverjir hafa gert þá. Sá, sem gerir aðaluppdrátt, skal að öðru jöfnu sjá um, að aðrir uppdrættir séu samræmdir.

Þeir, sem aðaluppdrætti gera samkvæmt þessari grein, svo og þeir, sem gera séruppdrætti, hver á sínu sviði, skulu árita uppdrættina með eigin hendi og bera á þeim ábyrgð.

Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti að byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrirfram veitt til þess samþykki sitt.

Varðveita skal a. m. k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum af samþykktum byggingarmannvirkjum (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjalasafni byggingarfulltrúa. Ennfremur skulu áritaðir uppdrættir jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein

13. gr.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframleidd hús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga. Ákvæði V. kafla laga þessara gilda um slík mannvirki, eftir því sem við á.

Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

14. gr.

Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bága við skipulag og ákvæði laga og reglugerða, eða rétt annarra.

15. gr.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan 12 mánaða, frá því leyfið var gefið út. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi, þegar undirstöður hafa verið steyptar. Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta, getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara, lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 40. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Sveitarstjórn er heimilt að setja strangari ákvæði um byggingarhraða.

V. KAFLI
UMSJÓN MEÐ BYGGINGARFRAMKVÆMDUM

16. gr.

Þeir einir mega hafa umsjón og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum, sem til þess hafa hlotið löggildingu byggingarnefndar, og getur hún sett sérstakar reglur um hvað til löggildingar þurfi.

Byggingarnefnd veitir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu, og getur hún sett sérstakar reglur um, hvað til löggildingar þurfi.

17. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast, skulu viðkomandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt eða þar til gerð eyðublöð, að þeir taki að sér framkvæmdir. Með þeirri áritun tekur meistari á sig ábyrgð þess, að framkvæmdir verði í samræmi við uppdrætti, veitt leyfi og lög og reglur, sem til greina kunna að koma.

Ef meistari hættir umsjón með framkvæmdum, áður en verki er lokið, skal það tilkynnt til byggingarfulltrúa. Skal þá fara fram úttekt á þeim hluta byggingar, sem lokið er, og má ekki halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur tekið við framkvæmdum, skv. 1. mgr.

18. gr.

Húsasmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt, sbr. 17. gr., ber ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna, múrarameistari ber ábyrgð á allri múrvinnu, þ. á m. járnalögn, svo og grunngrefti.

Ef ágreiningur verður um starfssvið meistara við tiltekna framkvæmd, sker byggingarfulltrúi úr, en skjóta má úrskurði hans til byggingarnefndar.

19. gr.

Byggingarleyfishafa er skylt að sjá svo um, að aflað sé nauðsynlegra heimilda í sambandi við byggingarframkvæmdirnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

20. gr.

Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri. Byggngarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.

Þeir húsasmíða- og múrarameistarar, sem fyrir gildistöku þessara laga hafa öðlast rétt til að standa fyrir byggingarframkvæmdum í umdæmi hlutaðeigandi bygginganefndar, eiga rétt á því að fá viðurkenningu sem byggingastjórar.

21. gr.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Sama gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir lögum og samningi þeirra.

22. gr.

Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og öðrum aðilum á því, að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkta uppdrætti og að öðru leyti í samræmi við lög.

Byggingarstjóri skal, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur byggingarstjóra skulu sett í reglugerð.

23. gr.

Ákvæði 20.—23. gr. hagga í engu réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkvæmt lögum um iðju og iðnað og öðrum lögum.

Iðnmeistarar skulu undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

VI. KAFLI
BYGGINGARFULLTRÚAR O. FL.

24. gr.

Sveitarstjórn skal, að fengnum tillögum byggingarnefndar, ráða sér byggingarfulltrúa. Skal byggingarfulltrúa sett erindisbréf í samráði við byggingarnefnd.

Svæðisbyggingarnefndir skv. 2. mgr. 6. gr. skulu, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna, ráða byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf.

25. gr.

Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandidata úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.

Fáist ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum 1. mgr., getur sveitarstjórn að fengnum tillögum byggingarnefndar ráðið húsasmíða- eða múrarameistara til starfans.

Framangreindir aðilar skulu a. m. k. hafa 2ja ára starfsreynslu, sem byggingarnefnd metur gilda.

Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr.

26. gr.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann undirbýr fundi byggingarnefndar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um, að byggingaruppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áritar uppdrætti og gefur út byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi annast daglegt eftirlit með því, að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglur. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, þegar þess er óskað og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Þá annast byggingarfulltrúi önnur þau störf, sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglum, og störf, sem byggingarnefnd eða sveitarstjórn hefur falið honum, svo og útmælingu lóða, staðsetningu húsa svo og upplýsingagjöf til Fasteignamats ríkisins, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976.

27. gr.

Nánari ákvæði um verksvið byggingarfulltrúa, skyldur hans og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í reglugerð.

28. gr.

Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar aðstoðarmenn byggingarfulltrúa eftir því sem þörf krefur, að fenginni umsögn hans og starfa þeir í umboði hans. Aðstoðarmenn byggingarfulltrúa skulu vera sérfróðir um byggingarmálefni.

Sveitarstjórn skipar einnig annað starfslið byggingarfulltrúa.

29. gr.

Byggingarfulltrúa og starfsliði hans skal heimill aðgangur að byggingarmannvirki til eftirlits á vinnutíma.

30. gr.

Nú er viðhald eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa, og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því, sem áfátt er, innan tiltekins frests.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur, skal með slík mál fara samkvæmt 40. gr.

31. gr.

Sé ásigkomulag húss eða annars mannvirkis þannig, að hætta geti stafað af og eigandi (umráðamaður) hefur ekki sinnt áskorunum byggingarfulltrúa um úrbætur, getur byggingarnefnd, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, látið fjarlægja eða rífa mannvirkið á kostnað eiganda (umráðamanns), en gera skal honum aðvart áður.

VII. KAFLI
LEYFISGJÖLD

32. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um hámarksmælingagjöld og byggingarleyfisgjöld, þ. e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum. Ennfremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir eftirlit, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té.

33. gr.

Gjöld samkvæmt 33. gr. skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert og renna í sveitarsjóð.

34. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um innheimtu byggingarleyfisgjalda. Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda, getur byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin byggingarleyfisgjöld má innheimta með lögtaki.

VIII. KAFLI
VIÐURLÖG

35. gr.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Ennfremur getur byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og fyrirskipað brottnám byggingar eða byggingarhluta. Er lögreglunni skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur. Byggingarfulltrúi skal, svo fljótt sem við verður komið, gera byggingarnefnd grein fyrir slíku máli.

Hlíti byggingaraðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brottnám framkvæmda, skal fara með málið að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði, sem hann hefur haft af ólöglegri byggingarframkvæmd, og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

36. gr.

Ef hönnuður skv. 12. gr. leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í bága við ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingamálefni, eða brýtur slíkt ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna félagsmálaráðherra það. Sama gildir, ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu skv. 12. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir skal hann leita umsagnar viðkomandi aðila, sem mælt er fyrir um í 12. gr.

37. gr.

Ef sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

Ef brot er ítrekað eða alvarlegt getur byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu skv. 16. og 20. gr.

Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Ef hönnuður skv. 12. gr., iðnmeistari eða byggingarstjóri gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann til greiðslu sekta.

39. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum, sem renna í sveitarsjóð. Í refsimáli skal gefa sveitarstjórn kost á að koma með endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

40. gr.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur, getur hún ákveðið dagsektir, þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess, sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

IX. KAFLI
GILDISTÖKUÁKVÆÐI O. FL.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979, sbr. þó 2. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. skulu að fullu komin til framkvæmda í árslok 1985, en jafnframt falla þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 (sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948) um byggingarfulltrúa í sveitum.

Við gildistöku laga þessara 1. janúar 1979 falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 19, 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
Lög nr. 84, 16. desember 1943 um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
Lög nr. 108, 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggildir verslunarstaðir, að undantekinni 5. gr., sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948.
Lög nr. 26. 1. apríl 1948 um breyting á lögum nr. 108 frá 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggildir verslunarstaðir, að undanteknum a-lið 3. gr.
Lög nr. 61, 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur.
Opið bréf 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á verslunarstaðnum Akureyri.
Lög nr. 55, 10. nóv. 1905 um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857.
Opið bréf 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði.
Lög nr. 23, 20. október 1905 um breyting á opnu bréfi 26. janúar 1866.
Lög nr. 14, 6. nóvember 1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Almenn byggingarreglugerð skv. 4. gr. skal sett innan 3ja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Ed. 391. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. febr.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru, og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess, sbr. 4. gr., eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggngarnefnd), að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Til viðbótar 13. gr. laganna komi:

Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Sþ. 392. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um hagstofnun launþega og vinnuveitenda, sáttastörf í vinnudeilum o. fl.

Flm.: Jóhannes Árnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að sett verði á fót sameiginleg hagstofnun launþega og vinnuveitenda, er hafi það markmið að efla sáttastarf í vinnudeilum, sætta vinnu og fjármagn og bæta að öðru leyti samskipti launafólks og atvinnurekenda.

Skipa skal 7 manna nefnd til að semja frumvarp til laga um þessi efni. Skal frumvarpið m. a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. Starf ríkissáttasemjara verði gert að aðalstarfi og skal hagstofnun launþega og vinnuveitenda heyra undir embætti hans. Að öðru leyti verði starf ríkis-

sáttasemjara sem sjálfstæðast. Hann hafi með höndum það verkefni að stuðla að vinnufriði í landinu og starfi í nánum tengslum við samtök launþega og vinnuveitenda.

2. Ríkissáttasemjari skal að staðaldri fylgjast með ástandi og horfum í atvinnumálum og með þróun launa- og kjaramála. Hann hafi vakandi auga með því, ef vinnudeila er í uppsiglingu, og beiti áhrifum sínum, svo sem verða má í tæka tíð, til þess að samkomulag náist.
3. Hagstofnun launþega og vinnuveitenda skal vera aðilum vinnumarkaðarins til ráðuneytis um hagfræðileg efni við undirbúning og gerð kjarasamninga og stuðla að því að kjarasamningar á hverjum tíma færi launþegum raunverulegar kjarabætur, án þess að koma þurfi til ófriðar á vinnumarkaðnum og vaxandi verðbólgu af þeim sökum.
4. Stofnunin skal að staðaldri vinna að rannsóknum og tillögugerð um leiðir til að sætta vinnu og fjármagn, bæta samskipti launþega og vinnuveitenda í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins og stuðla á þann hátt að meiri festu í þróun kjaramála og bættum lífskjörum alls almennings í landinu.
5. Stofnunin skal eiga náið samstarf við Þjóðhagsstofnun og skal í störfum sínum eiga aðgang að þeim skýrslum, sem Þjóðhagsstofnun semur um þróun þjóðarbúskapar og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuveganna og fjármál hins opinbera og eiga aðild að söfnun upplýsinga um þessi efni og úrvinnslu þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar verður ákveðið. Enn fremur skal stofnunin eiga samstarf við aðra þá aðila, er fást við rannssóknir og meðferð kjaramála í landinu, svo sem Kjararannsóknarnefnd, eftir því sem tilefni þykir vera til.

Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi.
Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að friðsamlegri lausn á vinnudeilum með auknu sáttastarfi og nánara samstarfi launþega og vinnuveitenda en verið hefur við undirbúning og gerð kjarasamninga með það sjónarmið í huga að koma á meiri festu í þróun kjaramála og öðrum þeim samskiptum aðila vinnumarkaðarins, er verða mætti til úrbóta í þessum efnum til lengri tíma.

Árið 1925 voru sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. Árið 1938 voru þau lög felld inn í lög nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með nokkrum breytingum. Árið 1926 var sáttasemjari ríkisins fyrst skipaður. Dr. Björn Þórðarson, síðar forsætisráðherra, gegndi því starfi frá 1926 til 1942, Jónatan Hallvarðsson, síðar hæstaréttardómari, frá 1942 til 1945 og Torfi Hjartarson, fyrrv. tollstjóri, frá 1945. Allir hafa þessir sáttasemjarar notið óskoraðs trausts jafnt launamanna sem vinnuveitenda fyrir samviskusemi, þrautseigju og réttsýni.

Sáttasemjarastarfið hefur alla tíð verið aukastarf við hliðina á annasömu embætti. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að nú sé orðið tímabært að gera starf ríkissáttasemjara að fullu starfi. Kjaramálin eru orðin svo umfangsmikill og mikilvægur þáttur í þjóðfélaginu, að æskilegt er, að ríkissáttasemjari geti helgað sig þeim alfarið. Tillagan gerir því ráð fyrir, að starf ríkissáttasemjara verði gert að föstu starfi, aðalstarfi. Nauðsynlegt er, að sáttasemjari sé sjálfstæður og óháður embættismaður og hafi aðstöðu til þess að haga svo störfum sínum, að hann njóti fulls trúnaðar hjá báðum aðilum vinnumarkaðarins. Þarf að búa svo að starfinu, að þessum tilgangi verði náð.

Sáttasemjari þarf að starfa allt árið og fylgjast að staðaldri með ástandi atvinnumála og þróun í launamálum. Aðilar eiga að geta leitað aðstoðar hans og fyrirgreiðslu á hvaða stigi mála sem er, þótt ekki hafi slitnað upp úr samningaum-

leitunum eða vinnustöðvun verið boðuð. Eins á sáttasemjari að geta boðið fram aðstoð sína og milligöngu hvenær sem er, þótt ekki sé í hnút komið.

Samkvæmt 6. tölulið 2. gr. laga nr. 54 frá 21. maí 1974, um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, er gert ráð fyrir því, að meðal verkefna Þjóðhagsstofnunar sé að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er enn fremur nánari útfærsla á þessu lagaákvæði á þann veg, að í stað þess að aðilar vinnumarkaðarins, hvor í sínu lagi, fái upplýsingar um efnahagsmál frá Þjóðhagsstofnun, sem er ríkisstofnun, og vinni hvor í sínu lagi að þessum málum, þá komi sérstök stofnun eða deild, sameiginleg fyrir báða aðila, er starfi við embætti ríkissáttasemjara og undir hans stjórn sem hlutlauss aðila. Jafnframt er gert ráð fyrir nánu samstarfi við Þjóðhagsstofnun og aðra þá aðila, sem fást við rannsóknir og meðferð kjaramála í landinu, svo sem Kjararannsóknarnefnd, varðandi söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Við undirbúning þessa máls kemur til athugunar, hvort væntanleg stofnun á vegum sáttasemjara ætti að taka við störfum kjararannsóknarnefndar.

Þessi nýja hagstofnun á að öðru leyti að vera sjálfstæð og byggð upp gagngert og sameiginlega af aðilum vinnumarkaðarins, þ. e. annars vegar samtökum vinnuveitenda og hins vegar hinum fjölmennu samtökum launafólks í landinu, sem aðilum að frjálsum samningum um kaup og kjör á vinnumarkaðnum. Með þessu móti mætti koma á mjög nánu samstarfi aðila vinnumarkaðarins sjálfra um þá hagfræðilegu og að öðru leyti sérfræðilegu starfsemi, sem er óhjákvæmilegur þáttur í undirbúningi og gerð kjarasamninga á vinnumarkaðnum í nútímaþjóðfélagi. Ef vel tekst til, ætti slíkt fyrirkomulag og samstarf, byggt á faglegum grundvelli, að geta stuðlað að gagnkvæmu trausti launþega og vinnuveitenda við lausn jafnþýðingarmikilla mála og kjarasamningar eru fyrir allan almenning í landinu, eðlilega þróun atvinnuvega landsmanna og þjóðarhag. Í þessu sambandi er grundvallaratriði að greiða fyrir gerð kjarasmninga á þann veg, að þær kjarabætur, sem um er samið á hverjum tíma, nái tilgangi sínum og komi launþegum raunverulega til góða.

Við Íslendingar höfum orðið áratuga reynslu af því fyrirkomulagi, sem gilt hefur við gerð kjarasamninga og samskipti launþega og vinnuveitenda allt frá því að núgildandi lög um þessi efni, lög nr. 80 frá 1938, tóku gildi. Öll sú saga er öðrum þræði hálfgerð raunasaga, og það er kominn tími til að menn staldri nú við og hugleiði, hvort ekki sé þörf á að taka upp ný vinnubrögð í þessum efnum í samræmi við breyttar þjóðfélagsaðstæður, þar sem meira verði byggt á þeim margháttuðu upplýsingum, sem jafnan liggja fyrir um þróun þjóðarbúskaparins og einstakra þátta hans, þjóðhagsspár o. s. frv.

Ljóst er að mikið hefur áunnist í kjaramálum og margvíslegum félagslegum réttindum launþega og alls almennings í landinu á síðustu 30—40 árum, bæði vegna samninga aðila vinnumarkaðarins og fyrir atbeina löggjafarvalds og stjórnvalda. Er slíkt eðlilegt og liður í þjóðfélagslegri þróun þessa tímabils. En það haggar ekki þeirri staðreynd, að hvað beint kaupgjald snertir hefur þetta tímabil einkennst af stöðugum víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, oftast með vísitölukerfi.

Það er ekki óeðlilegt að menn spyrji, hvað hafi áunnist á þessu tímabili, hver hafi orðið aukning kaupmáttar launa og hvaða raunverulegar kjarabætur launþegar hafi fengið í sinn hlut. Hver er árangur alls þess erfiðis og verkfallsbaráttu, sem verkalýðshreyfingin í landinu, ekki síst þeir lægst launuðu, hefur gengið í gegnum á þessu tímabili í þeirri trú að verið væri að vinna að bættum lífskjörum, og hvað hefur það kostað þjóðina?

Þessi tillaga gerir einnig ráð fyrir athugun á samskiptum aðila vinnumarkaðarins á víðari grundvelli og sem langtímamarkmið. Hún gerir ráð fyrir því, að í hagstofnun vinnuveitenda og launþega verði unnið að rannsóknum og tillögu-

gerð varðandi leiðir til að sætta vinnu og fjármagn, þessa tvo meginþætti allrar verðmætasköpunar. Í þessum efnum erum við Íslendingar næsta frumbýlingar. Brýna nauðsyn ber til að taka þessi mál öll til rækilegrar skoðunar og freista þess að finna leiðir, er geti stuðlað að meiri festu í þróun kjaramála í framtíðinni.

Ýmsar leiðir hafa verið ræddar og reyndar hér á landi og annars staðar til að bæta sambúð launþega og atvinnurekenda, brúa bilið og draga úr viðsjárverðum átökum. Mörg atriði koma hér til íhugunar, svo sem samstarfsnefndir, starfsmat, ákvæðisvinna og bónuskerfi ýmiss konar og aukið atvinnulýðræði. Síðast, en ekki síst ber svo að nefna uppbyggingu atvinnuveganna í framtíðinni með beinni aðild og þátttöku launþega og alls almennings í atvinnufyrirtækjum með hlutafélagsformi, einkum þegar um er að ræða að leysa stór verkefni, svo sem meiri háttar iðnfyrirtæki og verksmiðjur með fjölmennu starfsliði. Mætti hugsa sér að fastir starfsmenn í slíkum fyrirtækjum ættu þess að jafnaði kost að eignast hlutabréf í þeim eftir ákveðnum reglum og samningum.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að hún fjalli um eitt brýnasta verkefnið, sem leysa þarf hér á landi í dag, og megi því einskis láta ófreistað til að vinna að viðunandi lausn þess.

Nd. 393. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976.

Flm.: Ellert B. Schram, Eyjólfur K. Jónsson.

1. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.

2. gr.

3. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 62/1976, verði svo hljóðandi:

Lengd almenningsbifreiða til fólksflutninga má vera allt að 13 m miðað við tveggja öxla bifreið. Sé bifreið búin þremur öxlum má lengd hennar vera meiri. Dómsmálaráðherra getur með ákvæðum í reglugerð eða á annan hátt sett reglur um hámarkslengd slíkra bifreiða, ef þurfa þykir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Félags sérleyfishafa, en rökstuðningur félagsins fyrir þeim tveim breytingum, sem frumvarpið felur í sér, er einkum eftirfarandi:

Varðandi 1. gr.: Í 5. gr. umferðarlaga er kveðið á um þá skyldu, að í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skuli vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Ákvæði þetta mun ekki hafa verið sett að mjög vandlega athuguðu máli, enda mun því aldrei vera framfylgt að öðru leyti en því, að tækið er í bifreiðunum við skráningu.

Löggæslan hefur ekki gengið eftir því, að þessari skyldu sé fullnægt, sennilega vegna þess að ljóst er, að ógjörningur er að hafa þessi tæki í fullkomnu lagi við okkar aðstæður nema með miklum kostnaði og óþægindum. Tækin eru viðkvæm og bilanagjörn. Þau eru mjög dýr í endurnýjun og allar viðgerðir og þjónusta í lágmarki, einkum úti á landsbyggðinni. Jafnvel í Reykjavík skortir varahluti langtímum saman. Þá er bent á að tækin veita í sjálfu sér lítið öryggi, en hugsanlegt hagræði við löggæslu. Sýnist vera lítil skynsemi að gera kröfu til þess, að ökuritar séu í þeim 200 bifreiðum, sem ekið er af hæfustu bifreiðastjórum landsins, meðan 75 000 bifreiðar, stórar og smáar, þurfa ekki að vera búnar slíkum tækjum.

Varðandi 2. gr.: Hámarkslengd bifreiða hefur ekki verið ákveðin í lögum eða reglugerðum fyrr en með setningu laga nr. 62 31. maí 1976, en þá er hámarkslengd ákveðin 12 m. Virðist sú lagasetning vera byggð á misskilningi um alþjóðlegar reglur og vanþekkingu á þróun þessara mála síðustu 10—20 ár. Eftir því sem vegir hafa batnað og erfiðar brýr hafa horfið hafa bifreiðar á sérleyfisleiðum stækkað og þannig orðið hagkvæmari í rekstri, jafnframt sem þægindi fyrir farþega hafa stórbatnað. Árið 1959 keyptu Landleiðir bifreið sem var 12.5 m á lengd. Hún var þá stærsta bifreið landsins. Um svipað leyti komu jafnvel nokkru stærri bifreiðar í notkun á sérleyfisleiðum til Keflavíkur og Selfoss. Með umferðarbreytingunni 1968 kom fjöldi nýrra sérleyfisbifreiða, þar á meðal allmargar milli 12 og 13 m að lengd, m. a. til notkunar á langleiðum, eins og til Akureyrar. Þar sem bæði er hagkvæmt og nauðsynlegt vegna mjög mismunandi flutningsþarfar að hafa blandaðar stærðir sérleyfisbifreiða, hefur þróunin orðið sú, að flest fyrirtæki, sem stunda sérleyfisakstur, eiga bifreiðar 12—13 m að lengd.

Til frekari skýringar á því, að sérleyfisbifreiðar á Íslandi eru að jafnaði stórar miðað við bifreiðar víða erlendis, þá stafar það m. a. af því, að 3—6 sm meira rými er milli sæta samkv. íslenskum reglum en algengt er í erlendum bifreiðum. Aukið rými milli sæta er til mikilla þæginda fyrir farþega og sérstaklega nauðsynlegt á slæmum vegum.

Af framangreindum ástæðum skýtur mjög skökku við, ef minnka verður bifreiðarnar eða gera þær óþægilegri, enda öfugþróun með batnandi vegakerfi. Þeir fjölmörgu vagnar, sem eru í notkun af umræddum stærðum, hafa um árabil ekið um alla helstu vegi landsins án þess að lengd þeirra hafi valdið óþægindum, og staðhæfa má að slys eða óhöpp í sambandi við akstur sérleyfisbifreiða eru mjög fátíð hér á landi, þrátt fyrir oft erfiðar aðstæður vegna færðar og veðurs.

Ástæðan fyrir óskum um sérstakar reglur varðandi þriggja öxla bifreiðar og svokallaða lið-vagna er sú, að notkun slíkra vagna er líkleg í nánustu framtíð vegna hagkvæmni við sérstakar aðstæður. Alkunna er að meiri hluti vörubifreiða til langflutninga og mannvirkjagerðar eru með tveim afturöxlum. Þessar bifreiðar eru hagkvæmar í notkun, mjög dugmiklar á snjóþungum vegum og fara betur með vegi þar sem þunginn dreifist á fleiri hjól. Sömu eiginleikar geta fullkomlega átt við um stórar fólksflutningabifreiðar, enda eru slíkar bifreiðar alþekktar erlendis.

Lið-vagnar eru enn óþekktir hér á landi, en ryðja sér í mjög auknum mæli til rúms í flestum löndum Evrópu. Hagkvæmni þessara vagna er mest í borgarakstri, akstri að og frá flugvöllum og á leiðum þar sem er mikil og sveiflukennd flutningaþörf. Þessir vagnar hafa reynst mjög hagkvæmnir við vissar aðstæður, bæði á stuttum og löngum leiðum, og lipurð þeirra í þéttri umferð er ótrúlega mikil þrátt fyrir að algengast sé að lengd beggja hlutanna sé samanlagt allt að 18 metrum.

Sþ. 394. Nefndarálit [54. mál]

um till. til þál. um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir frá menntamálaráðuneyti, Kennaraháskóla Íslands og Skólastjórafélagi Íslands. Umsagnirnar eru allar jákvæðar, en bent á að skortur á tónkennurum og fjármagni standi tónmenntinni fyrir þrifum.

Sú leið, sem tillagan felur í sér, um eflingu námskeiða og farkennslu, er allrar athygli verð, og nefndin vill fyrir sitt leyti mæla með samþykkt tillögunnar, með þeirri breytingu að síðasta málsgrein falli niður. Er það ekki gert vegna þess, að nefndin sé ekki sammála því, að tónmennt sé tekin upp sem valgrein í KHÍ, heldur sýnist óraunhæft, eins og húsnæði og aðstöðu allri er háttað hjá skólanum, að samþykkja tillöguna að því leyti.

Gunnar Sveinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLAGA.

Síðasta málsgr. tillögugreinarinnar falli niður.

Alþingi, 22. febr. 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Ólafur G. Einarsson.	Jónas Árnason.	Magnús T. Ólafsson.

Nd. 395. Frumvarp til laga [200. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Gils Guðmundsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Bjarna Kristinssyni eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Bjarna Kristinssonar, ábúanda á jörðinni Kirkjubóli í Korpudal, Mosvallahreppi. Kroppsstaðir og Efstaból eru samliggjandi eyðijarðir, sem liggja upp að landareign Kirkjubóls og mynda þannig eðlilega heild.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps og jarðanefnd V.-Ísafjarðarsýslu mæla með sölu jarðanna. Eru meðmæli þessara aðila prentuð sem fylgiskjöl hér á eftir.

Fylgiskjal I.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps hefur samþykkt með samhljóða meiri hluta að mæla með því, að Bjarni Kristinsson, Kirkjubóli, fái keyptar eyðijarðirnar Efstaból og Kroppsstaði í Mosvallahreppi.

15. febrúar 1978.

Guðmundur Ingi Kristjánsson,
oddviti Mosvallahrepps.

Fylgiskjal II.

Meiri hluti jarðanefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samþykkt kaup Bjarna Kristinssonar á jörðunum Efstabóli og Kroppsstöðum í Mosvallahreppi.

16. febrúar 1978.

Valdimar Gíslason.

Sþ. 396. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um framhald Inndjúpsáætlunar.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Steingrímur Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli hlutast til um að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar skuli næstu fimm ár eftir að starfstíma áætlunar lýkur halda þeirri lánafyrirgreiðslu til ræktunar, sem þeir hafa notið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggðasjóði.

Hið sama skal gilda um lánafyrirgreiðslu næstu þrjú ár til byggingarframkvæmda á áætlunarsvæðinu.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun frá 1974 hófst það sama ár framkvæmd Inndjúpsáætlunar, er taka skyldi fimm ár: 1974—1978, og er þannig nú á lokaári. Inndjúpsáætlun er fyrsta landbúnaðaráætlun sinnar tegundar hérlendis og má því skoðast sem eins konar tilraun á þessu sviði.

Þótt fullyrða megi, að áætlun þessi hafi skipt sköpum fyrir þær sveitir, er hún nær til, og stöðvað frekari fólksfækkun við innanvert Ísafjarðardjúp, þá verður um leið að viðurkenna, að framkvæmd hennar hefur að ýmsu leyti verið ábótavant og ekki verið staðið sem skyldi við gefin heit af hálfu fjárveitingavaldsins. Þannig var við upphaf áætlunarinnar gert ráð fyrir að veita bændum á áætlunarsvæðinu 25% staðaruppbót á afurðaverð. Þessi uppbót hefur orðið hæst 14.29%, en er nú komin niður í 7%. Sérstök fjárveiting á fjárlögum skyldi standa undir þessum uppbótagreiðslum. Nam hún á fyrsta áætlunarárinu 5 millj. kr., en hefur síðan verið 7 millj. árlega, nema árið 1976, er hún féll niður í 6.6 millj. Segir sig sjálft, að sú upphæð hefur á undanförnum verðbólgutímum engan veginn gegnt hinu tilætlaða hlutverki. Sömuleiðis hefur komið í ljós, að ýmsir kostnaðarliðir,

svo sem flutningskostnaður byggingarefnis og aðrir aðdrættir, voru vanáætlaðir í upphafi og jafnan hefur skort fé til að standa straum af nauðsynlegri framkvæmda- og yfirstjórn. Af þessum sökum hefur lagst meiri kostnaður á bændurna en ætlað var í upphafi.

Í tillögu þessari er þó ekki farið fram á að fá áfram þessa árlegu fjárveitingu á fjárlögum. Hins vegar er þess farið á leit, að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar njóti áfram á næstu árum þeirrar sérstöku lánafyrirgreiðslu, er þeim var tryggð samkv. áætluninni, þ. e. 10% viðbótarlán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og 15% lán úr Byggðasjóði. Sérstaklega þarf að huga hér að ræktunarþætti áætlunarinnar, sem hefur orðið mjög útundan í framkvæmd hennar af ýmsum orsökum, m. a. þeirri, að ekki fengust skurðgröfur, er til þurfti, fyrr en á þriðja ári áætlunarinnar. Nú, á lokaárinu, eru horfur á, að ekki verði ræktaður á tímabilinu nema aðeins 1/5 hluti þess, sem til stóð. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir, að lánafyrirgreiðsla til ræktunar haldist enn um fimm n. k. ár, en þrjú ár til byggingarframframkvæmda.

Það er von flutningsmanna, að þessi tillaga mæti þeim skilningi á Alþingi, er nægi til að koma í veg fyrir, að botninn detti úr Inndjúpsáætlun með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir Djúpbændur, sem hún hefur þegar gert mikið gagn, en eru hins vegar illa við því búnir, að nú verði snögglega dregið í land af hálfu stjórnvalda, á meðan svo mikið vantar á sem raun ber vitni að áætlunin hafi verið framkvæmd til fullnustu.

Nd. 397. Frumvarp til laga [202. mál]

um embættisgengi kennara og skólastjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal ein námseining jafngilda fullri námsvinnu einnar viku. Mat samkvæmt þessu einingakerfi skal staðfest af matsnefnd sem menntamálaráðuneytið skipar þannig: Einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin leitar upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á, en starfssvið hennar og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.

2. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildir a. m. k. 30 námseiningum, auk annarrar tilskilinnar menntunar sem tilgreind er í öðrum greinum þessara laga, sbr. þó 9. gr.

3. gr.

Kennarar sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt skulu fá þessa menntun viðurkennda, sbr. 1. gr., ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

a) að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans,
b) að fyrir liggi matshæf gögn varðandi námið,
d) að matsnefnd fallist á gildi námsins.

4. gr.

Nú hefur umsækjandi um kennarastöðu stundað nám við erlenda menntastofnun og leggur fram prófskírteini eða námsvottorð. Leiki vafi á hvort umsækjandi hafi aflað sér þeirrar menntunar sem krafist er til starfsins skal matsnefnd, skv. 1. gr., meta hæfni umsækjandans að því er menntun varðar.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið setur og skipar kennara, yfirkennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla.

Um meðferð umsókna um stöður við grunnskóla vísast til IV. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Þegar um er að ræða sömu stöður við framhaldsskóla skal leita umsagna skólastjóra og/eða skólanefndar.

Í auglýsingum um kennarastöðu skal m. a. tilgreina sérsvið, þ. e. aðalkennslugreinar eða aldursstig nemenda sem kennara er ætlað að kenna.

6. gr.

Sæki fleiri en einn kennari um sömu stöðu og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m. a. taka tillit til menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

7. gr.

Eigi skal skipa kennara við skóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

Sæki enginn um stöðu kennara sem fullnægir ákvæðum þessara laga um menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd telur hæfan.

8. gr.

Til þess að verða skipaður skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi og hafa kennt þar a. m. k. tvö ár, þar af a. m. k. eitt ár sem settur skólastjóri, en tvö sé um heimavistarskóla að ræða. Séu sérstök ákvæði í lögum um skólastjóra sérskóla skal umsækjandi einnig fullnægja þeim ákvæðum. Sæki enginn um stöðu skólastjóra sem fullnægir ákvæðum þessarar greinar varðandi menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólanefnd telur hæfan.

9. gr.

Kennarar, sem lokið hafa kennaranámi fyrir gildistöku þessara laga eða hafa verið settir eða skipaðir í kennara- og skólastjórastöðu fyrir sama tíma, halda óskertum réttindum sem þeir hafa nú lögum samkvæmt.

10. gr.

Sé um að ræða setningu eða skipun kennara eða skólastjóra við skóla sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd, skv. 1. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara eða skólastjóra skólans enda sé það ekki tekið fram í lögum eða reglugerðum fyrir viðkomandi skóla. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

II.
Grunnskóli.

11. gr.

a) Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla, í öðrum greinum en um getur í c-, d- og e-lið þessarar greinar, skal umsækjandi hafa lokið
   1) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
   2) kennaranámi á háskólastigi, ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein eða á sérsviði.
   3) öðru jafngildu námi.
b) Kennarar sem lokið hafa B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands, B.A.-prófi, B.S.-prófi eða cand.mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum og fullnægja einnig skilyrðum 2. greinar hafa rétt til kennslu í grunnskóla.
c) Sérkennarar afbrigðilegra nemenda á grunnskólastigi skulu auk almennrar kennarmenntunar, sbr. a-lið, hafa lokið fullgildu framhaldsnámi í sérgrein sinni svo sem hér segir:
   1) kennarar treglæsra og tornæmra barna 30 námseiningum,
   2) talkennarar, blindrakennarar, heyrnleysingjakennarar, kennarar þjálfunar- og hæfingarskóla, kennarar fjölfatlaðra barna og atferlistruflaðra barna 60 námseiningum.
d) Til þess að verða skipaður handmenntakennari, myndíðakennari, tónmenntakennari eða kennari í heimilisfræðum við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið sérnámi í viðkomandi grein ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 námseiningar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein.
e) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við grunnskóla skal umsækjandi
   1) hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum eða
   2) öðru jafngildu námi.

12. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við forskóla skal umsækjandi hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, sbr. 11. gr., a-lið. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með menntun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

III.
Framhaldsskólar.

13. gr.

Til þess að verða skipaður kennari í bóklegum greinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi á háskólastigi er jafngildir a. m. k. 120 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 60 einingar í sérgrein.

14. gr.

Kennarar, sem hafa lokið B.A.- B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 4. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar.

15. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.

a) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa
   1) lokið námi og fullgildum prófum frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða
   2) öðru jafngildu námi.

b) Til þess að verða skipaður kennari í list- og verkmenntagreinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í listaháskóla eða öðrum sérskólum sem jafngildir a. m. k. 90 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.

c) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal umsækjandi
   1) a. m. k. hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða, og
   2) hafa starfað í 2 ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.

d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum stýrimannanáms skal umsækjandi
   hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og
   siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmlestir.

e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum vélstjóranáms skal umsækjandi fullnægja öðru hvoru eftirfarandi skilyrða:
   1) hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða
   2) hafa lokapróf 4. stigs frá Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjórnarréttindi, auk starfsreynslu og meistararéttinda.

f) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við hjúkrunarskóla skal umsækjandi
   hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða
   öðru jafngildu námi.

g) Til þess að verða skipaður kennari við hússtjórnarskóla eða í heimilisfræðum í framhaldsskóla, skal umsækjandi hafa lokið hússtjórnarkennaraprófi, handavinnukennaraprófi eða vefnaðarkennaraprófi í viðkomandi kennslugrein eða öðru námi sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

16. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.

a) Til þess að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

b) Til þess að verða skipaður kennari í myndlistar- og listiðnagreinum við Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða aðra hliðstæða skóla skal umsækjandi hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, í listaháskóla eða æðri sérskóla eða hafa með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu sýnt að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.

c) Til þess að verða skipaður kennari í tónlistargreinum við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík verður umsækjandi að fullnægja þessum skilyrðum:
   1) hafa tekið lokapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, eða öðrum hliðstæðum skóla og stundað a. m. k. 2—3 ára framhaldsnám í sérgrein, t. d. hljóðfæraleik, söng eða tónfræðum, eða sérhæft sig á einhverju sviði tónlistarkennslu eða

2) hafa lokið fullgildu prófi frá viðurkenndum erlendum tónlistarskóla (Conservatoire) eða tónlistarháskóla eða
3) hafa sannað með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.

d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum Hótel- og veitingaskóla Íslands skal umsækjandi
hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og
hafa 2 ára starfsreynslu við hótelstörf eða skyldan rekstur.

e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við Fósturskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum erlendum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en 3 ár.

17. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við stofnun fyrir afbrigðilega nemendur, skal umsækjandi hafa
1) lokið kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands, og
2) sérhæft sig til starfsins við stofnun sem menntamálaráðuneytið samþykkir; skal námið jafngilda a. m. k. 60 námseiningum.

Heimilt er að setja kennara með fullgildu kennaraprófi við hlutaðeigandi stofnun (skóla) um eins árs skeið til reynslu, enda sérhæfi hann sig síðan til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

Lög um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75, 28. nóv. 1919.

Lög um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919 um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 20, 1. feb. 1936.

Lög um menntun kennara nr. 16, 12. mars 1947, að því er tekur til 49., 51. 52., 53. og 54. gr.

2. gr., fyrsta málsgrein, laga um Íþróttakennaraskóla Íslands, nr. 65, 29. maí 1972 um réttindi til íþróttakennslu.

18. gr. íþróttalaga nr. 49, 7. apríl 1956.

6. gr. laga um heyrnleysingjaskóla, nr. 13, 31. mars 1962.

11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22, 3. maí 1972.

11. gr. laga um Stýrimannaskólanna í Vestmannaeyjum, nr. 1, 2. jan. 1973.

6. gr. laga um Hótel- og veitingaskóla Íslands, nr. 6, 30. mars 1971.

4. gr. laga um Hjúkrunarskóla Íslands, nr. 35, 18. apríl 1962.

10. gr., önnur málsgrein, laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38, 11. maí 1965.

18. gr. laga um Fósturskóla Íslands, nr. 10, 6. apríl 1973.

14. gr., fyrsta málsgrein, laga um menntaskóla nr. 12, 25. mars 1970 að því er tekur til kennara og skólastjóra.

15. gr. laga um menntaskóla, nr. 12, 25. mars 1970.

18. gr. laga um iðnfræðslu nr. 68, 11. maí, 1966 að undanskildum ákvæðum greinarinnar um stundakennara og erindisbréf kennara og skólastjóra.

Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

19. gr.

Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. desember 1970 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að semja „tillögur í frumvarpsformi um ákvæði varðandi skilyrði, sem fullnægja þarf til þess að vera settur eða skipaður kennari við skyldunámsskóla og framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla".

Nefndin var þannig skipuð:

Björn Bjarman, kennari, tilnefndur af Landssambandi framhaldsskólakennara;

Björn Þ. Jóhannesson, kennari, tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands;

Guðmundur Eggertsson, prófessor, tilnefndur af háskólaráði;

Ingólfur A. Þorkelsson, kennari, tilnefndur af Félagi háskólamenntaðra kennara;

Skúli Þorsteinsson, námsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra barnakennara;x)

Þórður Örn Sigurðsson, menntaskólakennari, tilnefndur af Félagi menntaskólakennara;

Hörður Lárusson, sérfræðingur í Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og var hann formaður nefndarinnar.

Nefndin hafði hliðsjón af frumvarpi til laga um skólakerfi, frumvarpi til laga um grunnskóla og frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands, sem lögð voru fram á Alþingi veturinn 1970—1971. Frumvarpið um Kennaraháskóla Íslands varð að lögum á sama þingi en lög um skólakerfi og lög um grunnskóla voru ekki samþykkt fyrr en í maí 1974.

Nefndin gekk fyrst frá tillögum varðandi kennara í bóklegum greinum við barna- og gagnfræðaskóla (grunnskóla), framhaldsdeildir gagnfræðaskóla og menntaskóla, og afhenti þær þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasyni, með bréfi dags. 12. febrúar 1971.

Nefndin vann síðan áfram að gerð hliðstæðra tillagna fyrir sérgreinakennara við áðurnefnda skóla, auk tillagna um menntun og réttindi kennara við sérskóla, og skilaði endanlegum tillögum í maí 1972.

Ýmsar ástæður ollu því að frumvarpið var ekki lagt fram á Alþingi árið eftir en veigamesta ástæðan mun hafa verið sú að frumvörp til laga um skólakerfi og grunnskóla höfðu ekki hlotið samþykki Alþingis en tillögur nefndarinnar miðuðust verulega við þau eins og áður segir.

Þegar lög um skólakerfi og lög um grunnskóla voru samþykkt í maí 1974 var það langur tími liðinn frá samningu þessa frumvarps að nauðsynlegt reyndist að endurskoða það m. t. t. breyttra viðhorfa.

Aðstæður á framhaldsskólastigi höfðu breyst verulega, t. d. voru samþykkt á Alþingi árið 1973 lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla og auk þess voru uppi mjög sterkar raddir meðal skólamanna um að stefna bæri að samræmingu alls náms í framhaldsskólum.

Í lok ársins 1974 var hafin endurskoðun á tillögunum. Var leitað til sömu aðila og upphaflega áttu sæti í nefndinni, og farið yfir frumvarpið með þeim. Jafn-

x) Vegna veikinda varð Skúli Þorsteinsson að segja sig úr nefndinni áður en hún hafði lokið störfum. Samband íslenskra barnakennara tilnefndi þá Þorstein Sigurðsson kennara í hans stað.

Fastir kennarar við grunnskóla skólaárið 1977/78.
Skipting eftir prófum og kjördæmum.

	Reykjavík fjöldi	%	Reykjanes fjöldi	%	Vesturland fjöldi	%	Vestfirðir fjöldi	%	Norðurland vestra fjöldi	%	Norðurland eystra fjöldi	%	Austurland fjöldi	%	Suðurland fjöldi	%	Alls fjöldi	%
Kennarapróf almennt eða sérgreint frá kennaraskóla eða háskóla	686	89,9	424	78,2	112	64,7	69	59,0	72	54,5	190	64,8	92	56,5	162	68,4	1807	74,7
B.A.- eða B.S.- próf	18	2,4	24	4,4	5	2,9	2	1,7	5	3,8	12	4,1	6	3,7	10	4,3	82	3,4
Önnur háskólapróf	6	0,8	5	0,9			1	0,9	1	0,8	2	0,7	2	1,2			17	0,7
Stúdentspróf og hluti háskólanáms	33	4,3	23	4,3	7	4,0	10	8,5	9	6,8	14	4,8	10	6,1	9	3,8	115	4,8
Stúdentspróf	14	1,8	27	5,0	24	13,9	14	12,0	16	12,1	41	14,0	18	11,1	31	13,1	185	7,7
Próf úr verslunarskóla eða samvinnuskóla	3	0,4	7	1,3	2	1,2	5	4,2	3	2,3	3	1,0	4	2,5	2	0,8	29	1,2
Iðn- eða tæknifræðinám	1	0,1	8	1,5	8	4,6	2	1,7	4	3,0	6	2,1	7	4,3	6	3,4	44	1,8
Búfræði- eða garðyrkjunám			2	0,4			3	2,6	3	2,3			3	1,8	2	0,8	13	0,5
Tónlistar- eða myndlistarnám			4	0,7			1	0,9			1	0,3	1	0,6	1	0,4	8	0,3
Fósturnám			5	0,9	3	1,7			3	2,3	3	1,0	2	1,2	2	0,8	18	0,7
Landspróf eða gagnfræðapróf	2	0,3	11	2,0	11	6,4	10	8,5	13	9,8	19	6,5	14	9,2	9	3,8	90	3,7
Annað nám			2	0,4	1	0,6			3	2,3	2	0,7	3	1,8	1	0,4	12	0,5
ALLS	763	100	542	100	173	100	117	100	132	100	293	100	163	100	237	100	2420	100

framt var leitað umsagna Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Ennfremur fjallaði samstarfsnefnd menntaskólastigsins um frumvarpið. Endurskoðunin leiddi til þess að fram komu nokkrar breytingartillögur og var frumvarpinu breytt til samræmis við þær eftir því sem föng voru á, án þess þó að breyta meginstefnu frumvarpsins.

Að lokinni þessari yfirferð var frumvarpið sent eftirtöldum aðilum til umsagnar:

1) Sambandi ísl. sveitarfélaga,
2) Félagi skólastjóra og yfirkennara,
3) Félagi háskólamenntaðra kennara,
4) Skólastjórafélagi Íslands,
5) Félagi skólastjóra gagnfræða- og héraðsskóla,
6) Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara,
7) Félagi menntaskólakennara,
8) Stjórn Sambands ísl. barnakennara,
9) Rektor Kennaraháskóla Íslands,
10) Rektor Háskóla Íslands.

Þær umsagnir sem bárust hafa verið athugaðar vandlega og nokkrar breytingar gerðar á frumvarpinu í samræmi við þær ábendingar sem þar komu fram. Leitast hefur verið við að samræma mismunandi sjónarmið en jafnframt voru höfð í huga raunhæf vandamál sem komið geta upp við ráðningu skólastjóra og kennara.

Frumvarpið, eins og það birtist hér er því töluvert breytt frá upphaflegri mynd enda þótt meginstofninn sé sá hinn sami.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Taflan á næstu síðu sýnir hvernig menntun starfandi kennara við grunnskóla er háttað skólaárið 1977—1978. Það kemur glögglega í ljós að menntun þeirra sem ekki hafa full réttindi er mjög breytileg og því mismunandi hvað einstaka kennara skortir til þess að hafa réttindi til kennslu, skv. gildandi lögum.

Ýmsir þeirra, sem skv. yfirlitinu hafa ekki réttindi, hafa aflað sér viðbótarmenntunar á námskeiðum eða á annan hátt, og aukið þannig starfshæfni sína verulega, en í yfirliti eins og því sem hér fylgir, kemur þetta ekki fram enda er það miðað við tiltekin lokapróf.

Tilgangur greinarinnar er að stuðla að því, að allt nám kennara, hvort sem það fer fram á námskeiðum eða reglulega í skóla, verði metið á sama veg. Slíkt mat ætti m. a. að veita upplýsingar um hvað einstaka kennara skortir til þess að hafa réttindi til kennslu og ætti það því að hafa verulegt gildi fyrir þá sem hlut eiga að máli ekki síst þar sem gert er ráð fyrir að þessir kennarar fái tækifæri til að bæta við menntun sína, því sem á skortir, í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 19. gr.

Í þessu skyni virðist helst koma til greina að taka upp kerfi hliðstætt því sem notað er í sumum deildum Háskóla Íslands. Samkvæmt því kerfi er nám metið í einingum þar sem ein eining jafngildir fullri vinnu einnar viku. Að sjálfsögðu er það innihald námsins sem skiptir máli en ekki það hvað langan tíma hver einstaklingur þarf til þess að ljúka því. Til þess að tryggja fullt samræmi í mati náms, sem fer fram á mismunandi stöðum og tímum, er lagt til að sömu aðilar hafi jafnan matið með höndum og er eðlilegast að það séu þær stofnanir sem sjá um menntun kennara undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

Um 2. gr.

Nám kennara er að stofni til tvíþætt, annars vegar nám í uppeldis- og kennslufræðum og hins vegar faglegt nám eða nám á sérsviði.

Í greininni er kveðið svo á að allir kennarar skuli ljúka lágmarksnámi í uppeldis- og kennslufræðum óháð því skólastigi sem þeir ætla að kenna á. Hér er bæði átt við fræðilegt nám í nefndum greinum og hagnýt atriði sem snerta kennsluaðferðir og kennslutæki en vægi þessara tveggja þátta getur verið mismunandi eftir þeim greinum sem kennarinn sérhæfir sig í. 30 námseiningar jafngilda u. þ. b. einu námsári og er talið hæfilegt að miða við það.

Sú skoðun hefur komið fram að kennarar byrjenda hefðu þörf fyrir meira nám í þessum greinum en þeir sem stefndu að kennslu í t. d. framhaldsskóla. Talið er rétt að lögfesta aðeins lágmarksnám í þessum greinum fyrir alla kennara, en að námsbrautir innan stofnana, sem veita kennaramenntun, sjái fyrir nauðsynlegri sérhæfingu á tilteknum sviðum og er því eðlilegt að viðkomandi skóli geri frekari kröfur um nám í uppeldis- og kennslufræðum sem og öðrum greinum, eftir því sem hæfilegt er talið.

Nefndin, sem samdi frumvarpið upphaflega, lagði mikla áherslu á þýðingu kennsluæfinga og verklegrar þjálfunar fyrir kennaraefni. Var það álit sumra nefndarmanna að verja ætti u. þ. b. helmingi námstímans í uppeldis- og kennslufræðum til þessara þátta.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. er ætlað að hvetja kennara til þess að afla sér aukinnar menntunar, m. a. að því er varðar nýjungar í námsefni og kennsluaðferðum. Með þeim hætti sem um getur í greininni getur kennari smám saman öðlast aukin kennsluréttindi og rétt til hærri launa eftir því sem kjarasamningar kveða á um. Jafnframt eru sett inn ákvæði sem eiga að tryggja að sá, sem hlýtur aukin réttindi, hafi nokkuð til þeirra unnið. Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 4. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið svo á að menntamálaráðherra skuli setja og skipa kennara og skólastjóra bæði við grunnskóla og framhaldsskóla. Í gildandi lögum eru dæmi þess að forseti Íslands skipi skólastjóra við framhaldsskóla en eðlilegt virðist að sama regla gildi um alla skóla í þessu efni.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 6. gr.

Í greininni felst að umsækjendur um stöðu, sem fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru koma allir til álita við veitingu stöðunnar. Jafnframt er bent á nokkur atriði sem miða skal við þegar gert er upp á milli umsækjenda.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna svo og ákvæði 35. greinar grunnskólalaga. Þá er kveðið á um það að sæki enginn sem fullnægir ákvæðum laganna um stöðu kennara er heimilt að setja mann í starfið ef hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd mæla með því. Stöður, sem þannig er ástatt um, skal auglýsa árlega.

Um 8. gr.

Hér eru gerðar þær kröfur til umsækjenda um skólastjórastöðu, auk kröfu um fyllstu kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi, að hann hafi starfað a. m. k. tvö ár sem settur eða skipaður kennari á því skólastigi.

Auk þess sem nauðsynlegt er að umsækjandi hafi góð kynni af starfsemi þeirrar stofnunar sem hann ætlar að starfa við, er einnig mikilvægt að hann hafi kynnt sér stjórnun skóla, t. d. sótt námskeið í stjórnunarfræðum, sbr. 30. gr. grunnskólalaga.

Í nefndinni sem samdi frumvarpið upphaflega kom fram tillaga þess efnis að umsækjandi um skólastjórastöðu hefði starfað a. m. k. fimm ár sem settur eða skipaður kennari á viðkomandi skólastigi. Með tilliti til aðstæðna hér á landi áleit meiri hluti nefndarinnar að þessi tími væri óhæfilega langur.

Einnig kom fram tillaga þess efnis, að skólastjórar væru aðeins skipaðir til tiltekins árafjölda í senn, t. d. 10 ára, en nefndin var sammála um að óeðlilegt væri að lögbinda slíkt ákvæði fyrir tiltekinn hóp starfsmanna ríkisins meðan þetta væri ekki viðtekin regla. Hins vegar taldi nefndin athugandi að koma þessari skipan á.

Síðasta málsgrein þessarar greinar er hliðstæð síðari málsgrein í 7. grein og vísast til athugasemda við hana.

Um 9. gr.

Sjá athugasemd við a-lið í 11. grein.

Um 10. gr.

Nokkuð er um það að tekin sé upp kennsla í nýjum greinum og jafnvel stofnaðar nýjar námsbrautir. Þá er sumt sérnám á framhaldsskólastigi þess eðlis að ekki er með góðu móti unnt að binda í lögum tiltekin skilyrði sem kennarar verða að fullnægja, þar eð slíkt gæti orðið hemill á eðlilega starfsemi viðkomandi stofnana. Hér er t. d. um að ræða sérhæfða skóla þar sem hluti kennslugreinanna á sér ekki hliðstæðu í öðrum skólum. Nemendur þessara skóla eru oft fáir og í sumum greinum eru horfur á að ekki þurfi meira en eina kennarastöðu, eða jafnvel hluta úr stöðu, til að fulnægja kennsluþörfinni.

Í þessum tilvikum er ekki um aðra lausn að ræða en að leita til sérfróðra manna með kennslu í þessum greinum enda þótt þeir hafi á engan hátt sérhæft sig til kennslunnar.

Hins vegar má gera ráð fyrir því að aðstæður breytist innan tíðar á þann veg að unnt verði að fá kennaramenntað fólk til kennslu sumra þeirra greina sem hér um ræðir og grundvöllur skapist til þess að setja ákveðin skilyrði um menntun kennara við hlutaðeigandi skóla. Af þessum sökum og til þess að samræmi verði í kröfum sem gerðar eru til settra eða skipaðra kennara við hina ýmsu skóla var talið nauðsynlegt að setja inn þau ákvæði sem felast í 10. gr.

II.
Grunnskóli.

Um 11. gr.

a) Ákvæði þessa stafliðar taka til kennara í bóklegum greinum í grunnskóla og samrýmast lögum nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands og frumvarpi til laga um K. H. Í. sem lagt verður fyrir yfirstandandi þing. Jafnframt er kveðið svo á að kennarar sem útskrifuðust úr Kennaraskóla Íslands hafi rétt til kennslu í grunnskóla, sbr. 10. gr.

b) Þarfnast ekki skýringar.

c) Ákvæði um þessa kennara er ekki að finna í núgildandi lögum. Tekið var mið af hliðstæðu kennaranámi í Noregi við samningu þessa ákvæðis en allmargir kennarar afbrigðilegra nemenda hafa hlotið menntun sína þar.

d) Handmenntakennarar hljóta menntun sína í Kennaraháskóla Íslands og eru ákvæðin í samræmi við gildandi lög um hann. Að því er varðar ákvæði um aðra kennara, sem getið er um í þessum staflið, var haft samráð við skólastjóra þeirra skóla sem menntunina veita.

e) Ákvæðin í þessum staflið eru í samræmi við lög nr. 65/1972 um Íþróttakennaraskóla Íslands.

Um 12. gr.

Að því er varðar ákvæði þessarar greinar vísast til 74. gr. grunnskólalaga.

III.

Framhaldsskólar.

Um 13. gr.

Þær kröfur, sem gerðar eru til kennara í bóklegum greinum við framhaldsskóla, jafngilda 4ra ára námi á háskólastigi. Þar af skal verja einu ári til náms í uppeldis- og kennslufræðum, sbr. 2. gr., og tveimur árum til náms í sérgrein. Skiptar skoðanir eru um ákvæði greinarinnar. Ýmsir telja eðlilegt að miða við 150 námseiningar í stað 120 og eru viss atriði sem mæla með því. Hins vegar má benda á það að gerðar eru kröfur um 60 eininga nám í sérgrein og hafa ekki verið gerðar sérstakar athugasemdir við það ákvæði. Verði miðað við 150 einingar verður námstími hlutaðeigandi kennara 5 ár, í stað 4 ár, og getur hann þá tekið 60 einingar í tveimur greinum eða 90 einingar í einni og 30 einingar í aukagrein en annars 60 í einni og 30 einingar í aukagrein.

Miðað við núverandi skipan kennaramenntunar í landinu verður meira samræmi milli menntunar kennara í hinum ýmsu greinum með því að miða við 120 einingar en 150. Það færist nú mjög í vöxt að kennarar í ólíkum greinum starfi hlið við hlið innan sömu stofnunar. Er álitamál hvort æskilegt er að auka þann mismun sem nú er á kröfum til einstakra kennara umfram það sem kveðið er á um í frumvarpinu. En það er brýnt verkefni að efla menntun kennara við framhaldsskóla í ýmsum greinum, t. d. í verk- og listgreinum.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um kennara í faggreinum við almenna framhaldsskóla.

Skilyrðin, sem sett eru, miðast við gildandi lög og reglur sem hafa mótast á liðnum árum þar sem um slíkt er að ræða. Jafnframt var tekið mið af ákvæðum 13. greinar. Haft var samráð við fulltrúa frá hlutaðeigandi skólum við samningu ákvæðanna.

Um 16. og 17. gr.

Í þessum greinum er fjallað um kennara í faggreinum við sérskóla og kennara við stofnun fyrir afbrigðilega nemendur.

Ákvæðin eru í samræmi við gildandi lög þar sem um þau er að ræða en auk þess var haft samráð við fulltrúa frá hlutaðeigandi skólum.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Á undanförnum árum hefur orðið að setja til kennarastarfa allmargt manna sem ekki hafa full kennsluréttindi samkvæmt gildandi lögum og geta því ekki hlotið skipun í kennarastöðu. Í umræðum um þessi mál hefur verið bent á að æskilegasta lausnin á vanda þessara kennara sé að greiða þeim leið til að afla sér fullra réttinda með viðbótarnámi. Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstöku átaki við gildistöku laga um embættisgengi kennara á þann veg að þeim, sem þá hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur skuli gefinn kostur á að ljúka á vegum Kennaraháskólans réttindanámi er verði sérstaklega skipulagt í því skyni. Er þá haft í huga að m. a. gæti orðið um að ræða sumarnámskeið og bréfaskóla.

Nd. 398. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsögn fjármálaráðuneytis. Þar er lagt til að verðtryggingarákvæði verði samhljóða í lögum nokkurra annarra lífeyrissjóða. Frumvörp þess efnis munu verða flutt á Alþingi því er nú situr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nýju orðalagi 1. gr.

BREYTINGARTILLAGA.

1. gr. orðist svo:

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Alþingi, 23. febr. 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.	Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Nd. 399. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Jóhannes Árnason, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist:

Ef eðlilegum nytjum af æðarvarpi er ógnað af ágangi arnar, er ráðuneytinu skylt, sé þess óskað af hlutaðeigandi varpbónda, að senda svo fljótt sem unnt er sérfræðing á staðinn, er fylgist með og geri tillögur um, hvernig megi koma í veg fyrir eða bæta tjón af völdum arnarins. Ráðuneytinu er þá heimilt að grípa til tafarlausra aðgerða til varnar viðkomandi æðarvarpi, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 27. gr., án þess þó að erni verði eytt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt með sérstöku tilliti til varplanda í Breiðafjarðareyjum, sem undanfarin ár hafa átt í vök að verjast gegn óvenjulega miklum ágangi arnar, sem ógnað hefur eðlilegum nytjum af æðarvarpi í eyjunum. Þrjár af Breiðafjarðar-

eyjum eru nú í byggð: Flatey, Svefneyjar og Skáleyjar. Föst búseta hefur til skamms tíma verið í Hvallátrum, en fyrri ábúendur eru þar nú aðeins yfir sumartímann til að nytja æðarvarp og önnur hlunnindi. Undanfarin tvö ár hefur það gerst, að örn hefur orpið í Skáleyjum eða úteyjum þeirra og farið með miklum ófriði þar og í nálægum eyjum, svo að æðarvarpið hefur verið í hers höndum. Í vetur hefur verið óvenjulega mikið um örn í byggðum eyjum Breiðafjarðar og bændur þar því mjög uggandi um æðarvarpið á vori komanda.

Þeir, sem þekkja til í varplöndum, vita, hvílík ógn æðarfuglinum stendur af erninum. Þótt hann fljúgi hátt yfir varplandinu, skynjar fuglinn návist hans og sópast af hreiðrum sínum í skelfingu og fári. Mörg æðurin á ekki afturkvæmt á hreiður sitt, hún „yfirgefur" — eins og sagt er á máli eyjafólks. Aðkoman í varplandi, þar sem örninn venur komur sínar, er líka ófögur: upptætt hreiður og æðarfuglar jafnvel rifnir á hol eða hrelldir að beini. Um afleiðingarnar fyrir dúntekju í viðkomandi varplandi þarf ekki að spyrja. Hér eru ekki lítil verðmæti í húfi, þar sem æðardúnninn er ein hin eftirsóttasta vara, er um getur á heimsmarkaðinum, og í óvenjulega háu verði nú.

Æðarvarp á Íslandi hefur því miður farið minnkandi á síðari árum og mun þar ekki síst um að kenna ágangi vargfugla: svartbaks, hrafns og arnar. Gegn tveimur hinum fyrrnefndu hafa verið hafðar uppi nokkrar varnir, sem þó hafa ekki getað stöðvað fjölgun þeirra, sérstaklega svartbaksins. Örninn er hins vegar alfriðaður og má það teljast eðlilegt, svo mjög sem gengið hefur á arnarstofninn á síðari árum, svo að fullrar varúðar er þörf. Einmitt vegna þess er eins vægt farið í sakirnar og hægt er í þessu frumvarpi. Framkvæmd þess, ef að lögum verður, mundi engu að síður vera ávinningur og aukið öryggi fyrir varpeigendur og um leið gagnlegt fyrir vísindamenn okkar að fá þannig tækifæri til að fylgjast með hátterni arnarins og því tjóni, sem hann veldur á æðarvarpi er hann herjar á.

Þess eru dæmi, að varpbændur hafa þurft að leita til dómstóla með skaðabótamál vegna tjóns á nytjum æðarvarps af völdum arnar. Ef fulltrúi frá ráðuneytinu væri á staðnum til að fylgjast með og meta aðstæður allar í samráði við varpeigendur ætti ekki að þurfa að koma til slíks. Auk þess væri tryggð betur en nú vernd arnarins og í senn æðarvarpsins gegn ágangi og tjóni af hans völdum.

Ed. 400. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum nr. 97 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Stefán Jónsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður:

7) að fara með stjórn Fiskeldissjóðs, sbr. VII. kafla laga þessara.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð, Byggðasjóð og Fiskeldissjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim.

3. gr.

Upphaf 13. gr. laganna orðist svo:

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði, Byggðasjóði og Fiskeldissjóði og annast athugun þeirra.

4. gr.

2. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Handbært fé Framkvæmdasjóðs, Byggðasjóðs og Fiskeldissjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Á eftir 33. gr. laganna komi ný grein (sem verður 34. gr) í nýjum kafla (sem verður VII. kafli) með fyrirsögninni **Um Fiskeldissjóð.** Greinin orðist svo:

Fiskeldissjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

6. gr.

Við bætist ný grein sem verður 35. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur Fiskeldissjóði til 600 milljónir króna með jöfnum greiðslum á næstu fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1978.

7. gr.

Við bætist ný grein er verður 36. gr., svo hljóðandi:

Fiskeldissjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskeldissjóðs. Nú tekur Fiskeldissjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

8. gr.

Við bætist ný grein er verður 37. gr., svo hljóðandi:

Hlutverk Fiskeldissjóðs er að veita lán til fiskeldis, allt að 50% af stofnkostnaði, einnig að veita óafturkræf framlög til grundvallarrannsókna og tilraunastarfsemi á sviði fiskræktar.

9. gr.

Við bætist ný grein er verði 38. gr., svo hljóðandi:

Ákvæði 24. gr. ná einnig til Fiskeldissjóðs.

10. gr.

35. gr. laganna (sem verður 40. gr.) orðist svo:

Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður, Fiskeldissjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjón með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hafa aðrar þjóðir, svo sem Sovétmenn, Japanir, Bretar og Norðmenn þegar byrjað fiskeldi í sjó með góðum árangri. Eru þegar tiltækar upplýsingar um niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði og um árangur þar sem fiskirækt hefur verið komið upp á grundvelli þeirra. Nefna má laxeldi sem Norðmenn stunda nú í sjó með furðugóðum árangri og nota úrgang frá fiskiðjuverum til fóðrunar. Hefur nýting þessa ódýra fóðurs verið sérlega drjúg, þannig að fjögur til sex kílógrömm af fiskúrgangi nægja til framleiðslu á einu kílógrammi af laxi. Miðað við núgildandi verðlag á þessu fóðri og markaðsverð á laxi mun óhætt að fullyrða að í engri grein búskapar sé fóðurkostnaður jafnlítill og í fiskeldi, enda mun fisk-

úrgangurinn, sem Norðmenn nota í þessu skyni, gefa meira verð en sjálf matvaran sem fiskiðjuverin skila frá sér í beinni framleiðslu.

Ljóst er að hér á landi fellur til fiskúrgangur sem nægja mundi til framleiðslu á þúsundum lesta af dýrmætum matfiski — og ef reiknað er með hagnýtingu loðnu og annars bræðslufisks í þessu skyni, þá til framleiðslu á tugþúsundum lesta af laxfiski. Tilraun, sem gerð hefur verið hér á landi á vegum Fiskifélags Íslands til laxeldis í sjó, bar ekki þann ávöxt sem menn gerðu sér vonir um, enda var til hennar stofnað af vanefnum í ýmsum skilningi. Þó má til sanns vegar færa að þar hafi ekki með öllu verið til einskins unnið, því sannreynt var að sjór á svæðinu frá Austfjörðum norður um landið alla leið í Hvalfjörð er of kaldur til þess að þar verði alinn laxfiskur svo einhlítt sé, þar eð fiskurinn horast á vetrum og nær ekki að vaxa. Þetta á við um allt strandsvæðið þar sem firðir og vogar bjóða upp á nauðsynlegt skjól fyrir haföldu til þess að haga mætti fiskeldinu með svipuðum hætti og þeim sem Norðmenn hafa upp tekið. Þrátt fyrir athyglisverðan árangur, sem náðst hefur við laxaeldi í sjó á Fáskrúðsfirði, má þetta heita algild ályktun, og því sýnt að við hljótum að bregða á annað ráð hérlendis.

Nú hafa verið gerðar merkilegar undirstöðutilraunir á þessu sviði af hálfu líffræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við embætti veiðimálastjóra, þar sem einkum er fjallað um áhrif umhverfisþátta á vöxt og þroska laxfiska. En fjárskortur hefur staðið í vegi fyrir því, að þær tilraunir yrðu til lykta leiddar, og torveldað jafnframt uppsetningu þeirra eldisstöðva sem nauðsynlegar eru til sannprófunar á niðurstöðum þessara tilrauna.

Fyrrgreindar tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu íslenskra líffræðinga, hafa m. a. beinst að kynblöndun laxfiska þeirra sem best sameina vaxtarhraða og saltþol tveggja tegunda, og einnig að því, hvert vera muni æskilegt hlutfall seltu og hitastigs eldisvatnsins. Enda þótt lokaniðurstöður fyrrgreindra rannsókna liggi ekki fyrir þykja líkur benda til þess að fiskaeldi með þessum hætti nái ekki fullri hagkvæmni annars staðar en þar sem hægt er að hita upp sjóinn, annaðhvort með jarðvarma eða heitu afrennslisvatni frá fiskiðjuverum, og þá jafnframt að stjórna seltustigi afrennslisvatnsins. Hins vegar hagar svo til mjög víða, að tiltækt er heitt vatn í þessu skyni. Við flest fiskiðjuverin utan jarðhitasvæðanna er bæði aðstaða til að koma upp eldisþróm og nægilegt heitt vatn frá vélum til þess að halda eldissjónum volgum, og má heita að nú vanti ekki nema þann herslumun sem fjárveitingavaldið eitt getur látið í té, til þess að hægt sé að ljúka tilraununum og hefja fiskirækt í stórum stíl í volgum sjó víðs vegar um landið.

Frá því frumvarp þetta var flutt í upphafi hér á hv. Alþingi, hefur það gerst, að tveir íslenskir líffræðingar, þeir Eyjólfur Friðgeirsson fiskifræðingur og prófessor Sigurður St. Helgason, sem stýrt hefur fyrrgreindum tilraunum af hálfu Háskólans, hafa af eigin rammleik ráðist í það að koma upp nauðsynlegri eldisstöð sem nýti heitan jarðsjó. Til þess hafa þeir ekki fengið annan styrk af opinberri hálfu en þann, að ríkið leigir þeim tuttugu hektara landssvæði úr Húsatóftalandi í grennd við Grindavík, og sjálfir hafa þeir orðið að selja íbúðarhúsnæði sitt og kosta til aleigu sinni að öðru leyti til þess að geta hafið þar framkvæmdir, og er þó borin von að til hrökkvi ef ekki verður greitt fyrir þeim af opinberri hálfu svo um munar.

Svo sem fyrr segir hafa tilraunir sérfræðinga okkar á þessu sviði fyrst og fremst beinst að eldi lax og silungs, en líkur benda til þess að þeirra dómi, að hægt sé að rækta á sama hátt í stórum stíl ýmiss konar verðmæt skeldýr og krabbadýr, og hentaði sá búskapur vel með eldi fyrrgreinds sporðfénaðar. Auk þess liggja fyrir upplýsingar um tilraunir erlendis með ræktun ýmissa verðmætra sjávarfiska sem vel mundu henta til eldis hér á landi og þá einkum, sem að líkum lætur, á þeim svæðum þar sem tiltækur er heitur jarðsjór. Í þessu sambandi er eðlilegt að hugleiða sérstaklega möguleika á því að nýta jarðsjó þann sem til mun falla í sambandi við fyrirhugaða sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi — og geta má þess, að líkur þykja benda til þess að álíka aðstaða muni vera til fiskiræktar í Öxarfirði norður.

Að endingu má geta þess, að margt bendir til þess að dómi líffræðinganna, að nytja megi þessa sérstöku aðstöðu, sem heiti jarðsjórinn myndar, til þess að tryggja okkur gegn áföllum af völdum breytilegra náttúruskilyrða í sambandi við hrygningu ýmissa helstu nytjafiskanna á grunnslóðinni kringum landið. Þannig má ætla, að ef fjármagn fengist til þess að fullgera rannsóknir með kjörfæðu þorsklirfunnar, þá yrði unnt að ala upp þorsklifur í volgum sjó í tiltölulega litlum eldistjörnum og flytja síðan á þau hafsvæði þar sem skilyrði væru örugg til uppvaxtar kringum landið og tryggja með þeim hætti viðgang þorskstofnsins, svo að við þurfum ekki að eiga afkomu okkar svo mjög sem nú er undir duttlungum veðráttu á hrygningarstöðvunum og óviðráðanlegum umhleypingum sjávarstrauma. Að dómi flutningsmanna nær það engri átt, að ekki skuli varið verulegu fjármagni til þess að ljúka megi tilraunum á þessu sviði.

Nd. 401. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans og Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjórir lögbundnir lífeyrissjóðir hafa nú skilyrðislaus ákvæði um tryggingu í 1. veðrétti í fasteignum eða ríkisábyrgð, þegar lífeyrissjóðslán eru úr þeim tekin.

Þessir sjóðir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Fimmti lögbundni sjóðurinn, Lífeyrissjóður bænda, er ekki bundinn að lögum um tryggingar, en í 5. gr. laga nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, segir: „Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni“ — og enn fremur: „Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.“

Misræmið milli lögbundnu sjóðanna, fjögurra þeirra, og ákvæða um þessi efni hjá ólögbundnu sjóðunum kom m. a. fram við flutning frv. um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna nú fyrir skömmu.

Á þetta er einnig bent rækilega í jákvæðri umsögn fjármálaráðuneytisins um það frv. og einnig erfiðleikana við að framkvæma ákvæði framangreindra laga um að skylt sé að tryggja með 1. veðrétti í fasteignum lífeyrissjóðslán úr sjóðum þessum.

Húsnæðismálastjórn krefst undantekningarlaust 1. veðréttar. Hafa stjórnir lífeyrissjóðanna því freistast til að lána með 1. veðrétti B er víki fyrir lánum húsnæðismálastjórnar. Hafi lántaki 1. veðrétt bundinn af einhverjum öðrum lánum en húsnæðismálastjórnar, hefur hann orðið að ganga í byggingarsamvinnufélag til að eiga kost á ríkisábyrgð skv. ákvæðum C-liðar 15. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Með lögum nr. 59/1973 átti að takmarka mjög veitingu ríkisábyrgða, en í 11. gr. laga þessara segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 26/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafist hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku þessara laga.“

Í reynd hefur, allt frá því að lög nr. 59/1973 tóku gildi, engin heimild verið til veitingar ríkisábyrgða vegna húsa sem hafist var handa við að byggja eftir 1. janúar 1974. Slíkt hefur þó verið gert til að gera mönnum kleift að taka út lífeyrissjóðslán sín.

Í fram komnu frumvarpi um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna er lagt til að skylt sé að hafa veðtryggingu í fasteign innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar eins og það er á hverjum tíma.

Nú hefur verið upplýst af fjármálaráðuneytinu, að við veitingu ríkisábyrgðar hafi það yfirleitt miðað við að eigi sé farið yfir 50% af brunabótamati. Heimilað hefur þó verið að fara allt upp í 65% af brunabótamatinu. Reynt hefur verið að greiða fyrir fólki, er fest hefur kaup á litlum íbúðum, þannig að íbúðirnar gætu í reynd verið að veði fyrir húsnæðismálastjórnarláni, lífeyrissjóðsláni og upphæð þar til viðbótar er svarar til hálfs láns húsnæðismálastjórnar. Slík lán hafa stundum fengist hjá sparisjóðum eða hjá aðilum sem gera mjög strangar veðtryggingarkröfur. Ýmsir lífeyrissjóða hafa 60—65% mörk, t. d. Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra og Bíðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Telja verður óráðlegt með hliðsjón af ofansögðu að binda veðtrygginguna við 50 hundraðshluta af brunabótamati. Lagt er hér til að veðtryggingin verði að hámarki 65% og það verði á valdi stjórnar að hvaða marki hún sé nýtt.

Félagsmálanefnd Nd. hefur samþykkt að mæla með samþykkt frumvarpsins um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna með breytingu sem er samhljóða því frv. sem hér er flutt.

Í erindi fjármálaráðuneytisins kemur fram að 1. veðréttur sé sjaldnast laus vegna húsnæðismálastjórnarlána og lagaheimild ekki fyrir hendi til veitingar ríkisábyrgðar þegar um nýbyggingar er að ræða. Brýna nauðsyn ber því til að breyta tryggingarákvæðum hjá öllum þeim sjóðum, er að lögum eru bundnir við 1. veðrétt eða ríkisábyrgð með útlán sín. Leggur ráðuneytið til að veðtryggingarákvæði verði samhljóða í lögum lífeyrissjóða sjómanna, starafsmanna ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkvenna.

Flytja flutningsmenn þessa frumvarps því tvö önnur frumvörp til sjálfsagðrar samræmingar og er lagt til í þeim að veðtryggingarákvæðin verði samhljóða þeim sem félagsmálanefnd Nd. leggur til að verði í lögum um lífeyrissjóð sjómanna.

Nd. **402. Frumvarp til laga** [206. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans og Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjórir lögbundnir lífeyrissjóðir hafa nú skilyrðislaus ákvæði um tryggingu í 1. veðrétti í fasteignum eða ríkisábyrgð, þegar lífeyrissjóðslán eru úr þeim tekin.

Þessir sjóðir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Fimmti lögbundni sjóðurinn, Lífeyrissjóður bænda, er ekki bundinn að lögum um tryggingar, en í 5. gr. laga nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, segir: „Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni“ — og enn fremur: „Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.“

Misræmið milli lögbundnu sjóðanna, fjögurra þeirra, og ákvæða um þessi efni hjá ólögbundnu sjóðunum kom m. a. fram við flutning frv. um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna nú fyrir skömmu.

Á þetta er einnig bent rækilega í jákvæðri umsögn fjármálaráðuneytisins um það frv. og einnig erfiðleikana við að framkvæma ákvæði framangreindra laga um að skylt sé að tryggja með 1. veðrétti í fasteignum lífeyrissjóðslán úr sjóðum þessum.

Húsnæðismálastjórn krefst undantekningarlaust 1. veðréttar. Hafa stjórnir lífeyrissjóðanna því freistast til að lána með 1. veðrétti B er víki fyrir lánum húsnæðismálastjórnar. Hafi lántaki 1. veðrétt bundinn af einhverjum öðrum lánum en húsnæðismálastjórnar, hefur hann orðið að ganga í byggingarsamvinnufélag til að eiga kost á ríkisábyrgð skv. ákvæðum C-liðar 15. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Með lögum nr. 59/1973 átti að takmarka mjög veitingu ríkisábyrgða, en í 11. gr. laga þessara segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 26/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafist hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku þessara laga.“

Í reynd hefur, allt frá því að lög nr. 59/1973 tóku gildi, engin heimild verið til veitingar ríkisábyrgða vegna húsa sem hafist var handa við að byggja eftir 1. janúar 1974. Slíkt hefur þó verið gert til að gera mönnum kleift að taka út lífeyrissjóðslán sín.

Í fram komnu frumvarpi um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna er lagt til að skylt sé að hafa veðtryggingu í fasteign innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar eins og það er á hverjum tíma.

Nú hefur verið upplýst af fjármálaráðuneytinu, að við veitingu ríkisábyrgðar hafi það yfirleitt miðað við að eigi sé farið yfir 50% af brunabótamati. Heimilað hefur þó verið að fara allt upp í 65% af brunabótamatinu. Reynt hefur verið að greiða fyrir fólki, er fest hefur kaup á litlum íbúðum, þannig að íbúðirnar gætu í reynd verið að veði fyrir húsnæðismálastjórnarláni, lífeyrissjóðsláni og upphæð þar til viðbótar er svarar til hálfs láns húsnæðismálastjórnar. Slík lán hafa stundum fengist hjá sparisjóðum eða hjá aðilum sem gera mjög strangar veðtryggingarkröfur. Ýmsir lífeyrissjóða hafa 60—65% mörk, t. d. Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra og Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Telja verður óráðlegt með hliðsjón af ofansögðu að binda veðtrygginguna við 50 hundraðshluta af brunabótamati. Lagt er hér til að veðtryggingin verði að hámarki 65% og það verði á valdi stjórnar að hvaða marki hún sé nýtt.

Félagsmálanefnd Nd. hefur samþykkt að mæla með samþykkt frumvarpsins um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna með breytingu sem er samhljóða því frv. sem hér er flutt.

Í erindi fjármálaráðuneytisins kemur fram að 1. veðréttur sé sjaldnast laus vegna húsnæðismálastjórnarlána og lagaheimild ekki fyrir hendi til veitingar ríkisábyrgðar þegar um nýbyggingar er að ræða. Brýna nauðsyn ber því til að breyta tryggingarákvæðum hjá öllum þeim sjóðum, er að lögum eru bundnir við 1. veðrétt eða ríkisábyrgð með útlán sín. Leggur ráðuneytið til að veðtryggingarákvæði verði samhljóða í lögum lífeyrissjóða sjómanna, starafsmanna ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkvenna.

Flytja flutningsmenn þessa frumvarps því tvö önnur frumvörp til sjálfsagðrar samræmingar og er lagt til í þeim að veðtryggingarákvæðin verði samhljóða þeim sem félagsmálanefnd Nd. leggur til að verði í lögum um lífeyrissjóð sjómanna.

Nd. 403. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans og Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjórir lögbundnir lífeyrissjóðir hafa nú skilyrðislaus ákvæði um tryggingu í 1. veðrétti í fasteignum eða ríkisábyrgð, þegar lífeyrissjóðslán eru úr þeim tekin. Þessir sjóðir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Fimmti lögbundni sjóðurinn, Lífeyrissjóður bænda, er ekki bundinn að lögum um tryggingar, en í 5. gr. laga nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, segir: „Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni“ — og enn fremur: „Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.“

Misræmið milli lögbundnu sjóðanna, fjögurra þeirra, og ákvæða um þessi efni hjá ólögbundnu sjóðunum kom m. a. fram við flutning frv. um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna nú fyrir skömmu.

Á þetta er einnig bent rækilega í jákvæðri umsögn fjármálaráðuneytisins um það frv. og einnig erfiðleikana við að framkvæma ákvæði framangreindra laga um að skylt sé að tryggja með 1. veðrétti í fasteignum lífeyrissjóðslán úr sjóðum þessum.

Húsnæðismálastjórn krefst undantekningarlaust 1. veðréttar. Hafa stjórnir lífeyrissjóðanna því freistast til að lána með 1. veðrétti B er víki fyrir lánum húsnæðismálastjórnar. Hafi lántaki 1. veðrétt bundinn af einhverjum öðrum lánum en húsnæðismálastjórnar, hefur hann orðið að ganga í byggingarsamvinnufélag til að eiga kost á ríkisábyrgð skv. ákvæðum C-liðar 15. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Með lögum nr. 59/1973 átti að takmarka mjög veitingu ríkisábyrgða, en í 11. gr. laga þessara segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 26/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafist hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku þessara laga.“

Í reynd hefur, allt frá því að lög nr. 59/1973 tóku gildi, engin heimild verið til veitingar ríkisábyrgða vegna húsa sem hafist var handa við að byggja eftir 1. janúar 1974. Slíkt hefur þó verið gert til að gera mönnum kleift að taka út lífeyrissjóðslán sín.

Í fram komnu frumvarpi um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna er lagt til að skylt sé að hafa veðtryggingu í fasteign innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar eins og það er á hverjum tíma.

Nú hefur verið upplýst af fjármálaráðuneytinu, að við veitingu ríkisábyrgðar hafi það yfirleitt miðað við að eigi sé farið yfir 50% af brunabótamati. Heimilað hefur þó verið að fara allt upp í 65% af brunabótamatinu. Reynt hefur verið að greiða fyrir fólki, er fest hefur kaup á litlum íbúðum, þannig að íbúðirnar gætu í reynd verið að veði fyrir húsnæðismálastjórnarláni, lífeyrissjóðsláni og upphæð þar til viðbótar er svarar til hálfs láns húsnæðismálastjórnar. Slík lán hafa stundum fengist hjá sparisjóðum eða hjá aðilum sem gera mjög strangar veðtryggingarkröfur. Ýmsir lífeyrissjóða hafa 60—65% mörk, t. d. Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra og Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Telja verður óráðlegt með hliðsjón af ofansögðu að binda veðtrygginguna við 50 hundraðshluta af brunabótamati. Lagt er hér til að veðtryggingin verði að hámarki 65% og það verði á valdi stjórnar að hvaða marki hún sé nýtt.

Félagsmálanefnd Nd. hefur samþykkt að mæla með samþykkt frumvarpsins um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna með breytingu sem er samhljóða því frv. sem hér er flutt.

Í erindi fjármálaráðuneytisins kemur fram að 1. veðréttur sé sjaldnast laus vegna húsnæðismálastjórnarlána og lagaheimild ekki fyrir hendi til veitingar ríkisábyrgðar

þegar um nýbyggingar er að ræða. Brýna nauðsyn ber því til að breyta tryggingarákvæðum hjá öllum þeim sjóðum, er að lögum eru bundnir við 1. veðrétt eða ríkisábyrgð með útlán sín. Leggur ráðuneytið til að veðtryggingarákvæði verði samhljóða í lögum lífeyrissjóða sjómanna, starafsmanna ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkvenna.

Flytja flutningsmenn þessa frumvarps því tvö önnur frumvörp til sjálfsagðrar samræmingar og er lagt til í þeim að veðtryggingarákvæðin verði samhljóða þeim sem félagsmálanefnd Nd. leggur til að verði í lögum um lífeyrissjóð sjómanna.

Ed. 404. Frumvarp til laga [142. mál]

um geymslufé.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 302 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymslufé, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymslufé, sé þess kostur.

Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geymslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geymslufjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.

Sþ. 405. Fyrirspurnir. [208. mál]

I. Til menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvenær verður Alþingi gerð grein fyrir framkvæmd grunnskólalaga, ásamt því að ályktað verði á ný um níu ára skólaskyldu, samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í grunnskólalögum, nr. 63/1974?

II. Til landbúnaðarráðherra um votheysverkun.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvaða ráðstafanir, til að stuðla að almennari votheysverkun en verið hefur, hefur ríkisstjórnin gert samkvæmt þingsályktun um votheysverkun, sem Alþingi samþykkti 29. apríl 1977?

III. Til iðnaðarráðherra um viðræður við Ísal hf.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Eru horfur á að samið verði við Ísal hf. um sölu á orku frá Hrauneyjafossvirkjun vegna ráðgerðrar stækkunar álbræðslunnar?

IV. Til samgönguráðherra um gjaldtöku fyrir veitta þjónustu á fjölsóttum stöðum í umsjá ríkisins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Á hvaða staði hefur verið sett gjald samkv. 36. gr. laga um skipulag ferðamála?
2. Hvað hefur innheimst mikið fyrir hvern stað og hvað hefur það kostað í innheimtu?
3. Hvernig hefur því fé verið ráðstafað sem innheimst hefur?

V. Til forsætisráðherra um Framkvæmdasjóð Suðurnesja.

Frá Gunnari Sveinssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í sambandi við frumvarp um Framkvæmdasjóð Suðurnesja, er átti að aðstoða við endurnýjun fiskiskipa og uppbyggingu innlends atvinnulífs á Suðurnesjum? Frumvarpið var flutt á 96. löggjafarþingi, 1974, og vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ed. 406. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

I. kafli laganna, um sáttir, falli niður. Í stað hans komi nýr kafli, sem kallast: I. kafli. Um réttarsáttir.

2. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

1) Héraðsdómari skal leita sátta í einkamálum, ef aðilar eiga forræði á sakarefninu, nema hann telji víst, að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

2) Dómari leitar venjulega sátta, þegar verjandi hefur tjáð sig um málið skv. 1. mgr. 106. gr. Þó má hann fresta sáttatilraun, ef hann telur það heppilegt, og jafnan getur hann síðar leitað sátta, þótt það hafi þegar verið gert.

3) Ekki veldur það ómerkingu héraðsdóms í æðra dómi, að sátta hefur ekki verið leitað.

3. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

1) Dómari getur synjað aðilum um að gera réttarsátt, ef hann telur ólögmætt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari skal kveða upp úrskurð um synjun sína, ef þess er krafist.

2) Gera má réttarsátt um hluta málefnis, þar á meðal um það allt, annað en málskostnað, og heldur mál þá áfram að öðru leyti í héraðsdómi.

3) Gera má réttarsátt í héraðsdómi um málsefni, sem dæmt hefur verið í héraði, á næstu 9 mánuðum eftir birttingu dóms.

4. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Í þingbók eða dómabók skal geta réttarsáttar og skulu aðilar eða umboðsmenn þeirra undirrita bókunina. Réttarsáttin skal gerð skriflega, og sé hún ekki skráð í heild í réttarbókina, skal leggja hana fram í dómi sem málsskjal.

5. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Réttarsátt er löglegur aðfarargrundvöllur, enda sé hún gildur samningur og fullnægi formkröfum réttarfars.

6. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

1) Höfða má dómsmál með venjulegum hætti til að fá réttarsátt staðfesta eða ógilta að hluta eða öllu leyti.

2) Ef aðili byggir rétt fyrir dómi, þar á meðal fógeta-, skipta-, uppboðs- eða þinglýsingardómi, á réttarsátt, getur gagnaðili vefengt gildi hennar, og sker dómurinn úr.

3) Héraðsdómari er bundinn af úrlausn hliðsetts dómstóls um atriði, sem hann hefur tekið ákvörðun um.

4) Ákvarðanir héraðsdómara um réttarsáttir má kæra til æðra dóms.

7. gr.

29. gr. orðist þannig:

1) Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir, uppboð og þinglýsingar, fara sýslumenn í sýslum landsins, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, borgarfógetar, sakadómarar og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli. Meðdómendur sitja í dómi eftir reglum laga.

2) Rétt er öllum héraðsdómurum að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því, og greiði sá kostnaðarauka þar af, sem slíkrar dómsathafnar beiðist.

3) Sá, sem settur er til að dæma ákveðið mál, skal kveða upp dóm á heimili sínu, nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

8. gr.

31. gr. laganna orðist þannig:

1) Forseti Íslands skipar reglulega héraðsdómara.

2) Hinir reglulegu héraðsdómarar skulu hafa skrifstofu í lögsagnarumdæmi sínu. Ef sami maður er reglulegur héraðsdómari í tveimur eða fleiri lögsagnarumdæmum, skal dómsmálaráðherra ákveða, hvar skrifstofa eða skrifstofur hans skuli vera nema lög kveði á um það atriði.

3) Reglulegir héraðsdómarar skulu eiga lögheimili í lögsagnarumdæmum sínum nema dómsmálaráðherra leyfi annað.

9. gr.

Í lögin bætist ný grein á eftir 37. gr. Hin nýja grein verði 37.A. grein og hljóði þannig:

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómendur telja þörf sérkunnátttu í dómi, skal dómari skipa 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

2) Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómara, eða tvo embættisdómara. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

3) Ef meðdómari hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

4) Öllum, sem fullnægja lögmæltum skilyrðum, er skylt að gegna meðdóm-

endastörfum. Þó gildir þetta ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, aðra embættisdómara og dómarafulltrúa, ráðherra og ráðuneytisstjóra, biskup og presta þjóðkirkjunnar, lögmenn og fulltrúa þeirra, ríkissaksóknara, saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara, embættislækna og ljósmæður og forstöðumenn ríkisstofnana, ef málsefnið varðar starfssvið stofnunarinnar.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru: nægilegur þroski og líkamleg og andleg heilbrigði, óflekkað mannorð, lögræði og fjárforræði aldur, frá 25—70 ára. Skilyrði til þátttöku í meðferð einstaks máls eru hin sömu og hjá embættisdómurum skv. 36. gr.

6) Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómenda, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómenda.

7) Þegar meðdómari tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8) Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómara, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.

10. gr.

Aftan við 1. mgr. 38. gr. bætist:

Aukadómþing má heyja á skrifstofu hins reglulega héraðsdómara, ef dómari telur það hentugra og aðilar mótmæla því ekki.

11. gr.

Í 42. gr. falli niður 4. og 5. töluliður 1. málsgreinar.

12. gr.

53. gr. laganna orðist þannig:

1) Ef sækjandi framselur réttindi þau, sem dómkrafa hans varðar, eftir birtingu utanréttarstefnu, útgáfu réttarstefnu eða, þar sem varnaraðili hefur mætt óstefndur, eftir þingfestingu máls, en áður en það er tekið til dóms, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins og í því ástandi, sem það þá var í, enda verður hann þá jafnan að sæta þeim vörnum, er rétt var að hafa uppi gagnvart hinum upphaflega sækjanda, nema viðskiptabréfskrafa sé, enda hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né átt að vita, að mál var höfðað eða að málshöfðun stóð til.

2) Ef sækjandi deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur dánarbú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella falla þau niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú sækjanda er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þótt svo sé ekki, getur varnaraðili stefnt þrotabúinu til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

13. gr.

54. gr. laganna orðist þannig:

1) Ef varnaraðili afhendir á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, hlut eða réttindi, sem hann er sóttur til að láta af hendi, má sækjandi halda málinu áfram gegn hinum upphaflega varnaraðila. Hinn nýi eigandi verður bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignast hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annarra manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum.

2) Ef varnaraðili deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur dánarbúið við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella fellur málið niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú varnaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þó getur sækjandi lýst því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir hinum upphaflega varnaraðila persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og hinn upphaflega varnaraðila persónulega. Þó að þrotabú verði ekki aðili máls skv. framansögðu, getur sækjandi stefnt því inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

14. gr.

4. málsgrein 71. gr. laganna falli niður.

15. gr.

Í 77. gr. laganna falli brott orðin: eða sáttakæra.

16. gr.

Í 80. gr. laganna falli brott orðin: sáttakæra eða.

17. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Mál til greiðslu launa má sækja í þinghá, þar sem unnið var, eða í einhverri þeirra, ef víðar var unnið. Sjómenn mega sækja slík mál á heimili skips.

18. gr.

86. gr. laganna orðist þannig:

Haldast skulu ákvæði annarra laga um varnarþing.

19. gr.

Í 88. gr. laganna falli brott orðin: nema þeir hafi verið nægilega greindir í sáttakæru og til hennar sé vísað í stefnu.

20. gr.

Í 89. gr. laganna falli brott orðin: kvaðningar til sáttafunda. Í sömu grein falli brott orðin: „kvaðning til sáttafundar eða dóms“, en í stað þeirra komi: birting.

21. gr.

Í 92. gr. laganna falli brott orðin: eða sáttakæru.

22. gr.

Í 95. gr. 1. mgr. laganna falli brott orðin: sáttakæru eða.

23. gr.

Í 96. gr. 3. mgr. laganna falli brott orðið: sáttakæra.

24. gr.

Í 97. gr. laganna falli brott orðin: sáttafund eða. Í sömu grein falli brott orðin: sáttakæru eða.

25. gr.

Í 2. mgr. 99. gr. laganna falli brott: „kaupstaðirnir Reykjavík og Hafnarfjörður eru í þessu sambandi taldir innan sama sýslufélags“.

Í stað framangreinds ákvæðis komi:

Hið sama er, ef þingfesta á máli í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðakaupstað, Hafnarfirði eða Kjósarsýslu og stefndur á heimili eða dvöl í þessum lögsagnarumdæmum en utan þeirrar þinghár, þar sem málið á að þingfesta.

26. gr.

103. gr. laganna orðist þannig:

Mál er talið höfðað, þegar dómstefna hefur verið birt, eða, ef verjandi mætir óstefndur, þegar sækjandi gerir kröfu fyrir dómi um fyrirtöku málsins og verjandi tjáir sig þeirri kröfu samþykkan.

27. gr.

105. gr. orðist þannig:

1) við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu, ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl, er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, málsástæðum og öðrum atvikum, ef þess þarf til að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo og framlögðum sönnunargögnum. Sé þess óskað, að dómari taki munnlegar skýrslur um atvik málsins, skal þess getið, og nefnd þau sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið, að þurfi að afla.

2) Dómari getur veitt sækjanda frest til að leggja fram greinargerð, aðilaskýrslu og sönnunargögn skv. 1. mgr., ef aðilar eru á það sáttir eða ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn um skjöl þessi þá þegar eða hann má ekki lengja þingið að þessu sinni.

28. gr.

106. gr. orðist þannig:

Verjanda skal veita hæfilegan frest til að taka afstöðu til krafna sækjanda og kanna fram komin gögn. Honum er heimilt með sama hætti og sækjanda að leggja fram skriflega greinargerð og aðilaskýrslu, svo og sönnunargögn. Ef verjandi kýs að tjá sig munnlega um málið án þess að leggja fram skriflega greinargerð eða aðilaskýrslu, er honum það heimilt, og skal þá dómari bóka kröfur hans og ágrip helstu málsástæðna, ef mál hans er ekki dómtekið þá þegar.

29. gr.

110. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja skriflega, má dómari veita aðilum frest til að afla skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal að jafnaði ekki taka munnlegar skýrslur, fyrr en þeim þætti gagnaöflunar er lokið. Báðum aðilum ber að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar, eftir því sem við verður komið. Þegar dómari telur aðila hafa haft nægan gagnaöflunarfrest, skal gefa þeim kost á að fá teknar á dómþingi skýrslur aðila, vitna og mats- og skoðunarmanna. Skal það að jafnaði gert á einu þingi. Þó má taka skýrslur, meðan öflun sýnilegra sönnunargagna fer fram, ef það þarf að gera í öðru lögsagnarumdæmi, ef sá sem skýrslu skal gefa, er ekki skyldur til að koma fyrir dómara aðalmáls eftir 124. gr., eða ef hann verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla, þegar þing verður háð til skýrslutöku.

2) Lögmæt forföll eru:

a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra, er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Verulegur vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
d. Embættis- eða sýslunarstörf, sem fyrirfram eru ákveðin og þola ekki bið.
e. Áður ákveðið dómþing.

3) Veita má frest til að afla frekari gagna, eftir að öflun þeirra er lokið skv. framansögðu, einnig eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef ekki hefur áður verið unnt

að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara. Aldrei má þó veita fresti, þótt þess sé beiðst ágreiningslaust af aðilum, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs, enda hafi aðili ekki haft nægilega fresti áður.

4) Staðhæfingar um málsástæður og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annarskostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana.

5) Eftir að öll gögn eru komin fram, fer fram sókn og vörn máls. Af hálfu hvers aðila má leggja fram málflutningsskjöl tvívegis. Þó getur dómari leyft að leggja fram fleiri málflutningsskjöl, ef skort hefur á leiðbeiningar hans til aðila. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á.

30. gr.

111. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja munnlega, má veitta fresti til að afla sýnilegra sönnunargagna eftir sömu reglu og greindar eru í 110. gr. Um öflun munnlegra skýrslna, meðan þeir frestir standa, fer eftir sömu grein.

2) Þegar lokið er öflun gagna skv. 1. mgr., ákveður dómari, hvenær fram skuli fara skýrslutaka á dómþingi og munnlegur flutningur máls. Skal þetta að jafnaði fram fara í einni lotu. Um þinghaldið skal tilkynna aðila eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

3) 3. mgr. 110. gr. gildir einnig um munnlega flutt mál.

31. gr.

Í 118. gr. 4. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

32. gr.

Í 124. gr. 2. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

33. gr.

Í 175. gr. falli niður orðið: Sáttakostnaður.

34. gr.

Í 177. gr. 2. mgr. falli niður: Ef hann hefir brotið sáttalöggjöfina samkvæmt 12. gr.

35. gr.

Í 188. gr. 1. mgr. falli niður: Fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkvæmt 12. gr.

36. gr.

190. gr. laganna orðist þannig:

1) Úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er.

2) Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði án forsendna.

3) Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum, skal þó láta forsendur fylgja ályktunarorði, ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til, enda sé um að ræða úrskurð, sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

4) Í aukamálum, sem tengd eru aðalmáli, svo og í sjálfstæðum vitna- og matsmálum gilda ákvæði 1.—3. mgr. eftir því sem við á.

37. gr.

193. gr. orðist þannig:

1) Dómar skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum. Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp.
d. Dómtökudag.
e. Nöfn dómenda, og hver er dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómenda.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins, sem um er kunnugt.
g. Kröfur.
h. Málsástæður í megindráttum og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði og lagaatriði.
k. Réttarfarssektir.
l. Málskostnað.

2) Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

3) Dæma má menn að viðlögðum dag- eða vikusektum til aðila til að vinna verk, annað en peningargreiðslu, þar á meðal til að skila hlut, ef það þykir hentug aðferð til að knýja aðila til að fullnægja dómi. Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður, þegar dómi er fullnægt eða sannað er eða gert sennilegt, að ómögulegt sé að gera það. Aðili getur fengið mál endurupptekið og dómi breytt skv. reglum 170. gr. Krafa um slíka endurupptöku frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafan komin til dómara innan viku eftir að hún kom fram fyrir fógeta.

4) Ef aðila er í dómi bönnuð athöfn eða hann er skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari sett frestt til að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði.

5) Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Má ekki skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kunna að koma fram, nema úrslit máls eigi að velta á eiði eða drengskaparheiti.

6) Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

38. gr.

XVI. kafli, um sjó- og verslunardóm, falli niður.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Þá falla niður:

Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5., 6. og 7. gr.

Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í umdæmi Akureyrar, 11., 12., 13. og 14. gr.

Lög um landamerki o. fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, II., III. og IV. kafli.

Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta, og lét hún fylgja því svohljóðandi greinargerð:

Vorið 1976 voru lögð fyrir Alþingi 5 frumvörp, sem réttarfarsnefnd hafði samið. Þrjú þeirra voru um opinber mál, þ. e. um rannsóknarlögreglu ríkisins, um breyting á lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og á lögum nr. 74/1972 um skipan dómsvalds o. fl. Þessi 3 frumvörp leiddu til þess, að sett voru lög nr. 23/1976, nr. 107/1976 og nr. 109/1976. Hin frumvörpin tvö, frv. til lögréttulaga og frv. til laga um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, hafa ekki verið afgreidd. Þau er að finna á þingskjölum nr. 660 og 747 frá 97. löggjafarþingi. Bæði frumvörpin voru endurflutt á næsta þingi án breytinga, og eru á þingskjölum nr. 287 og 288 frá 98. löggjafarþingi 1976—77. Frumvörpin voru aldrei tekin til umræðu hið fyrra sinnið, en 1. umræða um þau fór fram 31. janúar 1977, sbr. Alþingistíðindi 1976—77, umræður, d. 1713—1721. Hvorugt frumvarpanna var tekið aftur á dagskrá á því þingi.

Sumarið 1977 beindi dómsmálaráðherra því til réttarfarsnefndar, að hún endurskoðaði frv. til lögréttulaga og frv. um breyting á einkamálalögunum. Endurskoðun síðara frumvarpsins hefur verið allviðamikil, þó að því fari fjarri, að gerðar séu tillögur um fullnægjandi endurskoðun laganna. Frv. ber þess enn merki, að það er samið sem fylgifrv. með lögréttutillögunum, en mörg atriði, sem kanna þarf nánar, eru látin liggja milli hluta. Engu að síður er frumvarpið nú í þeim búningi, að réttarfarsnefnd telur, að það megi samþykkja, þó að lögréttufrumvarpið sé ekki afgreitt samtímis. Nefndin telur, að veruleg réttarbót yrði, ef frumvarpið fengist samþykkt. Jafnframt ítrekar nefndin þá tillögu sína, að sett verði lögréttulög.

Í frumvarpi þessu felast aðallega þessi nýmæli:

1) Sáttanefndir verði lagðar niður, en sáttastörf falin dómurum einum.

2) Tekin verði upp aðalflutningur mála, þar sem fram komi þær skýrslur, sem gefa á munnlega, og síðan fari munnlegur flutningur fram í beinu framhaldi af því.

3) Úrskurðir verði að jafnaði án forsendna og dómar verði styttir.

4) Nokkrir sérdómstólar verði lagðir niður: sjó- og verslunardómur, merkjadómur í Reykjavík og á Akureyri og aðrir fasteignadómstólar.

5) Þá eru í frumvarpinu tillögur um einstök atriði, sem eiga að stuðla að hraðari meðferð dómsmála og ótvíræðari reglum en nú gilda. Er þar um sumt stuðst við venjur, sem myndast hafa t. d. um skriflegar greinargerðir og aðilaskýrslur.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Með tilskipunum 1795 og 1797 var svo fyrir mælt að leita skyldi sátta, áður en mál væru borin undir dómstóla. Þetta hefur vafalaust stuðlað að hraðari meðferð ágreinings á sínum tíma, en nú eru ákvæðin um sáttanefndir þýðingarlítil. Í DÓMSMÁLASKÝRSLUM ÁRIN 1969—71, sem Hagstofa Íslands gaf út 1975, eru upplýsingar um sáttamál (tafla 16). Þar segir, að afgreiddar sáttir hafi verið 121 árið 1969, 50 árið 1970 og 63 árið 1971, langflestar í Reykjavík. Þegar haft er í huga, að þessi ár voru afgreidd einkamál 7393, 5409 og 5282 eftir sömu skýrslum, verður ljóst, hve þýðingarlítil starfsemi sáttanefndanna er nú. Í eml. (þ. e. lögum nr. 85/1936) er mælt fyrir um skilyrði þess, að gengið verði fram hjá sáttanefnd, og leiðir nokkra óvissu af þessum skilyrðum í sumum málum. Þykir einfaldast að fella ákvæðin um sáttanefndir niður.

Lagt er til, að dómarar leiti sátta, og að þeim sé það skylt í flestum málum. Nú ber dómurum að gera þetta í mörgum málum, og jafnan er þeim heimilt að reyna að sætta aðila. Sáttir gerðar fyrir dómi kallast réttarsáttir. Að athuguðu máli þótti rétt að hafa nokkur ákvæði um þær í sérstökum kafla, nýjum I. kafla. Í fyrri gerð frv. voru ákvæði um þessar sáttir á öðrum stöðum í frv.

Um 3. gr.

Í þessari gr. eru nokkrar reglur um heimild dómara til að synja um gerð réttarsáttar og um þau skilyrði, sem uppfylla þarf, til að sátt megi gera. 2. og 3. mgr. eru nýmæli í lögum, en í samræmi við kenningar fræðimanna um gildandi rétt.

Um 4. gr.

Grein þessi er í samræmi við venjur um frágang réttarsátta.

Um 5. gr.

Grein þessi er sama efnis og 16. gr. eml., eins og hún er nú að svo miklu leyti sem hún á við um réttarsáttir. Um aðfararhæfi sátta er einnig mælt í 1. gr. 1. mgr. 2. tölulið aðfararlaga nr. 19/1887.

Um 6. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 17. og 19. gr. eml. og 5. gr. 1. mgr. aðfararlaga.

Um 7. gr.

Þessi grein felur í sér óverulega breytingu á gildandi ákvæði, en fellt er brott, að sérstaklega sé vikið að dómurum í fasteignamálum, enda er lagt til, að fasteignadómstólar verði afnumdir, sbr. 39. gr.

Um 8. gr.

Núgildandi 31. gr. er orðuð á þann veg, að ekki á við aðstæður nú, m. a. er gert ráð fyrir öðru launakerfi ríkisstarfsmanna en nú er, gömlum reglum um greiðslu skrifstofukostnaðar og öðrum háttum á skipan umdæma en nú eru, eftir að kaupstöðum hefur fjölgað. Greininni er ekki ætlað að lögleiða veruleg nýmæli.

Um 9. gr.

Í þessari grein felst ný, almenn regla um meðdómendur. Aðalákvæðið um þetta atriði er nú í lokaákvæði 1. mgr. 200. gr. eml. Lagt er til, að þessi gr. verði afnumin, svo og ákvæði um meðdómsmenn í sérdómstólum. Ef mál, sem slíkir dómstólar fara nú með, kemur fyrir bæjarþing eða aukadómþing, getur héraðsdómari kvatt til meðdómendur eftir hinni nýju 37.A.gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að bæði dómari og aðilar geti tekið ákvörðun um, að meðdómendur fari með dómstörf í máli. Dómari getur þó ekki verið bundinn af kröfu aðila, ef hann telur hana bersýnilega rakalausa. Dómari velur meðdómendur, en er bundinn af ákvæðunum í 4. og 5. mgr. Jafnframt verður hann að sjálfsögðu að velja mann, sem uppfyllir kröfur um sérþekkingu, eins og tekið er fram í 1. mgr. Í þessari mgr. eru einnig ákvæði um það, hvenær meðdómendur byrja afskipti af máli, og þykir eigi vera ástæða til að hafa í lögum að skylt sé að kveðja þá til fyrr en kemur að töku munnlegra skýrslna.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli um einkamál, en í 5. gr. 3. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er heimilað, að 3 sakadómarar í Reykjavík dæmi meiri háttar refsimál.

Í 3. mgr. segir, að meðdómandi hafi sömu stöðu og embættisdómari, eftir að hann hefur tekið sæti í dómi. Að sjálfsögðu er embættisdómari dómsformaður og hefur sem slíkur forystu um málsmeðferðina.

4., 5. og 6. mgr. eru sniðnar eftir 8.—11. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

7. og 8. mgr. eru sniðnar eftir 203. gr. eml., en lagt er til, að sú grein falli niður.

Um 10. gr.

Það verður að telja ástæðulaust, að jafnan þurfi að fara á þingstað í hreppi til að heyja aukadómþing, t. d. þegar aðilar og lögmenn þeirra eiga hægara með að sækja þing á skrifstofu dómara. Er 10. gr. sett til að taka af tvímæli um heimild til að halda þing þar.

Um 11. gr.

Lagt er til, að felld verði niður ákvæði um sjó- og verslunardómsbók og um landamerkja- og fasteignamálabók, enda gert ráð fyrir, að sjó- og verslunardómur verði afnuminn svo og fasteignadómstólar.

Um 12. gr.

53. gr. er breytt vegna afnáms sáttanefnda og til samræmis við 111. og 116. gr. í frv. til gjaldþrotalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi. Breytingar eru ekki stórfelldar.

Um 13. gr.

54. gr. er breytt af sömu ástæðum og 53. gr., en viðeigandi greinar í gjaldþrotafrv. eru 117 og 118.

Um 14. gr.

4. mgr. 71. gr. eml. varðar sérstaka úrskurði sáttanefnda.

Um 15. gr. og 16. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 17. gr.

Ekki er um efnisbreytingu að ræða, en orðalagi þarf að breyta, þar sem ákvæðið vísar til I. kafla, sem lagt er til að felldur verði úr lögum.

Um 18. gr.

Nú eru talin upp ákvæði, sem haldast áttu þrátt fyrir setningu eml. 1936. Þessi upptalning er úrelt, en ástæðulaust er að breyta henni í einstökum atriðum, þar sem ekki verður séð, að slík upptalning sé nauðsynleg.

Um 19.—24. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 25. gr.

Lagt er til, að stefnufrestur til þings í hinum tilgreindu kaupstöðum og Kjósarsýslu verði 1—2 vikur. Nú getur þessi frestur orðið allt að 6 vikum.

Um 26. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 27. gr.

Hér eru ákvæðin um skjöl, sem leggja skal fram við þingfestingu, gleggri en í gildandi lögum, m. a. er hér talað um greinargerðir og aðilaskýrslur. Venja er að leggja fram þessi skjöl, en lögin frá 1936 nefna þau þó ekki.

Um 28. gr.

Í þessari gr. er eins og í 27. gr. um að ræða breytingar í samræmi við venjur um framlagningu skjala.

Um 29. gr.

Hér er fjallað um breytingu á 110. gr. eml., og kemur fram í greininni eitt af meginatriðunum í tillögum réttarfarsnefndar um hraðari málsmeðferð. Lagt er til, að munnlegar skýrslur séu teknar að mestu í einu lagi og að það gerist, eftir að skriflegra gagna hefur verið aflað. Þó má, eins og nú er algengast, taka munnlegar skýrslur fyrr, ef sérstaklega stendur á. Fyrirmynd þessa nýmælis er fenginn frá Svíþjóð, og telur réttarfarsnefnd líklegt, að með réttri framkvæmd muni það stuðla að verulegum flýti við málsmeðferð. Í gr. eru einnig ákvæði um það, hvað teljist lögmæt forföll, en um það segir nú í 9. gr. eml.

Um 30. gr.

Þessi grein, sem fjallar um munnlegan málflutning, er hliðstæð 29. gr., en hún er um skriflegan flutning.

Um 31. og 32. gr.

Greinar þessar varða þá breytingu, að 9. gr. eml. er felld niður, en ákvæði um það, hvað teljist lögleg forföll, sett í 110. gr.

Um 33.—35. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 36. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum skylda til að láta forsendur fylgja úrskurðum. Þessi breyting mundi, að áliti réttarfarsnefndar, stuðla að því að tími dómara færi síður í þarflítil verk. Úrskurður er oftast um minni háttar atriði, ekki síst réttarfarsatriði, og skiptir mestu, að hann sé fljótt upp kveðinn. Sérstöðu hafa úrskurðir í fógeta-, uppboðs- og skiptamálum, því að þeir eru oft lokaákvörðun dómara í máli og því hliðstæðir dómum í almennum einkamálum. Af þeim sökum er lagt til, að forsendur fylgi þeim, ef aðili krefst eða dómari telur það rétt.

Um 37. gr.

Efni 1. og 2. mgr. er að mestu í samræmi við venjur. Gerð hefur verið veruleg breyting frá því, sem var í fyrri gerð frumvarpsins, sem lögð var fyrir Alþingi vorið 1976 og aftur á næsta þingi. Er nú lagt til, að í forsendum dóma, skuli getið málsástæðna og annarra atvika með tilteknum hætti, en áður var lagt til, að það yrði ekki gert. Sú tillaga var tengd lögréttufrumvarpinu og þeirri hugmynd, að aðilar ættu að geta skilið dómana án atvikalýsingar með aðstoð lögmanna sinna.

3.—6. mgr. eru í samræmi við núgildandi reglur.

Um 38. gr.

Í þessari gr. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður. Í 39. gr. eru fleiri tillögur um afnám sérdómstóla. Réttarfarsnefnd telur, að lengra beri að ganga í því efni, þótt ekki sé réttur staður til þess í frv. Rök þau, sem að áliti nefndarinnar vega þyngst, þegar þessi tillaga er gerð, eru þessi: Sérdómstólar skapa stundum óvissu um, fyrir hvaða dómstól skuli leggja mál og þetta getur þá eða síðar leitt til tafa. Sérdómstólar gera oftast óhjákvæmilegt, að dómur sé fjölskipaður, einnig í smámálum, þar sem þess er engin þörf. Þetta leiðir oft til tafa. Sérdómstólar byggja oft á sjónarmiðum, sem eru ekki hin sömu og ella í störfum dómstóla, enda er beinlínis til þess ætlast, að sérstakri þekkingu sé beitt í störfum þeirra. Þetta getur leitt til misræmis í dómvörslunni í landinu og er þá í ósamræmi við jafnréttisreglu þá, sem eðlilegt er að gildi. Oft er sagt, að þörf sé sérdómstóla til að hraða málum. Þetta gæti leitt til þess, að tiltekinn málaflokkur fengi hraðari meðferð en aðrir, og er það út af fyrir sig ósamsýmanlegt jafnréttisreglunni. Þó að sérstakar ástæður geti réttlætt viss frávik í þessu sambandi, verður að fara afar varlega í slíkri mismunun. Réttari leið væri að gera ráðstafanir til að hraða öllum dómsmálum, eins og tillögur réttarfarsnefndar stefna að. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings, að sérdómstólar eigi að vera til. Mikilvægasta röksemdin varðar sérkunnáttu dómenda. Vegna rúmra heimilda, sem nú þegar eru fyrir hendi og verða það enn frekar, ef þetta frv. nær fram að ganga, má skipa sérfróða meðdómsmenn í einstök mál, þegar sérkunnáttu er þörf. Er þar með fallin brott ástæða til að hafa sérstaka dómstóla með föstum sérfræðingum.

Um 39. gr.

Ástæða er til að gefa dómurum og öðrum nokkurn frest til að undirbúa gildistöku þeirra réttarfarsbreytinga, sem þetta frv. fjallar um. Er því lagt til, að það taki gildi 1. janúar 1979.

Vísað er til skýringa við 38. gr. um rök fyrir því að afnema ákvæði laga um ýmsa sérdómstóla. Fella þarf niður 6. gr. laga nr. 74/1974, þar sem í henni eru ákvæði um sjó- og verslunardóm. Ekki er þörf á að halda því, sem í gr. segir um siglingadóm, þar sem efni þess er í lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, VIII. kafla. Vegna afnáms 206. gr. eml. um sjóferðapróf (sjópróf) er hins vegar ástæða til að breyta 40. og 41. gr. laga nr. 52/1970, og er flutt sérstakt frumvarp um þá breytingu.

Ed. 407. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist þannig:

Sakadómur annast sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963, og fara þau fram að hætti opinberra mála.

2. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðist þannig:

Þegar halda skal sjóferðapróf, ber sakadómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, aðvart um það.

3. gr.

Í 5. mgr. 40. gr. laganna komi orðið sakadómari í stað orðanna formaður sjódóms.

4. gr.

1. mgr. 41. gr. laganna orðist þannig:

Sakadómur fer með rannsóknir og dæmir í opinberum málum út af sjóslysum og brotum á lögum þessum. Saksóknari getur þó ákveðið, að mál, er hann telur sérstaklega mikilvæg, skuli dæmd af siglingadómi. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms, getur hann farið með rannsókn í því, hvort heldur af sjálfsdáðum eða að fyrirlagi saksóknara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp frumvarps um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í því frv. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður. Hefur þótt eðlilegt, að sakadómur taki við sjóferðaprófum (sjóprófum) af þeim dómstóli. Allar greinar þessa frv. varða það atriði.

Sþ. 408. Fyrirspurnir. [211. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvaða fyrirætlanir eru uppi um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland, annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum, sbr. þingsályktun um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland, sem Alþingi samþykkti 18. maí 1976?

II. Til fjármálaráðherra um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað líður athugun á framkvæmd þingsályktunar frá 3. maí 1977 um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

Ed. 409. Frumvarp til laga [212. mál]

um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Halldór Ásgrímsson.

I. KAFLI
Skipulag og stjórnun.

1. gr.

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis, sem framkvæmir endurskoðun í samræmi við ákvæði þessara laga í umboði Alþingis.

Ríkisendurskoðun er óháð ríkisstjórn, ráðuneytum og öðrum stofnunum, sem háðar eru eftirliti hennar samkv. lögum þessum.

2. gr.

Stjórn Ríkisendurskoðunar skal skipuð sex mönnum. Skal ríkisendurskoðandi vera formaður hennar, en vararíkisendurskoðandi varamaður hans. Alþingi kýs fimm stjórnarmenn og varamenn þeirra úr hópi þingmanna hlutfallskosningu í upphafi hvers kjörtímabils, og skulu að jafnaði kosnir þingmenn sem sæti eiga í fjárveitinganefnd eða fjárhagsnefndum Alþingis.

Ríkisendurskoðandi og vararíkisendurskoðandi hafa ekki rétt til setu á stjórnarfundum þegar fjallað er um mál er varða þá sérstaklega, t. d. ráðningu í stöðu þeirra eða brottvikningu úr starfi.

3. gr.

Stjórn Ríkisendurskoðunar ræður forstöðumenn Ríkisendurskoðunar, ríkisendurskoðanda og vararíkisendurskoðanda. Ríkisendurskoðandi og vararíkisendurskoðandi skulu vera löggiltir endurskoðendur og skulu þeir vera óháðir í starfi sínu.

4. gr.

Ríkisendurskoðandi ræður nauðsynlegt starfsfólk til starfa í Ríkisendurskoðun. Hann skal leitast við að starfsfólk hafi staðgóða þekkingu og menntun og sé í einu og öllu óháð þeim ráðuneytum og stofnunum sem það vinnur að endurskoðun hjá.

5. gr.

Ríkisendurskoðun skal skipt í endurskoðunardeildir og skipulagsdeild. Skal fjöldi og starfssvið endurskoðunardeilda ákveðin af stjórn Ríkisendurskoðunar með tilliti til aðstæðna á hverjum tíma.

Skipulagsdeild skal vinna að skipulagningu á starfsemi ríkisins, m. a. í því skyni að bæta nýtingu fjármuna og ná auknum sparnaði í rekstri. Einstök ráðuneyti og stofnanir skulu leita til skipulagsdeildar varðandi skipulagsverkefni.

6. gr.

Stjórn Ríkisendurskoðunar skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en mánaðarlega. Stjórnin skal m. a. fjalla um og samþykkja starfsáætlun

fyrir eitt ár í senn, þar sem fram komi hvaða verkefnum skuli unnið að og á hvern hátt í meginatriðum.

Ríkisendurskoðandi skal gefa stjórninni skýrslu um gang endurskoðunar og niðurstöður hennar hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum.

7. gr.

Ríkisendurskoðun er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun hjá aðilum samkv. 10., 13. og 14. gr. og byggja endurskoðun sína á niðurstöðum þeirrar endurskoðunar.

8. gr.

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar skulu endurskoðuð af óháðum löggiltum endurskoðanda samkv. tilnefningu stjórnar Ríkisendurskoðunar.

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar skulu birt með ríkisreikningi.

9. gr.

Ríkisendurskoðun skal senda fjárlagatillögur sínar beint til fjárveitinganefndar Alþingis á grundvelli starfsáætlunar, án milligöngu ráðuneyta.

Ríkisendurskoðun er heimilt að taka gjald fyrir störf sín hjá einstökum aðilum, sem svarar tilkostnaði við starfið.

II. KAFLI

Umfang og tilgangur endurskoðunar.

10. gr.

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun:

a) ríkisreiknings;
b) stofnana, sjóða og annarra þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkv. fjárlögum eða öðrum tekjum samkv. sérstökum lögum;
c) fyrirtækja eða stofnana, sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á meiri hluta í, þar með talin ríkisbankar og hlutafélög;
d) reikningsskila Alþingis.

11. gr.

Þeir aðilar, sem endurskoðunin nær til samkv. 10. gr., skulu hafa náið samráð og leggja fyrir Ríkisendurskoðun upplýsingar um bókhaldskerfi, innra eftirlit og rekstur innri endurskoðunardeilda. Ríkisendurskoðun skal leggja mat á innra eftirlit og rekstur innri endurskoðunardeilda og ákveða endurskoðunaraðferðir í samræmi við það mat.

Ríkisendurskoðun skal koma ábendingum um það, sem betur má fara, á framfæri við viðkomandi yfirvöld og fylgja því eftir, að ábendingum sé komið í framkvæmd.

12. gr.

Endurskoðun skal einkum beinast að eftirfarandi:

a) hvort reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju;
b) hvort þeir gerningar og starfsemi, sem reikningsskilin fjalla um, séu í samræmi við heimildir fjárlaga, annarra laga, fyrirmæla og almennar starfsvenjur;
c) mat skal á það lagt, hvort nauðsynleg fjárhagsleg og rekstrarhagfræðileg sjónarmið eru í heiðri höfð við ráðstöfun fjármagns og rekstur þeirra fyrirtækja og stofnana, sem reikningsskilin ná yfir;
d) að öðru leyti skal endurskoðunin framkvæmd samkv. góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma.

13. gr.

Ríkisendurskoðun getur með aðstoð viðkomandi ráðuneyta krafist reikningsskila frá stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum, sem taka á móti fjármagni, t. d. styrkjum, tekjum samkv. sérstökum lögum, svo og reikningsskila þeirra aðila, sem njóta ríkisábyrgðar eða annars stuðnings frá ríkissjóði.

14. gr.

Ríkisendurskoðun hefur heimild til að rannsaka þann hluta reikninga sveitarfélaga, sem varðar starfsemi sem er greidd eða rekin af ríkissjóði og sveitarfélagi í sameiningu.

15. gr.

Við athugun á reikningsskilum samkv. 13. og 14. gr. skal þess fyrst og fremst gætt, að reikningsskilin séu endurskoðuð á fullnægjandi hátt, að skilyrði fyrir móttöku fjármuna samkv. 13. og 14. gr. séu uppfyllt og fjármunirnir séu notaðir í samræmi við ákvæði laga og annarra fyrirmæla.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ríkisendurskoðun skal vera fjárveitinganefnd Alþingis til ráðuneytis við ráðstöfun fjárveitinga, eftir því sem nauðsynlegt er talið að dómi fjárveitinganefndar.

17. gr.

Ríkisendurskoðun skal hafa aðgang að öllum gögnum, sem gætu haft þýðingu við endurskoðunina, þar með talin fylgiskjöl, bækur og bréf. Ríkisendurskoðun getur einnig krafist allra upplýsinga um atriði er varða starfsemi viðkomandi aðila og gætu haft þýðingu við endurskoðunina.

18. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður fresti varðandi skil á reikningum og nauðsynlegum gögnum vegna endurskoðunar.

19. gr.

Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er framkvæmt endurskoðun á þeim stað þar sem bókhaldið er fært og nauðsynleg gögn og verðmæti eru fyrir hendi.

20. gr.

Athugasemdum varðandi endurskoðun skal svarað innan tveggja vikna, nema lengri frestur sé gefinn.

21. gr.

Ríkisendurskoðun skal leggja fyrir Alþingi endurskoðunarskýrslu með A- og B-hluta ríkisreiknings, þar sem fram kemur álit Ríkisendurskoðunar á reikningsskilunum og viðkomandi starfsemi í samræmi við 12. gr.

Ríkisendurskoðun skal einnig leggja fyrir Alþingi endurskoðunarskýrslu varðandi aðra starfsemi, sem skylt er að endurskoða samkv. lögum þessum.

A. m. k. fjórum vikum áður en skýrslur þessar eru lagðar fyrir Alþingi skulu þær kynntar viðkomandi ráðuneytum.

Endurskoðunarskýrslurnar skulu staðfestar af stjórn Ríkisendurskoðunar.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt falla úr gildi ákvæði annarra laga um endurskoðun, sem stangast á við lög þessi.

Greinargerð.

Núverandi starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Eftir að Ísland fékk heimastjórn var endurskoðun reikninga ríkisins ekki umfangsmikil. Fyrst var henni sinnt af skrifstofu III, en síðan af fjármálaráðuneytinu.

Með lögum nr. 61/1931 var endurskoðun ríkisins sett í eina deild, endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins. Með því var endurskoðun ríkisins gerð að sérstakri stjórnardeild, með sömu stöðu og ráðuneyti.

Í lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 frá 28. maí 1969, er kveðið svo á, að ríkisendurskoðunin sé sérstök stjórnardeild, er lúti fjármálaráðherra. Í þeim lögum er einnig fest nafnið ríkisendurskoðandi á forstöðumanni ríkisendurskoðunarinnar.

Í reglugerð nr. 96 frá 31. desember 1969 er þannig kveðið á um hlutverk ríkisendurskoðunarinnar:

1. Endurskoðun reikningsskila embætta, ríkisstofnana og sjóða í vörslu ríkisins.
2. Umsjón og eftirlit með endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana, er endurskoðendur þeirra eru skipaðir eða kosnir samkvæmt sérstökum lögum.
3. Eftirlit með opinberum sjóðum samkvæmt lögum nr. 20/1964.
4. Eftirlit með rekstri ríkisstofnana lögum samkvæmt, sbr. II. kafli laga nr. 61/1931 og 82. gr. laga nr. 52/1966.

Um starfsemi ríkisendurskoðunar segir Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi m. a. í grein, sem birtist í Tímariti um endurskoðun og reikningshald (1. tölublað 1976).

„Eins og að líkum lætur, hafa störf ríkisendurskoðunarinnar aukist með auknum umsvifum ríkisins á öllum sviðum. Daglegum störfum ríkisendurskoðunarinnar er í dag stjórnað af skrifstofustjóra og fjórum deildarstjórum. Skrifstofustjórinn og einn deildarstjóranna hafa með höndum það, sem við nefnum almenna endurskoðun, einn deildarstjóranna stjórnar þeirri deild, er nefnist embættaeftirlit, þriðji deildarstjórinn stjórnar tollendurskoðuninni, fjórði deildarstjórinn sinnir aðallega tölvumálum. Í ríkisendurskoðun starfa nú 36 manns.

Einhver afskipti, meiri eða minni eftir eðli málsins, eru höfð af reikningsskilum yfir 400 fyrirtækja og stofnana.

Þær deildir, sem annast svokallaða almenna endurskoðun, hafa flestar ríkisstofnanirnar á sinni könnu, þar með allar hinar svokölluðu B-hluta stofnanir. — Með B-hluta stofnun er átt við ríkisstofnun eða fyrirtæki, sem stendur að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum eða þjónustu, eða hefur starfsemi með höndum, sem í meginatriðum er hliðstæð starfsemi einkaaðila. — Hjá þeim skal eignfæra og afskrifa efnislega fjármuni, gagnstætt því, sem við á um A-hluta stofnanir, þar sem efnislegir fjármunir eru gjaldfærðir að fullu á því ári, sem þeirra er aflað.

Þessar deildir annast því endurskoðun hjá langflestum ríkisstofnunum og öllum þeim stærstu, í þeim deildum starfa að jafnaði um 10 menn. — Vegna mannfæðar hefur orðið að fela löggiltum endurskoðendum endurskoðun nokkurra stofnana.

Í þeirri deild ríkisendurskoðunarinnar, sem nefnd er tollendurskoðun, vinna að jafnaði 10—12 menn. Hlutverk þeirrar deildar er að endurskoða allar aðflutningsskýrslur yfir innflutning til landsins. Þetta verk er framkvæmt þannig, að allar aðflutningsskýrslur, sem berast utan af landi, þ. e. a. s. frá öllum tollumdæmum utan Reykjavíkur, eru endurskoðaðar bæði efnislega og tölulega. Á aðflutningsskýrslum, sem berast frá tollstjóranum í Reykjavík, er framkvæmd úrtakskönnun, þar sem við embætti tollstjórans er starfandi sérstök endurskoðunardeild. Þetta er mikið nákvæmnisverk og tímafrekt, en mjög nauðsynlegt. Á ári hverju er gerður fjöldi athugasemda við aðflutningsskýrslur, athugasemdir, sem bæði hafa í för með sér útgjöld og tekjur fyrir ríkissjóð. Enn fremur ber tollendurskoðuninni að yfirfara allar endurgreiðslubeiðnir á aðflutningsgjöldum, er það einnig mikið nákvæmnisstarf og viðamikið, sérstaklega hefur það aukist eftir að farið var að flytja út

íslenskar iðnaðarvörur í meiri mæli en áður var. Þá hefur einnig þetta verið mikilsvert atriði í sambandi við stórvirkjanirnar, vegna þess að allur innflutningur, sem til þeirra fer, er tollfrjáls, samkvæmt sérstökum samningi við lánveitendur, Alþjóðabankann og fleiri.

Sú deild, er við köllum embættaeftirlit, hefur á að skipa 7—10 mönnum. Deildin hefur eftirlit með og endurskoðar hjá öllum innheimtuaðilum ríkissjóðs, þ. e. hjá sýslumönnum, bæjarfógetum og lögreglustjórum, auk þess hér í Reykjavík hjá tollstjóra, borgarfógeta og borgardómara. Deildin fylgist með innheimtu opinberra gjalda og annarra tekna ríkisins og skilum þeirra í ríkissjóð.

Þessi deild annast og endurskoðun hjá sjúkrasamlögunum.

Endurskoðunarstörfum hefur í stórum dráttum verið hagað þannig, að þegar árleg reikningsskil stofnana hafa komið inn, hafa þau verið athuguð, svo og bókhaldið, sem þau byggjast á. Ef endurskoðandinn finnur eitthvað, sem hann telur athugavert, eru skrifaðar athugasemdir, sem sendar eru viðkomandi forstöðumanni. Eftir svörum forstöðumannsins og eðli athugasemdanna fer svo hvort úrskurðað er um þær eða að svörin gefa fullnægjandi skýringar.

Vegna þeirra, sem ekki þekkja til, vil ég gefa þá skýringu á úrskurðum ríkisendurskoðunarinnar, að þeir geta t. d. verið á þá leið, að athugasemd hafi þegar verið fullnægt, að athugasemdin sé til eftirbreytni, svo og að forstöðumanni er gerð ábyrgðargreiðsla í ríkissjóð. Er það einkum í þeim tilfellum sem stofnað hefur verð til útgjalda, sem fara í bága við reglur ríkisins.

Reynt hefur verið að koma starfinu þannig fyrir, að endurskoðunin væri ekki langt á eftir. Það er oftast lítils virði og nær eingöngu tímasóun að vera að fara í gegnum margra ára gömul reikningsskil og fylgiskjöl. Þó nokkuð hefur orðið ágengt í þessu efni í þá átt, að reikningar séu endurskoðaðir, áður en þeir eru greiddir. M. a. eru allar útgreiðslur hjá ríkisféhirði endurskoðaðar, áður en þær eiga sér stað. Í sumum stórum ríkisstofnunum er viðhöfð „dagleg endurskoðun", er þá endurskoðun ársins lokið um leið og ársreikningarnir eru tilbúnir. Það er það fyrirkomulag, sem æskilegt væri að koma á hjá öllum stærri ríkisstofnunum. Miklar vonir eru bundnar við að það takist og þá ekki síst þegar þær hafa tekið upp tölvubókhald, en það er nú að aukast í góðu samstarfi ríkisbókhalds og ríkisendurskoðunar.

Góður ásetningur er alltaf mikils virði. Eins og að framan segir, þá er stefnt að því að koma á eins mikilli fyrirfram- og samtímaendurskoðun og hægt er. En því miður ráðum við ekki alltaf ferðinni, upp koma tímafrek mál, sem þarf að skoða sérstaklega. Oftast eru það mál, sem þurfa að fara til dómstólanna til meðferðar, einnig eru það mál, sem leiðir af nýjum lagasetningum, t. d. voru fyrir nokkrum árum sett lög um breytingar á almannatryggingalögunum, sem höfðu það meðal annars í för með sér, að nú eru öll sjúkrasamlög landsins endurskoðuð í ríkisendurskoðuninni. Að vísu fækkaði þeim um leið úr 244 í 36, en áður en hægt var að byggja á réttum grunni, varð að endurskoða síðustu reikningsskil allra samlaganna. Sérstaklega var þetta mikilvægt vegna þess að eignum og/eða skuldum gömlu samlaganna var þá skipt milli ríkissjóðs og viðkomandi sveitarfélaga. Ríkisendurskoðunin þurfti að leiðrétta um 95% reikningsskilanna. Þessa er getið til að skýra, að ýmislegt verður til þess að setja úr skorðum vinnu og tímaáætlanir.

Í áðurnefndum lögum frá 1931 er þess getið, að eitt hlutverk ríkisendurskoðunarinnar sé að gæta þess, „að fulls sparnaðar og hagsýni sé gætt við rekstur þann, er reikningarnir hljóða um". Þetta hlutverk er erfitt að rækja fyrir stofnun, sem fær ekki vitneskju um hlutina fyrr en eftir á.

Til þess að gera þessu einhver skil eru í fyrsta lagi gerðar athugasemdir og í öðru lagi eru yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings gefnar skýrslur um þau atriði, sem betur mættu fara, að dómi ríkisendurskoðunarinnar. Hefur það oft orðið til að koma af stað umræðum um málin og þannig skapað visst aðhald í ríkisrekstrinum.

Þá er að geta lítillega eins hlutverks ríkisendurskoðunarinnar, sem ekki lætur mikið yfir sér, en það er eftirlit með opinberum sjóðum.

Í lögunum, sem kveða á um þetta efni, það eru lög nr. 20 frá 1964, segir: „Ríkisendurskoðunin skal annast eftirlit með sjóðum þeim í landinu, sem hlotið hafa staðfestingu forseta (konungs) á skipulagsskrá, svo og öðrum hliðstæðum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið með framlögum einstaklinga, félaga eða stofnana.“ Satt að segja er þetta töluvert erfitt mál. Þeir sjóðir, sem hafa staðfestar skipulagsskrár, eru auðvitað allir skráðir, þeir eru samtals um 1150, sá elsti er frá árinu 1655. Við hina óstaðfestu sjóði er erfiðara að fást, þó eru á skrá 780 slíkir sjóðir. Árlega eru send út reikningsskilaeyðublöð til allra sjóða, sem eru á skrá. Ef allt fer eins og undanfarin ár, er það fullt starf fyrir einn mann að ganga á eftir reikningsskilum, og oft að aðstoða við að búa þau til.

Við túlkum orðið „eftirlit“ í sambandi við sjóðina þannig, að reikningsskilin séu árituð af stjórn viðkomandi sjóðs og að þau hafi verið endurskoðuð með tilliti til skipulagsskrárinnar, þ. e. a. s. reikningsskil sjóðanna eru ekki endurskoðuð í ríkisendurskoðuninni, heldur er gengið eftir að reikningsskilin séu sett fram í því formi, sem skipulagsskráin hljóðar um. Þó kemur það fyrir, að gera verður athugasemdir við reikningsskil sjóða, t. d. ef einhverjar ráðstafanir hafa verið gerðar, sem greinilega brjóta í bága við skipulagsskrána.

Ríkisendurskoðunin hefur gert tillögur um sérstaka lagasetningu um meðferð þessara sjóða til þess að gera starfsemi þeirra einfaldari í vöfum. En eins og lögum er nú háttað, virðist ómögulegt að leggja þá niður, þrátt fyrir það, að ekki er hægt að framfylgja markmiði þeirra, sérstaklega þeirra eldri, því þeir voru stofnaðir við allt aðrar þjóðfélagslegar aðstæður en ríkja í dag. Til fróðleiks skal þess getið að stærsti sjóðurinn, sem árleg skilagrein kemur frá, er að fjárhæð um 42 millj. kr., sá minnsti er um 7 krónur.

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru og því ekki farið út í einstök viðfangsefni ríkisendurskoðunarinnar, en ég vona, að menn séu nokkru fróðari um hlutverk þessarar stofnunar í „kerfinu“.

Eins og að framan greinir í þessari lýsingu ríkisendurskoðanda er hlutverk og starf ríkisendurskoðunar mjög mikilvægt og umfangsmikið. Hins vegar er ekki til heilsteypt löggjöf um starfsemi stofnunarinnar og tengsl hennar við Alþingi eru engin, þar sem stofnunin lýtur fjármálaráðherra.

Það er því tímabært að setja ný lög um ríkisendurskoðun, auk þess sem byltingarkenndar breytingar hafa orðið á sviði reikningshalds, upplýsingakerfa og endurskoðunar á seinni árum.

Aðaltilgangur frumvarpsins er að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis, þannig að stofununin þjóni Alþingi.

Gert er ráð fyrir að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga starfi áfram, enda eru störf þeirra ákveðin samkv. stjórnarskránni. Að dómi flutningsmanns er mögulegt að leggja starf þeirra niður við endurskoðun stjórnarskrárinnar, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Tilgangur frumvarpsins.

Fjárlög eru sett af Alþingi eftir mikla umfjöllun og umræður. Eftirlit með því, hvernig fjárlög eru framkvæmd, er að litlu leyti í höndum Alþingis. Umræða og umfjöllun um ríkisreikninginn, þ. e. hina raunverulegu framkvæmd fjárlaga, er lítil sem engin. Alþingi fær takmarkaðar skýrslur um þær staðreyndir, er þar koma fram, og þær eru gerðar á vegum framkvæmdavaldsins.

Það hefur nokkuð borið á umræðu og tilraunum til lagfæringa á þessu sviði. Þær tilraunir til lagfæringa hafa einkum beinst að því, að stjórnir kjörnar af Alþingi stýri sem flestum stofnunum ríkisins.

Að dómi flutningsmanns er hér um óæskilega þróun að ræða, þar sem engin bein tengsl eru milli þessara stjórna og Alþingis.

Það er skoðun flutningsmanns, að Alþingi eigi að efla eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt og fylgjast betur en nú er með því, hvort upphaflegum vilja fjárlaga og annarra laga er framfylgt. Auk þess verður að vinna að bættum afköstum og nýtingu þeirra útgjalda, sem ráðstafað er með fjárlögum og öðrum lögum.

Kosning Alþingis á stjórnum hinna ýmsu stofnana tryggir ekki eftirlit eða aðhald og tengsl stofnana og Alþingis. Þetta er niðurstaða flutningsmanns að fenginni reynslu og löngum aðdraganda þessa frumvarps.

Hið opinbera hefur smám saman fengið aukin verkefni að fást við. Hluti hins opinbera í þjóðartekjum landsins hefur aukist verulega á undanförnum árum, samtímis því að lítið svigrúm er til að auka umsvif ríkisins.

Með þetta í huga er mikilvægt að endurskipuleggja og auka hagkvæmni og aðhald í opinberum rekstri.

Æskilegast er að Alþingi beri höfuðábyrgð á þessu starfi og fái þannig aukna ábyrgð og vitneskju um það, hvernig fjárlög eru framkvæmd.

Alþingi getur ekki sinnt þessu hlutverki nema hafa yfir að ráða stofnun sem hefur í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið til þeirra starfa. Ríkisenduskoðun er stofnun sem getur þjónað Alþingi, en til þess að ná tilgangi frumvarpsins þarf hún að lúta Alþingi, en ekki framkvæmdavaldinu. Einnig er nauðsynlegt að efla stofnunina og endurskipuleggja miðað við nýtt hlutverk og aðstæður.

Auk þess að færa ríkisendurskoðun undir vald Alþingis er aðaltilgangurinn að færa alla endurskoðun á vegum ríkissjóðs og stofnana hans á eina hendi og leggja þá skyldu á hendur ríkisendurskoðunar, að mat sé á það lagt, hvort fjárhagsleg og rekstrarhagfræðileg sjónarmið séu í heiðri höfð við ráðstöfun fjármagns og rekstur þeirra fyrirtækja og stofnana, sem reikningsskilin ná yfir.

Með þessu er lögð áhersla á það hlutverk ríkisendurskoðunar að auka hagkvæmni og árangur í ríkiskerfinu. Grundvallarskylda hvers ráðuneytis og stjórnsýslustofnunar á að vera að halda uppi hagkvæmu og skilvirku stýrikerfi.

Reikningsskilakerfin þurfa að geta veitt upplýsingar um annars vegar kostnað og hins vegar þau afköst og þann árangur, sem útgjöldunum tengjast.

Ríkisendurskoðun skal m. a. gera kannanir á kerfi hverrar stjórnsýslustofnunar að því er varðar skipulag, stjórnun og eftirlit, finna veika hlekki, greina frá niðurstöðum athugana og setja fram tillögu um endurbætur.

Á undanförnum árum hafa frávik milli fjárlaga og ríkisreiknings verið mikil, og hefur það átt verulegan þátt í verðbólguþróuninni. Þetta sést best á eftirfarandi yfirliti:

Samanburður fjárlaga og raunverulegrar niðurstöðu.
(millj. kr.).

	1974		1975		1976		1977		Fjárl.
	Fjárl.	Útk.	Fjárl.	Útk.	Fjárl.	Útk.	Fjárl.	Útk.	1978
1. Tekjur	29 180	35 784	47 626	49 343	60 342	68 282	89 956	95 521	139 496
2. Gjöld	29 402	40 289	47 225	57 577	58 857	69 846	89 153	98 288	138 473
3. Rekstrarjöfnuður	÷222	÷4 505	401	÷8 234	1 485	÷1 564	803	÷2 767	1 023
4. Hreyfingar lána og lausaskulda	670	1 114	÷21	2 730	887	1 046	1 750	664	2 575
5. Greiðslujöfnuður	448	÷3 391	380	÷5 504	2 372	÷518	2 553	÷2 103	3 598

Frávik frá fjárlögum.
(millj. kr.).

	1974	1975	1976	1977
1. Greiðslujöfnuður	÷3 839	÷5 884	÷2 890	÷4 656
2. Þ. a. greiðsluhreyfingar v. Seðlab.	÷3 869	÷5 781	÷2 896	÷4 625
1. sem % af innheimtum tekjum	÷10.7	÷11.9	÷4.2	÷4.9
2. sem % af innheimtum tekjum	÷10.8	÷11.7	÷4.2	÷4.8
3. Rekstrarjöfnuður	÷4 283	÷8 635	÷3 049	÷3 570

Þessi þróun hefur orðið af margvíslegum orsökum: óstöðugu verðlagi, ónákvæmni í fjárlagaafgreiðslu, en án efa má draga úr slíkri öfugþróun með bættu eftirliti.

Lítil afköst í ríkiskerfinu og léleg nýting fjármagns eru orðin verulegt vandamál hér á landi. Það er trú flutningsmanns, að þetta megi bæta með því að setja upp eftirlitskerfi og endurskoðun sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Í meðfylgjandi yfirliti um ríkisendurskoðun í öðrum löndum er að finna nokkurn fróðleik, sem gæti orðið til gagns við uppbyggingu ríkisendurskoðunar í samræmi við tilgang laga þessara. Sú uppbygging tekur eflaust nokkurn tíma, og má í því sambandi sækja mikla reynslu til annarra þjóða.

Það hefði vissulega verið æskilegt, að nefnd manna starfaði að undirbúningi máls eins og þessa. Flutningsmaður gerir sér því grein fyrir því, að nauðsynlegt kann að reynast að gera breytingar á frumvarpinu við meðferð málsins. En meginhugmyndum um starfsemi ríkisendurskoðunar sem þjónustustofnunar Alþingis er komið á framfæri. Það er skoðun flutningsmanns, að þessi skipan mála muni auka veg og virðingu Alþingis.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Nafn stofnunarinnar verði Ríkisendurskoðun, eins og verið hefur og ákveðið var með lögum nr. 73 um Stjórnarráð Íslands frá 28. maí 1969.

Einn aðaltilgangur frumvarpsins er að flytja endurskoðun og eftirlit með ríkiskerfinu frá framkvæmdavaldinu til Alþingis.

Alþingi setur fjárlög, lög sem heimila stofnun fyrirtækja, banka og annarra stofnana á vegum ríkisins.

Ríkisendurskoðun á í samræmi við ákvæði frumvarpsins að gæta þess, að lögum þessum sé framfylgt í samræmi við upphaflegan tilgang þeirra og ýtrustu hagsýni og sparnaðar gætt.

Til þess að svo megi verða þarf að tryggja það, að stofnunin sé óháð ríkisstjórn, ráðuneytum og öðrum stofnunum.

Stofnunin er því eftirlitsstofnun Alþingis og tekur vald sitt og umboð beint frá Alþingi án milligöngu framkvæmdavaldsins.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er, að góð tengsl séu milli Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Því þykir eðlilegt, að í stjórn Ríkisendurskoðunar séu alþingismenn, sem starfi að jafnaði í þeim nefndum sem mest fjalla um fjármál ríkisins.

Þess er ekki að vænta, að alþingismenn hafi tíma til að gegna jafnviðamiklu starfi sem formennska í stjórn slíkrar stofnunar er. Er því lagt til að ríkisendurskoðandi, sem ráðinn skal af þeim stjórnarmönnum, er Alþingi kýs, skuli jafnframt eiga sæti í stjórn Ríkisendurskoðunar sem formaður.

Um 3. gr.

Þær kröfur eru gerðar til menntunar forstöðumanna Ríkisendurskoðunar, að þeir séu löggiltir endurskoðendur. Er það í samræmi við þær kröfur sem í reynd eru gerðar í dag, þótt ekki sé það ákveðið með lögum.

Ákvæði þess efnis, að ríkisendurskoðandi og vararíkisendurskoðandi skuli vera óháðir í starfi sínu, felur það m. a. í sér, að þeir taka ekki við fyrirmælum frá Alþingi, ráðherrum né öðrum um það, á hvern hátt þeir skuli haga starfi sínu.

Þeim ber skylda til að setja fram athugasemdir án tillits til skoðana ráðherra eða annarra sem málið kann að varða.

Um 4. gr.

Rétt þykir að ríkisendurskoðandi ráði starfsfólk og meti hæfni þess. Ekki eru gerðar ákveðnar kröfur um menntun, en augljóst er að stofnunin þarf að fá til starfa sérmenntað fólk á ýmsum sviðum, einkum á sviði endurskoðunar, reikningshalds, viðskiptafræði, hagfræði og lögfræði.

Um 5. gr.

Daglegum störfum ríkisendurskoðunar er nú stjórnað af skrifstofustjóra og fjórum deildarstjórum.

Skrifstofustjóri og einn deildarstjóranna stjórna deild er annast almenna endurskoðun. Aðrar deildir eru embættaeftirlit og tollendurskoðun. Einn deildarstjóranna annast aðallega tölvumál.

Ekki þykir rétt að festa ákveðna deildaskiptingu með lögum. Líklegt er að deildir, sem annast embættaeftirlit og tollendurskoðun, starfi áfram, en ekki er ólíklegt að deildum, sem annast endurskoðun í samræmi við 10. gr. frumvarpsins, muni fjölga. Endurskoðunin verður mjög víðtæk, og gæti t. d. reynst heppilegt að skipta endurskoðuninni á deildir eftir eðli stofnana.

Skipulagning og aukin hagkvæmni í ríkiskerfinu er eitt mikilvægasta verkefnið í þjóðfélaginu. Með auknum umsvifum í opinberum rekstri eykst hættan á slæmri nýtingu fjármuna. Með aukinni skipulagningu og reikningsskilakerfum, sem veitt geta upplýsingar um annars vegar kostnað og hins vegar þau afköst og þann árangur, sem útgjöldum tengjast, má bæta hér um.

Alþingi og þjóðin öll hefur í þessu sambandi mikilla hagsmuna að gæta. Því þykir eðlilegt að innan Ríkisendurskoðunar, sem verður í nánum tengslum við allt ríkiskerfið, starfi deild sem vinni eingöngu að skipulagningu samkvæmt beiðni einstakra aðila, að eigin frumkvæði og samkvæmt ábendingum annarra deilda Ríkisendurskoðunar.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að stjórn stofnunarinnar fylgist sem best með starfseminni og samþykki starfsáætlun, þar sem lagðar eru meginlínur um starfsemina.

Ríkisendurskoðandi skal með skýrslum á stjórnarfundum gefa stjórninni yfirlit yfir starfsemina, þannig að stjórnarmenn fylgist sem best með niðurstöðum og árangri.

Um 7. gr.

Ekki er líklegt, að Ríkisendurskoðun geti í upphafi annað þeim verkefnum sem lögð eru á stofnunina. Því er nauðsynlegt, að stofnunin hafi heimild til að fela löggiltum endurskoðendum endurskoðun eftir því sem nauðsynlegt er á hverjum tíma og eins og verið hefur í ýmsum tilfellum.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er, að óháður aðili endurskoði reikningsskil Ríkisendurskoðunar, og þykir sú tilhögun eðlilegust, að óháður löggiltur endurskoðandi annist slíkt.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er, að starfsemi Ríkisendurskoðunar verði ekki takmörkuð vegna fjárskorts. Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis, og því þykir rétt að Alþingi ákveði fjárveitingar til stofnunarinnar án tillögugerðar ríkisstjórnar.

Þá er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að taka þóknun fyrir endurskoðun og önnur störf, sem svarar tilkostnaði.

Um 10. gr.

Í 10. gr. kemur fram, til hvaða aðila endurskoðunin nær. Gert er ráð fyrir að endurskoðunin nái til ríkisreiknings, allra stofnana, sjóða og annarra, þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði með framlögum eða öðrum tekjum samkv. sérstökum lögum.

Endurskoðunin nær til allra fyrirtækja og stofnana, sem rekin eru af ríkissjóði og ríkissjóður á meiri hluta í, og er það veigamikil breyting. Í þessu felst m. a. það, að hlutafélög, sem ríkissjóður á meiri hluta í, t. d. Járnblendifélagið, Sementsverksmiðjan, Áburðarverksmiðjan, falla undir ákvæði frumvarpsins.

Einnig nær endurskoðunin til Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka og Búnaðarbanka Íslands.

Enn fremur skal Ríkisendurskoðunin endurskoða reikningsskil Alþingis.

Um 11. gr.

Reikningshald sérhverrar stofnunar er tæki til stjórnunar og eftirlits. Í bókhaldskerfinu verður að koma fyrir innri eftirlitsaðgerðum, sem tryggi réttmæti bókhaldsins, tilveru og meðhöndlun eignanna.

Það er á ábyrgð viðkomandi stofnana og ráðuneyta að sjá til þess, að fullnægjandi innra eftirlit sé viðhaft og hagkvæmu og skilvirku stýrikerfi sé við haldið.

Nauðsynlegt er, að Ríkisendurskoðunin fái með ákveðnum hætti upplýsingar um slík kerfi og breytingar á þeim, svo hægt sé að fylgjast reglubundið með öryggi þeirra sem grundvelli fyrir endurskoðunaraðgerðum og aðferðum, ásamt mati á starfseminni almennt.

Í ýmsum stofnunum kann að vera þörf fyrir innri endurskoðunardeildir, sérstaklega í stofnunum þar sem miðstýring er mikil og útgreiðslur og innborganir margbrotnar. Slíkar deildir geta haft mismunandi hlutverk, t. d. kerfisbundið eftirlit með bókhaldi og jafnvel upplýsingaöflun og ýmsar athuganir fyrir stjórnendur.

Í seinni tíð hefur þróunin orðið sú, að innra eftirlit og innri endurskoðun verður stærri þáttur í stjórnun og eftirliti með fyrirtækjum og stofnunum.

Það verður hins vegar að vera ljóst, að það er fyrst og fremst hlutverk viðkomandi ráðuneytis og stofnunar að koma á stjórnunarlegu eftirliti, sem talið er nauðsynlegt og fjárhagslega verjanlegt í hverju tilfelli.

Um 12. gr.

Í 12. gr. kemur fram, að hverju endurskoðunin skuli einkum beinast.

Ríkisendurskoðunin skal staðfesta, hvort reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju og hvort heimildir fjárlaga, annarra laga, fyrirmæla og almennar starfsvenjur séu í heiðri hafðar. Endurskoðun skal að öðru leyti framkvæmd í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

Auk þessa skal það vera aðalhlutverk stofnunarinnar að leggja mat á það, hvort nauðsynleg fjárhagsleg og rekstrarhagfræðileg sjónarmið eru í heiðri höfð við ráðstöfun fjármagns og rekstur þeirra fyrirtækja og stofnana, sem reikningsskilin ná yfir.

Með þessu er lögð áhersla á það hlutverk Ríkisendurskoðunar að auka hagkvæmni og árangur í ríkiskerfinu. Grundvallarskylda hvers ráðuneytis og stjórnsýslustofnunar á að vera að halda uppi hagkvæmu og skilvirku stýrikerfi.

Ríkisendurskoðun skal m. a. gera kannanir á kerfi hverrar stjórnsýslustofnunar að því er varðar skipulag, stjórnun og eftirlit, finna veika hlekki, greina frá niðurstöðum athugana og setja fram tillögur um endurbætur. Beita ber skipulagsdeild stofnunarinnar, eftir því sem með þarf, við þetta verkefni.

Um 13. gr.

Í 10. gr. er fjallað um reikningsskil, sem Ríkisendurskoðun skal endurskoða. Í 13. gr. er heimild fyrir Ríkisendurskoðun að krefjast reikningsskila frá ýmsum aðilum til athugunar, sbr. 14. gr. Hér er um að ræða aðila sem taka á móti styrkjum, tekjum samkv. sérstökum lögum, lánum, ríkisábyrgðum eða njóta annars stuðnings frá ríkissjóði.

Ástæða til eftirlits hjá slíkum aðilum, sem fara með opinbera fjármuni, er í reynd jafnmikil og þegar um beina stjórnun hins opinbera er að ræða, þótt ástæðurnar geti verið mjög misjafnar.

Um 14. gr.

Sveitarfélög taka við miklu fjármagni frá ríkissjóði. Starfsemi þeirra er undir ýmiss konar eftirliti. Hlutverk Ríkisendurskoðunar er fyrst og fremst að staðfesta, að greiðslur til sveitarfélaga séu í samræmi við settar reglur og að eftirlit sveitarfélaganna sé fullnægjandi við ráðstöfun þessa fjármagns.

Um 15. gr.

Í þessari grein er skilgreint, hvað felst í endurskoðun samkv. 13. og 14. gr., sem er ekki eins víðtæk endurskoðun og samkvæmt 10. gr.

Um 16. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun vinnur fyrst og fremst að gerð fjárlaga f. h. fjármálaráðherra og ríkisstjórnar. Fjárlaga- og hagsýslustofnun veitir einnig fjárveitinganefnd margvíslega ráðgjöf við afgreiðslu fjárlaga. Vegna mikillar þekkingar og yfirsýnar er mikilvægt að leita einnig til Ríkisendurskoðunar með ráðgjöf á þessu sviði.

Ríkisendurskoðun gæti veitt ómetanlega ráðgjöf frá upphafi, þótt ábendingar og athugasemdir við framkvæmd fjárlaganna séu einnig mikilvægar við gerð næstu fjárlaga á eftir.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um aðgang að upplýsingum og gögnum. Nauðsynlegt er að aðgangurinn sé ótakmarkaður, svo tryggt sé að allar upplýsingar geti legið fyrir.

Um 18. gr.

Ríkisendurskoðun þarf að kalla inn til endurskoðunar margvísleg gögn. Í því sambandi þarf að setja ákveðin tímamörk og þykir rétt að stofnunin hafi óbundnar hendur um það.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um ótakmarkaða heimild til að framkvæma endurskoðun á þeim stöðum er þurfa þykir, þar með talið sjóðstalningu og birgðaeftirlit.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um rétt Ríkisendurskoðunar til að krefjast skriflegrar greinargerðar um atriði, sem upp kunna að koma við endurskoðun, og frest til að skila slíkri greinargerð.

Um 21. gr.

Einn aðaltilgangur frumvarpsins er að tryggja upplýsingamiðlun til Alþingis um framkvæmd fjárlaga, sem sé undirstaða umræðu og samþykktar ríkisreikningsins.

Á grundvelli slíkrar skýrslugjafar fær Alþingi og allur almenningur möguleika á að dæma um nýtingu fjármagns og réttmæti fjárveitinga.

Gert er ráð fyrir því, að endurskoðunarskýrslan til Alþingis sé í tvennu lagi, annars vegar varðandi ríkisreikninginn, sem Alþingi ber að afgreiða, og hins vegar varðandi reikningsskil annarra, sem ekki koma til afgreiðslu Alþingis.

Um 22. gr.

Athuga þarf meðhöndlun frumvarpsins, á hvaða lögum verða breytingar. Má þar nefna lög um Stjórnarráð Íslands og um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Ríkisendurskoðun í öðrum löndum.

Endurskoðunarstarfsemi á vegum ríkisins í öðrum löndum er skipulögð með ýmsum hætti. Stjórnskipuleg staða aðalendurskoðunarstofnunarinnar er mismunandi. Í sumum löndum er stofnunin dómstóll, í öðrum er hún fremur eftirlitsstjórnvald, og í nokkru tilfellum lýtur hún þjóðþingi viðkomandi lands. Sums staðar er sérstök endurskoðunarlöggjöf, annars staðar eru ákvæði um ríkisendurskoðun aðeins í stjórnarskránni. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett á fót „Inspection Agency" (1966), sem hefur það hlutverk m. a. að fylgjast með „skilvirkni og réttri notkun fjárveitinga í hinum ýmsu starfsdeildum Sameinuðu þjóðanna."

Starfssvið endurskoðunarstofnana ríkisins er að nokkru mismunandi. Meginhlutverk endurskoðunarinnar virðist í flestum löndum enn sem fyrr vera að hafa formlegt eftirlit með því, að greiðslur af ríkisfé séu í samræmi við fjárveitingar. Sums staðar ber ríkisendurskoðuninni auk þess að framkvæma stjórnsýslulega endurskoðun. Á síðustu áratugum má merkja þróun í þá átt að fela endurskoðunarstjórnvöldum aukna ábyrgð á skilvirkni í ríkisrekstrinum. Þetta er að sjálfsögðu tengt þeim vexti opinbera geirans sem hvarvetna verður vart.

Í **Svíþjóð** samþykkti Ríkisþingið 1967, að stjórnsýsluleg endurskoðun í ríkiskerfinu skyldi efld undir yfirumsjón ríkisendurskoðunarinnar. Sem ein af yfirstjórnarstofnunum ríkisins heyrir hún beint undir ríkisstjórnina, og almennt hlutverk hennar er að kanna stjórnsýsluframkvæmd sænska ríkisins, bæði frá skilvirkni- og bókhaldssjónarmiði. Stofnunin á einnig að kanna gjaldskrárgreiðslur og önnur gjöld sem stjórnsýsluaðilar taka fyrir þá þjónustu sem þeir láta í té. Endurskoðunarábyrgð hennar tekur til allra greina ríkisstjórnsýslunnar. Þetta hlutverk rækir stofnunin sumpart með beinum stjórnsýslulegum endurskoðunaraðgerðum, sumpart óbeint með því að hafa eftirlit með innri endurskoðun í hinum einstöku stjórnvaldsstofnunum.

Innra skipulag. Yfir stofnuninni er leikmannastjórn, skipuð níu mönnum, undir formennsku forstjóra stofnunarinnar. Varaformaður er forstjóri ríkisfjárhirslunnar (statskontoret). Starfsemin er skipulögð í fjórum deildum og tveimur skrifstofum. Þrjár deildir sinna stjórnsýslulegri endurskoðun, ein áætlanagerð og þróunarstarfi, ein fjárlagamálum og skýrslugerð um ríkisfjármál og ein bókhaldsendurskoðun. Þar að auki er rekstrarskrifstofa ásamt skrifstofu forstjóra.

Að því er varðar skipulag innan hinna einstöku starfsdeilda er hér aðeins ástæða til að víkja að endurskoðunardeildunum. Hver deild lýtur forstöðu deildarstjóra, sem hefur undir sinni stjórn sveigjanlegt vinnuskipulag, reist á verkefnum. Störfin eru unnin í verkefnahópum, sem hver hefur sinn verkefnisstjóra, að jafnaði yfirendurskoðanda (revisionsdirektör). Þegar þörf krefur er leitað aðstoðar sérfræðinga utan stofnunarinnar.

Viðfangsefni stofnunarinnar. Við gerð fjárhagsáætlana fyrir starfsemi sína hefur stofnunin komið á því kerfi, er styðst við viðfangsefnaáætlanir. Starfsemin miðast við þrjú meginviðfangsefni: Eitt tekur til endurskoðunar, annað lýtur að fjárhagsspám, ársreikningum og skýrslugerð og hið þriðja að þróunarstarfi, upplýsingamiðlun og starfsmenntun.

Viðfangsefnið **endurskoðun** skiptist í undirviðfangsefnin almenna stjórnsýsluendurskoðun, sérgreinda stjórnsýsluendurskoðun og bókhaldsendurskoðun.

Viðfangsefnið **fjárhagsspár, ársreikningar, skýrslugerð** tekur til ýmissa verkefna sem tilgreind eru sérstaklega í starfsreglum stofnunarinnar, t. d. að annast ríkisbókhaldið og gera spár um tekjur ríkisins.

Þróunarstarfi því, sem stofnunin annast í sambandi við upptöku hins svonefnda SEA-kerfis — þ. e. vinnureglna þeirra sem mótaðar hafa verið um samræmda fjármálastjórn í ríkisstjórnsýslunni — hefur verið helgað sérstakt viðfangsefni, **þróun, upplýsingamiðlun, starfsmenntun.**

Sambandið milli viðfangsefna og innra vinnuskipulags. Viðfangsefnaskipting stofnunarinnar svarar í stórum dráttum til skipulagslegrar skiptingar hennar, þ. e. tiltekin deild annast hvert viðfangsefni.

Að því er **endurskoðunarviðfangsefnið** varðar, annast endurskoðunardeildirnar þrjár hina stjórnsýslulegu endurskoðun, bæði almenna og sérgreinda, en hin þriðja annast meginhluta þeirrar bókhaldsendurskoðunar sem fram fer í stofnuninni. Eftir að þriðju deildinni fyrir stjórnsýsluendurskoðun var komið á fót er hlutur ríkisendurskoðunarinnar að bókhaldslegri endurskoðun fyrst og fremst fólginn í eftirliti með þeim aðilum sem annast innri endurskoðun í stjórnsýslustofnununum.

Gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana stofnunarinnar. Við gerð fjárhagsáætlana sinna notar stofnunin það kerfi, er styðst við viðfangsefnaáætlanir (programbudgetering). Í því felst, að framkvæmdastjórn stofnunarinnar tiltekur þau meginsjónarmið og þær áætlunarforsendur, sem starfsliðinu ber að leggja til grundvallar við undirbúning fjárhagsáætlunar. Tillögur eru unnar „neðan frá" í skipulagskerfinu og að lokum lagðar fyrir framkvæmdastjórn og stjórn stofnunarinnar til samþykktar. Sjálft áætlunarplaggið er **starfsáætlun** til langs tíma með ítarlegum verkefnalýsingum fyrir næsta fjárhagsár. Við áætlunargerðina er gert ráð fyrir sameiginlegri ráðstöfunarfjárveitingu, sem síðan er skipt á ný verkefni sem til falla á árinu. Einnig er að jafnaði gert ráð fyrir að verja sem svarar 15 daglaunum á hvern starfsmann til starfsmenntunar á vegum stofnunarinnar. Starfsáætlunin er einnig grundvöllur árlegra tillagna um framlög til stofnunarinnar í fjárlögum.

Á árinu eru gerð reglubundin yfirlit bæði um útgjöld og árangur. Heildargreinargerð er lögð fram að árinu loknu í **starfsskýrslu** stofnunarinnar.

Tæki þau, sem beitt er við innri stýringu og eftirlit með starfseminni og framvindu verkefna, eru annars vegar kostnaðarupplýsingar um viðkomandi verkefni, reistar á tímaskýrslum frá hverjum starfsmanni, hins vegar viðræður, þar sem ráðgast er um þann árangur sem náðst hefur.

Skipulag endurskoðunar í ríkisstofnunum. Hið nýja endurskoðunarskipulag felur í sér, að stjórnsýslustofnanirnar njóta aðstoðar sérstakrar bókhaldsmiðstöðvar við fjárhirslustörf, bókhald og reikningsskil. Hver slík miðstöð þjónar nokkrum stjórnsýslustofnunum, sem mynda bókhaldssamstæðu. Ráðgert var að koma á fót um þrjátíu bókhaldsmiðstöðvum. Skipulagslega er bókhaldsmiðstöðinni komið fyrir við einhverja þeirra stofnana sem í samstæðunni eru.

Innri endurskoðun í stjórnsýslustofnunum. Við rekstrarstofnanir ríkisins og nokkrar aðrar stjórnsýslustofnanir eru frá fornu fari starfandi sérstakar deildir til að annast innri endurskoðun.

Þær meginreglur um nýskipan endurskoðunarinnar, sem Ríkisþingið samþykkti 1967, höfðu m. a. í för með sér að ríkisendurskoðuninni var formlega falið að leggja fram ítarlegar tillögur um hvernig haga skyldi svokallaðri bókhaldsendurskoðun í ríkisrekstrinum, þ. e. eftirliti með fjárreiðum. Tillögur stofnunarinnar, sem lagðar voru fram í ársbyrjun 1969, fólu í sér í stuttu máli, að staðbundinni endurskoðunarskrifstofu skyldi komið á fót í tengslum við hverja bókhaldsmiðstöð. Ríkisstjórnin ákvað að setja á laggirnar um tíu slíkar endurskoðunarskrifstofur, skipulagslega tengdar stjórnsýslustofnunum, þar sem einnig eru bókhaldsmiðstöðvar. Þegar uppbyggingu kerfisins verður lokið, má gera ráð fyrir alls um 25 endurskoðunarskrifstofum.

Endurskoðunarskrifstofurnar ber ekki að skoða sem svæðisútibú frá ríkisendurskoðuninni. Sem æðstu stjórnvaldsstofnun á sviði endurskoðunar er henni hins

vegar skylt að hafa almennt eftirlit með störfum endurskoðunarskrifstofanna. Í því felst einkum að ganga úr skugga um hæfni skrifstofanna til að framkvæma skilvirka endurskoðun. Eftirlitshlutverkið tekur einnig til útgáfu á almennum leiðbeiningum um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Hlutverk endurskoðunarskrifstofanna er að annast bæði bókhaldslega og stjórnsýslulega endurskoðun. Fyrst um sinn mun starf þeirra einkum beinast að bókhaldsendurskoðun. Í því felst í meginatriðum, að kanna skal þau kerfi sem stjórnsýslustofnanirnar nota til að gera grein fyrir útgjöldum og afköstum, en einnig hið innra eftirlit. Auk þess er þeim ætlað tiltekið hlutverk í sambandi við meðferð athugasemda.

Í **Danmörku** eru fleiri en einn endurskoðunaraðili, m. a. yfirskoðunarmenn ríkisreikninga og ríkisendurskoðandi sem heyrir undir efnahagsmálaráðherra. Hann og stofnun hans annast meginhluta þeirrar endurskoðunar, er fram fer á vegum ríkisins, og skila skýrslum sínum til yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, sem síðan senda þinginu athugasemdir og greinargerð. Meðal verkefna ríkisendurskoðanda er endurskoðun hjá nokkrum fyrirtækjum með einokunaraðstöðu þar sem ríkið á fjárhagsaðild. Endurskoðun skal m. a. taka til: 1) tölulegrar og bókhaldslegrar endurskoðunar, 2) lögfræðilegrar könnunar, 3) könnunar á fjárveitingaheimildum og 4) kritiskrar fjárhagslegrar endurskoðunar. Endurskoðunin er einnig fólgin í sjóðs- og birgðaeftirliti. Varðandi hina kritísku fjárhagslegu könnun eru í gildi sérstök ákvæði um, að gengið skuli úr skugga um að gætt hafi verið eðlilegrar hagsýni í meðferð ríkisfjár og umsjá þeirrar starfsemi sem reikningarnir taka til. Í póstmálakerfinu og hjá fáeinum öðrum ríkisstofnunum eru starfræktar endurskoðunardeildir innan stofnunar. Lög um reikningsskil ríkisins voru sett 26. júní 1975. Ekki var um veigamiklar breytingar að ræða. Nokkuð er stuðst við þau lög við samningu þessa frumvarps. Nefnd, er samdi danska frumvarpið, varð ekki sammála um það, hvort ríkisendurskoðandi ætti að heyra undir þingið eða ráðherra. Niðurstaðan varð sú, að hlutleysi hans var styrkt, en hann er tilnefndur af efnahagsmálaráðherra.

Ríkisendurskoðun **Noregs**, sem heyrir undir Stórþingið, mynda fimm yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, kjörnir af Stórþinginu til fjögurra ára í senn, og endurskoðunarstofnun sem lýtur yfirstjórn þeirra, Ríkisendurskoðunin. Hún er skipulögð sem ráðuneyti í 5 deildum og 23 endurskoðunarskrifstofum. Endurskoðunarskrifstofurnar eru sumpart bundnar við landshluta, sumpart tengdar tilteknum stjórnsýslustofnunum. Innri endurskoðunardeildum — t. d. í sænskri og bandarískri merkingu — er ekki til að dreifa.

Endurskoðunin tekur samkvæmt reglugerð bæði til reikningslegrar og kritiskrar fjárhagslegrar könnunar. Varðandi þann þátt endurskoðunarinnar, sem lýtur að stjórnsýslueftirliti, er svo fyrir mælt að Ríkisendurskoðunin skuli sjá til þess, að þær stjórnsýsluaðgerðir, sem ákvörðun er tekin um, séu framkvæmdar án óþarfrar tafar og að eðlilegrar hagsýni sé gætt í ráðstöfun fjármuna. Nefnd hefur unnið í nokkur ár að endurskoðun laga um ríkisendurskoðun frá 1918 og er niðurstöðu að vænta á þessu ári.

Í **Finnlandi** eru tveir endurskoðunaraðilar á vegum ríkisins, þ. e. endurskoðendur ríkisreikninga og ríkisendurskoðunin. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, fimm að tölu og kjörnir af Ríkisþinginu, eiga að kanna sjálfan ríkisreikninginn fyrir hönd þingsins og hafa eftirlit með stöðu og rekstri ríkiskerfisins. „Innri endurskoðun“ stjórnsýslunnar er í höndum ríkisendurskoðunarinnar, sem heyrir undir fjármálaráðuneytið. Meðal verkefna ríkisendurskoðunarinnar er, auk könnunar reikninga allra ríkisstofnana, að sjá til þess að framfylgt sé lögum, reglugerðum og fyrirmælum um rekstur og reikningshald ríkisins, að gætt sé markvísi í rekstrarumsýslu ríkisins og að fyrirtæki ríkisins séu rekin í samræmi við almennar viðskiptalegar meginreglur. Ríkisendurskoðuninni ber einnig að kanna og fylgjast með starfsemi hlutafélaga sem ríkið á meirihlutaaðild að, og skal þess þá sérstaklega gætt, að notkun og ávöxtun fjármuna félaganna sé markviss.

Í bókhaldsskrifstofum ríkisins skal vera endurskoðunardeild, og fer umfang hennar eftir því, hve viðkomandi stofnun hefur mikið umleikis. Þessar eftirlitsdeildir skulu starfa undir umsjón ríkisendurskoðunarinnar og ber þeim að skila skýrslu um störf sín með ákveðnu millibili, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Í **Vestur-Þýskalandi** er endurskoðun á vegum ríkisins í höndum stofnunar, sem að formi til er dómstóll (**Bundesrechnungshof**). Dómstóll þessi er óháður bæði sambandsþingi og framkvæmdastjórn ríkisins og lýtur forustu forseta og varaforseta, sem skipaðir eru af forseta landsins eftir tillögu ríkisstjórnarinnar. Dómstólnum ber að endurskoða og kanna alla reikninga, þar sem fjármunir ríkisins koma við sögu. Auk þess framkvæmir hann kerfisbundna rannsókn á ákveðnum málum, sérstaklega í sambandi við hagræðingarkannanir, en þær ber dómsforseta að gera sem „eftirlitsmaður sambandslýðveldisins varðandi sparnað og skilvirkni í stjórnsýslunni".

Auk **Bundesrechnungshof** eru innri endurskoðunardeildir í öllum ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum. Enda þótt þessum deildum sé skipulagslega komið fyrir innan viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar, er þeim skylt að skila ríkisendurskoðuninni skýrslu um allar meiri háttar niðurstöður af könnunum sínum. Ríkisendurskoðunin á hlut að því að koma slíkum innri endurskoðunardeildum á fót svo og að skipun forstöðumanna deildanna og ákvörðunum um hversu víðtæka endurskoðunarstarfsemi þær skuli hafa með höndum.

Í **Sviss** er endurskoðunarstofnun ríkisins einnig **Bundesrechnungshof**. Um starfsemi stofnunarinnar er mælt í sérstökum endurskoðunarlögum. Í lögunum eru m. a. ákvæði um tengsl milli ríkisendurskoðunarinnar og þeirra sérstöku endurskoðunaraðila sem starfa á vegum einstakra stjórnsýslustofnana ríksins. Þessar sérstöku endurskoðunardeildir lúta yfirstjórn aðalendurskoðunarinnar og skila henni reglulega skýrslum um könnun þá sem fram fer. Ríkisendurskoðunin ákveður umfang endurskoðunarstarfseminnar og sér til þess, að endurskoðendur séu eins óháðir í störfum sínum og framast er kostur.

Í **Frakklandi** nefnist ríkisendurskoðunin **Cour des Comptes** og er í meginatriðum skipulögð sem dómstóll. Auk könnunar reikninga hefur franska ríkisendurskoðunin það hlutverk að aðstoða þjóðþingið við eftirlit með fjárhagslegri stjórnsýslu. Í þessu skyni hefur verið sett á laggirnar sérstök stofnun til styrktar sjálfri ríkisendurskoðuninni og í tengslum við hana: **Comité central d'enquete sur le cout et le rendement des services publics.**

Í frönskum ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum fer fram eins konar innri endurskoðun, framkvæmd af **Controleurs des dépenses engagées** og **Inspection géneral des finances.** Í hverju ráðuneyti er einn eftirlitsmaður úr hópi hinna fyrrnefndu, og ber hann persónulega ábyrgð á því gagnvart fjármálaráðherra, að ekki sé tekin ákvörðun um neinar fjárhagslegar skuldbindingar án þess að fjárveiting sé fyrir hendi í því skyni. **Inspection géneral des finances** er sjálfstæð stofnun, sem heyrir beint undir fjármálaráðherra. Eftirlitsmenn hennar gera sjóðskannanir í ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum.

Í **Belgíu** er endurskoðunin skipulögð með nokkurn veginn sama hætti og í Frakklandi.

Í **Bretlandi** er **Comptroller and Auditor General** sem veitir forstöðu the **Exchequer and Audit Department**, en það er æðsta endurskoðunarstofnun ríkisins. Endurskoðunin er í meginatriðum fólgin í eftirliti með tekjum og gjöldum ríkisins. Jafnframt leggur stofnunin þó að nokkru marki krítískt fjárhagslegt mat á útgjöldin. Við tekjuendurskoðun í hinum stóru innheimtustofnunum á endurskoðunin einkum að ganga úr skugga um að fyrir hendi séu reglur, sem tryggja virkt innra eftirlit með útreikningi, innheimtu og skiptingu teknanna og að reglunum sé fylgt.

Nokkrar meiri háttar stjórnsýslustofnanir með sjálfstæðum fjármáladeildum hafa eigin endurskoðunarskrifstofur sem annast eftirkönnun. Endurskoðunarskrifstofan heyrir þá undir bókhaldsdeild (**accounting office**) stofnunarinnar.

Í **Kanada** gengu 1. ágúst 1977 í gildi ný lög um ríkisendurskoðun (**Auditor General Act**), en að þeim hefur verið unnið síðan 1973. Lögin kveða á um ábyrgð og skyldu OAG (**Office of the Auditor General**). Aðalhlutverk OAG er að þjóna þjóðþinginu. Stofnunin á m. a. að gæta þess, að fjármunir hins opinbera séu notaðir markvisst og ýtrustu hagsýni sé gætt — og það sé gert í samræmi við vilja þjóðþingsins.

Í **Bandaríkjunum** er alríkisendurskoðun í höndum **General Accounting Office**, en yfirmaður þeirrar stofnunar er **the Comptroller General**. Hann er skipaður af forsetanum, en annast í umboði þingsins eftirlit með opinberri stjórnsýslu. **General Accounting Office** hefur aðsetur í Washington, en endurskoðunin fer að hluta fram í nokkrum svæðisbundnum skrifstofum. Enn fremur hafa endurskoðendur frá GAO fasta bækistöð í u. þ. b. fimmtíu ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum í Washington og grennd.

Auk þeirrar endurskoðunar, sem fram fer á vegum GAO, eru í flestum stjórnvaldsstofnunum alríkisins innri endurskoðunardeildir sem annast eftirlit með starfsemi viðkomandi stofnunar.

Almennt hlutverk GAO er að endurskoða og staðfesta reikninga alríkisins og að vera þinginu til ráðuneytis og aðstoðar í málum sem varða ráðstöfun fjárveitinga. Á seinni árum hafa GAO hins vegar verið falin víðtækari verkefni. Í stórum dráttum má segja, að þessi verkefni felist í stöðugri leit að úrræðum til að tryggja meiri hagkvæmni og skilvirkni í stjórnsýslu alríkisins. GAO kannar stjórnkerfið í sérhverri alríkisstofnun, stórri sem smárri. Skýrslu um niðurstöður könnunarinnar er skilað til þingsins í þeim tilvikum, er ætla má að málið sé áhugavert fyrir þingmenn, og skýrslurnar verða opinber plögg. GAO sendir þessar skýrslur, sem aðrar niðurstöður sínar, einnig til þeirrar stjórnsýslustofnunar, sem könnun hefur beinst að, í því skyni að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar. Í mörgum tilvikum grípa stofnanirnar til aðgerða án þess að bíða eftir því, að þingið taki afstöðu til málsins.

GAO hefur einnig um nokkurt árabil haft yfirumsjón með þeim reikningsskilakerfum, sem notuð eru í stjórnsýslustofnunum alríkisins, og verður að leggja samþykki sitt á allar tillögur um ný kerfi áður en þau eru tekin í notkun.

Hoover-nefndin svokallaða lagði áherslu á þörfina á bættri tilhögun fjárhagsáætlana, reikningsskila og skýrslugerðar. Árangur af starfi nefndarinnar varð m. a., að árið 1948 var lögð fram sameiginleg starfsáætlun fyrir stjórnsýslukerfi alríkisins í heild, **Joint Financial Management Improvement Program**, undir stjórn ríkisendurskoðanda (the Comptroller General), fjármálaráðherra (the Secretary of the Treasury) og forstjóra fjárlagastofnunarinnar (the Director of the Bureau of the Budget). Eitt af markmiðum þessarar áætlunar var að koma á áætlanabundinni fjárlagagerð og að reyna að skapa sterkari kostnaðarvitund í stjórnsýslu alríkisins með því að koma á ítarlegri kostnaðarskilagreiningum. Starfið laut að stöðugri þróun á gjörvöllu kerfi fjármálastjórnar og eftirlits með starfsemi ríkisins, þ. e. málum varðandi stefnumörkun stjórnsýslustofnana, gerð fjárhagsáætlana, reikningsskil og skýrslugerð.

GAO fer ýmsar mismunandi leiðir í endurskoðunarstarfi sínu. Stofnunin lítur svo á, að það sé grundvallarskylda hvers ráðuneytis og stjórnsýslustofnunar að halda uppi hagkvæmu og skilvirku stýrikerfi. Það er liður í hlutverki GAO að hafa eftirlit með því, að þessa sé gætt, og endurskoðunarstarfið er fólgið í því að gera kannanir á kerfi hverrar stjórnsýslustofnunar að því er varðar skipulag, stjórnun og eftirlit, finna veika hlekki, greina frá niðurstöðum athugana og setja fram tillögur um endurbætur.

Stjórnunarkerfin hafa á seinni árum verið endurbætt með ýmsum hætti og endurskoðuninni þar með óbeint gert hægara um vik að stuðla að aukinni skilvirkni.

Mikilsvert skref var stigið 1965, þegar ákveðið var að koma á samtímis í allri ríkisstjórnsýslunni almennu fjárhagsáætlunarkerfi, sem reist er á aðferðum þeim við starfsáætlana- og fjárlagagerð er mótaðar hafa verið í varnarmálaráðuneytinu.

Þetta fjárhagsáætlunarkerfi (Planning Programming and Budgeting System, PPBS) leggur megináherslu á, að starfsáætlanagerð og ákvarðanataka styðjist við mat á kostnaði og afköstum þar sem tekið sé tillit til mismunandi úrkosta.

Frá sjónarmiði endurskoðunarinnar hefur fjárhagsáætlanakerfið skapað mun betri upplýsingagrundvöll, m. a. vegna hinna ítarlegu gagna sem safnað er um kostnað og tekjur. GAO hefur í endurskoðunarstarfi sínu átt hægara um vik að fylgjast með starfsemi stjórnsýslustofnananna. Annars vegar hefur athugun beinst að starfsáætlunum þeim, sem við er miðað hverju sinni, og hafa þá verið kannaðar heilar áætlanir eða tilteknir áætlunarhlutar. Hins vegar hafa verið athugaðir rekstrarþættir, svo sem stýrikerfi yfirstjórnar, birgðameðferð, innkaup, starfsmannastjórn, þjónustustarfsemi, rannsókna- og þróunarstörf og umsýsla bygginga og tækjabúnaðar.

Önnur ráðstöfun, sem reynst hefur mikilvæg, er **the Government's Cost Reduction Program** frá 1966, sem mælir fyrir um sérstakar aðgerðir til að mæla framleiðni og skilvirkni. Samkvæmt þessari starfsáætlun ber yfirmönnum stjórnsýslustofnana að sjá til þess, að komið verði á reikningsskilakerfi, er veitt geti upplýsingar annars vegar um kostnað og hins vegar um þau afköst og þann árangur sem útgjöldunum tengjast.

Enn eitt atriði, sem miklu skiptir, er þróun og notkun tölva til gagnavinnslu. Sú tækni er skilyrði þess, a. m. k. í hinum umfangsmeiri stjórnsýslustofnunum, að afla megi upplýsinga að því marki og það fljótt, að unnt sé að nýta þær við áætlanagerð, stjórnun og árangursmat.

Meðal verkefna GAO er einnig að hafa eftirlit með innri endurskoðunardeildum í ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum. Innra eftirlit felur samkvæmt bandarískri málvenju í sér innri endurskoðun. Því er það, að þegar GAO kannar innra eftirlit í tiltekinni stjórnvaldsstofnun tekur könnunin einnig til þeirrar starfsemi, sem fram fer á vegum endurskoðunardeildar stofnunarinnar. Er jafnvel lagt mat á afköst endurskoðunardeildarinnar og gefin ráð varðandi umfang hennar með tilliti til þess árangurs sem vænta má af starfinu.

Að því er varðar val, grunnmenntun og starfsmenntun endurskoðunarstarfsliðs er vert að veita því athygli, hversu miklar kröfur GAO gerir til starfsmanna sinna. Flestir þeirra háskólamanna, sem ráðnir eru til starfa, hafa haft endurskoðun sem aðalsvið í námi sínu, en í vaxandi mæli eru ráðnir starfsmenn með aðra háskólamenntun, svo sem tölfræðingar, stærðfræðingar, viðskipta- og hagfræðingar, verk- og tæknifræðingar, rekstrarfræðingar og stjórnmálafræðingar. Skipulagt er endurmenntunar- og þjálfunarnám fyrir starfsfólkið með nokkru millibili, m. a. til þess að því gefist kostur á að fylgjast með þróuninni á sviði tækni, efnahagsmála og félagsmála. Í þessari menntunarstarfsemi er mjög stuðst við kennara frá einhverjum þeirra háskóla sem fremstir standa.

Ef dregnar eru saman **helstu niðurstöður** af því, sem að framan greinir, má segja, að um alllangt skeið hafi orðið vart áhuga víða um lönd á að víkka verksvið endurskoðunarinnar. Þannig eru í starfsreglum margra ríkisendurskoðunarstofnana ákvæði sem lúta að því, að endurskoðunarstarfið skuli ekki miðað við það eitt að leita uppi skekkjur og misferli, heldur beri einnig að kanna skilvirkni og hagkvæmni í stjórnsýslukerfinu. Fyrirmælum í þessa átt hefur hins vegar almennt reynst erfitt að framfylgja, og var kvartað yfir því í skýrslum frá um fimmtíu ríkisendurskoðunarstofnunum á alþjóðlegri ráðstefnu endurskoðunarstjórnvalda í Tókíó 1968. Í Bandaríkjunum, Sviþjóð og víðar má þó sjá markvissa þróun endurskoðunarstarfseminnar í þessa nýju átt.

Einnig er þróunin sú, að ríkisendurskoðunarstofnanir þjóni þjóðþingum í ríkari mæli og stuðli þannig að opnari umræðu um starfsemi á vegum ríkisins.

Ed. 410. Frumvarp til laga [213. mál]

um þroskaþjálfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfi hér á landi og kalla sig þroskaþjálfa hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusystraskóli Íslands).

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands, þar sem námið er stundað. Áður en leyfi er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags þroskaþjálfa og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

3. gr.

Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Þroskaþjálfa ber að þekkja skyldur sínar viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða þroskaþjálfun.

6. gr.

Þroskaþjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Um þroskaþjálfa gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota þroskaþjálfa.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Félags þroskaþjálfa og er það að mestu leyti byggt á tillögum félagsins. Frumvarpið er efnislega mjög svipað þeim lögum, sem sett hafa verið á undanförnum árum um hinar einstöku heilbrigðisstéttir. Má hér sem dæmi nefna lög nr. 41/1975 um félagsráðgjöf.

Fyrir nær tuttugu árum var settur á laggirnar svonefndur Gæslusystraskóli Íslands og starfaði hann við Kópavogshæli. Með reglugerð sem öðlaðist gildi 1972

var nafni skólans breytt í núverandi horf þ. e. a. s. Þroskaþjálfaskóla Íslands, og með lögum nr. 53/1977 var heiti skólans lögfest.

Skipulagt nám í þroskaþjálfun er tiltölulega ungt hér á landi, eða tuttugu ára. Á þessum tuttugu árum hefur starfsvið þroskaþjálfa tekið örum breytingum enda hafa framfarir í þessum málum orðið örar hér sem annars staðar á þessum tíma. Á fyrstu árum var fyrst og fremst litið á þroskaþjálfa sem aðhlynningar- og hjúkrunaraðila. Nú er aftur á móti litið á þroskaþjálfa jafnt sem uppalendur og aðhlynnendur. Þroskaþjálfar hafa hvorki lögverndað starfsheiti né lögvernduð starfsréttindi, þannig að hver sem er getur stundað þau störf, sem þroskaþjálfar eru sérstaklega menntaðir til. Við slíkt ástand verður ekki unað til lengdar, þar sem störf þroskaþjálfa eru mjög vandasöm og ekki á færi annarra en þeirra, sem til þess hafa fengið sérstaka þjálfun og menntun. Uppeldisstörf þroskaþjálfa eru fyrst og fremst fólgin í því, að þeim er ætlað að annast þá einstaklinga sem af öllum þegnum samfélagsins eru verst á sig komnir og sem aðrir hafa oft gefist upp á. Blandast engum hugur um það, að hér er um einstakt þolinmæðisverk að ræða.

Hjúkrunarstörf þroskaþjálfa eru fólgin í því að veita aðhlynningu, en eins og vitað er fylgir oft vangefni líkamleg sköddun og það oft á háu stigi.

Auk framangreinds eru störf þroskaþjálfa margslungin, m. a. fólgin í verkstjórn og forstöðu stofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þessi grein er í samræmi við uppshafsgreinar í öðrum lögum, sem sett hafa verið á undanförnum árum um margar heilbrigðisstéttir.

Um 2. gr.

Þroskaþjálfaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi, sem veitir menntun á þessu sviði og verður því að teljast eðlilegt að einungis þeir, sem lokið hafa prófi frá þeim skóla, fái sjálfkrafa starfsleyfi. Hið sama gildir einnig um þá, sem luku námi frá Gæslusystraskóla Íslands á sínum tíma en hann starfaði á árunum 1958 til 1972 er nafni skólans var breytt með reglugerð. Á hinum Norðurlöndunum og reyndar víðar eru starfræktir skólar með svipuðu sniði og Þroskaþjálfaskóli Íslands og verða margir þeirra að teljast jafngildir honum. Meta verður slíkt í hverju einstöku tilviki. Þess vegna er sett það skilyrði að leitað verði umsagnar Félags þroskaþjálfa og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Um 3. gr.

Þroskaþjálfar eru eina starfsstéttin hér á landi, sem menntuð er til þess að þjálfa, ala upp og veita þroskaheftum umönnun. Er því eðlilegt, að þroskaþjálfar starfi með þroskaheftum einstaklingum, hvar sem þeir dveljast. Þroskaþjálfar eru ennfremur eina stéttin, sem menntuð er hér á landi sérstaklega til þess að veita stofnunum fyrir þroskahefta forstöðu, þar sem Þroskaþjálfaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi, sem veitir markvissa kennslu í uppbyggingu og starfsemi slíkra stofnana.

Um 4. gr.

Rétt er að leggja áherslu á mikilvægi þess, að einungis þeir, sem til þess hafa menntun, annist þroskahefta einstaklinga og vísast til þess sem segir hér á undan um þetta í athugasemdum með frumvarpinu. Augljóst er, að þeir sem að þessum málum starfa verða að vera vel í stakk búnir, þar sem hlutverk þeirra er mjög vandasamt.

Um 5.—10. gr.

Þessar greinar eru samhljóða greinum í öðrum lögum, sem sett hafa verið um hinar ýmsu heilbrigðisstéttir á undanförnum árum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Nd. 411. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið umsagnir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráði og Lögmannafélagi Íslands. Þá hefur nefndin kallað á sinn fund Lúðvík Ingvarsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Ármann Snævarr hæstaréttardómara, sem er formaður þeirrar nefndar, sem samdi frumvarpið.

Nefndin hefur rætt um tilgang og áhrif ættleiðinga annars vegar og fósturs hins vegar, og sumir nefndarmanna vilja taka undir þau sjónarmið, sem telja ættleiðingu ýmsum annmörkum háða með hliðsjón af lagalegum og félagslegum afleiðingum.

Lög um ættleiðingu hafa verið í gildi hér á landi frá 1953 og er sú löggjöf sniðin eftir norrænni löggjöf. Ættleiðing er viðurkennd og framkvæmd hjá þeim þjóðum sem búa við svipaðar félagslegar og réttarlegar aðstæður og við Íslendingar.

Íslenskt þjóðfélag hefur vissa sérstöðu vegna fámennis og skyldleika, sem gerir ættleiðingu vandmeðfarnari ef og þegar rofin eru öll tengsl við kynforeldra. M. a. af þeirri ástæðu leggur nefndin áherslu á, að bæði kynforeldrar og kjörbörn séu rækilega frædd um lagaákvæði ættleiðingar og að börn séu frædd um kynforeldri sín, svo framarlega sem því verður við komið.

Nefndin taldi æskilegt, að fram fari hér á landi ítarleg umræða og athugun á áhrifum ættleiðinga og hvort t. d. fóstur sé aðferð sem betur henti íslenskum aðstæðum.

Ekki er lagst gegn þessu frumvarpi, enda nauðsynlegt að löggjöf um ættleiðingu sé lagfærð, á meðan sú leið er farin í grundvallaratriðum. Að því leyti er frumvarpið til bóta og mælir allsherjarnefnd með samþykkt þess með tveim minni háttar breytingum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Svava Jakobsdóttir var fjarverandi þegar nefndin lauk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 1978.

Ellert B. Schram, *form., frsm.*	Ingvar Gíslason, fundaskr., með fyrirvara.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Páll Pétursson, með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.	Ingólfur Jónsson.

Nd. 412. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem er orðinn tvítugur, leyfi til ættleiðingar.
2. Við 15. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldrar óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Þó getur kjörbarn, sem náð hefur 12 ára aldri, ráðið því sjálft, hvort það haldi kenningarnafni sínu eða taki upp kenningarnafn annars kjörforeldris. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

Sþ. 413. Fyrirspurnir. [214. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

Hver eru áform iðnaðarráðuneytisins varðandi nýja löggjöf um Rafmagnseftirlit ríkisins í framhaldi af skýrslu vinnuhóps um málefni eftirlitsins frá 5. okt. 1977?

II. Til menntamálaráðherra um hátíðabrigði vegna stórafmælis Snorra Sturlusonar.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað hyggst menntamálaráðuneytið gera til hátíðabrigða í tilefni af því, að á þessu ári eru liðnar átta aldir frá fæðingu Snorra Sturlusonar?

Nd. 414. Frumvarp til laga [215. mál]

um Fasteignaþjónustu ríkisins.

Flm.: Guðrún Benediktsdóttir, Gunnlaugur Finnsson, Þórarinn Þórarinnsson.

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur starfrækja Fasteignaþjónustu ríkisins. Hlutverk hennar er að greiða fyrir miðlun fasteigna. Heimilt er henni að annast sölu skipa og meiri háttar eigna. Hún skal stuðla að því, að slík þjónusta verði sem ódýrust og öruggust fyrir þá sem til hennar leita.

2. gr.

Fasteignaþjónusta ríkisins hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en heimilt er að fela bæjarfógetum og sýslumönnum umboð fyrir Fasteignaþjónustuna úti um land.

3. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum Fasteignaþjónustunnar. Heimilt er að leggja hagnað af rekstri hennar í varasjóð, en miða skal reksturinn við, að hann standi undir útgjöldum stofnunarinnar.

II. KAFLI

Um stjórn stofnunarinnar.

4. gr.

Sameinað Alþingi kýs stjórn Fasteignaþjónustu ríkisins. Skal hún skipuð 5 mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu vera jafnmargir og kosnir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnar úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna.

5. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Fasteignaþjónustunnar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Greinargerð.

Markmiðið með flutningi þessa frv. er að ríkið komi á fót eignamiðlun, þar sem viðskiptavinirnir fái sem öruggasta, ódýrasta og auðveldasta þjónustu á kostnaðarverði. Viðskiptavinir eigi kost á lögfræðilegri aðstoð varðandi viðskiptin. Seljendur geti leitað aðstoðar að því er varðar hvert er raunhæft söluverð eigna þeirra o. fl. Kaupendur eigi aðgang að ítarlegum upplýsingum um ástand eigna, verðhugmyndum væntanlegra seljenda, fasteignamati, teikningum og öðru er varðar viðkomandi eign.

Hugmyndin er, að hér yrði fyrst og fremst um fasteignamiðlun að ræða, en þó gert ráð fyrir að stofnunin taki að sér meiri háttar viðskipti, þótt um aðrar eignir sé að ræða.

Almenn eignamiðlun hefur aukist mjög hér á landi að undanförnu, einkum á sviði fasteignaviðskipta, og virðist sú sölustarfsemi sífellt fara vaxandi.

Sölulaunin eru yfirleitt ákveðinn hundraðshluti (2%) af söluandvirði, og er ekki úr vegi að álykta að laun vegna sölu á miðlungsstórri íbúð séu milli 200 og 300 þús. kr. Er því ljóst, að óhemjumiklum fjármunum er ráðstafað vegna þessarar starfsemi.

Ætla má, að með rekstri eignamiðlunar ríkisins mætti lækka þennan kostnað verulega til hagsbóta fyrir báða aðila. Mikilsvert væri, ef slík stofnun hefði áhrif í þá átt að halda verðhækkunum í skefjum. Af því er fasteignir varðar má líta svo á, að meginhluti þess fólks, sem nú selur fasteignir, kaupi aðrar í staðinn. Ör verðbólga á fasteignamarkaði kemur því fáum til fjárhagslegs ávinnings, en hefur ómæld áhrif til örvunar almennrar þenslu í þjóðfélaginu.

Hér er ekki gert ráð fyrir því, að ríkisvaldið fái neina einokunaraðstöðu til eignamiðlunar. Einstaklingar hefðu eftir sem áður frjálsar hendur með að leita til annarra fasteignasala, kysu þeir það heldur.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Greinin fjallar um hlutverk Fasteignaþjónustu ríkisins, en það er að greiða fyrir miðlun fasteigna, skipa og annarra meiri háttar eigna. Þar er átt við, að Fasteignaþjónustan geti tekið til sölumeðferðar lausafjármuni, en þó því aðeins að um veruleg verðmæti sé að tefla. Þá er í þessari grein fjallað um rekstur Fasteignaþjónustunnar, en ætlast er til, að rekstrarkostnaði sé svo í hóf stillt sem kostur er, án þess að það bitni á öryggi þeirra viðskipta sem fram fara.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að stofnuð verði Fasteignaþjónusta ríkisins og hafi hún aðalaðsetur í Reykjavík, en bæjarfógetar og sýslumenn fari með umboð Fasteignaþjónustunnar annars staðar á landinu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður beri ábyrgð á fjárskuldbindingum Fasteignaþjónustunnar, en umboðslaun skulu miðast við, að rekstur stofnunarinnar standi að fullu undir öllum útgjöldum. Rekstrarhagnað skal leggja í varasjóð, en sá varasjóður á að vera til að tryggja rekstrarafkomu stofnunarinnar.

II. KAFLI

Um 4. gr.

Sameinað Alþingi kýs stjórn stofnunarinnar og félagsmálaráðherra skipar stjórninni formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna. Ráðherra skipar stofnuninni forstöðumann, en um ráðningu starfsfólks gildi sömu reglur og um ráðningu annarra ríkisstarfsmanna.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 415. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 416. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson, Jónas Árnason, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sérstökum stuðningi opinberra aðila við stofnun þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skal falið að rannsaka möguleika smáiðnaðar í sveitahreppum, safna hugmyndum um hugsanlegar framleiðslugreinar, kanna viðhorf og áhuga heimamanna víðs vegar um land og gera áætlun um framkvæmdir. Við undirbúning þessa máls ber einnig að taka mið af þeirri allsherjarathugun og tillögugerð varðandi atvinnumöguleika aldraðra, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkvæmt þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun framleiðslusamvinnufélaga í sveitum og skal því rekstrarformi veittur sérstakur stuðningur. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.

Þegar ár er liðið frá samþykkt þessarar tillögu skal ríkisstjórnin gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd hennar.

Greinargerð.

Það er vart þörf á að rekja byggðaþróun á Íslandi og þann mikla fólksflótta úr sveitunum síðustu áratugi, sem hefur sett mark sitt á alla þjóðlífsþróun okkar.

Þrátt fyrir allan andróður misviturra manna er öllum þorra þjóðarinnar ljós sú höfuðnauðsyn sem felst í blómlegum landbúnaði, sem geri hvort tveggja í senn, að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir þá hollu og góðu fæðu, sem landbúnaðarafurðir okkar eru, og leggja til mikilvægt og dýrmætt hráefni til iðnaðar, sem veitir miklum fjölda atvinnu og eykur stórum útflutningsverðmæti okkar.

En búsetu í sveitum þarf að tryggja sem best, og skapa þarf því fólki, sem þar býr, fjölbreyttari möguleika en nú er varðandi atvinnu, þó tímabundin væri eða aðeins að hluta unnin, eða beina þjónustu varðandi landbúnaðinn sjálfan eða úrvinnslu honum tengda.

Hin mikla vélanotkun í sveitum kallar á nærtæka og trygga þjónustu á annatímum og hana er víða að finna, þó hún hafi í engu verið styrkt svo sem skyldi og sé enn mjög ófullkomin og hvergi nærri slík sem hún þyrfti að vera.

Íslenska ullin og gærurnar eru að verða sífellt stærri og verðmeiri þáttur í þjóðarframleiðslu og atvinnuþróun okkar og er það vel.

En leiðir þyrfti að finna að því marki, að sveitafólkið sjálft gæti þar í auknum mæli komið inn í vinnsluna með einhverjum hætti, jafnvel svo að þeir, sem þar byggja, gætu haft þar af aðalatvinnu. Ein saumastofa mun nú rekin í sveit á landi hér og ekki annað vitað en að það hafi gefið góða raun.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það eðlilegast, enda á það sér lagastoð, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé réttur aðili jafnt til athugunar og samráðs við heimamenn sem áætlunargerðar í framhaldi af því, og yrði þar um verkefni byggðadeildar stofnunarinnar að ræða. Hins vegar væri það svo lánadeildarinnar að sjá um fjármagnshliðina, svo sem tillagan gerir ráð fyrir.

Þar sem reikna má með ýmsum byrjunarörðugleikum í aðgerðum sem þessum, telja flm. rétt að stuðla að því, að bein, óafturkræf framlög verði veitt allt að 15% stofnkostnaðar, hvort sem um yrði að ræða framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði, til stuðnings ýmiss konar smáiðnaði í sveitum, sem tiltækt þætti að koma þar upp. Hér er í raun við það miðað, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé hinn rétti frumkvæðisaðili í málinu og veiti virka aðstoð við allar aðgerðir, enda má segja að það sé lagaleg skylda stofnunarinnar.

Það er skoðun flutningsmanna, að hér ættu framleiðslusamvinnufélög mjög að koma inn í myndina sem æskilegur aðili til að standa fyrir framkvæmdum af því tagi, sem þessi tillaga lýtur að og heppilegastar þættu til atvinnuauka í hinum einstöku sveitum. Þessi félög hafa nú fengið sína staðfestingu í lögum um samvinnufélög, og svo ríkjandi sem samvinna og samhjálp er í sveitum landsins, þá ætti hér að vera um að ræða eðlilegasta form atvinnurekstrar, sem flm. telja að ætti nokkurs forgangs að njóta. Þetta ákvæði er einnig sett inn sem frekari hvati að því, að menn tækju höndum saman í heilbrigðri og virkri samvinnu, í stað þess að einkaaðilar stæðu hér að, þó flm. vilji á engan hátt útiloka það, enda sums staðar e. t. v. eina leiðin.

Fyrsti flm. hefur fengið nokkur bréf á þessu og s. l. ári, þar sem bent er á nauðsyn þess átaks, sem hér er lagt til, og á ýmsar leiðir bent í því sambandi, sem vikið verður að í framsögu. En ljóst er, að hér er ekki um auðleyst verkefni að ræða og um sumt vandséð, hvernig átak megi gera, sem í einhverju dugi.

Í þessum bréfum hefur verið vikið að öldruðu fólki sérstaklega, sem vart hefur vinnuþrek til að stunda svo erfiða vinnu sem búskapur er, en skortir verkefni við hæfi, verkefni sem gætu komið í veg fyrir búferlaflutninga og þá á elliheimili í þéttbýli, þar sem sama vandamálið gildir varðandi atvinnumöguleika aldraðs fólks, sem þarf á vissri vinnu að halda, án þess að mögulegt sé eða rétt, að það sé úti á hinum almenna vinnumarkaði. Er hér vitnað í samþykkt Alþingis frá 1975 sem þingmenn Alþýðubandalagsins fengu samþykkta og var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frumvarp til laga um atvinnumál aldraðra og verði að því stefnt, að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi.“

Í nokkur bréf skal hér vitnað, en þar segir:

„Það er ekki vansalaust, hve öll þjónusta er sótt í þéttbýlið, jafnvel nauðsynlegustu viðgerðir. Bein þjónusta við sveitirnar heim í sveitirnar mundi styrkja búsetuna og ætti að vera krafa okkar sveitafólks. En þar vantar leiðir og ráð.“

Í öðru bréfi segir: „Ég hef lengi hugleitt leiðir að því marki, að við tækjum virkari þátt í úrvinnslu afurða okkar en nú er. Við björgum því á haustin, að unnt sé að slátra búfé okkar, en síðan ekki söguna meir. Hér þyrfti að verða breyting á.“

Í þriðja bréfi segir: „Hvað um þá öldruðu í sveitinni? Satt er það, að þeir vinna lengi ýmis bústörf, en aukin vélanotkun breytir þar miklu.“

En þeirra vandamál er ekki minna í raun en annarra aldraðra, sem verða að hverfa af almennum vinnumarkaði löngu áður en hæfilegt og sæmilegt er, af því að til þeirra eru gerðar sömu kröfur og annarra. Má ekki finna einhverja leið til lausnar atvinnuvanda aldraðra í sveitum, svo gamla fólkið megi dvelja heima sem lengst?

Allt þetta hefur vakið okkur til umhugsunar um þetta mál.

Segja má, að hér sé um eitt af verkefnum Byggðasjóðs að ræða, svo sem fyrr hefur verið að vikið, og vissulega hefur Byggðasjóður komið hér inn í nú þegar, þar sem að þessu hefur best verið unnið, svo sem vélaverkstæðum og eins varðandi þá einu saumastofu í sveit, sem starfandi er.

En ljóst er, að hér þarf skipulegt aukaátak að gera, ekki má að neinu rasa um ráð fram, en vinna markvisst að heildaráætlun, sem þeir gætu á byggt, sem áhuga og þörf hefðu fyrir séraðgerðir af þessu tagi.

Því er tillaga þessi flutt.

Nd. 417. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða:
   a. Regla 3 b orðist svo:
      b. Blöndur, samsettar vörur, úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður (sett), sem eigi verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir þær, enda verði slíku mati komið við.
   b. Regla 3 c orðist svo:
      c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan skal telja þær til þess tollskrárnúmers sem síðast er þeirra tollskrárnúmera sem að jöfnu koma til álita.
2. Á 4. kafla:
   Athugasemd 1 við 4. kafla orðist svo:
   1. Til mjólkur telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, hleypt mjólk, kefir, jóghúrt og önnur gerjuð eða sýrð mjólk.
3. Á 5. kafla:
   a. Athugasemd 1 b við 5. kafla orðist svo:
      b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim er teljast til nr. 05.05 eða 05.07, og afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum er teljast til nr. 05.15 (41. eða 43. kafli).

b. Í stað svigans „(nr. 96.03)“ í athugasemd 1 d við 5. kafla komi: (nr. 96.01)
c. 05.06 falli brott.
d. 05.09 orðist svo:
05.09 Fílabein, skjaldbökuskeljar, horn, hófar, neglur, klaufir, klær og nef, óunnið eða lauslega lagað til en ekki formað, og úrgangur og mjöl úr þessum vörum; hvalskíði og þess háttar, óunnið eða lauslega lagað til en ekki formað, og skíðishár og úrgangur frá þessum vörum
e. 05.10 falli brott.
f. 05.11 falli brott.

4. Á 7. kafla:
Í stað svigans „(nr. 11.03)“ í athugasemd c við 7. kafla komi: (nr. 11.04)

5. Á 10. kafla:
Athugasemd við 10. kafla orðist svo:
Til kaflans telst aðeins korn sem hvorki hefur verið afhýtt né unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó ris án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður, hálfsoðinn eða efnabættur ris og brotris.

6. Á 11. kafla:
a. Í stað tilvitnunar „21.01“ innan sviga í athugasemd 1 a við 11. kafla komi: 21.02.
b. 11.02 ásamt undirliðum og skiptiliðum orðist svo:
11.02 Grjón úr korni og annað unnið korn (t. d. valsað, flatt út, fágað, kurlað eða afhýtt en ekki frekar unnið), þó ekki ris sem telst til nr. 10.06; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:
10 — Hveitigrjón
— Önnur grjón úr korni:
21 — — Maís, kurlaður
29 — — Annars
— Annað unnið korn, (þó ekki mjöl og grjón), t. d. valsað, flatt út, fágað, grófmulið eða afhýtt, en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:
— — Úr höfrum:
31 — — — Í smásöluumbúðum 5 kg og minna
32 — — — Í öðrum umbúðum
39 — — Annars
c. 11.03 falli brott.
d. 11.04 orðist svo:
11.04 Mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum sem teljast til nr. 07.05 eða úr ávöxtum sem teljast til einhvers númers í 8. kafla; mjöl og grjón úr sagó og rótum og rótarhnýðum sem teljast til nr. 07.06
e. 11.06 falli brott.

7. Á 12. kafla:
a. Á eftir orðinu „umfeðmingsgrasi“ í athugasemd 2 við 12. kafla komi: (þó ekki af tegundinni vicia faba).
b. 12.05 falli brott.
c. 12.08 orðist svo:
12.08 Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar; Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.

8. Á 13. kafla:
a. Fyrirsögn 13. kafla orðist svo:
Jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpix og aðrir jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu.

b. Í stað svigans „(nr. 19.01)“ í athugasemd b við 13. kafla komi: (nr. 19.02)
c. Í stað svigans „(nr. 33.05)“ í athugasemd h við 13. kafla komi: (nr. 33.06)
d. 13.01 falli brott.

9. Á 14. kafla:
a. Í stað orðanna „Flétti- og útskurðarefni“ í fyrirsögn 14. kafla komi: Fléttiefni.
b. Í stað svigans „(nr. 96.03)“ í athugasemd 4 við 14. kafla komi: (nr. 96.01)
c. 14.04 falli brott.

10. Á 15. kafla:
a. 15.09 falli brott.
b. 15.14 falli brott.
c. 15.15 orðist svo:
15.15 Hvalraf (spermacet), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað; býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað
d. 15.17 orðist svo:
15.17 Degras; leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- eða dýraríkinu

11. Á 17. kafla:
a. 17.02 ásamt skiptilið, 01, orðist svo:
17.02 Annar sykur í föstu formi; síróp án bragð- og litarefna; hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi, brenndur sykur:
01 — Drúfusykur (glúkósi), án bragð- eða litarefna
b. 17.03 ásamt skiptiliðum orðist svo:
17.03 Melassi:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
01 — Til fóðurs	0		0		0	
02 — Með bragð- eða litarefnum, ót. a.	70		70		70	
09 — Annar	20		20		20	

c. 17.05 falli brott.

12. Á 19. kafla :
a. 19.01 falli brott.
b. 19.02 ásamt nýjum skiptilið, 02, orðist svo:
19.02 Maltextrakt; vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
02 — Maltextrakt	25	10	20	5	15	0

c. 19.06 falli brott.
d. 19.07 orðist svo:
19.07 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta; altarisbrauð, hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, ríspynnur og þess konar vörur

13. Á 21. kafla:
a. Ný athugasemd, e, bætist við 1. athugasemd við 21. kafla og orðist svo:
e. Tilreidd enzym sem teljast til nr. 35.07.
b. 21.01 falli brott.
c. 21.02 ásamt nýjum undirlið svo og skiptiliðum orðist svo:
21.02 Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté og vörur fram-

leiddar úr þessum efnum; brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim:

— Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum; brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
11 — — Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim	34	14	26	7	17	0
19 — — Annað	70		70		70	

d. Við nr. 21.07 bætist nýr skiptiliður, 12, er orðist svo:

12 — Síróp með bragð- eða litarefnum	70		70		70	

14. Á 25. kafla:

a. Á eftir orðunum „Sé ekki annað tekið fram“ í athugasemd 1 við kaflann komi:

... eða sérstaklega tilgreint í 3. athugasemd hér að neðan.

b. Athugasemd 2 g við kaflann orðist svo:

g. Tilbúnir kristallar (þó ekki optískar vörur) úr natríumklóríði eða magnesíumoxydi, 2,5 g að þyngd eða meira hver einstakur kristall (nr. 38.19), og optískar vörur úr natríumklóríði eða magnesíumoxydi (nr. 90.01).

c. Ný athugasemd, 3, bætist við kaflann og orðist svo:

3. Til nr. 25.32 teljast m. a.: jarðlitir, einnig brenndir eða blandaðir innbyrðis; náttúrlegur járngljásteinn; merskúm (einnig í slípuðum stykkjum) og raf; plötur, stengur o. þ. h. sem gert er úr samanlímdu en ekki frekar unnu merskúmi eða rafi; harðkol (jet); náttúrlegt strontíumkarbónat (einnig brennt), þó ekki stontíumoxyd; brotin leirvara.

d. 25.09 falli brott.

e. 25.19 orðist svo:

25.19 Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít); brædd magnesía; glædd magnesía, einnig blönduð litlu magni af öðru oxydi fyrir glæðingu; annað magnesíumoxyd, einnig kemískt hreint

f. 25.25 falli brott.

g. 25.29 falli brott.

h. 25.32 orðist svo:

Jarðefni, ót. a.

15. Á 27. kafla:

a. „33.02“ í athugasemd 1 c við kaflann falli brott.

b. 27.04 ásamt nýjum undirliðum, 10 og 20, orðist svo:

27.04 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó, einnig í töflum; gaskoks:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
10 — Koks og hálfkoks úr steinkolum; gaskoks	0		0		0	
20 — Koks og hálfkoks úr brúnkolum eða mó	0		0		0	

c. 27.05 falli brott.

16. Á VI. flokki:

Ný athugasemd, 3, bætist við flokkinn og orðist svo:

3. Vörusamstæður (sett) úr tveimur eða fleiri efnisþáttum, sem sumir eða allir teljast til þessa flokks og ætlast er til að blandað sé saman

svo að úr verði framleiðsluvara er telst til VI. eða VII. flokks, skulu teljast til þess tollskrárnúmers sem sú framleiðsluvara fellur undir, enda uppfylli efnisþættirnir eftirtalin skilyrði:

a. Að augljóst sé af frágangi efnisþáttanna að nota eigi þá saman án endurpökkunar áður.
b. Að efnisþættirnir séu innfluttir saman.
c. Að ljóst sé, bæði vegna eðlis efnisþáttanna og magnhlutfalls þeirra innbyrðis, að þeir eigi fyllilega saman.

17. Á 28. kafla:

a. Athugasemd 3 a orðist svo:
a. Natríumklóríd og magnesíumoxyd, einnig kemískt hrein, og önnur steinefni sem teljast til V. flokks.

b. Orðin „úr magnesíumoxydi eða“ í athugasemd 3 e við kaflann falli brott.

c. Á eftir orðinu „góðmálmar“ í athugasemd 3 f við kaflann komi:
... og legeringar góðmálma.

d. Á eftir orðinu „Málmar“ í athugasemd 3 g við kaflann komi:
... og málmlegeringar.

e. Orðin „úr magnesíumoxydi eða“ í athugasemd 3 h við kaflann falli brott.

f. 28.07 falli brott.

g. 28.11 falli brott.

h. 28.18 orðist svo:
28.18 Hydroxyd og peroxyd magnesíums; oxyd, hydroxyd og peroxyd strontíums og baríums

i. 28.24 orðist svo:
28.24 Kóbaltoxyd og kóbalthydroxyd; venjulegt kóbaltoxyd

j. 28.26 falli brott.

k. 28.30 orðist svo:
28.30 Klóríd, oxyklóríd og hydroxyklóríd; brómíd og oxybrómíd; jódíd og oxyjódíd:

l. 28.31 orðist svo:
28.31 Hypoklórít; venjulegt kalsiumhypoklórít; klórít; hypobrómít

m. 28.32 orðist svo:
28.32 Klóröt og perklóröt; brómöt og perbrómöt; jódöt og perjódöt

n. 28.33 falli brott.

o. 28.34 falli brott.

p. 28.41 falli brott.

q. 28.53 falli brott.

r. 28.55 orðist svo:
28.55 Fosfíð, einnig án kemískrar skýrgreiningar

s. 28.56 orðist svo:
28.56 Karbíð, einnig án kemískrar skýrgreiningar:

t. 28.57 orðist svo:
28.57 Hydríð, nítríð, azíð, silícíð og bóríð, einnig án kemískrar skýrgreiningar

u. 28.58 orðist svo:
28.58 Önnur ólífræn sambönd (þar með talið eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika); fljótandi andrúmsloft (einnig þótt edalgösin hafi verið fjarlægð); samanþjappað andrúmsloft; amalgöm önnur en amalgöm góðmálma

18. Á 29. kafla:

a. Athugasemd 1 h við 29. kafla orðist svo:
h. Eftirtalin efni afmælds styrkleika til framleiðslu á azólitarefnum: Díazóníum sölt og tengilefni þeirra, díazóteranleg amín og sölt þeirra.

b. Eftirgreindur nýr liður, g-liður, skal koma í athugasemd 2 við 29. kafla og bókstafstákn á núverandi liðum jafnframt breytast úr g-i í h-k:
g. Enzym (nr. 35.07).
c. 29.17 falli brott.
d. 29.18 falli brott.
e. 29.20 falli brott.
f. 29.32 falli brott.
g. Í stað orðanna „hormón og enzym“ í fyrirsögn undirkafla XI í 29. kafla komi: ... og hormón
h. 29.40 falli brott.

19. Á 30. kafla:
Í stað svigans „(nr. 33.05)“ í athugasemd 2 a við kaflann komi: (nr. 33.06)

20. Á 32. kafla:
a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Til nr. 32.05 teljast blöndur stabiliseraðra diazóníumsalta og tengilefna þeirra til framleiðslu á azólitarefnum.
b. 32.01 orðist svo:
32.01 Sútunarefnaextraktar úr jurtaríkinu; sútunarsýrur (tannin), þar með talið galleplatannin dregið út með vatni, ásamt söltum þeirra, eterum, esterum og öðrum derivötum
c. 32.02 falli brott.
d. Aftan við orðin „í smásöluumbúðum“ í lok texta nr. 32.09 komi:
;upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:

21. Á 33. kafla:
a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Sem „ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur“ í nr. 33.06 teljast m. a.:
a. Tilbúinn lyktareyðir fyrir hýbýli, einnig með ilmefni.
b. Vörur, einnig óblandaðar (þó ekki vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía) sem nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar eða sem lyktareyðir fyrir hýbýli og eru í smásöluumbúðum er gefa slíka notkun til kynna.
b. 33.01 orðist svo:
33.01 Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), fljótandi eða fastar; resinóíð; konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enfleurage eða maceration; terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum
c. 33.02 falli brott.
d. 33 03 falli brott.
e. 33.05 falli brott.
f. 33.06 ásamt nýjum skiptilið, 13, orðist svo:
33.06 Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur; vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía, einnig þótt nota megi til lækninga:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
13 — Vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir olía, einnig þótt nota megi til lækninga	0		0		0	

22. Á 35. kafla:
a. Aftan við orðið „klístur“ í fyrirsögn við kaflann komi: ;enzym.
b. Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
1. a. Ger (nr. 21.06).
b. Lyfjavörur (nr. 30.03).

c. Enzymframleiðsla til forsútunar (nr. 32.03).
d. Enzymframleiðsla til þvotta og aðrar vörur sem teljast til 34. kafla.
e. Prentaðar vörur úr gelatíni (49. kafli).

c. Á eftir orðunum „önnur prótein“ í nr. 35.04 komi:
(þó ekki enzym sem teljast til nr. 35.07).

d. Nýtt tollskrárnúmer, 35.07.00, bætist við kaflann og orðist svo:

		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%
35.07.00	Enzym; tilreidd enzym, ót. a.	0		0		0	

23. Á 36. kafla:
a. Í stað orðanna „Til nr. 36.08 telst einungis“ í upphafi athugasemdar 2 við kaflann komi:
Sem „eldfim efni“ í nr. 36.08 telst einungis:
b. 36.03 falli brott.
c. 36.04 orðist svo:
36.04 Kveikiþráður; sprengiþráður; hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar
d. 36.07 falli brott.
e. 36.08 orðist svo:
36.08 Ferró-cerium og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar; vörur úr eldfimum efnum

24. Á 37. kafla:
a. 37.06 falli brott.
b. 37.07 ásamt nýjum skiptiliðum, 01 og 09, orðist svo:
37.07 Kvikmyndafilmur, lýstar og framkallaðar, einnig með hljómbandi eða einungis með hljómbandi, negatív eða pósitív:

		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%
01	— Einungis með hljómbandi	35		35		35	
09	— Aðrar	0		0		0	

25. Á 38. kafla:
a. Athugasemd 1 a 2 við kaflann orðist svo:
2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og útrýmingar á skordýrum, sveppum, rottum og illgresi, efni til að hindra spírun, efni til að stjórna plöntuvexti og önnur þess konar efni í því formi sem tilgreint er í nr. 38.11.
b. 38.02 falli brott.
c. 38.03 orðist svo:
38.03 Ávirk kol; ávirk náttúrleg steinefni; dýrakol, einnig notuð
d. 38.04 falli brott.
e. 38.09 orðist svo:
38.09 Viðartjara; viðartjöruolíur (þó ekki blönduð upplausnarefni og þynnar er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía; bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr náttúrlegum harpix-efnum:
f. 38.10 falli brott.

g. 38.11 orðist svo:

38.11 Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og útrýmingar á skordýrum, sveppum, rottum og illgresi, efni til að hindra spírun, efni til að stjórna plöntuvexti og önnur þess konar efni, enda séu þau í smásöluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofannefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):

h. Við nr. 38.19 bætist nýr skiptiliður, 47, er orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
47 — — Gasvatn og notaður gashreinsunarleir	0		0		0	

26. Á VII. flokki:

Á eftir fyrirsögn við VII. flokk komi ný athugasemd er orðist svo:

Athugasemd:

Vörusamstæður (sett) úr tveimur eða fleiri efnisþáttum, sem sumir eða allir teljast til þessa flokks og ætlast er til að blandað sé saman svo að úr verði framleiðsluvara er telst til VI. eða VII. flokks, skulu teljast til þess tollskrárnúmers sem sú framleiðsluvara fellur undir, enda uppfylli efnisþættirnir eftirtalin skilyrði:

a. Að augljóst sé af frágangi efnisþáttanna að nota eigi þá saman án endurpökkunar áður.
b. Að efnisþættirnir séu innfluttir saman.
c. Að ljóst sé, bæði vegna eðlis efnisþáttanna og magnhlutfalls þeirra innbyrðis, að þeir eigi fyllilega saman.

27. Á 39. kafla:

a. Orðið „blævængir“ í athugasemd 1 g við kaflann falli brott.
b. Tollskrárnúmer 39.07.18 orðist svo:

39.07.18 Flöskur, krukkur, dósir og brúsar, ót. a.; tappar, lok, hettur og annar lokunarbúnaður

28. Á 41. kafla:

a. Í stað „05.06“ innan sviga í athugasemd 1 a við kaflann komi: 05.15.
b. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.02 komi: 41.06 eða 41.08.
c. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.03 komi: 41.06 eða 41.08.
d. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.04 komi: 41.06 eða 41.08.
e. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.05 komi: 41.06 eða 41.08.
f. 41.07 falli brott.

29. Á 42. kafla:

Í athugasemd 1 g við kaflann falli tilvitnunin „92.09 eða“ brott.

30. Á 44. kafla:

a. Á eftir orðunum „vörur úr“ í athugasemd 3 við kaflann komi: trefjaplötum.
b. Í stað „13.01“ í athugasemd 1 b við kaflann komi: 14.05.
c. 44.06 falli brott.
d. 44.08 falli brott.
e. 44.09 ásamt skiptiliðum, 22 og 23, orðist svo:

44.09 Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir; staurar og stafir, yddað en ekki sagað niður eftir endilöngu; tréspænir; tréþráður; pulpviður í smástykkjum eða mylsnu; tréspænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum; trjáviður í göngustafi, regnhlífahandföng, verkfærahandföng o. þ. h., grófunninn en ekki renndur, beygður eða frekar unninn:

22 — — Trjáviður í göngustafi, regnhlífar,

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
handföng, verkfærahandföng o. þ. h.	0		0		0	
23 — — Tréþráður	30		30		30	

f. 44.10 falli brott.

g. 44.11 ásamt nýjum undirliðum orðist svo:

44.11 Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
10 — Byggingarplötur úr pressuðum trefjum (hardboard)	0		0		0	
20 — Aðrar	0		0		0	

h. 44.22 orðist svo:

44.22 Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þar með taldir tunnustafir:

i. Við nr. 44.27 bætist nýr skiptiliður, 02, er orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
02 — Fatahengi og annað þess háttar	19	8	16	4	12	0

j. Orðin „snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar“ í tollskrárnúmeri 44.28.95 falli brott.

31. Á 46. kafla:

a. 46.01 falli brott.

b. 46.02 ásamt skiptilið, 03, orðist svo:

46.02 Fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar; fléttiefni bundin saman eða ofin saman í plötur, þar með talið mottur, teppi og skermar; flöskustrá:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
03 — Fléttur og aðrar þess konar vörur; fléttaðir borðar	25		25		25	

c. Tilvitnunin „46.01 —“ í nr. 46.03 falli brott.

32. Á 48. kafla:

a. Í 1. línu athugasemdar 2 við kaflann falli orðin „og 48.02“ brott.

b. Í stað orðanna „teljast ekki til þessara númera“ í 4. línu athugasemdar 2 við kaflann komi: telst ekki til þessa númers.

c. Í stað tilvitnunarinnar „48.02“ í 6. línu athugasemdar 4 við kaflann komi: 48.01.

d. Í nr. 48.01 falli orðið „vélunninn“ brott.

e. 48.02 falli brott.

f. 48.06 falli brott.

g. 48.07 orðist svo:

48.07 Pappír og pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki prentaðar vörur er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:

h. 48.09 falli brott.

i. 48.16 orðist svo:

48.16 Kassar, pokar og aðrar umbúðir, úr pappír og pappa; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og annað þess háttar úr pappír og pappa almennt til notkunar í skrifstofum, verslunum o. þ. h.:

j. 48.17 falli brott.

33. Á XI. flokki:

a. Athugasemd 2 við flokkinn orðist svo:

2. A. Vörur, sem geta talist til einhvers númers í 50.—57. kafla og eru úr tveimur eða fleiri spunaefnum, skulu flokkast eins og þær væru eingöngu úr því spunaefni sem mest er af í vörunni miðað við þunga.

B. Þegar farið er eftir því er að ofan greinir gilda eftirfarandi reglur:

a. Málmgarn skal skoðast sem sérstakt spunaefni og þungi þess teljast sem samanlagður þungi spunatrefjanna og málmþráðanna sem það er gert úr. Við tollflokkun vefnaðar ber að telja málmþráð sem spunaefni.

b. Þegar í vörulið er gert ráð fyrir að vörur séu úr mismunandi spunatrefjategundum (t. d. silki og silkiúrgangi, kemdri ull og greiddri ull) ber að skoða þær sem eina tegund.

C. Ákvæði í A og B liðum þessarar athugasemdar taka einnig til garns sem um getur í 3. og 4. athugasemd hér á eftir.

b. Ný athugasemd, 8, bætist við athugasemdir við XI. flokk og orðist svo:

8. Sem vefnaður í 50.—57. kafla telst einnig vefnaður sem gerður er úr lögum samsíða þráða sem lögð eru í hvasst eða rétt horn hvert á annað. Lög þessi eru fest saman á mótum þráðanna með límingu eða varmaaðferð.

34. Á 50. kafla:

a. 50.05 orðist svo:

50.05 Garn úr bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi, ekki umbúið til smásölu

b. 50.06 falli brott.

c. 50.07 orðist svo:

50.07 Garn úr náttúrlegu silki, bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi, umbúið til smásölu; silkiormaspuni; eftirlíkingar af girni (catgut) úr náttúrlegu silki

d. 50.08 falli brott.

e. 50.09 orðist svo:

50.09 Vefnaður úr náttúrlegu silki, bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi

f. 50.10 falli brott.

35. Á 53. kafla:

a. 53.12 orðist svo:

53.12 Vefnaður úr hrosshári eða öðru grófu dýrahári

b. 53.13 falli brott.

36. Á 57. kafla:

a. 57.05 falli brott.

b. 57.07 orðist svo:

57.07 Garn úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu; pappírsgarn:

c. 57.08 falli brott.

d. 57.09 falli brott.

e. 57.11 orðist svo:

57.11 Vefnaður úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu; vefnaður úr pappírsgarni

f. 57.12 falli brott.

37. Á 59. kafla:
    a. Athugasemd 1 við 59. kafla verði athugasemd 1 A.
    b. Ný athugasemd, B, bætist við athugasemd 1 við kaflann og orðist svo:
    B. Með hugtakinu „flóki" er hvarvetna í tollskránni m. a. átt við dúk úr vef spunatrefja þar sem samloðun dúksins er mynduð með samstungu trefja úr sjálfum dúknum.
    c. 59.09 falli brott.
    d. Við nr. 59.12 verði nýir skiptiliðir, 01, 02 og 09, teknir upp og orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
01 — Presenningsdúkur	0		0		0	
02 — Einangrunarbönd	**25**		**25**		**25**	
09 — Aðrar	13	5	11	2	9	0

38. Á 60. kafla:
    Ný athugasemd, 6, bætist við kaflann og orðist svo:
    6. Með hugtakinu „prjónavörur" er hvarvetna í tollskránni m. a. átt við vörur úr stungubundnum dúk þar sem stungan er mynduð með lykkjusaum úr spunagarni.
39. Á 61. kafla:
    a. Í tollskrárnúmeri 61.01.05 falli tilvitnun í nr. 59.09 brott.
    b. Í tollskrárnúmeri 61.02.05 falli tilvitnun í nr. 59.09 brott.
    c. 61.08 falli brott.
40. Á XII. flokki:
    Í fyrirsögn við XII. flokk falli orðið „blævængir" brott.
41. Á 67. kafla:
    a. Í fyrirsögn við 67. flokk falli orðið „blævængir" brott.
    b. Athugasemd 1 e við kaflann orðist svo:
    e. Duftpúðar (nr. 96.05) og sáld úr mannshári (nr. 96.06).
    c. Athugasemd 2 d við kaflann falli brott.
    d. 67.03 orðist svo:
    67.03 Mannshár, greitt, þynnt, bleikt eða unnið á annan hátt; ull, annað dýrahár og önnur spunaefni, unnin til hárkollugerðar o. þ. h.
    e. 67.04 orðist svo:
    67.04 Hárkollur, gerviskegg, gerviaugabrúnir og -augnahár, hárlokkar o. þ. h. úr manns- eða dýrahári eða úr spunaefni; aðrar vörur úr mannshári (þar með talin hárnet)
    f. 67.05 falli brott.
42. Á 68. kafla:
    a. Athugasemd 1 k við kaflann orðist svo:
    k. Vörur er teljast til nr. 95.08 og gerðar eru úr efnum sem tilgreind eru í athugasemd 2 b við 95. kafla.
    b. Í stað orðsins „Kvarnasteinar" í nr. 68.04 komi:
    Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h., kvarnasteinar
    c. 68.05 falli brott.
43. Á 70. kafla:
    70.02 falli brott.
44. Á 71. kafla:
    a. Athugasemd 3 ij við kaflann falli brott og bókstafstákn breytist jafnframt úr k—q í ij—p.
    b. Í stað tilvitnunar „68.04—68.06" í 1. línu athugasemdar 3 l við kaflann komi: 68.04, 68.06

c. Á eftir orðunum „glæddar blöndur“ innan sviga í 1. línu athugasemdar 5 við kaflann komi: og málmsambönd

45. Á XV. flokki:
a. Í stað tilvitnunar „(nr. 36.07)“ í athugasemd 1 b komi: (nr. 36.08).
b. Athugasemd 2 c við flokkinn orðist svo:
c. Vörur í nr. 83.01, 83.02, 83.07, 83.09, 83.14 og rammar og speglar úr ódýrum málmi í nr. 83.06.
c. Í stað svigans „(að undanteknum númerunum 73.29 og 74.13)“ í 7. línu athugasemdar 2 við flokkinn komi: (að undanteknu nr. 73.29).
d. Athugasemd 3 við flokkinn orðist svo:
3. Flokkun legeringa (annarra en járnlegeringa og koparforlegeringa sem skýrgreindar eru í 73. og 74. kafla):
a. Legeringar úr ódýrum málmum flokkast eftir þeim málmi sem mest er af í legeringunni miðað við þunga.
b. Málmlegeringar gerðar úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks en einnig að hluta úr efnum sem teljast ekki til flokksins, flokkast eins og legeringar úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, ef þyngd hinna ódýru málma er jafnmikil eða meiri en annarra efna.
c. Í þessum flokki tekur orðið „legering“ til glæddra blandna úr dufti ódýrra málma og ósamfelldra innri blandna þeirra fenginna með bræðslu (þó ekki „cermets“) svo og málmsambanda.

46. Á 73. kafla:
a. 73.27 ásamt nýjum skiptilið, 04, orðist svo:
73.27 Vírnet, vírdúkur, vírgrindur, girðingarnet, steypustyrktarnet og áþekk efni, úr járn- eða stálvír; möskvateygðar (expanded) plötur úr járni og stáli:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
04 — Möskvateygðar plötur	0		0		0	

b. 73.28 falli brott.
c. 73.38 ásamt nýjum undirlið svo og skiptiliðum orðist svo:
73.38 Hlutir, venjulega notaðir til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota, og hlutar til slíkra vara, úr járni eða stáli; járn- og stálull; pottahreinsarar, leppar, hanskar o. þ. h. til hreinsunar og fágunar, úr járni eða stáli:
— Áhöld til heimilishalds og hlutar til þeirra; járn og stálull; pottahreinsarar, leppar, hanskar o. þ. h. til hreinsunar og fágunar:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
11 — — Úr ryðfríu stáli	80		80		80	
12 — — Járn- og stálull	17		9		0	
19 — — Annað	80		80		80	

d. 73.39 falli brott.

47. Á 74. kafla:
a. 74.09 falli brott.
b. 74.11 orðist svo:
74.11 Vírnet, vírdúkur, vírgrindur, girðingarnet, styrktarnet o. þ. h. (einnig endalaus bönd), úr koparvír; möskvateygðar (expanded) plötur úr kopar

c. 74.12 falli brott.
d. 74.13 falli brott.
e. 74.14 falli brott.
f. 74.15 orðist svo:

74.15 Naglar, stifti, heftur, lykkjur, kengir, krækjur, sinklar, bólunaglar, spíkarar og teiknibólur, úr kopar eða úr járni eða stáli með koparhaus; boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar (þar með talið skrúfkrókar og augaskrúfur); hnoð, fleinar, splitti, spenniskífur og undirlagsplötur, úr kopar.

g. Nýir skiptiliðir, 05 og 06, bætist við nr. 74.19 og orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
05 — Geymar, ker og önnur þess konar ílát, með yfir 300 lítra rúmtaki, undir alls konar efni (þó ekki undir samanþjappaðar eða fljótandi gastegundir), einnig klædd að innan eða hitaeinangruð en ekki með mekanísk tæki eða útbúnað fyrir upphitun eða kælingu	25	10	20	5	15	0
06 — Keðjur og keðjuhlutar	60		60		60	

48. Á 76. kafla:
a. 76.13 falli brott.
b. 76.14 falli brott.
c. Nýir skiptiliðir, 13, 14, 15 og 16, bætist við nr. 76.16 og orðist svo:

— Vírnet, vírdúkur, styrktarvefnaður o. þ. h.:
13 — — Net (einnig plasthúðað) úr vír sem ekki er grennri en 2 mm

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
í þvermál (BWG13)	10		10		10	
14 — — Vírdúkur	0		0		0	
15 — — Annað	25		12		0	
16 — Möskvateygðar (expanded) plötur	0		0		0	

49. Á 77. kafla:
a. 77.02 orðist svo:

77.02 Stengur og prófílar úr magnesíum; magnesíumvír; plötur, ræmur og þynnur úr magnesíum; einnig spænir af jafnri stærð, duft og flögur úr magnesíum; pípur, pípuefni og holar stengur úr magnesíum, aðrar vörur úr magnesíum, ót. a.

b. 77.03 falli brott.

50. Á 79. kafla:
a. 79.05 falli brott.
b. Nýr skiptiliður, 05, bætist við nr. 79.06 og orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
05 — Tilsniðnir byggingarhlutar	25		12		0	

51. Á 82. kafla:
    a. Athugasemd 3 við kaflann falli brott og athugasemd 4 verði athugasemd 3.
    b. 82.09 ásamt nýjum skiptilið, 02, orðist svo:
    82.09 Hnífar með skerandi eða sagtenntri egg (þar með taldir bjúghnífar), er ekki teljast til nr. 82.06, svo og blöð til þeirra:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
02 — Hnífablöð	25		12		0	

    c. 82.10 falli brott.
52. Á 83. kafla:
    a. 83.06 ásamt nýjum skiptiliðum, 01 og 09, orðist svo:
    83.06 Myndastyttur og aðrir hlutir til skrauts innanhúss, úr ódýrum málmi; rammar úr ódýrum málmi fyrir ljósmyndir, málverk o. þ. h.; speglar úr ódýrum málmi:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
01 — Rammar fyrir ljósmyndir, málverk o. þ. h.; speglar	34	14	26	7	17	0
09 — Annað	90		90		80	

    b. 83.09 orðist svo:
    83.09 Spennur, töskurammar, sylgjur, krókar, lykkjur, reimkrókar og aðrar svipaðar vörur úr ódýrum málmi, almennt notaðar til fatnaðar, skófatnaðar, ferðaútbúnaðar, handtaskna og annars þess háttar; holhnoð og klaufhnoð úr ódýrum málmi; perlur og paljettur, úr ódýrum málmi
    c. 83.10 falli brott.
    d. 83.12 falli brott.
53. Á XVI. flokki:
    a. Í stað orðanna „eða rafmagnstæki (t. d. undirlagsskífur)“ í athugasemd 1 a við flokkinn komi: rafmagnstæki eða í öðru iðnaðarskyni
    b. Í stað orðanna „til iðnaðar“ í athugasemd 1 b við flokkinn komi: í öðru iðnaðarskyni.
    c. Í stað tilvitnunar „96.02“ í athugasemd 1 n við flokkinn komi: 96.01.
54. Á 84. kafla:
    a. 84.04 falli brott.
    b. 84.05 orðist svo:
    84.05 Gufuvélar, einnig með katli:
    c. Við nr. 84.24 bætist nýr undirliður, 40, er orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
40 — Aðrar vélar og tæki	4		2		2	

    d. Tollskrárnúmer 84.24.41 og 84.24.49 falli brott.

e. Tollskrárnúmer 84.59.81 orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
81 — — Til trjávöru- og húsgagnaiðnaðar svo og bursta- og körfugerðar, ót. a. ..	0		0		0	

f. Við nr. 84.59 bætist nýr skiptiliður, 84, er orðist svo:

84 — — Til efnaiðnaðar, ót. a.	0		0		0	

g. Við nr. 84.61 bætist nýr skiptiliður, 13. Jafnframt breytist töluröð núgildandi skiptiliða úr 13—15 í 14—16:

13 — — Hitastilltir lokar	35		35		35	

55. Á 85. kafla:

a. 85.11 ásamt undirliðum orðist svo:

85.11 Rafbræðslu- og hitunarofnar til notkunar í iðnaði eða á tilraunastofum; tæki til upphitunar efna með spani eða torleiði; rafmagns- eða lasergeisla-, suðu-, lóðningar- og skurðarvélar og -tæki:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
10 — Rafbræðslu- og hitunarofnar og tæki til hitunar efna með spani eða torleiði og hlutar til þeirra	0		0		0	
20 — Rafmagns- eða lasergeisla-, suðu-, lóðningar- og skurðarvélar og -tæki og hlutar til þeirra	0		0		0	

b. Í nr. 85.20 falli orðin „rafmagnsleifturlampar til myndatöku“ brott. Jafnframt falli undirliður, 30, í nr. 85.20 niður til samræmis.

c. Á eftir orðinu „hálfleiðarar;“ í nr. 85.21 komi: ljósdíóður;

56. Á XVII. flokki:

Í stað svigans „(nr. 96.02)“ í athugasemd 2 k við flokkinn komi: (nr. 96.01)

57. Á 86. kafla:

a. 86.01 falli brott.

b. 86.03 orðist svo:

86.03 Aðrir dráttarvagnar fyrir járnbrautarlestir; kolavagnar

58. Á 87. kafla:

a. 87.11 orðist svo:

87.11 Ökutæki fyrir fatlaða og sjúka, einnig vélknúin eða með öðru drifi

b. 87.13 ásamt skiptiliðum, 01 og 09, orðist svo:

87.13 Barnavagnar og hlutar til þeirra:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
01 — Barnavagnar	50		50		50	
09 — Hlutar	50		50		50	

59. Á 89. kafla:

Aftan við orðið „flotkvíar“ í nr. 89.03 komi:; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar.

60. Á XVIII. flokki:
Orðið „segulmögnuð“ í fyrirsögn við flokkinn falli brott.

61. Á 90. kafla:
a. Í stað „nr. 83.12“ í sviga í athugasemd 1 c við kaflann komi: nr. 83.06
b. 90.07 ásamt undirlið yfir leifturljósatæki til ljósmyndunar orðist svo:
90.07 Ljósmyndavélar; leifturljósatæki til ljósmyndunar og leifturlampar (flashbulbs), þó ekki úrhleðslulampar er teljast til nr. 85.20:
— Leifturljósatæki til ljósmyndunar og leifturlampar, þó ekki úrhleðslulampar er teljast til nr. 85.20:
c. Aftan við orðið „kafla“ í nr. 90.13 bætist: ;lasertæki, þó ekki laserdíóður
d. Við nr. 90.28 bætist nýr undirliður, 20, er orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
20 — Rafeindatæki og -áhöld til að mæla eða greina jónageislun	7		7		7	

e. Tollskrárnúmer 90.28.21 og 90.28.29 falli brott.
f. Tollskrárnúmer 90.28.30 orðist svo:

— Önnur rafeindatæki og -áhöld:						
31 — — Bergmálsdýptarmælar (ekkólóð), asdictæki og aðrir þvílíkir rafmagns- og rafeindadýptarmælar og fisksjár	4		4		4	
39 — — Annars	7		7		7	

g. Tilvitnunin „90.28.21“ í tnr. 90.29.01 breytist og verði: 90.28.31.

62. Á 92. kafla:
a. Orðið „segulmögnuð“ í fyrirsögn við kaflann falli brott.
b. Í stað svigans „(nr. 96.02)“ í athugasemd 1 d við kaflann komi: (nr. 96.01)
c. 92.09 falli brott.
d. Í nr. 92.10 falli orðin „(þó ekki strengir)“ brott.
e. Í nr. 92.11 svo og í undirlið fyrir segulmögnuð mynda- og hljóðupptökutæki o. s. frv. falli orðið „segulmögnuð“ brott.

63. Á 95. kafla:
a. Núverandi athugasemdir við kaflann a—n verði athugasemd nr. 1 jafnframt því sem stafliður b falli brott. Stafliðir c—n verði stafliðir b—m.
b. Ný athugasemd, 2, bætist við kaflann og orðist svo:
2. Í hugtakinu „útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu“ í nr. 95.08 felast eftirgreindar vörur:
a. Hörð fræ, kjarnar, skurn, hnetur og önnur þess háttar jurtaefni sem notuð eru til útskurðar (t. d. fílabeinshnetur og dompálmahnetur).
b. Harðkol (jet) (þar með harðkolaeftirlíkingar úr jarðefnum), raf, merskúm, samanlímt raf og samanlímt merskúm.
c. 95.01 falli brott.
d. 95.02 falli brott.
e. 95.03 falli brott.
f. 95.04 falli brott.
g. 95.05 orðist svo:
95.05 Skjaldbökuskel, perlumóðir, fílabein, bein, horn, kórall (náttúrlegur eða tilbúinn) og önnur unnin útskurðarefni úr dýraríkinu, og vörur úr þeim
h. 95.06 falli brott.
i. 95.07 falli brott.
j. 95.08 orðist svo:
95.08 Unnin útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu og vörur úr þeim; mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr

jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal og kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:

64. Á 96. kafla:
a. Í fyrirsögn við kaflann falli orðið „fjaðrakústar“ brott.
b. Í stað tilvitnunar „nr. 96.03“ í athugasemd 2 við kaflann komi: nr. 96.01
c. 96.01 ásamt skiptiliðum orðist svo:

96.01 Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus (t. d. vendir og sóflar), með eða án skafts; aðrir sópar, penslar og burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum); tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum; málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur o. þ. h.:

		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%
	— Burstar og sópar, ót. a.:						
01	— — Úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus, með eða án skafts	34	14	26	7	17	0
02	— — Fyrir vélar	0		0		0	
03	— — Með plastbaki, ót. a.	46	20	34	10	22	0
04	— — Tannburstar	50		50		50	
05	— — Aðrir	46	20	34	10	22	0
06	— Tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum	35		35		35	
07	— Málningarpenslar og málningarrúllur	34	14	26	7	17	0
09	— Annað	46	20	34	10	22	0

d. 96.02 falli brott.
e. 96.03 falli brott.
f. 96.04 falli brott.

65. Á 98. kafla:
98.13 falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta til laga um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 um breyting á þeim lögum, er fyrst og fremst lagt fyrir Alþingi til þess að samræma íslensku tollskrána þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins frá því að hún var gefin út að nýju í janúar 1976 með áorðnum breytingum, m. a. nýrri undirskiptingu tollnafnaskrárinnar sem samþykkt var fyrir tilstilli Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Eins og kunnugt er var ákveðið við heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar árið 1963 að taka upp tollskrá gerða eftir tollnafnaskrárfyrirmynd Tollasamvinnuráðsins í Brussel eins og skrá þessi var árið 1959. Tollnafnaskrá þessi var áður þekkt undir heitinu Brusseltollskráin og var upphafleg gerð hennar frá árinu 1950 svo og alþjóðleg samþykkt um hana. Um 40 þjóðir eru í dag aðilar að samþykkt þessari en um 130 þjóðir munu hins vegar hafa tekið upp tollskrár sem byggðar eru á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins.

Samþykktin um vöruflokkun í tollskrám var á sínum tíma undirrituð af Íslands hálfu, en gildistaka hér á landi var háð fullgildingu sem eigi hefur farið fram og er því samþykktin eigi bindandi fyrir Ísland. Frá 1963, er Ísland tók upp tollskrá þessa, hefur verið samþykkt 21 breytingarskrá á tollanafnaskránni. Hefur verið leitast við að breyta íslensku tollskránni jafnóðum til samræmis við breytingar þessar þannig að notið yrði þess hagræðis sem er því samfara að hafa sama tollskrárform og allar helstu viðskiptaþjóðir okkar. Við síðustu heildarendurskoðun íslensku tollskrárinnar á árinu 1976 var tollskráin þannig m. a. færð til samræmis við nýja útgáfu tollnafnaskrár Tollasamvinnuráðsins í tengslum við samræmingu þeirrar síðar nefndu við hina tölfræðilegu vöruskrá Sameinuðu þjóðanna eins og áður getur. Jafnframt var tollskránni breytt til samræmis við breytingarskrár nr. 20 og 21 sem samþykktar höfðu verið í ársbyrjun 1976.

Hinn 18. júní 1976 samþykkti Tollasamvinnuráðið umfangsmiklar breytingar á tollnafnaskránni sem leiða munu til verulegrar fækkunar á vöruliðum. Vöruliðir, sem falla niður vegna breytinganna, eru fyrst og fremst vöruliðir sem komið hefur í ljós við samræmingu tollnafnaskrár Tollasamvinnuráðsins og vöruskrár Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna að eru óþarfir þar eða þeir taka til vara sem að magni til eru mjög lítilvægir í alþjóðlegum viðskiptum.

Um breytingar þessar frá 18. júní 1976 segir m. a. í bréfi Tollasamvinnuráðsins frá 12. júlí 1977, að þar sem engar athugasemdir hafi borist ráðinu frá aðilum að samþykkt um vöruflokkun í tollskrám komi breytingarnar til framkvæmda frá og með 1. janúar 1978.

Eins og fyrr greinir hafði á árinu 1976 verið samþykkt 21 breytingarskrá á tollnafnaskránni. Frá þeim tíma hafa síðan verið samþykktar tvær breytingarskrár til viðbótar, nr. 22 og 23. Vegna þessara síðast töldu breytinga hefur við nánari athugun komið í ljós að óþarfi er að taka upp í frumvarp þetta sérstakar breytingar við íslensku tollskrána, þar sem þær fela eigi í sér neinar efnislegar breytingar á henni og rúmast innan núverandi orðalags tollskrárinnar.

Í 1. gr. frumvarps þessa eru teknar upp í íslensku tollskrána allar þær breytingar sem er að finna í fyrrnefndri samþykkt Tollasamvinnuráðsins á tollnafnaskránni frá 18. júní 1976. Eins og breytingar þessar bera með sér og skýrt er nánar frá hér á eftir í greinargerðinni verða verulegar breytingar á flokkun vara frá því sem er samkvæmt gildandi tollskrárlögum. Í fyrsta lagi falla fjölmargir vöruliðir niður, eins og vikið hefur verið að, en vörur úr þeim eru flokkaðar að nýju undir aðra vöruliði sem í flestum tilvikum eru orðaðir að nýju. Jafnframt eru í nokkrum tilvikum teknar upp fyllri skýrgreiningar í athugasemdir við flokka og kafla svo og gerðar breytingar á fyrirsögnum þeirra. Í öðru lagi falla nokkrir undirliðir niður, orðalagi þeirra er breytt eða teknir eru upp nýir undirliðir til samræmis við breytta flokkun vara í vöruliðum. Þá hefur í þriðja lagi reynst nauðsynlegt vegna ofangreindra breytinga að taka upp nokkra nýja skiptiliði til að halda óbreyttri tollheimtu af vörum í þessum liðum.

Breytingar þessar valda þó ekki eins mikilli breytingu á tollum og ætla mætti. Stafar það m. a. af því að tolltaxtar íslensku tollskrárinnar eru ekki eins margvíslegir og víðast hvar annars staðar og sömu tolltaxtar eru hér fyrir skyldar vörur innan sama flokks og kafla. Af þessum sökum hefur því reynst óþarfi í mörgum tilvikum að breyta tolltaxta jafnframt breyttri flokkun til að halda óbreyttri tollheimtu af vörunum. Í nokkrum tilvikum hefur þó reynst óhjákvæmilegt að breyta tollum, en þá aðeins óverulega eins og nánar er greint frá hér í greinargerðinni á eftir.

Með setningu nýrra tollskrárlaga 1976 urðu verulegar breytingar á undirskiptingu ýmissa vöruliða í mörgum köflum tollskrárinnar. Þannig breyttust tollskrárnúmer fyrir einstakar vörutegundir efnislega frá því sem verið hafði auk þess sem einstökum tollskrárnúmerum var skipt í fleiri skiptiliði. Við nánari athugun á lögum þessum hefur m. a. komið í ljós að með þessari nýju undirskiptingu hefur eigi

fyllilega tekist að halda tollum óbreyttum á nokkrum vörutegundum eins og gert hafði verið ráð fyrir við setningu tollskrárlaganna. Eru í 1. gr. frumvarps þessa teknar upp breytingar sem nauðsynlegar eru til leiðréttingar á tollum nokkurra vörutegunda svo og breytingar til leiðréttingar á orðalagi nokkurra tollskrárnúmera.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gerð er grein fyrir hverri einstakri breytingu samkvæmt 1. gr. frumvarps þessa og tekur hver töluliður, að undanskildum 1. tl., til þeirra flokka og kafla þar sem gert er ráð fyrir að breyting verði. Stafliðir töluliðanna taka til fyrirsagna og athugasemdarákvæða flokka, kafla og undirkafla svo og til vöruliða (númer tollnafnaskrár Tollasamvinnuráðsins, skammst. hér á eftir nr.) og uppskiptinga (skiptiliða og undirliða) sem gert er ráð fyrir að breytist.

Um 1. a. Orðin „og vörusamstæður (sett)“ eru nýmæli er lúta að túlkun tollskrárákvæða þegar ákveða á tollflokkun á safni af vörum. Með hinum auðkenndu orðum er átt við safn af vörum eða hlutum, sem hafa sjálfstætt gildi eða verða eingöngu notaðir í tengslum hver við annan, enda flokkaðir saman til að mæta ákveðinni þörf eða þjóna ákveðnu hlutverki og pakkað saman í smásöluumbúðir (box, öskjur, spjöld o. s. frv.).

b. Samkvæmt núgildandi reglu, 3 c, um túlkun tollskrárákvæða er tollflokkun vara látin ráðast af því tollskrárnúmeri sem ber hæstan tolltaxta ef annað leiðir eigi af undanfarandi túlkunarreglum. Regla þessi leiðir til ósamræmis í flokkun vara þar sem tolltaxtar eru mismunandi hjá þeim þjóðum sem styðjast við tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins. Gert er ráð fyrir að ný túlkunarregla verði tekin upp. Regla þessi felur í sér að vöru skal telja til þess tollskrárnúmers sem síðast er þeirra tollskrárnúmera er að jöfnu teljast koma til greina. Breyting þessi er gerð m. a. til að stuðla að samræmdri flokkun vara.

Um 2. Við núverandi athugasemd er bætt orðunum „hleypt mjólk“ og „eða sýrð“.

Um 3. a. Athugasemd 1 b við 5. kafla er orðuð að nýju og við hana bætt orðunum „og afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum er teljast til nr. 05.15..“. Í samræmi við breytingu þessa er nr. 05.06 fellt niður. Vörur sem áður féllu undir þetta nr. falla nú undir nr. 05.15. Breyting þessi hefur eigi í för með sér breytingu á tolltaxta og er því eigi talin þörf á sérstakri uppskiptingu vöruliðarins.

b. Vegna niðurfellingar á nr. 96.03 breytist tilvísun í athugasemd 1 d, sbr. um 64 b—e hér á eftir.

c. Sjá um a hér að framan.

d. Við nr. 05.09 bætast orðin „Fílabein, skjaldbökuskeljar..“ og „til“ jafnframt því sem nr. 05.10 og 05.11 eru felld niður, en vörur í þessum vöruliðum flokkast við breytingar þessar undir nr. 05.09.

e. og f. Sjá um d hér að ofan.

Um 4. Vegna niðurfellingar á nr. 11.03 breytist tilvísun í staflið e í athugasemd við 7. kafla, sbr. um 6 d hér á eftir.

Um 5. Athugasemd við 10. kafla er orðuð að nýju og gerð greinilegri. Jafnframt er bætt við 2. málslið athugasemdarinnar orðunum „hálfsoðinn eða efnabættur . .“, sbr. tilsvarandi breytingu á nr. 11.02.

Um 6. a. Vegna niðurfellingar á nr. 21.01 breytist tilvísun í athugasemd 1 við 11. kafla, sbr. um 13 b hér að neðan.

b. Orðalagi nr. 11.02 er breytt til samræmis við breytta tollflokkun á hálfsoðnum eða efnabættum rís sem gert er ráð fyrir að flokkist

undir nr. 10.06. Jafnframt eru undirliðir og skiptiliðir orðaðir að nýju.

c. Nr. 11.03 er fellt brott. Vörur í þessum vörulið flokkast eftir breytinguna undir nr. 11.04, sbr. um d hér að neðan.

d. Nr. 11.04 er orðað að nýju með hliðsjón af því að nr. 11.03 og 11.06 eru felld niður og vörur úr þessum vöruliðum flokkaðar undir nr. 11.04. Tolltaxti er eigi hinn sami í þessum vöruliðum en eigi er lagt til að ný undirskipting verði tekin upp þar sem innflutningur á vörum í vöruliðum sem niður falla er hverfandi lítill.

e. Sjá um d hér að framan.

Um 7. a. Orðalagi athugasemdar 2 við 12. kafla er breytt vegna breyttrar flokkunar á fræi umfeðmingsgrass af tegundinni vicia faba sem flokka á undir nr. 12.07.

b. og c. Framan við núverandi nr. 12.08 er bætt orðunum „Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar“ jafnframt því sem nr. 12.05 er fellt niður. Uppskipting vegna breytinga þessara er talin óþörf þar sem innflutningur á vörum í þessum vöruliðum er tollfrjáls.

Um 8. a. Fyrirsögn við 13. kafla er orðuð að nýju. Ýmis hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sútunar, sem áður féllu í nr. 13.01, flokkast eftir breytinguna undir 32. kafla.

b. Vegna niðurfellingar á nr. 19.01 breytist tilvísun í athugasemd b við 13. kafla.

c. Vegna niðurfellingar á nr. 33.05 breytist tilvísun í athugasemd h við 13. kafla.

d. Nr. 13.01 er fellt niður vegna breyttrar flokkunar á vörum í þessum vörulið, sbr. a hér að framan. Eftir niðurfellinguna teljast vörur úr þessum vörulið til nr. 32.01.

Um 9. a. Orðalagi fyrirsagnar við 14. kafla er breytt þannig að í stað orðanna „Flétti- og útskurðarefni“ kemur orðið „Fléttiefni“. Útskurðarefni úr jurtaríkinu teljast til nr. 95.08 samkvæmt nýrri athugasemd, 2, við 95. kafla, sbr. um 63 i—j hér á eftir.

b. Í samræmi við niðurfellingu á nr. 96.03 breytist tilvísun í athugasemd 4 við 14. kafla.

c. Nr. 14.04 er fellt niður og vörur í þeim vörulið flokkast eftir breytinguna í nr. 95.08.

Um 10. a. Undir núverandi nr. 15.09 fellur eingöngu degras. Lagt er til að vöruliðurinn verði felldur niður og degras flokkað undir nr. 15.17 án þess að undirskipting verði tekin upp þar sem bæði númerin eru tollfrjáls.

b. Undir núverandi nr. 15.14 fellur spermacet (hvalraf) í ýmsu formi. Lagt er til að vöruliðurinn verði felldur niður og spermacet flokkað undir nr. 15.15 án þess að undirskipting verði tekin upp, þar sem bæði númerin eru tollfrjáls.

c. og d. Orðalagi númeranna er breytt, sbr. a og b hér að framan.

Um 11. a. Nr. 17.02 er orðað að nýju og gert skýrara. Orðalagi skiptiliðar 17.02.01 er breytt vegna niðurfellingar á nr. 17.05 en tolltaxti helst óbreyttur.

b. Orðin „einnig aflitaður í nr. 17.03“ eru felld niður með tilliti til niðurfellingar á nr. 17.05, sem tók til melassa, með eða án bragð- eða litarefna. Við breytingar þessar fellur því melasi undir nr. 17.03 án tillits til hvort í hann hafa verið látin bragð- eða litarefni. Lagt er til að jafnframt breytingum þessum sé tekinn upp nýr skiptiliður, 02, með þeim tolltaxta sem hvíldi á vörunum fyrir breytingar þessar.

c. Nr. 17.05 er fellt niður. Sykur í föstu formi, með eða án bragð- eða

litarefna, flokkast eftir breytingu þessa í nr. 17.02. Síróp með bragð- eða litarefnum flokkast hins vegar undir nr. 21.07.

Um 12 a., b. Orðinu „Maltextrakt“ er bætt við upptalningu vara í nr. 19.02 jafnframt því sem nýr skiptiliður er tekinn upp fyrir vöruna með sama tollalækkunarferli og gildir um hana í núgildandi tollskrárlögum, sbr. tnr. 19.01.00.

c. og d. Vörum úr nr. 19.06, þ. e. „altarisbrauð, hylki fyrir lyf, innsiglunar-oblátur, ríspynnur og þess konar vörur“, er bætt við upptalningu í nr. 19.07. Eigi þykir ástæða til að taka upp sérstaka uppskiptingu vegna breytinga þessara.

Um 13. a. Samhliða breytingu á fyrirsögn við 35. kafla, sem leiðir til þess að tilreidd enzym falla þar undir, er tekin upp ný athugasemd e við 21. kafla er frávísar vörunni úr 21. kafla.

b. og c. Nr. 21.01 er fellt niður og vörum úr vöruliðnum, öðrum en essensum, er bætt við upptalningu í nr. 21.02. Jafnframt því er undirliður 10 samkvæmt núgildandi lögum orðaður að nýju og tekin upp ný upp-skipting með nýjum skiptiliðum, 11 og 19, með sama tolltaxta á vör-unum. Undirliður 20 helst óbreyttur.

d. Í nr. 21.07 er tekinn upp nýr skiptiliður, 12, vegna breyttrar flokkunar á sírópi með sama tolltaxta.

Um 14. a. Orðalag athugasemdar 1 við kaflann er gert skýrara með tilliti til nýrrar athugasemdar 3 við kaflann, sbr. um c hér að neðan.

b. Athugasemd 2 g við 25. kafla er orðuð að nýju og kristöllum úr magnesíumoxydi og optískum vörum úr magnesíumoxydi bætt við upp-talningu athugasemdarinnar.

c. Ný athugasemd er tekin upp þar sem þær vörur eru skýrgreindar nánar er fallið geta undir nr. 25.32, sem jafnframt er breytt efnislega.

d. Nr. 25.09 er fellt niður en vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 25.32.

e. Nr. 25.19 er orðað að nýju og gert rýmra.

f. og g. Nr. 25.25 og 25.29 eru felld niður en vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 25.32.

h. Nr. 25.32 er orðað að nýju og það nánar skýrgreint með nýrri athuga-semd, 3, við kaflann, sbr. c hér að framan.

Um 15. a. Tilvitnun í nr. 33.02 fellur niður þar sem nr. 33.02 er fellt brott úr 33. kafla.

b. og c. Nr. 27.05 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 27.04 sem orðað er að nýju. Jafnframt eru undirliðir orð-aðir að nýju til samræmis.

Um 16. Ný athugasemd, 3, bætist við VI. flokk. Athugasemdin ákvarðar flokkun vara sem seldar eru sem vörusamstæður. Eru vörurnar gerðar úr tveim eða fleiri efnisþáttum sem sumir eða allir teljast til VI. flokks. Athugasemdin er þó takmörkuð við vörusamstæður sem á að blanda saman svo að úr verði framleiðsluvara er fellur undir VI. eða VII. flokk og skal flokka þær undir þann vörulið VI. eða VII. flokks sem framleiðsluvaran fellur undir, að því tilskildu að uppfyllt séu önnur skilyrði athugasemdarinnar (a—c).

Af athugasemd þessari leiðir að vörusamstæður, sem settar eru saman úr tveim eða fleiri efnisþáttum er falla m. a. undir VI. flokk og not-aðar verða án undanfarandi blöndunar, skal flokka í samræmi við túlkunarreglu 3 b.

Um 17 a., b. Athugasemd 3 a er orðuð að nýju með hliðsjón af breyttri flokkun á magnesíumoxydi.

c. og d. Athugasemdir eru gerðar skýrari.

e. Sjá um a hér að framan.

f. og g. Nr. 28.07 og 28.11 eru felld niður og vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 28.13. Þar sem vöruliðirnir voru tollfrjálsir þykir eigi ástæða til að taka upp sérstaka uppskiptingu í nr. 28.13. Á þetta einnig við um liði h—q hér að neðan.

h. Nr. 28.18 er orðað að nýju og oxyd magnesíums fellt niður þar sem það flokkast eftir breytingu þessa undir nr. 25.19.

i. Við nr. 28.24 bætist „venjulegt kóbaltoxyd".

j. Nr. 28.26 er fellt niður og vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 28.28.

k. Við upptalningu í nr. 28.30 bætist hydroxyklóríd, brómíd og oxybrómíd, jódíd og oxyjódíd.

l. Nr. 28.31 er orðað að nýju og við bætist venjulegt kalsíumhypoklórít svo og hypobrómít.

m. Við nr. 28.32 bætist brómöt og perbrómöt, jódöt og perjódöt.

n. og o. Nr. 28.33 og 28.34 falla niður en vörur úr þeim flokkast eftir breytinguna undir nr. 28.30 og 28.32.

p. Nr. 28.41 fellur niður en vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 28.48.

q. Nr. 28.53 fellur niður en vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 28.58.

r. til t. Við nr. 28.55, 28.56 og 28.57 bætast orðin „einnig án kemískrar skýrgreiningar".

u. Nr. 28.58 er orðað að nýju, sbr. q hér að framan.

Um 18. a. Athugasemd 1 h við 29. kafla er orðuð að nýju.

b. Sjá um 22 hér á eftir.

c. til e. Nr. 29.17, 29.18 og 29.20 falla niður en vörur úr þeim flokkast eftir breytinguna undir nr. 29.21.

f. Nr. 29.32 fellur niður en vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 29.34.

g. og h. Sjá um 22 a hér á eftir.

Um 19. Tilvitnun í nr. 33.05 í athugasemd 2 a við 30. kafla breytist í nr. 33.06 þar sem nr. 33.05 fellur niður.

Um 20. a. Athugasemdin er orðuð að nýju og gerð skýrari.

b. og c. Orðalagi nr. 32.01 er breytt þar sem vörur úr nr. 32.02 eru teknar þar upp og nr. 32.02 fellt niður. Uppskipting er talin óþörf þar sem tollar eru engir á vörum í þessum númerum.

d. Við upptalningu í nr. 32.09 er bætt orðunum „upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla". Vörur þessar falla samkvæmt núgildandi tollskrá undir tnr. 32.09.21.

Um 21. a. Athugasemd 2 við 33. kafla er orðuð að nýju með hliðsjón af niðurfellingu nr. 33.05 og upptöku vara þaðan í nr. 33.06.

b. til d. Nr. 33.01 er orðað að nýju þar sem nr. 33.02 og 33.03 eru felld niður og vörur úr þeim flokkast eftir breytinguna undir nr. 33.01. Eigi þykir ástæða til sérstakrar uppskiptingar vegna breytinga þessara.

e. og f. Sjá um a hér að framan. Jafnframt breytingum þessum þykir nauðsynlegt að taka upp nýjan skiptilið, 13, fyrir vörur úr nr. 33.05 þar sem enginn tollur er lagður á þessar vörur samkvæmt núgildandi tollskrá og gert er ráð fyrir að svo haldist áfram.

Um 22. a. Við fyrirsögn 35. kafla bætist orðið enzym en þau flokkuðust áður undir 29. kafla.

b. Athugasemd 1 við 35. kafla er orðuð að nýju og aukið við upptalningu vara sem falla utan kaflans.

c. Vegna upptöku nýs vöruliðar í 35. kafla, nr. 35.07, er tekin upp nánari afmörkun varðandi vörur sem falla undir nr. 35.04.

d. Tekinn er upp nýr vöruliður nr. 35.07 fyrir enzym. Gert er ráð fyrir óbreyttum tolltaxta þrátt fyrir breytta flokkun vörunnar.

Um 23. a. Athugasemdin er orðuð að nýju og gerð skýrari.

b. og c. Nr. 36.03 er fellt niður en vörur í því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 36.04 sem orðað er að nýju. Uppskipting vegna breytinga þessara er eigi talin nauðsynleg þar sem tollur samkvæmt núgildandi tollskrá er hinn sami í báðum tollskrárnúmerum.

d. og e. Nr. 36.07 er fellt niður en vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 36.08 sem orðað er að nýju. Uppskipting er eigi talin nauðsynleg þar sem tollur samkvæmt núgildandi tollskrá er hinn sami í báðum tollskrárnúmerum.

Um 24. a., b. Nr. 37.06 er fellt niður en vörur úr því flokkaðar undir nr. 37.07 sem orðað er að nýju. Lagt er jafnframt til að teknir verði upp tveir nýjir skiptiliðir, annar með 35% tolli en hinn án tolls, í samræmi við núgildandi tollskrárlög.

Um 25. a. Athugasemd 1 a 2 við 38. kafla er orðuð að nýju og efnum til að stjórna plöntuvexti bætt við núverandi upptalningu. Til samræmis er þeim jafnframt bætt við upptalningu í nr. 38.11.

b. og c. Nr. 38.02 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 38.03 sem orðað er að nýju.

d. Nr. 38.04 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 38.19.

e. og f. Nr. 38.10 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 38.09 sem jafnframt er orðað að nýju. Uppskipting er talin óþörf þar sem tolltaxti er hinn sami í báðum tollskrárnúmerum samkvæmt núgildandi lögum.

g. Sjá um a hér að ofan.

h. Vegna niðurfellingar á nr. 38.04 sbr. d hér að framan, er lagt til að tekinn verði upp nýr skiptiliður, 47, með 0% tolli svo að breytt flokkun á gasvatni og notuðum gashreinsunarleir leiði eigi til hækkunar tolls á vörum þessum.

Um 26. Ný athugasemd er tekin upp við VII. flokk. Sjá nánar um 16 hér að framan.

Um 27. a. Orðið „blævængir“ í athugasemd 1 við 39. kafla er fellt niður þar sem vörur þessar flokkast eftir breytinguna eftir efni því sem þær eru gerðar úr.

b. Tollskrárnúmer 39.07.18 er orðað að nýju og gert skýrara.

Um 28. a. Þarfnast ekki skýringar.

b. til e. Breytingar þessar leiða af niðurfellingu nr. 41.07, sbr. um f hér á eftir.

f. Nr. 41.07 er fellt niður og vörur úr því flokkast þá eftir atvikum undir nr. 41.02, 41.03 eða 41.04. Þar sem um óverulegan innflutning er að ræða í nr. 41.07 og breytingin skiptir ekki máli að því er varðar tolltekjur af tollskrárnúmerinu þykir eigi ástæða til þess að taka jafnframt upp sérstaka undirskiptingu í viðkomandi vöruliðum.

Um 29. Breytingin leiðir af niðurfellingu nr. 92.09, sbr. um 62 c og d hér á eftir.

Um 30. a. Orðalagsbreyting við athugasemd 3 við 44. kafla.

b. Breytingin leiðir af nýrri flokkun á hráefnum úr jurtaríkinu sem aðallega eru notuð til litunar og sútunar.

c. Nr. 44.06 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 44.04. Eigi þykir ástæða til að taka upp sérstaka uppskiptingu í viðkomandi vörulið.

d. Nr. 44.08 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 44.22, sbr. um h hér á eftir.

e. Við upptalningu í núverandi nr. 44.09 er bætt vörum úr nr. 44.10 og 44.11. Nr. 44.10 er fellt niður en nr. 44.11 verður nýr vöruliður er tekur til vara sem samkvæmt núgildandi lögum flokkast undir nr. 48.09. Jafnframt er lagt til að í nr. 44.09 verði teknir upp nýir skiptiliðir, 22 og 23, yfir vörur þessar og tollur færður til samræmis við núgildandi tollskrá.

f. og g. Sjá e hér að framan.

h. Við nr. 44.22 er bætt vörum úr nr. 44.08. Eigi þykir ástæða til að taka upp sérstakan skiptilið fyrir vörur þessar þar sem þær verða flokkaðar eftir breytinguna undir skiptilið 01 án þess að það hafi áhrif á tolltekjur.

i. og j. Við endurskoðun tollskrárlaga á árinu 1976 var tekið upp nýtt tollskrárnúmer, m. a. fyrir snaga, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar. Í ljós hefur komið við nánari athugun á tollskrárlögum að fatahengi og annað þess háttar úr trjáviði, sem ekki telst til 94. kafla, á samkvæmt flokkunarreglum tollnafnaskrárinnar að flokka undir nr. 44.27 en smávarning eins og snaga og hilluhné hins vegar undir nr. 44.28. Er lagt til að nýr skiptiliður, 02, verði tekinn upp í nr. 44.27 til leiðréttingar, jafnframt því sem orðalagi tollskrárnúmers 44.28.95 verði breytt.

Um 31. a., b. Nr. 46.01 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 46.02 sem orðað er að nýju. Jafnframt er tekinn upp nýr skiptiliður, 03, fyrir vörur úr nr. 46.01 með óbreyttum tolltaxta.

c. Sjá a og b hér að framan.

Um 32. a. Tilvitnun í nr. 48.02 er felld niður til samræmis við niðurfellingu á þessum vörulið.

b. og c. Sjá um a hér að framan.

d. og e. Í samræmi við niðurfellingu á nr. 48 02 og flokkun á vörum úr því undir nr. 48.01 er skilyrði um vinnsluaðferð fellt niður.

f. Nr. 48.06 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 48.07.

g. Í samræmi við niðurfellingu á nr. 48.06 og breytta flokkun vara úr því eru eftirfarandi orð í sviga í nr. 48.07 felld niður: „pappír og pappi sem telst til nr. 48.06, eða“.

h. Sjá um 30 e hér að framan.

i og j. Við upptalningu nr. 48.16 er bætt vörum sem taldar eru upp í nr. 48.17 jafnframt því sem nr. 48.17 er fellt niður. Uppskipting er talin óþörf þar eð vörurnar flokkast eftir breytinguna undir tolllskrárnúmer 48.16.06 með sama tolltaxta.

Um 33. a. Athugasemd 2 við XI. flokk er orðuð að nýju og flokkunarreglan einfölduð til muna. Samkvæmt reglu þessari skal flokka spunaefni og vörur úr þeim, sem talist geta til einhvers númers í 50. til 57. kafla (úrgang, garn, vefnað o. s. frv.) og gerðar eru úr blöndu af tveim eða fleiri spunaefnum, eins og það væri alfarið úr því spunaefni sem miðað við þunga er mest af í vörunni. Blöndun spunaefnanna verður þó að fara fram fyrir eða við spuna, fléttun eða vefnað.

Þegar um er að ræða vöru úr tveim eða fleiri spunavörum úr mismunandi (spuna)-efnum, sem saumaðar eru saman, límdar saman o. s. frv., skal flokkun vörunnar byggð á almennri túlkunarreglu 3. Samkvæmt því á athugasemd 2 við XI. flokk einungis við þegar nauðsynlegt er að ákveða spunaefni sem mest er af að þunga í vefnaðinum með tilliti til flokkunar vefnaðarins í heild.

b. Ný athugasemd, 8, bætist við athugasemdir við XI. flokk og þarfnast ekki skýringar.

Um 34. a, b. Nr. 50.06 er fellt niður og vörur úr því teknar upp í nr. 50.05 sem orðað er að nýju. Upptalning á vörum í nr. 50.05 núgildandi laga fellur niður án þess að breyting verði á flokkun þeirra. Uppskipting á nr. 50.05 er talin óþörf þar sem tolltaxti er hinn sami á báðum vöruliðum.

c. og d. Nr. 50.08 er fellt niður og vörur úr því teknar upp í nr. 50.07 sem orðað er að nýju. Eigi er talin þörf á uppskiptingu vöruliðarins vegna þessara breytinga.

e. og f. Nr. 50.10 er fellt niður og vörur úr því teknar upp í nr. 50.09 sem orðað er að nýju. Uppskipting er talin óþörf.

Um 35. a., b. Nr. 53.13 er fellt niður og vörur úr því teknar upp í nr. 53.12 sem orðað er að nýju. Uppskipting er talin óþörf.

Um 36. a., b. og c. Nr. 57.05 og 57.08 eru felld niður og vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 57.07 sem orðað er að nýju. Uppskipting á vöruliðnum vegna breytinga þessara er talin óþörf.

d., e. og f. Nr. 57.09 og 57.12 eru felld niður og vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 57.11 sem orðað er að nýju. Uppskipting á vöruliðnum vegna breytinga þessara er talin óþörf.

Um 37. a. Þarfnast ekki skýringar.

b. Með athugasemd þessari er tekin upp almenn skýrgreining á hugtakinu „flóki“.

c. og d. Nr. 59.09 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 59.12. Tekin er upp ný undirskipting með óbreyttum tolltöxtum.

Um 38. Með athugasemd þessari er tekin upp almenn skýrgreining á hugtakinu „prjónavörur“.

Um 39. a., b. Sjá um 37. c og d hér að framan.

c. Nr. 61.08 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 61.11. Lagt er til að vöruliðurinn verði áfram óskiptur þrátt fyrir mismunandi toll á vörum þessum samkvæmt gildandi tollskrá, enda er um óverulegan innflutning að ræða samkvæmt nr. 61.08. Eðlilegt verður að telja að sami tollur sé á öllum tilbúnum hlutum til fatnaðar sem flokkast í 61. kafla.

Um 40. Sjá um 27 hér að framan.

Um 41. a. Sjá um 27 hér að framan.

b. Orðin „Fjaðrasópar (nr. 96.04)“ í athugasemd 1 e við 67. kafla eru felld niður þar sem gert er ráð fyrir að fjaðrasópar flokkist eftir breytinguna undir nr. 67.01. Með því að breytt tollflokkun hefur í för með sér óverulega tímabundna hækkun tolltaxta og innflutningur á vörunni hefur verið mjög takmarkaður þykir eigi ástæða til að taka upp sérstaka undirskiptingu.

c. Sjá um 27 hér að framan.

d. Bætt er við upptalningu í nr. 67.03 orðunum „önnur spunaefni“ og númerið orðað að nýju.

e. Orðið „fléttur“ er fellt niður úr upptalningu vara í nr. 67.04 sem jafnframt er orðað að nýju. Þrátt fyrir breytingu þessa flokkast fléttur eftir sem áður undir vöruliðinn.

f. Sjá um 27 hér að framan.

Um 42. a. Ný athugasemd er frávísar úr 68. kafla vörum sem gerðar eru úr nánar tilgreindum efnum og flokkast eftir breytinguna undir nr. 95.08.

b. og c. Nr. 68.05 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 68.04. Uppskipting á vöruliðnum vegna breytinga þessara er talin óþörf.

Um 43. Nr. 70.02 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 70.01. Uppskipting er talin óþörf.

Um 44. a. Sjá um 27 hér að framan.

b. Sjá um 42 b og c hér að framan.

c. Við athugasemd 5 við 71. kafla bætast orðin „og málmsambönd".

Um 45. a. Sjá um 23 d og c hér að framan.

b. Við athugasemd 2 c við XV. flokk er bætt orðunum „og rammar og speglar úr ódýrum málmum í nr. 83.06".

c. Felld er niður tilvitnun í nr. 74.13.

d. Athugasemd 3 við XV. flokk er orðuð að nýju og flokkunarreglan einfölduð. Eftir breytingu þessa skal almennt flokka legeringar úr ódýrum málmum eftir þeim málmi sem mest er af í legeringunni miðað við þunga.

Um 46. a., b. Nr. 73.28 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 73.27 sem er orðað að nýju. Jafnframt er tekinn upp nýr skiptiliður, 04, fyrir möskvateygðar plötur með óbreyttum tolltaxta.

c. og d. Nr. 73.39 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 73.38 sem orðað er að nýju. Undirliður er orðaður að nýju og jafnframt er tekinn upp ný undirskipting með óbreyttum tolltöxtum.

Um 47. a. Nr. 74.09 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 74.19, sbr. um g hér á eftir.

b. og c. Nr. 74.12 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 74.11 sem orðað er að nýju. Uppskipting er talin óþörf.

d. Nr. 74.13 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 74.19, sbr. um g hér að neðan.

e. og f. Nr. 74.14 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 74.15 sem orðað er að nýju. Eigi þykir ástæða til að taka upp nýjan skiptilið vegna breytinga þessara þótt nokkur tollmunur sé samkvæmt núgildandi lögum á þessum tveimur vöruliðum. Stafar það í fyrsta lagi af því að innlend framleiðsla mun engin hafa verið á vörum í nr. 74.14 og grundvöllur fyrir EFTA og EBE-tollmeðferð því eigi verið fyrir hendi og í öðru lagi hefur innflutningur verið mjög takmarkaður. Er gert ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs vegna breytinga þessara verði óverulegt.

g. Vegna niðurfellingar á nr. 74.09 og 74.13 er lagt til að teknir verði upp nýir skiptiliðir, 05 og 06, við nr. 74.19, með óbreyttum tolltaxta, er taki til vara sem samkvæmt núgildandi lögum flokkast undir nr. 74.09 og 74.13.

Um 48. a., b. og c. Nr. 76.13 og 76.14 eru felld niður og vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 76.16. Jafnframt eru teknir upp nýir skiptiliðir í nr. 76.16 með óbreyttum tolltaxta fyrir vörur sem samkvæmt núgildandi lögum flokkast undir tollskrárnúmer 76.13.02, 76.13.03 og 76.14.00.

Um 49. a., b. Nr. 77.03 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 77.02 sem orðað er að nýju. Þar sem enginn innflutningur hefur verið á vörum sem falla undir nr. 77.03 þykir eigi ástæða til þess að taka upp sérstaka undirskiptingu samhliða nefndum breytingum.

Um 50. a., b. Nr. 79.05 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 79.06. Jafnframt er tekinn upp nýr skiptiliður, 05, fyrir vörur þessar.

Um 51. a. Athugasemd 3 við 82. kafla er felld niður til samræmis við upptöku nýrra almennra túlkunarreglna, sbr. um 1 a og b hér að framan.

b. og c. Nr. 82.10 er fellt niður og vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 82.09 sem orðað er að nýju. Jafnframt er tekinn upp nýr skiptiliður, 02, fyrir vörur úr nr. 82.10 með óbreyttum tolltaxta.

Um 52. a., b. Nr. 83.12 er fellt niður og vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 83.06 sem orðað er að nýju. Jafnframt er lagt til að teknir verði upp tveir nýir skiptiliðir, 01 og 09, fyrir vörur úr þessum vöruliðum með óbreyttum tolltöxtum.

b. og c. Nr. 83.10 er fellt niður og vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 83.09 sem orðað er að nýju. Eigi þykir ástæða til þess að taka upp sérstaka undirskiptingu vegna breytinga þessara þar sem innflutningur á perlum og paljettum er því sem næst enginn og tolltekjur hverfandi litlar.

Um 53. a. Orðalagsbreyting á athugasemd 1 a við XVI. flokk.

b. Orðalagsbreyting á athugasemd 1 b við XVI. flokk til samræmis við orðalag í athugasemd 1 a, sbr. a hér að ofan.

c. Tilvitnun í athugasemd 1 n við XVI. flokk breytist í samræmi við niðurfellingu á nr. 96.02, sbr. um 63 d hér að neðan.

Um 54 a., b. Nr. 84.04 er fellt niður og vörur úr því flokkast eftir breytinguna undir nr. 84.05 sem orðað er að nýju. Uppskipting vegna breytinga þessara er talin óþörf.

c. og d. Samkvæmt orðalagi tollnafnaskrár tollasamvinnuráðsins flokkast áburðardreifarar undir tnr. 84.24.20. Við síðustu endurskoðun tollskrárinnar urðu þau mistök að tekið var upp sérstakt tnr. fyrir vörur þessar, tnr. 84.24.41. Til að samræma íslensku tollskrána tollnafnaskránni er lagt til að tnr. 84.24.41 og 84.24.49 verði felld niður og óuppskiptur undirliður, 40, verði tekinn upp. Tolltaxti á vörunum helst óbreyttur þrátt fyrir breytingar þessar.

e. Við upptalningu vara í tollskrárnúmerinu er bætt orðinu „trjávöru-".

f. Við síðustu endurskoðun tollskrárlaga féll niður tollskrárnúmer yfir vélar og tæki til efnaiðnaðar. Er lagt til að efnislega samhljóða tollskrárnúmer verði tekið upp til leiðréttingar, sbr. tnr. 84.59.22 í tollskrá 1974.

g. Að ósk samtaka iðnaðarins var við síðustu endurskoðun tollskrárlaga tekin upp nánari uppskipting á nr. 84.61 til þess að afla tölfræðilegra upplýsinga um innflutning tiltekinna vara. Með því að uppskipting þessi þykir ekki allskostar fullnægjandi er lagt til að tekinn verði upp með óbreyttum tolltaxta nýr skiptiliður, 13, fyrir hitastillta loka úr kopar eða koparlegeringum.

Um 55. a. Nr. 85.11 ásamt undirliðum er orðað að nýju þar sem við vöruliðinn bætast lasergeislatæki.

b. Úr nr. 85.20 eru felldir niður rafmagnsleifturlampar til myndatöku. Eftir breytinguna flokkast þar undir nr. 90.07, sbr. um 60 b hér á eftir.

c. Við upptalningu vara í nr. 85.21 er bætt ljósdíóðum. Vörur þessar flokkast samkvæmt orðalagi núgildandi laga í tnr. 85.21.31 og verður því eigi nein breyting á flokkun þeirra við breytingu þessa.

Um 56. Sjá um 63 d hér á eftir.

Um 57. a., b. Nr. 86.01 er fellt niður og vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 86.01 sem orðað er að nýju. Uppskipting er talin óþörf vegna breytinga þessara.

Um 58. a. Nr. 87.11 er orðað að nýju og ökutæki fyrir fatlaða og sjúka flokkuð þar án tillits til þess með hverjum hætti þau eru knúin. Fellur því

niður upptalning á ökutækjum fyrir fatlaða og sjúka sem nefnd eru í nr. 87.13.

b. Nr. 87.13 er orðað að nýju og tekin upp ný undirskipting án þess að breyting sé gerð á tolltöxtum frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Um 59. Við upptalningu nr. 89.03 er bætt nýjum vörutegundum.

Um 60. Þarfnast ekki skýringar.

Um 61. a. Sjá um 52 a og d hér að framan.

b. Við nr. 90.07 og undirlið, sem orðaður er að nýju, er bætt leifturlömpum (flashbulbs). Úrhleðslulampar flokkast þó áfram undir nr. 85.20. Af breytingu þessari leiðir að leifturlampar, sem áður voru með 40% tolli, teljast eftir breytinguna til tnr. 90.07.29 með 35% tolli. Vegna hins litla tollmunar þykir eigi ástæða til að tekinn sé upp sérstakur skiptiliður með 40% tolli.

c. Við upptalningu vara í nr. 90.13 er bætt „lasertæki, þó ekki laserdíóður".

d., e., f. og g. Samkvæmt orðalagi tollnafnaskrárinnar flokkast bergmálsdýptarmælar og þau tæki önnur, sem talin eru upp í tnr. 90.28.21 núgildandi tollskrárlaga, undir tnr. 90.28.30. Til að samræma ísl. tollskrána tollnafnaskránni er lagt til að tnr. 90.28.21 og 90.28.29 verði felld niður og tnr. 90.28.30 verði skipt upp í tvö tollskrárnúmer með sama tolltaxta, tnr. 90.28.31 og 90.28.39. Jafnframt er lagt til að nýr undirliður, 20, verði tekinn upp með 7% tolli.

Um 62. a. Þarfnast ekki skýringar.

b. Sjá um 64 b-e hér á eftir.

c. og d. Nr. 92.09 er fellt niður og vörur úr því flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 92.10 sem breytt er til samræmis. Uppskipting er talin óþörf.

e. Þarfnast ekki skýringar.

Um 63. a. Núverandi athugasemdir a—m við 95. kafla verða athugasemd 1 jafnframt því sem stafliður b er felldur niður, sbr. um 27 hér að framan.

b. Ný athugasemd, 2, er tekin upp við 95. kafla um nánari skýrgreiningu á hugtakinu útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu í nr. 95.08.

c. til g. Nr. 95.01, 95.02, 95.03 og 95.04 eru felld niður og vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 95.05 sem orðað er að nýju. Ný uppskipting vegna breytinga þessara er talin óþörf.

h., i. og j. Nr. 95.06 og 95.07 eru felld niður og vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 95.08 sem orðað er að nýju. Ný uppskipting vegna breytinga þessara er talin óþörf.

Um 64. a. Sjá um 41 b hér að framan.

b. til e. Nr. 96.02 og 96.03 eru felld niður og vörur úr þeim flokkaðar eftir breytinguna undir nr. 96.01 sem orðað er að nýju. Jafnframt er tekin upp ný undirskipting, m. a. nýir skiptiliðir með óbreyttum tolltaxta fyrir vörur úr nr. 96.02 og 96.03.

f. Sjá um 41 b hér að framan.

Um 65. Nr. 98.13 er fellt niður en eftir breytingu þessa flokkast vörur úr vöruliðnum eftir efni því sem þær eru gerðar úr.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. **418. Frumvarp til laga** [218. mál]

um breytingu á lögum nr. 49, 1. maí 1968 um áskorunarmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð, að stefndi megi örugglega sjá, um hvaða kröfur sé að tefla.

Í stefnu skal greina:

1. Nöfn aðila, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfsstofu.
3. Dómkröfur.
4. Ýtarlega lýsingu málavaxta.
5. Réttarsamband milli aðila og þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, sbr. 4. gr.
7. Dómþing, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðili getur gefið út stefnu sjálfur eða snúið sér til héraðsdómara, er gefur út stefnu að beiðni hans, sbr. 87. gr. laga nr. 85, 23. júní 1936.

Stefnu skal rita á tvöfalda örk í stærðinni A4, og skal hún auðkennd í upphafi máls með orðinu áskorunarstefna.

Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 cm séð frá kili arkarinnar.

Stefna skal vera í fjórriti enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt, skal bæta við einu eintaki fyrir hvern, sem stefnt er til viðbótar.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stefnu skal vera áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum, þar eð annars megi búast við, að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú snýr stefnandi sér til dómara með beiðni um útgáfu áskorunarstefnu, og skal hann þá leggja fyrir hann stefnu í nægilega mörgum eintökum samkvæmt 3. gr. Auk þess skal stefnandi sýna dómara skjöl þau, er hann byggir kröfur sínar á.

Er dómari hefur gengið úr skugga um, að mál megi reka samkvæmt lögum þessum, gefur hann út áskorunarstefnuna.

Dómari er óbundinn af þessu áliti sínu, er hann endanlega afgreiðir málið síðar.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú telur dómari, að eigi séu efni til, að mál sæti meðferð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá synja um útgáfu áskorunarstefnu með rökstuddri bókun í þingbók, sé þess krafist. Þessari ákvörðun dómara verður ekki skotið til Hæstaréttar.

6. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, þar af annað með stefnubirtingarvottorði og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim, er hann byggir dómkröfur sínar á. Hafi dómari gefið út áskorunarstefnu, skulu bæði frumritin vera með áritun hans en ella með áritun stefnanda.

7. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Nú verður útivist af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum,og ritar dómari þá eða stimplar samkvæmt kröfu stefnanda á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá dagsetningu áritunar, enda sé málatilbúningi stefnanda í engu áfátt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 49 1. maí 1968 um áskorunarmál, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið lagafrumvarp þetta og lét hún fylgja því svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp til laga um áskorunarmál var á sínum tíma samið af Magnúsi Thoroddsen borgardómara og Stefáni Má Stefánssyni núverandi prófessor. Hefur verið haft samráð við þá um breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á lögunum. Þá hefur borgardómaraembættið í Reykjavík fengið frumvarpið til athugunar og telur það breytingarnar til verulegra bóta.

Áskorunarmál hafa verið tæplega helmingur af dæmdum útivistarmálum á bæjarþingi Reykjavíkur undanfarin ár. Árið 1976 voru þau 2109 en 2005 árið 1977. Önnur skriflega dæmd útivistarmál voru 2186 árið 1976 en 2197 árið 1977. Nokkrar líkur eru á, að áskorunarmálum fari hlutfallslega fækkandi á næstu árum. Ástæðan mun m. a. vera sú, að lögmenn vilja spara sér ferð á fund dómara til að fá útgefna áskorunarstefnu, en samkvæmt núgildandi lögum er skylt, að dómari gefi út áskorun á hendur stefnda að greiða stefnukröfurnar. Skal áskorun þessi rituð eða stimpluð á stefnu. Lögin um áskorunarmál hafa reynst vel í framkvæmd og eru tvímælalaust til þess fallin að flýta meðferð mála, spara dómurum tíma og minnka vélritun. Þykir því rétt að leggja til, að sú breyting verði gerð á þeim, að stefnandi geti sjálfur gefið út áskorunarstefnu. Það mundi einnig spara vinnu fyrir dómara við að lesa og gefa út stefnu. Er breytingin því við það miðuð, að stefnandi geti valið um, hvort hann fær dómara til þess eða geri það sjálfur.

Þá er lagt til, að stefnukröfur verði aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá áritun dómara um aðfarahæfi, án þess að sérstök birting þurfi að fara fram. Mundi það spara tíma og fyrirhöfn fyrir stefnanda og flýta endanlegri afgreiðslu máls. Ástæðan fyrir hinum mikla fjölda skuldamála hér á landi er í flestum tilfellum vilja- eða getuleysi skuldara til að greiða skuld sína. Aðeins örsjaldan er krafan umdeild.

Réttarfarsnefnd telur, að breytingar þær, sem frumvarpið felur í sér muni stuðla að fjölgun áskorunarmála og þar með flýta meðferð mála og auka afköst dómstóla.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Bætt er inn í greinina ákvæði um, að í stefnuninni sjálfri skuli vera áskorun til stefnda um að greiða stefnukröfurnar. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 2. gr.

Hér eru ákvæði um form stefnu og útgáfu hennar.

Um 3. og 4. gr.

Greinar þessar koma í stað 4. og 5. gr. núgildandi laga og fela ekki í sér aðra efnisbreytingu en þá, sem af því leiðir, að aðili getur sjálfur gefið út áskorunarstefnu.

Um 5. og 6. gr.

Aðeins er um að ræða orðalagsbreytingu, sem leiðir af því, að aðili getur sjálfur gefið út áskorunarstefnu.

Um 7. gr.

Hér er sú breyting gerð, að hægt er að beiðast aðfarar hjá skuldara að liðnum 7 dögum frá áritun um aðfararhæfi, án þess að birta þurfi áritun eins og nú er. Þetta mundi spara tíma og fyrirhöfn.

Sþ. 419. Skýrsla

fjármálaráðherra um afkomu ríkissjóðs 1977 semkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhelds.

Afkoma ríkissjóðs 1977.

Í því sem hér fer á eftir verða dregnir fram meginþættirnir í þróun ríkisfjármála á árinu 1977, þar sem áhersla verður lögð á að sýna frávik frá fjárlagaáætlun og skýra orsakir þeirra. Er þá miðað við bráðabirgðauppgjör ríkisbókhaldsins, þar sem byggt er á greiðslugrunni. Af báðum orsökum má búast við að tölur endanlegs ríkisreiknings verði eitthvað frábrugðnar, en rekstrargrunnur er notaður í því uppgjöri. Er ætlunin, að A-hluti ríkisreiknings verði lagður fram í aprílmánuði.

Almennt eru orsakir frávika frá fjárlagaáætlunum fólgnar í því, að forsendur varðandi þróun launa og verðlags stóðust ekki, jafnvel þótt gengið hafi verið lengra í því en áður að áætla launa- og verðlagshækkanir á árinu. Ennfremur komu til aðgerðir í ríkisfjármálum, sem ekki urðu fyrirséðar við afgreiðslu fjárlaga ársins, og á þetta einkum við um hækkun niðurgreiðslna og lækkun tekjuskatts í sambandi við lausn kjaradeilunnar á hinum almenna vinnumarkaði í júní s. l., eins og vikið verður að nánar hér á eftir.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi 1978 voru birtar áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1977, þar sem m. a. var tekið tillit til framangreindra atriða, en þessar áætlanir tóku mið af ástandi og horfum í september 1977. Meginniðurstöður áætlananna koma fram á eftirfarandi yfirliti:

Tölur í milljörðum kr.	Bráðabirgðat. 31/12'77	Áætlun í sept. 1977	Fjárlög 1977
Tekjur	95,5	96,5	90,0
Gjöld	98,3	95,9	89,2
Rekstrarjöfnuður	−2,8	0,6	0,8

Tekjur reyndust þannig ofáætlaðar um 1,0 milljarð kr. í septemberáætluninni, og stafar frávikið af rýrari innheimtu beinna skatta og því, að hið sérstaka vörugjald varð undir þeirri áætlun. Gjöldin reyndust á hinn bóginn vanáætluð um 2,4 milljarða kr. við framlagningu fjárlagafrumvarps, og stafar frávikið annars vegar af launahækkunum umfram forsendur þeirrar áætlunar, en niðurstaða kjarasamninga við opinbera starfsmenn lá ekki fyrir á þeim tíma, og hins vegar af verulegri vanáætlun vaxtagjalda til Seðlabankans, eins og nánar er skýrt hér á eftir.

Eins og fram kemur á töflu 1 hér á eftir urðu helstu frávik tekjuliða frá fjárlagaáætlun þau, að almenn aðflutningsgjöld fóru 2,9 milljarða kr. fram úr áætlun og söluskattur reyndist 2,8 milljarða kr. umfram. Auk þess reyndust innflutningsgjöld af bílum 0,8 milljarða kr. og launaskattur 0,4 milljarða kr. hærri en í fjárlagaáætlun. Orsakir þessara frávika má að mestu rekja til þess, að aukning þjóðarútgjalda og innflutnings og kauplags- og verðlagshækkanir reyndust meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Á hinn bóginn urðu beinir skattar 1,3 milljörðum kr. undir áætlun, en tekjuskattur var lækkaður á árinu í sambandi við lausn kjaradeilunnar í júní, og auk þess reyndust tekjur af Á.T.V.R. ofáætlaðar um 0,4 milljörðum kr. minni en í fjárlögum. Frávik annarra tekjuliða urðu samtals 0,6 milljarða kr. umfram fjárlagaáætlun.

Að því er gjöldin varðar má segja, að frávik frá fjárlagaáætlun komi fyrst og fremst fram á launum og framlögum til almannatrygginga. Af heildarfrávikinu, 9,1 milljarði kr., koma þannig samtals 6,8 milljarðar kr., eða um þrír fjórðu hlutar á þessa tvo gjaldaliði. Að öðru leyti skulu nefnd vaxtagjöld, er fóru 1,1 milljarð kr. fram úr fjárlagaáætlun, og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem reyndust 0,9 milljarðar kr. umfram. Lánahreyfingar utan Seðlabanka sýndu 2,0 milljarða kr. innstreymi og reyndust 0,2 milljörðum hagstæðari en í fjárlagaáætlun, en hins vegar varð nettóútstreymi á viðskiptareikningum 1,3 milljarðar kr. þar sem fjárlagaáætlun gerði ráð fyrir jöfnuði. Í heild varð nettóinnstreymi lánahreyfinga og viðskiptareikninga þannig 0,7 milljarðar kr. Samtala tekna, gjalda og lánahreyfinga utan Seðlabanka en að meðtöldum viðskiptareikningum myndar þannig greiðsluhalla að fjárhæð 2,1 milljarð kr. Sé á hinn bóginn litið á greiðsluafganginn sem mælikvarða á efnahagslegt jafnvægi með því að taka tillit til vaxtagreiðslna til Seðlabanka og erlendra lántaka vegna A-hluta, verður greiðsluhallinn 0,8 milljarðar kr.

Tekjur.

Í fjárlögum ársins 1977 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 89 957 m.kr. Í þessari áætlun var miðað við 2—3% aukningu almennra þjóðarútgjalda á árinu 1977 og kauplags- og verðlagsforsendur áætlunarinnar tóku mið af þjóðhagsspá frá desember 1976 um kauplags- og verðlagsþróun á árinu 1977. Við afgreiðslu fjárlaga undangengin ár hafði oftast verið miðað við verðlag í landinu um þær mundir, sem fjárlögin voru afgreidd, og sjaldan ætlað verulega fyrir verðbreytingum. Þótt verðlagsforsendur fjárlaga væru þannig raunhæfari en verið hafði áður, varð ljóst eftir mitt ár að aukning þjóðarútgjalda og innflutnings og kauplags- og verðlagshækkanir yrðu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhaldsins reyndust tekjur í heild 95 521 m.kr., eða 5 564 m.kr. hærri en í áætlun fjárlaga. Verður hér eftir gerð grein fyrir helstu tekjuliðum og samanburður gerður við fjárlög og áætlun þá, er gerð var í september 1977 og fylgdi fjárlagafrumvarpi ársins 1978.

Beinir skattar og iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga, námu alls 13 191 m.kr. samanborið við 14 476 m.kr. í fjárlagaáætlun og 13 681 m.kr. í septemberáætlun. Eins og áður sagði, var tekjuskattur einstaklinga lækkaður með bráðabirgðalögum í júní. Álagður tekjuskattur félaga og eignarskattur reyndist hins vegar nokkru meiri en í fjárlagaáætlun en innheimta beinna skatta varð minni en búist var við í september.

Gjöld af innflutningi námu samtals 22 380 m.kr. samanborið við 18 553 m.kr. í fjárlagaáætlun og 21 580 m.kr. í septemberáætlun. Innflutningur varð mun meiri en reiknað var með í desember 1976 við afgreiðslu fjárlaga og reyndist meiri en spáð var fram eftir árinu. Þetta átti ekki síst við um innflutning hátollavöru og þá einkum bíla. Af þessum sökum urðu almennar tolltekjur 2 909 m.kr. meiri en í fjárlagaáætlun og nær 400 m.kr. meiri en í septemberáætlun. Sömu sögu er að segja af innflutningsgjaldi af bílum að það fór talsvert fram úr spá.

Sérstakt vörugjald varð 5 839 m.kr. eða 329 m.kr. umfram fjárlög og nokkru minna en reiknað var með í september. Aukning á innflutningi gjaldskyldrar vöru virðist þannig hafa orðið minni en aukning annars vöruinnflutnings.

Söluskattur nam samtals 34 361 m.kr. samanborið við 31 610 m.kr. í fjárlögum og 35 100 m.kr. í septemberáætlun. Eins og áður sagði, var veltubreyting meiri en miðað var við í fjárlögum en þó ekki eins mikil og ætlað var í september auk þess sem innheimta söluskatts í desember varð minni en ætlað var, sem hins vegar var að talsverðu leyti bætt upp með mikilli innheimtu söluskatts í janúar í ár.

Launaskattur var 5 018 m.kr. eða mjög svipaður og í septemberáætlun en 423 m.kr. umfram fjárlagatölu, enda hækkuðu laun á síðari hluta ársins talsvert umfram fjárlagaforsendur.

Rekstrarhagnaður ÁTVR reyndist minni en fjárlög gerðu ráð fyrir eða um 7 942 m.kr. samanborið við 8 600 m.kr. í fjárlögum. Að nokkru leyti stafaði þetta af því að verðbreytingar urðu nokkru síðar á árinu en miðað var við í fjárlagaáætlun en meginástæðan var minnkun tóbaksneyslu.

Aðrir tekjuliðir reyndust í heild 177 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Er hér um að ræða ýmsa smærri liði, er sýndu frávik ýmist yfir eða undir áætlun, en ekki er ástæða til að gera nánari grein fyrir þeim hér.

Gjöld.

Á rekstrarreikningi fjárlaga voru gjöld áætluð samtals 89 153 m.kr., en samkvæmt bráðabirgðauppgjöri reyndust þau 98 289 m.kr., og urðu því gjöld umfram áætlun 9 136 m.kr. eða 10%. Er þetta minna frávik en um langt árabil, og orsakast m. a. af því að í fjárlögum ársins var í ríkara mæli en fyrr tekið tillit til væntanlegra launa- og verðlagshækkana á fjárlagaárinu. Eins og á undanförnum árum stafar frávikið þó að verulegu leyti af hækkunum launa og bóta almannatrygginga umfram fjárlagaforsendur. Þannig er launakostnaður áætlaður 5 160 m.kr. umfram fjárlög og framlög til almannatrygginga 1 635 m.kr. umfram. Þessir tveir gjaldaliðir skýra þannig um þrjá fjórðu hluta fráviksins. Af öðrum gjaldaliðum, sem hafa farið fram úr fjárlagaáætlun, skulu hér nefnd vaxtagjöld 1 073 m.kr., uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 918 m kr. og niðurgreiðslur á vöruverði innanlands 542 m.kr. Á móti þessu kemur að nokkrir mikilvægir gjaldaliðir, sem að nokkru voru ætlaðir til að mæta umframgjöldum af framangreindu tagi, þ. e. óviss útgjöld og gjöld vegna sérstakra laga og heimildarlaga, reyndust samtals 457 m.kr. undir fjárlagaáætlun, þannig að nettóhreyfingar umfram fjárlagaáætlun hafa orðið 265 m.kr. á öðrum fjárlagaliðum.

Hér á eftir verður greint nánar frá helstu gjaldaliðum eftir ráðuneytum, sbr. töflu 2 í töfluviðauka hér á eftir. Beinn samanburður við fjárlagatölur er að því leyti villandi, að áætluðum launahækkunum ársins var ekki dreift á einstakar stofnanir í fjárlögum, heldur færðar á sérstakan lið undir fjármálaráðuneyti. Verður því sérstaklega gerð grein fyrir áhrifum launahækkana á fjárlagaliði einstakra ráðuneyta, enda þótt á þessu stigi geti ekki verið um annað en áætlun að ræða.

Æðsta stjórn ríkisins. Á fjárlögum voru ætlaðar 556 m.kr. til æðstu stjórnar ríkisins, en útgjöldin reyndust 721 m.kr., þ. e. 165 m.kr. eða 30% hærri. Gera má ráð fyrir að taxtahækkanir launa hafi leitt til 95 m.kr. umframgjalda, og hafa gjöld því farið fram úr áætlun af öðrum orsökum sem nemur 70 m.kr. Þannig reyndust viðgerðir og endurbætur á forsetasetrinu 24 m.kr. umfram fjárlagaáætlun og annar rekstur forsetaembættisins 13 m.kr. umfram. Kostnaður við ríkisstjórn fór um 21 m.kr. fram úr áætlun og Alþingiskostnaður reyndist nálægt 10 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, þegar framangreindar launahækkanir eru frátaldar. Aðrir liðir undir æðstu stjórn fóru 2 m kr. fram úr áætlun fjárlaga.

Forsætisráðuneytið. Fjárlagaáætlun var 1 740 m.kr. og útkoma 1 797 m.kr. Er mismunur 57 m.kr. eða 3%. Mikilvægasti liðurinn er framlag til Byggðasjóðs 1 630 m.kr., sem stóðst áætlun nákvæmlega, og fóru því aðrir fjárlagaliðir forsætisráðuneytisins fram úr áætlun, er nemur framangreindum 57 m.kr. Af þessu eru áætlaðar launahækkanir 27 m.kr., umframgjöld vegna aðalskrifstofu 19 m.kr., vegna framkvæmda við stjórnarráðshús 5 m.kr., og vegna húsameistara ríkisins 6 m.kr.

Menntamálaráðuneytið. Fjárveitingar voru samtals 13 461 m.kr. á fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins, en útkoman reyndist 15 887 m.kr., og er það 2 426 m.kr. eða 18% umfram fjárlagaáætlun. Viðbætur við laun eru hér áætlaðar 1 946 m.kr., og eru umframgreiðslur að öðru leyti því 480 m.kr. Af helstu umframgreiðsluliðum má nefna, að aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum, sem er markaður tekjustofn, reyndust 223 m.kr. umfram áætlun og greiddar voru 69 m.kr. umfram fjárlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þær 188 m.kr., sem þá eru eftir af umframgreiðslum skiptast á fjölmarga liði, sem of langt væri að telja upp í þessari greinargerð.

Utanríkisráðuneytið. Heildarkostnaður við utanríkisráðuneytið var áætlaður 1 021 m.kr. í fjárlögum, en reyndist 1 118 m.kr. Er kostnaður umfram áætlun því 97 m.kr. eða 10%. Væru launahækkanir áætlaðar á hliðstæðan hátt og í öðrum ráðuneytum kæmu 128 m.kr. í hlut utanríkisráðuneytisins, þannig að aðrir liðir yrðu 31 m.kr. undir áætlun. Þetta skýrist annars vegar af því, að framlög til alþjóðastofnana urðu 70 m.kr. undir áætlun, og kostnaður við sendiráðin hækkaði minna en kostnaður innan lands. Á hinn bóginn fór kostnaður við löggæslu á Keflavíkurflugvelli 33 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun, þegar tekið hefur verið tillit til launahækkana, og við varnarmáladeild 30 m.kr., en þar voru færðar 27 m.kr. vegna kaupa á vopnaleitartæki á Keflavíkurflugvelli.

Landbúnaðarráðuneytið. Fjárveitingar til landbúnaðarráðuneytisins voru 4 846 m.kr. en útkoman varð 1 074 m.kr. hærri eða 22%. Launahækkanir eru áætlaðar 134 m.kr., en meginskýringin á umframgreiðslum að öðru leyti er, að útflutningsuppbætur urðu 916 m.kr. hærri en fjárlagaáætlunin. Afgangur umframgjaldanna, 24 m.kr. skiptist á ýmsa liði.

Sjávarútvegsráðuneytið. Fjárlagaáætlun var samtals 2 162 m.kr., en heildargreiðslur reyndust 2 349 m.kr., sem er 187 m.kr. eða 9% hærra. Þetta frávik skýrist að meginhluta af launahækkunum, sem áætla má 181 m.kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Heildarkostnaður varð 6 987 m.kr., sem er 1 680 m.kr. umfram fjárlagaáætlun eða 32%. Kostnaðarauki vegna launahækkana er hér metinn 787 m.kr., þannig að aðrar umframgreiðslur nema 893 m.kr. Af einstökum umframliðum má nefna stofnkostnað vegna húsakaupa fyrir ríkisrannsóknarlögreglu og bæjarfógeta í Kópavogi, samtals 138 m.kr., landhelgisgæslu vegna lánagreiðslna af flugvélakaupum 165 m.kr., en afgangurinn, 590 m.kr., er að verulegu leyti vegna umframkostnaðar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Félagsmálaráðuneytið. Í fjárlögum voru áætlaðar samtals 3 948 m.kr. til fjárlagaliða félagsmálaráðuneytisins, en útkoman varð 350 m.kr. hærri eða 9%. Launahækkanir eru hér áætlaðar 11 m.kr., þannig að aðrar umframgreiðslur eru 339 m.kr. Þar af eru 209 m.kr. til Húsnæðismálastjórnar, 65 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna, 22 m.kr. til Erfðafjársjóðs, 19 m.kr. til Lánasjóðs sveitarfélaga og 24 m.kr. vegna vinnumála, einkum kostnaður við sáttanefndir í vinnudeilum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Fjárveitingar námu samtals 29 562 m.kr., en heildargreiðslur reyndust 32 756 m.kr. Urðu því greiðslur umfram fjárlög 3 194 m.kr. eða 11%. Launahækkanir á stofnunum þessa ráðuneytis eru áætlaðar 884 m.kr., þannig að aðrar greiðslur hafa farið 2 310 m.kr. fram úr fjárlagaáætlun. Munar þar langmest um framlög til almannatrygginga, 1 634 m.kr., vegna hækkana á bótum lífeyristrygginga og daggjalda á sjúkrahúsum umfram fjárlagaforsendur. Afgangur umframgjaldanna, 676 m.kr., kemur fyrst og fremst fram í útgjöldum ríkisspítala, þegar tekið hefur verið tillit til launahækkana á árinu.

Fjármálaráðuneytið. Hér kemur fram allveruleg lækkun við beinan samanburð við fjárlög, en það stafar af því, að á sérstakan fjárlagalið undir fjármálaráðuneytið voru færð gjöld vegna launa- og verðlagsmála, er tilheyra ríkisrekstrinum í heild, að fjárhæð 2 007 m.kr. Þá voru hliðstæðir liðir vegna sérstakra laga og óvissra útgjalda samtals 457 m.kr. undir áætlun, og framlög til ríkisábyrgðasjóðs reyndust 145 m.kr. lægri en í fjárlögum. Að þessum liðum frátöldum urðu gjöld fjármálaráðuneytisins 550 m.kr. umfram áætlun, en þar af má áætla launahækkanir 435 m.kr. Afgangur umframgjaldanna, 115 m.kr., skiptist á ýmsa liði.

Samgönguráðuneytið. Áætlun fjárlaga var samtals 9 325 m.kr., en gjöld reyndust 312 m.kr. eða 3% hærri. Launahækkanir eru hér metnar 355 m.kr., þannig að aðrir liðir eru 43 m.kr. undir áætlun. Þetta frávik skýrist af því, að framlög til hafnamála reyndust 76 m.kr. lægri en í fjárlögum, en á hinn bóginn urðu framlög til ferðamála 57 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Aðrir liðir urðu því 24 m.kr. undir áætlun, þegar tekið hefur verið tillit til launahækkana á árinu.

Iðnaðarráðuneytið. Útgjöld voru áætluð samtals 2 846 m.kr. í fjárlögum en reyndust 2 934 m.kr., sem er 88 m.kr. hærra eða 3%. Launahækkanir eru áætlaðar 120 m.kr., og urðu því greiðslur að öðru leyti 32 m.kr. undir áætlun. Þetta skýrist af því, að verðjöfnunargjald raforku, sem er markaður tekjustofn, varð 99 m.kr. undir áætlun, en umfram fjárlagaáætlun urðu framlög til lánasjóðs iðnaðarins 25 m.kr., kostnaður við hraunvarnir við Kísiliðju 18 m.kr. og ýmis önnur framlög 24 m.kr.

Viðskiptaráðuneytið. Heildargjöld voru áætluð 5 897 m.kr. en reyndust 6 355 m.kr., og er mismunurinn 458 m.kr. eða 8%. Launahækkanir eru áætlaðar 18 m.kr. og aðrir liðir því 441 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Skýringin er í því fólgin, að hækkun niðurgreiðslna á s. l. sumri í sambandi við lausn kjaradeilunnar, leiddi til 542 m.kr. umframgjalda á þessum lið, en á móti kemur, að greiðslur olíustyrks urðu 118 m.kr. undir fjárlagaáætlun. Aðrar umframgreiðslur urðu samtals 17 m.kr.

Hagstofa Íslands. Kostnaður var áætlaður 69 m.kr. í fjárlögum, en reyndist 13 m.kr. hærri eða 18%. Skýrast þessi umframgjöld að fullu af áætluðum launahækkunum.

Ríkisendurskoðun. Fjárveiting var 83 m.kr., útkoma 96 m.kr., og mismunur því 13 m.kr. eða 15%. Hér eru launahækkanir áætlaðar 18 m.kr., og hafa aðrir kostnaðarliðir þá reynst 5 m.kr. undir áætlun.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Gjöld voru í fjárlögum áætluð 2 319 m.kr. en reyndust 3 398 m.kr., sem er 1 079 m.kr. umfram eða 47%. Hér er eingöngu um

vaxtagjöld að ræða, sem reyndust 1 073 m.kr. umfram fjárlagaáætlun, því að þegar tekið hefur verið tillit til launahækkana að fjárhæð 6 m.kr., hafa aðrir gjaldaliðir staðist nákvæmlega. Skýring þessara miklu vaxtagjalda umfram áætlun er í fyrsta lagi sú, að yfirdráttur á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka varð meiri en reiknað var með, yfirdráttarvextir hækkuðu á árinu og innstæður sem koma til mótvægis í vaxtajöfnuði, lækkuðu á árinu. Í öðru lagi var í fjárlagaforsendum ekki gert ráð fyrir jafnmiklum breytingum verðlags og gengis og raun varð á, og því fóru vaxtagjöld af verð- og gengistryggðum lánum fram úr áætlun.

Lánahreyfingar.

Í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir nettóútstreymi lánahreyfinga að fjárhæð 630 m.kr. Eru þá meðtaldar afborganir af lánum í Seðlabanka, samtals 2 380 m.kr., en að þeim frátöldum var nettóinnstreymi 1 750 m.kr. Ekki var gert ráð fyrir breytingum á stöðu viðskiptareikninga í fjárlagaáætlun. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri reyndist nettóinnstreymi á lánahreyfingum utan Seðlabanka 1 955 m.kr., eða 205 m.kr. meira en í fjárlagaáætlun, og skýrist það af erlendri lántöku vegna skólakostnaðar. Á hinn bóginn varð nettóútstreymi á viðskiptareikningum 1 291 m.kr. og eru helstu frávikaliðir útstreymi vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 240 m.kr., vegna launareikninga Tryggingastofnunar ríkisins 230 m.kr., vegna skuldaviðurkenninga 556 m.kr., vegna geymds innheimtufjár 100 m.kr. og vegna ýmissa bráðabirgðalána 125 m.kr. Nettóhreyfingar á öðrum liðum viðskiptareikninga sýndu útstreymi að fjárhæð 40 m.kr. Útkoma á lánahreyfingum í heild utan Seðlabanka en að meðtöldum viðskiptareikningum sýndi nettóinnstreymi að fjárhæð 664 m.kr., eða 1 086 m.kr. minna innstreymi en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun.

Greiðsluafkoma.

Í fjárlögum ársins 1977 voru gjöld áætluð 89 153 m.kr., tekjur 89 956 m.kr. og neikvæð hreyfing lána 630 m.kr., þannig að greiðsluafgangur var áætlaður 173 m.kr. Hér eru afborganir lána til Seðlabankans taldar á úthlið lánahreyfinga, en að þeim frátöldum verða lánahreyfingar jákvæðar um 1 750 m.kr., og greiðsluafgangur verður 2 553 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri urðu gjöld ársins 98 289 m.kr., tekjur 95 521 m.kr. og nettóinnstreymi lánahreyfinga utan Seðlabanka en að meðtöldum viðskiptareikningum 664 m.kr. Greiðsluafkoman var þannig neikvæð um 2 103 m.kr., sem kemur fram í halla gagnvart Seðlabanka að fjárhæð 2 245 m.kr. að frádregnum auknum sjóðs- og bankainnstæðum um 142 m.kr.

Á greiðsluafkomuna þannig skýrgreinda má líta sem mælikvarða á peningaleg áhrif ríkisfjármálanna og áhrif þeirra á efnahagslegt jafnvægi. Þessi mælikvarði er þó ekki einhlítur, og má benda á að með rekstrargjöldum hafa hér verið taldar vaxtagreiðslur til Seðlabankans að fjárhæð 2 004 m.kr. Þessar greiðslur eru sérstaks eðlis með tilliti til áhrifa á heildareftirspurn, og ættu raunar ekki að teljast með útgjöldum við þessa skýrgreiningu greiðslujafnaðar. Á sama hátt ættu erlendar lántökur vegna A-hlutans ekki að verða til þess að bæta greiðsluafkomu ríkissjóðs vegna þess að eftirspurnaráhrif þeirra eru ekki annars eðlis en lántaka í Seðlabankanum. Samkvæmt því bráðabirgðauppgjöri ríkisfjármálanna, sem hér liggur fyrir, námu erlendar lántökur vegna A-hlutans 692 m.kr. á síðasta ári. Séu vaxtagreiðslur til Seðlabankans þannig dregnar frá rekstrarútgjöldum og innstreymi á lánahreyfingum minnkað sem nemur erlendum lántökum vegna A-hlutans, batnar greiðsluafkoma ársins um 1 312 m.kr. og verður niðurstaðan greiðsluhalli að fjárhæð 791 m.kr.

Lánsfjáráætlun.

Lánsfjáráætlun ársins 1977 var önnur í röð slíkra áætlana á vegum ríkisstjórnarinnar. Var meginmarkmið hennar að hafa hemil á þeirri efnahagslegu þenslu, er tekin var að aukast árið áður, og var áætlunin þannig beint framhald af fyrri stefnu stjórnvalda í þessum efnum. Verðbólguþróunin raskaði engu að síður forsendum áætlunarinnar, þannig að útkoman vék að ýmsu leyti nokkuð frá upphaflegum markmiðum. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga, að hvers konar hallarekstur og misvægi í þjóðarbúskapnum kemur tiltölulega sterkt fram í stærðum lánsfjármarkaðarins.

Með skýrslu um lánsfjáráætlun 1978, sem birt var snemma í desembermánuði s. l., kom fram ný endurskoðun allra stærða lánsfjáráætlunar 1977, og er ekki tímabært að gera aðra úttekt fyrr en uppgjör ársins liggja almennt fyrir. Hér verður því aðeins getið stuttlega helstu stærða, sem bráðabirgðatölur eftir árið í heild liggja fyrir um.

Peningaútstreymi Seðlabankans, sem jafnframt myndar grunnfé lánastofnana ásamt seðlum og mynt í umferð, jókst um 13 969 m.kr. á árinu, sem er nærri tvöfalt á við árið áður, 7 189 m.kr., og hátt í þrefalt á við upphaflegt mark lánsfjáráætlunar. Höfuðþættir þessa mikla útstreymis voru aukning endurkaupa afurða- og rekstrarlána atvinnuveganna um 10 490 m kr. í samanburði við 3 486 m.kr. árið áður og 4 100 m.kr. samkvæmt lánsfjáráætlun, og aukning hreinnar gjaldeyriseignar um 5 448 m.kr., er var þó aðeins um milljarð umfram áætlun. Aukning endurkaupanna stendur í saambandi við mikla aukningu afurðabirgða, bæði að magni og verðlagi.

Í lánsfjáráætlun fyrir 1977 hafði verið gert ráð fyrir, að ríkissjóður og ríkisstofnanir greiddu 2 200 m.kr. upp í skuldir við Seðlabankann, og féll mestur hluti þess á ríkissjóð sjálfan. Þetta tókst þó ekki, heldur varð skuldaaukning ríkissjóðs um 2 166 m.kr., en á móti kom lækkun skulda ríkisstofnana um 1 710 m.kr., þannig að skuldaaukning ríkisaðila til samans varð 456 m.kr. Hér er um eiginlegar greiðsluhreyfingar að ræða í samræmi við innihald lánsfjáráætlunar og fjárlaga, en auk þess nam gengisuppfærsla skulda við Seðlabankann 1 435 m.kr. hjá ríkissjóði og 112 m.kr. hjá ríkisstofnunum B-hluta. Að henni meðtalinni var skuldastaða ríkissjóðs og ríkisstofnana 14 882 m.kr. í árslok skv. bráðabirgðatölum Seðlabankans.

Innstæður sjóða í opinberri vörslu, þ. e. einkum sjóða sjávarútvegs og sveitarfélaga, jukust hins vegar allmiklu meira en ráð var fyrir gert, eða um 2 131 m.kr. til samanburðar við 500 m.kr. samkvæmt áætlun, auk gengisuppfærslu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins um 450 m.kr.

Í lánsfjáráætlun 1977 var gert ráð fyrir, að útlán innlánsstofnana myndu aukast um 20% frá stöðu í upphafi árs, en innlán heldur meira eða um 25%. Var með þessu stefnt að því að draga niður í verðbólgunni og ná hagstæðari jöfnuði milli peningalegs sparnaðar og ráðstöfunar lánsfjár. Við þær breyttu þjóðhagsforsendur, sem þegar er getið, urðu umsvifin mun meiri á báðar hliðar. Varð aukning bæði útlána og innlána tæpir 30 milljarðar króna á hvora hlið og nam aukning útlána rúmum 42% og innlána tæpum 43%. Aukning endurkaupanlegra afurðalána er þarna stór þáttur. Að þeim frátöldum var að því stefnt, að útlánin, þ. e. svokölluð þaklán, ykjust ekki meira en um allt að 20%, eða um 10 900 m.kr. Þegar á árið leið, varð ljóst, að markmið þetta myndi ekki nást, og varð aukningin í reynd nærri 36%. Meðal skýringa þess er, að fyrrnefnd afurðalán drógu með sér venjubundin viðbótarlán viðskiptabankanna, og samningsbundin lán til Framkvæmdasjóðs fylgdu innlánsaukningu viðskiptabanka, voru 10% af henni.

Nýjar lánveitingar fjárfestingarlánasjóðanna námu samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 20 978 m.kr. til samanburðar við 18 295 m.kr. samkvæmt lánsfjáráætlun. Miðað við fyrra ár nam aukning útlánanna 40,6% á móti 21,6% samkvæmt áætlun. Að næstum helmingi var aukningin umfram áætlun fjármögnuð af auknu eigin fjármagni úr rekstri sjóðanna, sem er árangur raunhæfari lánskjara, en að öðru

leyti með sjálfkrafa aukningu markaðra tekjustofna, skyldusparnaðar og lána bankakerfisins.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir fóru nokkuð fram úr áætlun. Urðu ríkisframkvæmdir, samþykktar inn á áætlun, 10 939 m.kr. til samanburðar við 10 030 m.kr. samkvæmt upphaflegri áætlun, sbr. töflu 7 hér á eftir. Af útkomunni urðu 688 m.kr. óútborgaðar í árslok, þannig að afgreidd lán námu 10 251 m.kr. að meðtöldum vörukaupalánum framkvæmdaaðila, sem enn eru að nokkru áætluð 673 m.kr. Á töflu 7 kemur fram, að auk lítils háttar tilfærslna milli liða, stafaði aukningin af kostnaði við Kröfluvirkjun og þeirri viðbót við byggðalínur, sem jafnframt reyndist óhjákvæmileg.

Svipaðar ástæður ollu aukningu annarra opinberra framkvæmda umfram áætlun, þ. e. úr 5 180 m.kr. í 8 043 m.kr. samkvæmt bráðabirgðauppgjöri með skýrslu um lánsfjáráætlun 1978 í desember s. l., en nýrra uppgjör hefur ekki farið fram. Er þar jöfnum höndum um að ræða umframkostnað orkumannvirkja á árinu ásamt endanlegum uppgjörum fyrri ára.

Enda þótt reynt hafi verið að þoka fjáröfluninni yfir á innlenda fjármögnunarþætti, kom aukning umfram áætlun að mestu fram í lántökum erlendis. Til viðbótar við umframnotkun opinbers lánsfjár varð álíka mikil aukning á lántökum einkaaðila frá áætlun, einkum vegna aukinna skipakaupa erlendis. Heildarniðurstaðan varð sú, að erlendar lántökur reyndust 29 100 m.kr. í stað 20 860 m.kr. samkvæmt áætlun, og nettóaukning erlendra lána til langs tíma reyndist þar af leiðandi um 18 000 m.kr. í stað 12 270 m.kr. samkvæmt áætlun.

Töfluviðauki

Tafla 1 Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1977. Greiðslugrunnur

Tafla 2 Gjöld ríkissjóðs A-hluti 1977. Greiðslugrunnur

Tafla 3 Afkoma ríkissjóðs árin 1969—1977, A-hluti

Tafla 4 Jöfnuður tekna og gjalda ríkissjóðs árin 1969—1977, A-hluti. Greiðslugrunnur

Tafla 5 Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1969—1977

Tafla 6 Skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1969—1977

Tafla 7 Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1977

Fylgiskjal: Fréttatilkynning fjármálaráðuneytis frá 12. janúar sl. um bráðabirgðaafkomu ríkissjóðs 1977

Tafla 1.

Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1977. Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Reikningur 1977	Fjárlög 1977	Frávik frá fjárl. m.kr.	Frávik frá fjárl. %
1. Beinir skattar[1])	13 191	14 476	÷1 285	÷9
2. Gjöld af innflutningi	22 380	18 553	3 827	21
a) Almenn aðflutningsgjöld[2])	16 776	13 867	2 909	21
b) Bensín- og gúmmígjald	2 445	2 491	÷46	÷2
c) Innflutningsgjald af bílum	2 430	1 600	830	52
d) Annað	729	595	134	23
3. Skattar af framleiðslu	6 311	5 970	341	6
a) Sérstakt vörugjald	5 839	5 510	329	6
b) Annað	472	460	12	3
4. Skattar af seldum vörum og þjónustu	47 855	45 411	2 444	5
a) Söluskattur	34 361	31 610	2 751	9
b) Launaskattur	5 018	4 595	423	9
c) ÁTVR	7 942	8 600	÷658	÷8
d) Annað	534	606	÷72	÷12
5. Aðrir óbeinir skattar	4 416	4 382	34	1
6. Arðgreiðslur úr B-hluta	240	223	17	8
7. Ýmsar tekjur	1 128	942	186	20
Samtals	95 521	89 957	5 564	6

1) Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga, eignarskattur, erfðafjárskattur og tekjuskattur.
2) Byggingarsjóðsgjald og aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum meðtalið.

Tafla 2.

Gjöld ríkissjóðs A-hluti 1977. Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Reikningur 1977	Fjárlög 1977	Frávik frá fjárl. m.kr.	Frávik frá fjárl. %
Ráðuneyti:				
Æðsta stjórn ríkisins	721	556	165	30
Forsætisráðuneytið	1 797	1 740	57	3
Menntamálaráðuneytið	15 887	13 461	2 426	18
Utanríkisráðuneytið	1 118	1 021	97	10
Landbúnaðarráðuneytið	5 920	4 846	1 074	22
Sjávarútvegsráðuneytið	2 349	2 162	187	9
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	6 987	5 307	1 680	32
Félagsmálaráðuneytið	4 298	3 948	350	9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	32 756	29 562	3 194	11
Fjármálaráðuneytið	3 953	6 011	÷2 058	÷34
Samgönguráðuneytið	9 637	9 325	312	3
Iðnaðarráðuneytið	2 934	2 846	88	3
Viðskiptaráðuneytið	6 355	5 897	458	8
Hagstofa Íslands	82	69	13	18
Ríkisendurskoðun	96	83	13	15
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3 398	2 319	1 079	47
Samtals	98 289	89 153	9 136	10

Tafla 3.

Afkoma ríkissjóðs árin 1969—1977, A-hluti.[1])
Í milljörðum króna.

	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
I Greiðsluafkoma:									
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka									
Gjöld	÷7,6	÷9,2	÷13,2	÷18,2	÷24,8	÷40,3	÷57,4	÷68,4	÷98,3
Tekjur	7,4	9,5	13,0	17,8	24,0	35,8	49,3	68,3	95,5
Samtals	÷0,2	+0,3	÷0,2	÷0,4	÷0,8	÷4,5	÷8,1	÷0,1	÷2,8
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	0,0	+0,1	+0,2	+0,6	+0,7	+0,8	+1,7	+1,2	+2,0
Samtals	÷0,2	+0,4	0,0	+0,2	÷0,1	÷3,7	÷6,4	+1,1	÷0,8
Jöfnuður greiðslujárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka									
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	÷0,3	+0,5	÷0,2	+0,1	÷0,4	÷3,5	÷5,4	÷0,8	÷2,2
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	0,0	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,3	+0,1
Greiðsluhreyfingar við bankakerfið	÷0,3	+0,6	÷0,1	+0,2	÷0,3	÷3,4	÷5,3	÷0,5	÷2,1
Ýmsir viðskiptamenn	+0,1	÷0,2	+0,1	0,0	+0,2	÷0,3	÷1,1	+1,6	+1,3
Samtals	÷0,2	+0,4	0,0	+0,2	÷0,1	÷3,7	÷6,4	+1,1	÷0,8
II Rekstrarafkoma:									
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda	÷0,1	+0,4	÷0,3	+0,1	÷0,3	÷3,3	÷7,5	+0,8	

1) Tölur fyrir árin 1969–1975 eru samkvæmt ríkisreikningi en 1976–1977 eru tölur samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds.

Tafla 4.

Jöfnuður tekna og gjalda árin 1969—1977, A-hluti. Greiðslugrunnur.
Í milljörðum króna.

	TEKJUR				GJÖLD				TEKJUAFGANGUR		
			Reikn. umfr.				Reikn. umfr.				
	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	m.kr.	%	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	m.kr.	%	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	Reikn. umfram m.kr.
1969	7,1	7,4	0,3	4,2	7,0	7,6	0,6	8,6	+0,1	÷0,2	÷0,3
1970	8,4	9,5	1,1	13,1	8,2	9,2	1,0	12,2	+0,2	+0,3	+0,1
1971	11,5	13,0	1,5	13,0	11,0	13,2	2,2	20,0	+0,5	÷0,2	÷0,7
1972	16,9	17,8	0,9	5,3	16,5	18,2	1,7	10,3	+0,4	÷0,4	÷0,8
1973	22,0	24,0	2,0	9,1	21,5	24,8	3,3	15,3	+0,5	÷0,8	÷1,3
1974	29,2	35,8	6,6	22,6	29,4	40,3	10,9	37,1	÷0,2	÷4,5	÷4,3
1975	47,6	49,3	1,7	3,6	47,2	57,4	10,2	21,6	+0,4	÷8,1	÷8,5
1976	60,3	68,3	8,0	13,3	58,9	68,4	9,5	16,1	+1,4	÷0,1	÷1,5
1977	90,0	95,5	5,5	6,1	89,2	98,3	9,1	10,2	+0,8	÷2,8	÷3,6

Tafla 5.

Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1969—1977. Útgjöld samkvæmt A-hluta ríkisreiknings.[1]

	Heildar-útgjöld %	Þar af framlög til almannatr. og niðurgr. %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatr. og niðurgr. %
1969	22,2	7,0	15,2
1970	21,7	7,2	14,5
1971	24,9	9,3	15,6
1972	27,2	11,0	16,2
1973	26,7	10,0	15,6
1974	29,6	11,3	18,3
1975	31,4	12,1	19,3
1976	27,4	10,0[2])	17,4
1977, bráðab.[3])	27,2	8,3[2])	18,9

1) Tölur fyrir árin 1969–1976 eiga við útgjöld samkvæmt rekstrarreikningi en 1977 er um að ræða greidd útgjöld, en búast má við að gjöld samkvæmt rekstrarreikningi verði nokkru hærri.
2) Hlutfallsleg lækkun framlaga til almannatrygginga og niðurgreiðslna á árinu 1976 var að mestu leyti vegna þess að dregið var úr niðurgreiðslum auk þess sem fjölskyldubætur hurfu þá endanlega úr reikningum tryggingakerfisins. Á árinu 1977 var kostnaður við ríkisspítalana greiddur beint úr ríkissjóði en var áður færður sem framlag til sjúkratrygginga og var því meðtalinn í framlögum til almannatrygginga.
3) Miðað við verga þjóðarframleiðslu 1977, 362 milljarða kr.

Tafla 6.

Skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1969—1977.[1])

	Skatttekjur til ríkisins %	Skatttekjur sveitarfélaga %	Samtals %	Viðlagasjóðsgjald, olíugjald, sjúkratryggingagjald %	Samtals %
1969	22,0	6,9	28,9	.	28,9
1970	22,6	6,7	29,3	.	29,3
1971	24,3	6,9	31,2	.	31,2
1972	26,1	6,3	32,4	.	32,4
1973	25,5	5,7	31,2	1,7	32,9
1974	25,8	5,8	31,6	1,4	33,0
1975	26,4	6,8	33,2	1,6	34,8
1976	26,5	6,8	33,3	1,0	34,3
1977, bráðab.[2])	26,4	6,5	32,9	0,4	33,3

1) Skatttekjur eru innheimtir skattar. Innheimta sveitarfélaga er áætluð síðustu árin. Iðgjöld til almannatrygginga (önnur en sjúkratryggingagjald 1976 og 1977) eru talin með skatttekjum ríkisins. Frá og með 1977 er olíugjald, þ. e. 1% gjald af söluskattsstofni, fært sem ríkistekjur á fjárlögum og á ríkisreikningi. Er það einnig gert hér og tölur um skatttekjur ríkisins eru að þessu leyti ekki sambærilegar við fyrri ár.
2) Miðað við verga þjóðarframleiðslu 1977, 362 milljarða kr.

Tafla 7.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1977.
Í milljörðum króna.

	Áætlun		Útkoma	
Lánahreyfingar inn:				
Innlend fjáröflun				
Sala spariskírteina	1 200		2 050	
Sala happdrættisbréfa	500		341	
Innheimtufé spariskírteina	1 710	3 410	1 733	4 124
Erlend fjáröflun				
Vörukaupalán[1])	763		673	
Önnur erlend lán	5 907	6 670	6 356[2])	7 029
Lánsfé til langs tíma, alls		10 080		11 153
Endurlán til sveitarfélaga vegna Grundartangahafnar		÷50		÷50
Bætt staða á hlaupareikningi				÷68
Uppgjör bráðabirgðafjármögnunar fyrra árs				÷784
Samtals lánahreyfingar inn		10 030		10 251
Lánahreyfingar út:				
A-hluti				
Laxastigi í Laxá	75		75	
Flugöryggistæki	76		77	
Vegagerð	1 600		1 600	
Vegagerð við Grundartanga	–		20[3])	
Landshafnir	195		195	
Hafnargerð við Grundartanga	150		150	
Dýpkunarskip, kaup	300		302[1])	
Járnblendifélag, hlutafjárframlag	939	3 335	939	3 358
÷ óútborgað í árslok				515
A-hluti, afgreidd án				2 843
B-hluti				
RARIK, almennar framkvæmdir	1 873		1 825[1])	
Sveitarafvæðing	200		200	
Byggðalínur:				
Norðurlína	1 178		1 178[1])	
Grundartangi - Vatnshamrar	–		135	
Krafla - Akureyri	155		155	
Krafla - Eyrarteigur	500		500	
Kröfluvirkjun:				
Stöðvarhús og vélar	1 876		2 442	
Borholur og aðveitukerfi	913	6 695	1 146	7 581
÷ óútborgað í árslok				173
B-hluti, afgreidd lán				7 408
Lánsfjáráætlun alls		10 030		10 939
÷ óútborgað í árslok		–		688[4])
Samtals lánahreyfingar út		10 030		10 251

Aths.: Hér eru taldar framkvæmdir á vegum ríkissjóðs, A- og B-hluta fjárlaga, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri.

1) Beinar lántökur framkvæmdaaðila: Dýpkunarskip 135 m.kr., RARIK 254 m.kr. og Norðurlína 284 m.kr. Að öðru leyti sýnir yfirlitið reikning lánsfjáráætlunar á vegum Seðlabanka.

2) Þar af 777 m.kr. endurlánað erlent lánsfé á vegum Seðlabanka. Lántaka Framkvæmdasjóðs hefur verið tekin út úr.

3) Tekið af heimild hafnargerðar 1976 en framkvæmt og greitt 1977.

4) Vegna Járnblendifélags (A-hluti) og Kröfluvirkjunar (B-hluti).

Fylgiskjal.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

FRÉTTATILKYNNING

Bráðabirgðatölur liggja nú fyrir um greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs á árinu 1977. Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu urðu óhagstæðar um 2,1 milljarð króna að teknu tilliti til bættrar sjóðsstöðu um 0,1 milljarð króna, þar af vegna greiðslna úr ríkissjóði til viðskiptaaðila um 1,3 milljarð króna. Útgreidd gjöld umfram innheimtar tekjur námu 2,8 milljörðum króna og jöfnuður lánahreyfinga utan Seðlabankans fól í sér innstreymi fjár í ríkissjóð að fjárhæð 2,0 milljarða króna. Breyting lausafjárstöðu ríkissjóðs varð því óhagstæð um 0,8 milljarða króna á árinu.

Á árinu 1976 voru greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu óhagstæðar um 0,5 milljarða króna og breyting lausafjárstöðu hagstæð um 1,1 milljarð króna.

Innheimtar tekjur reyndust 95,5 milljarðar króna á árinu 1977, en við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 1978 voru þær áætlaðar 96,5 milljarðar króna. Þær reyndust því 1,0 milljarði lægri en sú áætlun gerði ráð fyrir. Stafar þetta einkum af lækkun innheimtu beinna skatta og hinu sérstaka vörugjaldi. Útgreidd gjöld urðu á árinu 98,3 milljarðar króna. Í gjaldaáætlun var gert ráð fyrir 95,9 milljörðum króna og urðu þau því 2,4 milljörðum umfram þá áætlun, en hún var gerð áður en niðurstöður voru fengnar í launasamningum við opinbera starfsmenn eins og fram kom í ræðu fjármálaráðherra við 1. umræðu fjárlaga ársins 1978.

Greiðsluhreyfingar við Seðlabankann fólu í sér aukningu skulda að fjárhæð 2,2 milljarða króna. Skuldaaukning vegna gengisbreytinga lána í erlendri mynt nam auk þess 1,5 milljörðum króna, þannig að skuldaaukning ríkissjóðs við bankann varð 3,7 milljarðar króna á árinu 1977. Heildarskuldin við bankann nam 15,3 milljörðum króna í árslok 1977.

Enda þótt ekki hafi náðst sá árangur í fjármálum ríkisins á árinu 1977, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, urðu frávik útgreiddra gjalda og innheimtra tekna frá fjárlögum mun minni en á undanförnum árum. Tekjur fóru um 6% umfram fjárlög eða 5,6 milljarða króna og gjöld 10% fram úr tölum fjárlaga eða 9,2 milljarða króna, einkum vegna hækkana á launum og framlaga til almannatrygginga.

Endanlegar niðurstöðutölur fyrir A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1977 liggja ekki fyrir, en allt bendir til þess, að rekstrarjöfnuður muni ekki verða hagstæður á árinu 1977, m. a. vegna gjaldfærslu fasteignakaupa. Munar þar mest um kaup ríkisins á Landakotsspítala að fjárhæð 1,2 milljarðar króna, en á árinu voru aðeins greiddar 70 milljónir króna upp í kaupverðið og eru þær meðtaldar í framangreindum greiðslutölum gjalda.

Á árinu 1976 var rekstrarafgangur hjá ríkissjóði að fjárhæð 0,8 milljarðar króna, á árinu 1975 var halli á rekstrarreikningi að fjárhæð 7,5 milljarðar króna og á árinu 1974 var hallinn 3,3 milljarðar króna.

Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1978.

Nd. 420. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974 um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Upphaf 2. málsgreinar 3. greinar laganna orðist svo:
Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafla öðrum en síld .....

2. gr.

Við 3. grein laganna bætist 3. málsgrein svohljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi, skal Verðlagsráð skipað sömu fulltrúum og um getur í 2. málsgrein 3. greinar um verðlagningu á fiskúrgangi, með þeirri breytingu, að í stað eins fulltrúa tilnefndum sameiginlega af fulltrúum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, komi einn fulltrúi tilnefndum sameiginlega af fulltrúum félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi í Verðlagsráði. Um hæfi þessa fulltrúa gilda sömu ákvæði og um getur í 2. málsgrein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði tvær breytingar á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Önnur breytingin er sú, að Verðlagsráðið skuli framvegis ákveða verð á síldarúrgangi, en ákvörðun verðs á honum hefur ekki heyrt undir Verðlagsráðið til þessa, sbr. upphaf 2. mgr. 3. gr. Um verð á síldarúrgangi hefur verið samið milli síldarsaltenda og þeirra verksmiðja, sem kaupa hann. Meðan leyfð var veiði á síld til bræðslu var það samkomulag milli aðila, að verð á síldarúrgangi skyldi vera ákveðið hlutfall af verði síldar til bræðslu. Eftir að veiðar á síld voru leyfðar að nýju til manneldis, hafa veiðar til bræðslu hinsvegar verið bannaðar. Af þeim sökum hefur verð á síld til bræðslu ekki verið ákveðið undanfarin ár og framangreind hlutfallsregla um verð á síldarúrgangi því verið ónothæf. Komið hefur í ljós að töluvert misræmi er á því verði, sem greitt er fyrir síldarúrgang á ýmsum stöðum. Hafa síldarsaltendur sérstaklega óskað eftir því, að Verðlagsráðið ákveði verð á síldarúrgangi framvegis og er samkomulag um það í ráðinu að það skuli gert, en með þessu frumvarpi er leitað heimildar fyrir ráðið til þess. Ekki þykir ástæða til að breyta skipulagi ráðsins af þessari ástæðu að öðru leyti en því að í stað fulltrúa fisksöluaðila í fiskúrgangsdeild komi fulltrúi síldarsaltenda við verðlagningu á síldarúrgangi. Hin breytingiin er sú, að lifur frá veiðiskipum verði framvegis verðlögð í fiskúrgangsdeild. Frá því að byrjað var að verðleggja lifur frá veiðiskipum í ársbyrjun 1975, hefur sú verðlagning farið fram í fiskideild, og er það í samræmi við það ákvæði laganna, að sú deild skuli ákveða verð á þeim sjávarafla, sem ekki er sérstaklega falið öðrum deildum ráðsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Lifrarbræðslur eiga ekki sérstaka aðild að ráðinu. Fulltrúar í fiskideild eru fyrst og fremst fulltrúar söluaðila að því er varðar lifur, en lifrarkaupendur hafa þar enga fulltrúa. Eiga þeir erfitt með að sætta sig við þetta. Ekki þykir ástæða til þess að setja á stofn sérstaka deild vegna þessarar verðlagningar enda munu lifrarkaupendur sætta sig við það að fulltrúar kaupenda í fiskúrgangsdeild gæti hagsmuna þeirra.

Nd. 421. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947 um Fiskimálasjóð, sbr. breyting á þeim lögum nr. 10/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Í stað „600 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi „2 000 000 kr.“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fé Fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi, skv. 3. gr. laganna. Til styrkveitinga samkvæmt 4. gr. og til lánveitinga samkvæmt 5. gr.

Lögin hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð. Þessi hámarksupphæð hefur verið hækkuð á nokkurra ára fresti eftir aðstæðum og getu sjóðsins. Síðast var þessi hámarksupphæð hækkuð í kr. 600 000 árið 1971. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um, að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi, að þessi upphæð verði nú hækkuð í kr. 2 000 000.

Sþ. 422. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um endurskoðun á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Stefán Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Gunnlaugur Finnsson, Eyjólfur K. Jónsson, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fram skuli fara endurskoðun á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með það höfuðsjónarmið fyrir augum að greiða í sundur veiðimálin og fiskræktarmálin.

Felur Alþingi landbúnaðarráðherra að skipa nú þegar nefnd manna til að framkvæma umrædda endurskoðun og sé nefndin skipuð eftirtöldum aðilum:

1. Formanni, skipuðum af ráðherra.
2. Fulltrúa Búnaðarfélags Íslands.
3. Fulltrúa Landssambands veiðifélaga.
4. Fulltrúa Landssambands stangaveiðifélaga.
5. Fulltrúa Veiði-og fiskiræktarráðs Reykjavíkurborgar.
6. Formanni veiðimálanefndar.
7. Veiðimálastjóra.
8. Fiskimálastjóra.

Nefndin ljúki störfum eigi síðar en í september 1978.

Greinargerð.

Í júlímánuði síðastliðnum sendi Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkurborgar öllum þingmönnum Reykjavíkur svo hljóðandi ályktun:

„Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkurborgar samþykkir að beina þeirri eindregnu áskorun til allra alþingismanna borgarinnar, að þeir beiti sér fyrir því á Alþingi á hausti komanda, að gerðar verði grundvallarbreytingar á núgildandi lögum

um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970, á þann veg, fyrst og fremst, að í nýrri löggjöf verði sundur skilin veiðimálin annars vegar og fiskiræktar- og fiskasjúkdómamálin hins vegar, og traust og örugg stjórn þessara mála tryggð."

Þessi ályktun var einróma samþykkt í Veiði- og fiskiræktarráði, en ráðið skipa fulltrúar frá Alþýðubandalaginu, Alþýðuflokknum, Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum.

Það liggur því ljóst fyrir, að hér er ekki um að ræða pólitískt mál, heldur málefni, sem Veiði- og fiskiræktarráð hefur að fenginni reynslu og þekkingu, talið nauðsynlegt að koma á framfæri á Alþingi með þjóðarhag fyrir augum. Málið er því að þessu leyti sérstætt og þess vegna má væntanlega ætlast til að Alþingi sjái sér fært að gefa því góðan meðbyr.

Ekki fer á milli mála að fiskræktarmálin í vötnum og ám landsins hafa vakið sívaxandi eftirtekt og áhuga landsmanna. Um suma þætti fiskræktarmálanna hafa staðið alvarlegar og ef til vill mætti segja háskalegar deilur í fjölmiðlum um árarаðir, einkum á milli áhugamanna um fiskræktarmál og fiskræktaryfirvalda, m. a. um Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, sem árlega hefur þurft á verulegum fjárhagsstuðningi að halda úr ríkissjóði, meðan einkastöðvarnar hafa barist í bökkum vegna vanmáttar Fiskræktarsjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Og nú á síðastliðnu ári tóku deilur þessar á sig nýja mynd í sambandi við sjúkdóma þá, er upp komu í laxaseiðum í Laxalónsstöðinni og klak- og eldisstöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Elliðaárnar. Þessar deilur verða ekki frekar gerðar að umtalsefni í sambandi við þingsályktunartillögu þá, sem hér er fram borin, en á þær drepið til áminningar um það, hvað mál þessi virðast í eðli sínu alvarleg og viðkvæm.

Hins vegar virðist augljóst að líta svo á, að nánara athuguðu máli, að löggjafinn hafi sýnt þessum þýðingarmiklu málum of mikið sinnuleysi, og að við svo búið má ekki lengur una. Því ber að fagna því að Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkurborgar hefur einróma staðið að þeirri ályktun, sem er grundvöllurinn að þessari þingsályktunartillögu. Og um leið má gjarnan vekja athygli á því, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur sýnt fiskræktarmálum verðskuldaðan áhuga og skilning með stofnun Veiði- og fiskiræktarráðs í nóvembermánuði 1974, með 15 samhljóða atkvæðum allra borgarstjórnarmanna. Veiði- og fiskiræktarráð á að vísu ekki langan starfsferil að baki, en ráðið hefur ekki brugðist skyldu sinni, heldur tekið fiskræktar- og fisksjúkdómamálin föstum og ákveðnum tökum á hlutlægan hátt, með því að beita sér fyrir rannsókn fisksjúkdómamálanna á vísindalegum grundvelli, eins og skýrsla sú ber með sér sem ráðið hefur látið frá sér fara um fiskasjúkdómsmálin í klak- og eldisstöðvum í nágrenni Reykjavíkur og fylgir þessari þingsályktunartillögu og greinargerð í löggiltri þýðingu, til frekari upplýsinga og fróðleiks fyrir alþingismenn.

Þegar leikmaður les og kynnir sér hina gagnmerku rannsóknarskýrslu hins kunna kanadíska vísindamanns í fisksjúkdómum, dr. Trevor P. T. Evelyns, með athygli og á hlutlausan hátt, um fiskasjúkdómana, er herjuðu í fiskræktarstöðunum í nágrenni Reykjavíkur á fyrri hluta þessa árs, hlýtur honum að verða ljóst, að hér er um að ræða mikið alvörumál. Dylst þá fáum að í þessum efnum hefur ríkt á undanförnum áratugum og ríkir enn næsta neikvætt og bágborið ástand í fiskræktar- og fisksjúkdómamálunum.

Það liggur því ljóst fyrir, að Veiði- og fiskiræktarráð hefur brotið blað í sögu fiskræktar- og fiskeldismála á Íslandi með því að láta umrædd fisksjúkdómamál til sín taka á grundvelli vísindalegra rannsókna.

Þetta sýnir hvað slíkur aðili getur verið áhrifaríkur aðhaldsþáttur gagnvart fiskræktaryfirvöldum landsins, þegar rétt er að málum staðið.

Veiði- og fiskiræktarráð hefur í málum þessum sýnt víðsýnan og ákveðinn samvinnuvilja við fiskræktaryfirvöld um þýðingarmikil grundvallaratriði í fiskræktar- og fiskeldismálum landsins með því beinlínis að óska eftir og bjóða nána samvinnu við umrædd fiskræktaryfirvöld. Því miður hefur þessu boði ekki verið sinnt af viðkomandi yfirvöldum.

Veiði- og fiskiræktarráð hefur samtímis lagt á það þunga áherslu í samþykktum sínum, að stjórnvöld bættu til stórra muna skilyrðin til rannsókna og þekkingar á fisksjúkdómum og meðferð þeirra mála, samkvæmt heimild í lögum um lax- og silungsveiði. Þessar samþykktir og starfsemi Veiði- og fiskiræktarráðs í fisksjúkdómamálunum á fyrri hluta þessa árs eiga nú vonandi eftir að bera verðskuldaðan árangur.

En þrátt fyrir það er augljóst af því, sem fram hefur komið í þessum málum á undangengnum árum, að úrbóta er þörf. Alþingi verður að skerast í leikinn og beita sér fyrir leiðréttingu í fiskræktarmálunum á breiðum grundvelli með sérstakri löggjöf er tryggi öryggi og sterka stjórnun fiskræktarmálanna með framtíðarheill og þjóðarhag að grundvallarsjónarmiðum. Til þess þarf og aðstoð færustu manna, er bæði hafa reynslu og þekkingu á þessum málum. Þess vegna er í þessari þingsályktunartillögu bent á þá aðila og hagsmunasamtök, er hlut eiga að málunum, og þeim gert að vinna að undirbúningi þeirrar löggjafar, er þingsályktunartillagan fjallar um. Sú upptalning er auðvitað ekki tæmandi, og nefna ber t. d. í því sambandi tvo aðila enn, Hafrannsóknastofnunina og Samtök fiskeldisstöðva, sem verið er að stofna, og má í því sambandi vekja athygli á þeirri merkilegu starfsemi, sem nú er hafin á nokkrum stöðum í landinu, sem er laxeldi í sjó. Möguleikarnir á þessu sviði virðast vera mjög miklir og því nauðsynlegt að þessum þætti fiskræktarmálanna verði gerð glögg og góð skil í nýrri löggjöf um fiskræktarmálin.

Við síðustu endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna, á árunum 1968—70, kom fram tillaga er beindist í sömu átt og þingsályktunartillaga þessi felur í sér. Þá náðist ekki samstaða í endurskoðunarnefndinni um svo gagngerðar breytingar á lax- og silungsveiðilögunum, þrátt fyrir að fyrir lægi vitneskja um slíka löggjöf margra forustuþjóða í fiskræktarmálum, fiskasjúkdóma-, fiskeldis- og fiskakynbótamálum.

Nú eru senn liðin 8—9 ár síðan endurskoðun á lax- og silungsveiðilöggjöfinni fór fram. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, erfiðleikar orðið á vegi fiskræktar vegna ýmissa áður óþekktra fisksjúkdóma og vaxandi umhverfismengunar í heiminum, en líka samtímis orðið stórmiklar og merkar framfarir vegna aukinnar þekkingar og rannsókna á vísindalegum grundvelli. Þetta allt kallar á ítarlega endurskoðun lax- og silungsveiðalaganna, ef við eigum ekki að standa í stað og verða eftirbátar annarra og daga að lokum uppi eins og náttröll.

Hér er ekki um neitt smámál að ræða, heldur þjóðhagslegt stórmál, sem án vafa á í sér fólgið milljarða króna þjóðartekna, ef rétt er að staðið og framfarasjónarmið höfð að leiðarljósi. Mætti nefna ótalmörg dæmi þessu til sönnunar um útflutningstekjur nágrannaþjóða okkar af fiskrækt og fiskeldi, einkum regnbogasilungs og síðustu árin af laxeldi í sjó. Til fróðleiks í þessu sambandi má geta þess, að frændur okkar Færeyingar rækta nú og selja úr landi fyrir hundruð milljóna króna regnbogasilung, en stofnfiskinn keyptu þeir frá Laxalónsstöðinni.

Kunnáttumenn eru yfirleitt þeirrar skoðunar, að veiðimálin og fiskræktarmálin fari ekki vel saman undir einni og sömu stjórn. Í eðli sínu eru þetta næsta ólík mál, sem á stundum geta beinlínis stangast á, þótt í grundvallaratriðum séu fiskræktarmálin undirstaðan undir því að tryggja veiði í ám og vötnum og auka hana. En fiskræktar- og fiskeldismálin spanna langt út fyrir þau mörk. Og einmitt þessi staðreynd staðfestir nauðsyn þess að slíta sundur þessa tvo þætti í löggjöf okkar. Það er því deginum ljósara, að við Íslendingar erum orðnir langt á eftir öðrum þjóðum í þessum miklu hagsmunamálum. Við eigum yfir að ráða glæsilega fögru og víðfeðmu vatnasvæði, ómenguðu, með úrvals fiskstofnum, en þar að auki jarðhita til hjálpar, svo að segja í hverri sveit. Með réttlátri og viðsýnni fiskræktarlöggjöf mun löggjafinn leggja hornsteininn að yfirgripsmiklum fiskeldisatvinnuvegi í landinu sem færa mun þjóðinni og ótal einstaklingum björg í bú. Að því ber að stefna að leiða þannig þessi mál til farsælla lykta og setja niður deilur.

Fylgiskjal.

SKÝRSLA UM RANNSÓKN Á FISKSJÚKDÓMI.

(Þýðing úr ensku.)

Skýrsla til: Formanns og meðlima Veiði- og fiskiræktarráðs Reykjavíkur.
Frá: Dr. Trevor P. T. Evelyn, Pacific Biological Station, Nanaimo, B. C., Kanada.
Efni: Niðurstöður rannsóknar á fisksjúkdómi, sem fram fór í nokkrum fiskiræktarstöðvum á Íslandi í júlí 1977, og tillögur um eftirlit með fisksjúkdómum, sem af rannsókn þessari leiddi.

INNGANGUR.

Þótt mér hafi aldrei verið sett skýrt erindisbréf varðandi heimsókn mína til Íslands ætla ég að starf mitt hafi aðallega verið: a) að ákvarða, ef hægt væri, hvort um nýrnaveiki hafi verið að ræða í fiskiræktarstöðinni að Laxalóni, gera tillögur um ráðstafanir varðandi eftirlit með sjúkdómnum og b) að finna, ef mögulegt væri, orsakir hins mikla dauða Atlantshafslaxaseiða í Elliðaárklakstöðinni í febrúar og mars 1977 og gera tillögur um ráðstafanir, sem gera mætti til að koma í veg fyrir ámóta tjón í framtíðinni. Auk þess að með því að tækifæri gafst athugaði ég einnig fisk í tilraunastöð dr. S. Helgasonar nálægt Keldum.

I. FISKIRÆKTARSTÖÐIN AÐ LAXALÓNI: ATHUGANIR, NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR.

A. Athuganir.

Hinn 25. júlí voru teknir 12 fiskar (1 bleikja og 11 Atlantshafslaxaseiði) í fiskiræktarstöðinni við Laxalón í samvinnu við hr. Skúla Pálsson, sem er eigandi stöðvarinnar, og Óla, son hans. Fiskarnir voru valdir vegna þess hve ræfilslegir þeir voru eða vegna óeðlilegs útlits þeirra (dökkur litarháttur, augu vantaði).

Sérhver fiskur var skoðaður utanvert og innan. Auk þess voru nýrnavefir, sem teknir voru órotnaðir úr sérhverjum fiski, a) smurðir á glerplötur fyrir smásjá, Gram-litaðir og athugaðir í smásjá og b) græddir á tvö ræktunaræti. Annað ræktunarætið, sem er fyrir nýrnaveiki, var fundið í Nanaimo til að rækta nýrnaveikibakteríu. Hitt ræktunarætið, Brain Heart Infusion Agar (BHIA), hentaði fyrir ræktun nokkurra annarra mikilsverðra sjúkdómsvalda sem mynda laxasjúkdóma, þ. á m. orsakasýkil kýlapestar (furunculosis), **Aeromonas salmonicida.** Ræktunarætin voru látin vera í um 15°C, og gerlagróður, sem þróaðist, var athugaður til að sjá hvort hann líktist þekktum fisksjúkdómamyndunum. Dr. Pétursson að Keldum hafði yfirumsjón með athugunum á gerlagróðrinum, en í hans umsjá hafði ég ræktunarætin þar sem ræktunaræti á agarplötum fer ekki vel á ferðalögum.

B. Niðurstöður.

Mikilsverðasta niðurstaðan í fiskeldistöðinni að Laxalóni var nýrnaveiki (BKD). Fannst veikin eingöngu í Atlantshafslaxinum. Miklar vefjaskemmdir, sem eru einkennandi fyrir BKD, sáust í nýrum 7 af 11 sýnum, sem athuguð voru. Eins og oft gerist bar enginn fiskanna nein ytri merki sjúkdómsins. Í Gram-lituðum smurning, sem gerður var úr mikið sýktum nýrum, var fjöldi Gram-pósitívra sýkla, sem ekki er hægt að greina frá nýrnaveikisýklum. Eins og dæmigert er um nýrnaveikisýkla voru sýklarnir bæði utan og innan sella í vefjum fisksins.

Áður en ég fór frá Íslandi fékkst staðfesting á veikinni með immunodiffusiontækni. Tækni þessi er blóðvökvaaðferð, sem gerir mögulegt að staðfesta sjúkdóms-

greiningu BKD (eingöngu í augljósum tilfellum) án þess að einangra þurfi orsakasýkilinn. Gefin hefur verið út lýsing á aðferðinni (Chen et al. 1974. J. Fish. Res. Board Can. 31: 1939—1940).

Frekari staðfesting BKD fékkst einnig með því að einangra sýkilinn á nýrnaveikiræktunarætinu og sýna að það, sem einangrað var, hafði líkst nýrnaveikissýnum í blóðvökva. Dr. Pétursson að Keldum hefur skrifað og tilkynnt mér þennan árangur:

Á ræktunarætinu mynduðust hægvaxta kóloníur sem höfðu einkenni nýrnaveikisýkilsins. Svipaði frumum úr kóloníunum mjög til þessa sýkils, bæði hvað varðaði lögun og Gram-litun. Þegar einangruðum bakteríufrumum (drepnar með hitun) var blandað saman við blóðvökva sem innihélt sérhæfð mótefni*) gegn nýrnaveikibakteríunni, kom fram svörun sem staðfesti að hinn einangraði bakteríustofn og nýrnaveikibakterían voru sömu tegundar.

Ekki voru aðrir smitandi sjúkdómar greindir að Laxalóni og ekki fundust merki um mjúkvatnssjúkdóma. Hins vegar ber að viðurkenna að tölfræðilegar upplýsingar um sýnatöku ákvarða að það hefði átt að nota mun fleiri sýni ef þau áttu að bera heilsufarsástandi í stöðinni vitni með nákvæmni. Því miður var þetta ekki hægt að Laxalóni eða annars staðar á Íslandi vegna takmarkaðs tíma. Þó sést að nokkuð var um að augu vantaði að Laxalóni. Fölsjúkdómaeinkenni þetta getur stundum stafað af gasbólusýki, sem orsakast af mikilli gasmettun í vatninu. Ætti þess vegna að rannsaka vatnið að Laxalóni til að ákvarða hvort það er ofmettað, og ef svo er ætti að gera ráðstafanir til að leysa það vandamál. Gsmyndun í fiski getur verið bein dánarorsök eða verkað þannig, að mjög erfitt sé að gera sér grein fyrir að hún hafi átt sér stað, og gert fiskinn fyrir fram móttækilegan fyrir veiki.

C. Tillögur.

Eftirfarandi tillögur leiðir af því að komist var að raun um nýrnaveiki að Laxalóni, en þær mundu eiga við um hvaða fiskeldisstöð aðra á Íslandi sem væri, þar sem nýrnaveiki fyndist.

Með því að ekki er hægt að ná viðunandi tökum á nýrnaveiki með efnafræðilegum lækningaaðgerðum, er eina leiðin til að hefta sjúkdóminn að eyða hinum sýkta stofni og sótthreinsa viðkomandi fiskeldisstöðvar. Ætti því að framkvæma þetta í íslenskum stöðvum þar sem nýrnaveikisýking fyrirfinnst.

Í sambandi við það, sem að framan greinir, hef ég frétt að síðan ég fór frá Íslandi hefur hinum sýkta stofni að Laxalóni verið eytt, en að hinum verðmæta regnbogasilungsstofni hefur verið hlíft. Mér er það ánægjuefni að fregna um örlög regnbogasilungsins, en ég verð að benda á að enn er eftir að ákvarða nýrnaveikistöðu hans og að þar til sýnt hefur verið fram á með nægilegri sýnatöku, að stofninn sé laus við nýrnaveiki, ber að líta svo á að hann kynni að vera upptök nýrnaveiki. Sömu athugasemdir eiga við um hvers kyns laxfiska aðra, sem færðir voru að Laxalóni og aldir þar. Þar til yfirvöld eru sannfærð um að Laxalón sé laust við nýrnaveiki ætti að banna flutning fisks frá Laxalóni til annarra staða á Íslandi.

Til að draga úr möguleikum á því, að nýrnaveiki berist á ný (eða berist yfirleitt) til fiskeldisstöðva á Íslandi, ætti að koma upp stofni á ný í þessum eldisstöðvum með því að nota sótthreinsuð hrogn. Grunur minn er sá, að líklegust upptök nýrnaveiki á Íslandi sé Atlantshafslaxinn og að hrogn, sem tekin eru án vitundar úr einstökum sýktum fiskum, kunni að vera sá hvati, sem sýkir stöðvarnar. Líklega hefur Laxalón sýkst á þennan hátt. Vissulega væri það undrunarefni ef íslenski Atlantshafslaxinn reyndist jafn laus við nýrnaveiki. Fiskur þessi virðist í hafi blandast nýrnaveikisýktum stofnum frá Norður-Ameríku og Evrópu, og vitað er að gagnkvæm sýking á sér stað í sjó. Auk þess kann einn og einn „útlendingur", sem sýktur er nýrnaveiki, að flækjast í íslenskar ár til að hrygna.

*) Mótefni sem ég skildi eftir hjá dr. Pétursyni.

Ekki virðist hægt að framkvæma sótthreinsun á hrognum til að losa þau við nýrnaveikigerla með venjulegum sótthreinsunaraðferðum. Með þeim aðferðum eru notaðar joðblöndur og með því að þeim er beitt eftir að hrognin hafa harðnað í vatni sótthreinsa þær einungis yfirborð hrognanna. Nýrnaveikigerillinn virðist hins vegar berast innan hrogna, og til að virkri sótthreinsun verði komið við verður hrognið að drekka sótthreinsunarefnið í sig. Til að þessu takmarki sé náð verður að sótthreinsa hrognin með því að vatnsherða þau í sótthreinsunarefninu. Sú sótthreinsunaraðferð, sem mælt er með, er erythromycin fosfat við um 2 ppm. Joðblöndur eru of eitraðar til að nota við hrogn meðan á vatnsherðingu stendur, en ekki virðist nein ástæða til þess að ekki sé hægt að sótthreinsa á yfirborðinu hrogn, sem hafa verið vatnshert í erythromycin fosfati með joðblöndum til að losa hrognin við efni (t. d. yfirborðsvírusa) sem ekki eru móttækileg fyrir erythromycin.

Ráðstafanir varðandi útrýmingu nýrnaveiki á Íslandi eru vissulega hörkulegar, en virðast vera réttlætanlegar. Ísland virðist vera tiltölulega laust við nýrnaveiki og lítur út fyrir bjarta framtíð og að útrýmingaraðgerðirnar geti viðhaldið þessu æskilega ástandi.

Tilraunir til að ná fyrrnefndu marki eru vissulega þess virði að þær verði gerðar, með því að nýrnaveiki er alvarlegur sjúkdómur. Á síðustu árum hefur nýrnaveiki orðið til þess að þurft hefur að loka tveimur eldisstöðvum í Kanada og draga úr rekstri í hinni þriðju. Sjúkdómurinn hefur slæm áhrif á lífsvon Atlantshafslaxins í sjó. Enn fremur er það svo, að þar sem sjúkdómsvaldurinn, sem sjúkdóminn myndar (pathogen), stillist ekki að öllu í lágu hitastigi sjávar, má vænta að vefjaskemmdir — sumar í holdi — sjáist á laxi, sem gengur á ný, og mun það vissulega rýra útlit og verðgildi fisksins. (Þessar vefjaskemmdir hef ég séð á Kyrrahafslaxi).

Verði fiskeldisstöðvunum, þar sem nýrnaveiki er til staðar, heimilað að halda áfram að setja sýktan fisk í íslenskar ár er ég viss um að tíðni sjúkdómsins í ám og eldisstöðvum á Islandi mun smátt og smátt aukast og að draga muni úr ágæti laxframleiðslunnar og sölumöguleikum. Það er sérstaklega þess virði að sótthreinsa fiskeldisstöðvar, eins og á Laxalóni, þar sem fyrir hendi er ósýkt jarðvatn. Þær eldisstöðvar eru ólíklegri til að smitast á ný heldur en stöðvar þar sem vatn er „opið", og þær veita Íslandi mikilsverða aðstöðu til að viðhalda stærð og gæðum laxgangna. Framlag eldisstöðva þessara til íslensku Atlantshafslaxgangnanna er vissulega líklegt til að aukast að verðgildi eftir því sem fleiri íslenskar ár eru notaðar til virkjunar. Með tilliti til þess, sem að framan segir, ættu eldisstöðvar eins og Laxalón að vera verðar aðstoðar (bæði fjárhagslegrar og tæknilegrar), þannig að þeim verði komið til hjálpar á erfiðleikatímum og að þær geti haldið sig lausar við sjúkdóma.

II. ELDISSTÖÐIN Í ELLIÐAÁM: ATHUGANIR, NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR.

A. Athuganir.

Rannsóknir í klakstöðinni í Elliðaám urðu flóknar vegna þess að ég kom á staðinn löngu eftir að veikindi höfðu gert vart við sig. Lagt var fram til rannsóknar vefjaefni er sýndi að miklar skemmdir voru á tálknum, en einu sýnin, sem fáanleg voru til líffræðilegra rannsókna, höfðu verið fryst þegar veikindin stóðu sem hæst. Sýni þessi höfðu verið sett í formalín rétt fyrir dauða og hefur það væntanlega gert líffræðilegar rannsóknir á efra borði þeirra (þar á meðal tálknunum) þýðingarlausar.

Voru þess vegna framkvæmdar prófanir til að ákvarða hvort veikindin hefðu stafað af kerfisbundnu gerla- eða vírussmiti.

Hinn 26. júlí voru 15 frystu sýnanna þídd og gáð að ytri og innri merkjum sjúkdóms. Gerðar voru Gram-litanir af sýnunum og þær skoðaðar í smásjá til að ganga úr skugga um tilvist gerla. Einnig voru órotnaðir nýrnavefir úr 8 fiskanna settir í tvö ræktunaræti, BHIA og KD. Síðan var farið með bæði ræktunarætin eins og segir um sýnin frá Laxalóni. Loks voru nýru, milti og þarmatotur fjarlægð úr

fiskunum 15 og búin undir vírusróf. Vírusræktun fór fram í rannsóknarstofunni að Nanaimo. Tæknin, sem beitt var, hæfði til að greina þrjá mikilverðustu vírussjúkdómana í laxfiskum: Infectious pancreatic necrosis (IPN), infectious haematopoietic necrosis (IHN) og viral haemorrhagic septicaemia (VHS).

B. Niðurstöður.

Smásjár- og ræktunarathuganir á sýnum frá Elliðaám bentu til þess, að ekki kæmi til kerfisbundinna gerla- og vírussmita, sem þá var ekki hægt að kenna um fiskdauðann. Athuganir sýndu að fiskarnir voru í merkilega góðu ástandi þegar þeir dóu. Niðurstaða þessi bendir til þess, að fiskurinn hafi ekki verið mjög veiklaður langan tíma áður en að dauða hans kom og að dánarorsökin hlýtur að hafa myndast á mjög skömmum tíma eftir að fiskurinn tók sóttina.

Eingöngu er hægt að geta sér til um orsök sjúkdómsins, en ljóst virðist af athugunum á lituðum tálknahlutum (sem dr. G. Georgsson að Keldum útvegaði vinsamlegast), að dauðinn var í sambandi við tálknaskemmdir. Tálknaskemmdirnar, sem sáust, voru slíkar að fiskurinn mundi vissulega hafa orðið fyrir alvarlegum öndunar- og osmótískum örðugleikum. Í sumum sýnanna voru tálknablöðin samvafin og samlukt epithelial-sellum. Í öðrum sýnum virtust sellurnar í epithelium-blöðunum enn alvarlegar sýktar. Annaðhvort vantaði þær eða þær voru aðskildar frá pilarsellunum í blöðunum eða að þær höfðu stækkað og sýndu merki úrkynjunar. Ég held að samgróningur blaðanna og umlyking þeirra hafi orsakast af einhverju truflandi efni í vatninu, e. t. v. myxobacteria eða frekar frumdýrum. Líklega hafa tálknaskemmdir af þessum völdum verið upphafsorsök, sem leiddi til dauða. Alvarlegri tálknaskemmdirnar, sem að framan er lýst, orsökuðust þó nær örugglega af formalínmeðferðinni (jafnvel e. t. v. of mikilli formalínmeðferð). Sjúkdómsáhrifum formalíns á laxatálkn hefur verið lýst (Smith and Piper. 1972. J. Fish. Res. Board Can. 29.: 328—329) og tálknaskemmdir, sem sáust á Elliðaársýnunum, voru merkilega líkar tálknaskemmdum sem framkallaðar voru með formalíni og lýst er í ritinu. Að sjálfsögðu geta önnur tærandi efni, eins og klórín, orsakað ámóta vefjaskemmdir og formalín. En eftir því sem ég komst næst var formalín eina truflandi efnið, sem fiskurinn hafði verið útsettur fyrir.

Í stuttu máli sagt ætla ég að frumdýr eða e. t. v. myxobacteria hafi verið frumhvati dauðsfallsins. En flest dauðsföllin hafa mjög líklega orsakast af formalínmeðferð og hin alvarlega svörun hefur orðið vegna of mikillar meðferðar eða veikleika tálknanna þegar meðferðin var framkvæmd. Ekki er reiknað með hugmyndinni um að laxadauðinn í Elliðaám hafi staðið í sambandi við járninnihald vatnsins, sem sagt hefur verið mjög lítið.

C. Tillögur.

Niðurstöður varðandi sjúkdóminn í Elliðaám sýna fram á þörf fyrir þjálfaða fisksjúkdómafræðinga á Íslandi, sem væru til taks fyrir fiskræktarmenn til að greina fisksjúkdómavandamál og gera tillögur um lækningu. Þannig hefði formalínmeðferð t. d. ekki verið viðeigandi í Elliðaám ef myxobacteria hefur orsakað upptök tálknasjúkdómsins.

Einnig sýnir reynslan við Elliðaár, að mikilsvert er að gera tilraunir með ytri meðferð á smáhópum fiska áður en hafin er meðferð á öllum stofninum. Eiturverkanir efna (þ. á m. formalíns), sem notuð eru við bað- og skolunarmeðferð, eru mjög breytilegar eftir hitastigi og gæðum vatns svo og ástandi fisksins. Eingöngu með slíkum tilraunum sem gerðar eru fyrir fram, er mögulegt að segja fyrir um hvort meðferðin muni gera skaða eða koma að gagni.

Einnig er þörf fyrir upplýsingar um efnasamsetningu vatnsins í eldisstöðinni og greiningunni ættu að fylgja upplýsingar um efni eins og nítröt, sem vitað er að skaða fisk í litlu magni og oft fyrirfinnst í jarðvatni. Auk þess ætti forstöðumaður

eldisstöðvarinnar a. m. k. að hafa aðstöðu til að stjórna súrefnismagni í tjörnunum. Er nú hægt að kaupa ódýran útbúnað til að mæla súrefnismagnið í vatninu (og önnur atriði varðandi fiskeldi).

Loks ætti að gera hvers kyns tilraunir til að draga úr sníkjudýrum í vatni eldisstöðvarinnar og komast hjá því að sjúkdómar berist annars staðar frá. Ef mögulegt er ætti ekki að hafa fisk (í þessu tilfelli hornsíli) í vatni eldisstöðvarinnar og fisk ætti að setja í eldisstöðina í formi sótthreinsaðra hrogna.

III. TILRAUNASTÖÐ DR. HELGASONAR AÐ KELDUM: ATHUGANIR, NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR.

A. Athuganir.

Hinn 28. júlí voru 17 sýni (10 Atlantshafslaxar, 5 sjóbirtingar og 2 bleikjur) tekin með aðstoð dr. Helgasonar. Fimm sýnanna voru fullþroska (2 Atlantshafslaxar, 1 sjóbirtingur og 2 bleikjur), en hin ekki. Voru öll sýnin athuguð til að ganga úr skugga um merki sjúkdóma, og lituð sýni af nýrum voru útbúin og athugað hvort um gerla væri að ræða. Órotnaðir nýrnavefir úr 8 af sýnunum voru ræktaðir í tveim gerlaætum, eins og lýst er í sambandi við Laxalónssýnin.

B. Niðurstöður.

Engin merki sjúkdóma fundust á fiskinum með neinni þeirra tækniaðferða, sem beitt var.

C. Tillögur.

Til að viðhalda heilbrigði, að því er virðist, í þessari stöð ætti að færa fisk í hana í formi sótthreinsaðra hrogna. Reynist það óframkvæmanlegt ætti að fá fisk þaðan, sem sjúkdóma hefur ekki gætt. Leitast ætti við að tryggja að villtum fiski sé haldið utan við vatnsból stöðvarinnar.

20. október 1977.

Trevor P. T. Evelyn.

Þýðinguna staðfestir

HILMAR FOSS
Lögg. skjalaþ. og dómt.

Nd. 423. Breytingartillaga [52. mál]

við frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 26. gr. Í stað „1. janúar 1978“ komi: 1. janúar 1979.

Ed. 424. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Nefndin kallaði á sinn fund Ólaf W. Stefánsson, en hann hafði unnið að samningu frumvarpsins.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 9. mars 1978.

Ingi Tryggvason, form,. frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Jón G. Sólnes.	Eggert G. Þorsteinsson.	Geir Gunnarsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 425. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr. Í stað „þjóna“ í 2. efnismgr. komi: starfsmenn.
2. Við 10. gr. Við 1. efnismgr. bætist: eða að öðru leyti stórfellt.
3. Við 12. gr. Á eftir orðunum „svipta hann veitingaleyfi“ í 1. efnismgr. komi: um stundarsakir eða fyrir fullt og allt.
4. Á eftir 16. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og öðrum flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

Nd. 426. Frumvarp til laga [222. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

4. málsgr. 66. gr. laganna orðist svo:
Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um hvort kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er kjörstjórnarmanni að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjórnar. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar skv. grein þessari. Kjörstjóri ritar á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

2. gr.

8. töluliður 141. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Langt er nú síðan flutningsmaður þessa frv. vakti athygli á þeim órétti sem ríkti, er hluta þegnanna væri fyrirmunað að sækja kjörfund á kjördegi, vegna sjúkleika eða öldrunar, að þá væru þeir sviptir um leið þeim grundvallarrétti lýðræðisins að neyta atkvæðisréttar síns í kosningum til Alþingis.

Nokkuð var á móti slíkum aðfinnslum komið og réttmæti þeirra viðurkennt a. m. k. í Reykjavíkurkjördæmi, þegar kjördeildum var fjölgað og vistmönnum dvalarheimila aldraðra, sem skipta hundruðum, var opnaður möguleiki til að kjósa á kjördegi innan veggja heimilanna sjálfra.

Stærsta skrefið til að bæta um á þessu sviði var þó stigið með breytingunni, sem gerð var með lögum nr. 15 5. apríl 1974 á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Þá var kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hérlendis heimilað að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda væri kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Um þessa kosningaathöfn gilda þó enn að öllu leyti sömu reglur og um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofu eða heimili kjörstjóra, en þar segir, að kjósanda beri að koma á fund kjörstjóra í hentugt húsnæði innan viðkomandi stofnunar og að atkvæðagreiðsla megi eigi fara fram í sjúkrastofum eða herbergjum vistmanna.

Við slíka kosningaathöfn, þ. e. á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, gilda að öllu leyti sömu ákvæði laga og um allar atkvæðagreiðslur utan kjörfundar og að sjálfsögðu þar á meðal 2. mgr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óheimilt sé að veita kjósanda aðstoð við sjálfa kosninguna.

Kjósendur, sem þurfa að kjósa til Alþingis utan kjörfundar, hafa snöggtum minni rétt en þeir, sem geta greitt atkvæði á kjörfundi, því í 88. gr. sömu laga segir, að kjósandi eigi rétt á að fá aðstoð við atkvæðagreiðsluna í kjörklefanum, ef hann skýri kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf.

Með ákvæðinu, sem bannar hjálp til handa því fólki, sem vill og þarf að kjósa við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, eru ótrúlega margir þegnar okkar þjóðfélags settir á óæðri bekk og sviptir sínum grundvallarrétti — kosningarréttinum.

Þeir, sem tekið hafa þátt í kosningavinnu, máske áratugum saman, þekkja of mörg dæmi þess, að sjúkum, blindum og öldruðum hefur verið snúið grátandi frá utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna líkamlegrar vanhæfni þeirra. Slíkt á auðvitað ekki að eiga sér stað og er löggjafanum til vansæmdar, ef ekki verður úr bætt.

Með þessu frumvarpi, ef samþykkt verður, er bættur sá aðstöðumunur, sem hér hefur verið drepið á, og heimiluð sama hjálp til handa þeim, sem kjósa utan kjörfundar, og á kjörfundi.

Ákvæðið um bókun á fylgibréfið er til að fyrirbyggja hugsanlega tortryggni kjörstjórnar í fjarlægri heimabyggð kjósanda, sem máske er kunnugt um vanhæfni kjósanda til að neyta atkvæðaréttar síns, en ekki um það, hvernig að atkvæðagreiðslunni hefur verið staðið.

Með samþykkt 2. gr. falla niður refsiákvæði við því að aðstoða kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða ef kjósandi biggur slíka aðstoð.

Nd. 427. Frumvarp til ættleiðingarlaga. [52. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. mars.)

Samhljóða þskj. 56 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

15. gr. hljóðar svo:
Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli á annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.
Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.
Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldri óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Þó getur kjörbarn, sem náð hefur 12 ára aldri, ráðið því sjálft, hvort það haldi kenningarnafni sínu eða taki upp kenningarnafn annars kjörforeldris. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

26. gr. hljóðar svo:
Lög þessi taka gildi 1. janúar 1979.
Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953, um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975, um breytingu á þeim.

Ed. 428. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt með breytingu á orðalagi í 5. gr., sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. — Halldór Ásgrímsson var fjarverandi.

Alþingi, 13. mars 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Albert Guðmundsson.	Steinþór Gestsson.
Helgi F. Seljan.	Eggert G. Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 429. Fyrirspurn [223. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útflutning tilbúinna fiskrétta.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hefur verið athugað nýlega, hvort unnt er að framleiða tilbúna fiskrétti fyrir Bandaríkjamarkað í verksmiðjum hérlendis í stað þess að gera það vestan hafs? Ef svo, hver er niðurstaðan?
2. Hve miklum gjaldeyri tapa Íslendingar á því, að þessi framleiðsla er ekki í landinu sjálfu?
3. Hve margt fólk starfar í fiskverksmiðjum, sem Íslendingar eiga erlendis?
4. Hverjar eru horfur í þessum málum á Evrópumarkaði?

Ed. 430. Frumvarp til laga [224. mál]

um sölu notaðra lausafjármuna.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Hver sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi lögreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veitt til 5 ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, til að mega reka verslun á Íslandi, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að vera í lögum eða í reglugerðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Afturkalla má leyfi samkvæmt 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða almennar reglur um réttmæta verslunarhætti.

4. gr.

Verslun samkvæmt lögum þessum má aðeins reka í húsnæði eða starfsstöð sem lögreglustjóri hefur samþykkt, enda fullnægi húsnæði eða starfsstöð ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

5. gr.

Allur varningur, sem lög þessi taka til, skal geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar tölusettur og verðmerktur.

6. gr.

Skylt er verslun að halda heimildarskrá um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu. Skrá þessi skal færð í þar til gerða bók með tölusettum blaðsíðum, sem viðurkennd er af lögreglustjóra.

Í heimildarskrá þessa skal færa, eftir því sem við verður komið, eftirfarandi upplýsingar:

1. móttökunúmer hlutar,
2. móttökudag,
3. lýsingu hlutar,
4. nafn, stöðu og heimilisfang þess sem hlutinn afhenti,
5. söludag hlutar,
6. nafn, stöðu og heimili kaupanda hlutar,
7. innkaupsverð, viðgerðarkostnað, ef einhver er, og söluverð hlutar. Sé hlutur tekinn í vöruskiptum skal skiptaverðs getið.

7. gr.

Heimildarskrá er skylt að geyma í 10 ár. Sömuleiðis er skylt að geyma jafnlengi allar aðrar skriflegar upplýsingar um varning, svo sem kvitanir, bréf o. fl. Lögreglustjóra skal jafnan opinn aðgangur að heimildarskrá verslunar sem og öðrum gögnum er varða söluhlut. Lögreglustjóri getur krafist þess að fá skráðan sem óskráðan varning til skoðunar, hvenær sem hann telur þess þörf.

8. gr.

Sá, sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

9. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að beiðni flutningsmanns frumvarps þessa, er það samið af Arnmundi Backman lögfræðingi. Við samningu þess var einkum stuðst við gildandi reglur í Noregi og í því sambandi stuðst við gögn og ábendingar frá landssambandi löggiltra bílasala í Noregi, „Autoriserte Bruktbilhandleres landsforbund".

Hinn 1. janúar 1977 gekk í gildi í Noregi reglugerð um sölu notaðra eða gamalla hluta. Reglugerð þessi var sett samkvæmt heimild í lögum um verslunaratvinnu, lov om handelsnæring, frá 8. mars 1935, 10. kafla um „antikvar- og skraphandel". Sambærilegum lagaákvæðum er ekki til að dreifa hér á landi.

Verslun og umboðssala með notaða eða gamla hluti, svo sem sala notaðra bifreiða, bóka, innanstokksmuna eða annars, hefur færst mjög í vöxt hér á landi á undanförnum árum, sér í lagi þó sala notaðra bifreiða. Verslun af þessu tagi er sérstaks eðlis. Hún byggir í aðalatriðum á því að endurselja ýmiss konar lausafjármuni, sem áður hafa verið í einkaeign. Af þeim sökum verður sölumaður að treysta eignarheimild þess sem hlutinn afhendir til sölu. Og sá, sem notaðan hlut kaupir, verður að treysta því að sú heimild hafi verið fyrir hendi, að hann hafi með lögmætum hætti eignast notaðan hlut.

Um eðli fornverslana eða umboðssölu notaðra bifreiða verður ekki farið fleiri orðum í greinargerð þessari. Sérstaða þeirra í verslunarviðskiptum er augljós. Af þeim sökum telur flutningsmaður þessa frumvarps brýnt að lögfest verði ákvæði sem tryggja ættu sæmilegt réttaröryggi í viðskiptum þessum. Með slíkt í huga er frumvarp þetta lagt fram.

Í öllum aðalatriðum er ákvæðum hinnar norsku reglugerðar fylgt.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sérstakt leyfi lögreglustjóra þurfi til að reka verslunar- eða umboðssölu með notaða eða gamla hluti. Hér getur auðvitað komið til margs konar varningur, en algengust er þó verslun með bifreiðar, bækur og húsgögn.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að sett verði það almenna skilyrði fyrir leyfisveitingu skv. 1. gr., að viðkomandi fullnægi skilyrðum laga um verslunaratvinnu til að mega reka verslun á Íslandi.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 5. gr.

Krafan um, að allur varningur, sem lög þessi ná til, skuli geymdur óbreyttur í a. m. k. 14 daga, er fyrst og fremst sett til öryggis, sé um það að ræða að eignarheimild seljanda hlutar sé vafa undirorpin. Í 9. gr. er ákvæði um að lögreglustjóra sé heimilt að veita undanþágu frá þessari grein.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 8. gr.

Í niðurlagi greinarinnar er lagt til að seljanda notaðrar bifreiðar verði gert skylt að sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins eignarheimild sína. Í viðskiptum sem þessum hefur í seinni tíð borið talsvert á svokölluðum „raðsölum", þ. e. að bifreið fer um hendur nokkurra seljenda sem þó eru ekki skráðir eigendur hennar. Hefur þetta þótt skapa talsverða réttaróvissu. Bifreið er fyrirferðarmikið tæki í nútíma þjóðfélagi. Á eigendum og ökumönnum hvílir veruleg ábyrgð samkvæmt lögum. En meðan „raðsölur" án skráningar hvers eigenda viðgangast eru opinberar skrár ófullkomnar um skráningarskylda eigendur bifreiða.

Nd. 431. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með einni breytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. mars 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.	Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 432. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með einni breytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. mars 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.	Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 433. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með einni breytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. mars 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.	Eðvarð Sigurðsson.

Ed. 434. Frumvarp til laga [225. mál]

um breyting á lögum nr. 51 2. maí 1968 um bókhald.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

7. mgr. 5. greinar laganna orðist svo:

Sjóðbók, sjóðdagbók, aðalbók og efnahagsbók skulu vera fyrirfram innbundnar og tölusettar og skal efnahagsbók vera löggilt, sbr. þó 6. gr. Færi aðili bæði sjóðbók og sjóðdagbók, má hin síðarnefnda vera lausblaðabók.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort eða blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna og löggiltra bóka skv. 5. gr. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skal sjóðbók vera fyrirfram innbundin og tölusett.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um notkun og gerð slíkra bókhaldsgagna.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, skulu geymd í 7 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að geymsla á filmu eða annarri jafngóðri eftirmynd viðkomandi bókar eða skjals komi að nokkru eða öllu leyti í stað geymslu bókarinnar sjálfrar eða skjalsins. Samanlagður geymslutími frumgagna og eftirmyndar má aldrei vera skemmri en 7 ár.

Efnahagsbók skal ætíð varðveita í 25 ár.

4. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu gera ársreikning einu sinni á hverju reikningsári, en hann skal a. m. k. hafa að geyma efnahagsreikning og rekstrarreikning. Reikningsárið skal vera 12 mánuðir.

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal færður í efnahagsbók og undirritaður þar af þeim, sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 7. mgr. 5. gr. laga þessara.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum, þá skal hann undirrita hann með árituðum fyrirvara. Koma skal fram, hvers eðlis fyrirvarinn er, og færa skal greinargerð um hann í efnahagsbókina.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hafa orðið miklar og örar breytingar á sviði bókhalds og reikningsskila. Tækniframfarir í gerð bókhalds- og skýrsluvéla og á sviði filmugerðar gera það kleift að beita í æ ríkara mæli vélum, sjálfvirkni og myndtækni við færslu, úrvinnslu og geymslu bókhalds og bókhaldsgagna. Ársreikningar fyrirtækja hafa einnig tekið breytingum og meira samræmi er orðið í gerð þeirra og algengara verður að þeir hafi að geyma margs konar skýringar og yfirlit auk efnahags- og rekstrarreiknings. Handfærsla ársreiknings í fyrirfram innbundna og löggilta efnahagsbók er þannig orðin all viðamikil og að ýmsu leyti óhentug, a. m. k. hjá stærri fyrirtækjum. Gildandi bókhaldslög gera ráð fyrir notkun vélbúnaðar við færslu bókhalds en heimila hins vegar ekki undantekningu frá þeirri reglu að bækur og bókhaldsgögn skuli geymd í sinni upprunalegu mynd í ákveðinn tíma.

Breytingartillögur frumvarps þessa eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi er skilyrðið um innbundna og löggilta efnahagsbók gert undanþægt. Með því er stefnt að því að opna þann möguleika að í stað handfærslu og innbindingar efnahagsbókar geti komið geymslubindi, sem ársreikningurinn yrði lagður í eða bundinn.

Færslu efnahagsbókar mun nú almennt vera þannig háttað hér á landi að í hana er aðeins færður rekstrar- og efnahagsreikningur. Með þessari breytingu er stuðlað að því að ársreikningar fyrirtækja verði varðveittir með þeim skýringum og skýrslum sem nú eru almennt að verða óaðskiljanlegur hluti ársreikninga. Í reglugerð yrði að setja ákveðin skilyrði fyrir notkun slíkra geymslubinda í stað innbundinna bóka, m. a. um öruggan frágang þeirra og geymslu.

Í öðru lagi er opnuð heimild til þess að setja reglugerðarákvæði um geymslu bókhaldsbóka og bókhaldsgagna á filmu og annarri jafngildri eftirmynd. Heimild til færslu og geymslu bókhaldsgagna á filmu hefur nú verið lögleidd víða um heim, m. a. á Norðurlöndum. Með notkun slíkrar tækni er oft hægt að spara verulegt húsrými og pappír, auk þess sem leit upplýsinga í eldri gögnum getur orðið aðgengilegri og jafnvel öruggari. Hér er ekki aðeins um að ræða notkun á filmum til geymslu á upplýsingum fylgiskjala eða annarra hliðstæðra gagna heldur er í æ ríkari mæli farið að nota sérstakar örfilmur (mikrofilmur) fyrir tölvuútskrift í bókhaldi í stað útskriftar á pappír. Heimild í reglugerð til notkunar á slíkri tækni verður þó að vera háð ströngum skilyrðum varðandi alla framkvæmd, gerð filmuefnis, skráningu og geymslu til að tryggja fyllsta öryggi um meðferð og geymslu upplýsinga.

Ed. **435. Frumvarp til laga** [226. mál]

um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Greiða skal stimpilgjald af þeim skjölum sem um ræðir í III kafla laga þessara.

2. gr.

Sé ekki annars getið í lögum þessum varðandi einstakar tegundir skjala gilda svofelldar almennar reglur um ákvörðun stimpilgjalds:

a) Þegar stimpilgjald er hundraðshluti af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi á heilum tug króna skal færa gjaldið niður í næsta heilan tug.
   Stimpilgjald einstaks skjals má þó aldrei vera minna en 100 kr.
b) Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar sem stimpilskyldan er bundin við.
c) Hljóði stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem áskilin eru eða lofuð um ótiltekinn tíma eða fyrir ákveðið tímabil sem er 25 ár eða lengra, skal reikna stimpilgjald af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabil er ákveðið innan við 25 ár telst stimpilgjaldið af árgjaldinu margföldu með áratölunni. Sé árgjaldið mismunandi skal taka meðalgjaldið.

3. gr.

Skjal er því aðeins stimpilskylt

1. að aðilar þess séu heimilisfastir hér á landi, eða
2. að einn aðili a. m. k. sé heimilisfastur hér á landi og einhver aðili þess hafi undirritað það hérlendis.

4. gr.

Þau skjöl sem hér greinir eru stimpilskyld án tillits til ákvæða 3. gr.:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Hlutabréf, skuldabréf og önnur verðbréf, sem ætluð eru til að ganga manna á milli, ef þau eru gefin út af félögum eða stofnunum sem eiga heimili hér á landi.
4. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
5. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

5. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir réttindum er það veitir en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og notarialgerðum, er skapa réttindi eða skyldur sem eigi hefur áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og réttinda er um ræðir.

6. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

7. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki er aðeins eitt þeirra stimpilskylt nema öðruvísi sé ákveðið sérstaklega.

8. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breytingu á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu ef hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun. Ella skal greiða gjald fyrir áletrunina og skal gjaldið nema hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

9. gr.

Ef skjal stofnar til réttinda eða skyldna er meta má mismunandi hátt telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II UM GREIÐSLU STIMPILGJALDS, STIMPLUN OG ENDURSKOÐUN GJALDSINS

10. gr.

Greiðsla stimpilgjalds skal staðfest með því að líma stimpilmerki á skjalið.

Fjármálaráðuneytið lætur gera stimpilmerki og ákveður útlit þeirra og fjárhæð.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að í stað stimpilmerkja megi staðfesta greiðslu gjaldsins með ástimplun stimpilmerkjavélar, notkun stimpils eða með annarri áletrun á hið stimpilskylda skjal.

11. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimpluð áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr, og þá fyrir eindaga. Ef aðilar hafa eigi undirritað samtímis telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla með sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið hvenær það var. Fjármálaráðuneytið getur lengt frest þennan ef sérstaklega stendur á.

12. gr.

Opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl, sem þeir gefa út eða afgreiða, án endurgjalds fyrir stimplunina.

Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla skjöl er um hendur þeirra fara, án sérstaks gjalds.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald og bókfærslu gjaldsins sem það kann að setja.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

13. gr.

Þeir sem hafa á hendi stimplun skjala skulu gæta þess að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra er stimplunar beiðast. Sé sá sem stimplunar beiðist óánægður með ákvörðun gjaldsins getur hann skotið því undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða, en jafnan skal fylgja umsögn þess er ákvað gjaldið. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una úrskurði ráðuneytisins getur hann lagt málið fyrir dómstóla.

14. gr.

Stimpilmerki eða aðra staðfestingu um greiðslu stimpilgjalds, sem færð hefur verið á fullgild skjöl, er óheimilt að má af þeim aftur. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því þegar skjal er ógilt með öllu að lögum eða eigi verður af því að það réttarástand skapist sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal er af vangá stimplað of hátt skal endurgreiða það sem ofborgað er.

Endurgreiðslur samkvæmt þessari grein mega því aðeins fara fram að beiðni um þær hafi borist fjármálaráðuneytinu áður en tvö ár eru liðin frá útgáfu þess skjals sem beiðnin varðar. Heimilt er þó að víkja frá þessum fresti ef sérstaklega stendur á.

Beiðni um endurgreiðslu skal að jafnaði fylgja frumrit þess skjals sem beiðnin varðar eða staðfest eftirrit af því.

15. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki nema svo sé ástatt að opinber starfsmaður eigi sök á því að eigi var stimplað. Fyrnist krafan þá á fjórum árum. Krafa til stimpilgjalds fellur enn fremur niður þegar liðin eru fimm ár frá þeim tíma er skjalið var með öllu úr gildi.

III UM STIMPILGJALD EINSTAKRA SKJALA

16. gr.

Fyrir stimplun afsalsbréfa fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum skal greiða 400 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi og eigandinn gerist eignaraðili að félaginu eða eykur eignarhlut sinn í því lækkar stimpilgjaldið í hlutfalli við eignarhluta hans í félaginu.

Þegar fasteign eða skipi er úthlutað félagsmanni í hlutafélagi eða sameignarfélagi við félagsslit greiðist stimpilgjald að því marki sem eignarhluti hans í eigninni verður meiri en eignarhluti hans var í félaginu.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa greiðist hálft gjald.

Útdrættir úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna, er sýna eigendaskipti að fasteign eða skipi eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur eða maka upp í búshelming hans, enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

17. gr.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir fasteignum telst eftir fasteignamati þeirra að leigulóð meðtalinni. Nú hefur fasteignamat ekki farið fram eða liggur ekki fyrir þegar bréf er stimplað og skal gjaldið þá teljast af áætluðu fasteignamatsverði. Fjármálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins, sett nánari reglur um áætlun slíks matsverðs. Ef áætlun matsverðs er sérstökum örðugleikum háð má miða við kaupverð eignar, teljist það sennilegt.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir skipum telst eftir því kaupverði sem sett er á eignina í bréfunum, enda teljist það sennilegt, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur áhvílandi veðskuldum.

18. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst.

19. gr.

Ef heimildarbréf er framselt ber að stimpla framsalið sem afsal.

20. gr.

Fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign skal greiða 2 000 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af áskilinni leigu eða endurgjaldi. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum. Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa er stimpilfrjálst.

22. gr.

Skilríki fyrir eignarhluta í félögum með takmarkaða ábyrgð, öðrum en hlutafélögum, skulu stimpluð á sama hátt og hlutabréf. Hið sama gildir um skilríki fyrir eignarhluta þeirra manna sem bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags þar sem sumir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð en aðrir takmarkaða (kommandit félög).

23. gr.

Félagssamningar félaga með ótakmarkaðri ábyrgð skulu stimplaðir með 2% af því fé sem í félagið er lagt.

Leggi félagi fram persónulega vinnu til félagsins, auk fjárframlags eða í stað þess, skal vinnan metin til samræmis við framlagt fé annarra félaga. Aldrei skal vinnuframlag þó metið lægra en fjárframlag þess félaga sem minnst fé leggur fram til félagsins.

Hljóði félagssamningur ekki um nein fjárframlög skal hann stimplaður með 10 000 kr.

Framsöl á réttindum í félögum sem falla undir 22. og 23. gr. eru stimpilfrjáls.

24. gr.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1 500 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 500 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1 000 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra slíkra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 300 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs.

25. gr.

Ef veðréttur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð sem frekast er ætlast til að tryggja.

26. gr.

Nú er skuld endurnýjuð með nýju bréfi og skal þá sá sem stimplun annast innheimta helming gjalds þess er í 24. gr. getur. Sé skuld færð yfir á nafn annars aðila greiðist ekkert stimpilgjald.

27. gr.

Fyrir stimplun víxla og samþykktra ávísana, nema tékka, skal greiða 250 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð skjalsins.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla stimplast það sem skuldabréf.

28. gr.

Nú hljóðar víxill eða samþykkt ávísun um borgun í erlendri mynt og reiknast þá stimpilgjaldið eftir sölugengi þeirrar myntar hér á landi á þeim tíma er stimplun fer fram.

29. gr.

Framsal á skuld er stimpilfrjálst.

30. gr.

Greiða skal stimpilgjald af vátryggingarsamningum. Ef vátryggingarskírteini er gefið út skal það stimplað, ella samningur, fyrsta greiðslukvittun eða annað skjal er vátrygginguna varðar.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð fjárhæð stimpilgjalds af einstökum tegundum vátrygginga. Skal stimpilgjald annað hvort miðað við vátryggingarfjárhæð eða iðgjald.

Fjármálaráðuneytið hefur heimild til þess að gera samninga við vátryggingarfélög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum gegn eftirliti sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Enn fremur getur það veitt vátryggingarfélögum undanþágu frá því að framkvæma stimplun gegn annars konar tryggingu fyrir greiðslu stimpilgjalds. Loks getur það undanþegið einstakar tegundir vátrygginga stimpilgjaldi, ef sérstök ástæða þykir til.

31. gr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar skal greiða 5 000 kr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru síðar, skal greiða 400 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund þeirrar fjárhæðar sem verður séreign samkvæmt þeim. Verðmæti fasteigna skal í þessu sambandi metið samkvæmt ákvæðum 17. gr. en frá verði þeirra þannig ákvörðuðu má draga eftirstöðvar áhvílandi þinglýstra veðskulda. Frá verði annarra eigna má draga eftirstöðvar þinglýstra skulda er á þeim hvíla. Lágmarksgjald samkvæmt þessari málsgrein skal vera 5 000 kr.

IV ÝMIS ÁKVÆÐI

32. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísa til hins stimplaða og þess getið hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt

og eigi heldur er sannað að skjal, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað ber að stimpla hið síðara skjal eftir efni þess.

Það breytir eigi stimpilskyldu skjals þótt það sé gefið út til tryggingar greiðslu á öðru stimpilskyldu skjali, svo sem víxli.

33. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal rita, hvernig aðalskjalið er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi er heldur sannað, að frumritið sé löglega stimplað, skal stimpla samritið eða eftirritið eins og það væri frumrit.

34. gr.

Öllum opinberum starfsmönnum, svo og skiptaforstjórum, er skylt að hafa nákvæmar gætur á að lög þessi séu haldin og kæra brot er þeir verða áskynja um.

Þegar stimpilskyld skjöl eru afhent til þinglýsingar er opinberum starfsmönnum, sem hana annast, skylt að athuga hvort þau séu stimpluð. Ef svo er eigi ber þeim að heimta stimpilgjaldið þá þegar.

35. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum er snerta hann.

36. gr.

Ef stimpilskylt skjal er ekki stimplað innan tilskilins frests skulu þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, gera stimpilbeiðanda að greiða stimpilgjaldsálag er nemi hinu vangoldna stimpilgjaldi tvöföldu, þegar um víxla er að ræða, en vegna annarra skjala skal álagið vera 10% fyrir hvert byrjað 7 daga tímabil umfram tilskilinn frest, allt að hálfu grunngjaldinu. Álag þetta má innheimta með lögtaki.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt eftir atvikum að lækka eða láta niður falla stimpilgjaldsálag samkvæmt grein þessari ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

37. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Sömu refsingu skal sá sæta sem gefur rangar skýrslur um atriði er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds, neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða álagi, ritar rangt vottorð á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrits eða dagsetur skjal ranglega til að leyna broti á lögum þessum, nema um ásetningarbrot sé að ræða er varði þyngri refsingu samkvæmt XV kafla almennra hegningarlaga.

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1978. Skulu skjöl sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald og lög nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 80/1953, nr. 24/1971 og nr. 104/1976 um breytingu á þeim lögum, lög nr. 62 28. des. 1977 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu sérákvæði um stimpilfrelsi í einstökum lögum halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um stimpilgjald eru orðin 57 ára gömul. Fer ekki hjá því að á svo löngum tíma hafi lögin úrelst að ýmsu leyti. Að vísu hafa margoft verið gerðar breytingar á lögunum en þær hafa lotið að breytingum á einstökum afmörkuðum þáttum og heildarendurskoðun þeirra hefur aldrei farið fram. Á árunum 1952 og 1953 var tvívegis flutt heildarfrumvarp til laga um stimpilgjald en frumvörpin urðu í hvorugt skiptið útrædd. Þau frumvörp voru samin af nefnd sem í áttu sæti Jón Steingrímsson sýslumaður, Júlíus Havsteen bæjarfógeti og Þorlákur Jónsson stjórnarráðsfulltrúi.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er samið í fjármálaráðuneytinu og hefur við samningu þess verið höfð að sumu leyti hliðsjón af frumvörpunum frá 1952 og 1953. Er því ætlað að samræma ákvæði stimpillaga breyttum aðstæðum, einfalda lögin og auðvelda framkvæmd þeirra. Hins vegar er frumvarp þetta ekki flutt í tekjuöflunarskyni og má ætla að það hafi ekki í för með sér verulegar breytingar á heildartekjum ríkissjóðs.

Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs. Er gert ráð fyrir að fella þinglýsingargjald í núverandi mynd niður og hækka stimpilgjaldið sem því nemur. Ekki er þó talið fært að fella þinglýsingargjald með öllu niður en lagt er til að fyrir þinglýsingu verði greitt fast tiltölulega lágt gjald, óháð fjárhæð hins þinglýsta skjals. Þá er lagt til að álag, sem lagt hefur verið á stimpilgjald undanfarna áratugi og samþykkt hefur verið til eins árs í senn, síðast með l. nr. 62/1977, verði fellt inn í stimpilgjaldslögin. Er þetta gjald fyrir löngu orðinn fastur tekjustofn ríkissjóðs, og er mun skýrara bæði fyrir gjaldendur og gjaldheimtumenn að hafa hinn raunverulega taxta stimpilgjaldsins ákveðinn í einum lögum.

Ýmsar viðamiklar breytingar felast í frumvarpi þessu og vísast til athugasemda við einstakar greinar og fylgiskjals með frumvarpinu um skýringar á þeim. Rétt er þó að vekja hér athygli á þeirri grundvallarbreytingu sem felst í 17. gr. frumvarpsins. Fram til þessa hefur stimpil- og þinglýsingargjald af eignarheimildum fyrir fasteignum verið miðað við söluverð ef það hefur komið fram á hinu þinglýsta og stimplaða skjali. Ella hefur verið miðað við fasteignamatsverð. Þar sem fasteignamatsverð hefur allajafna verið nokkru lægra en gangverð fasteigna hefur þessi háttur við gjaldtöku leitt til þess að kaupendur fasteigna hafa freistast til að láta hjá líða að þinglýsa kaupsamningi. Þess í stað hafa þeir einungis þinglýst afsali og sparað sér gjöld með því að greiða þau af lægri gjaldstofni. Um leið hafa þeir sloppið við að greiða þinglýsingargjald bæði af kaupsamningi og afsali. Þetta hefur hins vegar leitt til verulegrar skerðingar á réttaröryggi fasteignakaupenda þar sem þeir hafa átt á hættu að skuldheimtumenn seljanda eða grandlausir síðari viðsemjendur hans útrýmdu eða skertu rétt kaupsamningshafa. Verður að telja það mjög óæskilegt að gjaldtökuákvæði dragi á þennan hátt úr réttaröryggi í fasteignakaupum og er því lagt til í 17. gr. frumvarpsins að jafnan skuli miða gjaldstofn stimpilgjalds við fasteignamat eða áætlað fasteignamat þegar því verður við komið. Þessi breyting, samhliða niðurfellingu þinglýsingargjalds í núverandi mynd, ætti að leiða til þess að opinber gjaldtaka verði mönnum ekki framvegis hindrun við að tryggja réttindi sín.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið haft samráð við dómsmálaráðuneytið og hliðsjón höfð af ákvæðum hins nýja frumvarps til þinglýsingarlaga.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að einungis séu stimpilskyld þau skjöl er falla undir ákvæði III kafla laganna en önnur skjöl séu stimpilfrjáls.

Um 2. gr.

Þessi grein samsvarar 3. gr. núgildandi laga um stimpilgjald. Í a-lið greinarinnar er lagt til að gjaldið færist niður í næsta heila tug í stað næsta hálfs tugar nú. Jafnframt er lagt til að lágmark stimpilgjalds verði 100 kr. Í e-lið greinarinnar er orðalagið einfaldað frá því sem nú er. Sérreglan um árgjald um ævitíð einstaks manns er felld niður.

Um 3. gr.

Grein þessi er nokkuð breytt frá ákvæðum 4. gr. gildandi laga. Er fyrirmynd sótt til 3. gr. dönsku stimpilgjaldslaganna frá 1969. Í 1. tl. felst að séu allir aðilar skjals heimilisfastir hér á landi er það stimpilskylt, jafnvel þó það sé gefið út erlendis. Sé einhver aðili skjals hins vegar ekki heimilisfastur hér á landi er stimpilskyldan skv. 2. tl. bundin við að einn aðili a. m. k. undirriti það hérlendis.

Um 4. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 5. gr. núgildandi laga um stimpilgjald. Fjórða tl. er þó sleppt þar sem stimpilgjaldstaka af þargreindum skjölum virðist ósanngjörn. Ákvæðið um samþykktar ávísanir er og fellt niður. Þá er bætt við nýjum tölulið um stimpilskyldu skjala sem hér er þinglýst eða færð eru í opinbera skrá hér á landi.

Um 5., 6., 7. og 8. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 6.—9. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. núgildandi laga um stimpilgjald að öðru leyti en því, að orðið „má“ kemur í stað „verður“.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði 2. og 11. gr. núgildandi laga um stimpilgjald sameinuð í eina grein. Ákvæði 2. gr. um þóknun fyrir að sjá um stimplun er fellt niður svo og beint ákvæði um stimpilpappír. Ráðuneytinu eru opnaðar heimildir til að heimila „stimplun“ á annan hátt en hingað til hefur tíðkast. Þannig gæti ráðuneytið ákveðið að í vissum tilvikum væri eiginleg stimplun óþörf ef stimpilgjalds væri getið sérgreint á hinu stimplaða skjali.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. núgildandi laga um stimpilgjald, þó þykir rétt að tala fremur um fjármálaráðuneytið en stjórnarráðið í lokamálslið greinarinnar.

Um 12. gr.

Grein þessi samsvarar 13. gr. núgildandi laga um stimpilgjald. Lagt er til að skylda til stimplunar sé bundin við þá opinberu starfsmenn sem falin er slík stimplun. Sérákvæði um lögreglustjóra og hreppstjóra er fellt niður, enda geta þeir fallið undir 1. mgr. Enn fremur er fellt niður ákvæðið um að leyfa megi hverjum og einum að stimpla einstakar tegundir skjala.

Um 13. gr.

Lagt er til að greinin verði færð í svipaða mynd og hún var í við setningu núgildandi laga um stimpilgjald. Sérákvæði um fasteignir er fært í 17. gr.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. núgildandi laga um stimpilgjald, þó er orðalag rýmkað í 1. mgr. og frestur samkvæmt 3. mgr. gerður undanþægur.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. núgildandi laga um stimpilgjald. Þó er niðurlagi gildandi ákvæðis sleppt.

Um 16. gr.

Með þessari grein er gerð tillaga um að samræma gjaldtöku af eignarheimildum fyrir fasteignum og skipum. Samkvæmt gildandi lögum er stimpilgjaldið hið sama fyrir báðar þessar tegundir eigna en þinglýsingargjaldið er nærfellt sjö sinnum hærra af heimildarbréfum fyrir skipum en fasteignum. Hefur þessi munur vaxið smátt og smátt hin síðari ár vegna þess að í kjölfar fasteignamatshækkana hafa fylgt lækkanir á þinglýsingargjaldi fyrir fasteignir en þinglýsingargjald fyrir skip hefur staðið í stað. Er lagt til að heildargjaldtaka af heimildarbréfum fyrir skipum lækki um tæpan helming en nokkur hækkun verði á gjaldtöku af heimildarbréfum fyrir fasteignum, sbr. 1. og 2. tl. fylgiskjals með frumvarpi þessu.

Gert er ráð fyrir að stimpilgjald verði greitt af afsalsbréfum fyrir skipum yfir 5 brúttósmálestir, sem keypt eru erlendis, en slík bréf eru nú stimpilfrjáls. Þrátt fyrir þessa breytingu verður stimpilgjald af þeim lægra en þinglýsingargjald sem af þeim hefur verið greitt hingað til. Gert er ráð fyrir einföldun álagningar með því að hafa fast gjald fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af verði viðkomandi eignar. Orðið próventusamningar er fellt niður úr 1. mgr. þar sem þeir munu að mestu vera úr sögunni. Ákvæði 2. mgr. samsvarar hliðstæðu ákvæði gildandi laga. Ákvæði 3. mgr. er nýmæli, en sanngjarnt þykir að sambærileg ákvæði gildi um yfirfærslu fasteigna til félagsmanna við félagsslit og gilda um framlagningu eigna við stofnun félags.

Um 17. gr.

Hér er gerð tillaga um að fasteignamat sé jafnan grundvöllur stimpilgjalds af eignarheimildum fyrir fasteignum. Með þessu ætti að vera numinn brott sá mismunur í gjaldtöku sem leitt hefur til þess að menn hafa veigrað sér við að láta þinglýsa kaupsamningum um þessar eignir. Sett eru ákvæði um áætlun fasteignamatsverðs ef það liggur ekki fyrir við þinglýsingu, en slíkum tilvikum ætti þó að fækka í framtíðinni þar sem Fasteignamat ríkisins stefnir að því að meta allar eignir um leið og þær eru komnar í fokhelt ástand. Slík áætlun fasteignamatsverðs myndi byggjast á upplýsingum Fasteignamats ríkisins um meðalverð hliðstæðra eigna, t. d. meðalverð á hverjum rúmmetra fokhelds íbúðarhúsnæðis í hverju umdæmi o. s. frv. Ef slík áætlun er sérstökum örðugleikum háð í einstökum tilvikum, vegna þess að slík meðaltöl geta ekki átt við um hina seldu eign, er gert ráð fyrir þeim möguleika að miða gjaldið við umsamið kaupverð.

Um 18. og 19. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 19. og 20. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Um 20. gr.

Hér er efni 23. og 39. gr. núgildandi laga um stimpilgjald dregið saman í eina heild. Þó er reglan um tíföldun ársleigu í 39. gr. felld niður en í staðinn koma hin almennu ákvæði c-liðar 2. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun heildargjalds af þessum gerningum, sbr. nánar lið 3 í fylgiskjali.

Um 21. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er stimpilgjald af hlutabréfum innheimt með viðauka. Nemur gjaldið 2,4% ef bréfin hljóða á handhafa en 1,6% ef þau hljóða á nafn. Auk þess eru framsöl nafnbréfa stimpilskyld. Hér er gert ráð fyrir því að hafa sama stimpilgjald fyrir öll hlutabréf og gera framsöl þeirra stimpilfrjáls. Lagt er til að stimpilgjaldið verði 2% en það er sama gjaldhlutfall og gildir í Danmörku.

Um 22. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 26. gr. gildandi laga um stimpilgjald með þeim breytingum sem leiða af breyttum reglum um stimplun hlutabréfa.

Um 23. gr.

Grein þessi svarar efnislega til 27., 29. og 30. gr. núgildandi laga um stimpilgjald. Lagt er til að framsöl á réttindum í félögum, sem falla undir 22. og 23. gr., verði stimpilfrjáls. Um gjaldhæð vísast til 5. tl. fylgiskjals.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir nokkurri hækkun heildargjalds af skuldabréfum og tryggingarbréfum með vöxtum og veði eða ábyrgð. Hins vegar er gert ráð fyrir nokkurri lækkun heildargjalds af öðrum skuldabréfum og tryggingarbréfum. Gert er ráð fyrir svipuðu heildargjaldi af skuldabréfum og tryggingarbréfum með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar og verið hefur. Um breytta gjaldtöku vísast til 6. tl. fylgiskjals.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. núgildanndi laga um stimpilgjald.

Um 26. gr.

Lagt er til að ákvæði 33. gr. núgildandi laga um stimpilgjald þess efnis, að aðeins skuli greiða hálft gjald þegar skuld er endurnýjuð með nýju bréfi, verði áfram í gildi. Hins vegar þykir ekki sanngjarnt að taka neitt stimpilgjald af færslu skuldar yfir á annars manns manns nafn. Tekin eru af tvímæli um að ákvörðun samkvæmt þessari grein sé í höndum stimplunarmanns.

Um 27. gr.

Grein þessi samsvarar 35. og 37. gr. núgildandi laga um stimpilgjald. Gert er ráð fyrir lítils háttar hækkun stimpilgjalds af víxlum, sbr. 7. tl. fylgiskjals, svo og einföldun álagningar með því að hafa fast gjald fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð þeirra.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 36. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Um 30. gr.

Lagt er til að stimpilgjald af einstökum tegundum vátrygginga verði ákveðið af fjármálaráðherra. Enn fremur er lagt til að fjármálaráðuneytinu verði heimilað að veita vátryggingarfélögum undanþágu frá því að framkvæma stimplun gegn annars konar tryggingu fyrir greiðslu stimpilgjalds. Með þessu er lagt til að veitt verði lagaheimild til fyrirkomulags sem viðgengist hefur að vissu marki.

Um 31. gr.

Lagt er til að stimpilgjald af kaupmálum, sem gerðir eru fyrir hjúskap, hækki úr 100 kr. í 5 000 kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að 2 000 kr. gjald fyrir skráningu kaupmála samkvæmt reglugerð nr. 2/1978 falli niður. Varðandi kaupmála, sem gerðir eru eftir stofnun hjúskapar, er lagt til að gjaldið verði hið sama og fyrir stimplun afsala fyrir fasteignum, þó með þeirri veigamiklu undantekningu að frá matsverði fasteigna má draga eftirstöðvar áhvílandi veðskulda þegar gjaldstofn er ákveðinn við stimplun kaupmála. Þessi regla er í samræmi við framkvæmd á undanförnum árum, þó þannig, að í frumvarpinu er frádráttur áhvílandi skulda

bundinn því skilyrði að skuldunum hafi verið þinglýst á viðkomandi eign. Samkvæmt núgildandi lögum eru kaupmálar, sem gerðir eru eftir stofnun hjúskapar, stimplaðir með 0,25% en fyrir skráningu kaupmála er gjaldið 0,15%.

Um 32. gr.

Hér er lagt til að fella niður ákvæði um sektir við því að láta þess ógetið í óstimpluðu skjali hvers vegna það sé stimpilfrjálst. Auk þess er lagt til að það breyti ekki stimpilskyldu skjals þótt það sé gefið út til tryggingar greiðslu á öðru stimpilskyldu skjali, svo sem víxli, þar sem það er breyting frá þeirri venju sem gilt hefur um það efni.

Um 33. gr.

Grein þessi sem svarar efnislega til 43. og 54. gr. núgildandi laga um stimpilgjald með þeirri breytingu að lagt er til að fella niður sérákvæði um sektir, sbr. almenna ákvæðið í 37. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Grein þessi svarar efnislega til 21. og 53. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Um 35. gr.

Samsvarandi ákvæði er í 55. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Um 36. gr.

Grein þessi fjallar um stjórnvaldsviðurlög við því að láta ekki stimpla stimpilskyld skjöl innan þess frests sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ekki er lagt til að gerðar séu efnisbreytingar á 45. gr. núgildandi laga um stimpilgjald en rétt þykir, til aðgreiningar frá almennum fésektum, sbr. 37. gr. frumvarpsins, að nota hér hugtakið stimpilgjaldsálag í stað stimpilsekta.

Stimpilsgjaldsálagningu fylgir lögtaksréttur, sbr. að sínu leyti 51. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Gert er ráð fyrir því sem aðalreglu, eins og verið hefur, að skylt sé að innheimta fullt álag. Jafnframt þykir nauðsynlegt að halda í heimild fjármálaráðuneytisins til að lækka eða fella niður álag þegar sérstaklega stendur á, sbr. 52. gr. núgildandi laga um stimpilgjald.

Lagt er til að einungis stimpilbeiðandi verði ábyrgur fyrir greiðslu álags og er það nokkur breyting frá 46. gr. núgildandi laga um stimpilgjald. Er slík regla mun einfaldari og virkari í framkvæmd. Sé um refsiverð brot að ræða, sbr. 37. gr. frumvarpsins, getur reynt á almennar reglur refsiréttar um samverknað og hlutdeild, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði 46. gr. núgildandi laga um stimpilgjald þykir því þarflaust.

Um 37. gr.

Lagt er til að lögfest sé almennt sektaákvæði án lögbundins lágmarks. Um sektahámark fer eftir 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. l. nr. 101/1976. Þykir ekki ástæða til að ákveða lægra hámark hér, enda eru ekki sérákvæði um sektahámark í núgildandi lögum um stimpilgjald. Um innheimtu sekta fer eftir almennum reglum, sbr. 52. gr. almennra hegningarlaga.

Rétt þykir að halda brotalýsingum 47.—49. gr. núgildandi laga um stimpilgjald og velja þeim stað í þessu ákvæði, efnislega eins og þau eru nú. Almennt varða þessi brot aðeins sektum, en sé sannað að þau séu af ásetningi framin og varði við einhver ákvæði XV kafla almennra hegningarlaga, einkum 146. eða 147. gr. þeirra, er gert ráð fyrir að hegningarlagaákvæðin gangi framar. Óþarft er að halda ákvæði 50. gr. núgildandi laga um fölsun stimpilmerkja þar sem slíkt brot varðar beint við 161. gr. almennra hegningarlaga.

Tekið er fram að refsa megi fyrir brot hvort sem um ásetnings- eeða gáleysisbrot sé að ræða. Er hér ekki um breytingu að ræða heldur er þetta sett til áréttingar þeirri reglu sem leiða má af 18. gr. almennra hegningarlaga.

Það er nýmæli að heimilað sé að refsa fyrir tilraun eða hlutdeild í brotum. Er það gert vegna þess að ákvæði almennra hegningarlaga um þessi efni eru bundin við þau lög sjálf og ekki þykir ástæða til að láta ríkja óvissu um hvort lögjöfnun þyki fær hverju sinni.

Um 38. gr.

Lagt er til að gildandi sérákvæði í lögum um stimpilfrelsi haldi gildi sínu.

Fylgiskjal.

Samanburður á gjaldtöku við stimplun og þinglýsingu.

1. Eignarheimildir að fasteignum

Gildandi lög		**Frumvarp**	
Þinglýsingargjald, 75 af 100 000	0,075%		0
Stimpilgjald, 0,25%	0,25 %	400 af 100 000	0,4%
Viðauki, enginn	0		0
Samtals	0,325%	Samtals	0,4%
		Hækkun 0,075%	
Grunngjald:			
Þinglýsingargjald 2 000 kr.		Tiltölulega lágt fast gjald	
Stimpilgjald ekkert		ekkert	
Gjaldstofn: Uppgefið verð; sé það ekki fyrir hendi þá áhvílandi skuldir, annars fasteignamat.		Gjaldstofn: Alltaf fasteignamat	

2. Eignarheimildir að skipum

Gildandi lög		**Frumvarp**	
Þinglýsingargjald, 500 af 100 000	0,5 %		0
Stimpilgjald, 0,25%	0,25%	400 af 100 000	0,4%
Viðauki, enginn	0		0
Samtals	0,75%	Samtals	0,4%
		Lækkun 0,35%	
Grunngjald:			
Þinglýsingargjald, 2 000		Tiltölulega lágt fast gjald	
Stimpilgjald ekkert		ekkert	

Gjaldstofn er óbreyttur. Þó þannig að nú er innheimt þinglýsingargjald en ekki stimpilgjald af skipum sem keypt eru til landsins. Gjaldtakan af þeim er því 0,5% en frv. gerir ráð fyrir innheimtu 0,4% stimpilgjalds að fullu í þessum tilvikum.

3. Leigusamningar um jarðir og lóðir, heimildarskjöl um veiðiréttindi, skjöl sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign.

Gildandi lög		Frumvarp	
a. Leigusamningur um lóðir			
Stimpilgjald	0,6%		2%
Viðauki enginn			
Þinglýsing, sjá athugasemd			
Samtals	0,6%	Samtals	2%
		Hækkun 1,4%	
b. Heimildarskjöl fyrir veiðirétt			
Stimpilgjald	0,5%		2%
Viðauki, 140%	0,7%		
Þinglýsing, sjá athugasemd			
Samtals	1,2%	Samtals	2%
		Hækkun 0,8%	

Sé þessum samningi þinglýst eru nú tekin þinglýsingargjöld sem eru 2 000 af hverjum 100 000 eða um 2%. Þessi gjaldtaka fellur niður skv. frv. og verður aðeins tekið lágt fast gjald fyrir þinglýsingu. Þinglýsing sumra þessara gerninga er sjaldgæf. Sé þinglýsingargjaldið tekið inn í myndina veldur frv. lækkun á a-liðnum um 0,6% en á b-liðnum um 1,2 %.

4. Hlutabréf

Gildandi lög		Frumvarp	
a. Handhafabréf			
Stimpilgjald	1 %		2%
Viðauki, 140%	1,4%		
Samtals	2,4%	Samtals	2%
		Lækkun 0,4%	
b. Nafnbréf			
Stimpilgjald, 2/3%	0,667%		2%
Viðauki, 140%	0,933%		
Samtals	1,6 %	Samtals	2%
		Hækkun 0,4%	
c. Framsal nafnbréfa			
Stimpilgjald	0,1 %		0
Viðauki, 140%	0,14%		
Samtals	0,24%	Samtals	0
		Lækkun 0,24%	

5. Félagssamningur

Gildandi lög		Frumvarp	
a.			
Stimpilgjald	0,5%		2%
Viðauki, 140%	0,7%		
Samtals	1,2%	Samtals	2%
		Hækkun 0,8%	
b. Framsal á réttindum í félagi			
Stimpilgjald	0,5%		0
Viðauki, 140%	0,7%		
Samtals	1,2%	Samtals	0
		Lækkun 1,2%	

6. Skuldabréf

a. Skuldabréf sem bera vexti og tryggð eru með veði eða ábyrgð

Gildandi lög		Frumvarp	
Þinglýsingargjald, 500 af 100 000	0,5 %		
Stimpilgjald, 3 0/00	0,3 %	1 500 af 100 000	1,5%
Viðauki, 140%	0,42%		
Samtals	1,22%	Samtals	1,5%
		Hækkun 0,28%	
Grunngjald:			
Þinglýsingargjald 2 000 kr.		Tiltölulega lágt fast gjald	
Stimpilgjald ekkert		ekkert	

b. Skuldabréf sem ekki bera vexti eða eru tryggð með veði eða ábyrgð

Gildandi lög		Frumvarp	
Þinglýsingargjald, 500 af 100 000	0,5 %		
Stimpilgjald, 1 0/00	0,1 %	500 af 100 000	0,5%
Viðauki, 140%	0,14%		
Samtals	0,74%	Samtals	0,5%
		Lækkun 0,24%	

Ath. Þetta eru lang oftast tryggingabréf með víxli. Skv. frv. skal stimpla bæði tryggingarbréfið og víxilinn að fullu þannig að samtals verður stimpilgjaldið 0,75%. Skv. gildandi framkvæmd er hins vegar tekið tillit til stimplunar víxilsins við stimplun tryggingabréfsins þannig að heildargjald af víxli og tryggingarbréfi er nú 0,74%. Í heild er gjaldtakan því nær óbreytt.

c. Skuldabréf tryggð með veði í framleiðsluvörum sem bera vexti eða tryggð eru með ábyrgð

Gildandi lög		**Frumvarp**	
Þinglýsingargjald, 240 af 100 000	0,24%		
Stimpilgjald 3 0/00	0,3 %	1 000 af 100 000	1%
Viðauki, 140%	0,42%		
Samtals	0,96%	Samtals	1%
		Hækkun 0,04%	

Grunngjald:	
Þinglýsingargjald, 2 000 kr.	Tiltölulega lágt fast gjald
Stimpilgjald, ekkert	ekkert

d. Skuldabréf tryggð með veði í framleiðsluvörum sem ekki bera vexti eða eru tryggð með ábyrgð

Gildandi lög		**Frumvarp**	
Þinglýsingargjald, 240 af 100 000	0,24%		
Stimpilgjald 1 0/00	0,1 %	300 af 100 000	0,3%
Viðauki, 140%	0,14%		
Samtals	0,48%	Samtals	0,3%
		Lækkun 0,18%	

Ef víxill fylgir þessum tryggingabréfum eiga við sömu athugasemdir og í b.

Grunngjald:	
Þinglýsingargjald, 2 000 kr.	Tiltölulega lágt fast gjald
Stimpilgjald ekkert	ekkert

7. Víxlar

Gildandi lög		**Frumvarp**	
Stimpilgjald, 1 af 1 000	0,1 %	250 af 100 000	0,25%
Viðauki, 140%	0,14%		
Samtals	0,24%	Samtals	0,25%
		Hækkun 0,01%	

8. Vátryggingarsamningar

Gert er ráð fyrir reglugerð eins og nú er. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á stimpilgjaldi af vátryggingarsamningum.

9. Kaupmálar

Gildandi lög		Frumvarp	
a. Fyrir giftingu			
Skráning, 150 af 100 000	0,15%		0
Stimpilgjald, ekkert	0		0
Samtals	0,15%	Samtals	0
		Lækkun 0,15%	
Grunngjald:			
Skráning, fast gjald	2 000 kr.		
Stimpilgjald, fast gjald	100 kr.		5 000 kr.
Samtals	2 100 kr.	Samtals	5 000 kr.
b. Eftir giftingu			
Skráning, 150 af 100 000	0,15%		
Stimpilgjald, 0,25%	0,25%	400 af 100 000	0,4%
Samtals	0,4 %	Samtals	0,4%
		Óbreytt	

Ed. 436. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 79 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. desember 1976, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir þinglýsingu á skjölum skal greiða fast gjald, er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skal ákveðið gjald fyrir áritun um heimildabrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

2. gr.

17., 18. og 19. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1978, og gilda um skjöl sem afhent eru til þinglýsingar eftir það tímamark.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um stimpilgjald. Er með frumvarpi þessu lagt til að þinglýsingargjald í núverandi mynd verði fellt niður

og sameinað stimpilgjaldi. Í stað núverandi þinglýsingargjalds er lagt til að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð fast gjald fyrir hverja þinglýsingu og yrði það óháð fjárhæð þess skjals sem þinglýst er. Slíkt þinglýsingargjald er þá nokkurs konar þjónustugjald fyrir framkvæmd þinglýsingar, hliðstætt t. d. gjaldi fyrir veðbókarvottorð.

Nd. 437. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 48, 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins sbr. lög nr. 69, 23. maí 1974 um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Í stað 6. gr. laganna sbr. 2. gr. laga nr. 69, 23. maí 1974 komi ný grein, svohljóðandi:

Lagmetisiðnaðurinn telst iðnaður eins og hann er skilgreindur í lögum og greiðir iðnlánasjóðsgjald lögum samkvæmt.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna komi ný grein, svohljóðandi:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur það hlutverk, að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslutækjum eða mannvirkjum þeirra.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn sjóðsins og setur reglugerð um starfsemi hans.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. gr. svohljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu 1. janúar 1978 til 31. desember 1980 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum hrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og af útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis.

Um gjalddaga og innheimtu gjaldsins fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5, 13. febrúar 1976.

4. gr.

8. gr. laganna verður 9. gr. og 9. gr. laganna verður 10. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1978.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fullvinnslugjald samkvæmt lögum þessum skal ekki leggja á, ef sölusamningur um vöruna hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978, og seljandi sótt um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 48, 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins var stofnuninni lagt til óendurkræft framlag úr ríkissjóði, 25 milljónir króna ár hvert, fyrstu fimm starfsárin. Ennfremur var ákvæði í lögunum um stofnun sérstaks sjóðs til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans.

Sjóður þessi hlaut nafnið Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins. Tekjur hans voru ákveðnar öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum næstu fimm ár frá samþykkt laganna.

Með lögum nr. 69/1974 um breytingu á lögum nr. 48/1972 var lögfest að lagmetisiðnaðurinn skyldi undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, en þó skyldi innheimta útflutningsgjöld þessi til ársloka 1977 og renna til fyrrnefnds Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Í lögunum er og ákvæði þess efnis, að þegar framlög ríkissjóðs og ákvæði um útflutningsgjöld falla niður, skuli meirihlutaaðild ríkissjóðs að stjórn stofnunarinnar, sem jafnframt er stjórn Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins, breytast og aðilar stofnunarinnar tilnefna þrjá stjórnarmenn af fimm.

Í frumvarpi þessu, sem flutt er, ásamt athugasemdum, að beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis, er lagt til, að Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins verði í næstu þrjú almanaksár tryggðar sambærilegar tekjur og hann hefur haft að undanförnu og að hlutverk sjóðsins verði skilgreint nánar en nú er gert. Ekki er lagt til að aðrar breytingar verði gerðar á lögunum en nauðsynlegar eru vegna framangreinds.

Reynslan sýnir, þrátt fyrir batahorfur nú, að ekki hefur á s. l. 5 árum tekist að efla útflutning á íslensku lagmeti að því marki er vonir stóðu til í upphafi. Þar hefur margt komið til, svo sem tollastefna EBE gagnvart Íslendingum í kjölfar fiskveiðideilna, efnahagssamdráttur í mikilvægum markaðslöndum og ýmislegt fleira, sem nánar verður vikið að í þessari greinargerð. Af þessum ástæðum hafa samtök lagmetisframleiðenda og stjórn S.L. farið þess á leit, að stofnunin hljóti næstu 3 árin stuðnings við útflutning, vöruþróun og markaðsöflun lagmetis í því formi að tekjur Þróunarsjóðs verði þetta tímabil hliðstæðar því sem nú er, en þó verði þeirra aflað á annan hátt.

Meginbreyting á tekjuöflun Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skv. þessu frv. er sú, að gert er ráð fyrir að leggja 3% fullvinnslugjald bæði á útflutt söltuð grásleppuhrogn og söltuð eða fryst þorskhrogn, en hverfa frá 6% útflutningsgjaldi á útflutt grásleppuhrogn, sem runnið hefur í Þróunarsjóð. Í þessu frv. er að sjálfsögðu ekki kveðið á um hvort umræddu 6% útflutningsgjaldi á grásleppuhrogn verði jafnframt haldið og það látið renna í sjóði sjávarútvegsins til þess að sjómenn, sem veiða grásleppu, njóti þeirra á hliðstæðan hátt og sjómenn, sem stunda aðrar veiðar.

Hugmyndin um framangreint fullvinnslugjald sem tekjustofn fyrir Þ.l. kom fram í áliti nefndar, sem skipuð var fulltrúum iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og S.L. sbr. fskj. nr. 1, en þar er nánar grein gerð fyrir gjaldinu og útreikningum á því.

Jafnframt því að í frv. er gert ráð fyrir álagningu fullvinnslugjalds á grásleppu- og þorskhrogn í stað útflutningsgjaldsins áður, er ráðgert að innheimta í Þróunarsjóð 1% gjald af fullunnu, útfluttu lagmeti, en skv. núgildandi lögum er um magngjald á fullunnið lagmeti að ræða. Þessi breyting leggur ívið þyngri byrðar á framleiðendur lagmetis til útflutnings en nú er gert skv. gildandi lögum, en með þessum hætti leggja þeir á sig hliðstæðar álögur og framleiðendur hrognanna. Að meðaltali þrefaldast hráefni í verði sem fullunnið lagmeti og er því 1% gjald á fullunna vöru hliðstætt 3% gjaldi á hráefni. Þótt samkeppnisaðstaða framleiðenda lagmetis til útflutnings sé mjög erfið um þessar mundir, hafa þeir samþykkt að leggja á sig þessar auknu byrðar til þess að tryggja öflugt starf Þróunarsjóðsins í næstu 3 ár.

1. Fjárhagur S.L.

Sölustofnun lagmetis hefur fengið 25 m.kr. framlag úr ríkissjóði ár hvert, í fyrsta sinn árið 1973. Á árinu 1976 var upphæðin þó skert um 2.3 m.kr. þannig að í heild nemur framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar 122.7 m.kr. í árslok 1977. Skv. þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir framlengingu þessa styrks svo sem áður segir.

Skv. efnahagsreikningi pr. 31.12.'76 er eigið fé S.L. liðlega 12 m.kr. og á árinu 1977 má áætla að rekstrarafgangur verði ekki fjarri 17 m.kr. Af framlagi ríkissjóðs verða því notaðar í rekstur nálægt 94 m.kr. á framangreindum 5 árum, mest fyrstu árin, en eftir munu standa sem eigið fé S.L. um það bil 29 millj. króna nú í árslok, þegar beinum stuðningi ríkissjóðs lýkur.

Fyrstu ár Sölustofnunar lagmetis reyndust fjárhagslega erfið. Auk mikils mannahalds var ráðist í að kaupa umbúðir til stofnunarinnar í því skyni að tryggja framleiðendum nægar tiltækar umbúðir hverju sinni. Afleiðingar þessarar innkaupastefnu urðu m. a. þær að stofnunin safnaði miklum lausaskuldum, einkum á árunum 1974 og 1975. Í kjölfar efnahagskreppu og sölutregðu á þessum árum reyndist ennfremur mannhald of kostnaðarsamt. Síðari hluta árs 1975 var horfið frá framangreindri innkaupastefnu í samráði við framleiðendur. Stofnunin samræmir innkaup, annast hönnun umbúða, o. s. frv. eftir sem áður og veitir framleiðendum margvíslega innkaupaþjónustu gegn gjaldi, en framleiðendur sjálfir bera fjárhagsábyrgð á umbúðakaupum hver til sín. Um sama leyti var gripið til margvíslegra ráðstafana til sparnaðar í mannahaldi og rekstri stofnunarinnar. Þetta ásamt verulegri söluaukningu síðari ár hefur gerbreytt rekstrargrundvelli S.L.

Neðangrein yfirlit er unnið úr reikningum S.L. fyrir árin 1975 og 1976 og fyrstu þrjá ársfjórðunga 1977 svo og áætlun um tekjur og gjöld í okt.—des. nú í ár. Frá eru dregin gjöld og afskriftir, sem komu á reikningsárið 1976 vegna mistaka frá fyrri árum (sú upphæð er skv. reikningi 1976 11.1 m.kr.):

	1975	1976	1977 áætlun
Gjöld:			
1) Laun og launatengd gjöld	20 107	19 213	27 761
2) Skrifstofukostnaður	5 470	5 132	6 894
3) Húsnæðiskostnaður	3 892	4 905	1 842
4) Ferða- og sölukostnaður	8 277	6 207	7 321
5) Ráðgjafaþjónusta	2 307	868	2 300
6) Vextir	12 152	6 559	7 000
7) Afskriftir	1 823	2 406	2 700
8) Útflutningsmál	2 893	167	—
	56 871	45 457	55 818
Afskriftir umbúða	—	7 265	—
Gjöld fyrri ára	—	3 875	—
	56 871	56 597	55 818
Tekjur:			
1) Sölulaun af útflutningi	13 299	19 204	36 987
2) Bruttóhagnaður vörusölu	12 655	2 300	4 200
3) Afsláttur og umboðslaun	5 440	7 170	4 000
4) Vaxtatekjur	2 835	6 971	2 900
	34 229	35 644	48 078
Halli af rekstri	22 642	20 953	7 740
Framlag ríkissjóðs	25 000	23 700	25 000
	2 358	2 747	17 260

Með áframhaldandi aðhaldi í rekstri Sölustofnunarinnar er ætlunin að hún standi á eigin fótum framvegis, enda stefnt að því að sérstök verkefni í markaðsmálum og útflutningsstarfsemi, sem hafa langtímamarkmið, verði í ríkara mæli kostuð af Þróunarsjóði en nú er.

Í þessu sambandi skal þó bent á, að yfir 60% sölulauna S.L. síðustu ár stafa frá viðskiptum við einn kaupanda (Sovétríkin) og er það augljóslega áhættusamt fyrir stofnunina meðan svo er.

Útdráttur úr reikningum S.L. er á fskj. nr. 2 og vísast til þeirra um nánari upplýsingar varðandi fjárhag stofnunarinnar umrætt tímabil og stuðning ríkissjóðs við hana.

2. Útflutningur á íslensku lagmeti.

Þau fimm ár, sem S.L. hefur starfað, hafa verið mikil umbrotaár. Í kjölfar hækkana á olíu varð kreppa á þróuðustu mörkum heimsins. Þetta hafði mikil áhrif á eftirspurn eftir íslensku lagmeti auk þess sem tollastefna Efnahagsbandalagsins hafði í raun það í för með sér að útiloka svo til með öllu sölu á íslensku lagmeti í EBE-löndum. Þegar samningar tókust í landhelgisdeilunni tók samningur Íslendinga við Efnahagsbandalagið gildi. Tollar, sem voru allt að 30%, féllu niður hinn 1. júlí 1977 á kaviar og rækju, skv. þeim samningi, en verða 10% framvegis á öðru lagmeti, þó er sjólax undanskilinn, en tollur á honum er 30%. (Sjá nánar á fskj. nr. 3).

Þar sem svo skammt er liðið frá því að tollalækkanir í EBE löndum komu að fullu fram, verður litlu um það spáð hversu fljótt tekst að hagnýta þennan mikla og aðgengilega markað. Fullvíst er þó að það tekur mikinn tíma og verulegum fjárhæðum þarf að kosta til. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að önnur merki hafa setið að markaðinum og nýtt vörumerki þarf bæði tíma og auglýsingu til þess að ná hylli neytenda. Hafa verður í huga, að lagmeti er fullunnin neytendavara sem aðrar útfluttar matvörur frá Íslandi eru ekki. Samkeppni á slíkum merkjavörumarkaði er mikil og sölustarf allt erfiðara en þegar um vöru er að ræða, sem ekki er unnin að fullu í hendur hins endanlega neytanda.

Hér fer á eftir stutt yfirlit um útflutning á íslensku lagmeti 1973—1977 eftir markaðssvæðum, eða þau ár, sem S.L. hefur starfað. Tölur fyrir árið 1977 eru að sjálfsögðu að nokkru áætlaðar, en mega þó teljast marktækar, þar sem svo langt er á árið liðið og samningar gerðir um nær alla sölu á árinu.

	1973	1974	1975	1976	1977 áætlað
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
EBE	32,7	36,2	91,6	54,9	152,4
EFTA	1,7	12,1	5,0	11,6	30,9
A-Evrópa	115,9	95,0	248,4	484,3	911,2
N-Ameríka	23,9	158,8	15,3	51,0	159,2
Japan	23,0	124,7	46,9	—	—
Önnur lönd	1,0	7,8	1,7	5,6	19,2
	198,2	434,5	408,9	607,4	1 272,9
Markaðshlutdeild:	%	%	%	%	%
EBE	16,5	8,3	22,4	9,0	12,0
EFTA	0,9	2,8	1,2	1,9	2,4
A-Evrópa	58,5	21,8	60,7	79,7	71,6
N-Ameríka	12,0	36,3	3,7	8,5	12,5
Japan	11,6	28,7	11,5	—	—
Önnur lönd	0,5	1,8	0,5	0,9	1,5
	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Athyglisvert er, þegar þssar tölur eru skoðaðar, að búist er við tvöföldun á verðmæti útflutts lagmetis 1977 frá árinu áður og verulegri magnaukningu. Ástæður fyrir þessu eru einkum þrjár. Meira magn er nú flutt til Sovétríkjanna af gaffalbitum en nokkru sinni áður hefur tekist að selja þangað. Þó eykst sala ekki hlutfallslega meira þangað en til annarra markaða, svo sem til EBE-landa í kjölfar tollalækkana. Þriðja meginástæðan er meiri sala í Bandaríkjunum, eftir mikla söluörðugleika þar á árunum 1975 og 1976, en S.L. hefur komið á fót söluskrifstofu í N.Y. með lágmarksstarfsliði. Sú starfsemi hófst síðari hluta árs 1976 og hefur þegar skilað nokkrum árangri. Nánar verður fjallað um þessa tilraun síðar. Þessi árangur á árinu 1977, sem náðst hefur á öllum stærstu mörkuðunum samtímis, bendir til þess að horfur séu góðar næstu árin einkum, ef tekst að vinna það markaðsstarf í Evrópu og á nýjum markaðssvæðum, sem stefnt er að með áframhaldandi tekjuöflun í Þróunarsjóð.

Annað, sem athygli vekur við lestur framangreindra taflna er að 1974 er mikið magn af lagmeti flutt til Bandaríkjanna og Japan. Einkaumboðsaðili S.L. í Bandaríkjunum keypti þetta magn, sem var kippers, rækja og kavíar, en reyndist ófær um að selja þessa vöru. Síðar var hluti vörunnar seldur með undirboðum á markaðinum og við þær aðstæður tók fyrir frekari útflutning á íslensku lagmeti til Bandaríkjanna fram til síðari hluta árs 1976. Japanir keyptu 1974 mikið magn af niðursoðinni loðnu. Eftirspurn hins almenna neytanda reyndist minni en kaupandinn reiknaði með. Í Japan mun fryst loðna vera þýdd og þurrkuð. Með þeim hætti fæst af henni sérkennilegt bragð, sem ekki er af niðursoðinni loðnu. Auk þess er niðursoðin loðna fremur dýr og hafði því kreppan í Japan á þessum árum áhrif á eftirspurn neytenda. Með framangreindar staðreyndir í huga verður að meta útflutningstölur um íslenskt lagmeti frá 1974 og síðar.

Þriðja meginatriðið sem í ljós kemur við athugun á framangreindum tölum, er sú staðreynd að útflutningur til Sovétríkjanna á gaffalbitum, er um árin nær 70% af útflutningi af lagmeti. Þetta sýnir mikilvægi markaðarins en um leið hversu lagmetisiðnaður hér á landi er háður þessum eina markaði. Stefna verður því að eflingu markaðsstarfs víðar, um leið og leitast er við að viðhalda þessum viðskiptum við Sovétríkin, sem nú hafa staðið óslitið á annan áratug.

Sala einstakra tegunda lagmetis hefur verið sem hér segir 1973—1977, hjá ennfremur fskj. nr. 4 um útflutning lagmetis:

Vörutegund	Áætl. 1977 net. tn.	1976 net. tn.	1975 net. tn.	1974 net. tn.	Áætl. 1977 fob. 000	1976 fob. 000	1975 fob. 000	1974 fob. 000
Kaviar	68,7	44,6	40,8	156,1	75,9	45,0	36,432	69,219
Rækja	90,5	54,2	41,4	32,9	83,5	34,9	23,464	36,516
Þorskhrogn	71,2	88,8	354,1	322,5	21,9	29,100	76,578	39,263
Harðfiskur	—	0,3	—	—	—	422	—	—
Þorsklifur	141,1	77,7	83,9	116,5	64,1	31,789	28,108	22,303
Síldarfl.	15,9	1,8	2,4	9,4	11,8	827	1,045	2,734
Kippers	226,6	58,4	29,2	215,9	119,5	27,381	12,632	76,251
Brisling	13,6	5,6	0,6	29,4	7,7	2,950	217	6,048
Murta	30,7	18,0	1,4	15,9	19,9	10,819	760	6,005
R.síld.fl.	4,2	2,9	0,6	0,7	3,1	1,773	370	206
Gaffalbit.	1 060,0	626,7	303,1	150,0	819,8	421,566	175,473	50,643
Þorsklif.p.	0,9	1,1	13,8	6,0	0,7	506	4,620	1,493
Cockt.bits	—	—	—	—	—	14	—	—
Loðna	21,3	0,4	129,5	265,0	9,3	192	46,957	111,257
Ýmislegt	—	—	0,2	—	—	179	130	—
Hörpudiskur ...	17,8	—	1,8	—	33,1	—	1,485	—
Fiskibollur	—	—	4,8	—	—	—	432	—
Svið	—	—	1,2	—	—	—	238	—
	1 762,7	980,5	1 008,8	1 320,3	1 270,3	607,422	408,941	421,938

Ýmsar nýjar tegundir.

Unnið er að því að hanna, framleiða og kynna ýmsar aðrar vörutegundir á vegum S.L. og Þróunarsjóðs. Má þar m. a. telja niðursoðin og niðurlögð síldarflök, fiskbollur, súpur, loðnu, kattamat, túbukaviar o. fl. Þessar tilraunir eru komnar mislangt á veg og of snemmt að spá um hvernig takast muni til að koma þessum nýju tegundum á markað.

3. Verkefni Þróunarsjóðs.

Fyrstu starfsár S.L. var verksvið Þróunarsjóðs skilgreint nokkuð þröngt, en með reglugerðarbreytingu (Reglugerð nr. 364/76 sjá fskj. nr. 5) voru verkefni sjóðsins aukin. Þau má greina í eftirtalda meginþætti:

a. Sérstakar tímabundnar markaðsaðgerðir.
b. Þróun nýrra vörutegunda og markaðssetning þeirra.
c. Hönnun og framleiðsla nýrra umbúða með merki S.L.
d. Styrkveitingar vegna tækninýjunga og hagræðingar í lagmetisiðnaði.
e. Stuðning við þjálfun starfsfólks.

Sjóðurinn hefur varið til þessara verkefna og almennt til rekstrar á tímabilinu um það bil 55 millj. kr. auk þess sem hann hefur í raun staðið undir fjármögnun á umbúðabirgðum, sem keyptar voru áður en stefnubreyting varð í þeim efnum og framleiðendur tóku sjálfir að bera ábyrgð á umbúðakaupum.

Til að sinna þessum verkefnum hefur Þróunarsjóður haft tekjur af útflutningsgjöldum á útflutt grásleppuhrogn 6% og lagmeti, en af því er samkvæmt núgildandi reglum reiknað magngjald kr. 5 960 á hvert tonn. Þessar tekjur hafa numið sem hér segir frá 1972—1977:

	Lagmeti m.kr.	Grásleppuhrogn m.kr.	Samtals m.kr.
1972	1,9	4,0	5,8
1973	5,5	13,5	19,0
1974	7,0	8,4	15,4
1975	7,6	32,0	39,6
1976	6,3	51,0	57,3
1977 (áætl.)	7,0	47,0	54,0

a. Sérstakar tímabundnar markaðsaðgerðir.

Á seinni árum hefur þetta orðið meginverkefni Þróunarsjóðs og er ætlunin að auka og efla þetta starf mjög verulega, ef þetta frumvarp verður að lögum og tekjur sjóðsins haldast næstu ár.

Stofnun söluskrifstofu Iceland Waters í Bandaríkjunum síðari hluta ársins 1976 hefur fram til þessa verið fjárfrekasta verkefni Þróunarsjóðs á þessu sviði. Gerð var áætlun um rekstur fyrirtækisins í 3 ár, en eftir þann tíma var þess vænst að það stæði á eigin fótum með eðlilegum umboðslaunum. Tekin var ákvörðun um að Þróunarsjóður greiddi halla þessa dótturfélags S.L. umræddan tíma, sem einskonar fjárfestingu, sem ætti að bera arð í framtíðinni, ef tækist að hagnýta nægilegan hluta af þessum stærsta markaði heims fyrir lagmeti. Upphæðin, sem áætlað var í fyrstu að verja þyrfti í þessu skyni, var 25 millj. kr. en sýnt er, að endurskoða þarf þá tölu til hækkunar í ljósi reynslunnar, ekki síst vegna þess að erfitt mun að bjóða kippers á samkeppnishæfu verði í Bandaríkjunum svo sem fram hefur komið áður.

Reynslan hefur sýnt, að útilokað má teljast að ná betri árangri í lagmetissölu í Bandaríkjunum eftir öðrum leiðum, þ. e. a. s. með því að hafa þar umboðsaðila fyrir sig, og er því annað hvort að hrökkva eða stökkva á þessum markaði, þ. e. a. s.

annað hvort er að halda þessari starfsemi áfram eða gefa þennan markað að meira eða minna leyti frá sér.

Innan skamms verður reynt að endurmeta með hvaða hætti takast megi að reka þessa skrifstofu hallalaust sem fyrst, en of skammur tími er liðinn til þess að það endurmat verði gert af nokkru raunsæi. Hafa verður í huga að markaðsstarf er tímafrekt og dýrt, ekki síst þegar skipuleggja þarf frá grunni, eins og gert hefur verið í Bandaríkjunum af hálfu S.L. síðan 1976. — Nánar vísast til fskj. nr. 6 um rekstur og sölu IWI í Bandaríkjunum.

Annað meginverkefni Þróunarsjóðs á sviði sérstakra tímabundinna markaðsaðgerða hefur verið stuðningur við að bjóða kavíar á kynningarverði í Frakklandi um nokkurt skeið.

Þessi viðleitni, sem gera þarf með gætni, hefur kostað sjóðinn um 4 m.kr. á yfirstandandi ári og hefur þegar borið nokkurn árangur.

Framtíðarverkefni á þessu mikilvæga sviði eru mikil og fjárfrek. Þar mætti sérstaklega til nefna allsherjarátak í kavíarsölu og opnun lítillar söluskrifstofu í Evrópu og markaðsstarf á nýjum mörkuðum, t. d. í Nígeríu.

Augljóst er, að þetta eru meiri og dýrari langtímaverkefni en svo, að Þróunarsjóður eða S.L. fái við þau ráðið nema til þess séu tryggðar tekjur eins og stefnt er að með þessu frumvarpi.

b. Þróun nýrra vörutegunda og markaðssetning þeirra.

Á þessu sviði var starfsemi Þróunarsjóðs mest fyrstu árin. Gerðar voru margar uppskriftir af nýjum vörutegundum og hefðbundnar tegundir athugaðar og uppskriftum í framleiðslu þeirra breytt. Þetta var fjárfrekt fyrirtæki, kostnaður nam 22 millj. krónum. Nú er unnið að því að undirbúa tilraunaframleiðslu og sölu á álitlegustu vörutegundunum. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins hefur haft góða samvinnu við Þróunarsjóð á þessu sviði, en skort hefur starfsfólk á sviði matvælaverkfræði við þetta starf. Nú er fyrirhugað að ráða til Þróunarsjóðs nýjan starfsmann í stað þess, sem annaðist mál sjóðsins áður, en sá hefur hætt störfum. Í athugun er að fá til þessa starfs matvælaverkfræðing, sem ætlunin er að stjórni þessu og öðru þróunarstarfi á vegum sjóðsins.

c. Hönnun og framleiðsla nýrra umbúða með merki S.L.

Þetta hefur verið viðamikið verkefni Þróunarsjóðs og verður svo áfram. Menn virðast samdóma um, að mjög vel hafi tekist til í þessum efnum og að umbúðir ICELAND WATERS merkisins séu smekklegar og líklegar til að auka sölu varanna.

d. Styrkveitingar vegna tækninýjunga og hagræðingar í lagmetisiðnaði.

Þetta verkefnasvið Þróunarsjóðs hefur ekki verið fyrirferðarmikið fram til þessa. Í samræmi við óskir framleiðenda hefur starfað sérstakur vélfræðingur á vegum sjóðsins, sem veitt hefur fyrirtækjunum þjónustu og verið starfsfólki S.L. til ráðuneytis um tæknileg atriði.

Auk þess hafa sérfræðingar á vegum Vinnuveitendasambands Íslands starfað tímabundið að hagræðingarmálum og við framleiðslukostnaðarreikninga.

e. Stuðningur við þjálfun starfsfólks.

Þessum verkefnum Þ.l. þarf að sinna mun betur en tekist hefur til þessa. Sjóðurinn hefur þó stutt að námskeiðahaldi í þessum efnum. Þekking á niðursuðu og niðurlagningu matvæla er almennt of lítil hér á landi. Finna þarf leiðir til þess að auka þessa þekkingu m. a. með því að kenna þessi fræði í Fiskvinnsluskólanum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar eru efnislega samhljóða samhljóða 1. málslið 6. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 69, 23. maí 1974, en efni 2. málsliðar um stofnun sérstaks sjóðs er flutt í nýja grein, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 1. og 2. mgr. er hlutverk Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skilgreint að nýju til samræmis við þann skilning, sem lagður hefur verið í lokaákvæði 6. gr. og ákvæði 1. mgr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Lagt er til að hætt verði að innheimta jafngildi útflutningsgjalda af söltuðum grásleppuhrognum og lagmeti til útflutnings, en í staðinn verði lagt 3% gjald á fob-verð saltaðra grásleppuhrogna, saltaðra matarhrogna, frystra hrogna og 1% gjald á lagmeti til útflutnings og renni gjald þetta til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Gjald þetta skal innheimta árin 1978, 1979 og 1980 og það falla niður 1. janúar 1981.

Breyting þessi hefur í för með sér, að innheimt verður útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum á tíðkanlegan hátt frá 1. janúar 1977 til ráðstöfunar skv. lögum nr. 5, 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Jafnframt er lagt til að innheimt verði 3% gjald af söltuðum grásleppuhrognum, svo og öðrum hrognum til manneldis. Gjald þetta er nefnt fullvinnslugjald til að leggja áherslu á, að tekjum af því er ætlað að stuðla að aukinni fullvinnslu sjávarafurða í landinu, en ætla má að útflutningsverðmæti hráefnis, sem notað er í lagmeti þrefaldist við fullvinnslu.

Þá er lagt til, að fullvinnslugjald verði einnig lagt á fob-verð lagmetis til útflutnings. Lagt er til að gjald þetta verði 1% af fob-verðmæti vörunnar, sem jafngildir að meðaltali 3% gjaldi á hráefnisþátt útflutningsverðmætis lagmetis. Fyrr var lagt útflutningsgjald á lagmeti, sem var ákveðin krónutala á útflutt tonn af lagmeti, magngjald, og mun það á þessu ári nema að meðaltali 0.7% af fob-verði útflutts lagmetis.

Lagt er til að gjalddagi fullvinnslugjaldsins verði hinn sami og útflutningsgjalda af sjávarafurðum og um innheimtu gjaldsins fari á sama hátt og um innheimtu útflutningsgjalda.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi hinn 1. mars 1978.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt þykir, til að taka af allan vafa, að taka fram í bráðabirgðaákvæði, að fullvinnslugjald skuli ekki leggja á þá vöru, sem sölusamningur hefur verið gerður um fyrir 1. mars 1978, enda sæki útflytjandi um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978. Með ákvæðinu er því komið í veg fyrir að fullvinnslugjald sé lagt á vöru, sem þegar hefur verið seld og ekki hefur gefist kostur á að taka tillit til gjaldsins við ákvörðun verðs vörunnar.

Fylgiskjal 1

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Heildarútflutningur 1974—1976 ásamt fyrstu 9 mánuðum 1977.
Skipt á vörutegundir.

Vörutegund	1977 jan.-sept. nettó tonn	1976 nettó tonn	1975 nettó tonn	1974 nettó tonn	1977 jan.-sept. Fob-vm. m.kr.	1976 Fob-vm. m.kr.	1975 Fob-vm. m.kr.	1974 Fob-vm. m.kr.
Kavíar	36,3	44,6	40,8	156,1	41,5	45,0	36,4	69,2
Rækja	66,1	54,1	41,3	32,8	57,6	34,9	23,5	36,5
Þorskhrogn	17,2	88,8	354,1	322,5	6,3	29,2	76,6	39,3
Harðfiskur	—	0,2	—	—	—	0,4	—	—
Þorsklifur	98,0	77,7	83,9	116,6	43,2	31,8	28,1	22,3
Síldarflök	11,7	1,8	2,4	9,4	8,9	0,8	1,0	2,7
Kippers	137,1	58,4	29,2	215,9	69,5	27,4	12,6	76,3
Brisling	10,0	5,6	0,6	29,4	5,7	2,9	0,2	6,0
Murta	23,5	18,1	1,4	15,9	15,1	10,8	0,8	6,0
Reykt síldarflök	0,1	2,9	0,6	0,7	0,0	1,8	0,4	0,2
Gaffalbitar	581,6	626,7	303,2	150,0	439,8	421,6	175,5	50,6
Þorsklifrarpasta	0,9	1,1	13,8	6,0	0,7	0,5	4,6	1,5
Loðna	6,5	0,4	129,6	265,0	2,8	0,1	47,0	111,3
Hörpudiskur	4,3	—	1,7	—	7,9	—	1,5	—
Fiskibollur	—	—	4,8	—	—	—	0,4	—
Svil	—	—	1,2	—	—	—	0,2	—
Ýmislegt	—	0,1	0,2	—	—	0,2	0,1	—
	993,3	980,5	1 008,8	1 320,3	699,0	607,4	408,9	421,9

Fylgiskjal 2

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Aðildarverksmiðjur sem flutt hafa út lagmeti á vegum SL árið 1976 og janúar—september 1977.

Verksmiðjur	1977 (jan.-sept.) Fob-verðm. 000 kr.	Hlutdeild í heildarútfl.	1976 Fob-verðm. 000 kr.	Hlutdeild í heildarútfl.
Fiskiðjan Arctic hf.	38 999	5,58	59 553	9,80
Fiskiðja Suðurnesja	1 205	0,17	22 885	3,77
K. Jónsson & Co. hf.	354 827	50,76	303 537	49,97
Norðurstjarnan hf.	69 889	10,00	27 393	4,51
Ora hf.	23 920	3,42	14 934	2,46
Lagmetisiðjan Siglósíld	159 529	22,82	167 323	27,55
Egilssíld	75	0,01	1 787	0,29
H. Böðvarsson & Co. hf.	16 019	2,29	6 279	1,03
Delta hf.	757	0,11	—	—
Miðnes hf.	10 661	1,53	2 957	0,49
Sjólastöðin hf.	15 235	2,18	—	—
Íslensk matvæli hf.	7 895	1,13	—	—
Atli hf.	—	—	172	0,03
Aðrir	—	—	602	0,10
	699 011	100,00	607 422	100,00

Ed. 438. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til laga um þroskaþjálfa.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali að gerð sé. — Halldór Ásgrímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm. — Steinþór Gestsson. — Albert Guðmundsson.

Ásgeir Bjarnason. — Eggert G. Þorsteinsson. — Helgi F. Seljan.

Ed. 439. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til laga um þroskaþjálfa.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Við 2. gr. 1. málsl. Í stað orðanna „má aðeins“ komi: skal.

Sþ. 440. Fyrirspurnir. [229. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um lausaskuldir bænda.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 29. apríl 1977 um athugun á nauðsyn þess að útvega veðdeild Búnaðarbankans aukafjármagn handa bændum til að breyta lausaskuldum í föst lán?

II. Til landbúnaðarráðherra um markaðsmál landbúnaðarins.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvernig er í meginatriðum háttað áformum íslenskra söluaðila um nýtt átak í markaðsleit fyrir íslenskt dilkakjöt?
2. Hvaða réttir úr íslensku dilkakjöti voru kynntir á „grænu vikunni“ í Berlín?
3. Hverjir eiga sæti í markaðsnefnd landbúnaðarins, er stofnað var til af Búnaðarþingi á s. l. ári?

III. Til samgöngumálaráðherra um símamál.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

1. Hvenær er áformað að koma á fót örbylgjusambandi frá Stykkishólmi til Ólafsvíkur?
2. Hvaða ráðstafanir þarf að gera til að tengja Dalahérað símasvæði Vesturlands, nr. 93?

Ed. 441. Breytingartillaga [172. mál]

við frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Við 5. gr. Síðasti málsliður hefjist svo: Í öllum íslenskum skipum skal vera upplýsingarit um kynsjúkdóma.

Ed. 442. Frumvarp til laga [230. mál]

um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn á Langanesi.

Flm.: Stefán Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leita eftir kaupum á síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvarinnar hf. á Þórshöfn á Langanesi.

2. gr.

Takist kaupin skal Síldarverksmiðjum ríkisins falin umsjá með verksmiðjunni, og það með að hefjast þegar handa um að fullgera verksmiðjuna og búa hana nauðsynlegum tækjum til þess að hún geti hafið loðnuvinnslu þegar á næsta hausti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsvarsmanna Þórshafnarbúa, hreppsnefndar allrar, atvinnumálanefndar, verkalýðsfélagsins og Hraðfrystistöðvarinnar, samkvæmt bréfi dagsettu 22. fyrra mánaðar, svolátandi:

„Við undirritaðir aðilar á Þórshöfn skorum hér með á alla þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra að standa saman að flutningi frumvarps á Alþingi um að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. á Þórshöfn og komi henni í starfhæft ástand fyrir næstu loðnuvertíð. Ljóst er að óhæfa er að verksmiðja þessi standi í niðurníðslu, á sama tíma og leigja þarf skip frá Noregi til loðnubræðslu. Það er skýlaus krafa Þórshafnarbúa að frumvarp þessa efnis verði lagt fram á Alþingi nú á næstu dögum. Ef ekki næst samstaða meðal þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra um að flytja áðurgreint frumvarp, er það ósk okkar að þeir þingmenn, sem hafa til þess vilja, flytji frumvarpið.

Virðingarfyllst.“

Bréfið er undirritað af 14 kjörnum forsvarsmönnum fyrrgreindra aðila á Þórshöfn.

Nú varð það niðurstaða stjórnarþingmanna úr kjördæminu, að þeir treystust ekki til að standa að flutningi þessa frumvarps. Er því forgöngusveit málsins fáliðaðri en skyldi og skeikar þar að sköpuðu.

Kærara hefði flutningsmanni verið að flytja frumvarp er að því lyti að Þórshafnarbúum yrði séð fyrir því fjármagni, sem til þyrfti að koma síldarverksmiðju sinni í lag og reka hana af eigin rammleik, slíkt gróðafyrirtæki sem þorpinu væri þar búið með tiltölulega litlum kostnaði. Nú er hins vegar við völd ríkisstjórn sem hefur annars konar viðhorf til efnahagsmála hinna dreifðu byggða en sú, er greiddi á sínum tíma fyrir smíði hinnar nýtískulegu Hraðfrystistöðvar þeirra á Þórshöfn er verða skyldi máttarstoð byggðarlagsins, en eigi varð fullsmíðuð áður en samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar settist að völdum. — Því er nú á það ráð brugðið hér, sem næstbest má kalla, að reyna að knýja það fram, að ríkisvaldið taki að sér að koma verksmiðjunni í gang og reka hana svo að Þórshafnarbúar þurfi ekki að horfa upp á það lengur að loðnuveiðiflotinn sigli fullfermdur þvert fyrir hafnarkjaft þeirra, norðan með sumarloðnuna en sunnan með vetrarloðnuna, og heyra svo af því í útvarpi og sjónvarpi að norskt bræðsluskip taki á móti tugum þúsunda lesta af þessum dýrmæta fiski til vinnslu, en skipsleigan afsökuð með því að skortur sé á loðnubræðslum í landinu.

Er hitt þá enn ótalið fram í máli þessu, með hvaða hætti ríkisstjórnin stendur í óbættri sök við Þórshafnarbúa fyrir óhæfilega framkomu gagnvart sameignarfyrirtæki þeirra, Hraðfrystistöðinni hf.

Er Þórshafnarbúar höfðu komið sér upp fyrrgreindu hraðfrystihúsi af fullkomnustu gerð á valdatíma vinstri stjórnarinnar, var svo komið að fiskimiðin í Þistilfirði höfðu verið uppurin af ágangi erlendra togara undir lok landhelgisstríðsins. Var ljóst að hráefni yrði ekki tryggt til þessa nýja húss, fremur en annarra frystihúsa, með öðru móti en því, að útvegaður yrði skuttogari til að annast aðföngin. Nú var því aftur á móti borið við af hálfu ríkisstjórnarinnar, að alls ekki yrði leyfð smíði á fleiri skuttogurum, og Þórshafnarbúum fenginn í hendur gamall togari og úr sér genginn. Rekstur hans hefur gengið með líkindum, viðgerðarkostnaður orðið óhemjulegur og tafir frá veiðum lengri en úthaldstíminn, sem aftur hefur leitt til þess, að hráefni hefur skort til Hraðfrystistöðvarinnar, atvinnuleysi ríkt langtímum saman í plássinu og framleiðslufyrirtæki fólksins sligast efnahagslega.

Í haust er leið, er togarinn Fontur hafði beðið lengi viðgerðar, en hvergi örlaði á marktækum vilja yfirvalda til þess að tryggja peninga til framkvæmdanna, fóru Þórshafnarbúar þess á leit, að ríkisstjórnin keypti af þeim fyrrgreinda síldarverksmiðju og greiddi andvirðið til togaraviðgerðarinnar. Málinu vék ríkisstjórnin einfaldlega til stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, sem komst að þeirri niðurstöðu að

kaupin yrðu ekki arðbær fyrir stofnunina. Má ef til vill til sanns vegar færa af hálfu þeirra, sem til eru settir að sjá þess háttar fyrirtæki farborða, að landa megi loðnu að öðru jöfnu á Raufarhöfn og Vopnafirði — og Þórshafnarverksmiðjan kynni stundum að vinna afla, sem koma mætti fyrir í loðnuþróm þessara grannhafna. Af hálfu annarra, sem gæta eiga hagsmuna fólksins á Þórshöfn, verður það aftur á móti ekki þolað að þeir verði fyrir borð bornir á þennan hátt. Þórshöfn liggur fyllilega jafnvel við loðnumiðunum og fyrrgreindir staðir. Þar ætti að tryggja rekstur sex til átta mánuði ársins, einmitt á þeim tíma sem rekstur verksmiðjunnar hæfði best þörfum vinnuaflsins á staðnum. Verksmiðjureksturinn félli prýðilega að öðrum þáttum útgerðar frá Þórshöfn og er líklegur til að verða arðbær þar engu síður en á öðrum höfnum á landinu norðaustanverðu.

Þórshöfn er þannig í sveit sett, með frjótt og víðlent hérað Þistilfjarðar að baklandi, að þar má efla útgerð og annan atvinnurekstur svo að hvort styðji annað til þroska, þorp og sveit. Svo bar til , að af öllum byggðarlögum á Norðurlandi eystra varð þetta pláss harðast úti við þau veðrabrigði sem urðu við síðustu stjórnarskipti, og nú er nauðsyn að gera þá ráðstöfun, er frumvarp þetta hnígur að, í því skyni að Þórshafnarbúar nái að þreyja þorrann og góuna uns aftur gefur pólitískan hata fyrir landsbyggðina.

Ed. 443. Frumvarp til laga [231. mál]

um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að almenningur eigi þess kost að kynna sér og hafa eftirlit með útlánum lánastofnana.

2. gr.

Bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og aðrar lánastofnanir skulu birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið á liðnu ári, einnig hvers konar útlán, sem nema hærri fjárhæð en þrem milljónum króna og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir, sem skulda við áramót meira en fimm milljónir króna í viðkomandi stofnun.

Upphæðir þær, sem nefndar eru í 1. og 2. mgr., skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1978.

3. gr.

Útlánalistinn skal lagður fram í afgreiðslu stofnunarinnar áður en liðinn er fyrsti mánuður næsta árs og afhentur hverjum sem vill gegn hæfilegri þóknun, sem svarar til kostnaðar við prentun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins voru samþykkt á Alþingi í tíð vinstri stjórnarinnar í árslok 1971, var ákveðið að árlega skyldi birt skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar, sbr. 16. gr. laganna, sem nú er 15. gr. Þetta var nýmæli í

íslenskum lögum og hefur gefist vel. Hefur þetta gilt um allar lánveitingar Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs.

Veiting lána er mikilsverð og mjög eftirsótt fyrirgreiðsla, ekki síst á verðbólgutímum. Opinber birting lánveitinga opnar almenningi leið til að hafa eftirlit með ráðstöfun fjár úr opinberum sjóðum. Er þá minni hætta á mismunun og geðþóttaákvörðunum. Auk þess geta ókunnugir kynnt sér milliliðalaust, hvers konar lán eru veitt og í hvaða tilgangi.

Eðlilegast virðist, að þessi háttur sé hafður á um allar lánveitingar úr viðurkenndum lánastofnunum. Leyndin skapar tortryggni. Ekki verður séð, að nokkur lánveiting eigi rétt á sér, sem ekki þolir dagsins ljós. Hins vegar er ástæðulaust, að bankar og sparisjóðir þurfi að tína til sérhvert smálán og er því miðað við tiltekna lágmarksupphæð, þrjár milljónir króna.

Flutning þessa frumvarps má skoða sem bátt í þeirri stefnu Alþýðubandalagsins að stuðla að opnara og réttlátara stjórnkerfi.

Sþ. 444. Fyrirspurn [232. mál]

til heilbrigðis- og tryggingaráðherra um ljósmæðralög.

Frá Helga F. Seljan.

Hvað líður framkvæmd lagaákvæða um kjör ljósmæðra, sbr. lög nr. 39 25 maí 1976?

Nd. 445. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til gjaldþrotalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Lög um gjaldþrotaskipti voru fyrst sett hér á landi 1894 og voru þau í öllum aðalatriðum byggð á dönskum lögum frá 1872. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessum lögum um einstök atriði, en að stofni til eru lögin frá 1894 enn í gildi.

Þau lög eru samin við allt aðrar aðstæður en nú bekkjast og eru að mörgu leyti úrelt. Reynslan hefur og verið sú, að meðferð gjaldþrotamála er bunglamaleg og seinvirk og búsmeðferð í litlu samræmi við umfang mála, kostnaður oft mikill, en uppskera lítil og hagsmunir gerðarbeiðanda ekki nægilega tryggðir.

Umfangsmikil endurskoðun hefur farið fram á norrænni gjaldþrotalöggjöf, og er henni enn ekki að fullu lokið. Ákveðnar meginlínur hafa þó verið markaðar og mun frumvarp þetta hafa tekið mið af þeim.

Í þessu frumvarpi er leitast við að koma eftirfarandi meginbreytingum í framkvæmd:

1. Meðferð búa, annarra en smábúa, hverfi frá skiptaráðanda til sérstaks bústjóra.
2. Kostnaður af starfi bústjóra, skiptastjóra og aðstoðarmanns skiptaráðanda skal greiddur af fé þrotabúsins.
3. Einn kafli frumvarpsins fjallar um greiðslustöðvun, sem er nýmæli, sem á að stuðla gegn því, að einstakir lánardrottnar fái óeðlilega mikið í sinn hlut.
4. Bústjóra eða heim, sem annast búskiptin, eru gefnar mun frjálsari hendur um meðferð búsins.
5. Riftun á ráðstöfun þrotamanns og vissar fullnustugerðir lánardrottna verði greiðari en nú er.
6. Mörg ákvæði eru í frv. sem miða að því að leysa úr vafaatriðum og einfalda skiptameðferð.

Allsherjarnefnd hefur lesið frumvarpið yfir ásamt með allsherjarnefnd Ed. í þeim tilgangi að flýta afgreiðslu málsins.

Umsagna var leitað hjá eftirtöldum aðilum: Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands, skiptaráðendum í Reykjavík, Akureyri, Hafnarfirði og Kópavogi.

Umsagnir bárust frá Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, lagadeild H. Í. og skiptaráðanda á Akureyri.

Við athugun á frumvarpinu naut nefndin aðstoðar Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara, sem samdi frv., og Stefáns M. Stefánssonar, setts prófessors. Kann nefndin þeim bestu þakkir fyrir góða aðstoð.

Nefndin hefur fallist á að mæla með samþykkt frumvarpsins í öllum meginatriðum. Er það í samræmi við þær umsagnir, sem bárust, en þar kom það meginálit skýrt fram, að ný gjaldþrotalöggjöf væri brýn nauðsyn og að stefna frumvarpsins væri rétt.

Nefndin hefur hins vegar lagt fram allmargar breytingartillögur, sem eru í samræmi við þær ábendingar, sem henni hafa borist, og eru þær í fullu samráði við höfund frumvarpsins. Þær breyta þó ekki neinum meginatriðum, en eru til leiðréttinga og lagfæringa að flestu leyti. Verður nú gerð stuttlega grein fyrir þeim. Þess skal getið, að Sighvatur Björgvinsson og Svava Jakobsdóttir voru fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Við 7. gr.

Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir þeim nýmælum, að sá, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, geti óskað eftir greiðslustöðvun.

Með þessu ákvæði er leitast við að tryggja að lánadrottnar fái meira upp í kröfur sínar, greiða fyrir samningum og hindra að einstakir lánardrottnar fái óeðlilega mikið í sinn hlut. Kaflinn um greiðslustöðvun helst nokkuð í hendur við nauðasamninga, og kom fram ábending frá Dómarafélagi Íslands, að kafli um slíka samninga væri settur inn í frv. Ekki þykir þó ástæða til þess, þar sem sérstakt frv. mun verða flutt þar að lútandi.

Hins vegar vill nefndin reyna að koma í veg fyrir, að greiðslustöðvun verði misnotuð, og leggur því til, að ekki megi heimila aðila greiðslustöðvun, ef hún hefur áður verið heimiluð á síðustu 3 árum fyrir frestsdag.

Við 10. gr.

Með breytingu á þessu ákvæði er reynt að tryggja að greiðslustöðvun verði ekki til að tefja að málefni bús verði tekin föstum tökum og skuldari geti ekki notfært sér greiðslustöðvun á kostnað lánardrottna.

Við 11. gr.

Þessi breyting er í samræmi við breytingu á 10. gr.

Við 13. gr.

Hér er skiptaráðanda lagt það á vald að hafna kröfum um gjaldþrotaskipti, ef fógetagerð gefur ekki ótvíræða vísbendingu um eignir og skuldir skuldara. Er með því verið að reyna að komast hjá óþörfum málarekstri.

Við 19. gr.

Hér er lagt til, að í auglýsingu sé einnig innköllun til þeirra, sem vilja gera tilkall til eigna úr búinu, auk skuldheimtumanna, og ætti það að flýta búsmeðferð og gera auglýsingu gleggri en ella.

Við 21. gr.

Í stað þess að skylda lánardrottna um tryggingu vegna kostnaðar er það lagt í vald skiptaráðanda að taka ákvörðun þar um, og eru þá hagsmunir efnalítilla lánardrottna hafðir í huga.

Við 24. gr.

Lagt er til, að 2. mgr. falli niður, þar sem núverandi málsgrein er óþörf, þar sem haldsréttur er bein uppboðsheimild og verður tekinn til meðferðar með öðrum beinum uppboðsheimildum.

Við 25. gr.

Orðalag er gert nákvæmara með því að miða við frestsdag í stað upphafs gjaldþrotaskipta.

Við 31. gr., 2. mgr.

Í stað orðanna „þegar skipti byrja“ kemur: þegar upp er kveðinn úrskurður, sbr. 19. gr.

Við 31. gr., 3. mgr.

Í stað þess að breyta kröfum í erlendum gjaldeyri í íslenskar krónur skv. gengi á þeim degi, sem gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp, er lagt til að miðað sé við þann tíma, sem lánardrottinn fékk vitneskju um, að hann gæti fengið greiðsluna. Þessi breyting kann að orka tvímælis, en þykir þó eðlileg eftir aðstæðum hér á landi.

Við 32. gr.

Hér er gerð sú breyting, að lánardrottinn þarf að hafa eignast kröfu áður en 3 mánuðir voru til frestsdags.

Við 56. gr.

Þessi breyting er afleiðing af breytingu á 32. gr.

Við 58. gr.

Hér er orðalagi breytt til að taka af tvímæli um það, hvernig eigi að sanna gjaldfærni þrotamanns.

Við 62. gr.

Bætt er við nýrri setningu til að koma í veg fyrir ósanngjarnar niðurstöður, þegar viðsemjandi er í vondri trú.

Við 69. gr.

Nýrri setningu er bætt inn hér til að tryggja frekar rétt þriðja manns.

Við 71. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 75. gr.

Til samræmingar við aðrar breytingar.

Við 81. gr.

Hér er bætt við nýrri málsgrein, sem kveður á um refsingu þrotamanns, ef hann sinnir ekki lögboðnum aðgerðum stjórnvalda.

Við 85. gr.

Ákvæðið gert fyllra og skýrara.

Við 86. gr.

Ákvæðið gert skýrara.

Við 88. gr.

Leiðir af öðrum breytingum.

Við 91. gr.

Hér er réttur kröfuhafa lítillega aukinn.

Við 92. gr.

Ekki er talið rétt að gera kröfu til þess, að skiptaráðandi láti ganga frá bókhaldi þrotamanns skv. ítrustu kröfum, sem gæti verið tafsamt og óþarft undir vissum kringumstæðum.

Við 95. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 96. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 101. gr.

Hér er fallið frá þeirri kröfu, að reikningar skuli gerðir eins og fyrir er mælt í bókhaldslögum, í samræmi við það sem áður er sagt um breytingu á 92. gr.

Við 104. gr.

Nýrri málsgrein er bætt inn til að tryggja að bústjóri til bráðabirgða grípi ekki til ráðstafana án samráðs við skiptaráðanda, ef þær ráðstafanir teljast mikilvægar.

Við 109. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 136. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Alþingi, 15. mars 1978.

Ellert B. Schram, form, frsm. Ingvar Gíslason, fundaskr. Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson. Páll Pétursson.

Nd. 446. Breytingartillögur [103. mál]

við frumvarp til gjaldþrotalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ekki má heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu 3 árum fyrir frestdag.
2. Við 10. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   Skiptaráðandi skal svo fljótt sem við verður komið kveða upp úrskurð um greiðslustöðvunarbeiðni. Ef greiðslustöðvun er heimiluð, skal skuldari þegar senda endurrit úrskurðarins öllum þeim lánardrottnum sínum, sem honum er kunnugt um. Synjunarúrskurði verður ekki skotið til æðra dóms, en sá, sem hagsmuna hefur að gæta, getur kært úrskurð um, að greiðslustöðvun sé heimil, til Hæstaréttar innan viku eftir að honum barst vitneskja um úrskurðinn.
3. Við 11. gr. Aftan við 2. mgr. bætist:
   Ákvörðun skiptaráðanda eftir þessari mgr. skal tekin með úrskurði. Úrskurðinum verður ekki skotið til æðra dóms.
4. Við 13. gr. 1. mgr. c-liður orðist þannig:
   Eftir kröfu lánardrottins, ef á síðustu 3 mánuðum fyrir móttöku kröfu hans um gjaldþrotaskipti hefur farið fram hjá skuldara árangurslaus aðför eða

kyrrsetning. Þó getur skiptaráðandi hafnað kröfunni, ef fógetagerðin gefur ekki að hans áliti ótvíræða vísbendingu um eignir og skuldir skuldara. Í stað árangurslausrar fógetagerðar getur komið yfirlýsing skuldara frá síðustu 3 mánuðum um, að hann geti ekki staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, eða ef yfirlýsingar, sem skiptaráðandi telur réttar, liggja fyrir um þetta frá löggiltum endurskoðanda, sem kannað hefur hag skuldara, eða frá skattyfirvöldum eða öðrum opinberum stofnunum, sem slíkt hafa gert.

5. Við 19. gr. 3. mgr. orðist þannig:
   Þegar er úrskurður er genginn, skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu (proclama) og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrstu birtingu í Lögbirtingablaði. Að jafnaði skal einnig tilgreint hvenær og hvar fyrsti stofnfundur verður haldinn.
6. Við 21. gr. Greinin orðist þannig:
   Skiptaráðandi getur krafið lánardrottinn um tryggingu vegna kostnaðar eða bóta, áður en hann kveður upp úrskurð um gjaldþrotaskipti. Sé trygging ekki sett, skal líta svo á, að krafa um gjaldþrotaskiptin hafi verið afturkölluð.
7. Við 24. gr.
   a. 2. mgr. falli niður.
   b. Núverandi 3. mgr. verði 2. mgr. og orðist nú svo:
      Gjaldþrot breytir ekki rétti þeirra, sem fyrir upphaf þess hafa látið fara fram fullnustugerð fógeta í eignum skuldara eða eiga haldsrétt í þeim, handveð eða handveðsígildi eða megi láta selja af eignum skuldara á nauðungaruppboði án undanfarandi réttargerða.
   c. Núverandi 4. mgr. verði 3. mgr.
8. Við 25. gr. Greinin orðist þannig:
   Til skipta skal taka eignir þrotamanns á frestsdegi svo og það, sem hann eignast meðan á skiptunum stendur, sbr. þó 26. gr.
9. Við 31. gr.
   a. 2. mgr. orðist þannig:
      Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar upp er kveðinn úrskurður skv. 19. gr., og getur búið greitt þær þegar í stað án tillits til þess gjalddaga, sem áður var.
   b. 3. mgr. orðist þannig:
      Kröfum í erlendum gjaldeyri skal breyta í kröfur í íslenskum krónum samkvæmt gengi á þeim degi, þegar lánardrottinn fékk vitneskju um, að hann gæti fengið greiðsluna.
10. Við 32. gr. 1. mgr. orðist þannig:
    Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánardrottinn eða sá, sem hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana áður en 3 mánuðir voru til frestdags. Ekki verður krafa heldur notuð til skuldajafnaðar, ef lánardrottinn, þegar hann eignaðist hana, sá eða mátti sjá, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, eða hann fékk kröfuna til að skuldajafna.
11. Við 56. gr. Greinin orðist þannig:
    Ákvæði um riftun greiðslu gilda einnig um skuldajöfnuð, ef ekki má lýsa honum skv. 32. gr.
12. Við 58. gr. 2. mgr. orðist þannig:
    Sama gildir um fullnustugerð á síðustu 2 árum fyrir frestdag, sem gerð var að kröfu aðila, sem er nákominn þrotamanni, nema gerðarbeiðandi leiði í ljós með málssókn, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir fullnustugerðina.

13. Við 62. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: Ef ljóst er, að viðsemjanda var kunnugt um riftanleika ráðstöfunar, skal þó dæma hann til greiðslu tjónbóta.
14. Við 69. gr. Greinin orðist þannig:
    Eignir þriðjamanns, sem komast í vörslur búsins, skal afhenda honum. Öðrum rétthöfum skal með sama hætti afhenda eignir, sem ekki verða dregnar undir skiptin. Eftir því sem við verður komið, skal sá, sem með skiptin fer, kanna réttindi annarra í eignum í búinu og tilkynna þeim skiptin.
15. Við 71. gr.
    a. 1. mgr. verði 71. gr.
    b. 2. mgr. verði 72. gr.
16. Við 75. gr. Greinin orðist þannig:
    1. Ef fullnustugerð stendur þrátt fyrir ákvæði 58. gr., skal beita reglum 73. gr.
    2. Þegar fullnustugerð hefur farið fram í kröfu, getur búið innheimt hana.
17. Við 81. gr. bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:
    Skiptaráðandi getur án kröfu eða eftir kröfu lánardrottins eða þess, sem krefst eignar úr búinu eða úr vörslum skuldara, kveðið svo á í úrskurði, að þrotamaður skuli sæta sekt í ríkissjóð fyrir brot á 78., 79., 80. eða 83. gr. Í úrskurði má ákveða varðhald sem vararefsingu.
18. Við 85. gr. Greinin orðist þannig:
    Þegar kveðinn hefur verið upp gjaldþrotaúrskurður, skal þrotamaður tafarlaust sviptur umráðum yfir öllu því, sem talið verður til eigna hans. Skiptaráðandi tekur ákvörðun um ráðningu bústjóra til bráðabirgða, eftir að hafa ráðfært sig við þá kröfuhafa, sem þegar næst til. Álíti hann ekki nauðsynlegt að ráða bústjóra til bráðabirgða, t. d. vegna þess, að búið er lítið eða litlar líkur á, að eignir þess hrökkvi fyrir kostnaði, tekur hann sjálfur að sér bráðabirgðabústjórn.
19. Við 86. gr. Aftan við „innan mánaðar“ í 1. mgr. komi: frá lokum kröfulýsingarfrests.
20. Við 88. gr. Greinin orðist þannig:
    Meðferð eigna búsins skal falin skiptastjórum, einum eða fleiri, nema skiptaráðandi telji þess ekki þörf vegna þess, að búið er lítið, eða af öðrum sérstökum ástæðum, sbr. og 85. gr. um bústjóra til bráðabirgða og 93. gr. um aðstoðarmann skiptaráðanda.
21. Við 91. gr. 1. mgr. orðist þannig:
    Ef fram kemur um það krafa frá þeim, sem eiga a. m. k. fimmtung krafna, er atkvæðisréttur fylgir á skiptafundum, skal stofnuð kröfuhafanefnd.
22. Við 92. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Skiptastjóri skal innan frests, sem skiptaráðandi ákveður, gera eða láta gera uppgjör um hag búsins byggt á þeim gögnum, sem fyrir liggja. Ef ástæða er til, getur skiptaráðandi mælt fyrir um sérstaka athugun á bókhaldi þrotamanns eða færslu þess.
23. Við 95. gr. Við greinina bætist ný mgr., sem verður 4. mgr., svo hljóðandi:
    Skiptafundir hafa ákvörðunarvald um málefni þrotabús innan þeirra marka, sem lög ákveða, sbr. 104. gr.
24. Við 96. gr. Aftan við 1. mgr. komi þessi setning: Atkvæði má greiða eftir umboði.
25. Við 101. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Sá, sem fer með bú, skal sjá um reikningshald búsins. Skiptaráðandi getur kveðið nánar á um reikningsgerðina.
26. Við 104. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
    Bústjóri til bráðabirgða skal auk þess hlíta fyrirmælum skiptaráðanda og fá samþykki hans til mikilvægra ráðstafana.
27. Við 109. gr. 1. mgr. orðist þannig:
    Sé engum andmælum hreyft fyrir eða á skiptafundi við álitsgerð skv. 1. mgr. 107. gr., er hún endanlega samþykkt.

28. Við 136. gr. Við bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:
Ef maður hefur tekið við einhverju því starfi, sem nefnt er í 1. mgr., skal hann því aðeins víkja sæti, að sá krefjist þess, sem hagsmuna hefur að gæta. Skiptaráðandi getur þá ákveðið, að hann sjálfur eða maður, sem hann tilnefnir, skuli taka að sér störfin að hluta, en falið þeim, sem vikið hefur, að sinna búskiptunum áfram að öðru leyti. Um þetta skal, ef ágreiningur verður, kveða upp úrskurð, sem kæra má til Hæstaréttar.

Ed. 447. Frumvarp til laga [233. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I. KAFLI
Gildissvið o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers konar vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum þessum.

2. gr.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja.

Þá gilda lögin ekki um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir, sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum, nema að því leyti, er þær kunna að hafa með höndum vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptalegum grundvelli.

Lögin gilda um þau vátryggingarfélög, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérlögum, nema að því leyti, sem á annan hátt er fyrir mælt í sérlögunum.

Rísi deilur um, hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara, skal tryggingamálaráðherra skera úr.

3. gr.

Eftirtaldir aðiljar mega einir reka vátryggingarstarfsemi hér á landi:

1. Innlend félög og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Innlend hlutafélög og gagnkvæm vátryggingarfélög, sem leyfi hafa fengið til slíkrar starfsemi, sbr. 34. gr.
3. Erlend félög, sem fengið hafa leyfi til slíkrar starfsemi, sbr. 14. gr.

4. gr.

Vátryggingarfélag má ekki hafa á hendi aðra starfsemi en vátryggingar, vátryggingarumboð og tjónauppgjör. Vátryggingarfélagi er þó heimilt að reka fasteignir, sem það á.

Fari vátryggingarfélag með meirihluta atkvæða í félagi, telst það félag dótturfélag vátryggingarfélags. Dótturfélög vátryggingarfélaga mega ekki hafa á hendi aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi og rekstur eigin fasteigna, sbr. 1. mgr. Fari vátryggingarfélag og dótturfélag þess, sem hefur á hendi vátryggingarstarfsemi eða rekstur eigin fasteigna, sameiginlega með meirihluta atkvæða í félagi, telst það félag einnig dótturfélag vátryggingarfélags.

Líftryggingar (frumtryggingar) má ekki reka með öðrum tegundum vátryggingarstarfsemi. Þó má tryggingamálaráðherra heimila líftryggingarfélagi að hafa með höndum sjúkra- og slysatryggingar.

Vátryggingarfélag má ekki taka á sig ábyrgðir né skuldbindingar, sem ekki eru vátryggingar, nema í sambandi við eðlilegan rekstur félags.

5. gr.

Vátryggingarfélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið leyfi til hennar, sbr. 14. og 34. gr. og verið skráð í vátryggingarfélagaskrá og í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

II. KAFLI
UM STOFNUN VÁTRYGGINGARFÉLAGA O. FL.

Hlutafélög.

6. gr.

Stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að reka vátryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenskir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.

Innborgað hlutafé skal nema minnst kr. 50 000 000. Til innborgaðs hlutafjár teljast eingöngu peningagreiðslur. Eigið hlutafé telst ekki til innborgaðs hlutafjár við stofnun vátryggingafélags.

Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn eða ráðinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

7. gr.

Hlutafélag, sem hefur vátryggingar að starfsemi, má aldrei eiga meira en 10% eigin hlutafé. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem vátryggingarhlutafélag á sjálft.

8. gr.

Vátryggingarhlutafélag má aldrei greiða arð til hluthafa, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins, sem meiru fé nemi en arðgreiðslum, eða nægilegt fé sé fyrir hendi í arðjöfnunarsjóði, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé í bótasjóð, í áhættusjóð, í iðgjaldasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

9. gr.

Um vátryggingarhlutafélög gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Gagnkvæm vátryggingarfélög.

10. gr.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenskir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 35.000.000. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

11. gr.

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess.

Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.

Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er vátrygging féll úr gildi.

Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu enda sé slíks þörf til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

12. gr.

Heimilt er að greiða stofnendum arð af stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags. Arður þessi má þó eigi vera hærri á ári en 10% af innborguðu stofnfé. Aldrei má greiða slíkan arð, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins meiri en arðgreiðslu nemur, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé í bótasjóð, í áhættusjóð, í iðgjaldasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

13. gr.

Í samþykktum gagnkvæms vátryggingarfélags skal skýrt fram tekið, hvernig félagsslitum skuli háttað, sérstaklega hversu fara skuli um hreina eign félagsins við félagsslit.

Erlend vátryggingarfélög.

14. gr.

Erlend vátryggingarfélög geta fengið leyfi tryggingamálaráðherra til starfsemi hér á landi.

Slíkt leyfi má því aðeins veita, að félagið hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu og hafi starfað þar á því tryggingasviði í a. m. k. 5 ár.

15. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér hyggst starfa, skal sanna, að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en kr. 25.000.000.

Skal félagið árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi framangreindri upphæð.

Eigin tryggingasjóður erlends vátryggingarfélags, sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtrygginga, skal ávaxtaður sem hér segir:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.

3. Í skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af brunabótamatsverði húseigna og mannvirkja.
6. Í fasteignum, sem félagið á allt að 60% af brunabótamatsverði.

Að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, er erlendu vátryggingarfélagi þó heimilt að ávaxta fé tryggingasjóðs á annan hátt.

Félagið skal sjá til þess, að á hverjum tíma séu fyrir hendi hjá því eignir af því tagi, sem hér greinir, og nemi minnst upphæð eigin tryggingasjóðs samanlagt.

16. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur vátryggingarstarfsemi, skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð og aðalumboðsaðilja, sem hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Aðalumboðsmaður skal vera einn hér á landi. Íslensku vátryggingarfélagi er heimilt að hafa á hendi aðalumboð fyrir erlent vátryggingarfélag.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi, að því er varðar starfsemi þess hér, og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum, sem stofnast hafa vegna starfsemi þess hér.

Í reglugerð skal ráðherra ákveða, hvaða skýrslum og gögnum slíkt félag skuli árlega skila tryggingaeftirlitinu um starfsemi sína.

Almenn ákvæði.

17. gr.

Ársreikningar vátryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

Ársreikninga skal birta í ársskýrslu tryggingaeftirlitsins, en að auki skal birta meginniðurstöður þeirra í Lögbirtingablaði í því formi, sem tryggingaeftirlitið ákveður í samráði við tryggingamálaráðherra.

Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá vátryggingarfélögum.

Ef ársreikningur vátryggingarfélags er ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir félags, getur tryggingaeftirlitið krafist þess, að nýr ársreikningur verði saminn og hann lagður fyrir félagsfund.

18. gr.

Erlend vátryggingarfélög sem hér starfa, skulu gera reikninga og skýrslur um starfsemi sína hér á landi eftir þeim reglum, sem greinir í 17. gr.

19. gr.

Vátryggingarfélag skal leggja hluta af hagnaði sínum ár hvert í áhættusjóð. Framlag í áhættusjóð ár hvert skal að lámarki nema 10% en að hámarki 25% af hagnaði ársins. Verði áhættusjóður hærri en nemur 25% af iðgjaldstekjum einhvers árs, mega framlög lækka eða falla niður það ár.

Áhættusjóði má einungis verja til að mæta tapi vegna óvenjulegra tjónagreiðslna eitthvert ár. Áhættusjóð má þó einungis skerða að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra, eftir meðmælum tryggingaeftirlits.

20. gr.

Óski vátryggingarfélag eftir að flytja tryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, skulu bæði félögin senda tryggingaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt þeim gögnum, sem eftirlitið óskar.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti á nokkurn hátt skaðað vátryggingartaka og vátryggða hjá félögunum.

Tryggingaeftirlitið skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra vegna yfirfærslubeiðninnar.

Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir ráðherra leyfi til færslunnar.

21. gr.

Óski tvö eða fleiri vátryggingarfélög eftir því að sameinast og mynda eitt vátryggingarfélag, sem taki við öllum skuldbindingum félaganna gagnvart vátryggingartökum þeirra, skuli þau senda um það umsókn til tryggingaeftirlitsins ásamt þeim gögnum, sem eftirlitið óskar.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina og gæta þess hvort hið nýja félag fullnægir skilyrðum laga þessara og hvort samruninn geti á nokkurn hátt skaðað hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra. Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir tryggingamálaráðherra hinu nýja félagi starfsleyfi og heimild til yfirfærslu tryggingastofnanna enda sé gætt reglna 2. og 3. mgr. 20. gr.

22. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi séu vátryggð annars staðar en hjá íslenskum vátryggingarfélögum eða erlendum vátryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi.

23. gr.

Í nafni vátryggingarfélags skal koma fram að félagið reki vátryggingarstarfsemi. Aðrir en þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, mega ekki bera heiti, sem kunna að benda til, eða gefa í skyn, að vátryggingarstarfsemi sé rekin. Nafn vátryggingarfélagsins skal koma skýrt fram í tilkynningum og öllu prentuðu máli, sem frá félaginu fer. Starfi félag eða annar aðili sem umboðsaðili fyrir vátryggingarfélag, skal koma fram, að um umboð sé að ræða. Erlent vátryggingarfélag, sem hér starfar, má nota nafn aðalumboðsaðilja og komi þá jafnframt fram, að um umboð sé að ræða og nafn hins erlenda vátryggingarfélags.

Sérhver umboðsmaður eða sölumaður, sem hefur með höndum sölu vátrygginga hér á landi skal bera skilríki útgefin og undirrituð af stjórn eða framkvæmdastjóra þess vátryggingarfélags, sem hann starfar fyrir, er sanni, að hann starfi á þess vegum.

Þegar um erlent vátryggingarfélag er að ræða, skulu skilríkin undirrituð af aðalumboðsmanni félagsins hér á landi.

Um líftryggingarfélög.

24. gr.

Vátryggingarfélag, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi, skal auk gagna þeirra, sem um ræðir í 34. gr. senda tryggingaeftirlitinu þessi gögn:

1. Almenna tryggingaskilmála, er félagið hyggst nota.
2. Skýrslur um reiknigrundvöll iðgjalda og iðgjaldasjóðs, svo og reglur um ákvörðun endurkaupsverðs og verð gjaldfrjálsra trygginga.
3. Skýrslu um reikningsgrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.
4. Gögn um endurtryggingu og hámark eigin áhættu í hverri einstakri áhættu.

5. Tilkynningar um, hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúar) félagsins, sbr. 25. gr.

25. gr.

Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings (aktúars), sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra.

26. gr.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags ber ábyrgð á því, að félag það, er hann veitir þjónustu sína, fari eftir tilkynntum reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og fylgi tilkynntum reglum um ákvörðun endurkaupverðs og fjárhæða gjaldfrjálsa trygginga. Hann skal fylgjast með starfsemi félagsins að þessu leyti og getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að geta innt starf sitt af hendi.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu, að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði, skal hann tilkynna það tryggingaeftirliti án óeðlilegrar tafar.

27. gr.

Eigi er líftryggingarfélagi heimilt að breyta reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs, nema með leyfi tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlitsins.

Hafi breyting í för með sér lækkun iðgjaldasjóðs, skal leggja þann hluta sjóðsins, sem fram yfir er, í ágóðasjóð.

Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri líftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabil verði færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju uns jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.

28. gr.

Í ársreikningum líftryggingarfélags skal færa sérstaklega líftryggingasjóð. Líftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 24. gr.

29. gr.

Líftryggingasjóður skv. 28. gr. skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í lánum tryggðum með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af brunabótamatsverði húseigna og mannvirkja og 60% af fasteignamatsverði eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.

7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Erlend líftryggingarfélög, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

30. gr.

Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

Þegar líftryggingasjóður er ávaxtaður eins og segir í 1. tl. 1. mgr. 29. gr., skal fé þó lagt á sérstaka bankabók, sem árituð er sem eign líftryggingasjóðs. Skal með hana farið eins og um verðbréf sé að ræða sbr. 1. mgr., eftir því sem við getur átt. Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum eða bankabókum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 29. gr. skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

31. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr. skal hún þegar í stað taka í sínar vörslur eignir líftryggingasjóðs.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

32. gr.

Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 31. gr. skal tryggingaeftirlitið leita til annarra íslenskra líftryggingarfélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum.

Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaeftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur vátryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

III. KAFLI
Um skráningu og tilkynningaskyldu vátryggingarfélaga.

33. gr.

Halda skal skrá, vátryggingafélagaskrá, um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi, og skal hún vera í vörslu tryggingaeftirlitsins.

34. gr.

Hvert félag eða stofnun, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaeftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaeftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra veitir félagi starfsleyfi, og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka vátryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaeftirlitið geti metið umsóknina.

35. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega vátryggingarfélag, skal strax tilkynna til vátryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

36. gr.

Missi félag rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá.

37. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka vátryggingarstarfsemi.

IV. KAFLI
Eftirlit með vátryggingarfélögum.

38. gr.

Sérstök stofnun, tryggingaeftirlitið, hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra skipar forstöðumann tryggingaeftirlitsins en forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður annast stjórn stofnunarinnar og gætir þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, allt undir yfirstjórn tryggingamálaráðuneytis og ráðherra.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlitsins.

39. gr.

Tryggingaeftirlitið lætur fara fram könnun á hverjum þeim þætti í rekstri vátryggingarfélaga, sem það telur ástæðu til á hverjum tíma. Löggiltum endurskoðendum vátryggingarfélaga er skylt að veita eftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar hjá félaginu, sem það óskar eftir.

Vátryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og vátryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr. skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðanda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 500.000. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 500.000, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðanda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

40. gr.

Félög sem fá leyfi til vátryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þau ætla að nota.

Hyggist þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, breyta vátryggingarskilmálum sínum, eða semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu fyrirhugaða skilmála með hæfilegum fyrirvara til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaeftirlitinu þegar í stað.

Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála vátryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjaldagrundvöll. Tryggingaeftirlitinu ber að athuga hvort iðgjöld vátrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Vátryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í vátryggingum og að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um að réttar upplýsingar séu gefnar um þær vátryggingar, sem á boðstólum eru hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaeftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

41. gr.

Tryggingaeftirlitið skal árlega kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélags á grundvelli ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemi þess, sem nauðsynleg eru til þess að slík könnun geti farið fram.

Eigið fé starfandi vátryggingarfélags skal á hverjum tíma nema minnst tilteknu lágmarki, sem reiknað er út eftir nánari reglum, sem tryggingamálaráðherra setur með reglugerð. Í reglugerðinni skal kveðið á um lágmarksgjaldþol vátryggingarfélaga, hvernig það skuli reiknað og að hve miklu leyti hlutafé, stofnfé, varasjóðir og annað eigið fé skuli tekið með til útreiknings á gjaldþoli.

Tryggingaeftirlitið skal tilkynna vátryggingarfélagi niðurstöður sínar þegar að lokinni könnun og gefa því kost á að koma að skýringum og athugasemdum við

niðurstöðurnar. Að þeim athuguðum skal tryggingaeftirlitið gera tillögur um úrbætur, ef þörf krefur.

42. gr.

Tryggingaeftirlitið getur krafið þá, er vátryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra, að jafnaði á venjulegum skrifstofutíma.

43. gr.

Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr. eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal setja félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna vátryggðra.

Ef um er að ræða vátryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

44. gr.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum líftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 31. gr.

V. KAFLI
Ýmiss ákvæði.

45. gr.

Tryggingaeftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu vátryggingargreina.

46. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem um ræðir í lögum þessum í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má vátryggingarfélögum, að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum og 0.6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

47. gr.

Starfsmönnum tryggingaeftirlitsins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi að-

iljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

Starfsmenn tryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingarfélags.

48. gr.

Nú rís ágreiningur milli tryggingaeftirlitsins og vátryggingarfélags um framkvæmd á lögum þessum, og er þá unnt að skjóta þeim ágreiningi til umsagnar nefndar, sem skipuð er af tryggingaráðherra.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga, Hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.

49. gr.

Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

50. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 26 18. apríl 1973 um vátryggingarstarfsemi.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samið eftir tillögum, sem tryggingamálaráðuneytinu hafa borist um breytingar á gildandi lögum um vátryggingarstarfsemi, nr. 26 18. apríl 1973, en þau tóku gildi 1. janúar 1974.

Helstu tillögurnar bárust ráðuneytinu á útmánuðum 1977 og þá frá tryggingaeftirlitinu. Samtímis því að leitað var álits tryggingamanna á þessum tillögum voru hugmyndir ráðuneytisins að tímabærum lagfæringum bornar undir tryggingaeftirlitið og nokkra tryggingamenn.

Það hefur reynst nokkuð tímafrekt að vinna þessar tillögur út frá sjónarmiðum, sem æði oft féllu alls ekki saman og gera að ýmsu leyti ekki ennþá, þótt tæpast sé hægt að segja að veigamikill ágreiningur sé milli aðila þ. e. a. s. ráðuneytis, tryggingaeftirlitsins og þeirra tryggingaaðila, sem tjáð sig hafa um frumvarpið á einhverju stigi.

Helstu breytingar, sem í frumvarpi þessu felast, eru þessar:

1. Lágmarkshlutafé félags, sem sækir um leyfi til vátryggingarstarfsemi, er hækkað úr 20 m.kr. og ekki gerður greinarmunur á líftryggingarhlutafélagi og öðrum. Til líftryggingarfélaga voru áður gerðar lægri kröfur, eða 10 m.kr.
2. Á svipaðan hátt eru kröfur um stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags, sem starfsleyfis óskar, hækkaðar úr 5 og 10 m.kr. í 35 m.kr.

   Um félög, sem starfsleyfi hafa eftir lögum 26/1973, fer að sjálfsögðu eftir þeim kröfum, sem þeim var gert að uppfylla, er þau fengu starfsleyfi.
3. Í gildandi lögum er m. a. það skilyrði sett fyrir starfsleyfi erlends vátryggingarfélags, að það sanni að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en 10 m.kr. Í frumvarpi þessu er lagt til að lágmarkið verði hér hækkað í 25 m.kr.
4. Þá eru sett ný og ítarleg ákvæði um ávöxtun eigin tryggingarsjóðs erlends vátryggingafélags, sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtrygginga.

Eru þessar reglur hliðstæðar þeim, sem eru í gildandi lögum um ísl. vátryggingarfélög.

5. Í nýrri grein er gerð krafa um skýrleika í nafni tryggingarfélaga og að umboðs- og sölumenn beri jafnan skilríki frá félaginu, er sanni störf á vegum þess.
6. Veigamikil breyting er fólgin í þeirri tillögu ráðuneytisins, að fella niður núverandi 38. gr. laga 26/1973 um tímabundna skipun til fjögurra ára í senn í tryggingaeftirlitið. Kostnaður við þessa „stjórn“ eftirlitsins nam s. l. ár nálægt 2 m.kr., sem nú sparaðist.

   Afleiðing af þessu yrði sú, að stofnunin starfaði áfram undir daglegri stjórn framkvæmdastjóra, sem ráðherra skipaði eins og gildir um flestar aðrar ríkisstofnanir.
7. Í gildandi lögum er ákvæði, sem sætti mikilli gagnrýni tryggingamanna á sínum tíma. Það hljóðar svo:

   „Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingarstarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og vátryggða, getur tryggingamálaráðherra neitað að skrá félagið í vátryggingafélagaskrá og veita því starfsleyfi.“

   Í ljósi þeirrar reynslu, sem á lögin og framkvæmd þeirra er komin, telur ráðuneytið ekki lengur þörf á slíku ákvæði og leggur til að það falli burtu.
8. Þá leiðir það af eðli málsins, að burtu falla öll þau ákvæði gildandi laga, sem fjölluðu um hvernig með skyldi fara vátryggingarfélög, sem störfuðu við gildistöku laga 26/1973, þ. e. a. s. um starfsleyfisumsóknir, skilafresti umsókna og gagna, viðurlög og um afgreiðslu starfsleyfa ásamt fleiru. Þessi félög hafa nú ýmist fengið fullgild starfsleyfi, hætt störfum eða verið afhent skilastjórnum, en um þær eru ákvæði áfram í tillögunum. Af þeim sökum eru nefnd ákvæði óþörf.
9. Síðasta veigamikla breytingin er sú, að skipuð verði þriggja manna nefnd til að fjalla um ágreining, sem rísa kann milli tryggingaeftirlitsins og vátryggingarfélags um framkvæmd laganna. Nefnd þessi yrði umsagnar- en ekki úrskurðaraðili.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Það nýmæli er í 2. mgr. 4. gr., að skilgreint er, hvað kallast skuli dótturfélag vátryggingarfélags og slíku félagi eru sett nokkur takmörk varðandi starfssvið.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. í núgildandi lögum.

Um 6. gr.

Í grein þessari eru lágmarkskröfur um hlutafé vátryggingarfélags, sem óskar eftir starfsleyfi, hækkaðar úr 10 og 20 m.kr. í 50 m.kr.

Þá er það ákvæði nýtt í greininni, að hvorki eigið hlutafé né aðrar greiðslur en peningagreiðslur skuli teljast til innborgaðs hlutafjár.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. í núgildandi lögum.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 8. gr. í núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. í núgildandi lögum.

Um 10. gr.

Grein þessi er samhljóða 10. gr. í núgildandi lögum að öðru leyti en því, að lágmörk stofnfjár eru hækkuð úr 5 og 10 m.kr. í 35 m.kr.

Um 11. gr.

Grein þessi er samhljóða 11. gr. í núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 12. gr. núgildandi laga.

Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 13. og 14. gr. núgildandi laga.

Um 15. gr.

Í grein þessari er lágmarkskrafa um eignir erlends vátryggingarfélags hér á landi hækkuð úr 10 m.kr. í 25 m.kr.

Auk þess eru sett ákvæði um ávöxtun eigin tryggingasjóðs slíks félags, sem eru í samræmi við gildandi ákvæði um hliðstæða ávöxtun hjá innlendum félögum.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru meginnýmælin þau, að ársreikninga vátryggingarfélaga skuli í heild birta í ársskýrslu tryggingaeftirlitsins, en aðeins meginniðurstöður þeirra í Lögbirtingablaði, í stað þess að birta þá þar í heild.

Þá er í 5. mgr. þessarar greinar kveðið á um rétt tryggingaeftirlitsins til að krefjast þess að nýr ársreikningur verði saminn og lagður fyrir félagsfund, þegar svo stendur á, að fyrri ársreikningur telst ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir félagsins.

Að öðru leyti er greinin samhljóða núgildandi 17. gr.

Um 18. og 19. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 18. og 19. gr. núgildandi laga.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að umsóknir þær, sem þar getur, skuli sendar tryggingaeftirlitinu í stað tryggingamálaráðherra nú.

2., 3. og 4. mgr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 21. gr.

Í 1. mgr., þessarar greinar er lögð til sama breyting á meðferð umsókna og í 1. mgr. 20. greinar.

Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Grein þessi er ný. Í gildandi lögum eru engin hliðstæð ákvæði.

Um 24. til 28. gr.

Greinar þessar eru allar samhljóða samsvarandi greinum, þ. e. a. s. 23.—27. gr., í núgildandi lögum um vátryggingarstarfsemi.

Um 29. gr.

Sú ein breyting er hér lögð til frá gildandi ákvæðum, að í 6. tl. verði miðað við 60% af brunabótamatsverði húseigna og mannvirkja. Í gildandi lögum skal miðað við 60% af fasteignamatsverði þessara eigna.

Um 30. gr.

Í 2. mgr. eru ný ákvæði um hvernig með skuli fara, þegar líftryggingarsjóður er ávaxtaður í bönkum og sparisjóðum. Tilgangur þessa er að halda líftryggingasjóði sérgreindum frá öðrum bankainnstæðum félagsins.

Um 31. og 32. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 30. og 31. gr. núgildandi laga.

Um 33. gr.

Hér er sú efnisbreyting lögð til, að vátryggingafélagaskrá skuli framvegis vera í vörslu tryggingaeftirlitsins í stað ráðherra eins og nú er.

Um 34. gr.

Lagt er til að úr gildandi lögum verði felld niður síðasta setning 1. mgr. 33. gr. svohljóðandi „og sé að öðru leyti hæft til að reka vátryggingarstarfsemi.“

Þá er ennfremur lagt til að úr sömu lagagrein verði burtu felld 3. mgr. svohljóðandi:

„Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingarstarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingataka og vátryggða, getur tryggingamálaráðherra neitað að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.“

Um 35. — 37. gr.

Greinar þessar eru allar samhljóða tilsvarandi greinum í gildandi lögum, þ. e. a. s. 34.—36. gr.

Um 38. gr.

1. og 3. mgr. eru samhljóða 1. og 2. mgr. núgildandi 37. greinar.

Vegna þess að gerð er tillaga um að fella núgildandi 38. gr. burtu og leggja þannig „stjórn“ tryggingaeftirlitsins niður, er hér í mgr. kveðið á um skipun forstöðumanns eftirlitsins og um ráðningu annars starfsfólks.

Er þessi skipan mála hliðstæð því sem t. d. er um Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins svo að nokkur dæmi séu nefnd um stofnanir, sem undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heyra.

Um 39. gr.

Aðalbreytingin, sem lögð er til með þessari grein, felst í 1. mgr. þar sem tryggingaeftirlitinu er falin könnun á rekstri vátryggingarfélaganna í stað endurskoðunar og staðfestingar á reikningum þeirra, eins og nú gildir.

Í 3. mgr. er viðmiðunarmark hækkað úr 100 þús. kr. í 500 þús. kr.
Að öðru leyti er greinin samhljóða 39. gr. núgildandi laga.

Um 40. gr.

Grein þessi er efnislega hin sama og núgildandi 40. grein. 3. og 5. mgr. eru algjörlega samhljóða núgildandi ákvæðum, en aðrar mgr. hafa verið umritaðar, m. a. vegna þess, að burtu þurfa að falla þeir þættir, sem höfða til þess ástands, sem ríkti við gildistöku laga 26/1973.

Um 41. gr.

Í 41. grein núgildandi laga er kveðið á um að setja skuli reglugerð um gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélaga.
Eftir ítarlegan undirbúning tryggingaeftirlitsins og ráðuneytisins og að höfðu samráði við tryggingamenn, var slík reglugerð sett og tók hún gildi 1. janúar 1978.
Með hliðsjón af þessu þótti rétt að breyta nokkuð orðalagi gildandi greinar, en hér er ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 42. gr. að öðru leyti en því, að síðasta setningin „að jafnaði á venjulegum skrifstofutíma“ er nýmæli.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 43. gr. að öðru leyti en því, að í 1. mgr. er nú kveðið á um „hæfilegan“ frest í stað 6 mánaða hámarksfrest eins og nú gildir.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. núgildandi laga.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 45. gr. núgildandi laga. Efni 1. mgr. þeirrar greinar kemur nú inn í nýrri 47. grein, sbr. athugasemdir við hana.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. núgildandi laga.

Um 47. gr.

Fyrri málsgrein er efnislega samhljóða fyrri mgr. 45. gr. núgildandi laga, en síðari málsgreinin er á sama hátt samhljóða síðari mgr. núgildandi 38. greinar, en í frv. þessu er lagt til að sú grein falli að öðru leyti niður.

Um 48. gr.

Hér er eins og áður segir um algjört nýmæli að ræða. Með tillögu um skipan slíkrar nefndar er ráðherra að sjálfsögðu hvorki að skorast undan þeirri skyldu né afsala sér þeim rétti að kveða upp lokaúrskurð stjórnvalds í ágreiningsmálum varðandi framkvæmd laganna.
Hér er hins vegar gerð tilraun til að finna viðræðuvettvang aðila, sem auðveldað gæti réttari ákvörðunartöku.

Um 49. gr.

Grein þessi er samhljóða 56. gr. núgildandi laga, en núgildandi 47.—55. greinar falla burtu sbr. það, sem segir í almennum athugasemdum.

Um 50. — 52. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Ed. **448. Frumvarp til laga** [234. mál]

um ónæmisaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Ónæmisaðgerðir, sem lög þessi tala til, eru bólusetning gegn: 1. barnaveiki, 2. kikhósta, 3. stífkrampa, 4. mænusótt, 5. mislingum, 6. rauðum hundum, 7. berklaveiki, 8. bólusótt, 9. heilahimnubólgu, 10. hettusótt, 11. öðrum sóttum, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim verður kunn og sérstök smithætta er fyrir hendi, 12. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

2. gr.

Almenningi skal gefinn kostur á ónæmisaðgerð samkvæmt 1. gr. 1.—5. tl., svo eftir því sem þörf krefur samkvæmt 1. gr. 6.—12. tl., þó samkvæmt 12. tl. aðeins að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum annast heilsugæslustöðvar.

3. gr.

Þegar ætla má, að sérstakir aðilar eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt, (svo sem farmenn á sjó, áhafnir loftfara, læknar, hjúkrunarfólk, sóttgæslumenn, ferðamenn, tollgæslumenn o. s. frv.), er heilsugæslustöð heimilt í samráði við landlækni að gera ráðstafanir til þess, að slíkir aðilar verði bólusettir gegn þeirri sótt, sem um er að ræða.

Þegar mikil sótthætta er yfirvofandi, er heilbrigðismálaráðherra heimilt að fyrirskipa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta hana ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild ef þurfa þykir.

4. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu, í samráði við landlækni gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem tilhagar á hverjum stað, og hafi af þeim sem fyllst not.

Berklayfirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki með höndum og segir fyrir um framkvæmd hennar.

5. gr.

Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmisaðgerða, samkv. lögum þessum, hefur verið óvirkt, og skal sú ónæmisaðgerð metin ógerð, og skal hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið teljist slíks þörf, eða fari viðkomandi fram á slíkt.

6. gr.

Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsugæslustöðvum í té sérstakar skírteinisbækur, ónæmisskírteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmisaðgerðar hjá heilsugæslustöð, hafa slíka bók í höndum, varðveita hana og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann gengst undir samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ekki má ráða starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki og öðrum alvarlegum smitnæmum sjúkdómum, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun, ellegar gangist undir sérstaka ofnæmisbólusetningu, áður en það hefur störf.

Hið sama gildi um starfsfólk rannsóknastofnana, þar sem rannsóknir á smitnæmum sjúkdómum fara fram.

8. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu skrá ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum í spjaldskrá, enda við því búnar að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmisskírteini glatast. Ónæmisaðgerðir skólalækna skal skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

Skólayfirlæknir hefur yfirumsjón með bólusetningum í skólum og segir fyrir um framkvæmd þeirra.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, sem landlæknir lætur í té, gera skýrslu um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í umdæmi þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér, gegn hverjum sóttum hefur verið bólusett, og hversu margir gegn hverri sótt.

10. gr.

Lyfjaverslun ríkisins annast útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum.

Kostnaður af framkvæmd ónæmisaðgerða samkv. 1. gr. 1.—11. tl. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Kostnað vegna framkvæmda ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr. 12. tl. laga þessara greiða hlutaðeigendur sjálfir.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugrð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þar á meðal um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 36/1950 um ónæmisaðgerðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í októbermánuði s. l. fór landlæknir fram á það við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að felld yrðu úr gildi ákvæði núgildandi laga um ónæmisaðgerðir, um skyldubólusetningu gegn bólusótt (variola) og að jafnframt yrði gert ráð fyrir heimild til slíkra bólusetninga samkv. ósk viðkomandi. Jafnframt fór landlæknir þess á leit að felld yrðu niður þau ákvæði laganna er sérstaklega snerta kúabólusetningu.

Ástæðan fyrir þessari beiðni landlæknis er sú, að allt frá árinu 1966 hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin háð mjög árangursríka baráttu gegn bólusótt og er svo komið að veikinni hefur að mestu verið útrýmt, þannig að hennar hefur nú eingöngu orðið vart í einstaka tilvikum í afskekktum fjallaþorpum í Afríku, einkum Sómalíu.

Á árintu 1976 felldu flest lönd Norður-Evrópu niður gildandi lagaákvæði um skyldubólusetningu gegn bólusótt. Englendingar og Svíar höfðu nokkru áður fellt þessi ákvæði niður og Bandaríkjamenn einnig.

Hér á landi er sú skoðun almennt ríkjandi hjá heimilislæknum og barnalæknum að nema beri skyldubólusetningu gegn bólusótt úr gildi, en sem stendur er slík bólusetning sú eina, sem skylda ber til að framkvæma samkvæmt ísl. lögum. Sömu aðilar vilja þó viðhalda heimild í lögum til slíkrar bólusetningar, sé slíks óskað. Norsk heilbrigðisyfirvöld hafa boðið Íslendingum 75 000 skammta af bóluefni gegn

kúabólu og er geymsluþol þessa bóluefnis 2 ár. Ættu þessar birgðir að tryggja vörn ef svo ólíklega vildi til að hingað bærist tilfelli af kúabólu. Eftir tvö ár yrði hins vegar að endurmeta, hvort nauðsyn bæri til að eiga birgðir af bóluefni.

Núgildandi lög um ónæmisaðgerðir eru frá árinu 1950 og eru á margan hátt óraunhæf í dag. Á þeim árum voru ekki þekkt mótefni gegn eins mörgum ónæmissjúkdómum og í dag og bera lögin þess glögg merki. Lögin fyrirskipa kúabólusetningu (frumbólusetningu) á hverju barni milli hálfs árs og eins árs aldurs.

Með hliðsjón af því sem hér að framan greinir er ekki lengur nauðsyn á slíkum bólusetningum og má reyndar segja að slíkt sé óæskilegt með hliðsjón af því, að hættan á slíkri sótt er nánast engin, en eftirköst vegna bólusetningar í mörgum tilvikum mjög slæm.

Margar greinar laganna frá 1950 eru tilkomnar eingöngu vegna kúabólusetningar. Með hliðsjón af því að lögin kæmu til með að styttast verulega og breytast við brottfall skyldubólusetningar, ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að endurskoða lögin í heild og leggja fram frumvarp til nýrra laga um ónæmisaðgerðir. Er frumvarp þetta ávöxtur þeirrar vinnu og er tilgangur frumvarpsins fyrst og fremst að færa þessi mál í það horf, sem þau eru í nágrannalöndunum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um það til hvaða sótta ónæmisaðgerðir eigi að ná. Reynt er að telja upp á tæmandi hátt þær sóttir, sem þekktar eru í dag. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt sé að bólusetja gegn sóttum, verði virk ónæmisaðgerð kunn, og sé fyrir að fara sérstakri smithættu. Ennfremur er gert ráð fyrir því að bólusetja megi gegn öðrum sóttum, standi sérstaklega á, og er hér einkum tekið mið af ferðum manna úr landi. Með hliðsjón af bættum samgöngum heimsálfa á milli verður að teljast nauðsynlegt að viðhalda þessu ákvæði gömlu laganna.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að almenningur geti fengið ónæmisaðgerðir gegn barnaveiki, kikhósta, stífkrampa, mænusótt og mislingum, fari það fram á slíkt. Hið sama gildir um rauða hunda, berklaveiki, bólusótt, heilahimnubólgu, hettusótt og aðrar sóttir, teljist þörf á slíku. Hvað snertir enn aðrar sóttir sbr. 12. tl. 1. greinar skal slíkt aðeins gert, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Hér er ennfremur kveðið á um það að heilsugæslustöðvar skuli annast ónæmisaðgerðir samkvæmt þessum lögum. Í Reykjavík yrði það fyrst um sinn borgarlæknir.

Um 3. gr.

Einstakir hópar manna eiga öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt. Má hér nefna dæmi farmenn á sjó, áhafnir loftfara, lækna, hjúkrunarfólk, sóttgæslumenn, ferðamenn, tollgæslumenn og lögreglumenn.

Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt, að heilsugæslustöðvar, að höfðu samráði við landlækni, hafi heimildir til þess að gera sérstakar ráðstafanir, til þess að slíkir aðilar verði bólusettir gegn viðkomandi sótt.

Þar sem lög þessi gera ráð fyrir að skyldubólusetning verði nú alfarið felld niður er nauðsynlegt, að heilbrigðismálaráðherra geti fyrirskipað almenna bólusetningu komi upp mikil sótthætta. Getur hér bæði verið um að ræða svæðisbundna sótt eða sótt er herjar á allt landið og getur ráðherra samkvæmt þessu látið bólusetningaraðgerðir ná til tiltekinna svæða landsins eða landsins í heild. Hér er um sjálfsagt ákvæði að ræða og þarfnast það reyndar ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að fræða almenning sem gerst um framkvæmd ónæmisaðgerða skv. lögum þessum. Heilsugæslustöðvum ber því, í samráði við landlækni, að fræða almenning um þessi mál með það fyrir augum, að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að ónæmisaðgerðum miðað við aðstæður á hverjum stað, og að slíkar aðgerðir komi almenningi að sem mestum notum.

Við framkvæmd ónæmisaðgerða ber að gæta þess að þjappa fólki sem minnst saman ef sóttin er mjög smitnæm t. d. sé um að ræða heilabólgu.

Hvað snertir berklaveiki sérstaklega er gert ráð fyrir því, að berklayfirlæknir hafi sem hingað til yfirstjórn slíkra bólusetninga með höndum og segi fyrir um framkvæmd hennar.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um það að bólusetja skuli aftur hafi bóluefni reynst óvirkt og að slíkt skuli gert með virku bóluefni svo fljótt sem við verður komið, sé þörf á slíku eða ef viðkomandi fer fram á slíkt. Hér er um að ræða ákvæði til öryggis.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því að landlæknir láti heilsugæslustöðvum í té sérstakar skírteinisbækur, ónæmisskírteini. Hver sá aðili, sem leitar ónæmisaðgerðar hjá heilsugæslustöð fær slíka bók í hendur og ber honum að varðveita bókina og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann kann að gangast undir samkv. lögum þessum. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða ákvæði gömlu laganna og er nauðsynlegt að viðhalda því.

Um 7. gr.

Sé gert ráð fyrir því, að allt starfsfólk á hælum og öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklum og öðrum alvarlegum smitnæmum sjúkdómum, verði við ónæmisprófun að svara jákvætt, ella að gangast undir sérstaka ónæmisbólusetningu, áður en það hefur störf. Hið sama skal gilda um starfsfólk rannsóknastofnana, þar sem rannsóknir á smitnæmum sjúkdómum fara fram.

Nauðsynlegt er að allir þeir, sem starfa á stofnunum eða hælum þar sem vistaðir eru berklasjúklingar, verði bólusettir sérstaklega gegn berklaveiki, hafi þeir ekki svarað jákvætt í berklaprófun. Upp kunna að koma aðrir alvarlegir smitnæmir sjúkdómar, sem nauðsynlegt er að sama regla gildi um. Meta þarf slíkt í hverju einstöku tilviki.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er að þeir aðilar, sem annast ónæmisaðgerðir samkvæmt þessum lögum, þ. e. a. s. heilsugæslustöðvar, skrái í spjaldskrár allar framkvæmdar ónæmisaðgerðir samkvæmt þessum lögum, enda kann til þess að koma að gefa þurfi út vottorð þar að lútandi t. d. hafi ónæmisskírteini glatast. Hvað snertir ónæmisaðgerðir í skólum er nægjanlegt að skrá slíkt í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

Gert er ráð fyrir því að skólayfirlæknir hafi með höndum yfirumsjón með bólusetningu í skólum og segi fyrir um framkvæmd þeirra.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að Lyfjaverslun ríkisins skuli annast útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkvæmt þessum lögum. Eðlilegt er að Lyfjaverslunin hafi þetta með höndum, þegar þess er gætt að kostnaður vegna framkvæmda ónæmisaðgerða skal að mestu greiddur úr ríkissjóði.

Kostnaður vegna ónæmisaðgerða greiðist úr ríkissjóði, nema kostnaður við framkvæmd ónæmisaðgerða skv. 1. gr. 12. tl. skal greiddur af hlutaðeigendum sjálfum.

Um 11. gr.

Þar sem ómögulegt er að tíunda á fullnægjandi hátt hin einstöku framkvæmdaratriði, er varða þessi lög, er nauðsynlegt að ráðherra hafi heimild til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd einstakra atriða t. d. um tilhögun einstakra ofnæmisaðgerða.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 449. Frumvarp til laga [235. mál]

um lyfjafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I. KAFLI
Starfsleyfi lyfjafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær til umsagnar landlæknis, og til þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala (pharmacy) er kennd.

3. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr. hefur sá einn, sem lokið hefur háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Enn fremur skal hann fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera íslenskur ríkisborgari, sbr. þó ákvæði 17. gr.
2. Vera lögráða.
3. Vera heilbrigður andlega og líkamlega.
4. Hafa unnið að minnsta kosti eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu, eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi.
5. Hafa lokið prófi í íslenskri lyfjalöggjöf, ef umsækjandi hefur eigi áður lokið slíku prófi við Háskóla Íslands.

Heimilt er að víkja að hluta eða að öllu frá ákvæðum 4. töluliðs að framan, ef sérstakar ástæður mæla með að dómi þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

Eigi má veita starfsleyfi, sbr. 1. gr., ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi umsækjanda.

II. KAFLI
Starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðinga.

4. gr.

Rétt til þess að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pahrmaciae) og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

5. gr.

Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær til umsagnar sömu aðilum og taldir eru í 2. gr.

6. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 4. gr., hefur sá einn sem lokið hefur aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Auk þess gilda ákvæði 3. gr. 1.—5. töluliðs og 2.—4. málsgr. sömu gr.

Fyrrihlutapróf frá Lyfjafræðingaskóla Íslands skal jafngilda aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands.

7. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsréttindi aðstoðarlyfjafræðinga.

III. KAFLI
Starfsleyfi lyfsala. Lyfsöluleyfi.

8. gr.

Lyfsali nefnist sá lyfjafræðingur, sem veitt hefur verið starfsleyfi til að reka lyfjabúð, og hefur hafið rekstur hennar.

9. gr.

Umsækjandi um lyfsöluleyfi skal vera lyfjafræðingur, sbr. ákvæði I. kafla. Sömu kröfur skal gera til forstöðumanna annarra stofnana í lyfjadreifingu og lyfjaframleiðslu.

10. gr.

Um veitingu lyfsöluleyfa, sérstakar skyldur og réttindi lyfsala og forstöðumanna, sbr. 9. gr. búnað og rekstur lyfjabúða og annað að því lútandi fer samkvæmt gildandi lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

IV. KAFLI
Starfsskyldur.

11. gr.

Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar skulu í starfi sínu gæta fyllstu árvekni, samviskusemi, trúmennsku og vandvirkni í hverju einu.

12. gr.

Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um alla vitneskju eða grun um sjúkdóma eða önnur einkamál, sem þeir kunna að öðlast í starfi. Þeir skulu þó skýra landlækni og Lyfjaeftirliti ríkisins eða öðru yfirvaldi frá vitneskju sinni, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist. Þeim ber skylda til að tjá sig fyrir dómi samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfar á vegum lyfsala eða forstöðumanns, sbr. 9. gr. skal hann skýra lyfsalanum eða forstöðumanninum frá vitneskju sinni, en hann síðan tilkynna landlækni, lyfjaeftirliti eða öðrum yfirvöldum.

Ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu taka og til lyfjatækna, meintækna, ritara og annarra samstarfsmanna lyfjafræðinga aðstoðarlyfjafræðinga eða lyfsala, er vegna starfa sinna kunna að öðlast sömu vitneskju um sjúkdóma og einkamál manna.

V. KAFLI
Missir starfsréttinda.

13. gr.

Landlæknir og Lyfjaeftirlit ríkisins geta lagt til við ráðherra, að lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur verði sviptur starfsleyfi ef hann vegna drykkjuskaparóreglu, fíknilyfjanotkunnar eða fíkniefnanotkunnar, geðveiki eða annarra veikinda, vegna alvarlegs hirðuleysis eða ódugnaðar telst lítt hæfur eða óhæfur til þess að sinna starfi sínu. Ef ráðherra felst á álit landlæknis og lyfjaeftirlits, sviptir hann lyfjafræðinginn eða aðstoðarlyfjafræðinginn starfsleyfi sínu, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið, áður en ráðherra ræður því til lykta.

14. gr.

Ráðherra má veita lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi aftur starfsleyfi það, er hann hefur verið sviptur, sbr. 13. gr., enda séu þá forsendur leyfissviptingarinnar brott fallnar og þeir aðilar, sem nefndir eru í 2. gr., mæli með.

15. gr.

Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur fremur refsiverðan verknað, má með dómi í opinberu máli svipta hann starfsleyfi um tiltekinn tíma eða ótímabundið. Ákæruvaldið skal gefa ráðherra kost á því að tjá sig um sakarefni, áður en mál er höfðað. Heimilt er að veita hinum dæmda starfsleyfi á ný eftir afplánun refsingar, ef fyrir liggja meðmæli þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

VI. KAFLI
Sérfræðingaleyfi.

16. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum þeirrar deildar Háskóla Íslands þar, sem lyfjafræði lyfsala er kennd, fyrirmæli um veitingu sérfræðingsleyfa handa lyfjafræðingum, er hafa aflað sér sérfræðingsmenntunar í einhverri megingrein lyfjafræði lyfsala (lyfjaefnafræði, lyfjagerðarfræði o. fl.) eða í öðrum greinum, sem kenndar eru lyfjafræðingsefnum svo sem lífefnafræði (biochemistry), lyfjafræði lækna (pharmacology), eiturefnafræði (toxicology). Áður en reglugerðin er sett, skal leita umsagnar Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands. Að jafnaði skal eigi líða skemmri tími en fimm ár frá því lyfjafræðingur fékk starfsleyfi og þar til honum er veitt sérfræðingsleyfi.

Veiting sérfræðingsleyfa tekur ekki til aðstoðarlyfjafræðinga. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef aðstoðalyfjafræðingur hefur lokið vísindavinnu, sem metin er gild til doktorsprófs.

Leita skal álits þeirrar deildar Háskóla Íslands þar, sem lyfjafræði lyfsala er kennd ,um umsækjendur um sérfræðingsleyfi, sbr. 1. mgr.

VII. KAFLI
Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

17. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, starfsleyfi samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem þar eru sett.

18. gr.

Ákvæði laga þessara um veitingu starfsleyfis lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga ná ekki til þeirra, sem starfsréttindi hafa hlotið samkvæmt lyfsölulögum nr. 30/1963, þegar lögin ganga í gildi.

Þeir lyfjafræðingar, sem hlotið hafa sérfræðiviðurkenningu Lyfjafræðingafélags Íslands halda henni eins og um veitingu sérfræðingsleyfis skv. 10. gr. hafi verið að ræða.

Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um starfsskyldur og sviptingu leyfis ná einnig til þeirra, sem hafa starfsréttindi lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, þegar lögin ganga í gildi, á sama hátt og þeir hefðu öðlast starfsréttindi samkvæmt þessum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963 14. , 15. og 46. gr.
2. Sömu lög IV. kafli.
3. Sömu lög 20. og 21. gr. að undanskildum þeim ákvæðum, er lúta sérstaklega að veitingu lyfsöluleyfis.

Ennfremur eru úr gildi felld önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lyfsölulög þau, sem nú gilda, geyma ákvæði um alla helstu þætti lyfjamálaefna, svo sem lyfin sjálf, lyfjabúðir, starfsmenn lyfjabúða, dreifingu lyfja, verðlagningu þeirra, framleiðslu og gerð. Eru þau 70 gr. og að ýmsu leyti mjög ýtarleg. Má fullyrða, að með þeim hafi verið brotið blað í þróun lyfjalöggjafar hér á landi.

Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 9. mars 1973 voru eftirtaldir menn skipaðir í nefnd „til endurskoðunar á lyfsölulögum með tilliti til skilgreiningar á lyfjum og öðrum efnum o. fl.“:

Ólafur Ólafsson landlæknir, formaður. Almar Grímsson deildarstjóri, ritari, Sigurður Líndal prófessor, Sigurður Ólafsson lyfsali, Vilhjálmur Skúlason prófessor, Þorkell Jóhannesson prófessor.

Á sviði lyfjamála hafa orðið miklar breytingar frá því, að núgildandi lyfsölulög gengu í gildi og má líklega telja, að enn eigi þar eftir að verða örar breytingar. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegt sé, að þeim þáttum lyfjamála, sem nú er skipað með lyfsölulögum nr. 30/1963, verði skipað með þrennum lögum, þar sem í einum verði fjallað um lyfjafræðinga, í öðrum um lyfjabúðir sérstaklega, en í hinum þriðju um lyfin sjálf og framleiðslu þeirra. Þar séu og helstu almenn ákvæði um sölu þeirra og dreifingu.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er leytast við að lögfesta reglur um allt það, sem að starfsréttindum og skyldum lyfjafræðinga lýtur og nefndin telur rétt að binda í lögum. Nefndin telur vafasamt, að öll ákvæði um störf lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga eigi heima í lyfjabúðalögum, enda hefur þróun mála orðið sú, að allt að því þriðjungur lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga starfar nú hér á landi annars staðar en í lyfjabúðum, svo sem í lyfjagerðum, lyfjaheildverslunum, rannsóknastofnunum og iðnaðarfyrirtækjum. Telur nefndin viðbúið, að þróun haldi enn áfram í þessa átt fremur en hið gagnstæða og er því þeirrar skoðunar, að full ástæða sé til að setja lög um lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) án þess ákvæði slíkra laga séu einungis miðuð við eitt tiltekið starfssvið.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er þess vegna leitast við að setja ákvæði um skyldur og réttindi lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga á sem breiðustum grundvelli.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1.—3. gr.

Í 3. gr. er kveðið svo á, að sá einn eigi rétt til að fá starfsleyfi lyfjafræðings, sem lokið hafi háskólaprófi, eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara (prófessora, dósenta, lektora) í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Er hér um nýmæli að ræða, enda óvéfengjanlegt, að engir aðrir geta betur dæmt um þær menntunarkröfur, er gera verður til lyfjafræðinga.

Í 2. gr. er auk þess kveðið svo á, að landlæknir og sú deild, Háskóla Íslands, er fyrrgreindir kennarar starfa við, skuli veita umsögn um umsækjendur. Heilbrigðisráðherra, sbr. 1. gr., veitir endanlega starfsleyfi.

Í 3. gr. er enn fremur vikið að fimm sérstökum skilyrðum, er umsækjandi um starfsleyfi þarf að fullnægja.

Töluliðir 1—3 þarfnast ekki nánari skýringar. Þó er gert ráð fyrir því, að víkja megi frá skilyrðinu um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. ákvæði 17. gr. Er hér einkum haft í huga, að ríkisborgarar annarra Norðurlandaríkja geti starfað hér á landi, ef milliríkjasamningar heimila. Í 4. tl. er gert ráð fyrir starfsþjálfun í viðurkenndri lyfjagerð eða lyfjabúð hér á landi. Er þetta ákvæði hugsað sem hliðstæða við gildandi ákvæði um starfsþjálfun læknisefna á tilteknum spítaladeildum, áður en þeim er veitt ótakmarkað lækningaleyfi. Rétt þykir þó að heimila að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með að dómi þeirra umsagnaraðilja, sem nefndir eru í 2. gr. Er hér haft í huga, að lyfjafræðingsefni komast ef til vill ekki að innan hæfilegs tíma til starfsþjálfunar í lyfjabúð eða lyfjagerð og eins hins, að væntanlegt starfssvið lyfjafræðingsefnis liggi svo fjarri starfi í lyfjabúðum og lyfjagerðum, að slíkt réttlæti nokkra tilslökun. Ákvæði 5. tl. eiga að tryggja, að lyfjafræðingsefni hafi ávallt þekkingu á íslenskri lyfjalöggjöf, þótt það hafi sótt menntun sína að öllu leyti til annarra landa. Nefndin er þeirrar skoðunar, að ýmis ákvæði í lyfjalöggjöf hérlendis séu svo frábrugðin því, sem gerist í öðrum löndum, jafnvel á Norðurlöndum, að slíkt réttlæti ákvæði 5. tl.

Sjálfsagt þykir, að hagir umsækjanda um starfsleyfi skv. 2. gr. séu ekki slíkir, að 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 6. gr. l. nr. 31/1961 eigi við.

Um 4.—7. gr.

Ákvæði 4.—5. gr. eru að öllu leyti hliðstæð ákvæðum 1.—3. gr. og vísast til athugasemdar um þær.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því, að sett verði í reglugerð ákvæði, er skilgreini nánar starfssvið og starfsréttindi aðstoðarlyfjafræðinga. Er slíkt ákvæði raunar í 15. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963, enda þótt sú reglugerð hafi aldrei verið sett. Nefndin telur hins vegar fulla ástæðu til að setja ákvæði í reglugerð, er nánar skilgreini, hver störf aðstoðarlyfjafræðingar megi inna af hendi.

Um 8.—10. gr.

Hér er vikið að þriðju tegund starfsleyfa, er lög þessi gera ráð fyrir. Er það lyfsöluleyfi eða starfsleyfi til að reka lyfjabúð. Slíkt starfsleyfi má einungis veita lyfjafræðingum sbr. I. kafla. Ætlast er til að sömu kröfur séu gerðar til lyfsala og forstöðumanna lyfjabúða í félagslegri eða opinberri eign og forstöðumanna lyfjagerða og lyfjaheildsala. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því, að þau ákvæði, er varða lyfjabúðir og veitingu lyfsöluleyfa sérstaklega verði sett í sérstök lög, lyfjabúðalög.

Um 11.—12. gr.

Í 12. gr. er vikið að þagnarskyldu þeirra, sem lögin taka til. Ekki fer hjá því, að þeir verði áskynja um sitt hvað í starfi sínu, sem leynt á að fara. Hvílir á þeim sama skylda til þagmælsku samkvæmt 12. gr. og opinberum starfsmönnum samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga.

Þeim ber þó skylda til að skýra landlækni, lyfjaeftirliti ríkisins eða öðru yfirvaldi, t. d. rannsóknalögreglu ríkisins eða saksóknara frá vitneskju sinni, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist.

Einnig er kveðið svo á, að þeim sé skylt að tjá sig fyrir dómi samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Í 89. gr. 1. um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 er sú meginregla, að öllum sé skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Ef þeir, sem lög þessi ná til, eru embættis- eða sýslunarmenn, verða þeir þó ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema viðkomandi ráðherra leyfi, sbr. 2. mgr. 93. gr. l. 74/1974. Enn fremur þykir sjálfsagt, að lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur skýri lyfsala eða forstöðumanni, sbr. 9. gr., frá slíkri vitneskju, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist.

Í 2. mgr. 13. gr. eru þagnarskylduákvæðin látin ná til tiltekinna samstarfsmanna lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga og lyfsala, sem lögin ná annars ekki til. Ella væri veruleg hætta á, að þagnarskylduákvæði þessara laga næðu ekki markmiði sínu.

Um 13. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að ráðherra geti svipt lyfjafræðing eða aðstoðarlyfjafræðing starfsleyfi, ef hann telst lítt eða ekki hæfur til að rækja störf sín vegna þeirra sjúkdóma eða ávirðinga, sem getur í greininni. Er slík heimild nauðsynleg almenningi til verndar, þar eð verulegur háski getur stafað af slíkum mönnum í starfi. Oft er nauðsynlegt að grípa til skjótra aðgerða, og er því ráðherra fengið vald til leyfissviptingar. Er það nýmæli frá því, sem er í gildandi lögum. Sá, sem sviptur er leyfi, getur síðan skotið máli sínu til dómstóla. Nú getur slík leyfissvipting haft í för með sér afdrifaríkar afleiðingar fyrir þann, sem sviptur er, og þykir því rétt, að honum gefist kostur á að tjá sig um málið áður en því er ráðið til lykta.

Um 14. gr.

Hér eru ákvæði, sem heimila ráðherra að veita þeim starfsleyfi á ný, sem sviptur hefur verið, enda séu forsendur leyfissviptingar, sem taldar eru í 13. gr., brott fallnar. Ekki skal þó leyfi veitt að nýju, nema þeir aðiljar mæli, sem taldir eru í 2. gr.

Um 15. gr.

Í greininni eru ákvæði um réttindasviptingu vegna refsiverðra brota, sbr. hér til hliðsjónar 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði sérlaga, svo sem áfengislaga nr. 82/1969 halda gildi sínu. Um endurveitingu réttinda samkvæmt þessu ákvæði fer að öðru leyti eftir almenna ákvæðinu í 68. gr. almennra hegningarlaga.

Um 16. gr.

Hér er það nýmæli, að sett er í lög ákvæði um sérfræðingsleyfi lyfjafræðinga. Gert er ráð fyrir því, að reglugerð verði sett ákvæðum þessum til fyllingar að fengnum tillögum þeirrar deildar Háskóla Íslands þar, sem lyfjafræði lyfsala er kennd, og að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Ekki þótti fært að mæla almennt með því, að aðstoðarlyfjafræðingar gætu fengið sérfræðingsleyfi, meðal annars vegna minni undirbúningsmenntunar. Nefndin hefur hins vegar orðið sammála um, að aðstoðarlyfjafræðingar gætu innt af hendi mikilvæg vísindastörf, er tekin væru gild til doktorsprófs, og væri þá óeðlilegt að leggjast gegn veitingu sérfræðingsleyfis.

Í 16. gr. er einnig ákvæði þess efnis, að jafnaðarlega skuli eigi líða skemmri tími en fimm ár milli veitingar starfsleyfis og sérfræðingaleyfis. Forsenda þessa ákvæðis er sú, að æskilegt er, að umsækjandi um sérfræðingsleyfi hafi öðlast sem fyllsta reynslu á sérsviði sínu.

Loks þótti eðlilegt, að leita til þeirrar deildar Háskóla Íslands þar, sem lyfjafræði lyfsala er kennd um mat á umsækjendum um sérfræðingsleyfi.

Um 17. gr.

Sjá athugasemdir við 1.—3. gr.

Um 18. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að þeir, sem hafa starfsréttindi lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, haldi þeim réttindum eftir að frumvarp þetta hefur öðlast gildi sem lög, án þess að fá leyfi samkvæmt þeim. Um skyldur þeirra og missi starfsleyfis fari hins vegar eftir þessum lögum.

Jafnframt þykir rétt, að þeir, sem hlotið hafa sérfræðingsréttindi Lyfjafræðingafélags Íslands haldi þeim réttindum.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir, að IV. kafli lyfsölulaga nr. 30/1963 um vinnudeilur og kjarasamninga verði felldur úr gildi, enda eðlilegast, að lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar lúti þeirri vinnulöggjöf, sem gildir um hliðstæðar stéttir á hverjum tíma.

Nd. 450. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Í stað „liðnir eru 6 mánuðir“ í 1. gr. laganna komi: liðinn er einn mánuður.

2. gr.

Í stað „liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir“ í 2. gr. laganna komi: liðinn er að minsta kosti einn mánuður.

3. gr.

Í stað „6 mánuði“ í þriðju gr. laganna komi: einn mánuð.

4. gr.

Ný grein, sem verður 4. gr. laganna orðist svo:

Nú hverfur maður hér í landi án þess að vitað sé að hann hafi komist í lífsháska eða lent í þeim hættum, er ætla má að honum hafi grandað, og má þá fá úrskurð um, að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst í þrjá mánuði.

5. gr.

Ný grein, sem verður 5. gr. laganna, orðist svo:

Nú hverfur maður af skipi eða flugfari í erlendri höfn eða á ferðalagi erlendis, og má þá fá úrskurð um að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst í þrjá mánuði.

6. gr.

Töluröð annarra lagagreina breytist í samræmi við lög þessi. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þeim fimmtíu og sex árum, sem liðin eru síðan lög þessi voru samþykkt á Alþingi, hafa tækinframfarir verið slíkar að ævintýri er líkast.

Á því sviði hefur þróun vél- og öryggisbúnaðar skipa í engu verið eftirbátur annarrar þróunar. Á sviði fjarskipta hefur hver tæknibyltingin rekið aðra og framfarir á fáum sviðum orðið jafnörar og í fjarskiptabúnaði.

Þegar lög þessi voru samþykkt voru hin smærri vélbúnu fiskiskip með litlar vélar og treystu menn enn á og nýttu seglbúnað þeirra.

Fjarskiptabúnaður var aðeins til í fáum hinna stærri skipa, hann var ófullkominn, stuttdrægur og bilaði oft. Sú var einnig raunin um búnað þennan á landi, sem notaður var í viðskiptum milli héraða og landa.

Ekki var óalgengt að vélbilanir yrðu í hafi nær og fjær, skip festust í ís dögum og jafnvel vikum saman, strönduðu og fórust, og útilokað var að koma frá sér upplýsingum um dvalarstað, um aðstæður eða afdrif áhafnar, nema seint og um síðir.

Hið sama gilti um ferðalög á landi. Menn lögðu upp ríðandi eða gangandi, í hópum eða einir sér. Þótt skýrt væri frá áætlunarstað gátu vikur eða mánuðir liðið þar til fréttir bárust af því, hvort viðkomandi aðilar hefðu náð áfangastað. Átti þetta sérstaklega við, ef um langa vegu var farið, um fjallvegi, í önnur og fjarlæg héruð. þegar vetur fór í hönd og veður gerðust válynd.

Nú er þetta gjörbreytt. Undantekning er, ef farið er í ferð án þess að vitað sé um ferðaleiðir og greint sé frá áætluðum komutíma viðkomandi aðila. Ef ferðamanna eða flugfars er saknað á landi uppi eru með stuttum fyrirvara komnar til starfa þrautþjálfaðar leitarsveitir á landi og flugvélar í lofti. Þessar leitarsveitir eru vel búnar til ferða um fjöll og óbyggðir í verstu veðrum og geta haft samband sín á milli og við stjórnstöð leitar, með fullkomnasta fjarskiptabúnaði sem völ er á.

Sama gildir um skipin. Minnstu skipin eiga að tilkynna um brottför og áætlaðan komutíma. Öðrum skipum, sem eru utan hafnar, ber að tilkynna sig til næstu strandstöðvar á ákveðnum tímum sólarhringsins. Er þetta lagaskylda nú.

Auk þessa eru mörg þeirra, í afmörkuðum hóp, með fast fjarskiptasamband innbyrðis. Má þar til nefna þann góða og gamla sið, að fiskiskip frá sömu verstöð hafa reglulegt samband sín á milli.

Ef minnsti ótti kemur upp um að skipi hafi hlekkst á, eru þegar gerðar ráðstafanir til leitar af sjó, úr lofti og á landi eru fjörur gengnar.

Í ljósi framansagðs, með slík viðbrögð í huga og vitneskjuna um hve lengi menn geta hugsanlega haldið lífi, þótt í björgunarbát hafi komist, virðist með öllu óþarft að halda lengur í úrelt ákvæði laga nr. 23 frá 1922 um allt of langan tíma sem þarf að líða uns lögformlegur úrskurður er gefinn um að menn séu látnir, ef farist hafa af slysum. Með þessu er ekki aðeins verið að ýfa upp sár aðstandenda, heldur getur einnig verið um fjárhagslegt tjón erfingja að ræða.

Frumvarp þetta er flutt að gefnum tilefnum. Eftir að hafa tilkynnt um áætlaðan komutíma í höfn hafa bátar horfið á heimsiglingu og aldrei komið fram. Stundum hefur fundist úr þeim brak, stundum ekki. Allir, sem skynbragð hafa á, vita að skipin hafa farist og að áhöfn er látin, og þetta vita aðstandendur ekki síst. Nýlegt dæmi er um að haldin var kirkjuleg minningarathöfn um skifshöfn sem farist hafði á heimsiglingu með skipi sínu. Ekkert lík hafði fundist. Sýslumaður gat þó eigi úrskurðað að mennirnir væru látnir fyrr en nær fimm mánuðum síðar, vegna ákvæða gildandi laga. Þá fyrst er skylt að greiða lögbætur og gildir hið sama um samningsbundnar tryggingabætur. Oft þarf að gera ýmsar fjármálalegar skuldbindingar fyrir aðstandendur, þegar fyrirvinna fellur skyndilega frá, en þá er bóta- og tryggingafé bundið.

Hjá Tryggingastofnun ríkisins er sá háttur hafður á, að bætur eru greiddar þegar skiptaráðandi gefur fyrirmæli þar um. Skiptaráðandi getur hins vegar ekki gefið slík fyrirmæli fyrr en eftir að sýslumaður eða bæjarfógeti hefur fellt úrskurð

um dánardægur. Tryggingastofnunin greiði þá bætur til baka, eða frá úrskurðuðum dánardegi, en enga vexti.

Verið getur að um stærri upphæðir sé að ræða en hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna annarra lög- og samningsbundinna líf- og örorkutrygginga, sem eru þá á vegum einstakra tryggingarfélaga. Óhætt er að fullyrða, að þar gilda ekki rýmri reglur um greiðslu bóta en hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Má því segja, að um sé að ræða bæði fjárhagslegt tjón aðstandenda vegna vaxtataps, vegna fjárskorts t. d. til íbúðarkaupa ekkna og barna vegna, en hvað frekast þó vegna rýrnunar þessara fjármuna í verðbólguþjóðfélagi okkar.

Í 4. og 5. gr. er lagt til að bætt verði við lögin nýjum ákvæðum svo sem þar segir.

Efni fjórðu gr. mun að sjálfsögðu m. a. skoðast í ljósi atburða sem gerst hafa hér á landi á síðustu árum er menn hverfa af völdum annarra manna.

5. gr. skýrir sig sjálf, þótt finna megi sambærileg rök og við fyrri greinar frumvarpsins um að þar skuli tímamörkin einnig vera einn mánuður. Á móti kemur sú röksemd, að undir slíkum kringumstæðum sé hvað auðveldast fyrir mann að láta sig hverfa. En flm. telur samt sem áður að þriggja mánaða mörkin séu réttlætanleg, sérstaklega ef um fyrirvinnu maka og barna er að ræða og eins vegna hraðfara tækniþróunar í lögregluannsóknum.

Nd. 451. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá Pálma Jónssyni, Ingólfi Jónssyni og Páli Péturssyni.

	1978 A	1978 E	Frá 1/1 1979 A	Frá 1/1 1979 E	Frá 1/1 1980 A	Frá 1/1 1980 E
	%	%	%	%	%	%
Við 1. gr.						
1. Við 54. tölulið. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, er verði c-liður og orðist svo:						
84.23 undirliður 61 orðist svo:						
61 Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar ..	4		2		2	
2. Við 58. tölulið.						
a. Á undan a-lið komi nýir stafliðir, er verði a- og b-liðir og orðist svo:						
a. 87.01 undirliður 31 og nýr undirliður 32 orðist svo:						
31 Almennar hjóladráttavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4		2		2	
32 Almennar hjóladráttavélar með drifi á öllum hjólum	4		2		2	
b. 87.05 undirliður 01 orðist svo:						
a. Fyrir dráttarvélar, sem teljast til 87.01.31 og 87.01.32	8	2	6	2	4	0
b. Á eftir b-lið frv., sem verður d-liður, komi nýr stafliður, er orðist svo:						
e. 87.14 undirliðir 21, 22 og 23 orðist svo:						
21 Vagnar útbúnir tækjum til lestunar og/eða losunar á heyi, þar á meðal lyftu- eða sturtubúnaði	4		2		2	
22 Vagnar búnir tækjum til áburðardreifingar ..	4		2		2	
23 Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu	4		2		2	

Ed. 452. Frumvarp til laga [237. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Össuri Guðbjartssyni eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi á því verði sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Össur Guðbjartsson, ábúandi og eigandi jarðarinnar Láginúpur í Rauðasandshreppi, leitar eftir kaupum á eyðijörðinni Kollsvík. Hyggst hann sameina hana jörð sinni.

Hreppsnefnd Rauðasandshrepps og Jarðanefnd mæla með umræddri sölu.

Sþ. 453. Fyrirspurn [238. mál]

til viðskiptaráðherra um hundraðföldun á verðgildi íslenskrar krónu.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hefur ríkisstjórnin til athugunar gjaldmiðilsbreytingu þannig að verðgildi íslenskrar krónu hundraðfaldist í samræmi við þingsályktunartillögu sem vísað var til ríkisstjórnarinnar með jákvæðri umsögn á síðasta þingi? Ef svo er, hversu langan tíma tekur að undirbúa gjaldmiðilsbreytinguna og hvernig er fyrirhugað að hún verði framkvæmd?

Sþ. 454. Fyrirspurn [239. mál]

til fjármálaráðherra um utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Frá Geir Gunnarssyni.

Óskað er eftir upplýsingum um utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana (þ. á m. ríkisbanka) á árinu 1977. Í svari komi fram:

1. Nöfn þeirra, sem farið hafa utan, hvert farið, hve oft, í hvaða skyni og hve langan tíma hver ferð tók.
2. Kostnaður vegna hverrar ferðar, annars vegar ferðakostnaður, hins vegar dvalarkostnaður.

Óskað er eftir skriflegu svari.

Nd. **455. Frumvarp til laga** [240. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, læknisingarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.

1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. KAFLI
Yfirstjórn.

2. gr.

2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.

2.2. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.

Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans.

3.2. Landlæknir skipuleggur skýrslugerð lækna, heilbrigðisstofnana, innheimtir þær og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við deildir ráðuneytis.

3.3. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Ráðherra skipar aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur um menntun hans og starfsreynslu og gert er til landlæknis.

3.4. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við Samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnaráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.

4. gr.

4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Landlæknir er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: Læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefna tvo menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar. Ráðið skal starfa án þóknunar.

5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.
5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.
5.4. Ráðið skal hafa heimild til að ráða sér ritara og leita álits sérfræðinga á einstökum málum. Kostnaður við starf ráðsins skal greiddur úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Um læknishéruð og heilbrigðismálaráð.

6. gr.

6.1. Landið skiptist í læknishéruð sem hér segir:
6.1. 1. Reykjavíkurhérað, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
6.1. 2. Reykjaneshérað, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Garðakaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.
6.1. 3. Vesturlandshérað, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
6.1. 4. Vestfjarðahérað, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
6.1. 5. Norðurlandshérað vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
6.1. 6. Norðurlandshérað eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.
6.1. 7. Austurlandshérað, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
6.1. 8. Suðurlandshérað, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
6.2. Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn; í Reykjavík borgarlækni.

7. gr.

7.1. Í hverju héraði skal starfa heilbrigðismálaráð.
7.2. Heilbrigðismálaráð skal þannig skipað að héraðslæknir er formaður ráðsins, en sveitarstjórnir héraðsins kjósa aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Skulu þeir kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa, og skal hver slík stofnun jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðismálaráði héraðsins.
7.3. Verkefni heilbrigðismálaráðs eru:
7.3.1. Stjórn heilbrigðismála í héraði í umboði heilbrigðisráðuneytis, landlæknis og sveitarstjórna.
7.3.2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.
7.3.3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri í þeim mæli, sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.
7.3.4. Heilbrigðiseftirlit í héraði í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.
7.3.5. Skýrslugerð um heilbrigðismál í héraði í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda.

7.4. Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu heilbrigðismálaráða að fengnum tillögum landlæknis.

8. gr.

8.1. Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina, er við kemur heilbrigðismálum héraðsins.
8.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

9. gr.

9.1. Kostnaður, annar en launa- og ferðakostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða, greiðist úr ríkissjóði.
9.2. Kostnaður heilsugæslulækna vegna héraðslæknisstarfa greiðist úr ríkissjóði.
9.3. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnu áliti landlæknis og viðkomandi heilbrigðismálaráðs, ákvæði um starfsaðstöðu héraðslæknis svo og starfslið.

10. gr.

10.1. Um laun heilsugæslulækna, sem jafnframt eru héraðslæknar, fer eftir launasamningum fjármálaráðuneytis og L.Í. á hverjum tíma.

III. KAFLI
Um heilsugæslu.

11. gr.

11.1. Heilsugæsla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

12. gr.

12.1. Setja skal á stofn heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu samkvæmt lögum þessum.
12.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.
12.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæslustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.
12.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæslustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 33. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

13. gr.

13.1. Heilsugæslustöðvar geta verið með þrennu móti: Heilsugæslustöð 2 (H 2), þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt öðru starfsliði skv. reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H 1), þar sem starfar einn læknir ásamt öðru starfsliði skv. reglugerð.

Heilsugæslustöð (H), þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur móttöku sjúklinga reglubundið. Heilsugæslustöð (H) skal stjórnunarlega heyra undir næstu heilsugæslustöð 1 eða heilsugæslustöð 2.

Ráðherra getur ákveðið að læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir hafi reglulega móttöku á stað utan heilsugæslustöðva, sé aðstaða til þess að mati héraðslæknis og landlæknis.

13.2. Starfslið heilsugæslustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.

13.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkvæmt 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæslustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

Ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð.

14. gr.

14.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæsluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

14.2. **REYKJAVÍKURHÉRAÐ.**

Staðarval heilsugæslustöðva og fyrirkomulag um samvinnu stöðva innan héraðsins verði ákveðið af borgarstjórn í samráði við héraðslækni og staðfest af ráðherra.

14.3. **VESTURLANDSHÉRAÐ.**

1. Akranesumdæmi.

1) Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.

2. Borgarnesumdæmi.

1) Borgarnes H 2, starfssvæði Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur.
2) Kleppjárnsreykir H.

3. Ólafsvíkurumdæmi.

1) Ólafsvík H 2, starfssvæði Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur.
2) Hellissandur H.

4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H 2, starfssvæði Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur og Eyrarsveit.
2) Grundarfjörður H.
3) Búðardalur H 2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur.

14.4. VESTFJARÐAHÉRAÐ.

1. Patreksfjarðarumdæmi.

1) Patreksfjörður H 2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur.
2) Bíldudalur H.

2. Ísafjarðarumdæmi.

1) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Suðureyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur.
2) Suðureyri H.
3) Súðavík H.
4) Reykjanesskóli H.
5) Þingeyri H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
6) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
7) Bolungarvík H 1, starfssvæði Bolungarvíkurkaupstaður.

3. Hólmavíkurumdæmi.

1) Hólmavík H 1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur, Bæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur.
2) Árnes H.
3) Reykhólar H.

14.5. NORÐURLANDSHÉRAÐ VESTRA.

1. Hvammstangaumdæmi.

1) Hvammstangi H 2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.

2. Blönduósumdæmi.

1) Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
2) Skagaströnd H.

3. Sauðárkróksumdæmi.

1) Sauðárkrókur H 2, starfssvæði Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
2) Hofsós H.

4. Siglufjarðarumdæmi.

1) Siglufjörður H 2, starfssvæði Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur.

14.6. NORÐURLANDSHÉRAÐ EYSTRA.

1. Dalvíkurumdæmi.

1) Dalvík H 2, starfssvæði Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur.
2) Hrísey H.
3) Ólafsfjörður H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.

2. Akureyrarumdæmi.

1) Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaðar, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur.
2) Grenivík H.

3. Húsavíkurumdæmi.

1) Húsavík H 2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur, Skútustaðahreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
2) Laugar H.
3) Reykjahlíð H.
4) Stórutjarnir H.
5) Kópasker H 1.

4. Þórshafnarumdæmi.

1) Þórshöfn H 2, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Raufarhafnarhreppur.

14.7. AUSTURLANDSHÉRAÐ.

1. Egilsstaðaumdæmi.

1) Egilsstaðir H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.
2) Borgarfjörður eystri H.
3) Seyðisfjörður H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur.
4) Vopnafjörður H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðarhreppur.

2. Norðfjarðarumdæmi.

1) Neskaupstaður H 2, starfssvæði Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.
2) Eskifjörður H 1, Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.
3) Reyðarfjörður H.
4) Fáskrúðsfjörður H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
5) Stöðvarfjörður H.

3. Hafnarumdæmi.

1) Höfn H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
2) Djúpivogur H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
3) Breiðdalsvík H.

14.8. SUÐURLANDSHÉRAÐ.

1. Víkurumdæmi.

1) Vík í Mýrdal H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
2) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörglandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur.

2. Rangárvallaumdæmi.

1) Hvolsvöllur H 1, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur.
2) Hella H 1, starfssvæði Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.

3. Árnesumdæmi.

1) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur.
2) Laugarvatn H.
3) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur.
4) Eyrarbakki H.
5) Hveragerði H 2, starfssvæði Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
6) Þorlákshöfn H.

4. Vestmannaeyjaumdæmi.

1) Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.

14.9. REYKJANESHÉRAÐ.

1. Keflavíkurumdæmi.

1) Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður, Miðneshreppur og Gerðahreppur.
2) Grindavík H.
3) Sandgerði H.
4) Gerðar H.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

1) Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Vatnsleysustrandarhreppur og Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) Garðabær H 2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

3. Kópavogsumdæmi.

1) Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.

4. Mosfellsumdæmi.

1) Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

5. Seltjarnarnesumdæmi.

1) Seltjarnarnes H 2, starfssvæði Seltjarnarneskaupstaður.

14.10. Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið, skal heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal sjá um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóna Skeggjastaðahreppi.

14.11. Þar sem þrír læknar eða fleiri eru starfandi á heilsugæslustöð getur ráðherra ákveðið að fengnum tillögum landlæknis og heilbrigðisráðs að einn þeirra skuli hafa tímabundna búsetu á heilsugæslustöð (H) í sama umdæmi, enda sé starfs- og húsnæðisaðstaða þar viðunandi að mati landlæknis og héraðslæknis, og sérstök staðarleg rök mæli með slíkri skipan.

15. gr.

15.1. Flokkun stöðva samkv. 14. gr. er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

16. gr.

16.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæslustöðva, svo sem rakið er í 14. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæslustöðvar eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

17. gr.

17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til starfa við heilsugæslustöðvar. Þær skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.

17.2. Stefnt skal að því að hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvum hafi sérmenntun í heilsuvernd, ljósmóðurfræði eða öðru framhaldsnámi hjúkrunarfræðinga.

17.3. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil, að heilbrigðismálaráð telji þess þörf.

17.4. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um réttindi þeirra og skyldur.

18. gr.

18.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.

18.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.

18.3. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eigendur heilsugæslustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 18.1.

19. gr.

19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á svo sem hér segir:
1) Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.
2) Lækningarannsóknir.
3) Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.
4) Hjúkrun í heimahúsum.
5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
5.1. Mæðravernd.
5.2. Ungbarna- og smábarnavernd.
5.3. Heilsugæsla í skólum.
5.4. Berklavarnir.
5.5. Kynsjúkdómavarnir.
5.6. Geðvernd, áfengis- og aðrar fíkniefnavarnir.
5.7. Sjónvernd.
5.8. Heyrnarvernd.
5.9. Heilsuvernd aldraðra.
5.10. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómavernd.
5.11. Félagsráðgjöf.
5.12. Umhverfisheilsuvernd.
5.13. Atvinnusjúkdómavarnir.

Ráðherra getur ákveðið að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu á heilsugæslustöð.

19.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæslustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og annað sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfshátttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við landlækni og hlutaðeigandi heilbrigðismálaráð.

19.3. Ráðherra setur læknum, sem starfa á heilsugæslustöð erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

20. gr.

20.1. Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva annar en launakostnaður fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra greiðist af viðkomandi sveitarfélögum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist að jöfnu af hvorum aðila, ríkissjóði og sveitarfélögum.

21. gr.

21.1. Stjórn heilsugæslustöðva, H 1 og H 2, skal þannig skipuð að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 30. gr. með stjórn allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal Heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

21.3. Séu tveir eða fleiri læknar á heilsugæslustöð, skal stofna læknaráð. Formaður þess er jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar.

22. gr.

22.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:
a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar.
b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

IV. KAFLI
Um sjúkrahús.

23. gr.

23.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

24. gr.

24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Sværðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum lækunum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæslustöð eða annars staðar sem eingöngu er ætlað til gæslu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.

24.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulið 2 í 24.1., með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.

25. gr.

25.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahús er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 24. greinar.

26. gr.

26.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

26.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

27. gr.

27.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 26. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsa-

kynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.

27.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

28. gr.

28.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

29. gr.

29.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 24. gr. skal starfa sérstakur yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri.

29.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og hjúkrunarstjórar deilda. Yfirlæknir (forstöðumaður) sérdeilda ber ábyrgð á lækningum, sem þar fara fram. Hann skal hafa eftirlit með starfsemi deildarinnar og stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust. Hjúkrunarstjóri skipuleggur hjúkrun á deildinni í samráði við hjúkrunarforstjóra og ber ábyrgð á henni.

Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru til andsvara stjórn sjúkrahússins um öll málefni, er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir.

29.3. Formaður læknaráðs svæðis- og deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað. Hann kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmaður þess en í samráði við yfirlækna sérdeilda annars vegar og sjúkrahússtjórn og læknaráð sjúkrahússins hins vegar.

29.4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

30. gr.

30.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahúsmáladeildar ráðuneytis en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráðs ríkisspítala, sbr. 32.3. gr., tilnefnir 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefndingar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.

30.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir 3. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kýs starfsmannaráð 1 stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn 1, en eigendur eða stjórn sjálfseignarstofnunar 3.

30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama máli gegnir um annað starfslið er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.

30.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmdastjóra allra stærri sjúkrahúsa.

30.5. Sjúkrahússtjórnir skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 4 ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsanna. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðismálaráðum til umsagnar og ráðuneyti til staðfestingar.

31. gr.

31.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæslustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu áliti innan sex vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.

31.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar sbr. 31.1. og stjórnarnefndar sbr. 30.1. sbr. þó 21. gr. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.

31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar sbr. 31.1. sbr. þó 21. gr. Þó þarf ekki að leita þeirrar umsagnar ef reglur sjúkrahúss kveða svo á, að sérfræðingar sérdeilda kjósi yfirlækni deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma.

31.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur hefur verið talinn.

31.5. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs og viðkomandi sjúkrahússtjórnar. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.

32. gr.

32.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.

32.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.

32.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.

32.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfsmannaráða.

33. gr.

33.1. Ráðherra lætur gera áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi heilbrigðismálaráð, landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva. Áætlun skal gera til 5 ára og endurskoðast árlega og færast fram við gerð fjárlaga.

34. gr.

34.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 33. gr.

34.2. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma og annast rekstur á heilbrigðisstofnunum í samræmi við ákvæði þessara laga.

Ráðherra getur ákveðið að ríki og sveitarfélag eða sveitarfélög reki heilbrigðisstofnun í sameiningu þyki slíkt henta. Ráðherra getur gert samkomu-

lag við aðra aðila um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr.

34.3. Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað samkvæmt 34.2. skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

34.4. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga en greiða viðhald fasteigna og tækja að jöfnu.

35. gr.

35.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

36.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbót á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

37. gr.

37.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknastofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.

37.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

38. gr.

38.1. Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum. Í stjórn líknarfélaga er þiggja styrk frá ríkissjóði og reka heilbrigðisþjónustu skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann.

38.2. Ráðuneytið og landlæknir skulu í samráði við utanríkisráðuneytið sjá um samstarf á sviði þessara mála við Norðurlönd, þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

39. gr.

39.1. Öll ferðalög fastaráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.

39.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

40. gr.

40.1. Heimilt er ráðuneytinu, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum og læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

41. gr.

41.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.

41.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

41.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

41.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

42. gr.

42.1. Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 56/1973.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ljóst er að uppbygging heilsugæslustöðva samkv. lögum þessum mun taka langan tíma og verða missnemma á ferð á ýmsum stöðum.

   Nú eru staðir þar sem ekki hafa enn verið reistar slíkar heilsugæslustöðvar en til staðar eru læknastöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslið, sem tæki laun hjá ríki, en eru reknar af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum á staðnum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um. Telji ráðuneytið þessar stöðvar og starfsemi þeirra fullnægjandi sem bráðabirgðalausn þar til heilsugæslustöð fyrir svæðið hefur verið reist í samræmi við lög þessi skulu þær njóta viðurkenningar og fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaupi þess fastráðins, sérlærðs fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu.
2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í allt að 1 ár.
3. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæslustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda er heimilt að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæslustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar. Heimilt er ráðherra að ráða hjúkrunarfræðinga til lækna utan heilsugæslustöðva.
4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1965, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í október 1975 skipaði heilbrigðisráðherra Matthías Bjarnason nefnd, sem fékk það hlutverk að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu nr. 56 frá 1973.

Í nefndina voru skipaðir alþingismennirnir Sigurlaug Bjarnadóttir og Jón Helgason, Ólafur Ólafsson, landlæknir, Tómas Á. Jónasson, formaður Læknafélags Íslands og Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri og var hann skipaður formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar frá byrjun var Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri.

Nefndin kom fyrst saman til fundar 28. október 1975.

Á starfstíma sínum hefur nefndin haldið rúmlega 40 fundi.

Í ársbyrjun 1976 óskaði læknadeild Háskóla Íslands eftir aðild að nefndinni og tók Þorkell Jóhannesson, prófessor, sæti í nefndinni sem fulltrúi læknadeildar í mars 1976.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er nefndinni falið að endurskoða lögin með tilliti til þeirrar reynslu, sem af þeim er þegar fengin, en einkum er henni falið að taka til athugunar með hverju móti þau ákvæði laganna, sem enn ekki hafa tekið gildi, gætu tekið gildi sem fyrst.

Jafnframt er nefndinni falið að kanna þær tillögur, sem fram hafa komið á Alþingi um breytingar á lögunum og verið vísað til ríkisstjórnarinnar.

Nefndin í heild er sammála þeim breytingartillögum, sem hér eru lagðar fram en einstakir nefndarmenn telja sig óbundna af tillögunum.

Þar sem breytingartillögur nefndarinnar urðu allvíðtækar tók hún þann kost að umskrifa lögin í heild.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Breytingin felst í því að ákveðið er að aðstoðarlandlæknir skuli vera staðgengill og aðstoðarmaður landlæknis og að um hann skuli gilda sömu menntunarkröfur og um landlækni. Ákvæðin hér að lútandi eru þegar í reglugerð um embætti landlæknis.

Um 4. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Í greinina er bætt ákvæðum um að heilbrigðismálaráð Íslands skuli fá fjárveitingu til að geta sinnt starfi sínu en eins og er telur formaður það óstarfhæft vegna fjárskorts.

Um II. KAFLA

Heiti kaflans breytist í samræmi við efni hans.

Um 6. gr.

Sú breyting er gerð á 6. gr. að héraðaskipting er látin fylgja núverandi kjördæmaskipan og skipan í fræðsluumdæmi samkvæmt grunnskólalögum.

Þá er gerð sú breyting að í stað þess að skipa sérstakan héraðslækni, þá er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi einn af starfandi læknum við heilsugæslustöð í héraðinu sem héraðslækni til fjögurra ára í senn. Ekki er gerð sérstök krafa um menntun héraðslækna eins og áður var.

Um 7. gr.

7. greinin er nýmæli frá fyrri lögum. Gert er ráð fyrir að stofnuð verði heilbrigðismálaráð í hverju héraði, og ráðið skuli kosið af sveitarstjórnum þannig, að þar séu valdir fulltrúar úr stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa í héraðinu. Gert er ráð fyrir að héraðslæknir sé formaður ráðsins.

Í greininni er í grófum dráttum gerð grein fyrir störfum heilbrigðismálaráða en gert ráð fyrir að sérstök reglugerð sé sett um ráðin.

Um 8., 9. og 10. gr.

Í þessum greinum er fjallað nánar um héraðslækna og heilbrigðismálaráð, kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga af þessu starfi og setningu reglugerða.

11. og 12. grein l. 56/1973 falla niður.

Um III. KAFLA

Allar greinar í þessum kafla og þeim er á eftir koma breyta um númer, þannig að 13. gr. laga nr. 56/1973 verður 11. gr., 14. gr. verður 12. gr. o. s. frv.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt miðað við gildandi lög.

Um 13. gr.

Þær breytingar eru gerðar á greininni að í stað þess að í gildandi lögum eru heilsugæslustöðvar með tvennu móti H 1 og H 2 er nú gert ráð fyrir heilsugæslustöð H þar sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir starfar en læknir hefur reglubundna móttöku.

Þá er það nýmæli í greininni að ráðherra geti ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð þar sem slíkt er talið henta. Áður var einungis gert ráð fyrir að um gæti verið að ræða lyfjaútibú eða lyfjaútsölu í heilsugæslustöð.

Um 14. gr.

Þær breytingar, sem gerðar eru í 14. grein eru bein afleiðing þeirra breytinga, sem gerðar eru á 6. gr. og 13. gr. þ. e. að læknishéruð breytast til samræmis við 6. gr. og taldar eru upp heilsugæslustöðvar H í hverju umdæmi fyrir sig. Heilsugæslustöðvar H samkvæmt þessu eru alls 27 á landinu.

Aðrar breytingar sem gerðar eru, eru þær að Kópasker er flutt í Húsavíkurumdæmi og þar sett H stöð.

Í 14. grein eru lokaákvæði, sem eru ný. Í fyrsta lagi er um að ræða ákvæði um þjónustuskyldu heilsugæslustöðva út fyrir héraðamörk þar sem þannig háttar til og í öðru lagi er heimild til ráðherra til þess að ákveða tímabundna búsetu læknis á heilsugæslustöð H.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 16. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 17. gr.

Greininni er breytt til samræmis við það að héraðshjúkrunarfræðingar verða ekki starfandi samkvæmt lögunum og inn í greinina kemur heimild til að ráða hjúkrunarforstjóra að heilsugæslustöðvum þegar þess telst þörf.

Um 18. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 19. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá gildandi lögum en nokkuð ýtarlegri hvað snertir heilsuverndargreinar.

Um 20. gr.

Í greininni er það nýmæli að viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna skuli greiðast að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum. Í gildandi lögum eru ekki ótvíræð ákvæði um þetta atriði.

Um 21. gr.

Sú breyting er hér gerð að stjórnir heilsugæslustöðva 1 og 2 eru kosnar með sama móti. Þá er það nýmæli að læknaráð skuli vera við heilsugæslustöðvar þar sem tveir læknar eða fleiri starfa og sé formaður þess yfirlæknir stöðvarinnar svo sem er á hinum stærri sjúkrahúsum.

Um 22. gr.

Í greininni er sú ein breyting að gert er ráð fyrir heimild til þess að tannlæknir sé ráðinn til skólatannlækninga fyrir föst laun að heilsugæslustöð.

Um IV. KAFLA

Greinarnar 23—28 eru óbreyttar frá gildandi lögum, sbr. greinar 25—30 í lögum nr. 56/1973.

Um 29. gr.

Greininni er breytt á þann veg að ýtarlegri ákvæði eru um yfirlækna, hjúkrunarstjóra og hjúkrunarforstjóra.

Um 30. gr.

Tvær breytingar eru í greininni, annars vegar, felld er niður skylda yfirlækna og hjúkrunarforstjóra til að sitja stjórnarfundi, hins vegar bætt inn ákvæði um skyldur sjúkrahússtjórnar til að gera þróunar- og rekstraráætlanir sem heilbrigðismálaráð héraðanna skulu fá til umsagnar og ráðuneytið til staðfestingar.

Um 31. gr.

Í greininni er lengdur sá frestur sem stöðunefnd hefur til að skila áliti úr fjórum vikum í sex, þar eð reynslan sýnir að slíkt er nauðsynlegt.

Þá er gerð sú breyting að læknaráð er ekki lengur umsagnaraðili um yfirlæknisstöður við ríkisspítala heldur stjórnarnefnd, sama máli gegnir um yfirlækna annarra sjúkrahúsa. Sett er inn heimild til að sérfræðingar kjósi yfirlækni deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma.

Þá er gerð sú breyting að gert er ráð fyrir að leitað sé umsagnar hjúkrunarráðs um stöðu hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsa.

Um 32. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 33. gr.

Greininni er breytt á þann veg að í stað 10 ára áætlunar áður er nú gert ráð fyrir 5 ára áætlun og einnig er gert ráð fyrir að áætlunin sé gerð í samvinnu heilbrigðisráðuneytisins, heilbrigðismálaráða héraðanna, landlæknis og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Um 34. gr.

Greininni er breytt þannig að ótvírætt er að sveitarfélög hafi skyldu til að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma svo og að annast rekstur heilbrigðisstofnana í samræmi við ákvæði laganna.

Þá er það nýmæli í greininni að ríki og sveitarfélög greiði viðhald sjúkrahúsbygginga, þ. e. fasteigna og tækja að jöfnu en engin ótvíræð ákvæði eru í lögum um þetta atriði nú.

35. gr.—39. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum, sbr. greinar 37—41 í lögum nr. 56/1973.

40.—43. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum nema núgildandi 42. gr. er felld niður.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Tekið er upp nýtt bráðabirgðaákvæði 1) sem heimilar að viðurkenna heilsugæslustöðvar í bráðabirgðahúsnæði og veita fjárframlög úr ríkissjóði vegna launa starfsfólks á þessum stöðvum eins og væru þar fullgildar heilsugæslustöðvar.

Niður er fellt fyrra bráðabirgðaákvæði 1).

Önnur ákvæði til bráðabirgða eru óbreytt frá gildandi lögum.

Ed. 456. Frumvarp til laga [241. mál]

um manneldisráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist manneldisráð. Manneldisráð skal undir stjórn heilbrigðismálaráðherra vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði, nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis um manneldismál.

2. gr.

Manneldisráð getur annast ráðgjöf til annarra aðila samkvæmt sérstakri gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Í manneldisráði eiga sæti fimm menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og fimm til vara.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu á manneldismálum.

4. gr.

Manneldisráð getur, að fenginni heimild ráðherra, sett á fót samstarfshópa um mikilvæg málefni, jafnframt því, sem það getur kalla sérfræðinga sér til ráðuneytis.

Manneldisráð getur kallað saman manneldisþing eftir því sem tilefni gefst til.

5. gr.

Manneldisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé, sem til þess er veitt á fjárlögum eða það fær til ráðstöfunar á annan hátt.

Manneldisráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

6. gr.

Ráðherra setur manneldisráði starfsreglur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 16 frá 24. janúar 1945.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 6. júní s. l. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd undir forsæti dr. Jóns Óttars Ragnarssonar, til þess að endurskoða gildandi lög um Manneldisráð nr. 16 24. janúar 1945. Aðrir nefndarmenn voru Ólafur Ólafsson, landlæknir og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri.

Í janúarmánuði s. l. skilaði nefndin áliti í formi frumvarps til laga um Manneldisráð. Frumvarp það, sem hér liggur frammi, er að miklu leyti byggt á tillögum nefndarinnar.

Eins og fram hefur komið eru núgildandi lög um Manneldisráð frá árinu 1945. Í reynd var Manneldisráð stofnað nokkrum árum áður, þ. e. a. s. árið 1939, en þá stofnaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið til rannsókna á mataræði landsmanna og skipaði í þeim tilgangi sjö manna nefnd, sem að jafnaði gekk undir nafninu Manneldisráð. Manneldisráð átti að sjá um framkvæmd nokkurra rannsókna á mataræði þjóðarinnar samkv. áður gerðri áætlun. Ráðið skilaði af sér störfum á árinu 1944, en þá lágu fyrir niðurstöður rannsóknanna í sérstakri bók, sem framkvæmdastjóri ráðsins dr. Júlíus Sigurjónsson hafði tekið saman og bar titilinn Mataræði og heilsufar á Íslandi.

Manneldisráð gerði athuganir hverjar almennar ráðstafanir væri tiltækilegt að hefja til úrbóta, og benti ráðið á nokkur atriði.

Þegar Manneldisráð hafði lokið störfum sínum, þ. e. a. s. þeim störfum, sem því hafði sérstaklega verið falið að annast á árinu 1939, gerði Manneldisráð það að tillögu sinni, að skipað yrði með sérstakri löggjöf fast ráð kunnáttumanna til þess að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um ýmis mál, er vörðuðu manneldi. Tillögur Manneldisráðs voru teknar upp og var landlækni falið að semja frumvarp til laga um þetta efni, í samráði við læknadeild Háskóla Íslands. Frumvarp þetta varð að lögum á öndverðu ári 1945, og eru þau lög enn í gildi.

Samkvæmt núgildandi lögum eiga sæti í Manneldisráði auk landlæknis, sem er lögskipaður forseti ráðsins, 4 læknar, er ráðherra skipar til 5 ára í senn. Skipað var í ráðið 1945, en síðan ekki fyrr en 1974. Ráðið var því óstarfhæft frá árinu 1950 til 1974 eða í nær aldarfjórðung.

Þegar starfsemi Manneldisráðs var lögfest árið 1945, voru tengsl mataræðis og heilsufars miklu óljósari en þau eru nú. Aðgerðir til varnar ýmsum hörgulssjúkdómum voru ofarlega á baugi, svo sem vegna skyrbjúgs. Matvælaframleiðslan var fremur einföld í sniðum og algengustu neyslumatvæli skiptu tugum frekar en hundruðum. Á þessum tíma voru það einkum læknar, sem höfðu afskipti af manneldismálum og mátti það því heita eðlileg ráðstöfun og réttmæt, að í ráðinu sætu 5 læknar.

Nú er málum á annan hátt farið. Framleiðsluhættir á matvælasviðinu eru miklu flóknari en þeir voru fyrir 30 árum. Algengustu neyslumatvæli skipta hundruðum og innfluttar matvörur eru stór hluti af neysluvörunum.

Tekin hefur verið upp kennsla í ýmsum æðri skólum í manneldis- og matvælafræðum. Í landinu starfa nú þegar nokkrir sérfræðingar á sviði manneldisfræði, matvælafræði og matreiðslu. Á læknasviðinu hafa einnig orðið töluverðar breytingar með aukinni áherslu á manneldisfræði og skyld fræði innan læknadeildar Háskóla Íslands.

Það er skylda heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma að fræða almenning um gildi hollra lífshátta. Slík fræðsla, eigi hún að ná tilætluðum árangri, verður að byggjast á vísindalegum rannsóknum. Þannig er annað meginhlutverk Manneldisráðs samkvæmt gildandi lögum, að gera tillögur um framkvæmd rannsóknar á sviði manneldisfræði.

Þótt ennþá sé langt í land, hvað snertir rannsókn á tengslum milli mataræðis og heilsufars, verður æ ljósara, að á milli þessara þátta eru veruleg tengsl. Með hliðsjón af þessu þurfa heilbrigðisyfirvöld að geta tryggt, að tekið sé tillit til hollustusjónarmiða við ákvarðanir, er geta haft áhrif á neysluvenjur fólks. Þess vegna verða heilbrigðisyfirvöld að hafa sér til ráðuneytis fólk með sérþekkingu á matvælum, manneldi og þeim sviðum læknisfræði, sem tengjast næringarfræði.

Með hliðsjón af framansögðu telur ráðuneytið nauðsyn á áframhaldandi starfi manneldisráðs, en að taka beri tillit til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og þess vegna þurfi að breyta lögum um manneldisráð og færa þau í raunhæfara form. Með hliðsjón af framansögðu er frumvarp þetta fram borið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að ríkið starfræki stofnun, sem nefnist manneldisráð. Þannig gerir ráðuneytið ráð fyrir, að manneldisráð hafi með höndum daglega starfsemi og ráði til sín starfskrafta til þess að sinna þeim. Þegar er kominn vísir að slíkri stofnun og sem stendur vinnur einn starfsmaður á skrifstofu Manneldisráðs.

Samkvæmt greininni er hlutverk ráðsins óbreytt að heita miðað við gildandi lög. Þó er gert ráð fyrir tveim nýjum þáttum í starfsemi ráðsins, en það er fræðsla á sviði manneldisfræði og að stuðlað skuli að nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda matvæla. Ekki þarf að fjölyrða um fræðsluhlutverkið en um samstarf milli framleiðenda og neytenda skal bent á eftirfarandi:

Fjölmörg atriði hafa áhrif á matvælaframleiðslu landsmanna, svo sem ræktunarskilyrði, innflutningur, tækni, þekking, verðlagsákvæði o. s. frv.

Skipta má framleiðslunni niður í tvennt, hráefnisframleiðslu (landbúnaður og sjávarútvegur) og matvælaframleiðslu í verksmiðjum. Þættir, sem hafa áhrif á þessu framleiðslustigi geta haft óbein áhrif á neysluvenjur almennings. Svipuðu máli gegnir um tilreiðslu matvæla.

Heilbrigðisyfirvöld geta að sjálfsögðu ekki haft úrslitaáhrif, þegar teknar eru ákvarðanir, er snerta breytingar á framleiðslu og framleiðsluháttum. Það er hins vegar skylda þeirra að reyna að tryggja að hollustumarkmið séu tekin með í reikninginn við ákvarðanirnar, þ. e. a. s. séu þær til þess fallnar að hafa áhrif á mataræði. Á sama hátt geta breytingar á starfsháttum heilbrigðisyfirvalda haft veruleg áhrif á framleiðsluhætti. Hér má nefna, að reglur um vörumerkingar, reglur um aukaefni í matvælum og aðrir ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að tryggja neytandann, eru fyrst og fremst settar af heilbrigðisyfirvöldum. Slíkar reglur kveða fyrst og fremst á um skyldur, sem framleiðendum ber að uppfylla. Það hlýtur að vera sameiginlegur hagur þeirra, sem framleiða vöruna annars vegar, og neytenda og heilbrigðisyfirvalda hins vegar, að þessi mál séu til lykta leidd með fullri samvinnu.

Ein leið til að tryggja slíkt samráð, er að koma á fót samstarfshópum innan Manneldisráðs, þar sem neytendur og framleiðendur eiga fulltrúa. Sem stendur skortir mikið á, að samstarf milli framleiðenda og neytenda sé sem skyldi.

Ætla má að 90% af fæði Íslendinga sé unnið úr hráefnum frá landbúnaði innanlands og utan. Íslenskur matvælaiðnaður tekur einnig í vaxandi mæli við hráefnum frá íslenskum landbúnaði og sjávarútvegi. Það virðist því réttmætt, að í þessum samstarfshópi ættu sæti m. a. fulltrúar frá íslenskum landbúnaði, íslenskum matvælaiðnaði, íslenskum fiskiðnaði og innflytjendum matvæla.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Manneldisráð geti annast ráðgjöf til annarra aðila en heilbrigðisyfirvalda, en að það skuli gert samkv. sérstakri gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Hlutverk Manneldisráðs er fyrst og fremst að vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis, en ekki þykir fært að einskorða störf ráðsins við slíkt þar sem Manneldisráð getur samsetningar sinnar vegna verið einhver ákjósanlegasti aðilinn til þess að veita hverjum sem er ráðgjöf á þessu sviði. Þegar um slíkt er að ræða er Manneldisráði heimilt að taka sérstakt gjald fyrir ráðgjöfina eftir gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um samsetningu ráðsins. Gert er ráð fyrir 5 manna ráði eins og gildandi lög kveða á um. Til setu í ráðinu skal skipa 5 menn með sérþekkingu á manneldismálum. Ekki er gert ráð fyrir neinum tilnefningarrétti einstakra stofnana eða embætta, þar sem erfitt er að henda reiður á hverjir séu færastir að tilnefna í slíkt ráð. Viðbúið er, yrðu slík ákvæði sett inn, að einhverjum þætti sinn hlutur fyrir borð borinn. Hins vegar verður að tryggja, að í ráðinu sitji þeir aðilar, sem besta þekkingu hafa í þessum málum, hvort sem hún er fræðileg eða fengin af langri reynslu. Nauðsynlegt er að þessir 5 aðilar, sem sitja í ráðinu spanni yfir þá sérþekkingu, sem fyrir hendi er á þessu sviði. Í athugasemdum við 1. grein var fjallað um þann kost, að setja á fót samstarfshóp milli neyslu- og framleiðsluaðila matvæla.

Um 4. gr.

Einnig kæmi til greina að stofna til hliðstæðra vinnuhópa um önnur verkefni. Þessi grein á að gefa Manneldisráði möguleika á því, að fenginni sérstakri heimild ráðherra, að koma á fót samstarfshópum um mikilvæg málefni, jafnframt því sem ráðið megi kalla til sérfræðinga til ráðuneytis.

Þeirri hugmynd hefur verið komið á framfæri, að Manneldisráð efni til manneldisþings með vissu millibili. Á manneldisþingi væri hægt að fjalla um einstaka málaflokka, skýra frá niðurstöðum rannsókna, vinna að stefnumörkun á ákveðnum sviðum manneldisfræði. Tíminn verður að leiða í ljós, hvort þörf er á að halda slík manneldisþing, og þá hve oft.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 457. Frumvarp til lyfjalaga. [242. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I. KAFLI
Framkvæmd og eftirlit.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, hefur umsjá með framkvæmd laga þessara.

Lyfjanefnd (sbr. VIII. kafla.), lyfjaverðlagsnefnd (sbr. IX. kafla.), stjórn lyfsölusjóðs (sbr. X. kafla.) Lyfjaeftirlit ríkisins (sbr. XI. kafla.) og landlæknir eru ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

2. gr.

Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Enn fremur efni eða efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra.

Efni, sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfingarlyf).

Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda, sem hafa lyf að geyma.

3. gr.

Ráðherra er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar, að kveða svo á í reglugerð, að ákvæði laga þessara taki til hjúkrunar- og sjúkragagna, svo og lyfjagagna.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um stöðlun þess varnings, er greinir í 1. málsgr.

4. gr.

Vítamín til inntöku teljast ekki lyf, nema magn þeirra í hverri mældri einingu sé umfram 1½ venjulegan dagskammt. Manneldisráð (sbr. lög nr. 16/1945) ákveður, hver sé venjulegur dagskammtur miðað við íslenskar aðstæður. Heimilt er þó að kveða svo á í reglugerð, að ákveðin vítamín teljist ávallt lyf, enda þótt magn þeirra í einingu sé ekki umfram venjulegan dagskammt.

5. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð, er nánar skal skilgreina lyfjahugtakið og undanþágur frá því.

III. KAFLI
Lyfjaskrá. Lyfjastaðlar.

6. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph. Eur.) ásamt viðaukum. Gildir hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar hér á landi.

Lyfjanefnd ákveður að öðru leyti staðla fyrir lyfjaform, gæði og hreinindi lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

Ráðherra hefur á hendi auglýsingar og útgáfustarfsemi, er að stöðlum þessum lýtur.

IV. KAFLI
Flokkun lyfja. Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

7. gr.

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að selja, afhenda eða flytja til landsins, að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:

1. **Stöðluð forskriftarlyf** framleidd af viðurkenndum framleiðanda samkvæmt staðfestri forskrift, sbr. 9. gr., og nefnd gildandi samheiti. Ráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum lyfjanefndar nánari ákvæði um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar þeirra og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
2. **Skráð sérlyf** framleidd af viðurkenndum framleiðanda samkvæmt staðlaðri forskrift, sbr. 10. gr., og nefnd sérheiti eða í sérstökum tilvikum samheiti. Þau skal skrá á sérlyfjaskrá, er ráðherra gefur út, og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um skráningu og afskráningu sérlyfja, um skráningargjöld og árgjöld slíkra lyfja.
3. **Forskriftarlyf lækna** framleidd í lyfjabúðum samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrá eða lyfjastöðlum, sbr. 6. gr., enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

8. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða afhenda með öðrum hætti, önnur fullgerð lyf en 7. gr. tekur til.

Víkja má þó frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli landlæknir og lyfjanefnd með. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt, að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra, sem þau eiga að nota.

Lyf þau, sem undanþáguheimild 2. mgr. nær til, má einungis láta úti gegn lyfseðli.

9. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðfestingu eða niðurfellingu staðfestingar framleiðsluforskrifta, sbr. 7. gr. 1. tl. Einnig skal hún hlutast til um að samdar verði slíkar forskriftir, ef nauðsyn ber til.

10. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um skráningu sérlyfja og afskráningu þeirra, sbr. 7. gr. 2. tl.

Heimilt er að binda skráningu sérlyfs við notkun eingöngu í sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

11. gr.

Við mat á stöðluðum forskriftarlyfjum og sérlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfhrifum og eiturhrifum virkra efna í tilraunum með menn eða dýr, gæða allra efna, virkra sem óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengi virkra efna (bioavailability) í lyfjaformum, geymsluþols og notagildi lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenna, svo og hjáverkana.

Nú eru í tilgreindu lyfjaformi fleiri virk efni en eitt. Skal þá ýtarlega kanna réttmæti þess að nota efnin saman fremur en hvort (hvert) í sínu lagi.

12. gr.

Lyfjanefnd kannar á 5 ára fresti, hvort réttar forsendur séu enn fyrir staðfestingu staðlaðra lyfjaforskrifta eða skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá. Ef svo er ekki, gerir nefndin tillögu um niðurfellingu staðfestingar eða afskráningu lyfjanna.

13. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út að fengnum tillögum lyfjanefndar skrá, er greinir stöðluð lyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl. eftir lækningaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Skal skráin að öðru leyti vera þannig úr garði gerð, að notagildi hennar fyrir lækna og lyfjafræðinga verði sem mest. Í skránni skal m. a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum og helstu aukaverkunum skráðra lyfja.

V. KAFLI
Framleiðsla lyfja.

14. gr.

Lyfjagerðir skulu framleiða stöðluð forskriftarlyf og sérlyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl.

Ráðherra gefur út starfsleyfi til lyfjafyrirtækja þeirra, sem getur í 1. mgr. Er óheimilt að hefja rekstur slíkra fyrirtækja, fyrr en leyfi hefur verið gefið út.

Til þess að fá starfsleyfi verður lyfjafyrirtæki, sbr. 1 .mgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að vera undir tæknilegri stjórn manns, sem veita mætti lyfsöluleyfi, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið.
2. Að vera þannig búið að húsnæði, tækjum og starfsliði, að það geti samkvæmt mati Lyfjaeftirlits ríkisins framleitt lyf, sem fullnægi þeim kröfum, er lög og aðrar reglur áskilja.

Ráðherra getur afturkallað leyfi til lyfjagerðar og lyfjaframleiðslu, ef settra skilyrða er ekki gætt eða framleiðandi hefur gerst sekur um mikla vanrækslu eða mistök í starfi.

Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna, sbr. 7. gr. 3. tl., en ella útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð lyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl., í lyfjabúðum, ef settum skilyrðum er fullnægt. Um starfsleyfi lyfjabúða fer eftir því, sem greinir í lyfsölulögum (sbr. lög nr. 30/1963).

Lyfjaeftirlitið annast eftirlit með fyrirtækjum þeim, sem grein þessi nær til, og gerir tillögur til ráðherra um reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn lyfjafyrirtækja.

Framleiðandi lyfja skal í hvívetna hlíta ákvæðum gildandi lyfjaskrár og lyfjastaðla, svo og reglugerða þar að lútandi og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

Framleiðslu lyfs telst fyrst að fullu lokið, þegar það er komið í merkt afhendingarílát, sbr. 17. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

VI. KAFLI
Ávísun lyfja. Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra. Merking lyfja.

15. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis, er lækningaleyfi hefur hér á landi. Lyfseðill gildir lengst í eitt ár frá dagsetningu (útgáfudegi). Ráðherra getur heimilað að afgreiða megi lyf samkvæmt lyfseðlum frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum, sem hafa lækningaleyfi í öðru landi, ef íslenskir læknar njóta þar sömu réttinda.

Útgefandi lyfseðils undirritar hann eigin hendi ásamt stöðuheiti (læknir, tannlæknir, dýralæknir) eða les hann fyrir í síma með þeim hætti, að ljóst sé af símlestrinum, hver hann er. Staðfestir útgefandi þannig, að hann hafi sjálfur ávísað hlutaðeigandi einstaklingi eða umráðamanni tilgreindu lyfi í tilteknu magni og sagt fyrir um skammta eða notkun.

16. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla, ávísun, afgreiðslu og áritun lyfja.

17. gr.

Merkingu sérlyfja og staðlaðra forskriftarlyfja skal haga þannig, að á ílátum (afhendingarílátum) standi skýrum stöfum eftir því, sem við á:

1. Heiti lyfsins (samheiti/sérheiti) og þess forms (viðurkennt heiti lyfjaforms), er virku efni hefur verið komið í við framleiðslu (t. d. töflur, hylki, stungulyf o. s. frv.), enda hafi landlæknir og lyfjanefnd fallist á þessi heiti.
2. Almenn, viðurkennd heiti virkra efna og magn þeirra í hverri mældri einingu hlutaðeigandi lyfjaforms (t. d. magn í hverri töflu, mæliskeið eða lykju o. s. frv.). — Ákvæði þessi gilda þó ekki ef fleiri virk efni en eitt eru í mældri einingu tilgreinds lyfjaforms, nema þess sé sérstaklega krafist í reglugerð, sbr. 2. málsgr.
3. Fjöldi mældra eininga hlutaðeigandi lyfjaforms (t. d. fjöldi taflna, hylkja eða lykja o. s. frv.) eða heildarmagn lyfsins í þyngdar- eða rúmmálseiningum og styrkt í hundraðshlutum.
4. Framleiðslunúmer, er gefi til kynna framleiðslulotu þannig, að auðvelt sé að rekja uppruna lyfsins.
5. Firmaheiti eða nafn framleiðanda og heimilisfang.
6. Fyrirmæli um geymslu og fyrningardag, ef því er að skipta.

Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð þar, sem nánar er kveðið á um merkingu lyfja. Þar skulu m. a. vera sérstök fyrirmæli um merkingu stungulyfja,innrennslislyfja, skilvökva (dialytica) og skolvökva (irrigabilia). Þar skal enn fremur kveða á um merkingu íláta undir fullgerð lyf samkvæmt ákvæðum 7. gr. 3. tl. (forskriftarlyf lækna).

VII. KAFLI
Auglýsing og kynning lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna.

18. gr.

Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 7. gr., lyfjavöru, lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra og lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

Í lyfjaauglýsingum skal, auk þeirra atriða, er getur í 1., 2., 3. og 5. tölulið 17. gr. greina helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes), er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og hjáverkanir. Skulu framangreindar

upplýsingar ætíð vera í samræmi við það, sem greinir í lyfjaskrá, lyfjastöðlum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 13. gr.

19. gr.

Heimilt er að senda slíkar upplýsingar í pósti til fyrrgreindra einstaklinga. Heimilt er og að kynna þeim lyf og áðurtalinn varning munnlega eða á myndum, kvikmyndum eða í sjónvarpi, en þó á þann hátt, að ekki sé líklegt, að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

20. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar, að leyfa auglýsingu eða kynningu á lausasölulyfjum í lyfjabúðum, lyfjaútbúum, lyfjahlöðum og í sérstökum tilvikum á öðrum stöðum eða á annan hátt, enda skal texti auglýsingar eða kynningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og annarra fyrirmæla, er að þessu lúta.

21. gr.

Bannaðar eru hvers konar aðrar auglýsingar um lyf og annan þann varning, sem talinn er í 28. gr.

22. gr.

Óheimilt er að senda eða afhenda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, ljósmæðrum og lyfjatæknum og öðrum, sem vinna áþekk störf við heilbrigðisþjónustu, lyfjasýnishorn.

Heimilt er hins vegar að senda eða afhenda lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu, en einungis samkvæmt beiðni og án greiðslu, enda sé um að ræða lyf, sem hér eru á markaði, sbr. 7. gr., og ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

Óheimilt er að senda lyfjasýnishorn á einkaheimili.

23. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess, að lyfjaauglýsingar séu réttar. Getur eftirlitið bannað tilteknar auglýsingar, sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Eftirlitið getur og krafist þess, að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Lyfjaeftirlitið leitar álits lyfjanefndar eða lyfjaverðlagsnefndar í þeim tilvikum, er vafi leikur á réttmæti lyfjaauglýsingar. Vefengi auglýsandi úrskurði lyfjaeftirlitsins sker landlæknir úr.

24. gr.

Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m. a. til þess að vara við hjáverkunum þeirra, sbr. 29. gr. 3. tl. og 54. gr. Áður en slík auglýsing er send út ber honum að gefa lyfjaframleiðanda kost á að gera athugasemdir.

25. gr.

Landlæknir getur bannað auglýsingar um læknis- og lækningaáhöld, eða lyfjagögn, sbr. 1. málsgr. 18. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist, að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

26. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum lyfjaeftirlits og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga þeirra, er um ræðir í þessum kafla. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

VIII. KAFLI
Lyfjanefnd.

27. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í lyfjanefnd til fjögurra ára í senn sem hér segir:

1. Lækni með sérfræðingsmenntun í lyfjafræði lækna (pharmacology) eða kliniskri lyfjafræði (clinical pharmacology).
2. Lyfjafræðing með sérfræðingsmenntun í lyfjaefnafræði (medicinal chemistry).
3. Lækni með sérfræðingsmenntum í lyflæknisfræði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Þegar fjallað er um málefni, er varða töluliði 1., 2., 4., 6., 7., 8. og eftir atvikum 10. í 28. gr. og tölulið 1.—2. í 29. gr., taka sæti í lyfjanefnd: Lyfsali samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, starfandi lyfjafræðingur samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands og læknir samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og skal hann vera heimilislæknir eða starfandi sérfræðingur.

Yfirdýralæknir og einn héraðsdýralæknir samkvæmt tilnefningu Dýralæknafélags Íslands taka sæti í lyfjanefnd, þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar.

Skipa skal sérfræðinga í tilteknum greinum læknisfræði og lyfjafræði lyfsala til þess að vera lyfjanefnd til ráðuneytis ef þurfa þykir.

Fastir nefndarmenn í lyfjanefnd, sem fjalla um skráningu og afskráningu lyfja, mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.

Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjanefnd jafnóðum allar nýjar upplýsingar, er varða ábendingar, frábendingar, skömmtun og hjáverkanir skráðra lyfja og lyfja, sem eru í skráningarmeðferð.

28. gr.

Verkefni lyfjanefndar er að gera tillögur til ráðherra um:

1. Reglugerð um nánari skilgreiningu á lyfjahugtakinu, sbr. 5. og 15. gr.
2. Framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf eða staðfestingu þeirra og niðurfellingu staðfestingar, svo og reglugerð um þetta efni, sbr. 7. gr., 1. tl., 9. gr., 11. og 12. gr.
3. Skráningu og afskráningu sérlyfja, svo og reglugerð um þetta efni, sbr. 7. gr., 2. tl. 10. gr., 11. og 12. gr.
4. Flokkun lyfja, sbr. 13. gr.
5. Bann við sölu og innflutningi lyfja.
6. Reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, sbr. 16. gr.
7. Reglugerð um merkingu lyfja, sbr. 17. gr.
8. Auglýsingu lausasölulyfja, sbr. 20. gr.
9. Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf.
10. Önnur atriði, er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, svo sem ráðherra mælir um í reglugerð, hér með talið samvinna við erlendar lyfjanefndir eða lyfjaskrárnefndir.

Leita skal umsagnar landlæknis eða Lyfjaeftirlits ríkisins eftir því, er við á hverju sinni, um framangreindar tillögur lyfjanefndar.

29. gr.

Verkefni lyfjanefndar eru enn fremur:

1. Að ákveða lyfjastaðla, sbr. 6. gr.
2. Að vera Lyfjaeftirliti ríkisins til ráðuneytis um réttmæti lyfjaauglýsinga, sbr. 23. gr.
3. Að vera landlækni til ráðuneytis við samningu tilkynninga eða upplýsinga um lyf, sbr. 24. gr.

4. Að vinna að skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

30. gr.

Kostnað af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfsliðs, skal greiða úr ríkissjóði.

31. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjanefndar.

IX. KAFLI
Verðlagning lyfja. Lyfjaverðlagsnefnd.

32. gr.

Verð lyfja skal vera hóflegt. Það skal birta í lyfjaverðskrá, er ráðherra staðfestir.

33. gr.

Ráðherra skipar menn í lyfjaverðlagsnefnd, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

— Hagfræðing eða viðskiptafræðing að fengnum tillögum Hagstofu Íslands,
— lögfræðing að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins,
— starfandi lyfsala að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands,
— starfandi lyfjafræðing að fengnum tillögum Lyfjafræðingafélags Íslands,
— fimmti maðurinn skal vera sérfróður um lyfsölumál og skipar ráðherra hann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Þegar fjallað er um verðlagningu lyfja í heildsölu tekur fulltrúi samkvæmt tillögum Félags ísl. stórkaupmanna sæti lyfsalans í nefndinni.

Þegar fjallað er um framleiðsluverð lyfja sbr. 3. töluliður 34. gr., tekur fulltrúi samkvæmt tillögum innlendra lyfjaframleiðenda sæti lyfsalans í nefndinni.

Þegar fjallað er um verðlagningu dýralyfja tekur yfirdýralæknir sæti fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins í nefndinni og héraðsdýralæknir samkvæmt tillögum Dýralæknafélags Íslands tekur sæti fulltrúa Lyfjafræðingafélags Íslands.

34. gr.

Hlutverk lyfjaverðlagsnefndar er sem hér segir:

1. Að ákveða grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar lyfja.
2. Að ákveða grundvöll vinnu- og afhendingargjalda lyfjabúða.
3. Að staðfesta framleiðsluverð lyfja að fengnum tillögum innlendra framleiðenda (lyfjagerða og lyfjabúða).
4. Að gera tillögur um lyfjaverðskrá, sbr. 32. gr.

Við ákvarðanir samkvæmt 1.—3. tl. skal taka tillit til kostnaðar við framleiðslu, prófana, gæðaeftirlits, sölu og dreifingu.

Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheildsölum og innlendum lyfjaframleiðendum, (lyfjagerðum og lyfjabúðum) er skylt að afhenda lyfjaverðlagsnefnd allar þær skýrslur og gögn, og veita aðrar upplýsingar, sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn. Er nefndinni heimilt að beita dagsektum allt að kr. 5 000.00 til að knýja á um skil á framangreindum gögnum. Skulu þær renna í ríkissjóð.

Lyfjaverðlagsnefnd er einnig heimilt að áætla grundvöll álagningar og gjalda samkvæmt 1. og 2. tl. og framleiðsluverð samkvæmt 3. tl., ef henni eru ekki látin í té gögn og aðar upplýsingar samkvæmt framansögðu.

Lyfjaeftirlit ríkisins lætur lyfjaverðlagsnefnd í té upplýsingar um endanlegt kaupverð lyfja eftir því, sem hún óskar, sbr. 50. gr. 4. tl.

35. gr.

Nú eru nefndarmenn í lyfjaverðlagsnefnd allir á einu máli um, hvert skuli vera verð lyfja, og er sú ákvörðun þá bindandi.

Ef nefndarmenn greinir á, sker ráðherra úr.

36. gr.

Ráðherra skipar lyfjaverðlagsnefnd ritara í samráði við formann hennar, og annast hann dagleg störf hennar.

Ráðherra setur honum erindisbréf að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar.

37. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjaverðlagsnefndar.

38. gr.

Kostnaður af starfsemi lyfjaverðlagsnefndar, þar á meðal laun nefndarmanna, og starfsliðs greiðist úr ríkissjóði.

X. KAFLI
Lyfsölusjóður.

39. gr.

Setja skal á stofn lyfsölusjóð til eflingar lyfjaframleiðslu og lyfjadreifingu í landinu.

40. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins svo sem hér segir:

1. Starfandi lyfsala samkvæmt tilnefningu Apótekarfélags Íslands.
2. Lyfjafræðing, samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands.
3. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin leitar til Háskóla Íslands, þegar fjallað er um málefni samkvæmt 5. tölulið 41. gr.

41. gr.

Hlutverk lyfsölusjóðs er:

1. Að lána fé til stofnunar, kaupa eða endurnýjunar lyfjabúða.
2. Að kaupa áhöld og lyfjabirgðir lyfjabúðar, er leggja skal niður.
3. Að annast til bráðabirgða rekstur lyfjabúðar (sbr. 12. gr. laga nr. 30/1963).
4. Að stuðla með fjárframlögum að stofnun og rekstri lyfjabúða á þeim stöðum, er heilbrigðisyfirvöld telja nauðsyn lyfjabúða ótvíræða, en vafasamt er, hvort reksturinn gæti borið sig með eðlilegum hætti.
5. Að efla með lánum eða styrkveitingum innlenda lyfjaframleiðslu og rann sóknir í lyfjagerðarfræði.

42. gr.

Tekjur lyfsölusjóðs eru vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða og tekjur af rekstri lyfjabúðar, sbr. 41. gr. 1.—3. tl.

Í lyfsölusjóð renni 1% af CIF verði innfluttra lyfja og lyfjaefna og sé gjaldið innheimt við tollafgreiðslu af tollyfirvaldi sem stendur lyfsölusjóði skil þess. Stjórn

lyfsölusjóðs innheimtir árlegt gjald af öllum lyfjabúðum, að fengnum tillögum og flokkunum lyfjaverðlagsnefndar. Gjaldið er lögtakskræft.

43. gr.

Lán má veita úr lyfsölusjóði gegn öruggu fasteignaveði, sem lántaka er skylt að halda vel við og vátryggja.

Lánstími skal ekki vera lengri en 10 ár, og skulu lán endurgreidd með jöfnum afborgunum.

Vextir af lánum lyfsölusjóðs skulu vera hæstu löglegir fasteignavextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

Heimilt er stjórn sjóðsins að binda lán og styrkveitingar frekari skilyrðum og þá í samræmi við megintilgang og starfsreglur hans.

44. gr.

Nú verða eigendaskipti að eign, sem er veðsett lyfsölusjóði, og er stjórn hans þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru leyti eða öllu.

Skylt er seljanda að tilkynna stjórn lyfsölusjóðs eigendaskipti.

45. gr.

Nú er lán úr lyfsölusjóði ekki greitt á réttum gjalddaga eða veð gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er ekki jafn tryggt sem vera skal að dómi stjórnar lyfsölusjóðs eða nýr eigandi tekst ekki á hendur ábyrgð á láninu, og er þá stjórn lyfsölusjóðs heimilt að heimta eftirstöðvar láns þegar í stað án uppsagnar.

46. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

Þar skal meðal annars kveðið á um:

1. Tekjuöflun sjóðsins og ávöxtun fjár hans.
2. Vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o. fl.
3. Umsóknir um lán og styrki úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

Heimilt er að kveða á um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánavísitölu, enda liggi fyrir almenn löggjöf, sem heimili slíka verðtryggingu.

47. gr.

Ráðherra getur falið stjórn lyfsölusjóðs könnun tiltekinna atriða, er varða lyfjasölu og lyfjadreifingu, m. a. stofnun lyfjabúða eða lyfjaútsala, lyfjagerð og lyfjaframleiðslu, ef þurfa þykir.

48. gr.

Allan kostnað skal greiða af tekjum sjóðsins. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga sjóðsins, er birta skal árlega í heilbrigðisskýrslum ásamt greinargerð um störf sjóðsins.

XI. KAFLI
Lyfjaeftirlit ríkisins.

49. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Því veitir forstöðu lyfjafræðingur (yfirlyfjafræðingur), sem stenst kröfur þær, er lög áskilja til að geta öðlast lyfsöluleyfi. Við skipun í starf forstöðumanns skal auk þess taka tillit til sérmenntunar og starfsreynslu, sem ætla má að komi að sérstökum notum í starfinu.

50. gr.

Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

1. Að annast faglegt eftirlit með rekstri lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða og öðrum fyrirtækjum og stofnunum, er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf.
2. Að hafa eftirlit með lyfjabirgðum spítaladeilda og annarra hliðstæðra stofnana.
3. Að hafa eftirlit með innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar.
4. Að meta skráningarverð lyfja og gera tillögur til ráðherra um viðurkenningu á því, sbr. einnig ákvæði 34. gr. 6. mgr.
5. Að annast eftirlit með verði lyfja í heildsölu og smásölu.
6. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess, að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur, sbr. 28.—36. gr.

Heimilt er að fela lyfjaeftirlitinu eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum, ef sérstakar ástæður mæla með.

51. gr.

Tryggja skal lyfjaeftirlitinu hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum lyfjaeftirlitsins.

52. gr.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir, er Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með.

Skal verja tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Nú hrökkva tekjurnar ekki fyrir kostnaði og greiðist þá það, sem á vantar, úr ríkissjóði.

53. gr.

Ráðherra kveður nánar á um starfssvið og starfshætti Lyfjaeftirlits ríkisins í reglugerð. Mæla skal einnig fyrir um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra í reglugerð.

Eftirlitsgjöld eru lögtakskræf.

XII. KAFLI
Skráning hjáverkana lyfja.

54. gr.

Að fengnum tillögum lyfjanefndar, Læknafélags Íslands, sérgreinafélaga lækna, Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands eða annarra, er hlut eiga að máli, er ráðherra heimilt að fela landlækni að undirbúa skráningu hjáverkana lyfja hér á landi. Skal skráning þessi, þegar til kemur, fara fram á vegum landlæknisembættisins, er jafnframt annast úrvinnslu og kynningu að þessu lútandi og samstarf við erlendar stofnanir, er sjá um skráningu hjáverkana lyfja.

Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að tengja skráningu hjáverkana lyfja skráningu eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna (sbr. lög nr. 85/1968) og upplýsingastöð um eitranir (poison information center).

55. gr.

Skipa skal sérfræðinga í lyfjafræði lækna, eiturefnafræði, lyfjafræði lyfsala eða öðrum greinum til þess að vera landlækni til ráðuneytis, þegar ákvæði 1. mgr. 54. gr. kom til framkvæmda.

XIII. KAFLI
Um þagnarskyldu, málarekstur og refsingar.

56. gr.

Lyfjanefndarmenn, lyfjaverðlagsnefndarmenn, stjórnarmenn lyfsölusjóðs, starfsmenn framangreindra stofnana og Lyfjaeftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu

að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um allt, sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu varðandi sérmat einstaklinga og fyrirtækja, nema þeim beri lögum samkvæmt skylda til að tjá sig.

Sama á við um ráðunauta, sem starfa í þágu þessara aðilja og alla, sem taka að sér verkefni fyrir þá.

57. gr.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála, nema öðru vísi sé mælt í lögum.

58. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum að fjárhæð frá 50 000 krónum til 5 000 000 króna nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er brot ítrekað eða stórfellt og skal þá refsa með varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lyf og lyfjaefni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld ólöglega innanlands, skal gera upptæk með dómi og enn fremur lyf, sem framleidd eru ólöglega og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

XIV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

59. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölulög nr. 30, 29. apríl 1963, I., VI., VII., og X. kafli auk 40. og 50. gr.
2. Lög nr. 85, 25. maí 1976 um breytingu á lyfsölulögum nr. 30, 29. apríl 1963.

Ennfremur eru úr gildi numin önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum um lyf, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, og fara ekki í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, uns þau hafa verið afnumin með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

60. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þær lyfjagerðir sem nú starfa, skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara sækja um starfsleyfi samkvæmt 14. gr.

Heimilt er til ársloka 1985 að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúðum, þar sem þau eru framleidd við gildistöku laga þessara, svo fremi Lyfjaeftirlit ríkisins telji búnað þeirra fullnægjandi.

Ef lyfsali óskar að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúð (framleiðslulyfjabúð) að þeim tíma liðnum, skal hann sækja um starfsleyfi samkvæmt ákvæðum 14. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 1. júlí 1963 gengu í gildi lyfsölulög nr. 30/1963, en fram til þess tíma hafði löggjöf um lyfjamálefni hér á landi verið næsta fáskrúðug. Ekki er nauðsynlegt að rekja hér sögu þeirrar löggjafar hér á landi, en vísa má til greinargerðar fyrir frumvarpi til núgildandi lyfsölulaga (Alþt. 1962 A, þskj. 54).

Lyfsölulög þau, sem nú gilda, geyma ákvæði um alla helstu þætti lyfjamálaefna, svo sem lyfin sjálf, lyfjabúðir, stafsmenn lyfjabúða, dreifingu lyfja, verðlagningu þeirra, framleiðslu og gerð. Eru þau 70 gr. og að ýmsu leyti mjög ýtarleg. Má fullyrða, að með þeim hafi verið brotið blað í þróun lyfjalöggjafar hér á landi.

Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 9. mars 1973 voru eftirtaldir menn skipaðir í nefnd „til endurskoðunar á lyfsölulögum með tilliti til skilgreiningar á lyfjum og öðrum efnum o. fl.“:

Ólafur Ólafsson landlæknir, formaður, Almar Grímsson deildarstjóri, ritari, Sigurður Líndal prófessor, Sigurður Ólafsson lyfsali, Vilhjálmur Skúlason prófessor, Þorkell Jóhannesson prófessor.

Á sviði lyfjamála hafa orðið miklar breytingar frá því að núgildandi lyfsölulög gengu í gildi og má líklegt telja, að enn eigi þar eftir að verða örar breytingar. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegt sé, að þeim þáttum lyfjamála, sem nú er skipað með lyfsölulögum nr. 30/1963, verði skipað með þrennum lögum, þar sem í einum verði fjallað um lyfjafræðinga, í öðrum um lyfjabúðir, en í hinum þriðju um lyfin sjálf og framleiðslu þeirra.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er leitast við að lögfesta reglur um allt það, sem að lyfjunum sjálfum og framleiðslu þeirra lýtur og nefndin telur rétt að binda í lögum. Núgildandi lyfsölulög nr. 30/1963 eru að dómi nefndarinnar óþarflega ýtarleg í ýmsum greinum. Að vísu hafi verið eðlilegt eins og á stóð, er lögin voru sett, að hafa ákvæði þeirra sem ræki legust, meðan fátt var til reglugerða um lyfjamál, stofnanir til framkvæmda fáar og starfsvenjur ekki mótaðar sem skyldi.

Í þessu frumvarpi hefur því stefnan verið sú að lögfesta beri meginreglur, en veita heimildir til að skipa ýmsum framkvæmdaatriðum með reglugerðum. Þeim er hægara að breyta og þær verða betur lagaðar að aðstæðum hverju sinni. Hitt er og ljóst, að oft og einatt er álitamál, hvar skil eiga að vera milli laga og reglugerða.

Þótt greinar í frumvarpi þessu séu aðeins tíu færri en í núgildandi l. 30/1963 er það á ýmsum sviðum ekki jafn ýtarleg og þau. Má þar til dæmis nefna X. kaflann í l. 30/1963 um sérlyf. Telur nefndin heppilegra, að mörg ákvæði kaflans verði sett í reglugerð, enda um að ræða tæknileg framkvæmdaatriði.

Ýmis nýmæli eru í þessu frumvarpi, þar sem settar eru reglur um efni sem ekki eru ákvæði um í núgildandi lögum. Má þar til dæmis nefna X. kafla um lyfsölusjóð og XI. kafla um skráningu hjáverkana lyfja. Enn fremur eru ákvæði um framleiðslu lyfja, sbr. V. kafla, ávísun og merkingu lyfja, sbr. VI. kafla og auglýsingu og kynningu lyfja, sbr. VII. kafla miklu ýtarlegri en í gildandi lögum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendi tillögur nefndarinnar til umsagnar Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands og lyfjavöruhópi Félags ísl. stórkaupmanna og hafa athugasemdir, sem þessir umsagnaraðilar komu á framfæri verið teknar til meðferðar við endanlegan frágang frumvarpsins í ráðuneytinu og hafði það í för með sér nokkrar breytingar frá því sem fram kom í tilögum nefndarinnar. M. a. hefur einum kafla verið sleppt en hann fjallaði um sölu og dreifingu lyfja. Ráðuneytið telur að sá kafli geti að ósekju beðið væntanlegs frumvarps um rekstur lyfjabúða og dreifingu lyfja. Þá hefur verið breytt allverulega ákvæðum um skipan lyfjaverðlagsnefndar, lyfjanefndar og stjórn lyfsölusjóðs, á þann veg að fækkað verði heldur nefndarmönnum frá því sem greinir í tillögum endurskoðunrnefndar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um, hvernig hátta skuli umsjón með framkvæmd laga þessara. Tekið er fram, að málaflokkur þessi falli undir heilbrigðisráðherra, og er það í samræmi við 7. gr. 6. tl. reglugerðar nr. 96/1969 um stjórnarráð Íslands, sbr. 8. gr.

l. nr. 73/1969. Innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að málaflokkur þessi falli undir lyfjamáladeild, sem starfað hefur s. l. sex ár.

Ætlast er til, að þáttur landlæknis verði í samræmi við ákvæði í öðrum lögum, sbr. I. kafla l. nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu og reglugerð nr. 411/1973; sjá enn fremur l. um læknaráð nr. 14/1942 og l. um manneldisráð nr. 16/1945 og í samræmi við þær venjur, sem mótast hafa undanfarin ár.

Þá er gert ráð fyrir, að lyfjanefnd, lyfjaverðlagsnefnd, stjórn lyfsölusjóðs og Lyfjaeftirlit ríkisins verði ráðherra til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, en um þær stofnanir eru ákvæði í VIII.—XI. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Leitast er við að hafa skilgreiningu lyfjahugtaksins sem víðasta, en undanskilja síðan efni og annan varning, ef sérstakar ástæður mæla með, sbr. heimild til setningar reglugerðar í 5. gr. Til þess að taka af öll tvímæli er þess getið, að í 2., 3. og 4. málsgrein, að svæfingarlyf og efni ætluð til getnaðarvarna, sem látin eru út í viðurkenndum lyfjaformum skuli falla undir lyfjahugtakið.

Um 3. gr.

Hér er kveðið svo á, að ráðherra sé með reglugerð heimilt að fella hjúkrunar-, sjúkra- og lyfjagögn undir lyfjahugtakið, ef nauðsyn þykir bera til. Lyfjagögn er nýyrði, er tekur til lyfjadæla, nála, gleríláta, plastumbúða og annarra gagna, sem notuð eru við gjöf, umbúnað eða tilbúning lyfja.

Telja verður nauðsynlegt, að nefnd sérfróðra manna skilgreini nánar og geri tillögur um stöðlun á þeim varningi sem fjallað er um í greininni.

Um 4. gr.

Um vítamín er reglan sú, að þau teljast ekki til lyfja, nema magn þeirra í hverri mældri einingu sé umfram venjulegan dagskammt. Manneldisráð, sem starfar samkvæmt l. nr. 16/1945, skal ákveða, hver sé venjulegur dagskammtur miðað við íslenskar aðstæður. Þrátt fyrir þessa aðalreglu kynni af læknisfræðilegum ástæðum að vera rétt að telja tiltekin vítamín, sem látin eru úti í lyfjaformum, ávallt lyf, enda þótt magn þeirra fari ekki fram yfir venjulegan dagskammt. Er því heimilað að setja ákvæði í reglugerð þar að lútandi. Hér er einkum átt við B—12 og fólínsýru (fólíninsýru). Um vítamín eru nú nánari ákvæði í reglugerð nr. 329/1977.

Um 5. gr.

Samkvæmt venju er ætlast til, að sett verði sameiginleg reglugerð samkvæmt 5. gr., sbr. núgildandi reglugerð nr. 329/1977.

Um 6. gr.

Lyfjaskrá (pharmacopoeia af pharmacon = lyf og poiein = að framleiða) er safn staðla, sem segir meðal annars fyrir um þær gæðakröfur, sem gerðar eru til hráefna við lyfjagerð og til lyfjaforma. Í lyfjaskrá er einnig lýst eðlis-, efna- og líffræðilegum aðferðum til þess að meta gæði. Hér á landi ver danska útgáfa norrænu lyfjaskrárinnar (Pharmacopoeia Nordica, Editio Danica) í gildi til síðustu áramóta, en hin enska útgáfa evrópsku lyfjaskrárinnar, sem gefin er út af Evrópuráðinu, tók gildi hér á landi 1. janúar 1978. Þar sem samningu evrópsku lyfjaskrárinnar er ekki lokið og hún nær þess vegna aðeins yfir hluta af þeim lyfjastöðlum, sem fyrirsjáanlega eru nauðsynlegir hér á landi, er gert ráð fyrir, að lyfjanefnd ákvarði staðla til viðbótar.

Mat á lyfjastöðlum er einvörðungu reist á faglegri þekkingu og þykir því hlýða, að ákvörðun um setningu viðbótarstaðla sé endanlega í höndum lyfjanefndar. Í þessu sambandi má geta þess, að breytingar á gæðamati lyfjaefna og hjálparefna hafa verið mjög örar á undanförnum árum. Eru því verulegar hagkvæmnisástæður

fyrir því að fela lyfjanefnd úrskurðarvald í þessum málum, sem eru einungis faglegs eðlis, eins og áður segir.

Ekki þykir nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram, hvað birt skuli, heldur verði það lagt á vald lyfjanefndar og ráðherra. Örðugt er að binda það í lögum, hvað birta skuli, því að mjög örar breytingar verða á lyfjastöðlum og útgáfa lyfjaskráa (pharmacopoeia) mjög í deiglunni um þessar mundir.

Um 7. gr.

Hér ræðir um flokkun fullgerðra lyfja. Fullgert er lyf talið, sem er tilbúið eða sem næst tilbúið til notkunar, og má einungis flytja slík lyf inn, selja þau eða afhenda með öðrum hætti, að þau geti talist til staðlaðra forskriftarlyfja, skráðra sérlyfja eða forskriftarlyfja lækna. Eru ákvæði um hvern þessara flokka um sig í 1.—3. tl. greinarinnar.

Í 1. tl. er fjallað um stöðluð forskriftarlyf, en það eru lyf, sem nefnd eru samheiti, er lyfjanefnd samþykkir, og gildi hefur hér á landi. Eru þau gerð samkvæmt rannsóknum og prófunum framleiðsluforskriftum, sem staðfestar eru og gefnar út.

Í 2. tl. eru ákvæði um skráð sérlyf.

Sérlyf (patentlyf, verksmiðjulyf) eru sett á markað af tilteknum framleiðanda, er fær lyfið skráð á sérlyfjaskrá að fengnum meðmælum lyfjanefndar með sérheiti, er lyfjanefnd viðurkennir, og er öðrum óheimil framleiðsla lyfsins með því heiti nema sérstakt leyfi komi til, sbr. l. nr. 12/1923 um einkaleyfi. Í vissum tilvikum er þó heimilt að skrá sérlyf með samheiti, enda komi samþykki lyfjanefndar til. Um lyf í þessum flokki má enn fremur taka fram, að langflest lyf koma fyrst á markað erlendis sem sérlyf. Eru því rannsóknir á slíkum lyfjum oft mjög viðamiklar og ýtarlegar og ekki á færi annarra framleiðenda en fjársterkra fyrirtækja (lyfjaverksmiðja). Er þannig eðlilegt, að framleiðendur sérlyfja verndi framleiðsluaðferðir sínar með einkaleyfum, er m. a. taki til sérheita. Gildistími slíkra einkaleyfa er þó ævinlega takmarkaður; hér á landi er hann 15 ár frá dagsetningu leyfisbréfs, sbr. 4. gr. l. nr. 12/1923. Að honum loknum, eða jafnvel fyrr, ef nýjar framleiðsluaðferðir koma til, má nýta virk efni erlendra sérlyfja til gerðar staðlaðra forskriftarlyfja eða væntanlega einnig til framleiðslu sérlyfja hér á landi. Um framleiðslu lyfja eru annars ákvæði í 14. gr., þar sem greint er, hvar hún megi fara fram. Hér ber að hafa hugfast, að framleiðsla lyfja hér á landi hefur verulegt þjóðhagslegt gildi, þar eð þau eru oftast mun ódýrari en samsvarandi erlend lyf.

Í 3. tl. eru ákvæði um forskriftarlyf lækna. Þau voru fyrrum mjög algeng en tíðkast nú miklu minna. Er það á ýmsan hátt vel, því að ekki er unnt að beita jafngóðum aðferðum við gerð þeirra og lyfja, sem búin eru til eftir forskriftum, sem staðlaðar eru eftir ýtarlega rannsókn og prófun.

Forskriftarlyf lækna eiga þó í þeim tilvikum rétt á sér, þegar óskað er að miða gerð lyfja sérstaklega við þarfir tiltekinna sjúklinga. Á þetta ekki síst við um sérfræðinga í tilteknum greinum læknisfræði, svo sem húðsjúkdómafræði og augnlæknisfræði. Ætlast er til, að slík lyf séu eingöngu búin til í lyfjabúðum.

Um 8. gr.

Í greininni er áréttað, að óheimilt sé að flytja inn, selja eða afhenda með öðrum hætti önnur fullgerð lyf en greinir í 7. gr.

Heimilt er þó að víkja frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli landlæknir og lyfjanefnd með. Ástæður, sem réttlætt gætu slíkar undanþágur kynnu að vera, að nota þyrfti nýtt lyf, t. d. í tilraunaskyni, eða lyf, sem væri svo lítið notað að forskrift þess hefði ekki verið viðurkennd eða það skráð, sbr. 7. gr. 1.—2. tl.

Mikilvægt er, að ekki sé flutt inn, selt eða afhent meira af slíkum lyfjum en nauðsyn krefur og um það er mælt fyrir í niðurlagi greinarinnar.

Um 9. gr.

Til þess er ætlast að lyfjanefnd meti staðlaðar framleiðsluforskriftir er aðrir hafa unnið og mæli með staðfestingu þeirra, ef ástæða þykir til. Enn fremur er gert ráð fyrir, að lyfjanefnd hlutist til um að aðrir semji staðlaðar lyfjaforskriftir og nefndin mæli síðan með staðfestingu, ef rök þykja til.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hliðstætt 9. gr. Er það hlutverk lyfjanefndar að meta sérlyf, sem óskað er, að skrásett verði og gera tilögur til ráðherra um skráningu þeirra. Sama á við um afskráningu.

Um 11. gr.

Hér eru ákvæði um, hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar við mat á stöðluðum forskriftarlyfjum og sérlyfjum. Auk efnafræðilegra og lyfjagerðarfræðilegra atriða skal taka tillit til aðgengi hinna virku efna í lyfjaformum, en það felur í sér, hversu vel hin virku efni komast til þeirra líkamshluta, sem þau eiga að verka á, lyfjafræðilegrar verkunar (framakólógiskrar verkunar) og verkunar í lækningaskyni (klíniskrar verkunar), svo og hjáverkana.

Orðið aðgengi er nýyrði og látið taka til enska orðsins „bioavailabilitiy". Orðið hjáverkun er einnig nýyrði sem tekur til ensku orðanna „side effect" en það felur í sér óæskilega verkun lyfs, þegar það er notað til lækninga.

Um 12. gr.

Þar sem örar breytingar verða í lyfjagerð og lyfjaframleiðslu og margar nýjar tegundir lyfja koma á markað á ári hverju, en einungis sum halda velli, er nauðsynlegt, að endurskoða alla lyfjaskráningu á tilteknu árabili. Hér er gert ráð fyrir, að lyfjanefnd kanni á fimm ára fresti, hvort réttar forsendur séu fyrir staðfestingu staðlaðra lyfjaforskrifta eða skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá. Er ætlast til að lyfjanefnd beiti sér fyrir niðurfellingu staðfestingar eða afskráningu, ef forsendur staðfestingar eða skráningar teljast ekki lengur vera fyrir hendi.

Um 13. gr.

Hér eru fyrirmæli um, að gefa skuli út skrá, er greinir stöðluð lyf, þ. e. a. s. stöðluð forskriftarlyf og sérlyf, eftir viðurkenndu flokkunarkerfi. Er skrá þessari ætlað að vera læknum til leiðbeiningar við ávísun lyfja og lyfjafræðingum til hjálpar, þá er meta skal, hvort ávísanir á lyfseðli eru með sannindum. Er engin slík bók eða skrá til hér á landi, enda þótt vísir að þesskonar riti hafi verið gefinn út þrívegis, ritið Lyf á Íslandi, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gefið út. Úrval lyfja á markaði hér á landi er svo frábrugðið lyfjaúrvali í öðrum löndum, að ekki er unnt að styðjast við erlendar bækur í þessu skyni, nema að takmörkuðu leyti. Ekki verður annað séð en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið verði að ganga hér fram fyrir skjöldu, enda ótvíræð nauðsyn slíks rits. Eðlilegt má teljast að framleiðendur leggi fram fjármuni og vinnu til útgáfu skrárinnar.

Um 14. gr.

Hér er það nýmæli gert, að binda framleiðslu staðlaðra lyfja við veitingu starfsleyfa áþekkum þeim, sem tíðkast í matvælagerð og ýmsum iðjurekstri.

Í greininni er enn fremur kveðið skýlaust á um, að lyfjabúðir skuli framleiða forskriftarlyf lækna eða útvega þau ella svo fljótt sem unnt er.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að lyfjabúðir geti fengið starfsleyfi til framleiðslu staðlaðra lyfja, sbr. einnig ákvæði 60. gr.

Loks er í síðustu málsgrein þessarar gr. kveðið svo á, að framleiðslu lyfs sé fyrst að fullu lokið, þegar það er komið í merkt afhendingarílát, þ. e. a. s. það ílát, er

framleiðandi ætlast til, að lyfið sé alla jafna afhent í. Eru þetta miklu skýrari fyrirmæli en í gildandi lögum.

Um 15. gr.

Hér ræðir um skilgreiningu á lyfseðlum og helstu atriði, er þá varða. Ætlast er til, að öll önnur atriði um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja verði sett í reglugerð að fengnum tillögum lyfjanefndar, sbr. núgildandi reglugerð nr. 338/1973.

Í 1. mgr. 15. gr. er heimilað að afgreiða lyf frá læknum, tannlæknum og dýralæknum, sem hafa lækningaleyfi í öðru landi, ef íslenskir læknar njóti þar sömu réttinda.

Reglur um þetta hafa nú tekið gildi hér á landi.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð ákvæðum 59. gr. gildandi lyfsölulaga nr. 30/1963, en eru þó útfærð og samræmd allmiklu ýtarlegar en þar er gert.

Þá er ætlast til þess, að sett verði sérstök reglugerð, sem hafi að geyma ákvæði um merkingu lyfja, og er það nýmæli.

Um 18. gr.

Stefnt er að því, að lyfjaauglýsingar nái aðeins til þeirra starfsmanna í heilbrigðisstéttum, sem nefndir eru og nemenda í þeim greinum. Sama máli gegnir um auglýsingar á lækningatækjum og lyfjagögnum. Ef auglýsingar eru prentaðar, skulu þær vera á íslensku máli og dagsettar. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja svo sem auðið er, að auglýsingatextar séu hverju sinni sem réttastir og í samræmi við gildandi reglur á Íslandi.

Um 19. gr.

Í þessari grein er heimilað að senda upplýsingar um þann varning, sem talinn er í 18. gr. í pósti til þeirra einstaklinga, sem þar eru nefndir. Af sömu ástæðum og áður greinir er áskilið, að þær séu á íslensku.

Einnig er heimilt að kynna fyrrgreindum einstaklingum slíkan varning munnlega, með myndum, kvikmyndum eða í sjónvarpi. Þá er ekki áskilið, að íslenska sé notuð, þótt það verði að teljast æskilegt. Við þess háttar kynningu skal þess vandlega gætt, að hún nái ekki til annarra en þeirra, sem hafa tilgreinda fræðilega þekkingu, sbr. 18. gr. Ef lyf er auglýst eða kynnt í sjónvarpi, skal sjónvarp bundið við lokað kerfi innan húss.

Um 20. gr.

Lausasölulyf eru þau lyf nefnd, sem afhenda má án lyfseðils og má sem dæmi nefna vítamín af ýmsu tagi, hóstastillandi lyf, ýmiss konar verkjadeyfandi lyf og sjóveikislyf. Er áskilið í greininni, að auglýsing sé að öllu leyti í samræmi við lög og reglur, en lyfjaeftirlitið á að gæta þess, sbr. 23. gr.

Telja verður æskilegt, að almenningi séu kynnt slík lyf, svo sem hverjum þau eru ætluð og til hvers, hverjar séu helstu verkanir þeirra og skammtar og óæskilegar verkanir.

Með lyfjahlöðum er átt við lyfjaútsölur skv. 44. gr. l. 30/1963.

Um 21. gr.

Hér er tekið af skarið um það, að öll önnur auglýsing og kynning á lyfjum og öðrum varningi, sem talin er í 18. gr. sé bönnuð.

Um 22. gr.

Þess gætir nokkuð, að lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra, sendi heilbrigðisstéttum þeim, sem nefndar eru í greininni, lyfjasýnishorn án þess, að um sé beðið. Er þá sú hætta ávallt yfirvofandi, að slíks varnings sé ekki gætt sem skyldi, hann lendi á glámbekk og valdi tjóni.

Því er mælt svo fyrir í þessari grein, að óheimilt sé að senda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum og ljósmæðrum lyfjasýnshorn. Á hinn bóginn er heimilað að senda læknum, tannlæknum og dýralæknum lyfjasýnishorn, eins og nánar er kveðið á um í greininni, en þó einungis, ef þeir biðja um það. Ávallt skulu þó slík sýnishorn send í starfsstofu hlutaðeiganda, en ekki á einkaheimili.

Þá felur greinin í sér, að hvers konar dreifing ávana- og fíknilyfja í auglýsinga- og kynningarskyni er bönnuð.

Um 23. gr.

Hér er það nýmæli gert, að lyfjaeftirlitið líti eftir auglýsingum svo sem við verður komið.

Um 24. gr.

Hér er landlækni heimilað að senda frá sér sérstakar tilkynningar um lyf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. að vara við hjáverkunum þeirra. Ætlast er til, að haft sé samráð við lyfjanefnd um samningu slíkra tilkynninga, sbr. 29. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Landlækni er hér heimilað að banna tilteknar auglýsingar, sem teljast gefa rangar eða villandi upplýsingar. Einnig getur hann krafist þess, að auglýsandi leiðrétti það, sem rangt er eða villandi, og gefi viðbótarskýringar eftir því, sem þurfa þykir.

Um 26. gr.

Í greininni er heimilað að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um gerð auglýsinga, svo sem uppsetningu þeirra, leturstærð og annað því líkt.

Um 27. gr.

Um lyfjanefnd gilda nú ákvæði l. 85/1976. Nú er horfið að því ráði að hafa aðeins þrjá fasta nefndarmenn sem fjalli um skráningu og afskráningu lyfja og veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf. Þessi þáttur í starfi lyfjanefndar er bæði tímafrekur og viðkvæmur og þykir því rétt að aðgreina hann sem best öðrum störfum og verkefnum lyfjanefndar.

Lyfjanefndir með svo alhliða verkefnasvið sem hér um ræðir eru óþekktar í nálægum löndum og greind verkefni skiptast þar milli tveggja eða fleiri nefnda. Af hagkvæmnisástæðum þykir rétt að hafa aðeins eina nefnd, enda reynsla af því frá því lyfsölulög tóku gildi 1. júlí 1963. Hér er samt brydduð upp á töluverðu nýmæli um verkaskiptingu innan nefndarinnar.

Í 5. mgr. er ætlast til, að yfirdýralæknir og einn héraðsdýralæknir, hinn síðarnefndi samkvæmt tilnefningu Dýralæknafélags Íslands, taki sæti í nefndinni, þegar fjallað er um mál, er lúta að dýralækningum, svo sem um lyf sérstaklega ætluð dýrum.

Í 4. málsgr. er ætlast til að fulltrúar lyfsala, lyfjafræðinga og lækna taki sæti í nefndinni, þegar á dagskrá eru almenn málefni er varða setningu reglugerða og annarra fyrirmæla um lyf og lyfsölu. Hins vegar taki þessir aðilar ekki þátt í störfum nefndarinnar að skráningu eða afskráningu lyfja né veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf.

Í 6. mgr. eru fyrirmæli um, að skipa skuli sérfræðinga í ýmsum greinum læknisfræði og lyfjafræði lyfsala til að vera lyfjanefnd til ráðuneytis, ef þurfa þykir. Þörf er á breiðum þekkingargrundvelli við mat á lyfjum. Af þessum sökum er ráð fyrir því gert, að lyfjanefnd geti leitað til ráðunauta úr ýmsum sérgreinum læknisfræði. Auk þess þarf hún að geta kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga í sérgreinum lyfjafræði lyfsala. Starf fastra nefndarmanna við mat á lyfjum yrði að allmiklu leyti fólgið í því að taka afstöðu til þeirra á grundvelli álitsgerða, er ráðunautar nefndarinnar semdu hver á sínu sviði, en að auki kæmi til eigið mat. Endanleg ákvörðun yrði því eftir sem áður í höndum nefndarmanna.

Ákvæði 7. málsgr. þess efnis, að fastir lyfjanefndarmenn megi ekki hafa hagsmuna að gæta um sölu eða framleiðslu lyfja, má telja, að nái til lyfsala, eigenda lyfjaframleiðslufyrirtækja, starfsmanna við lyfjaframleiðslu, eigenda lyfjaheildverslana og starfsmanna þeirra, umboðsmanna lyfjaframleiðanda og starfsmanna þeirra.

Um 28.—29. gr.

Í þessum greinum eru talin upp verkefni lyfjanefndar. Er þar í hverjum lið vitnað til greina í lagafrumvarpinu, þar sem verkefnum er nánar lýst og má vísa til athugasemda við þær.

Í 28. gr. 9. tl. er kveðið á um, að lyfjanefnd skuli vera ráðherra til ráðuneytis um veitingu leyfa til lækningatilrauna með óskráð lyf. Um þetta vantar raunar ákvæði í íslensk lög og væri æskilegt, að reglur þar að lútandi væru í læknalögum.

Um 30. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Ætlast er til, að í reglugerð verði kveðið nánar á um starfssvið og starfshætti lyfjanefndar.

Um 32. gr.

Hér er lýst þeirri meginstefnu, að verð á lyfjum skuli vera hóflegt, en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 33. gr.

Skipan lyfjaverðlagsnefndar samkvæmt þessari grein er nánast óbreytt frá því sem er í gildandi lyfsölulögum. Þó er gert ráð fyrir að lyfsalinn í nefndinni víki fyrir fulltrúa frá lyfjaheildsölu eða eftir atvikum lyfjaframleiðendum, þegar fjallað er um sérmál þessara aðila. Þá þykir rétt að tveir dýralæknar sitji í nefndinni, þegar sérstaklega er fjallað um verð á dýralyfjum og víki þá fulltrúi Tryggingastofnunar og fulltrúi Lyfjafræðingafélags Íslands.

Í 1. mgr. eru ákvæði um skipun lyfjaverðlagsnefndar. Er þar kveðið svo á um að ráðherra leiti tillagna þeirra, sem þar eru nefndir en hann er því ekki bundinn tillögu neins nema landlæknis. Nauðsynlegt er, að viðskiptasjónarmiða gæti við ákvarðanir nefndarinnar og því er lagt til, að í henni sé einn hagfræðingur eða viðskiptafræðingur. Þá þykir rétt, að lögfræðilegra sjónarmiða gæti, ekki síst þegar haft er í huga, að einróma ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar, sbr. 35. gr.

Þess skal getið, að til mála kæmi að dómi nefndar þeirrar, er samdi drög að þessu frumvarpi, að setja á laggirnar sérstaka verðlagsnefnd dýralyfja. Nefndin taldi þó ekki fært að bera fram fullmótaðar tillögur þar að lútandi.

Um 34. gr.

Í greininni eru talin helstu verkefni lyfjaverðlagsnefndar. Er þar þyngst á metum að finna grundvöll heildsölu og smásöluálagningar lyfja, vinnu- og afhendingargjalda lyfjabúða. Enn fremur er ætlast til, að nefndin geri tillögur um fram-

leiðsluverð lyfja frá innlendum framleiðendum, og er það nýmæli. Loks er gert ráð fyrir, að nefndin geri tillögur um lyfjaverðskrá eins og í gildandi lögum.

Í 3. mgr. eru ákvæði um úrræði til að knýja á um skil á nauðsynlegum gögnum til ákvörðunar lyfjaverðs. Ef brestur verður á skilum þrátt fyrir það, er nefndinni heimilað í 4. mgr. að áætla einhliða grundvöll gjalda og framleiðsluverðs.

Nýmæli er í 5. málsgrein, að lyfjaeftirlit afli upplýsinga um endanlegt kaupverð lyfja og láti lyfjaverðlagsnefnd þær í té. Er tilgangurinn sá, að koma í veg fyrir, að upplýsingar um lyfjaverð berist til hagsmunaaðilja þeirra, sem gera tillögur um menn í lyfjaverðlagsnefnd. Verður að telja þetta æskilegt þrátt fyrir sérstök ákvæði 57. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu.

Um 35. gr.

Hér er kveðið svo á, að einróma ályktanir lyfjaverðlagsnefndar séu endanlegar. Almennt má raunar segja, að eðlilegast sé og í bestu samræmi við stjórnarhætti á Íslandi, að ráðherra eigi síðasta orðið, þegar slíkar ákvarðanir eru teknar, enda á hann að bera ábyrgð á þeim.

Þessi skipan mála er ekkert einsdæmi. Í lögum eru nokkur dæmi þess, að nefndum sé fengið endanlegt ákvörðunarvald svipað og hér er gert ráð fyrir, jafnvel án þess að ráðherra hafi teljandi áhrif á skipun nefndar. Sem dæmi má nefna 4.—6. gr. laga nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., þar sem sexmannanefnd svokallaðri er falið að ákveða verð á landbúnaðarafurðum og þriggja manna yfirnefnd fengið vald til að fella fullnaðarúrskurð, ef ekki næst meiri hluti í sexmannanefnd. Áþekk skipan mála er í lögum nr. 97/1961 um verðlagsmál sjávarútvegsins (sjá og l. nr. 60/1964 og l. nr. 54/1974) sbr. 7.—10. gr., þar sem verðlagsráð sjávarútvegsins leggur fullnaðarúrskurð á lágmarksverð sjávarafla, en yfirnefnd, ef ekki næst einróma samþykki í verðlagsráði. Með hliðsjón af slíkum fordæmum verður að telja, að ekkert sé óeðlilegt við það að skipa málum eins og hér er gert.

Um 36. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Reynslan hefur sýnt, að helsti vandi lyfjaverðlagsnefndar, sem starfar samkvæmt gildandi lögum, er vöntun á sérhæfðri ritaraþjónustu.

Er hér leitast við að bæta úr þessu.

Um 37. gr.

Þar sem líklegt má telja, að auglýsing og kynning lyfja, láti oft að verði þeirra, þykir rétt að fela lyfjaverðlagsnefnd að vera lyfjaeftirliti til ráðuneytis um lögmæti lyfjaauglýsinga.

Annars er gert ráð fyrir, að starfssviði og starfsháttum lyfjaverðlagsnefndar verði nánar skipað með reglugerð.

Um 38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Um langt skeið hafa eigendaskipti að lyfjabúðum verið ýmsum vandkvæðum bundin. Sá, sem byrjar lyfjabúðarrekstur, þarf á stuttum tíma að festa mikið fé í búsnæði, tækjum og birgðum. Oft verður hann að stofna til skulda, sem einatt verða honum þungur baggi. Hefur þetta jafnvel valdið því, að menn hafa ekki getað notfært sér lyfsölulevfi, sem þeir hafa fengið. Afleiðingin hefur einnig orðið sú, að hæfir menn hafa veigrað sér við að sækja um levfi til lyfsölu. Tilgangur lyfsölusjóðs er að stuðla með nokkrum hætti að lausn þessa vanda, einkum að auðvelda eigendaskipti að lyfjabúðum og jafna aðstöðu þeirra, sem fá lyfsölulevfi. Enn fremur er

sjóðnum ætlað að stuðla að stofnun lyfjabúða á þeim stöðum þar sem vafasamt er að rekstur beri sig, sbr. nánari ákvæði í 41. gr. frumvarpsins.

Þá má vekja athygli á því, að skv. 3. tl. er sjóðnum ætlað að reka lyfjabúð um stundarsakir í stað þess að sú kvöð sé lögð á ríkissjóð, eins og málum er skipað með 12. gr. núgildandi lyfsölulaga nr. 30/1963.

Loks er sjóðnum ætlað að efla lyfjaframleiðslu í landinu, sbr. 5. tl.

Um 40. gr.

Skipun manna í stjórn sjóðsins er við það miðuð, að stjórnarmenn ráði yfir þeirri þekkingu, sem nauðsynlega má telja til þess að sjóðurinn geti rækt hlutverk sitt og er því nauðsynlegt, að í stjórn hans sitji lyfjafræðingur og lyfsali. Loks skal þriðji maður skipaður í stjórn sjóðsins án tilnefningar og er ekki ráð fyrir því gert að skipun hans sé bundin við ákveðna menntun.

Þar sem sjóðnum er einnig ætlað að efla lyfjaframleiðslu í landinu er gert ráð fyrir að leitað sé til Háskóla Íslands og þá alla jafna til sérfræðinga í lyfjagerðarfræði, þegar fjallað er um umsóknir um lán eða styrkveitingar til að efla rannsóknir í lyfjagerðarfræði og innlenda lyfjaframleiðslu.

Um 41. gr.

Hér er nánar kveðið á um hlutverk lyfsölusjóðs, og er það í samræmi við meginstefnu þá, sem mörkuð er í 39. gr. Má vísa til athugasemda um þá grein.

Í 2. tl. er enn fremur gert ráð fyrir, að sjóðurinn hlaupi undir bagga um kaup á áhöldum og lyfjabirgðum, þegar leggja á niður lyfjabúð.

Um 42. gr.

Hér er kveðið á um tekjur lyfsölusjóðs.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að í lyfsölusjóð renni einn af hundraði cif-verðs innfluttra lyfja og lyfjaefna og bætist þetta gjald við kostnaðarverð lyfja. Miðað við innflutning ársins 1976 hefðu tekjur lyfsölusjóðs samkvæmt þessu ákvæði numið um það bil 10 milljónum króna. Jafnframt þykir rétt að lyfjabúðir greiði iðgjald til lyfsölusjóðs.

Rétt þykir, að lögtaksréttur fylgi gjaldi þessu, sbr. l. nr. 29/1885.

Um 43.—46. gr.

Hér eru stjórn sjóðsins settar helstu starfsreglur og eru þær hliðstæðar reglum um aðra lánasjóði, sbr. t. d. l. nr. 48/1966 um stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, l. nr. 45/1971 um stofnlánadeild landbúnaðarins og lög nr. 45/1972 um stofnlánadeild samvinnufélaga.

Um 47. gr.

Rétt þykir, að ráðherra geti leitað til stjórnar lyfsölusjóðs um könnun tiltekinna atriða á sviði lyfjasölu, lyfjadreifingar og lyfjaframleiðslu.

Um 48. gr.

Rétt þykir, að laun stjórnarmanna lyfsölusjóðs greiðist úr ríkissjóði, þar sem líta verður svo á, að stjórnarmenn séu öðru fremur trúnaðarmenn ráðherra og vinna auk þess að tilteknum verkefnum fyrir hann, ef þess er farið á leit, sbr. 47. gr.

Þar sem lyfsölusjóður hefur fastan tekjustofn, má telja eðlilegt að annar kostnaður við rekstur hans sé greiddur af eigin tekjum.

Um 49. gr.

Hér er það nýmæli, að komið er á fót sjálfstæðri stofnun, Lyfjaeftirliti ríkisins, sem skoða má á sínu sviði sem hliðstæðu Heilbrigðiseftirlits ríkisins, er einnig lýtur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963 var kveðið á um eftirlit með lyfjabúðum, lyfjagerð og lyfjaheildsölu og með l. nr. 85/1976 um breytingu á lyfsölulögunum var nánar kveðið á um starfsemi lyfjaeftirlitsins.

Með tilliti til þess, að í frumvarpi þessu er lyfjaeftirlitinu ætlað víðtækt og veigamikið hlutverk þykir rétt að setja ótvíræð ákvæði um sjálfstæði þess í heilbrigðiskerfinu.

Svo er kveðið á, að forstöðumaður þess skuli vera fullmenntaður lyfjafræðingur, er geti verið í fyrirsvari fyrir aðra sem við stofnunina starfa. Enn fremur er ákvæði þess efnis, að forstöðumaður hafi sérmenntun og starfsreynslu, sem nauðsynlega má telja.

Um 50. gr.

Lyfjaeftirlitinu er ætlað að hafa sérfræðilegt eftirlit með fyrirtækjum, er framleiða, dreifa eða selja lyf. Skal eftirlit þetta beinast að gæðum framleiðslunnar, svo og húsnæði, búnaði og starfsliði.

Auk þess er ætlast til, að lyfjaeftirlitið hafi eftirlit með kaupum, vörslu og dreifingu lyfja, sem aflað er til spítala og annarra hliðstæðra stofnana.

Þá er lyfjaeftirlitinu ætlað að gefa gaum að innflutningi lyfja og lyfjaauglýsingum, sbr. 18.—26. gr.

Í síðustu málsgrein er heimildarákvæði þess efnis, að fela megi lyfjaeftirlitinu eftirlit með öðrum fyrirtækjum en þeim, sem framleiða eða selja lyf. Eru einkum höfð í huga fyrirtæki, er selja eiturefni og hættuleg efni.

Um 51. gr.

Ætlast er til þess, að lyfjaeftirlitið geti annast flestar þær rannsóknir, sem nauðsyn krefur að gerðar verði, sbr. 50. gr., en þær verði ella faldar öðrum stofnunum, svo sem nánar er kveðið á um í greininni. Heilbrigðisyfirvöld ráða ekki yfir rannsóknastofu, er getur tekið að sér slíkt eftirlit. Er því næst lagi að ætla, að ríkissjóður verði að leggja mikið fé af mörkum vegna stofnkostnaðar við lyfjaeftirlit á næstu árum, eigi slíkt eftirlit að verða annað en nafnið eitt. Kostnað við rekstur eftirlitsins má hins vegar að verulegu leyti greiða með gjaldi, sem lagt er á fyrirtæki þau, sem eftirlitið nær til.

Um 52. gr.

Hér er heimilað að leggja eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir, sem Lyfjaeftirlit ríkisins lítur eftir.

Ef þessar tekjur hrökkva ekki til, er gert ráð fyrir, að það, sem á vantar, greiðist úr ríkissjóði.

Um 53. gr.

Eins og um aðrar nefndir og stofnanir, sem starfa á grundvelli þessara laga, er ráð fyrir því gert hér, að nánari fyrirmæli um lyfjaeftirlitið verði sett í reglugerð.

Rétt þykir, að eftirlitsgjöld séu einnig lögtakskræf eins og gjald til lyfsölusjóðs samkvæmt 2. mgr. 42. gr.

Um 54. gr.

Vegna aukinnar notkunar lyfja og vegna þess að lyf verða sífellt mikilvirkari og einnig sakir þess að lyf eru notuð í lengri tíma í senn en áður, t. d. við meðhöndlun á hjartabilun, hækkuðum blóðþrýstingi, nýrnasjúkdómum, langvarandi

sjúkdómum af völdum sýkla, og við illkynja sjúkdómum, er mun meiri hætta á hjáverkunum en áður. Þykir því ekki verða komist hjá að skrá hjáverkanir lyfja, til þess meðal annars að kanna tíðni þeirra, fylgni þeirra við ákveðna aldursflokka eða við skammtastærðir. Með þessu móti mætti gefa læknum veigamiklar ábendingar um, hversu hamla mætti gegn hjáverkunum og enn fremur vara þá við að gefa tilteknum sjúklingum ákveðin lyf.

Skráning hjáverkana lyfja tíðkast víða erlendis og komið hefur verið á fót vísi að alþjóðlegri skráningu. Hins vegar er hér um svo fjárfrekt fyrirtæki að ræða, að ekki þykir fært að setja bindandi fyrirmæli um skráningu hjáverkana í frumvarp þetta. Er hér því einungis um heimildarákvæði að ræða sem stjórnvöld geta hrundið í framkvæmd, þegar fjármagn og aðrar aðstæður leyfa.

Sjálfsagt þykir að tengja skráningu hjáverkana, ef úr verður, skráningu eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna og upplýsingastöð um eitranir.

Um 55. gr.

Svo sem áður er vikið að, yrði skráning hjáverkana lyfja kostnaðarsöm. Allmikill liður þess kostnaðar yrði laun sérfræðinga, sem nauðsynlegt yrði að ráða í því skyni.

Um 56. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt 6. mgr. 61. gr. núgildandi lyfsölulaga nr. 30/1963, en nær til fleiri manna. Menn, sem sitja í nefndum, sem lög þessi geyma ákvæði um eða starfa á vegum þeirra verða af augljósum ástæðum áskynja um sitt hvað sem nauðsynlegt er, að leynt fari. Hvílir á þeim sama skylda til þagmælsku samkvæmt þessari grein og opinberum starfsmönnum samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sá fyrirvari er þó gerður, að þessum nefndarmönnum og starfsliði þeirra kunni að bera skylda til að tjá sig. Í 89. gr. l. um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 er sú meginregla, að öllum sé skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Er í 2. mgr. 93. gr. sömu laga kveðið svo á, að embættis- og sýslunarmenn verði ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema viðkomandi ráðherra leyfi.

Ef þeir menn, sem nefndir eru í 56. gr., yrðu krafðir vitnisburðar í opinberu máli yrðu þeir að leita leyfis ráðherra til þess að gefa skýrslu.

Um 57. gr.

Hún er samhljóða 67. gr. núgildandi lyfsölulaga nr. 30/1963 og þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Brot á lögum þessum geta verið ákaflega margvísleg og sum alvarleg. Þykir því nauðsynlegt að hafa rúm refsimörk, enda ekki öruggt, að eignaupptöku verði ávallt við komið. Sektir renna í ríkissjóð samkvæmt almenna ákvæðinu í 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 59. gr.

Þar sem ekki eru líkur til að tóm vinnist til þess að endurskoða reglugerðir og færa þær til samræmis við þessi lög, er hér kveðið svo á, að þær skuli gilda áfram, en þó ber að hafa í huga, að gildi þeirra takmarkast af því hversu unnt er að samþýða þær lögum þessum. Sama á við allar auglýsingar og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Um 60. gr.

Rétt þykir að setja bráðabirgðaákvæði þessi vegna aðlögunar að nýjum reglum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Nd. **458. Frumvarp til laga** [243. mál]

um breyting á lögum nr. 68 31. maí 1976, um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir.

1. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga og stuðla að aukinni mjólkurframleiðslu á viðkomandi svæði með sérstökum verðbótum á mjólk. Ber Sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem Sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting frá gildandi lögum, sem þetta frumvarp felur í sér, miðar að auknu jafnvægi milli mjólkurframleiðslu á hinum ýmsu landbúnaðarsvæðum annars vegar og markaðsþarfa hins vegar. Lagt er til að Framleiðsluráði landbúnaðarins sé heimilt ekki einungis að styrkja kostnaðarsama mjólkurflutninga milli sölusvæða, eins og nú tíðkast lögum samkvæmt, heldur jafnframt að örva mjólkurframleiðslu með sérstökum verðbótum á mjólk á þeim svæðum, sem í dag fullnægja ekki þörfum aðliggjandi markaðssvæða, en hafa möguleika til aukinnar mjólkurframleiðslu.

Árlega greiðir Framleiðsluráð upphæðir, er nema tugum milljóna króna, í flutningsgjöld á mjólk milli landshluta. Þessir flutningar fara fram flugleiðis að stórum hluta og er þá flutningsgjaldið á hvern mjólkurlítra 40—50 kr. Öll skynsamleg rök mæla með því, að stefnt verði að því, að hver landshluti verði sjálfum sér nógur að því er varðar framleiðslu þessarar mikilvægu neysluvöru. Fjárfúlgum þeim, sem nú er varið til þessara rándýru flutninga, væri ólíkt betur varið til að ná því framtíðarmarkmiði, m. a. með þeirri aðferð, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, en til þess skortir lagaheimild nú.

Í umræðuum um landbúnaðarmál að undanförnu, þ. á m. á fjölmennum bændafundum víða um land, hafa komið fram ákveðnar ábendingar og kröfur um að tekin verði upp markviss stjórnun framleiðslumála landbúnaðarins, er tryggi í senn aukna hagkvæmni í búrekstri og jafnvægi í markaðsmálum. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að hin stóru tæknivæddu bú, sem útheimta feikimikla fjárfestingu og launakostnað, skila töluvert minni hagnaði tiltölulega heldur en meðalstóru búin, sem eru viðráðanlegri í stofnun og rekstri. Byggð á Íslandi er víðast hvar þannig háttað, að helstu þéttbýlissvæðin eru útvegsbæir og þorp við ströndina, en landbúnaðarsvæðin, misjafnlega þéttbýl og gróskumikil, inn til fjarða og dala. Það hlýtur að vera affarasælast, að byggðirnar til sjávar og sveita þróist samhliða og uppfylli hver annarra þarfir. Í því er hið raunverulega byggðajafnvægi fólgið. Það er því mikilvægt að nýta af skynsemi og framsýni þá landkosti, sem fyrir hendi eru á hverjum stað, enda þótt það kosti mismunandi mikla fyrirhöfn. Í ýmsum nágrannalöndum okkar, m. a. í Noregi, eru styrkir og lán til landbúnaðar mismunandi eftir landssvæðum. T. d. eru ræktunarlán í Norður-Noregi 50% hærri en annars staðar í landinu. Verðbótum á landbúnaðarafurðir er þar einnig beitt til að jafna aðstöðumun og örva framleiðslu, hliðstætt því sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Sþ. **459. Tillaga til þingsályktunar** [244. mál]

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Lúðvík Jósepsson, Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson, Svava Jakobsdóttir, Vilborg Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum, er gekk í gildi 24. ágúst 1949.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, í samræmi við ákvæði samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samnings þessa, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta Alþingi og fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Eftir stofnun lýðveldis á Íslandi 1944 og við lok heimsstyrjaldarinnar ári síðar ólu margir þá von í brjósti að nýir og betri tímar væru í vændum, ekki einungis á Íslandi, heldur um heimsbyggð alla. Menn gerðu sér vonir um að þær þjóðir, sem sameinaðar höfðu brotið niður morðvél fasismans, kostuðu kapps um að skipa málum heims af sannsýni og tryggja varanlegan frið. Stofnun Sameinuðu þjóðanna jók bjartsýni manna. En brátt tók að skipast veður í lofti.

Þegar að styrjaldarlokum tóku fulltrúar bandarískrar heimsvaldastefnu til óspilltra málanna og unnu að því markvisst að efla „vígstöðu styrkleikans“, sem þeir nefndu svo. Bandaríkjamenn réðu þá einir þjóða yfir hinu nýja ægivopni, kjarnorkusprengjunni, og steig það leiðtogum þeirra mjög til höfuðs. Framkvæmd „styrkleikastefnunnar“ var í því fólgin, að næstu árin eftir styrjöldina komu Bandaríkin sér upp herstöðvakeðjum víðs vegar og stofnuðu hernaðarbandalög um þvera heimsbyggðina undir því yfirskini að með því væri verið að stemma stigu við „útþenslustefnu heimskommúnismans“. Kalda stríðið var hafið og komst brátt í algleyming. Bandaríkin lögðu sig mjög fram um að hressa við auðvald hinna sigruðu fasistaríkja, Japans, Vestur-Þýskalands og Ítalíu. Þau gerðu nýfasistaríkin Grikkland og Tyrkland að bandamönnum og kostuðu kapps um að hnýta Spán Francos fastan í þessa kærleikskeðju.

Stofnun Natós árið 1949 var án efa stærsti áfanginn sem stjórnendur Bandaríkjanna náðu að stríðslokum í því skyni að treysta valdastöðu sína og strengja hernaðarnet um þvera og endilanga jarðarkringluna. Mjög var það á orði haft, að tilgangurinn með stofnun og starfi Natós væri að hefta „landvinningastefnu Sovétríkjanna“, „stöðva flóðbylgju heimskommúnismans“ o. s. frv. Hitt má nú teljast óumdeilanleg sagnfræðileg staðreynd, að Bandaríkin komu sér upp hernaðarbandalögum sínum og herstöðvakeðjum fyrst og fremst í því skyni að treysta eigið drottinvald yfir auðvaldslöndunum og löndum þriðja heimsins, sem á þessum árum bjuggu sig undir það hvert af öðru að losa sig úr fjötrum arðráns og nýlendukúgunar. Það var de Gaulle Frakklandsforseti, sem fyrstur borgaralegra ráðamanna á Vesturlöndum kvað upp slíkan dóm, afneitaði drottinvaldi Bandaríkjanna bæði í orði og verki, rak allt bandarískt herlið frá Frakklandi og sendi herstjórn og starfslið Natós sömu leið.

Stofnun og starf Natós er einhver stærsti og beiskasti ávöxtur kalda stríðsins. Það stríð hófu leiðtogar Bandaríkjanna þegar við lok heimsstyrjaldarinnar

síðari. Hefur með nokkrum rétti verið sagt, að kjarnorkusprengjurnar, sem reyndar voru á óbreyttum borgurum í Hirósíma og Nagasaki, hafi verið fyrstu skotin sem hleypt var af í kalda stríðinu. Truman forseti hefur sjálfur frá því skýrt, að ákvörðunin um að varpa kjarnorkusprengjum á japönsku borgirnar tvær að styrjaldarlokum hafi ekki hvað síst verið tekin til að sýna rússum í tvo heimana og ógna þeim til að hafa sig hæga.

Hér verður það ekki rakið nánar, hvers konar blekkingum og fölsunum var beitt við stigmögnun kalda stríðsins, meðan verið var að smala þjóðum Vestur-Evrópu inn í Atlantshafsbandalagið. Þessum þjóðum var óneitanlega ærin vorkunn, þótt þær væru auðskelfdar, svo skömmu eftir alla þá ógn, sem nasisminn og fasisminn höfðu yfir þær kallað. Það varð heldur ekki sagt, að ráðamenn Sovétríkjanna með Stalín í broddi fylkingar auðvelduðu alþýðu manna á Vesturlöndum baráttuna fyrir friði og afvopnun. Hitt ætti flestum að vera orðið ljóst nú, sem kann að hafa verið þeim hulið fyrir þrjátíu árum, að ástæðurnar fyrir stofnun bandalagsins voru ekki yfirvofandi árásarhætta frá Sovétríkjunum, heldur fyrst og fremst ótti við alþýðu Vestur-Evrópu og aukinn áhrifamátt róttækra afla í þeim heimshluta. Hitt er og vafalaust, að Bandaríkjamenn hugðust tryggja sér til frambúðar jafnstórkostlega hernaðaryfirburði yfir Sovétríkin og þeir höfðu í stríðslok. Með því móti gætu þeir reist skorður við áhrifum þeirra á alþjóðavettvangi og tryggt að sem víðast sætu ríkisstjórnir er lúta vildu bandarísku forræði og líklegar væru til að efla „frjálst framtak“ heimsauðvaldsins.

Eftir að Nató var stofnað, átti það sinn mikla þátt í að magna kalda stríðið og viðhalda því. Nú viðurkenna flestir hugsandi menn þá staðreynd, að kalda stríðið hafi verið sú tegund hernaðar, sem eitraði allt andrúmsloft heimsins á meðan það geisaði í algleymingi. Er og fullvíst, að telja má það einstaka mildi að ekki kom á þessum árum til stórstyrjaldar í Evrópu, þar sem kjarnorkuvopnum hefði verið beitt. En með dyggum stuðningi Natós tókst áróðursmeisturum Bandaríkjanna að fylla sálir hundraða milljóna manna hatri á þjóðum, sem höfðu aðra þjóðfélagsskipan en Bandaríkjamönnum féll í geð, auk þess sem róttæk alþýða vestrænna landa var níðd og ofsótt fyrir það eitt að gera sér aðrar hugmyndir um æskilegt stjórnarfar í eigin landi en auðjöfrarnir í Wall Street og hershöfðingjarnir í Pentagon töldu við hæfi. Amerískir stjórnmálamenn og hershöfðingjar töluðu um það árum saman eins og sjálfsagðan hlut, hvernig sprengja mætti í loft upp tilgreindar höfuðborgir og iðjuver, hvernig auðveldlega mætti gjöreyða öllum jurtagróðri í tilteknum löndum, á hvern hátt best væri að haga sýklahernaði og eiturgashernaði og þar fram eftir götunum. En það, sem þótti ekki heppilegt að segja opinberlega (skipulagning launmorða, ráðning launmorðingja, samband við kvislinga o. fl.), var eftirlátið CIA, eins og nýlega hefur komið eftirminnilega fram í dagsljósið. Til margra þessara verka reyndist Nató óhvikull bandamaður og Natóleppar ýmissa landa létu ekki sitt eftir liggja um útbreiðslu „fagnaðarerindisins“.

Ein meginforsenda bandarískra stjórnmálamanna fyrir stofnun Natós og öflugum hergagna- og fjárhagsstuðningi við heri bandamanna þeirra var sú, að margir voru þessir pólitísku leiðtogar tregir til að fórna í ríkum mæli lífi Bandaríkjamanna í styrjöld. Þeir höfðu reynslu af því, að slíkar fórnir eru óvinsælar heima fyrir, jafnvel þótt barist sé fyrir þeim „hugsjónum“ að efla áhrifamátt Bandaríkjanna og hnekkja valdi kommúnista og annarra „rangt hugsandi“ manna. Jafnvel sú styrjaldarlist, sem í því var fólgin að hella eldi og eimyrju yfir fátæka bændur austur í Asíu og brenna akra þeirra með bensínhlaupi, reyndist engan veginn háskalaus, síst heima fyrir. Það var því afar mikils virði, að dómi bandarískra ráðamanna, að hafa með stofnun Natós og fjárhagslegum stuðningi við þann félagsskap getað keypt í heildsölu tugi herdeilda Evrópumanna til að standa í vígstöðu og berjast fyrir sig þegar henta þætti. Eisenhower, þáverandi Bandaríkjaforseti, orðaði þetta svo í ræðu um Nató 1951:

„Það þarf mann og byssu til að berjast. Bandaríkin sjá fyrir byssunni,

Evrópa fyrir manninum. Evrópa verður að leggja til meginþorra fótgönguliðanna, framlag okkar verður sáralítið í því efni.“

Nokkru síðar ávarpaði sami forseti Bandaríkjaþing og lýsti þá hernaðarhugsjón sinni með svofelldum orðum:

„Ef Bandaríkin þurfa aðeins að útvega byssuna og geta fengið einhvern annan til að bera hana og vinna nauðsynlegustu verkin, þá er ég ánægður.“

Árið 1974, þegar Íslendingar héldu hátíðlegt afmæli ellefu alda byggðar í landinu, var einnig minnst annars afmælis, raunar með ýmsum hætti og breytilegu hugarfari: Nató var 25 ára. Vinir og vandamenn spöruðu ekki lofsyrði um félagsskapinn, sem þeir töldu að hefði stöðvað framsókn kommúnismans í Evrópu og tryggt frið í álfunni. Aðrir rifjuðu upp í tilefni afmælisins ýmsar staðreyndir úr aldarfjórðungs sögu þessa „friðarbandalags“. Nokkrar staðreyndanna fara hér á eftir.

Á 25 ára ævi **friðarbandalagsins** höfðu aðildarríki þess háð 25 styrjaldir í þremur heimsálfum. Langsamlega afkastamest var forusturíkið, Bandaríkin, en fasistarnir í Portúgal komu næstir. Sömu vikurnar og Nató-afmælisins var minnst börðust tvö aðildarríkin, Grikkland og Tyrkland, bæði prýðilega vopnum búin frá þriðja ríki friðarbandalagsins, USA.

Samtals höfðu Natóríkin eytt um tveimur billjónum dollara í herbúnað og stríð, svipaðri upphæð og nægt hefði nokkurn veginn til að útrýma hungri og neyð úr heiminum. 25 ár hafði þúsundum milljarða verið fleygt í æðisgenginn vígbúnað, auðæfum jarðar breytt í sprengjur og vinnu fólks í eldflaugar. Eftir sem áður vofir sjálf eyðing mannkyns yfir. Hin ægilegu kjarnorkuvopn eru dreifð um allar jarðir.

Allt frá inngöngunni í Nató 1949 hefur íslenska þjóðin verið klofin í tvær andstæðar fylkingar, ósættanlegar meðan landið er aðili að hernaðarbandalagi og hér dvelur erlendur her. Þeim Íslendingum hefur sem betur fer farið fjölgandi á síðustu árum, sem sjá í gegnum blekkingavef Natósinna. Tvennt hefur einkum auðveldað mönnum að átta sig á eðli málsins: Hið fyrra var sú staðreynd, að ein af bandalagsþjóðum, Bretar, fékk hvað eftir annað að ráðast með vopnuðu ofbeldi inn á íslenskt hafsvæði, án þess að við þeim væri blakað. Hið síðara eru skýrslur þær um bandaríska utanríkisstefnu og viðskipti íslenskra og bandarískra ráðamanna á þeim tíma er Nató-aðild Íslands var á döfinni. Þetta tvennt hefur opnað augu margra fyrir því, að hlutverk Natós á Íslandi er hið sama og í öðrum löndum Vestur-Evrópu: Að vernda innlent og erlent afturhald og auðstétt og halda í skefjum, eftir því sem þurfa þykir, hverri þeirri hreyfingu og pólitískri framkvæmd, sem talin er alvarleg ógnun við forræði ráðandi stéttar og aðstöðu til auðsöfnunar og yfirdrottnunar.

Þegar verið var að koma Íslandi í hernaðarbandalagið árið 1949 skorti ekki hátíðleg loforð og svardaga, þar sem því var marglýst yfir að hér skyldu aldrei verða erlendar herstöðvar eða erlendur her á friðartímum.

Ekki liðu nema rúm tvö ár frá því eiðarnir voru svarnir þar til valdhafar þjóðarinnar drógu lokur frá hurðum og stóðu uppi sem eiðrofar. Í algeru heimildarleysi og án þess að kveðja Alþingi saman leyfði ríkisstjórn Íslands hertöku landsins á vordögum 1951, eftir að Bandaríkjastjórn hafði m. a. beitt þeim blekkingum, að rússnesk innrás í Ísland væri yfirvofandi. Öllum kröfum um þjóðaratkvæðagreiðslu var þverlega synjað, og hefur herliðið setið hér síðan, án þess að það mál hafi nokkru sinni verið lagt undir þjóðardóm.

Að nafninu til er bandarískur her í landinu til að verja þjóðina. Flestum mun nú ljóst orðið, að þetta er fáránlegt en jafnframt háskalegt öfugmæli. Það er nú viðurkennt af öllum að heita má, að herstöðvar geta litla sem enga vörn veitt í nútímastyrjöld, en kalla þvert á móti mikinn háska yfir landsmenn. Mestur er háskinn af þeim herstöðvum, sem geyma eða kunna að geyma atómvopn innan sinna vébanda. Er það sannast sagna furðulegt ábyrgðarleysi hjá íslenskum stjórnvöldum að hafa ekki gengið algerlega úr skugga um það, hvort Bandaríkjaher hér

á landi sé með kjarnorkuvopn af einhverju tagi. Hvað eftir annað hefur því verið haldið fram í markverðum heimildum að svo sé.

Í framsögu fyrir tillögu þessari verður vikið nánar en hér er gert að ýmsum þeim hættum, sem af langvarandi hersetu stafa, svo og spillingaráhrifum þeim margvíslegum, sem herstöðvunum eru samfara. Nægir í því efni að minna á hin mörgu og stórfelldu auðgunarbrot og fjársvikamál, sem uppvís hafa orðið í sambandi við hersetuna — og dettur þó engum í hug að þar hafi öll kurl komið til grafar. Nú hin síðustu ár hefur enn ein tegund spillingar dafnað í tengslum við herstöðina, en það er smygl og neysla eiturlyfja og hvers konar fíkniefna.

Með erlendum herstöðvum í landi okkar á friðartímum erum við að binda hendur okkar, beint og óbeint, á sviði utanríkismála og stuðla að tvíbýli í landinu, sem engri þjóð er bærilegt til lengdar. Með úrsögn úr hernaðarbandalagi, óháðri utanríkisstefnu og afnámi herstöðva hér á landi göngum við Íslendingar gegn þeirri sameiginlegu stefnu Rússa og Bandaríkjamanna að viðhalda ríkjandi ástandi og skipta Evrópu upp í áhrifasvæði á milli sín og segja smáríkjum og miðlungsstórum ríkjum fyrir verkum. Með því göngum við gegn hagsmunum ríkjandi afla hjá risaveldunum báðum.

Uppsögn Nató-samningsins frá 1949 og herstöðvarsamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenskri grund er eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun vopnlausrar friðarþjóðar. Hún er sjálfsögð vegna sóma okkar Íslendinga í bráð og lengd og tilveru sem sérstakrar og sjálfstæðrar þjóðar. Hún er nauðsynleg vegna lífshagsmuna okkar, ef til slíkra ótíðinda sem kjarnorkustyrjaldar kynni að draga. En hún er auk alls þessa hið eina umtalsverða framlag okkar til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Nd. 460. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Tveir nefndarmenn skrifa þó undir nál. með fyrirvara. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lýst yfir stuðningi við frumvarpið.

Alþingi, 29. mars 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara. Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. Eðvarð Sigurðsson, með fyrirvara.

Nd. 461. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 29. mars 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. Eðvarð Sigurðsson.

Nd. **462. Frumvarp til laga** [245. mál]

um verðlag samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I. KAFLI
Markmið og gildisvið laganna.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að

a. vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum,
b. vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

2. gr.

Lög þessi taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar, þjónustu o. s. frv., án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í annarra þjónustu né til húsaleigu. Ákvæði laga þessara um verðlag og samkeppnishömlur ná hvorki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.

Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar.

Í verðlagsráði eru sjö menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess fjóra menn, tvo eftir tilnefningu samtaka atvinnurekenda og tvo eftir tilnefningu samtaka launþega.

Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í verðlagsráð. Skulu þeir vera óháðir fyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til, og hafa þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.

Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal viðskiptaráðherra þá skipa í þess stað án tilnefningar.

4. gr.

Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál, sem lög þessi taka til. Ákvörðunarvald í málum samkvæmt IV. kafla og 26. og 27. gr., sbr. 38. gr., V. kafla laga þessara er í höndum samkeppnisnefndar, sem í eiga sæti formaður verðlagsráðs og þeir tveir verðlagsráðsmenn, sem Hæstiréttur skipar. Ákvörðunarvald í öðrum málum er í höndum verðlagsráðs. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt.

Enginn maður í verðlagsráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið úrskurðar, hvort ráðsmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í meðferð máls.

Verðlagsráð getur ákveðið, að aðilar, sem fara með verðákvarðanir samkvæmt sérstökum lögum, sbr. 2. málsgr. 2. gr., tilkynni því verðákvarðanir sínar.

5. gr.

Verðlagsstofnun annast dagleg störf verðlagsráðs. Viðskiptaráðherra skipar verðlagsstjóra, sem veitir stofnuninni forstöðu. Verðlagsstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi verðlagsráðs án atkvæðisréttar.

Verðlagsstofnun getur kvatt til sérstaka kunnáttumenn að svo miklu leyti, sem það þykir nauðsynlegt.

Starfsmenn verðlagsstofnunar mega eigi hafa hagsmuna að gæta í þeim málum, sem stofnunin fjallar um. Sama gildir um þá sérstöku kunnáttumenn, sem stofnunin kallar til, í þeim málum, sem þeir fjalla um.

Við verðlagsstofnun skal starfa sérstök deild, neytendamáladeild, er annast framkvæmd V. kafla laga þessara.

6. gr.

Verðlagsstofnun getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Ennfremur hefur verðlagsstofnun rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

Verðlagsstofnun getur í starfi sínu krafist skýrslna frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattyfirvöldum svo og tollyfirvöldum. Önnur stjórnvöld eru eigi háð venjulegri þagnarskyldu gagnvart verðlagsstofnun.

7. gr.

Við lausn efnahagsmála er ríkisstjórninni heimilt að beita þeim aðgerðum, er greinir í 3. tölulið 3. málsgr. 8. gr. laga þessara, sem þætti í þeirri lausn. Skal ríkisstjórnin áður leita álits verðlagsráðs um slíkar aðgerðir. Jafnframt getur ríkisstjórnin þá falið verðlagsstofnuninni að annast nauðsynlegt eftirlit með ákvörðunum sínum.

III. KAFLI
Verðákvarðanir.

8. gr.

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú hefur verðlagning verið gefin frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

9. gr.

Sala milli heildverslana innbyrðis og smásöluverslana innbyrðis (keðjuverslun) er bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða með sanngjarnri álagningu að mati verðlagsráðs.

10. gr.

Þegar ákvæði eru sett samkvæmt 8. gr., skal áður að því gætt, hvort önnur tiltæk ráð henti betur gagnvart þeim samkeppnishömlum, sem um er fjallað, sbr. 13. og 19. gr.

Ákvæði samkvæmt 1. og 2. lið 3. mgr. 8. gr. skulu í tilvikum, sem eigi falla undir IV. kafla, gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er.

11. gr.

Verðlagsstofnun getur í samráði við fyrirtæki eða samtök þeirra sett reglur um verðjöfnun í því skyni að tryggja stöðugt verð. Reglur þessar skulu lagðar fyrir verðlagsráð til staðfestingar.

12. gr.

Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.

13. gr.

Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um.

IV. KAFLI

Markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur.

14. gr.

Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum, sem greinir í 1. gr., hefur verðlagsstofnun eftirlit með fyrirtækjum, sem eru ráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur.

Tilkynna skal til verðlagsstofnunar, samkvæmt kröfu samkeppnisnefndar, sbr. 4. gr., markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um helstu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

Samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, er varða framleiðslu, sölu eða flutninga skal tilkynna verðlagsstofnun eftir kröfu samkeppnisnefndar. Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er þó óheimilt, sbr. 21.—23. gr.

Í tilkynningu skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur, sem kveðið er á um í samningnum eða samþykktinni.

Breytingar á því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna, áður en þær ganga í gildi.

15. gr.

Samningar og samþykktir, sem tilkynningarskyldar eru, sbr. 3. mgr. 14. gr., eru ógildar og njóta ekki verndar fyrir dómstólum, nema tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

16. gr.

Verðlagsstofnun heldur skrá yfir tilkynningar, sem henni berast samkvæmt ákvæðum 14. gr. og skal sjá um, að tilkynningar, ásamt fylgiskjölum, séu aðgengilegar öllum þeim, sem óska að kynna sér þær.

Samkeppnisnefnd getur ákveðið, að farið sé með tilkynningar og fylgiskjöl að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál og gerir verðlagsstjóri nauðsynlegar ráðstafanir, til að þeirri ákvörðun sé framfylgt.

17. gr.

Nánari ákvæði um tilkynningarskyldu og gögn þau, sem fylgja skulu tilkynningu, fresti til tilkynningar, samkvæmt 14. gr. skal setja í reglugerð.

18. gr.

Samkeppnisnefnd getur ákveðið, að verð og álagning, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki hækka án leyfis verðlagsráðs.

19. gr.

Verðlagsstofnun skal sjá um, að reglum um tilkynningu samkvæmt 14. gr. og reglugerð samkvæmt 17. gr. sé fylgt. Ennfremur skal verðlagsstofnun kanna áhrif samkeppnishamla.

Skýrslur stofnunarinnar um samkeppnishætti skal leggja fyrir samkeppnisnefnd.

Nú telur samkeppnisnefnd, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.

Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá samkeppnisnefnd nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. Ennfremur getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð, að ákvæðum 8. gr. verði beitt.

Í fyrirmælum, sem gefin eru samkvæmt 4. mgr., skal tilgreina frá hvaða tíma þau skuli gilda.

20. gr.

Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum.

21. gr.

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimilt.

Nú er undanþága veitt frá ákvæðum 1. mgr., sbr. 24. gr., og getur þá verðlagsráð bannað, að verð og álagning hækki nema með samþykki þess.

22. gr.

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við útboð er óheimilt.

23. gr.

Óheimilt er að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð (bruttóverð) eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi.

24. gr.

Samkeppnisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 21.—23. gr. Undanþágur má veita, ef samningar, samþykktir eða ákvarðanir, sem um ræðir í 21.—23. gr. eru taldar nauðsynlegar:

a. til að viðhalda samvinnu milli fyrirtækja, sem talin er leiða til lækkunar á kostnaði eða aukinna gæða framleiðsluvara eða stuðla að æskilegri hagræðingu,
b. til að vernda fyrirtæki gegn óæskilegum eða þjóðfélagslega skaðlegum samkeppnisháttum,
c. vegna sérstakra ástæðna, er samræmast þjóðarhagsmunum.

Umsóknir um undanþágur samkvæmt grein þessari skulu vera skriflegar.

25. gr.

Samkeppnisnefnd getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 20. gr. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir synjun.

Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal verðlagsstofnun athuga nánar málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni.

Komist samkeppnisnefnd að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölusynjunina. Takist það ekki, skal samkeppnisnefnd gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum fara fram. Seljandi getur þó alltaf krafist staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu.

V. KAFLI

Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd.

26. gr.

Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum.

27. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum, sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.

Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess, að skírskotað er til óviðkomandi mála og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök, sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

28. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það, sem í té er látið og lög þessi taka til, þannig úr garði gert, að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t. d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu, sem af vöru eða öðru getur stafað, og

ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar, þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið.

29. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa, að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt, en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

30. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar eða rekur atvinnu undir nafni,sem gefur villandi upplýsingar um eignarétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

31. gr.

Óheimilt er við framboð vara, þjónustu eða annars þess, sem látið er í té og lög þessi taka til, að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það, sem jafna má til kaupbætis, nema verðmæti það, sem í kaupbætinum felst, sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætir.

32. gr.

Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis, sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

33. gr.

Óheimilt er í því skyni að örva sölu á vöru, þjónustu eða öðru því, sem í té er látið og lög þessi taka til, að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt, þar sem tilviljun ræður að öllu leyti eða að hluta, hver niðurstaðan verður.

Útgefendum blaða og tímarita er þó heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

34. gr.

Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars eða þann, sem kemur fram á hans vegum, með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt, sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt, eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt, sem greinir í 1. mgr., og eiga þá ákvæði 1. mgr. við, ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

35. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi, er lög þessi taka til, að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá, sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má

ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því, að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim, sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar, er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af sliku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt, að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.—3. mgr. greinar þessarar og er atvinnurekendum þá óheimilt að færa sér það í nyt.

36. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna, að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt, að greinilegt sé með verðmerkingum, hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

37. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið og lög þessi taka til, er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið og skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga svo og erlend ríkisskjaldarmerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskotað til þeirra á annan hátt.

38. gr.

Samkeppnisnefnd getur bannað athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um févíti, sem kemur til framkvæmda, ef bannið er brotið.

39. gr.

Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

40. gr.

Bann samkvæmt 38. gr. skal tekið til meðferðar eftir umsókn verðlagsstofnunar. Ákveði verðlagsstofnun í ákveðnu tilfelli að sækja ekki um bann, getur sá gert það, sem hefur á boðstólum vörur, þjónustu eða annað, sem í té er látið og lög þessi taka til, og málið snertir eða samtök þeirra, sem það hafa, samtök neytenda og launþega.

41. gr.

Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu, að sama mál sé tekið til meðferðar á ný, þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

42. gr.

Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða, sem gildir til þess tíma, er endanleg ákvörðun liggur fyrir.

43. gr.

Máli um bann við athöfn, er brýtur í bága við ákvæði 26.—27. gr., getur verðlagsstofnun lokið með sátt, ef það er ekki mikilvægt.

Sáttin felst í því, að fyrir þann, sem talinn er hafa unnið verk, sem fellur undir 26. eða 27. gr., eru til samþykktar strax eða innan ákveðins tíma lögð fyrirmæli um bann að viðlögðu fébíti við að halda verknaðinum áfram eða framkvæma annan slíkan verknað.

Nú hefur sátt komist á og gildir hún þá sem bann samkvæmt ákvörðun samkeppnisnefndar samkvæmt 38. gr. Viðurkenning, sem gerð er eftir, að sá tími er liðinn, sem til þess var settur í sáttaboðinu, hefur þá ekkert gildi.

44. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

45. gr.

Verðlagsstofnun setur reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið, að tilteknar vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Ennfremur getur verðlagsstofnun sett reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun svo og um afborgunarskilmála. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verslunum.

Verðlagsstofnun getur sett reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

46. gr.

Hafi fyrirtæki hagnast af aðgerðum, sem brjóta í bága við ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar eða verðlagsstofnunar, getur verðlagsráð ákveðið, að hagnaður umfram þann, sem til var ætlast, komi til frádráttar við ákvörðun verðs eða álagningar síðar.

VII. KAFLI
Meðferð og áfrýjun mála.

47. gr.

Verðlagsstofnun skal eftir því, sem kostur er, ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð, samkeppnishömlur eða óréttmæta viðskiptahætti.

Nefndir aðilar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir fyrir verðlagsráð og samkeppnisnefnd. Greinargerðum skal skilað til verðlagsstofnunar innan þess frests, sem hún ákveður.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum skriflega.

Fundir verðlagsráðs og samkeppnisnefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

48. gr.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun samkeppnisnefndar og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar. Ákvarðanir samkeppnisnefndar samkvæmt 18. gr. er ekki unnt að bera undir dómstóla.

49. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta dagsektum.

Verðlagsstofnun ákveður dagsektir og má innheimta þær með lögtaki.

50. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

VIII. KAFLI
Birting.

51. gr.

Þær ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar, sem almenning varða, svo og athuganir samkvæmt ákvæðum 13. gr. skulu birtar á þann hátt, sem ákveða skal með reglugerð. Ennfremur skal birta yfirlit um tilkynningar þær, sem verðlagsstofnun berast samkvæmt 14. gr.

Áður en niðurstöður athugana samkvæmt ákvæðum 13. gr. eru birtar, skulu þær kynntar samtökum hlutaðeigandi aðila.

IX. KAFLI
Refsiákvæði, gildistaka o. fl.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim, varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga.

Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi eða löggildingu þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil.

53. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Um kvaðningu sérfróðra meðdómenda gilda almennar reglur.

Hraða skal eftir föngum meðferð mála vegna brota á lögum þessum. Héraðsdómarar skulu án tafar tilkynna verðlagsstofnuninni málalok samkvæmt 112.—114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum um hámarksverð eða hámarksálagningu, ef vara hefur verið verðmerkt og jafnframt boðin til sölu í neytendaumbúðum með hærra verði en magn hennar heimilar, þótt ekki sé sönnuð sala hennar.

54. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi 6 mánuðum eftir að þau eru staðfest og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 54 14. júní 1960 um verðlagsmál, með síðari breytingum, og ennfremur lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög. Lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í mars 1976 fól viðskiptaráðherra þremur embættismönnum að semja frumvarp til laga um verðlagsmál í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans þar um. Embættismenn þessir eru: Björgvin Guðmundsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, Georg Ólafsson, verðlagsstjóri og Gylfi Knudsen, fulltrúi í viðskiptaráðuneytinu. Ráðherra tók þegar fram, að í hinu nýja lagafrumvarpi skyldu vera ákvæði um eftirlit með einokunarfyrirtækjum og fyrirtækjasamtökum. Síðar óskaði ráðherra einnig eftir því, að í lagafrumvarpinu yrði kafli um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd.

Framangreindir embættismenn skiluðu drögum að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti í október 1976. Drögin voru send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

Verslunarráði Íslands.
Félagi ísl. stórkaupmanna.
Kaupmannasamtökum Íslands.
Félagi ísl. iðnrekenda.
Vinnuveitendasambandi Íslands.
Sambandi ísl. samvinnufélaga.
Alþýðusambandi Íslands.
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
Bandalagi háskólamanna.
Kvenfélagasambandi Íslands.
Neytendasamtökunum.

Var framangreindum aðilum upphaflega gefinn frestur til 1. desember 1976 til þess að skila umsögnum sínum en síðan var sá frestur framlengdur til áramóta. Aðeins tvenn samtök skiluðu umsögnum fyrir tilskilinn frest, þ. e. Kvenfélagasamband Íslands og Neytendasamtökin. Aðrar umsagnir bárust löngu eftir að tilskilinn frestur rann út. Umsagnirnar fylgja með greinargerðinni sem fylgiskjöl.

Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af löggjöf um verðlagsmál í Noregi og Danmörku. Var m. a. rætt við fulltrúa Monopolitilsynet í Danmörku. Einnig kynntu höfundar frumvarpsins sér samkeppnislöggjöf ýmissa landa.

Eftir að embættismennirnir höfðu gengið frá frumvarpsdrögunum voru að ósk viðskiptaráðherra gerðar á þeim nokkrar breytingar. Mesta breytingin var gerð á 8. gr. frumvarpsins. Eftir þá breytingu er nú kveðið mun sterkar á um það en áður, að verðlagning skuli frjáls, ef samkeppni er nægileg. Þá höfðu embættismennirnir lagt til, að í þessari grein yrði ákvæði um það, að allar reglur um hámarksálagningu og hámarksverð héldu gildi sínu þar til öðruvísi yrði ákveðið. Að ósk ráðherra var þetta ákvæði tekið út úr greininni og sett í sérstakt bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu. Þá var bætt við skilgreiningu þeirri, sem er að finna í 2. mgr. 12. gr. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 14. gr. í drögum embættismannanna var fyrirtækjum skylt að tilkynna um þargreind atriði án sérstakrar kröfu opinberra aðila. Þessu var breytt á þann veg, að aðeins er skylt að tilkynna eftir kröfu samkeppnisnefndar. Þá var fellt niður ákvæði úr 23. gr. í drögum embættismannanna um bann við að ákveða leiðbeinandi verð eða álagningu við endursölu á næsta sölustigi. Nokkrar smærri breytingar voru gerðar, sem ekki þykir ástæða til að geta sérstaklega um.

Frumvarpið skiptist í 7 kafla. Þeir heita: Markmið og gildissvið laganna, stjórnsýsla, verðákvarðanir, markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur, óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd, almenn ákvæði og meðferð og áfrýjun mála.

Frumvarpið gerir ráð fyrir frjálsri verðlagningu, þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Hins vegar er jafnframt bráðabirgðaákvæði um það, að öll verðlagsákvæði haldi gildi sínu við gildistöku laganna, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.

Kaflinn um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur er svipaður kafla um sama efni, er var í frumvarpi til laga um verðgæslu og samkeppnishömlur, sem lagt var fyrir Alþingi 1969 en ekki náði fram að ganga. Þó eru þar nokkrar veigamiklar breytingar frá fyrri ákvæðum. T. d. eru nú ákvæði í þessum kafla um að samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu sé óheimilt svo og samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við útboð. Eru ákvæði þessi í samræmi við norsk lagaákvæði þar um.

V. kafli fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Þar er í raun um að ræða endurskoðuð núverandi lög um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum frá árinu 1933. Við þá endurskoðun hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um sama efni, en í þeirri löggjöf eru neytendasjónarmið mun ríkari en í íslensku lögunum. Tilgangur laganna frá 1933 var fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir, að kaupsýslumenn beittu óréttmætum viðskiptaháttum hver gegn öðrum. Hins vegar er hagsmuna neytenda ekki nægilega gætt í þeirri löggjöf. Úr því er reynt að bæta í hinum endurskoðuðu lagaákvæðum um óréttmæta viðskiptahætti.

Gert er ráð fyrir því, að verðlagsstofnunin hafi eftirlit með framkvæmd lagaákvæða um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd og í því skyni starfi sérstök deild, neytendamáladeild, við stofnunina. Er það nýmæli, sem tekið er upp, þar eð engin sérstök opinber neytendastofnun starfar hér á landi.

Ákvæði 27. gr. fela það m. a. í sér, að óheimilt er að veita rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Gert er ráð fyrir því, að samkeppnisnefnd leggi úrskurð á það, hvort auglýsingar séu skaðlegar hagsmunum neytenda eða ekki. Telji samkeppnisnefnd auglýsingar skaðlegar, myndi hún leggja bann við birtingu slíkra auglýsinga, er gilti þar til dómur hefði komist að annarri niðurstöðu. Einnig myndi verðlagsstjóri, sem framkvæmdastjóri verðlagsstofnunar, geta bent auglýsendum á, að auglýsingar brytu að hans áliti í bága við lagaákvæði um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd og freistað þess að ná samkomulagi við auglýsendur um að draga slíkar auglýsingar til baka. Að þessu leyti til gæti verðlagsstjóri komið fram gagnvart kaupsýslumönnum og fjölmiðlum eins og umboðsmenn neytenda á Norðurlöndum.

Ekki tíðkast erlendis að steypa saman í eina löggjöf ákvæðum, sem fjalla um verðlag og samkeppnishömlur annars vegar og reglum um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd hins vegar. Málefni þessi eru samt sem áður eðlisskyld og tengjast með ýmsum hætti. Ekkert er því athugavert við að fella þau saman í einni löggjöf og láta sömu aðila annast framkvæmd allra þessara málaflokka. Helgast þetta ennfremur af aðstæðum hérlendis og þeirri nauðsyn að sporna gegn fjölgun stofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Talið er rétt að byrja lagabálkinn með almennri stefnuyfirlýsingu, er gefur til kynna tilgang laganna.

Um 2. gr.

Samkvæmt grein þessari fjallar frumvarpið um alla atvinnustarfsemi, hvort sem hún er á vegum einkaaðila, ríkis eða sveitarfélaga. Haft er í huga að ákvæðin atvinnustarfsemi getur lotið öðrum lögum og því getur verið hagkvæmt að önnur stjórnvöld hafi með hendi eftirlit samkvæmt frumvarpinu. Það verður í slíkum tilvikum háð atvikum í hverju einstöku dæmi að hve miklu leyti hægt er að nota hinar efnislegu reglur þessa frumvarps.

Sú hugsun að láta frumvarpið einnig ná til atvinnurekstrar á vegum ríkis eða sveitarfélaga byggist á því, að með slíkri ákvörðun má tryggja samskonar grundvallarlöggjöf og samræma framkvæmd hennar á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins, óháð því, hvort rekstur hinna ýmsu fyrirtækja er á vegum einkaaðila eða hins opinbera.

Tekið er fram, að frumvarpið nær hvorki til launa og starfskjara né húsaleigu. Ennfremur er útflutningur undanþeginn ákvæðum frumvarpsins. Til útflutnings telst jöfnum höndum vörusala og flutningur til útlanda, sem greiddur er af erlendum aðilum svo og sala þjónustu til erlendra aðila.

Þjónusta, er opinberir aðilar veita, svo sem fræðslustarfsemi, heilbrigðisþjónusta og rekstur sjúkrahúsa, félagsmálastarfsemi o. þ. h. telst ekki atvinnustarfsemi og fellur því ekki undir ákvæði frumvarpsins. Aftur á móti ná lögin til samgangna og flutningastarfsemi, hvort heldur er á vegum einkaaðila eða opinberra aðila. Frumvarpið tekur ekki til góðgerðarstofnana, þ. m. t. happdrætti, nema atvinnustarfsemin sé rekin á venjulegum viðskiptagrundvelli.

Ríkisstjórnin sker úr um það, hvort tiltekin starfsemi sé háð ákvæðum frumvarpsins eða ekki.

Með þjónustu er átt við hvers konar fyrirgreiðslu og vinnu, sem gjald er tekið fyrir, þ. m. t. flutningastarfsemi, vöruafgreiðsla, rekstur gisti- og veitingahúsa, efnalauga, snyrtistofa o. fl.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að framkvæmd frumvarpsins, ef að lögum verður, verði í höndum verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar. Í frumvarpinu eru settar fastar reglur um skipun og tilnefningu í verðlagsráð og samkeppnisnefnd. Lagt er til, að viðskiptaráðherra skipi formann verðlagsráðs án tilnefningar. Hlutlausa aðild að verðlagsráði er reynt að tryggja með því að fela Hæstarétti að skipa tvo menn og með því að krefjast þess, að þeir skuli vera óháðir atvinnuhagsmunum og að öðru leyti hafa alhliða þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði. Fjórir verðlagsráðsmenn eru skipaðir af viðskiptaráðherra, tveir þeirra eftir tilnefningu samtaka atvinnurekenda og tveir eftir tilnefningu samtaka launþega.

Í samkeppnisnefnd sitja formaður verðlagsráðs og þeir tveir verðlagsráðsmenn, sem Hæstiréttur skipar.

Talið er hagkvæmt, að fastir varamenn séu fyrir hvern aðalmann, sem sæti á í verðlagsráði. Þá eru ákvæði um, að viðskiptaráðherra skuli skipa í ráðið án tilnefningar, ef einhver áðurgreindra aðila notfærir sér ekki rétt sinn til tilnefningar.

Um 4. gr.

Samkeppnisnefnd hefur ákvörðunarvald í málum samkvæmt IV. kafla og 26. og 27. greinar V. kafla frumvarpsins. Með þessu er þó ekki loku fyrir það skotið, að verðlagsráð ræði slík mál. Aðalatriðið er, að ákvörðunarvald í þeim efnum er í höndum samkeppnisnefndar, sem þannig fær aðstöðu, sem sjálfstæður úrskurðaraðili á sviði stjórnsýslunnar.

Samkeppnisnefndin getur ekki ákvarðað verð og álagningu. Slíkar ákvarðanir verða aðeins teknar af verðlagsráði, sbr. III. kafla.

Í 2. málsgrein 4. greinar eru settar reglur um hæfi þeirra, er sæti eiga í verðlagsráði.

Ríkisstjórninni er heimilt samkv. 3. málsgrein 4. greinar að fela sérstökum stjórnvöldum eftirlit samkv. frumvarpinu. Til þess að ná sem mestri samræmingu í slíkum tilvikum er ákveðið, að þessi stjórnvöld skuli kynna verðlagsráði mál, áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Með mikilvægum ákvörðunum er átt við ákvarðanir, sem skapa ný viðhorf eða breyta þeim kjörum, sem hlutaðeigandi atvinnugrein hefur búið við í verðlagsmálum eða breyta réttarlegri aðstöðu hennar.

Um 5. gr.

Grein þessi, sem fjallar um starfslið og hlutverk verðlagsstofnunar, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 6. gr.

Ákvarðanir um upplýsingaskyldu eru samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Talið er eðlilegt að heimila ríkisstjórninni við lausn efnahagsmála að beita ákvæðum 3. tl. 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins sem þætti í þeirri lausn. Hér er um að ræða aukna heimild til handa ríkisstjórn, en þá ber henni jafnframt að leita álits verðlagsráðs um slíkar aðgerðir. Þær aðgerðir, sem ríkisstjórn er hér veitt heimild til að beita, er verðstöðvun í allt að 6 mánuði í senn.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um, að verðlagning skuli vera frjáls, þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

Hafi verðlagning verið gefin frjáls getur bein íhlutun um verðlagningu og álagningu átt sér stað í tvenns konar tilvikum samkvæmt 3. mgr. greinarinnar.

Í fyrsta lagi getur íhlutun um verðákvörðun farið fram, þegar um þær samkeppnishömlur er að ræða, sem í fjórða kafla greinir. Í öðru lagi er unnt að beita beinni íhlutun um verðlagningu, ef samkeppnin er ekki nægilega virk til þess að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, enda þótt ekki sé um sannanlegar samkeppnishömlur að ræða. Bein íhlutun um verðlag getur einnig farið fram, þegar skilyrði eru fyrir ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Verðlagsráði er heimilt að ákveða hámarksverð og/eða hámarksálagningu. Þar sem það getur í sumum tilvikum verið óheppilegt að ákveða eiginlegt hámarksverð, er einnig gert ráð fyrir þeirri leið, að verðlagsráð geti ákveðið, að verðið skuli reiknað eftir ákveðnum reglum, þannig að hlutaðeigandi fyrirtæki geti í slíkum tilvikum ákveðið verðið sjálf. Verðlagsráð getur loks ákveðið verðstöðvun, en aðeins um 6 mánaða tíma í senn, þar sem langvarandi verðstöðvun er samkvæmt fenginni reynslu erfiðari í framkvæmd nema jafnframt sé um aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum að ræða. Í fjórða lið er kveðið á um, að verðlagsráð geti sett frekari reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni.

Um 9. gr.

Í greininni er bönnuð innbyrðis lárétt sala (þ. e. að heildsali selji heildsala eða smásali smásala) nema hún sé gerð án álagningar eða með sanngjarnri álagningu.

Um 10. gr.

Áður en til ákvarðana samkvæmt 8. gr. kemur, skal verðlagsráð leita annarra ráða til að binda enda á samkeppnishömlur eins og tilgreint er í 19. gr. frumvarpsins.

Þá getur ráðið beitt ákvæðum 13. gr. til þess að örva verðskyn, efla verðsamkeppni og tryggja sanngjarna verðlagsþróun.

Ætla má, að aðgerðir í verðlagsmálum, þar sem ekki er um eiginlegar samkeppnishömlur að ræða, séu oft gerðar jafnhliða öðrum ráðstöfunum í efnahagsmálum, a. m. k. ber að leitast við að samræma verðlagsákvæði af þessu tagi, ef víðtæk eru, hinni almennu stefnu í efnahagsmálum. Í þessu ljósi ber að líta ákvæði 4. málsgreinar, þar sem heimild til slíkrar verðlagsíhlutunar er hverju sinni gerð tímabundin.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar heimila verðlagsstofnun að semja við fyrirtæki eða samtök þeirra um að koma á verðjöfnun. Slíka verðjöfnun má framkvæma á ýmsa vegu. Tilgangurinn er að draga úr verðsveiflum, sem eru tiltölulega skammvinnar og orsakast af árstíðasveiflum eða breytingum á innflutningsverði aðkeyptrar vöru, hvort heldur þær breytingar eiga rót sína að rekja til farmgjalda eða innkaupsverðs. Slíkar ráðstafanir skulu staðfestar af verðlagsráði.

Um 12. gr.

1. mgr. svarar til gildandi ákvæða í lögum um verðlagsmál, en í 2. mgr. eru taldir upp þeir kostnaðarliðir, sem taka skal tillit til.

Um 13. gr.

Tilgangur þess að fela verðlagsstofnun að gera athuganir og birta greinargerðir og fréttatilkynningar er sá að örva samkeppni í verðmynduninni.

Slíkar rannsóknir krefjast vissrar tækni, sem smám saman er unnt að ná tökum á eftir því sem reynslan vex.

Um 14. gr.

Samkvæmt 14. gr. frv. hefur verðlagsstofnun eftirlit með fyrirtækjum, sem eru **ráðandi** á markaðnum svo og með ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur. Með **markaðsráðandi** fyrirtæki er hér átt við fyrirtæki, sem hafa yfir 25% veltu í viðkomandi starfsgrein. Verður sú skilgreining væntanlega fastákveðin í reglugerð.

Þá segir í greininni, að **tilkynna skuli** til verðlagsstofnunar samkv. kröfu samkeppnisnefndar markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Einnig skuli tilkynna samkv. kröfu samkeppnisnefndar samninga og samþykktir um samkeppnishömlur er varða framleiðslu, sölu eða flutninga. En samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimilt.

Um 15. gr.

Hér er mælt fyrir um, hvaða afleiðingar það hefur, ef tilkynningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 14. gr. er ekki fullnægt. Leiðir það til þess, að tilkynningarskyldir samningar og samþykktir teljast ógildir og njóta ekki verndar fyrir dómstólum.

Aðilar njóta því ekki í innbyrðis viðskiptum sínum verndar dómstóla, ef um er að ræða brot á samningi, sem ekki hefur verið tilkynntur. Févítisákvæðum í slíkum samningum verður ekki beitt og sektum, sem félagar í sérgreinasamtökum hafa verið dæmdir í samkvæmt samþykktum samtakanna, verður ekki framfylgt fyrir atbeina dómstóla.

Samningur eða samþykkt, sem ekki er tilkynnt, er ennfremur ógild gagnvart þriðja aðila. Þetta skiptir máli, ef aðilar fara eftir ákvæðum samnings eða samþykktar, þannig að slíkt skaði réttmæta hagsmuni þriðja aðila.

Á hinn bóginn njóta samningar og samþykktir, sem tilkynntar hafa verið, að jafnaði réttarverndar dómstóla, meðan ekki er um það að ræða, að verðlagsstofnun eða samkeppnisnefnd hafa hafist handa gegn efnisákvæðum samninganna eða samþykktanna. Þótt slíkar aðgerðir af hálfu verðlagsstofnunar eða samkeppnisnefndar séu ekki hafnar, hindrar slíkt ekki almenna dómstóla í að dæma um slíkar samþykktir og samninga.

Ákvæði þessarar greinar verða ekki teygð svo langt, að þau nái til viðskiptaskilmála og samkeppnishamla, sem ákveðin eru af einstökum fyrirtækjum.

Ef viðsemjandi einstaks fyrirtækis (kaupandi vöru) virðir ekki setta viðskiptaskilmála á hann á hættu höfðun einkamáls eða sölusynjun. Telji viðsemjandinn viðskiptaskilmála fyrirtækisins ósanngjarna getur hann annað hvort höfðað einkamál fyrir dómstólum eða kært til verðlagsstofnunar. Slíka kæru ber samkeppnisnefnd að taka til meðferðar.

Fresti til tilkynningar skal setja með reglugerð samkvæmt 17. gr. frumvarpsins. Ef of seint hefur verið tilkynnt, er viðkomandi samningur eða samþykkt ógild. Í reynd ætti þó að nægja, að aðilar staðfesti samninginn eða samþykktina, þ. e. a. s. gefi út sérstaka tilkynningu um, að samningurinn eða samþykktin sé í gildi. Í slíkum tilvikum verður þó aðeins um lagagildi að ræða frá staðfestingardegi.

Um 16. gr.

Mikilvægt er, að verðlagsstofnun haldi sem fullkomnasta skrá yfir tilkynningar, sem henni berast. Koma þar til greina dagbækur, gerðarbækur o. fl. Almenningur þarf að eiga aðgang að skrá um allar tilkynningar, sem berast verðlagsstofnun. Mismunandi reglur gilda um þessi efni í öðrum löndum. Yfirleitt hefur almenningur aðgang að skrá um tilkynnt fyrirtæki, sums staðar eru skýrslur um slík fyrirtæki einnig opnar almenningi, annars staðar ekki. Setja þyrfti ákveðnar reglur um þetta efni í reglugerð.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Einokunarfyrirtæki og þau fyrirtæki, sem hafa yfir 25% veltunnar í viðkomandi starfsgrein, geta ráðið verðlagsþróuninni í sinni grein. Fái slík fyrirtæki heimild til þess að starfa, er nauðsynlegt, að verðlagsyfirvöld geti stjórnað verðlagningu þeirra. Greinin á að tryggja, að svo geti orðið.

Um 19. gr.

Hér segir, að verðlagsstofnun skuli sjá um, að reglum um tilkynningarskyldu sé framfylgt. Ennfremur, að verðlagsstofnun skuli kanna áhrif samkeppnishamla. Niðurstöður slíkra kannana skal stofnunin leggja fyrir samkeppnisnefnd.

Samkeppnisnefnd úrskurðar, hvort um skaðlegar samkeppnishömlur er að ræða eða ekki. Telji samkeppnisnefnd samkeppnishömlur hafa skaðleg áhrif, skal hún fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda endi á þau. Beri slíkar samkomulagsumleitanir ekki árangur, gefur samkeppnisnefnd nauðsynleg fyrirmæli. Sem dæmi má nefna, að sé um samtök milli fyrirtækja að ræða um að halda verði uppi, mundi verðlagsstofnun freista þess með samningum að brjóta slík samtök upp, en ella yrði lagt bann við þeim af samkeppnisnefnd.

Fyrirmæli samkeppnisnefndar mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. Ennfremur getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð, að ákvæðum 8. gr. verði beitt, t. d. hámarksverði og/eða hámarksálagningu eða öðrum ráðstöfunum, sem þar er kveðið á um.

Um 20. gr.

Hér er um að ræða skilgreiningu á skaðlegum samkeppnishömlum. Ákvæði greinarinnar skýra sig að flestu leyti sjálf.

Um 21. gr.

Hér segir, að samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu sé óheimilt. Ákvæði þetta er sniðið eftir hliðstæðu ákvæði í norsku verðlagslögunum. Með því að taka þetta ákvæði upp verður löggjöf um samkeppnishömlur mun strangari en ella. Í 14. gr. er kveðið á um eftirlit með samningum og samþykktum um samkeppnishömlur. Í 19. gr. er heimild fyrir samkeppnisnefnd til þess að banna samninga og samþykktir um verð, sem hafa í för með sér skaðlegar samkeppnishömlur. Þar er að sjálfsögðu bæði um að ræða lárétta og lóðrétta samninga. Í 21. gr. er gengið lengra en í 19. gr. að því er tekur til lárétts samstarfs. Þar er lagt bann við samningum, samþykktum og öðru samstarfi milli fyrirtækja um verð og álagningu án tillits til þess, hvort afleiðingar slíks samráðs séu skaðlegar samkeppnishömlur eða ekki.

Bann þetta nær að sjálfsögðu til sölusamtaka. En í 24. gr. er gert ráð fyrir að veita megi undanþágu frá banninu, ef tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

Hér á landi hefur svo lengi tíðkast samráð milli fyrirtækja, að nauðsynlegt er að banna það algjörlega, eigi að vera möguleiki á því að koma á frjálsri samkeppni.

Um 22. gr.

Hér er lagt bann við samningum, samþykktum og öðru samráði milli fyrirtækja við útboð. Slíkt samstarf mun iðulega eiga sér stað í dag. Talið er rétt að hamla sem mest gegn því, svo að kostir útboða fái notið sín, en í vissum tilvikum getur samstarf verið réttlætanlegt, t. d. er margir íslenskir aðilar sameinast um að bjóða í verk gegn erlendum aðilum. 24. gr. opnar möguleika fyrir undanþágum.

Um 23. gr.

Hér er bannað að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um undanþágur frá ákvæðum 21.—23. gr. Eru þar talin upp þau atriði, er réttlætt geta undanþágur. Á grundvelli a. liðar mætti t. d. veita undanþágu fyrir sölusamtök.

Um 25. gr.

Hér segir, að samkeppnisnefnd geti skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti. Dæmi eru til þess, að sölusynjun hafi verið beitt, án þess að um frambærileg rök hafi verið að ræða. Hefur þá algerlega skort lagaákvæði til þess að grundvalla á aðgerðir. Rétt er þó að taka fram, að þessi lagasetning á ekki að koma í veg fyrir, að t. d. samvinnusamband geti hér eftir sem hingað til útvegað kaupfélögum vörur án þess að eiga yfir höfði sér að vera skyldað til að selja þær vörur öðrum.

Um 26. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Hér er um að ræða almenna reglu, sem ætlað er að ná til ýmissa tilvika, er aðrar greinar kaflans, sem fjalla um sérstök tilfelli eða sérstakar viðskiptaaðferðir, taka ekki til. Viðskiptahættir og aðferðir í viðskiptum eru margvíslegar og mjög breytilegar, þannig að hætta er á, að sérákvæðin nái ekki til ýmissa þeirra tilvika, sem ástæða væri til að snúast gegn.

Ólögmætir viðskiptahættir birtast í ýmsum myndum og nýjum aðferðum er sífellt beitt til þess að draga að viðskiptavini. Því er hætt við, ef látið er nægja að banna í lögum ákveðnar aðferðir, að slík löggjöf verði fljótlega úrelt, þar sem telja má víst, að fundnar verði leiðir og teknar upp aðferðir, sem lögin taka ekki til, en eru engu að síður ótilhlýðilegar, þannig að ástæða er til að banna þær. Nauðsyn er því á almennri grein sem þessari, til þess að unnt sé að fylgja breytingum í viðskiptaháttum og beina þeim á grundvelli löggjafar í þann farveg, sem heppilegastur telst á hverjum tíma. Spyrja mætti, hvort sérákvæðum væri ekki ofaukið, ef almenn regla af þessu tagi yrði lögtekin, þar sem ákveðið yrði í réttarframkvæmdinni, hvað teldist brjóta í bága við góða viðskiptahætti eða skoðast óhæfilegt gagnvart neytendum. Því er til að svara, að sérákvæðin gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því, hvaða kröfur lögin gera til viðskiptahátta. Ennfremur hefur reynslan sýnt, að sumar aðferðir eða tegundir óréttmætra viðskiptahátta eru oftar tíðkaðar en aðrar og því árangursríkast að snúast gegn þeim með lagaákvæðum, þar sem verknaðarlýsingin er sem nákvæmust.

Þótt almenn regla um bann við óhæfilegum viðskiptaháttum hafi aldrei verið tekin í lög hér á landi, er Ísland samt sem áður aðili að alþjóðasamþykkt, þar sem kveðið er á um regluna. Er hér átt við svokallaða Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar frá 20. mars 1883. Þessi samþykkt hefur nokkrum sinnum verið endurskoðuð, m. a. í Bruxelles 14. desember 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925 og í London 2. júní 1934. Með lögum nr. 102 frá 28. desember

1961, var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta Parísarsamþykktina fyrir Íslands hönd eins og hún hafði verið endurskoðuð samkvæmt því, sem hér að framan segir. Var heimild þessi notuð og hefur samþykktin haft lagagildi hér á landi frá 5. mars 1962. Ákvæði það, sem hér skiptir máli, er í 10. gr. a samþykktarinnar, svohljóðandi:

„Sérhver samkeppni, sem brýtur í bága við heiðarlegar venjur í iðnaði og verslun, er álitin óréttmæt."

Á Haagráðstefnunni var talið, að aðild að samþykktinni, hefði ekki í för með sér skyldu fyrir aðildarríkin til þess að taka upp í löggjöf sína hliðstætt ákvæði, heldur væri hér einungis um að ræða stefnumið, er snerti þróun löggjafar í aðildarríkjunum.

Almennt ákvæði um bann við óréttmætum viðskiptaháttum er í löggjöf margra landa og hefur víða verið lengi í lögum, þannig að mikil reynsla hefur fengist við beitingu þess. Áður en ofannefnd breyting var gerð í Haag á Parísarsamþykktinni, hafði slíkt ákvæði þegar verið tekið upp í norska, þýska og austurríska löggjöf. Í Danmörku var slíkt ákvæði tekið í samkeppnislöggjöf árið 1937 (lov nr. 79 31. mars 1937, konkurrenceloven). Ákvæði af þessu tagi er nú í löggjöf allra Norðurlandanna nema Íslands. Greinin er orðuð á mismunandi veg í löggjöf landanna, en megin efnisatriði eru svipuð. Nokkurs munar gætir í framkvæmd ákvæðisins eftir löndum, þ. e. a. s. mismunandi er, hversu víðtæk beiting ákvæðisins hefur verið. Slíkt er eðlilegt, þar sem svið það, sem hér um ræðir, er ekki einungis í örri þróun, heldur einnig mjög breytilegt eftir svæðum.

Hér er lagt til, að greinin verði orðuð á svipaðan hátt og hliðstætt ákvæði norsku laganna um „Kontroll med markedsföring" nr. 47 16. júní 1972.

Athöfn sú eða verknaður, sem greininni er ætlað að taka til, verður að vera unnin í atvinnustarfsemi. Vísað er til skilgreiningar á því hugtaki í 2. gr. frumvarpsins. Þess skal þó getið, að hér er um rúma skilgreiningu að ræða. Hverskonar atvinnustarfsemi fellur hér undir án tillits til þess, hvaða aðili stendur að henni. Ekki þarf starfsemi að vera rekin í beinu ágóðaskyni til þess, að hún falli hér undir.

Meginhugtak þessarar greinar er „góðir viðskiptahættir." Hugtak þetta er orðað í ýmsum blæbrigðum í löggjöf þeirra ríkja, sem upp hafa tekið slíkt ákvæði. Aðaleinkenni eru þó hin sömu. Nokkur munur er á orðum þessarar greinar í norrænni löggjöf, en ekki hefur verið stefnt að efnislegum mun í þeim efnum, fremur er hér um að ræða mismunandi málvenjur.

Mat á því, hvað telja beri góða viðskiptahætti, ræðst af atvikum á þeim stað og þeim tíma, þegar verknaður er unninn. Ekki er nægilegt að kanna, hvað teljist góðir viðskiptahættir að áliti góðra og grandvarra manna í þeirri grein atvinnulífsins, sem um er að tefla hverju sinni. Samkeppnisnefnd, jafnt sem dómstólar, verður að leggja sjálfstætt mat á það, hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í þeim löndum, þar sem þróun viðskipta er komin lengra á veg en hér á landi, starfa ýmsar nefndir eða stofnanir á vegum verslunar- og kaupsýslustétta, sem ætlað er að fylgjast með viðskiptaháttum og stuðla að góðum siðum í þeim efnum.

Ýmiss konar alþjóðasamvinna fer fram, sem snertir viðskiptahætti og ætlað er m. a. að vinna að samræmingu og umbótum á því sviði. Sem dæmi um slíka alþjóðlega samvinnu má nefna, að Alþjóðaverslunarráðið, sem Verslunarráð Íslands er aðili að, hefur sett reglur um auglýsingar (Reklame Kodex), sem ætlað er að hamla gegn því, að sú viðskiptaaðferð, sem felst í notkun auglýsinga, sé misnotuð. Reglur þessar voru samþykktar af Alþjóðaverslunarráðinu árið 1948 og endurskoðaðar árið 1955. Verslunarráð Íslands mun ekki eiga aðild að þessu samkomulagi um auglýsingar. Þau samtök erlendis, sem gengist hafa undir ofangreindar reglur, hafa sett á laggirnar sérstakar nefndir til að fylgjast með því, að reglurnar séu haldnar.

Fátt er til leiðbeiningar hér á landi um það, hvað séu góðir viðskiptahættir. Er sannarlega ekki um auðugan garð að gresja í þeim efnum. Hvorki opinberir aðilar né einkaaðilar hafa sinnt þessum málum að ráði. Engin hefð hefur skapast

á þessu sviði hér á landi og engin stefna hefur verið mörkuð. Ef frá er talin setning laga nr. 84/1933 og nokkur sundurleit mál, sem dómar hafa fallið í á þessu sviði á grundvelli þeirra laga, hefur lítil áhersla verið lögð á þessi efni hérlendis. Um eftirlit með auglýsingum er það eitt að segja, að það er nánast ekkert. Sumir fjölmiðlar hafa þó sett sér reglur til að fara eftir, en þær eru bæði ófullkomnar og mjög mismunandi.

Við framkvæmd frumvarps þessa, ef það verður að lögum, er því lítið til að byggja á við mat á því, hvað séu góðir viðskiptahættir. Eftirlits- og úrskurðaraðila bíður því erfitt hlutverk og munu að líkindum strax þurfa að taka stefnumarkandi ákvarðanir.

Samkvæmt greininni er ekki einungis óheimilt að hafast það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í viðkomandi greinum atvinnustarfsemi heldur verður einnig að gæta þess að beita engum þeim aðferðum, sem óhæfilegar teljast gagnvart neytendum. Rétt þykir að leggja þannig sérstaka áherslu á, að taka ber fullt tillit til neytendasjónarmiða í ákvörðunum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Hliðstæð áhersla er lögð á neytendasjónarmið í norsku og sænsku lögunum, en annars er skírskotun til neytendasjónarmiða yfirleitt ekki orðuð í hliðstæðum ákvæðum í erlendri löggjöf. Þótt sérstök ákvæði séu ekki um þetta í almennu reglunni, svo sem er t. d. í dönsku lögunum, hefur í framkvæmd verið mjög tekið tillit til neytendasjónarmiða og er almennt litið svo á, að fullar heimildir séu til slíks, þótt ekki sé sérstaklega kveðið á um það í lögum. Með því að nefna neytendahagsmuni sérstaklega er greininni ætlað að leggja sérstaka áherslu á, að þeirra hagsmuna verði gætt við framkvæmd laganna.

Greinin tekur almennt til athafna, sem framkvæmdar eru við framboð vara, þjónustu eða annars þess, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Greinin beinist því að sölu og innkaupum fyrirtækjanna og annarrar ytri starfsemi þeirra. Ýmisskonar ráðstafanir, sem telja verður til hreinnar innri starfsemi, falla því utan ákvæðisins.

Greininni er ekki ætlað að veita heimild til að banna vörur sökum þess, að þær séu almennt lélegar að gæðum, standist ekki öryggiskröfur eða séu yfirleitt óæskilegar á markaði.

Unnt ætti að vera að nota greinina til þess að leiðrétta óhæfilega samningsskilmála, hvort sem um er að ræða einstök tilfelli eða almennt óhæfileg samningsform. Sérstaklega getur komið til kasta greinarinnar, þegar um er að ræða ranga eða villandi framsetningu samningsskilmála þeirra, sem í boði eru. Einnig ætti að vera unnt að banna samningsform, sem eru þannig úr garði gerð, að viðskiptavinir fá ranga eða ófullkomna hugmynd um efni þeirra. Tregða hefur verið víða erlendis að beita almennu reglunni um óhæfilega samningsskilmála, en síaukin áhersla á vernd neytenda hefur leitt til þess, að nauðsynlegt hefur verið talið að bera þar niður m. a. með stoð í almennu reglunni.

Grein þessi getur á ýmsan hátt snert svið laga um vörumerki, firmu, gæðamerki og löggjafar um verndun hugverka. Greinin getur skipt máli til fyllingar ákvæðum slíkra laga, t. d. þegar einkaréttur er tímatakmarkaður. Að sjálfsögðu er ekki unnt að nota greinina til að veita einkaréttarlega vernd, þegar skilyrði sérlaga eru ekki uppfyllt eða verndartími útrunninn. Hins vegar gæti greinin náð til ótilhlýðilegrar hagnýtingar þess, að eftirlíkingu svipar mjög til hinnar upprunalegu vöru. Af málum af þessu tagi yrðu það aðallega ýmiss konar óhæfilegar framleiðslueftirlíkingar, sem kæmu til kasta þessarar greinar, enda er ráð fyrir því gert í 30. gr. frumvarpsins, að 9. gr. gildandi laga, er fjallar um tiltekna vernd firmanafns, verslunarmerkis o. þ. h. verði haldið, enda hefur sú grein verið notuð í dómaframkvæmd samhliða ákvæðum sérlaga, svo sem firmalaga. Má því búast við því, að fremur lítið reyni á grein þessa í málum af þessu tagi.

Aðalaðgerðir gegn brotum á þessari grein munu felast í ákvörðunum samkeppnisnefndar um bönn við athöfnum. Um beitingu banna og málsmeðferð fyrir samkeppnisnefnd að því er þau snertir er fjallað í 38.—43. gr. frumvarpsins. Vísast

til þeirra greina og athugasemda við þær. Þess ber að geta, að athöfn, sem brýtur gegn siðareglum á borð við þær, sem fjallað er um í grein þessari, á ekki út af fyrir sig að geta leitt til viðurlaga, hvorki einkaréttarlegra né refsiréttarlegra heldur aðeins til þess, að bann verði lagt við því, að henni sé haldið áfram eða hún endurtekin. Sé hins vegar brotið gegn fyrirmælum samkeppnisnefndar um bann, er grundvöllur fyrir beitingu viðurlaga samkvæmt IX. kafla.

Um 27. gr.

Grein þessari er ætlað að koma í staðinn fyrir 1.—3. gr. gildandi laga. Aðalákvæðið um villandi upplýsingar er í 1. gr. gildandi laga. Í 2. og 3. gr. eru annars vegar ákvæði um sérstakan sakarauka, þegar brot er stórfellt vegna mikillar útbreiðslu hinna villandi upplýsinga (2. gr.) og hins vegar nokkur sérákvæði varðandi auðkenni, þar sem er að finna nánari skýringar á nokkrum atriðum, er þau snertir og mælt fyrir um fáeinar undanþágur. Ekki sýnist nein ástæða til að halda í þessi ákvæði. Engin þörf er á sérstökum ákvæðum um sakarauka, þar sem refsiákvæði IX. kafla ættu að vera fullnægjandi í þeim efnum. Ákvæði 3. gr. um auðkenni eru að miklu leyti úrelt orðin, enda er þar um all nákvæma túlkun að ræða á nokkrum atriðum, er varða viðskiptahætti, sem miðast við vandamál fyrri tíma. Þau sjónarmið í þessari grein, sem ástæða er að taka tillit til, rúmast innan ákvæða þessa frumvarps.

Í þessari grein er fjallað um eina mikilvægustu meginregluna, sem löggjöf um ólögmæta viðskiptahætti verður að hafa að geyma, þ. e. a. s. að upplýsingar og önnur skírskotun til annarra, er atvinnurekendur beita til framdráttar starfsemi sinni, má ekki vera villandi. Þessi meginregla kemur einkum fram í tveimur gildandi laga, þ. e. 1. og 11. gr. Í 1. gr., sem er aðalákvæðið, er fjallað um villandi upplýsingar um eigin málefni, en 11. gr. nær hins vegar til rangra sögusagna um önnur fyrirtæki. Ákvæði 1. gr. miða þannig fyrst og fremst að því að vernda kaupendur, en vernda allt að einu keppinauta líka. 11. gr. er á hinn bóginn fyrst og fremst til verndar gegn athæfi keppinauta, en skiptir almenning óbeint máli. Gert er ráð fyrir því, að 11. gr. gildandi laga falli niður sem sjálfstæð grein og tekið verði tillit til þeirra hagsmuna, sem henni er ætlað að vernda í 2. mgr. þessarar greinar, sbr. síðar.

1. gr. gildandi laga er í stórum dráttum þannig úr garði gerð, að fyrst er almennt lagt bann við villandi upplýsingum til að hafa áhrif á eftirspurn vara eða sölu. Því næst er sérstaklega vikið að auglýsingum og kveðið á um almennt snið þeirra. Síðan er sérstaklega áréttað bann við því að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar, einkennismiða, auglýsingaspjöld o. s. frv. og skilgreint í framhaldi af þessu í nokkrum liðum, hvað teljist villandi auðkenni. Af ákvæðinu má merkja, að höfuðáherslan er lögð á villandi upplýsingar, sem koma fram í rituðu formi og sem beint er til óákveðins hóps. Minni áhersla er lögð á munnlega skírskotun svo og þegar villandi upplýsingar beinast að ákveðnum aðila, þótt í rituðu formi sé.

Í gildandi lögum er einungis lagt bann við „villandi“ upplýsingum og auðkennum. Rétt þykir að hafa orðalag í þessu sambandi víðtækara og er því svo kveðið á um í 1. mgr., að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Ástæðan til þess, að lagt er til, að bannaðar verði ófullnægjandi upplýsingar er, að það sem ekki er látið uppi, getur verið vel fallið til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara. Þetta ákvæði þarf að öðru leyti að skoða með hliðsjón af nýmæli 28. gr. um leiðbeiningarskyldu. Ekki skiptir máli í hvaða formi „upplýsingar“ eru. Um getur verið að ræða skriflegar eða munnlegar upplýsingar, upplýsingar í auglýsingum, myndum, kvikmyndum, útvarpi, sjónvarpi. Orðið upplýsingar er þannig notað í víðri merkingu í greininni og á að taka til margvíslegs tjáningarháttar. Sérstaklega er þó getið um auglýsingar. Rétt þykir að leggja þannig áherslu á það form, enda er það langalgengast.

Með orðunum „öðrum viðskiptaaðferðum“ er ætlunin að ná til ýmisskonar yfirlýsinga og fullyrðinga og þess konar tjáningarháttar, sem ekki getur fallið undir upplýsingagjöf.

Ólögmæti verknaðar samkvæmt grein þessari er ennfremur bundið við það, að upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir séu fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, þjónustu o. s. frv. Nægilegt er, að upplýsingar og aðrar aðferðir séu fallnar til að hafa þessi áhrif, þær þurfa ekki að hafa haft nein áhrif.

Skv. 2. mgr. greinarinnar gilda ákvæði 1. mgr., þegar upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir eru óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess, að skírskotað er til óviðkomandi mála. Gagnstætt 1. mgr. geta upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir brotið í bága við reglur þessarar málsgr., enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar. Ótilhlýðilegt form getur t. d. komið fram í samanburði við vörur frá öðrum. Skírskotun til óviðkomandi mála getur birst í ýmsum myndum, t. d. þannig að stjórnmála- eða trúarskoðanir keppinautar séu dregnar inn í málið.

Rétt þykir í 3. mgr. að leggja ábyrgð samkvæmt 1. og 2. mgr. einnig á félög og samtök, sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda. Ábyrgðin getur einkum orðið raunhæf fyrir samtök, er vinna að hagsmunum atvinnurekenda, í sambandi við auglýsingastarfsemi slíkra samtaka. Fyrir samtök, er vinna að hagsmunamálum neytenda, getur sérstaklega reynt á ábyrgð samkvæmt ákvæðum greinarinnar í sambandi við vöruprófanir og samanburðarrannsóknir á vörum.

Um 28. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Hér er mælt fyrir um almenna leiðbeininga- og upplýsingaskyldu við framboð vara, þjónustu og annars þess, sem frumvarpið tekur til. Við túlkun og framkvæmd þessarar greinar verður að hafa í huga, að á ýmsum sviðum hafa myndast fastar venjur um það, hversu ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar neytendum eru gefnar.

Í greininni er tekið fram, að leiðbeiningaskyldan sé háð því, að leiðbeininga sé þörf við mat á eiginleikum vörunnar eða annars þess, sem í té er látið. Nefnd eru dæmi um eiginleika, sem taldir eru skipta verulegu máli í þessum efnum. Er þar um að ræða notagildi, endingu, hættueiginleika og upplýsingar um meðferð. Þessir eiginleikar eru einungis nefndir í greininni sem dæmi, enda skipta ýmsir aðrir eiginleikar miklu máli í þessu sambandi.

Þær skyldur, sem hér er kveðið á um, er unnt að uppfylla með ýmsum hætti. Vörumerkingar og notkunarleiðbeiningar verður eðlilegast að nota með fjöldaframleiddum vörum, einkum þegar þeim er dreift til neytenda í stórverslunum af kjörbúðargerð. Í öðrum tilfellum væri heppilegast að veita leiðbeiningar munnlega, þ. á m. svör við beinum spurningum kaupenda. Ekki er ætlast til að meta þurfi einstaklingsbundnar þarfir eða óskir kaupandans, nema upplýsingar hans sjálfs eða atvik að öðru leyti gefi sérstakt tilefni til þess.

Með grein þessari er ekki ætlunin að mæla fyrir um almenna skyldu til vörumerkinga. Kveðið er á um vörumerkingar í reglugerð nr. 284, 19. september 1973, um merkingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem seldar eru í smásölu. Reglugerð þessi var sett á grundvelli laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Í reglugerðinni eru almenn ákvæði um vörumerkingar, en ekki kom til neinnar vörumerkingarskyldu við gildistöku hennar. Gert er ráð fyrir, að með auglýsingum um hverja vörutegund verði kveðið á um skyldu til merkinga, sbr. t. d. auglýsingu nr. 204 frá 6. maí 1975, um merkingu unninna kjötvara, sem seldar eru í smásölu, er gekk í gildi 1. júní 1976. Hinn 1. mars 1977 gekk í gildi reglugerð um eftirlit og tilbúning matvæla, en þar eru m. a. ákvæði um vörumerkingarskyldu. Hér á landi eru vörumerkingar á algeru byrjunarstigi, enda hefur þeim málum ekkert verið sinnt hérlendis, fyrr en nú á allra síðustu árum.

Þótt í grein þessari sé ekki verið að kveða á um vörumerkingarskyldu, ætti að vera unnt í mörgum tilfellum að rækja þær upplýsinga- og leiðbeiningarskyldur, sem þessi grein kveður á um, með því að nota fullnægjandi vörumerkingar. Sé

kveðið á um upplýsingaskyldu í sérlögum eða í reglum, settum á grundvelli slíkra laga, sbr. t. d. löggjöf um merkingu lyfja, eiturefna og hættulegra efna o. s. frv., mun mat á þeim kröfum, sem ákvæði þessarar greinar gera til upplýsingaskyldu ráðast af því, hvernig ofannefnd fyrirmæli hinna ýmsu sérlaga í þessum efnum eru uppfyllt.

Ákvæði þessarar greinar eiga við á öllum sölustigum. Þegar metnar eru upplýsinga- og leiðbeiningaskyldur hvers sölustigs samkvæmt greininni verður að taka tillit til þeirra möguleika, sem fyrir hendi eru á viðkomandi sölustigi til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

Um 29. gr.

Þessi grein er nýmæli. Greinin tekur bæði til ábyrgðaryfirlýsinga, sem eru þáttur í stöðluðum samningsskilmálum og sjálfstæðra ábyrgðaryfirlýsinga, sem talsvert eru notaðar, einkum við sölu heimilistækja og skyldra vara.

Yfirlýsingar um ábyrgðir hafa í mörgum tilfellum reynst fremur vera yfirlýsingar um ábyrgðarleysi, þar sem í þeim hefur oft falist lakari réttur, en ákvæði laga kveða á um.

Í lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup, eru ákvæði um ábyrgðartíma vara. Aðalákvæði laganna um ábyrgðartíma er í 54. gr. svohljóðandi:

„Nú er ár liðið frá því, er kaupandi fékk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma, eða haft svik í frammi". Ákvæði laga um lausafjárkaup eru hins vegar frávíkjanleg, þ. e. a. s. þeim skal þá aðeins beita, er ekkert annað er um samið berum orðum eða verður álitið fólgið í samningi eða leiðir af verslunartísku eða annarri venju (1. gr. laganna).

Í árslok 1975 átti viðskiptaráðuneytið viðræður við fulltrúa Verslunarráðs Íslands, Félags ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtaka Íslands og Félags ísl. iðnrekenda um ábyrgðartíma vara. Í viðræðum þessum féllust áðurgreind samtök á að beita sér fyrir því við félagsmenn sína, að ábyrgðartími varanlegra neysluvara yrði ekki skemmri en eitt ár í samræmi við ákvæði laga um lausafjárkaup. Samkomulaginu var einkum ætlað að taka til vara eins og húsgagna, heimilistækja og annarra rafmagnsvara, teppa, úra og skartgripa. Samkomulagið tók ekki til bifreiða.

Í framhaldi af ofangreindu samkomulagi er eðlilegt að tryggja í lögum lágmarksrétt, sem svarar til hinna frávíkjanlegu reglna kaupalaganna og er þessari grein ætlað það hlutverk.

Þegar metið er, hvort ábyrgðaryfirlýsing veitir móttakanda betri rétt en ákvæði gildandi laga, verður að líta á yfirlýsinguna í heild sinni.

Um 30. gr.

Grein þessi svarar til 9. gr. gildandi laga.

Í viðskiptum skiptir notkun sérstakra auðkenna miklu máli. Auðkennin greina starfsemi og vörur eða þjónustu eins fyrirtækis frá öðrum.

Áður en lög nr. 84/1933 voru sett, fór um vernd slíkra auðkenna eingöngu eftir ákvæðum firmalaga og vörumerkjalaga. Tilgangurinn með 9. gr. gildandi laga var að ná til tilvika, sem ekki féllu beint undir ákvæði firmalaga eða laga um vörumerki. Sú vernd auðkenna, sem veitt er með ákvæðum firma- og vörumerkjalöggjafar er háð ýmsum skilyrðum og nær því ekki ávallt nógu langt. Þörf hefur því verið fyrir almenna samkeppnisreglu um vernd auðkenna. Þótt lög um vörumerki hafi verið endurskoðuð og ný lög sett árið 1968, þar sem vernd vörumerkis er rýmkuð, er enn þörf á viðbótarvernd.

Greinin hefur að geyma almennt bann við að nota auðkenni, sem annar á (firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt). Réttur til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf, sbr. t. d. lög nr. 42, 13. nóv. 1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, lög nr. 47, 2. maí 1968, um vörumerki, lög nr. 89, 3. maí 1935, um

almenn gæðamerki, en ákvæði þessarar greinar geta þó, eins og áður segir, skipt máli, sem viðbót við vernd þá, sem ofangreind sérlög veita auðkennum.

Rétturinn til að nota eigin auðkenni er með ákvæðum 2. málsl. greinarinnar takmarkaður á þann veg, að óheimilt er að nota auðkenni, þannig að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru auðkenni, sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málsl.

Með grein þessari er uppfyllt það skilyrði í 10. gr. a(3) 1° í Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, sbr. lög nr. 102, 28. des. 1961, þar sem segir, að samningsaðilar (sambandslöndin) skuli sérstaklega banna:

„Sérhvern verknað, sem er þannig, að hann — án tillits til þess, hvaða ráð eru notuð — er til þess fallinn að stuðla að því, að villst sé á fyrirtæki keppinautar, vörum hans eða iðnaðar- eða verslunarstarfsemi hans."

Í Danmörku er í gildi ákvæði hliðstætt þessari grein. Við endurskoðun dönsku laganna um óréttmæta viðskiptahætti var talið rétt að halda þessu ákvæði þrátt fyrir aukna vernd í sérlöggjöf. Er ákvæðið nú í 5. gr. laga nr. 297 frá 14. júní 1974, laga „om markedsföring". Í hliðstæðri löggjöf á öðrum Norðurlöndum er hins vegar ekki ákvæði af þessu tagi og byggist auðkennaverndin þar algerlega á sérlöggjöf. Rétt þykir að hafa þetta ákvæði áfram í íslenskri löggjöf, enda er búið við gömul firmalög hér og ákvæðið getur enn komið að gagni til fyllingar vörumerkjavernd. Þess skal og getið, að all margir dómar hafa fallið, þar sem 9. gr. laga 84/1933 hefur verið beitt.

Um 31. gr.

Hér er lagt bann við því að bjóða neytendum svokallaðan kaupbæti með vörum, þjónustu eða öðru því, sem haft er á boðstólum og ákvæði frumvarpsins taka til, sbr. 2. gr.

Þessari grein er ætlað að leysa af hólmi 14. gr. gildandi laga. Hér er um nokkrar breytingar að ræða frá þeirri grein og hefur verið höfð hliðsjón af samsvarandi ákvæðum gildandi laga um þetta efni í Danmörku.

Í 14. gr. gildandi laga er kveðið svo á um, að óheimilt sé að gefa með verslunarvörum kaupbætismiða, happdrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir. Í athugasemdum við greinina var tekið fram, að henni væri ætlað að koma í veg fyrir þá óheilbrigðu samkeppni, sem felst í því að gefa kaupbætismiða eða aðrar vörutegundir sem kaupbæti með ákveðinni vörutegund. Ekki var greininni ætlað að útiloka almennan afslátt í verði og ekki heldur smágjafir, sem teljast mættu lítils eða einskis virði.

Nokkuð hefur borið á ólöglegum kaupbæti í viðskiptalífinu, einkum hin síðari ár. Hafa dómar fallið, þar sem reynt hefur á reglur 14. gr. gildandi laga.

Velta má því fyrir sér, hvort ástæða sé til að hafa sérstaka reglu um bann við kaupbæti, þar sem einungis sé hér um að ræða eina tegund ólöglegra viðskiptaaðferða, þ. e. a. s. ákveðna sölu- og auglýsingaaðferð, er gæti fallið undir önnur ákvæði kaflans, t. d. ákvæði 27. gr. eða jafnvel hins almennu ákvæði 26. gr. Rétt þykir að hafa áfram í lögum sérákvæði um bann við kaupbæti, enda hefur slíkt ákvæði verið lengi í lögum og reynslan hefur sýnt, að fyrirtækin láta all oft freistast til að beita þessari aðferð við framboð vara sinna. Við endurskoðun laga um ólögmæta viðskiptahætti á Norðurlöndum hefur ákvæðum um kaupbæti verið haldið.

Tvenns konar rök má færa fyrir banni við notkun kaupbætis í viðskiptalífinu. Annars vegar er hætta á því, að með kaupbæti sé villt um fyrir neytendum og hins vegar eru viðbótargreiðslur þær, sem felast í kaupbæti, óviðkomandi þeim viðskiptum, sem um er að ræða, og því almennt fallnar til að hafa truflandi áhrif á markaðnum

Í gildandi lögum er reynt að skilgreina hugtakið kaupbæti. Talað er um kaupbætismiða, happdrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til

að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir. Hér er lögð áhersla á verðmæti kaupbætisins og vegna þess verðmætis dragist kaupendur til að kaupa aðalhlutinn eða aðalgreiðsluna. Er hér um fremur óheppilegt orðalag að ræða, þar sem oft kann að reynast erfitt að færa sönnur á, að kaupbætir hafi í reynd þau áhrif að draga kaupendur til að kaupa vöruna. Er lagt til hér, að þessum skilyrðum verði sleppt.

Sums staðar er kaupbætir skilgreindur í lögum, t. d. í gildandi lögum í Noregi, en annars staðar t. d. í dönsku lögunum er gengið út frá því, að öll helstu hugtakseinkenni séu þekkt og kaupbætir því ekki skilgreindur í lögunum. Sá kostur er valinn hér og þannig gengið út frá því, að helstu einkenni hugtaksins liggi fyrir og jafnframt verði svigrúm til að móta það frekar í réttarframkvæmdinni.

Rétt er þó að víkja nokkrum orðum að helstu einkennum hugtaksins kaupbætir. Segja má, að kaupbætir sé sérhver sú viðbótargreiðsla (vara, þjónusta eða annað), sem bundin er við framboð aðalgreiðslunnar án þess, að eðlileg tengsl séu þar á milli. Hér er því um að ræða, að við sölu vara, þjónustu o. s. frv. sé neytendum látin í té án sérstaks endurgjalds önnur vara eða greiðsla.

Í greininni er sú takmörkun gerð, að einungis er um ólöglegan kaupbæti að ræða við sölu til neytenda. Hugtakið neytanda verður að skýra rúmt í þessu sambandi, þannig að fyrirtæki geta fallið hér undir séu kaupin gerð til eigin nota og fyrirtækið sé sem venjulegur viðtakandi á smásölustigi. Höfuðáherslu verður að leggja á, að um sé að ræða hinn endanlega neytanda án tillits til þess um hvaða lið viðskiptanna er að ræða.

Kaupbætir getur verið fólginn í vörum, þjónustu, vinnuframlagi o. fl. Ekki skiptir máli við mat á því, hvort viðbótargreiðslur falli undir ákvæði greinarinnar um kaupbæti, þótt notuð hafi verið merki eða önnur skilríki, er veita viðtakanda (handhafa) rétt til viðbótargreiðslu. Það er viðbótargreiðslan sjálf og tengsl hennar við aðalgreiðsluna, sem máli skiptir. Ekki er unnt að líta öðruvísi á réttinn til viðbótargreiðslunnar, en greiðsluna sjálfa.

Um 32. gr.

Grein þessi fjallar um kaupbæti í formi merkis og því um líks. Samkvæmt aðalreglunni er óheimilt að bjóða neytendum gegn afhendingu merkis eða annars vottorðs, sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu, eitthvað annað en peninga.

Fyrirmynd þessa ákvæðis er í sænsku lögunum um „otillbörlig marknadsföring". Norsku lögin heimila ekki kaupbæti í þessu formi. Í 7. gr. dönsku laganna frá 14. júní 1974 eru sérstök ákvæði um svokölluð afsláttarmerki „rabatmærker", þar sem slík merki eru heimiluð séu uppfyllt ákveðin skilyrði m. a. um útgefanda, verðmæti, innlausnartíma og innlausnarstað.

Samkvæmt grein þessari er það boðið sjálft, sem er óheimilt. Það kann að vera sá, sem selur viðkomandi vöru, er veitir boðið, t. d. smásali, sem afhendir viðskiptavinum sínum vottorð í einhverri mynd, sem hann skuldbindur sig til að innleysa í vörum. Boðið getur þó einnig verið veitt af öðrum en seljanda, t. d. framleiðanda. Slíkt boð getur einnig komið fram á umbúðum vörunnar eða á annan hátt, t. d. í auglýsingum.

Þau skilríki eða vottorð, sem greinin á við, geta verið af mörgum og ólíkum gerðum. Það geta t. d. verið merkimiðar, sem festir eru við vöruna, eða hlutar af umbúðum hennar. Ókeypis afhending merkimiða til heimila, sem gefa rétt á afslætti við kaup ákveðinnar vöru, er ekki refsiverð. Sama ætti að gilda um merkimiða, sem klipptir eru út úr auglýsingum í blöðum.

Til þess að boð sé óheimilt, er gert ráð fyrir, að vottorðið sé innleyst með öðru en peningum. Reglan á bæði við vottorð, sem beint má skipta á og vörum og vottorð, sem gefa rétt á afslætti við innkaup. Greinin tekur einnig til vottorða, sem innleysa má annað hvort með peningum eða vörum.

Í 2. mgr. er undantekning frá aðalreglunni. Undantekningin varðar skilríki eða merki, sem aðeins veita rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda.

Um 33. gr.

Grein þessi, sem er nýmæli, er tekin upp að danskri fyrirmynd.

Hér er lagt bann við, að sala sé örvuð með úthlutun vinninga með hlutkesti í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt, þar sem niðurstaða ræðst af tilviljun. Bannið gildir, enda þótt ekki þurfi að kaupa vörur til þess að geta tekið þátt í hlutkestinu eða samkeppninni. Undantekning er gerð í 2. mgr. varðandi lausn verðlaunasamkeppni á vegum blaða og tímarita.

Rétt þykir að setja ákvæði um þessi efni, þótt söluörvandi starfsemi af þessu tagi sé ekki algeng hérlendis. Þessar aðferðir eru mjög tíðkaðar í nágrannalöndunum og ekki ólíklegt að þeirra fari að gæta meir hér á landi.

Um 34. gr.

Grein þessi svarar efnislega til 13. gr. gildandi laga, en sú grein var sett til að „fyrirbyggja mútugjafir innan verslunarstéttarinnar", eins og segir í athugasemdum við greinina.

Þessi grein er sniðin eftir hliðstæðri grein í norsku lögunum. Í dönsku lögunum er hins vegar ekki að finna ákvæði um bann við mútugjöfum. Þar eru almenn hegningarlagaákvæði látin duga í þessum efnum. Eðlilegt virðist, að frumvarp til laga um samkeppnis- og viðskiptahætti hafi að geyma ákvæði, sem ætlað er að sporna við mútugjöfum, enda hefur slíkt ákvæði lengi verið í íslenskri löggjöf eins og áður segir.

Samkvæmt gildandi lögum skiptir ekki máli, hver býður gjafir eða önnur hlunnindi, þ. e. a. s. ekki er eingöngu miðað við, að það sé atvinnurekandi eða einhver á vegum hans. Hins vegar verður mútuþegi að vera starfsmaður kaupmanns eða verslunarfyrirtækis til þess, að ákvæði gildandi laga taki til verknaðarins. Hér er lagt til, að þessu verði snúið við þannig, að miðað verði við, að gjafir séu boðnar af hálfu atvinnustarfsemi, sem frumvarpið tekur til, sbr. 2. gr., en sá, sem við tekur, þurfi ekki að vera starfsmaður atvinnurekanda, er rekur slíka starfsemi. Gjafþegar geta því verið starfsmenn ýmissa annarra aðila, en þeirra, sem falla undir 2. gr. þessa frumvarps. Sýnist þetta vera eðlilegri skipan en nú er með tilliti til þeirra hagsmuna, sem ætlað er að vernda með þessum reglum.

Hugrænu kröfurnar eru orðaðar öðruvísi og skýrar en í gildandi lögum. Ákveðins tilgangs er krafist, þ. e. a. s. að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra.

Gjafir þær eða önnur hlunnindi, sem rætt er um í greininni, verða að vera fallin til þess að hafa áhrif á viðtakanda. Þessi takmörkun leiðir til þess, að venjulegar tækifærisgjafir falla utan ákvæðisins.

Varðandi afstöðu þess aðila, sem starfsmaður starfar fyrir, er sú regla sett, að sé gjöfin eða hlunnindin veitt með vitund hans, fellur atferlið utan ákvæðisins. Í þessu tilliti er því það sjónarmið látið ráða, að múturnar séu fyrst og fremst trúnaðarbrot gagnvart þeim aðila, er viðtakandi starfar fyrir. Sé hins vegar litið á mútur fyrst og fremst sem ótilhlýðilega samkeppnisaðferð ætti vitneskja og jafnvel samþykki ekki að leysa undan ábyrgð.

Í gildandi lögum eru ekki ákvæði, er taka til þess, þegar gjafir eru gefnar eða hlunnindi veitt, eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum. Nauðsynlegt er, m. a. af lagatæknilegum ástæðum, að setja reglur, er taka til þessara tilvika, þar sem málum mun oft vera þannig háttað, að gjöfum eða hlunnindum er lofað, áður en verknaður er unninn, en látið líta svo út, sem um eftirfarandi umbun sé að ræða. Til þess að ávinningur falli undir þetta, verður hann að geta talist óhæfilegur.

Um 35. gr.

Þessari grein er ætlað að koma í stað 12. gr. gildandi laga, en þeirri grein var ætlað að vera, „til varnar misbrúkun á því, að fyrrverandi starfsmenn atvinnufyrirtækja noti sér aðstöðu sína til skaða fyrir fyrrverandi húsbændur", eins og segir í athugasemdum við greinina.

Hér eru settar mun ítarlegri reglur um vernd rekstrarleyndarmála, en eru í gildandi lögum. Þær reglur, sem hér er um að ræða, eru reistar á því, að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna, sem felast í því, að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi þeirra, er snerta sérstaklega samkeppnisstöðu, sé haldið leyndum, þ. e. a. s. upplýsingum um þessa þætti sé haldið innan fyrirtækjanna.

Þeir hagsmunir, sem ákvæðum greinarinnar er ætlað að vernda, eru nefndir atvinnuleyndarmál. Þetta hugtak á að svara til hugtaksins „erhvervshemmeligheder", sem notað er í dönsku lögunum. Því er ætlað að taka bæði til verslunar- og rekstrarleyndarmála, en þau hugtök eru notuð í gildandi lögum og voru þýðing á hugtökunum „forretnings- og driftshemmeligheder", sem notuð voru í lögum þeim, sem fyrr giltu í Danmörku um ólögmæta viðskiptahætti.

Hugtakið atvinnuleyndarmál er ekki skilgreint í greininni, enda mun hvergi í erlendri löggjöf kveðið á um skilgreiningu hugtaksins, eða hugtakanna rekstrar- og viðskiptaleyndarmála, sem eru uppistaðan í því. Rétt er að víkja nokkrum orðum að þessum hugtökum. Ekki eru skörp skil milli þessara hugtaka, og í einstöku leyndarmáli geta verið þættir úr báðum. Rekstrarleyndarmál lúta þó fremur að tæknilegum atriðum, s. s. ýmsum tæknilegum ráðstöfunum, sem hagnýttar eru við framleiðsluna. Um getur verið að ræða uppfinningar, sem fullnægja skilyrðum fyrir einkaleyfisrétti, en sem fyrirtækið óskar hins vegar, að haldið sé leyndum.
Þótt skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt, getur samt sem áður verið um verndað rekstrarleyndarmál að ræða.

Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál, sem er heppilegra orð, geta verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum. Ennfremur geta markaðsrannsóknir, rekstrarniðurstöður og tölfræðilegar upplýsingar verið viðskiptaleyndarmál. Sama er að segja um söluáætlanir og þann tíma, þegar ákveðið er að hefja ákveðna auglýsingaherferð. Ýmislegt fleira mætti nefna, en þetta verður látið nægja. Varðandi viðskiptaleyndarmál ber að hafa í huga, að þau geta aldrei öðlast vernd samkvæmt einkaleyfisrétti svo sem tök eru á með rekstrarleyndarmál í sumum tilfellum eins og áður er getið. Eina vernd viðskiptaleyndarmála kemur því til að felast í ákvæðum þessa kafla, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Almenn þekking og reynsla, sem starfsmaður hagnýtir við störf sín getur ekki talist til atvinnuleyndarmála. Til þess að um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þarf að liggja fyrir þekking, sem er sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skiptir máli fyrir starfsemina.

Gera verður þær kröfur til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða starfsemi eða það liggi í hlutarins eðli, svo að ekki verði um villst, að ætlast sé til slíkrar leyndar.

Um atvinnuleyndarmál getur verið að ræða, enda þótt fleiri en eigandi eða stjórnandi viðkomandi starfsemi þekki það. Til þess að unnt sé að hagnýta atvinnuleyndarmál, verða venjulega einn eða fleiri starfsmenn, sem háðir eru þagnarskyldu, að þekkja það, eða vera kunn í bankasamböndum fyrirtækisins. Eftir því sem fleiri, sem ekki eru háðir þagnarskyldu, þekkja atvinnuleyndarmál verður meiri vafi um, hvort hagsmunirnir séu þess eðlis, að þeir eigi að njóta verndar sem atvinnuleyndarmál.

Á síðari árum hefur komið fram á sjónarsviðið það, sem kallað hefur verið á erlendu máli „know-how". Afmörkun þessa hugtaks gagnvart atvinnuleyndarmálum er óljós. Talað er um „know-how" á sviði iðnaðar, viðskipta, fjármála og stjórnunar. „Know-how" á sviði iðnaðar hefur þó skipt mestu máli. Þróun framleiðslutækni fer fram í ríkum mæli með þeim hætti, að umbætur eða endurbætur á tæknilegum atriðum verða smám saman. Þessar umbætur kunna hver fyrir sig að vera óverulegar, en þegar allir þættir koma saman kunna þeir að hafa úrslitaþýðingu fyrir samkeppnishæfni fyrirtækisins. Slík þekking og reynsla, sem er árangur tilrauna til aukinnar tækni, er oft nefnd „know-how", en mörk hugtaksins eru ekki glögg. Segja má, að „know-how" sé einskonar millistig milli atvinnuleyndar-

mála og almennrar tækniþekkingar, en mörkin eru óglögg eins og áður segir. Hafi „know-how“ í sér fólgið atvinnuleyndarmál, nýtur það verndar sem slíkt, annars ekki. „Know-how“ nýtur því ekki verndar samkvæmt þessari grein, nema það hafi að geyma atvinnuleyndarmál eða geti fallið undir 3. mgr. greinarinnar, þar sem fjallað er um vernd uppdráttar o. fl., sbr. síðar. Við hugsanlega vernd „know-how“ verður því að taka mið af öðrum atriðum en leyndinni, þá einkum með þeim hætti, að unnt sé að koma á einkarétti á ákveðinni tækni- eða viðskiptaaðferð eða þekkingu, sem unnt sé að veita öðrum aðgang að án þess að verndin falli niður. Að vissu marki getur réttur til „know-how“ verið varinn með samningum um framleiðsluleyfi. Almenna refsiréttarlega vernd á „know-how“ er tæpast unnt að miða við annað en leyndina.

Í 1. mgr. greinarinnar er svo kveðið á um, að óheimilt sé, að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum atvinnustarfsemi, sem ákvæði frumvarpsins taka til, sbr. 2. gr. Þessi málsgr. beinist því að þeim, sem aflar sér eða reynir að afla sér upplýsinga um atvinnuleyndarmál annars. Hér falla undir hinar svokölluðu „iðnaðarnjósnir“. Ákvæðið nær bæði til utanaðkomandi aðila og starfsmanna í viðkomandi fyrirtæki. Í lögum á Norðurlöndum, t. d. dönsku og norsku lögunum, er hliðstætt ákvæði ekki látið taka til utanaðkomandi aðila, enda er í alm. hgl. þessara ríkja ákvæði, sem ná til slíkra tilfella. Í alm. hgl. hérlendis eru ekki ákvæði af þessu tagi og er því nauðsynlegt að hafa greinina víðtækari að þessu leyti.

Til þess að málsgreinin taki til háttsemi, verður aðferð sú, sem beitt er til að afla sér upplýsinga um atvinnuleyndarmál að teljast ótilhlýðileg. Hér er því lögð áhersla á, að um ámælisvert atferli verður að vera að ræða. Sá, sem fyrir tilviljun kemst á snoðir um atvinnuleyndarmál, t. d. á þann hátt, að hann í löglegum erindagjörðum í fyrirtæki fær að sjá hluti, sem hann átti ekki að sjá.

Í 2. mgr. er lögð þagnarskylda á þá, sem eru í tengslum við viðkomandi starfsemi sem starfsmenn eða í félagsskap við aðra. Bannið beinist að þeim, sem veitir upplýsingar um eða hagnýtir sér slík leyndarmál. Lagt er til, að þagnarskyldan haldist í 3 ár frá því, að starfi lýkur eða samningi er slitið. Er þessi frestur að efni til sá sami og í gildandi lögum, en þar er kveðið svo á um, að refsing falli niður, ef liðin eru meira en þrjú ár frá því, að samningnum var slitið.

3. mgr. er nýmæli. Þar er lögð þagnarskylda á þá, sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti, hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum o. þ. h. Ákvæði af þessu tagi hafa verið lengi í gildi í sumum Norðurlandanna og eru nú gildandi í þeim öllum nema hér á landi. Í sambandi við þetta ákvæði ber að vekja sérstaka athygli á, að ekki er nauðsynlegt, að uppdrættir þeir eða annað það, sem hér er nefnt og ætlunin er að vernda, séu atvinnuleyndarmál. Hér getur því verið um að ræða „know-how“, sem ekki er atvinnuleyndarmál. Sé um atvinnuleyndarmál að ræða taka 1. eða 2. mgr., sbr. og 4. mgr., þessarar greinar til atferlisins. Sjálfstæða þýðingu hafa ákvæði 3. mgr. því fyrst og fremst, þegar ekki er um að ræða atvinnuleyndarmál, en þar sem samt sem áður er eðlilegt að koma í veg fyrir, að þekking þessi sé hagnýtt. Hér er því ekki miðað við leyndina sem slíka, heldur eru talin upp í málsgreininni svo tæmandi sé þau andlög, sem njóta eiga verndar gegn óheimilli hagnýtingu þeirra, sem vegna starfs síns eða stöðu hefur verið trúað fyrir þeim.

Ákvæði 4. mgr. taka til þeirra, sem notfæra sér atvinnuleyndarmál, sem upplýsinga um eða umráða yfir hefur verið aflað á þann hátt, að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.—3. mgr. Í hugrænu tilliti verður sá, er notfærir sér atvinnuleyndarmál, að vita að um er að ræða atvinnuleyndarmál eða þau atriði, sem um ræðir í 3. mgr., og að upplýsinga um þau eða umráða yfir þeim hafi verið aflað með því, að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.—3. mgr.

Um 36. gr.

Í gildandi lögum eru ítarleg ákvæði um útsölur í 5. og 6. gr. laganna og voru þau sett „til þess að koma í veg fyrir, að fólk sé blekkt til að koma í verslanir með auglýsingum um útsölu og til þess að koma skipulagi á eðlilega rýmingarsölu verslana“, eins og segir í athugasemdum við greinarnar.

Þessi ákvæði eru úrelt orðin og tímabært að setja ákvæði með nútímalegra sniði um þessi efni. Gildandi ákvæði fjalla einkum um það, hvenær og hversu lengi útsölu megi halda.

Í lögum á Norðurlöndum eru ekki sérstök ákvæði um útsölur. Slík ákvæði hafa raunar aldrei verið í lögum í Svíþjóð, en voru í áður gildandi lögum í Noregi, Danmörku og Finnlandi. Við endurskoðun löggjafar í þessum löndum um ólögmæta viðskiptahætti voru hin sérstöku ákvæði um útsölur felld niður. Talið var, að ákvæði um bann við villandi upplýsingum og ákvæði um leiðbeiningarskyldu, sbr. 27. og 28. gr. þessa frumvarps væru nægileg í þessum efnum.

Með tilliti til þess, að sérstök ákvæði um útsölur hafa lengi verið hér í lögum og útsölur eru all algeng verslunaraðferð hér, sem skapa ýmiss vandamál, þykir rétt að hafa áfram sérstök ákvæði um þær og er það lagt til hér. Ákvæði þessarar greinar eru að efni til frábrugðin reglum gildandi laga um útsölur, enda er hér lögð aðaláherslan á að tryggja rétt neytenda, en gildandi lög leggja meiri áherslu á að vernda fyrirtækin hvert fyrir öðru með því að takmarka notkun þeirra á þessu söluformi, þótt þess sjónarmiðs gæti einnig að vernda kaupendur.

Ekki er ástæða til þess að hafa ákvæði um útsölur, sem fyrst og fremst er ætlað að vernda fyrirtækin fyrir samkeppni. Almennt er viðurkennt, að verðsamkeppni sé æskileg og strangar útsölutakmarkanir geta hamlað gegn virkni verðsamkeppni. Aðalsjónarmiðið er því, hvort almennt sé hætta á því, að neytendur séu beittir blekkingum í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Tilgangurinn með lagareglum um þetta ætti því að vera að koma í veg fyrir slíkt. Á þann hátt munu keppinautar einnig njóta verndar gegn ólöglegum söluörvandi aðgerðum.

Í 1. mgr. er svo mælt fyrir, að útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, megi því aðeins auglýsa eða tilkynna, að um raunverulega verðlækkun sé að ræða og þess skuli gætt með verðmerkingum, hvert upprunalegt verð vörunnar var. Í gildandi ákvæðum er ekkert vikið að verðinu, enda þótt kaupendur laðist að útsölum fyrst og fremst vegna hugmynda um lágt verð. E. t. v. má segja, að í hugtakinu útsala felist, að um hagstætt verð verði að vera að ræða. Hér er því lagt til, að sérstök áhersla verði lögð á verðlækkunina. Verðlækkun verður að felast í því, að seljandi bjóði vöruna við lægra verði, en hann selur sams konar vöru venjulega á. Hafi verð verið hækkað í beim tilgangi að geta síðan auglýst verðlækkun, myndi slík auglýsing teljast villandi og geta fallið undir ákvæði 27. gr. frumvarpsins. Þess er ekki krafist, að nein ástæða sé tilgreind fyrir verðlækkuninni.

Í gildandi lögum er greint á milli almennra eða venjulegra útsala og útsala sem haldnar eru af sérstökum ástæðum og eru sérreglur um síðari tilfellin, m. a. er snerta tilkynningar til lögreglustjóra o. fl., og mega þær útsölur standa lengur. Þessi greining er ekki tekin upp frekar en tímamörk gildandi laga um útsölur. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verður því heimilt að halda útsölur eftir þörfum og engar ástæður þarf að tilgreina fyrir þeim.

Ákvæði þessarar greinar miða því einkum að því að tryggja, að um raunverulega verðlækkun sé að ræða og að neytendur geti áttað sig á verðmuninum.

Í 2. og 3. mgr. er leitast við að tryggja enn frekar, að neytendur geti áttað sig sem best. Þar er annars vegar í 2. mgr. kveðið svo á um, að séð skuli um, að ljóst liggi fyrir til hvaða vara útsala nær, þegar hún tekur ekki til allra vara fyrirtækis, og hins vegar í 3. mgr. boðið að vekja skuli glögglega athygli á því, ef útsala tekur til gallaðra vara og er það ákvæði raunar að efni til hliðstætt 4. mgr. 5. gr. gildandi laga.

Um 37. gr.

Grein þessi svarar til 4. gr. gildandi laga. Um nokkrar breytingar er þó að ræða og eru ákvæði greinarinnar heldur einfaldari í sniðum en reglur gildandi laga um þetta efni.

Í 1. mgr. er lagt bann við því að nota alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi og önnur hliðstæð auðkenni til þess að merkja vörur, hvort sem þær eru þannig merktar sjálfar eða umbúðir þeirra eða miðar með þeim. Slík merki er einnig bannað að nota í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum. Þessi málsgrein svarar til 1. mgr. og a) liðar 3. mgr. 4. gr. gildandi laga. Segja má, að það sé á mörkunum að þessar reglur eigi heima í frumvarpinu og eðlilegra væri, að þessum auðkennum væri veitt vernd í almennum hegningarlögum. Sama er að segja um ákvæði 2. mgr. um vernd skjaldarmerkja. Rétt þykir a. m. k. til bráðabirgða, að hafa þessi ákvæði áfram í tengslum við ólögmæta viðskiptahætti. Við endurskoðun á almennum hegningarlögum þyrfti að athuga, hvort ekki væri rétt að kveða á um þessi efni þar og þá e. t. v. í eitthvað breyttri mynd.

Í 2. mgr. er lagt bann við notkun ríkisskjaldarmerkja, bæði skjaldarmerkis íslenska ríkisins og annarra ríkja svo og skjaldarmerkja íslenskra sveitarfélaga, við framboð vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði svarar til b) liðar 3. mgr. 4. gr. gildandi laga, þó þannig að hér er skjaldarmerkjum íslenskra sveitarfélaga bætt við og verndin einnig látin ná til þeirra.

3. mgr. svarar efnislega til c) liðar 3. mgr. 4. gr. gildandi laga. Gagnstætt öðrum ákvæðum þessarar greinar eiga ákvæði þessarar málsgreinar óumdeilanlega heima í þessu frumvarpi, enda er tilgangur reglnanna að koma í veg fyrir, að villst verði á íslenskum og erlendum vörum vegna ýmisskonar íslenskra auðkenna, sem sett hafa verið á erlendu vörurnar. Ekki er öruggt, að merking erlendra vara með þeim þjóðlegu auðkennum, sem greind eru í þessari málsgrein, falli undir ákvæði 27. gr. frumvarpsins um bann við röngum, villandi eða ófullnægjandi upplýsingum o. fl., og þykir því rétt að halda þessu ákvæði gildandi laga með nokkrum breytingum. Í gildandi lögum er svo kveðið á um, að óheimilt sé að hafa á boðstólum vörur, framleiddar erlendis eða erlendar að uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefur í heimildarleysi verið sett mynd eða nafn íslenska fánans, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða mynd af konunginum og ættmönnum hans. Síðast greinda ákvæðið er að sjálfsögðu úrelt orðið og fellt niður hér, en við er bætt „öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum“ og ræðst það af mati á hverjum tíma, hvaða auðkennum má jafna við íslenska fánann og ríkisskjaldarmerkið. Í gildandi lögum virðist vera gert ráð fyrir því, að unnt sé að veita heimild til þess að nota áðurgreind auðkenni á vörur. Hér er hins vegar lagt til, að fortakslaust verði bannað að nota þessi auðkenni við framboð vara.

Um 38. gr.

Hér er lagt til, að samkeppnisnefnd, sbr. 1. mgr. 4. gr., verði veitt vald til þess að banna athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Í sambandi við 26. gr. skal tekið fram, að athöfn, sem brýtur í bága við siðareglur á ekki út af fyrir sig að leiða til viðurlaga að refsirétti eða einkarétti, heldur aðeins leiða til þess, að lagt verði bann við því, að henni sé haldið áfram eða hún endurtekin.

Banni á fyrst og fremst að beina gegn þeim, sem ber ábyrgð á viðkomandi rekstri. Einnig er gert ráð fyrir, að banni megi einnig beina gegn þeim, sem ráðnir eru í þjónustu annarra eða taka þátt í verkinu eða athöfninni. Ákvæðinu ætti þannig að vera unnt að beita um auglýsingastofur.

Til þess að bann nái tilætluðum áhrifum er mikilvægt, að það sé ekki of takmarkað. Gæta þarf þess, að ekki sé unnt að fara í kringum það með óverulegum leiðréttingum á tjáningarhætti eða því um líku og síðan sé haldið áfram athöfnum, sem raunverulega eru þær sömu og bannaðar voru. Bannið verður því að vera þannig úr garði gert, að bæði sé tekið mið af þeirri sérstöku athöfn, sem var

tilefni aðgerða samkeppnisnefndar og þeirra athafna, sem má jafna til þeirrar athafnar. Samkeppnisnefnd á þannig að geta bannað ekki aðeins þá athöfn, sem beiðst er banns við, sbr. 40. gr., heldur einnig því líkar athafnir. Hins vegar verður að vera alveg ljóst til hvaða athafna bann nær, ella væri réttaröryggi stefnt í voða. Ákvörðun um bann verður því að vera vel undirbúin og vandlega frá gengin.

Lagt er á vald samkeppnisnefndar, hvort hún lætur févíti fylgja banni. Ákvörðunum samkeppnisnefndar er unnt að skjóta til almennra dómstóla.

Um 39. gr.

Hugsanlegt er, að verknaður, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, sé einnig brot á ákvæðum kaflans. Ef bæði févíti og refsing er dæmd í slíkum tilfellum, hefur verknaðurinn tvenns konar viðurlög, sem er óheppilegt. Sé verknaður refsiverður eftir einhverri hinna sérstöku eða sérgreindu reglna kaflans, byggist févítið og refsingin á sama grunni. Í slíkum tilfellum ætti ekki að dæma nema annað hvort og er rétt að láta févítið sitja í fyrirrúmi.

Grein þessi á því aðeins við, þegar verknaður er refsiverður samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Sé verknaður refsiverður eftir öðrum lögum, t. d. sem svik eftir almennum hegningarlögum, gildir ákvæðið ekki. Þá ætti það að vera aðalreglan að dæma bæði févíti og refsingu, enda virðist það heimilt, þar sem telja verður hér tilgang refsireglunnar og reglunnar um févítið mismunandi. Við refsimatið verður þó að hafa í huga, að viðurlögin samanlögð mega ekki vera óeðlilega ströng og getur þetta e. t. v. leitt til lækkunar févítisins.

Rétt er hér til skýringarauka að vekja athygli á eðli þess févítis, sem gert er ráð fyrir, að fylgi bannákvörðun samkvæmt þessum kafla, en það er með nokkuð öðrum hætti en tíðkast í íslenskri löggjöf. Samkvæmt íslenskum lögum er févíti aðeins heimilað til að knýja viðkomandi aðila til beinna athafna, oftast skýrslugjafar. Hinsvegar eru ekki ákvæði í lögum, sem veita yfirvöldum heimild til þess að þvinga menn að viðlögðu févíti til að láta vera að vinna verk, þ. e. a. s. févíti er ekki notað til að halda mönnum til hlýðni við bönn yfirvalda. Réttara hefur verið talið, þegar um bannbrot er að ræða að beita refsiviðurlögum. Í þeim málum, sem hér er um að tefla, ríður á, að ákvarðanir samkeppnisnefndar hafi sem virkust áhrif, þ. e. a. s. komið verði í veg fyrir athafnir, sem taldar eru brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr., en þau hafa mesta almenna þýðingu af ákvæðum kaflans. Sýnist févítið vera hér vænlegast til árangurs og er það því lagt til hér, enda þótt um það sé að ræða að halda mönnum til hlýðni við bannákvörðun og því nýmæli í íslenskum rétti .

Um 40. gr.

Samkvæmt þessari grein tekur samkeppnisnefnd upp mál um bann eftir umsókn verðlagsstofnunar eða þeirra aðila annarra, sem kærurétt hafa í þessum málum.

Gert er ráð fyrir í greininni, að aðalreglan verði sú, að verðlagsstofnun leggi fyrir samkeppnisnefnd umsókn um bann. Ef verðlagsstofnun hins vegar í ákveðnu tilfelli ákveður að sækja ekki um bann, hafa viss samtök og einstaklingar rétt til að óska eftir banni. Kærurétt hafa þeir atvinnurekendur, sem málið snertir, svo og samtök þeirra. Ennfremur hafa samtök neytenda og launþega kærurétt.

Regluna um kærurétt annarra en verðlagsstofnunar ber að skilja svo, að þeir einstaklingar eða þau samtök, sem vilja fá samkeppnisnefnd til að leggja á bann, verða fyrst að snúa sér til verðlagsstofnunar. Það er fyrst eftir að verðlagsstofnun hefur ákveðið að taka ekki erindið upp við samkeppnisnefnd, að kærandinn getur gert það.

Um 41. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um, að ákvörðun um bannumsókn komi ekki í veg fyrir, að sama mál sé tekið til meðferðar á ný, þegar breyttar aðstæður eða aðrar ástæður gefa tilefni til.

Ákvörðun samkeppnisnefndar hefur ekki sömu þýðingu og dómur. Hún er ekki bindandi á þann hátt, að samkeppnisnefnd sé ekki unnt að breyta ákvörðun, sem hún hefur einu sinni tekið. Hafi bann verið lagt á, getur sá, sem það snertir sótt um það hjá samkeppnisnefnd, að bann sé fellt niður. Hann getur stutt slíka kröfu, t. d. með því, að hann geti nú sannað réttmæti fullyrðingar, sem samkeppnisnefnd hefur bannað honum að nota í auglýsingu. Ákvæðið leiðir einnig til þess, að samkeppnisnefnd getur eftir umsókn tekið til nýrrar ákvörðunar erindi um bann við ákveðinni athöfn, sem hún hefur ekki áður séð ástæðu til að banna. Mögulegt er einnig að taka til nýrrar meðferðar ákvörðun, sem gengist hefur verið inn á við verðlagsstofnun í formi sáttar.

Um 42. gr.

Hér er gefin heimild til þess að leggja á bann til bráðabirgða. Skilyrði er, að sérstakar aðstæður liggi fyrir, er réttlæti slíkt. Í því sambandi verður annars vegar að athuga, hvaða afleiðingar slíkt bann hefur fyrir neytendur og keppinauta, að kærðri athöfn sé haldið áfram og hins vegar, hverjar fjárhagslegar afleiðingar bann getur haft fyrir þann, sem fyrir því verður. Einnig skiptir miklu máli, að sjálfsögðu hvort sennilegt er, að bráðabirgðabanni fylgi endanleg ákvörðun, sem gengur í sömu átt. Sé erfitt að gera sér grein fyrir, hvort athöfnin samrýmist lögunum eða ekki, ætti venjulega ekki að leggja á bráðabirgðabann. Hvort févíti fylgir banni eða ekki, skal hér metið á sama hátt og við endanlegt bann.

Um 43. gr.

Hér er fjallað um, hvernig banni samkvæmt 38. gr. verði komið á með sátt. Heimild til sáttar má því aðeins nota, að mál sé ekki mikilvægt. Reglurnar um sjálfa meðferðina eiga sér hliðstæðu í reglum laga um meðferð opinberra mála um, hvernig refsimáli verði lokið með sátt.

Verðlagsstofnun skal leggja bann til viðurkenningar fyrir þann, sem talinn er hafa unnið verk, sem óheimilt er samkvæmt 26. eða 27. gr. Bannið á að vera að viðlögðu févíti. Það skal uppgefið í sáttaboðinu, hvort viðurkenna ber hana strax eða innan ákveðins tíma. Viðurkenningin verður að ná bæði til sjálfs bannsins og févítisins. Sé bannið samþykkt gildir það sem bann álagt af samkeppnisnefnd. Nefndin getur þannig ekki lagt bann við sömu athöfn nema fyrir liggi breyttar aðstæður, sem heimila endurskoðun bannsins, sbr. 41. gr. Viðurkenning, sem á sér stað eftir þann tíma, sem til þess var settur, hefur ekkert gildi. Komi það fyrir, að sá, er í hlut á, vilji viðurkenna sáttaboð, eftir að liðinn er sá tími, sem til þess var settur, getur það ekki gerst nema nýtt sáttaboð sé gert. Áður en sá tími er liðinn, sem settur var til viðurkenningar sáttaboðs, á ekki að sækja um bann hjá samkeppnisnefnd. Það þykir þó ekki nauðsynlegt að hafa ákvæði um þetta í lögunum, þar sem enginn getur lagt fram slíka umsókn, meðan verðlagsstofnun hefur ekki ákveðið að sækja ekki um bann fyrir samkeppnisnefnd.

Um 44. gr.

Hér er lagt til, að ráðherra verði veitt heimild til þess með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla. Í þessu sambandi kemur t. d. til álita að setja frekari reglur um auglýsingar í reglugerð. Frekari ákvæði um sáttir og sáttaboð skv. 43. gr. þyrfti og að setja með reglugerð.

Um 45. gr.

Í 9. gr. gildandi laga um verðlagsmál nr. 54, 12. júní 1960, er verðlagsstjóra heimilað að fyrirskipa, að vörur skuli verðmerktar, festar skuli upp verðskrár í verslunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi. Verðlagsstjóri hefur notað þessa heimild og mælt fyrir um verðmerkingar vara.

Hér er lagt til, að nokkru ítarlegri reglur verði settar um þessi efni og að heimild verðlagsstofnunar verði víðtækari en heimild verðlagsstjóra samkvæmt gildandi lögum.

Í 1. mgr. er verðlagsstofnun veitt heimild til að setja reglur um verðmerkingar og verðskrár svo og að ákveða, að tilteknar vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Verðlagsstofnun er ennfremur heimilt að setja reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun svo og um afborgunarskilmálana. Í þessu sambandi koma upplýsingar um eftirtalin atriði einkum til álita: a) Útborgunarfjárhæð b) tímalengd milli afborgana c) tala afborgana d) fjárhæð einstakra afborgana e) heildarkaupverð, ef greitt er með afborgunarskilmálum. Verðlagsstofnun getur látið reglur þær, er hún kynni að setja um þessi efni, bæði ná til verðmerkingar í verslunum og auglýsinga.

Í 2. mgr. er verðlagsstofnun veitt heimild til þess að setja reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

Um 46. gr.

Hér er verðlagsráði veitt heimild til þess að ákveða, í þeim tilfellum, þegar fyrirtæki hafa hagnast af aðgerðum, sem brjóta í bága við ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar eða verðlagsstofnunar, að láta þann hagnað, sem umfram er það, sem til var ætlast, koma til frádráttar við ákvörðun verðs eða álagningar síðar.

Um 47. gr.

Hér er lögð sú skylda á verðlagsstofnun að ráðgast, eftir því sem kostur er, við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar um verð, samkeppnishömlur eða ólögmæta viðskiptahætti. Eðlilegt er, að aðilum sé þannig gefið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum að, áður en komið er að ákvörðunartöku, enda geta sum mál, t. d. varðandi ólögmæta viðskiptahætti, leystst á því stigi.

Ekki er gert ráð fyrir, að neinn munnlegur málflutningur fari fram fyrir ákvörðunaraðilum samkvæmt frumvarpi þessu. Hætt er við, að slíkt myndi tefja afgreiðslu mála um of, en gera má ráð fyrir miklum fjölda mála, sem afgreiða þarf, og jafnframt eru málefni þau, sem hér um ræðir, flest þess eðlis að taka verður ákvörðun eins fljótt og kostur er. Hins vegar verða aðilar að geta komið sjónarmiðum sínum formlega að og er lagt til, að það skuli gert með skriflegum greinargerðum. Greinargerðunum skal skilað til verðlagsstofnunar, sem ákveður fresti í því sambandi. Þegar frestur er ákveðinn, þarf annars vegar að hafa í huga nauðsyn þess að taka ákvörðun fljótt og hins vegar hversu mikinn undirbúning ætla má, að samning greinargerðar þurfi. Ákvarðanir skal tilkynna aðilum skriflega. Ekki er hér mælt fyrir um, að rökstuðningur skuli fylgja skilyrðislaust öllum ákvörðunum. Er það því á valdi ákvörðunaraðila að meta slíkt, en óski hlutaðeigandi eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun, er eðlilegt, að hann sé látinn í té eftir því sem kostur er, þótt ekki sé það skylt.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um heimild til þess að skjóta ákvörðunum þeim, sem teknar eru samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, til almennra dómstóla.

Að því er varðar verðákvarðanir samkvæmt III. kafla frumvarps þessa er ekki um að ræða málskotsmöguleika. Ástæðan fyrir þessu er sú, að ákvarðanir um verðlagsmál eru í þeim mæli háðar mati, að erfitt er fyrir dómstóla um þær að dæma. Hér er því um það að ræða, að dómstólar eiga ekki úrskurðarvald um beitingu og meðferð lögleyfðs valds samkvæmt III. kafla, þ. e. a. s. þeim er ekki ætlað að úrskurða um réttmæti ákvarðananna. Hins vegar geta almennir dómstólar skorið úr um lögmæti ákvarðana þessara, t. d. um valdmörk, form, hvort gætt hafi verið réttra aðferða við gerð ákvörðunar eða önnur þau atriði, er varða embættistakmörk. Er þetta í samræmi við grundvallarreglur íslensks réttar á þessu sviði.

Í Danmörku er annar háttur hafður í þessum efnum. Þar er greiður aðgangur til að áfrýja ákvörðunum „Monopoltilsynets“ varðandi verð og álagningu fyrst til „Monopolankenævnet“ og úrskurðum nefndarinnar til landsréttar og hæstaréttar. Í reynd mun afar fágætt, að úrskurðum nefndarinnar hafi verið skotið til æðri dómstóla.

Ákvarðanir samkeppnisnefndar er unnt að bera undir almenna dómstóla og á það bæði við um ákvarðanir samkvæmt IV. kafla um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur og ákvarðanir samkvæmt V. kafla um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Ákvarðanir samkeppnisnefndar samkvæmt 18. gr. eru þó undanskildar málskotsrétti, enda varða þær verðlagsákvæði.

Um meðferð dómstóla á ákvörðunum samkeppnisnefndar er það að segja, að þeir munu að sjálfsögðu geta úrskurðað um öll atriði, er lúta að lögmæti ákvarðananna. Að því er varðar réttmæti ákvarðana samkeppnisnefndar eða meðferð lögleyfðs valds verða dómstólar að skera úr um, hversu langt þeir telja úrskurðarvald sitt ná í þeim efnum, en það kann að reynast mismunandi eftir tegund og eðli ákvörðunar.

Um 49. gr.

Hér er mælt fyrir um hliðstæð þvingunarúrræði og eru í 1. málsl. 20. gr. gildandi laga um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960. Tilgangur þessa ákvæðis er að knýja fram, að öll þau gögn og upplýsingar, sem nauðsynleg eru í sambandi við framkvæmd ákvæði frumvarpsins, fáist.

Um 50. gr.

Grein þessi, sem svarar til 19. gr. laga nr. 54, 14. júní 1960, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 51. gr.

Hér er mælt fyrir um birtingu ákvarðana og athugana samkvæmt frumvarpinu. Í löggjöf um verðlagsmál og einokun er yfirleitt lögð mikil áhersla á opinbera birtingu, þar sem svo er litið á, að með því að vekja athygli almennings á samkeppnishömlum sé unnt með árangursríkum hætti að vinna gegn skaðlegum áhrifum þeirra.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins er almenningi heimilaður aðgangur að tilkynningum þeim ásamt fylgiskjölum, sem verðlagsstofnun berast um samkeppnishömlur. Verðlagsstofnun skal halda sérstaka skrá um þessar tilkynningar. Með ákvæðum 16. gr. er þannig mælt fyrir um almennan aðgang að tilkynningum um samkeppnishömlur, sbr. þó 2. mgr. 16. gr., og er hér um mjög mikilvægt ákvæði að ræða. Til nánari skýringa verður að vísa til 16. gr. og athugasemda við hana.

Hér við bætist, að samkvæmt 1. mgr. 51. gr. ber að birta eftir því sem unnt er þær ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar, sem almenning varða svo og athuganir samkvæmt ákvæðum 13. gr., þ. e. a. s. rannsóknir verðlagsstofnunar á verði og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum. Ennfremur skal birta yfirlit yfir tilkynningar þær, sem verðlagsstofnun berast samkvæmt 14. gr.

Opinber birting ætti að skapa skilyrði fyrir skilningi á framkvæmd þessara mála og leiða til þess, að stjórnvöld verði stöðugt háð gagnrýni fjölmiðla og almennings.

Í gildandi lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 1960 eru ákvæði um birtingu. Í fyrsta lagi eru í 6. gr. laganna mælt fyrir um birtingu allra þeirra verðlagsákvarðana, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd. Í öðru lagi er í 7. gr. laganna mælt fyrir um birtingu skýrslna, sem varða þróun verðlags helstu nauðsynjavara.

Um 52. gr.

Hér er mælt fyrir um viðurlög við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins og reglum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim. Refsiákvæðum þessum svipar til gildandi ákvæða um þessi efni í lögum um verðlagsmál.

Samkvæmt greininni er sem aðalregla mælt fyrir um, að brot varði fjársektum. Við miklar sakir eða ítrekun brots er þó heimilt að beita refsivist, þ. e. a. s. fangelsi eða varðhaldi. Þar sem brot gegn ákvæðum frumvarps þessa munu oftast vera þess eðlis, að brotamaður hefur aflað sér fjár með brotinu, er hér vísað til 49. gr. almennra hegningarlaga, sem mælir svo fyrir um, að í slíkum tilvikum megi, þegar sérstaklega stendur á, dæma fjársekt jafnframt refsivist, sem við brotinu kann að liggja.

Við framkvæmd ákvæða frumvarpsins reynir mjög á skýrslugjöf til þeirra aðila, sem framkvæmdina munu hafa með höndum, sbr. t. d. 6. gr. Röng skýrslugjöf sætir refsingu samkvæmt 15. kafla almennra hegningarlaga, er fjallar um rangan framburð og rangar sakargiftir.

Önnur viðurlög samkvæmt greininni geta verið réttindasvipting um tiltekinn tíma eða ævilangt, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga.

Um 53. gr.

Opinber mál sæta meðferð eftir lögum nr. 74 frá 21. ágúst 1974.

Um kvaðningu meðdómenda eru ákvæði í II. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Í 112.—114. gr. laga nr. 74/1974 er dómara heimilt að fullnægðum ákveðnum skilyrðum að afgreiða opinber mál án málshöfðunar svo og skylt að höfða mál af sjálfsdáðum (þ. e. án atbeina ríkissaksóknara). Er hér annars vegar um að ræða smávægileg mál eða mál, þar sem skýlaus játning liggur fyrir og allar staðreyndir eru ljósar.

Í 4. mgr. er fullframning brots skilgreind og er hér um að ræða það fyrirbrigði, að fullframningarstigið er fært fram. Með fullframningu brots er átt við, hversu langt athöfn (athafnaleysi) eða afleiðingum hennar skal vera komið til þess að hún sæti refsingu eftir meginefni refsiákvæðis.

Um 54. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna svo og kveðið á um brottfellingu laga nr. 54, 14. júní 1960, um verðlagsmál, og laga nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, svo og annarra þeirra ákvæða, er fara í bága við þessi lög.

Með lögum nr. 113 frá 23. desember 1954 var sú breyting gerð á lögum nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, að við 7. gr. laganna var bætt tveimur málsgreinum, þar sem viðskiptaráðherra var heimilað að veita allt að 5 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum í hverjum hinna kaupstaðanna leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði myndir, málverk, listmuni og bækur. Er þetta eina heimildin í íslenskri löggjöf til að halda svokölluð frjáls uppboð. Öll uppboð önnur halda embættismenn þeir, sem með uppboðsmál fara lögum samkvæmt, þ. e. a. s. sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og borgarfógeti í Reykjavík. Ákvæði þessi um svokölluð listmunauppboð eru í litlum tengslum við önnur ákvæði laga nr. 84/1933. Ekki verður hjá því komist að láta þessi ákvæði halda gildi sínu, enda byggist þessi uppboðsstarfsemi alveg á þeim.

Fylgiskjöl.

Umsagnir eftirtalinna aðila:

1. Kvenfélagasamband Íslands ..... Fylgiskjal nr. I
2. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ..... Fylgiskjal nr. II
3. Neytendasamtökin ..... Fylgiskjal nr. III
4. Bandalag háskólamanna ..... Fylgiskjal nr. IV

5. Félag ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtök Íslands, Verslunarráð Íslands og Samband málm- og skipasmiðja ..... Fylgiskjal nr. V
6. Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna og Vinnuveitendasamband Íslands ..... Fylgiskjal nr. VI
7. Alþýðusamband Íslands ..... Fylgiskjal nr. VII
8. Samband ísl. samvinnufélaga ..... Fylgiskjal nr. VIII

Fylgiskjal I.

Kvenfélagasamband Íslands
Hallveigarstöðum — Reykjavík
sími 12335

Reykjavík, 13. desember 1976.

Viðskiptaráðuneytið,
Arnarhváli,
Reykjavík.

Stjórn Kvenfélagasambands Íslands hefur fjallað um drög að frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem ráðuneytið sendi henni til umsagnar með bréfi dags. 3. nóvember s.l. Biðst stjórnin velvirðingar á að dregist hefur nokkuð að svara bréfinu.

Stjórnin er meðmælt efni þessa frumvarps, en vill bera fram nokkrar athugasemdir.

Við 3. gr.

Gert er ráð fyrir að atvinnurekendur tilnefni tvo aðila í verðlagsráð og samtök launþega tvo. Ekki virðist óeðlilegt að fram sé tekið, að annar fulltrúi atvinnurekenda sé úr stétt verslunarmanna. Komið hefur fyrir, að samtök launþega eins og Alþýðusamband Íslands hafa neitað að tilnefna fulltrúa þar sem þau hafa átt að gæta hagsmuna neytenda, þ. e. í verðlagningarnefnd landbúnaðarafurða. Má benda á að Kvenfélagasamband Íslands kynni að vera eins eðlilegur fulltrúi neytenda og launþegasamtök, þar sem innan þeirra samtaka eru félagsbundin rösk 22 þúsund kvenna um land allt. Þá virðist eðlilegra að ákveða að fulltrúar þeir, sem Hæstiréttur tilnefnir, skuli hafa hagfræði- og lögfræðimenntun, auk þekkingar á viðskipta- og neytendamálum.

Við 13. gr.

Á eftir orðunum: og birta, komi: reglulega.

Við 20. gr.

Á eftir orðunum: eða viðskiptaskilmálum, komi: ófullnægjandi vöruúrvali.

Við 26. gr.

Á eftir orðunum: óhæfileg gagnvart neytendum komi: svo sem með því að hagnýta sér vankunnáttu þeirra og reynsluleysi (sbr. norsk lög nr. 47 1972).

Við 33. gr.

Á eftir orðunum: í formi verðlaunasamkeppni, komi: með framvísun hluta af umbúðum og/eða fylgiseðlum vöru.

Við 36. gr.

Á eftir orðunum: aðra sölu í 1. mgr. komi: þar sem sagt er að vara sé seld á lækkuðu verði.

Við 39. gr.

Merking þessarar greinar er mjög óljós, a. m. k. þeim, sem ekki eru lögfróðir, þar sem févíti virðist vera refsiákvæði skv. 38. gr.

Við 45. gr.

Á eftir orðunum: nánar tilgreindum, komi: sambærilegum einingum. Hér er átt við að nota skuli það einingakerfi, sem nú er að verða alþjóðlegt, en ekki t. d. gamla enska kerfið (gallon, únsur, ensk pund).

Síðasta málsgrein sömu greinar hefjist svo:

Verðlagsstofnun skal setja reglur um sölureikninga.

Stjórnin vill lýsa sérstakri ánægju með ákvæði 13. og 45. gr., en vill þó taka fram í sambandi við 13. gr., að áherslu beri að leggja á að verðlagsútreikningar stuðli að því, að innflytjendur sjái sér hag í að gera sem hagstæðust vöruinnkaup, en hagnist ekki því meira, sem innkaupsverð að viðbættum flutningskostnaði og aðflutningsgjöldum er hærra.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Kvenfélagasambands Íslands

Sigríður Thorlacius
form.

Fylgiskjal II.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Laugavegi 172
sími 26688

Reykjavík, 6. jan. 1977.

Viðskiptamálaráðuneytið
c/o Björgvin Guðmundsson
skrifstofustjóri
Arnarhvoli.

Stjórn BSRB hefur á fundi sínum 4. jan. 1977 fjallað um drög að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og samþykkti hún samhljóða eftirfarandi umsögn:

„Ef undan er skilinn 4. kafli þessa frumvarps, kaflinn um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur, sá bálkur er að mörgu leyti nýr í íslenskum lögum, er fátt nýtt í þessu frumvarpi annað en það, að megintilgangur þess virðist vera sá að stuðla að frjálsri verðlagningu. Að áliti stjórnar BSRB er frjáls verðlagning, sem reyndar er heimil skv. núgildandi lögum, engin lausn á verðlagsmálum okkar. Stöðugt verðlag, þar sem verðskyn almennings er í lagi, er meginforsenda þess að frjáls verðlagning geti orðið til hagsbóta fyrir neytendur. Það nauðsynlega skilyrði er ekki fyrir hendi hér á landi.

Í 13. gr. frumvarpsdraganna segir reyndar, að verðlagsstofnun skuli „í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum, og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um". Þetta er útaf fyrir sig gott og gilt (enda svipað ákvæði í núgildandi lögum), en eins og greinin réttilega ber með sér telja höfundar þessa frumvarp að örva þurfi verðskyn neytenda. Við erum sama sinnis, en teljum að það sé ekki á færi neinnar stofnunar hversu stór og öflug sem hún yrði. Við teljum að stöðugt verðlag sé það eina sem tryggi eðlilegt verðskyn almennings og undir öðrum kringumstæðum sé frjáls verðlagning ekki til hagsbóta fyrir íslenska launþega.

Eins og áður segir er helsta nýjungin í þessu frumvarpi kaflinn um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Flest ákvæðin í þeim kafla eru til góðs enda hefur löggjöf um stórfyrirtæki og auðhringa stórlega verið ábótavant. Hitt er svo annað mál, að þessi kafli frumvarpsins, sem og reyndar frumvarpið allt, er svo opinn að gagnsemi hans er að mestu kominn undir þeim reglugerðarákvæðum sem sett verða og hverjir það eru, sem fara með framkvæmdina.

5. kafli frumvarpsins um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd er að mestu stílfæring á lögunum frá 1933. Hlýtur það að valda vonbrigðum hvað þessi kafli er takmarkaður. Ekkert er fjallað um neytendavernd í honum. Athygli vekur, hvað lítið er fjallað um auglýsingar, minna en í lögunum frá 1933. Verður það að teljast aldeilis furðulegt. Ekki er að vikið í frumvarpinu að setja skuli reglugerð um auglýsingar. Rétt er að taka fram, að sú nýjung fór ekki fram hjá BSRB að samkeppnisnefnd á að geta bannað t. d. ólöglegar auglýsingar samstundis og síðan verði málsaðilar að hnekkja banninu fyrir dómstólum. Þetta er að sjálfsögðu nokkur bót frá því sem nú er.

Stjórn BSRB telur frumvarp þetta lítið framfaraspor. Það gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á þeim lögum sem nú eru í gildi. Það er að vísu fyllra en þau lög og færir þau á ýmsan hátt til samræmis við breytt þjóðfélag. En við verðum að lýsa vonbrigðum okkar með það, hvað frumvarpið gengur skammt í veigamiklum atriðum. Lítil vinna virðist í það lögð, sérstaklega kaflann um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Hætta er á að þetta frumvarp, ef samþykkt yrði, seinkaði því um ófyrirsjáanlega framtíð að lög um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd yrði endurskoðuð í alvöru.

Af þessari ástæðu og þeirri, að með frumvarpinu virðist stefnt að því að frjáls verðlagning verði regla en ekki undantekning, lýsir stjórn BSRB sig andsnúna því að þetta frumvarp verði að lögum, eins og það liggur fyrir."

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar BSRB

Haraldur Steinþórsson.

Fylgiskjal III.

NEYTENDASAMTÖKIN
P. O. Box 1096, Reykjavík.

Reykjavík, 2. febrúar 1977.

Hr. viðskiptaráðherra
Ólafur Jóhannesson
Viðskiptaráðuneytinu
Reykjavík.

Neytendasamtökin vísa til bréfs NS frá 27. nóvember 1976, um frumvarp til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og ítrekar að þau telja heppilegra að þau ákvæði laganna, sem fjalla sérstaklega um vernd neytenda, verði í sérstakri löggjöf. Jafnframt verði hraðað endurskoðun annarra laga er snerta hag neytenda.

Samtökin vilja þó gera athugasemdir við nokkur ákvæði í frumvarpinu, er þau telja að varði neytendur sérstaklega. Fylgja þær með hér sem fylgiskjal nr. I. Nokkur helstu ákvæði, sem nauðsynlegt er að komi í sérstakri löggjöf um neytendavernd, eru í fylgiskjali nr. II.

Af öðrum lögum, er snerta neytendur og þörf er á að endurskoða, má nefna lög um lausafjárkaup nr. 39/1922, lög um fasteignasölu nr. 47/1938 o. fl. Samtökin munu síðar senda ráðuneytinu greinargerð um þetta efni.

Samtökin vilja benda á fréttabréf Evrópuráðs til aðildarríkjanna frá 21. desember 1976, „Protection of Consumers against Unfair Terms in Consumers Contracts“ og óskar eftir að tillit verði tekið til þess og annars starfs Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs varðandi neytendavernd.

Virðingarfyllst,

f. h. Neytendasamtakanna,

Reynir Ármannsson, form.

Fylgiskjal nr. 1.

Athugasemdir við drög III.

Við 2. gr.

1. mgr. á eftir „verslunar“ komið þ. á m. fasteignasölu.

2. mgr. Neytendur eru allir þeir sem kaupa fasteignir, lausafjármuni eða þjónustu til eigin nota eða eiga rétt til þjónustu, t. d. frá opinberum aðilum.

2. mgr. verður 3. mgr.

Við 3. gr.

Viðbót: Eigi má skipa sama mann oftar en tvisvar í röð.

Viðbót: Eftir „atvinnurekenda“ komi: einn eftir tilnefningu samtaka launþega og einn eftir tilnefningu Neytendasamtakanna.

Við 28. gr.

2. mgr. viðbót: Leiðbeiningar eiga að vera auðskildar neytendum og ritaðar með vel læsilegum stöfum á íslensku.

3. mgr. viðbót: Neytandi á kröfu á skriflegum upplýsingum frá seljanda eða framleiðanda, þó að þær fylgi ekki á þar til gerðum eyðublöðum. Seljandi er ábyrgur fyrir upplýsingum, bæði skriflegum og munnlegum.

Við 31. og 32. gr.

Endurskoðist m. a. með tilliti til þess réttar neytenda til endurgreiðslu eða skipta, ef varan er gölluð eða kemur ekki að þeim notum, er hann hafði ástæðu til að ætla.

Við 37. gr.

Viðbót 4. mgr.: Á íslenskri vöru fyrir innlendan markað skulu ekki vera erlend orð eða merki, sem geta villt um uppruna vörunnar.

Við 40. gr.

Viðbót 2. mgr.: Mál skulu vera tekin fyrir eigi síðar en 14 dögum eftir að skrifleg umsókn berst.

Við 44. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Við 45. gr.

1. mgr. 3. lína breytt: Verðlagsstofnun setur reglur um verðupplýsingar o. fl. á vörur sem seldar eru gegn afborgun.

Við 49. gr.

Viðbót 2. mgr.: Villandi auglýsingar varða einnig sektum.

4. mgr.: Verði neytandi fyrir tapi vegna ónógra eða rangra upplýsinga seljanda er seljandi skaðabótaskyldur.

Fylgiskjal nr. 2:

Í löggjöf um neytendavernd þarf auk þess að koma sérstaklega fram:

1. Skilgreining á hver sé neytandi.
2. Tilgangur laganna.
3. Upplýsingaskylda og upplýsingaréttur neytanda og seljanda.
4. Ákvæði um kvörtunarþjónustu fyrir neytendur, er rekin sé af samtökum þeirra.
5. Stofnun kvörtunarnefnda í hinum ólíkustu málum, t. d. varðandi bifreiðar, heimilistæki, úr, fatnað, teppi, ferðaþjónustu o. fl. Kvörtunarnefndirnar séu viðurkenndar af Neytendasamtökunum og Neytendanefnd viðskiptaráðuneytisins.
6. Ákvæði um neytendadómstól, sem vísa má til málum, sem viðunandi lausn fæst ekki á í kvörtunarnefndum. Úrskurður neytendadómstóls sé aðfararhæfur.
7. Ákvæði um umboðsmann neytenda er starfi í sambandi við verðlagsskrifstofu.
8. Ákvæði um lágmarksábyrgðartíma, mismunandi eftir því um hvaða vöru um er að ræða.
9. Ákvæði um skyldur seljenda við neytendur varðandi þjónustu eftir sölu, s. s. viðgerðarþjónustu, varahlutaþjónustu o. fl.
10. Ákvæði um afborgunarviðskipti.

Fylgiskjal IV.

Umsögn um Drög III að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Bandalag háskólamanna fagnar því, að endurskoðun laga um verðlags- og neytendamál skuli vera hafin og telur brýna nauðsyn að færa lög á þessu sviði í nútímahorf.

Bandalagið telur að frumvarp þetta sé spor í rétta átt, en vill þó benda á eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði um neytendavernd þyrftu að vera fyllri og skýrari. Í því sambandi má benda á nauðsyn þess að auðvelda neytendum að ná rétti sínum í smærri málum. Mætti hugsa sér að fela slík mál sérstökum úrskurðaraðila sbr. skipan skv. norskum og dönskum lögum eða greiðari meðferð fyrir héraðsdómi og má í því sambandi benda á þáltill. nr. 131/1976 um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum. Þá telur bandalagið æskilegt að komið verði á fót sérstakri deild við Verðlagsstofnun, sem hafi það verkefni að fjalla um neytendamál og hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga um neytendamál sé framfylgt. Yfirmaður deildarinnar starfi á svipuðum grundvelli og umboðsmaður neytenda t. d. í Danmörku og Noregi.

2. Nauðsynlegt er að leiðbeiningar skv. 28. gr. séu skriflegar. Óljóst er hvað átt er við í 31. gr. frumvarpsdraganna. Setja þarf ákvæði til að vernda neytendur gegn ósanngjörnum ákvæðum í stöðluðum kaupsamningum (sjá hjálagt ljósrit af fréttatilkynningu Evrópuráðsins).

3. Setja þarf sérstök lög um neytendakaup eða endurskoða núgildandi kaupalög frá sjónarmiði neytenda.

Setja þarf sérstök lög um afborgunarkaup og almenn lög um húsaleigu.

4. BHM telur að jafnhliða setningu laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sé tímabært að breyta lögum nr. 101 frá 1966 með síðari breytingum um Framleiðsluráð landbúnaðarins í því skyni að gera innflutning og verslun með garðávexti og grænmeti frjálsa og falli þessar vörutegundir þá undir lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

5. Tilgreina þarf nánar við hvaða samtök er átt í 3. gr. frumvarpsdraganna. Í því sambandi vill BHM benda á að það telur óviðunandi að það eigi ekki aðild að ákvörðunum verðlagsráðs.

6. Verðlagsráði er fengið of mikið vald skv. frumvarpsdrögunum (8. gr.). Þegar vald hins opinbera er aukið er eðlilegt að áhrif samtaka neytenda séu jafnframt aukin. Orðalag 2. mgr. 8. gr. þyrfti að vera skýrara. Hvað er átt við með „sanngjarnt verðlag". Benda má á að gengið virðist að því sem gefnu að samkeppni tryggi ávallt sanngjarnt verðlag.

7. Ákvæði frv. eru að ýmsu leyti óskýr, matsatriði eru of mörg og skilgreiningar vantar. Má þar nefna eftirfarandi atriði: Frumvarpið sker ekki úr um valdsvið verðlagsráðs og samkeppnisnefndar gagnvart dómstólum (4. gr., 48. gr.). Ætlast virðist til að dómstólar fjalli efnislega um niðurstöður samkeppnisnefndar, en það verður að telja mjög óeðlilegt.

Ákvæði frumvarpsdraganna um viðurlög eru óskýr (26., 27., 38. og 39. gr.).

Gert virðist ráð fyrir að mönnum sé undir öllum kringumstæðum heimilt að skýra frá og nota rekstrarleyndarmál, sem þeir hafa komist að í starfi sínu, 3 árum eftir að starfi lauk, en slíkt getur verið mjög óeðlilegt.

Frumvarpið í heild þarfnast nánari athugunar. Æskilegt er að sérstakri nefnd verði falin slík athugun eftir að umsagnir hafa borist.

Fylgiskjal V.

Hr. viðskiptaráðherra Ólafur Jóhannesson,
Viðskiptaráðuneytið, Arnarhvoli, 27. janúar 1977.
Reykjavík.

Viðskiptaráðuneytið hefur með bréfi dags. 3. nóvember 1976 óskað umsagnar undirritaðra samtaka um drög að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem tekin eru saman af þrem embættismönnum.

Undirrituð samtök telja, að markmið löggjafar um verðlagsmál eigi að vera að efla frjálsa atvinnustarfsemi í landinu á grundvelli samkeppni, sem lýtur lögmálum og leikreglum hins frjálsa markaðshagkerfis, þjóðarheildinni til hagsbóta. Brýnt er að setja í lög skýrar reglur um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja, og ákvæði um framkvæmd og eftirlit með slíkum reglum. Samtökin telja þó þessi drög óverulega framför frá núgildandi lögum, þar sem framkvæmd þeirra á að ráða nær öllu um hvernig til tekst, og framkvæmdin á að vera háð mati og vilja yfirvalda á hverjum tíma líkt og nú er. Samtökin telja, að það sé hlutverk Alþingis að marka stefnuna í þessu máli.

Undirrituð samtök telja, að það þurfi að lagfæra þessi drög, áður en þau verða flutt sem frumvarp á Alþingi, ef þau eiga að samrýmast lögmálum og leikreglum hins frjálsa markaðshagkerfis. Samtökin telja þessi drög hvorki neytendum né atvinnufyrirtækjum til hagsbóta, ef frá eru skilin nokkur ákvæði um samkeppnishömlur og fækkun stéttafulltrúa í verðlagsnefnd. Ennfremur má nefna, að í þessum drögum er ekki nýtt sú þekking, sem hagfræðin býr yfir í þessum efnum.

Samtökin álíta, að þau markmið, sem ber að hafa í huga við setningu slíkrar löggjafar, séu einkum eftirfarandi:

Verðmyndun — sé frjáls ákvörðun einstakra fyrirtækja á grundvelli virkrar samkeppni en háð samþykki verðlagsyfirvalda, þegar um er að ræða takmarkaða samkeppni einokunar- eða markaðsráðandi fyrirtækja.

Samkeppni — sé örvuð með ákveðnum reglum til þess að stuðla að sem lægstu verði, stöðugra verðlagi og hagkvæmni í rekstri fyrirtækja.

Samruni fyrirtækja — sé háður eftirliti eftir ákveðnum reglum, ef hann getur leitt til eða styrkt markaðsráðandi aðstöðu fyrirtækja.

Skaðlegar samkeppnishömlur — verði skýrgreindar og bannaðar, enda er slíkt mikilvæg forsenda frjálsrar verðmyndunar og öflugrar samkeppni.

Markaðsyfirráð — verði skýrgreind og hvað teljist misnotkun markaðsráðandi aðstöðu.

Drög embættismannanna þriggja eru í grundvallaratriðum andstæð þessum sjónarmiðum. Samtökin lýsa sig hins vegar fús til samstarfs við stjórnvöld um lagfæringar á drögunum í samræmi við umsögn þessa.

Með sérstakri virðingu,

F. h. Félags ísl. stórkaupmanna,
Jón Magnússon.

F. h. Kaupmannasamtaka Íslands,
Gunnar Snorrason.

F. h. Verslunarráðs Íslands,
Gísli V. Einarsson.

F. h. Sambands málm- og skipasmiðja,
Guðjón Tómasson.

Fylgiskjal með umsögn:

Félag ísl. stórkaupmanna.
Kaupmannasamtök Íslands.
Verslunarráð Íslands.
Samband málm- og skipasmiðja.

Athugasemdir við einstakar greinar í Drögum að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

1. gr.
Markmið.

Markmiðið ætti að vera að vinna að hagkvæmustu nýtingu framleiðsluþáttanna með frjálsri verðmyndun á grundvelli virkrar samkeppni.

2. gr.
Gildissvið.

Núverandi fyrirkomulag hefur m. a. verið gagnrýnt fyrir, að mismunandi verðmyndunarreglur gildi í þjóðfélaginu og of mörg yfirvöld skipti sér af verðákvörðunum: Verðlagsnefnd, sex-mannanefnd, níu ráðuneyti, auk annarra aðila, og síðan þarf ríkisstjórnin að samþykkja allar verðhækkanir í landinu. Þessi drög breyta litlu frá því sem nú er og er gildissviðið það sama. Mikilvægt er, að verð landbúnaðarafurða sé ákveðið með sama hætti og annað vöruverð.

3. gr.
Verðlagsráð.

Ef ætlunin er að skapa skilyrði frjálsrar verðmyndunar hérlendis með þessum drögum, er verðlagsráð óþarft. Þessari nýju verðlagsnefnd virðist ekki ætlað að starfa um skamman tíma heldur til frambúðar. Hlutverk hennar er ekki að gefa verðmyndunina frjálsa og efla samkeppnina, heldur að ákveða verð um ókomna tíð, þegar henni sýnist svo.

Í þessu sambandi vilja samtökin benda á:

1) Það er ekki á færi nokkurrar nefndar að ákveða almennt verð á vörum og þjónustu, hversu lærðir og reyndir sem nefndarmenn eru.

2) Menn með næga þekkingu geta hins vegar greint, hvenær markaðsráðandi fyrirtæki misnota markaðsaðstöðu sína ef frjáls markaður og verðmyndun er til sem viðmiðun. Þar sem slíkrar sérþekkingar er þörf, t. d. hjá samkeppnisnefnd, þarf að skipa aðila á grundvelli faglegrar þekkingar.
3) Undirrituð samtök telja óæskilegt að samtök launþega og atvinnurekenda tilnefni menn í slíkt ráð. Þau kjósa fremur að hlutlausir aðilar tilnefni fulltrúana, ef á annað borð á að skipa slíka nefnd.

4. gr.

Starfssvið Verðlagsráðs.

Í þessari grein er í 2. málsgr. vikið að atriði, sem hefur gert núverandi verðlagsnefnd óstarfhæfa, sem er þátttaka launþega og atvinnurekenda. Ekki vegna persónulegra hagsmuna fulltrúanna, heldur vegna þess, að þau hagsmunasamtök, sem þá skipa, hafa hagsmuna að gæta, sem móta afstöðu fulltrúanna.

Lagt er til í greininni, að verðlagsráð geti framselt vald sitt og ábyrgð verðlagsstofnun. Samtökin eru mótfallin slíku framsali valds og ábyrgðar, nema eftir ákveðnum reglum í lögum. T. d. hefur verðlagsstjóri þvingað fram samkomulag við fyrirtæki, sem orsakar taprekstur og auknar niðurgreiðslur úr opinberum sjóðum. Þegar slíkt samkomulag er staðreynd, getur verðlagsráð (verðlagsnefnd) lítið aðhafst. Einnig vantar í þessa grein ákvæði sem skyldar yfirvöld að taka mál til afgreiðslu, innan tiltekins frests, svo það dragist ekki mánuðum saman að afgreiða erindi eins og nú gerist.

Skipan samkeppnisnefndar er hins vegar eðlileg, en störf hennar yrðu líklegri til árangurs, ef IV. kafli laganna gæfi skýrari leiðbeiningar og starfsreglur fyrir nefndina að fara eftir.

6. gr.

Öflun upplýsinga.

Þótt þeim yfirvöldum, sem eiga að annast framkvæmd þessara mála sé nauðsynlegt að geta aflað sér upplýsinga hjá fyrirtækjum, þarf að setja slíkri upplýsingaöflun reglur sem samrýmast réttarríki og ákvæðum 66. greinar stjórnarskrárinnar. Þess er ekki gætt í 6. grein. Einnig er ófært að önnur stjórnvöld eigi að bregðast þagnarskyldu sinni vegna upplýsingaöflunar verðlagsstofnunar.

7. gr.

Lausn efnahagsmála.

Þessi grein á mjög vafasaman rétt á sér, enda telja undirrituð samtök, að stjórnvöld geti ekki til frambúðar leyst neinn efnahagsvanda með verðmyndunarhöftum. Auðveldara er að skapa efnahagsvanda með slíkum afskiptum.

8. gr.

Verðlagshöft.

Undirrituð samtök eru því algjörlega mótfallin, að verðmyndunarhöft ríki áfram sem meginregla um óákveðinn tíma, en frjáls verðmyndun verði undantekning frá þeirri meginreglu eftir mati verðlagsráðs án þess, að ráðið hafi ákveðnar reglur eða stefnumörkun frá Alþingi til viðmiðunar. Samtökin telja, að það sé Alþingis að marka stefnuna í þessu máli en ekki verðlagsráðs. Jafnframt vilja þau benda á, að frjáls verðmyndun er forsenda virkrar samkeppni en ekki öfugt. Það stoðar lítið að reyna að örva samkeppni um ófrjálst verð. Einnig vilja þau benda á, að verðlækkanir undir kostnaðarverð eru skaðlegar samkeppni. Þar sem minnst er á verðhækkanir í drögunum, ætti því í flestum tilfellum að tala um verðbreytingar.

Þau sérstöku verðmyndunarhöft, sem skilgreind eru í 8. gr., eru styrjaldar-

fyrirkomulag tengt skömmtun, sem beitt er, þegar nota þarf stærsta hluta þjóðarframleiðslunnar í þágu styrjaldarreksturs. Flest verðmyndunarhöft í 8. gr. eru því gagnslaus þótt öðru máli gegni um heimild til verðstöðvunar í mjög skamman tíma á meðan aðrar aðgerðir eru undirbúnar. Samtökin geta þó aldrei fallist á heimild yfirvalda til ótímabundinna verðstöðvana án nokkurra reglna.

Samtökin vilja undirstrika, að frjáls verðmyndun og samkeppni verði markmið laganna. Ef viðhalda á verðmyndunarhöftum er hins vegar óeðlilegt, að um það gildi ýmis konar reglur sem verðlagsráð setur af handa hófi eins og gert er ráð fyrir í drögunum. Þau verðmyndunarhöft, sem gert er ráð fyrir að grípa megi til samkvæmt 8. gr. eru bæði óskýrt afmörkuð og gætu bitnað misjafnlega á atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verðmyndunarhöft 8. gr. eru því engin framför frá núgildandi verðmyndunarhöftum.

9. gr.

Keðjuverslun.

Þessi grein er óþörf við frjálsar markaðsaðstæður, sem sjálfkrafa útilokar tilvist slíkrar verslunar.

11. gr.

Verðjöfnun.

Ef gefa á verðmyndun frjálsa, er þessi grein algjörlega óþörf og einnig þótt höftin haldi áfram, því að verðlagsyfirvöld hafa ótakmarkað vald til verðákvörðunar samkvæmt 8. grein. Ef ástæða þykir til, ætti verðjöfnunarheimild að vera liður í upptalningu í 8. grein.

12. gr.

Viðmiðun við verðákvarðanir.

Þessi grein er afturför frá gildandi reglu, þar sem miðað er við „þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur". Þessi viðmiðun krefst þess að verðákvörðun miðist a. m. k. við lágmarkshagnað, þótt eftir því hafi ekki verið farið. Afkoma vel rekinna fyrirtækja, þótt þau nýti eðlilega afkastagetu, getur hins vegar verið góð eða slæm eftir markaðsaðstæðum.

Ef stjórnvöld ákveða útsöluverð hjá fyrirtækjum, er of lágt verð hættulegast. Það leiðir til aukinnar eftirspurnar og taprekstur. Ef ekki er vel að gætt, getur þetta riðið fyrirtækinu að fullu. Ef slíkar verðákvarðanir eru almenn regla stjórnvalda, leiðir það til umframeftirspurnar innanlands, aukins innflutnings og tilhneigingar til halla á viðskiptajöfnuði. Hátt verð dregur hins vegar úr eftirspurn og eykur samkeppni, þannig að verðið lækkar. Hátt verð fær ekki staðist á markaði, nema þátttaka annarra fyrirtækja sé útilokuð eða stjórnvöld beiti víðtækum viðskiptahömlum.

Undirrituðum samtökum finnst sanngjarnt, að verð einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja sé háð samþykki verðlagsyfirvalda. Sú viðmiðun, sem samþykkið fer eftir, þarf hins vegar að vera í líkingu við 10. gr. frumvarps til laga um verðgæslu og samkeppnishömlur frá 1969—70 eða nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar um það frumvarp, þingskjal 435, 135. mál, sem hljóðaði svo:

> Verðákvarðanir samkvæmt 1. tl. 7. gr. og verðútreikningar samkvæmt 2. tl. 7. gr. skulu miðast við það, að fyrirtæki, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu og flutning ásamt afskriftum og vöxtum, þar með taldir vextir af eigin fjármagni. Ennfremur skal taka tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.

eða tillögur Verslunarráðsins 65. grein.

Samtökin geta hins vegar ekki fallist á, að afskipti af verðmyndun annarra fyrirtækja sé nauðsynleg.

13. gr.

Örvun verðskyns og samkeppni.

Aðgerðir til að efla verðskyn og samkeppni eru æskilegar. Hins vegar verður ekki séð, að rannsókn á álagningarlið verðs hafi meiri þýðingu en rannsókn annarra þátta verðsins. Það er einungis heildarverðið, sem skiptir neytandann máli.

Nauðsynlegt er, að yfirvöld hafi samráð við viðkomandi aðila, áður en slíkar kannanir eru framkvæmdar og niðurstöður birtar, og þeim gefinn kostur á athugasemdum. Ef athugasemdir eru gerðar, ættu þær að fylgja með í birtingu niðurstaðna.

14. gr.

Markaðsráðandi- og einokunarfyrirtæki.

Í þessari grein er fjallað um einokunarfyrirtæki og markaðsráðandi fyrirtæki, án þess að skilgreint sé, við hvað er átt. Skilgreining þessi verður að vera í lögunum sjálfum, þar sem þetta er grundvallaratriði. Annað býður heim óvissu og óeðlilegu valdi til handa embættismönnum. Einnig þarf að tiltaka hverjum ber að tilkynna, tímamörk o. s. frv.

Greinin fjallar einnig um samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, án þess að skilgreint sé í lögunum, hvað samkeppnishömlur séu. Í nokkrum síðari greinum eru ákveðnar samkeppnishömlur taldar skaðlegar og bannaðar. Þessar samkeppnishömlur færu fyrirtæki ekki að tilkynna, þar sem þær eru bannaðar. Aðrar samkeppnishömlur geta fyrirtæki ekki tilkynnt, þar sem þau vita ekki, hverjar þær eru. Beiting matsreglu við ákvörðun samkeppnishamla eykur því ekki aðeins vald yfirvalda og býður heim valdníðslu, heldur búa fyrirtækin einnig við óvissu varðandi hvað má og hvað má ekki. Fyrirtæki gætu þannig rækt samkeppnishamlandi viðskiptahætti án þess að vita, að þeir brjóta í bága við lög.

16. gr.

Tilkynningar sem trúnaðarmál.

Í þessari grein er samkeppnisnefnd heimilað að fara með tilkynningar um samkeppnishömlur að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál. Samtökin geta ekki fallist á það, að samningar um samkeppnishamlandi viðskiptahætti geti farið leynt. Öll einokun og allir samkeppnishamlandi viðskiptahættir, sem leyfðir eru, þurfa að vera almenningi kunnir og þeim fyrirtækjum, sem á markaðinum starfa, svo að það sé ávallt ljóst, við hvers konar fyrirtæki menn eiga viðskipti og hverjar samkeppnishömlur eru leyfðar og hverjar ekki. Skilyrðislaus birting samninga um samkeppnishömlur er því nauðsynleg.

17. gr.

Reglugerð.

Allar skilgreiningar á markaðsráðandi aðstöðu, tilkynningarskyldu og tímatakmörkunum til tilkynningar þurfa að vera stefnumörkunaratriði Alþingis, en ekki ákvörðun ráðuneytis.

18. gr.

Verðhækkanir einokunarfyrirtækja.

Í greininni er sagt, að samkeppnisnefnd geti ákveðið, að verð markaðsráðandi fyrirtækja megi ekki hækka án leyfis verðlagsráðs.

Starfsemi markaðsráðandi fyrirtækja er ekki síður skaðleg vegna tilhneigingar til að selja vöru og þjónustu undir kostnaðarverði í þeim tilgangi að drepa niður samkeppni og ná einokunaraðstöðu. Þetta atriði er hvergi beinlínis bannað í drögum embættismannanna. Ef ætlunin er að setja löggjöf um samkeppnishömlur, þá hlýtur einnig að þurfa að hafa eftirlit með þessum þætti málsins.

19. gr.

Að draga úr samkeppnishömlum.

Í niðurlagi greinarinnar er samkeppnisnefnd veitt heimild til þess að beita verðmyndunarhöftum samkvæmt 8. gr., þ. e. að verðlagsráð verðleggi vörur og þjónustu. Beiting þessa ákvæðis þarf að vera algjör undantekning og algjört neyðarúrræði. Í greininni þarf að taka fram, að reynt verði til þrautar með tiltækum ráðum að afnema samkeppnishömlur og örva samkeppni, áður en ákvæðinu verður beitt.

20. gr.

Túlkun skaðlegra samkeppnishamla.

Í þessari grein koma fram ókostir þess að beita matsreglu við ákvörðun skaðlegra samkeppnishamla. Þegar bannreglu er beitt eru skaðlegar samkeppnishömlur skilgreindar og þær bannaðar. Embættistakmörk yfirvalda eru þar með skýrt afmörkuð og fyrirtækjum á að vera ljóst, hvað má og hvað má ekki. Þegar matsreglunni hins vegar er beitt eru skaðlegar samkeppnishömlur ekki skilgreindar og yfirvöldum veitt nær ótakmörkuð heimild til þess að banna og leyfa samkeppnishömlur að eigin vild. Samtökin geta ekki mælt með því, að fyrirtæki undirgangist svo takmarkalítið vald embættismanna.

Í lok greinarinnar er tekið fram að verð og álagning skuli metin sanngjörn eða ósanngjörn eftir ákvæðum 12. gr. Eins og embættismennirnir hafa bent á í 12. gr. frá því sem var í 10. gr. frumvarps til laga um verðgæslu og samkeppnishömlur frá 1969, er greinin haldlítill leiðarvísir í þessum efnum. Staðreyndin er sú, að embættismennirnir hafa breytt greininni þannig, að það er orðið algjört túlkunaratriði án viðmiðunar, hvernig yfirvöld geta ákveðið verð og álagningu hjá fyrirtækjum.

21. gr.

Verðsamstaða óheimil.

Í þessari grein eru samþykktir og önnur samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu bönnuð. Þetta ákvæði er í beinni andstöðu við ákvæði 1. og 11. gr. en þar eru samningar og samþykktir um samkeppnishamlandi verð tilkynningaskyldir en heimilir. Hér verða tillögurnar því tvísaga.

Samtökin geta að sjálfsögðu fallist á, að verðsamstaða sé bönnuð samhliða reglum um frjálsa verðmyndun og samkeppni. Hér á þetta bann hins vegar ekki við, þar sem aðalregla draganna er verðmyndunarhöft, sem leiða sjálfkrafa til verðsamstöðu og samræmingar á óskum fyrirtækja, þegar þau fara fram á verðbreytingar. Verðmyndunarhöftin leiða því sjálfkrafa til samstöðu og torvelda verðsamkeppni. Það er því meinloka, að hægt sé að beita verðmyndunarhöftum samhliða bannreglu í samkeppnislöggjöf. Slíkt bann hlyti að þvinga menn til lögbrota.

Í 2. málsgr. 21. gr. er enn vikið að því, að verð og álagningu megi ekki hækka nema með samþykki verðlagsráðs. Hér kemur enn fram sú villa, að of hátt verð markaðsráðandi fyrirtækja sé einhverju verra en skaðlega lágt verð. Eðlilegra væri að nota orðið verðbreyting í þessu sambandi.

22. gr.

Samstaða í tilboðum.

Hér þarf að gera greinarmun á útboði og tilboði. Ef embættismennirnir þrír legðu til í sínum drögum sem aðalreglu, að verðmyndun væri frjáls, virðist bann við samstöðu við gerð verðtilboða eðlileg. Gera þarf þó greinarmun á samráði milli fyrirtækja um stöðlun útboðsgagna, útboðsskilmála eða skilgreiningu á þjónustu eða verðsundurliðun annars vegar og hins vegar að fyrirtæki samræmi verðtilboð. Á þessu tvennu er skýr greinarmunur og annað má leyfa þótt hitt sé bannað. Slíkar reglur eru nauðsynlegar, ef verðmyndunin er frjáls.

23. gr.
Ákvörðun endursöluverðs eða leiðbeinandi verðs.

Samtökin eru því sammála, að bannað sé að ákveða ófrávíkjanlegt endursöluverð á næsta sölustigi. Samtökin leggja hins vegar til, að heimilt verði að ákveða leiðbeinandi verð á næsta sölustigi, ef skýrt er tekið fram, að frá því megi víkja. Þetta atriði var t. d. þannig leyft í frumvarpinu frá 1969.

24. gr.
Undanþágur frá banni.

Með þeim undanþágum sem leyfðar eru í 24. gr. verður bann við verðsamstöðu í 21., 22. og 23. gr. nær marklaust. Það er t. d. talin nægileg ástæða til að heimila verðsamstöðu, ef vernda þarf fyrirtæki gegn óæskilegum eða þjóðfélagslega skaðlegum samkeppnisháttum, enda þótt samkeppnisnefnd hafi víðtæka heimild til að uppræta þessa skaðlegu samkeppnishætti. Að leyfa verðsamstöðu vegna skaðlegra samkeppnishátta annarra fyrirtækja er ástæðulaust, heldur ber að uppræta þá. Sú undanþága, sem þó veldur mestu um hversu marklaust bannið verður, er heimild til undanþágu vegna ríkra ástæðna. Engin skilgreining er á því, hvað eru ríkar ástæður og andi og efni draganna er haldlítil leiðbeining. Setja þarf takmörk og viðmiðun, um hvað teljast ríkar ástæður svo vitað sé, við hvað er átt?

Vegna matsreglunnar verða ákvæðin um samkeppnishömlurnar ekki eins ítarleg og æskilegt væri. Þótt svo sé, þyrfti samt að banna samtök og samráð fyrirtækja um að eiga ekki viðskipti við önnur fyrirtæki.

25. gr.
Söluneitun — kaupneitun.

Söluneitun er aðferð, sem oft er beitt til þess að hamla gegn samkeppni. Það er því rík ástæða til þess að banna slíkt, en þó eftir ákveðnum reglum. Þær reglur þurfa t. d. að segja til um, með hvaða rökum seljandi getur neitað sölu. Einnig þarf að taka fram, hvort viðkomandi kaupanda sé það verulegt hagsmunamál að fá umræddu vöru keypta og hvort aðrir hagkvæmir kostir séu fyrir hendi hjá öðrum seljendum. Samtökin telja, að hafa þurfi allan réttlætanlegan fyrirvara um söluskyldu til þess að þetta atriði verði ekki misnotað. Þetta er sérstaklega mikilvægt, þegar það er haft í huga, að opinber yfirvöld geta framfylgt óendanlegri verðstöðvun og geta skyldað fyrirtæki til þess að fylgja ákveðnum verðútreikningsaðferðum og að selja vöru sína eða þjónustu undir kostnaðarverði. Raunar er álitamál hvort réttlætanlegt sé að banna söluneitun við slíkar aðstæður. Rétt er að benda á, að einnig er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að fyrirtæki bindist samtökum um að eiga ekki viðskipti við önnur fyrirtæki.

26. gr. —44. gr.
Óréttmætir verslunarhættir.

Undirrituð samtök sjá ekki nauðsyn þess að fella lögin um óréttmæta verslunarhætti inn í lög um verð- og samkeppnishömlur. Samtökin fá auk þess ekki séð, að þær breytingartillögur, sem koma fram á lögunum um óréttmæta verslunarhætti, séu almennt til bóta.

Eins og verðlagsyfirvöld starfa í dag og eins og fyrirhugað er að þau starfi skv. drögunum, geta samtökin ekki fallist á að þau hafi eftirlit með framkvæmd þessa lagabálks, þar sem þau gætu skyldað seljendur til þess að selja ákveðna vöru eða þjónustu, jafnframt því sem þau bönnuðu þeim að taka kostnaðarverð. Má þar sérstaklega benda á 28. og 29. gr.

45. gr.

Verðmerkingarreglur.

Hér er fellt niður ákvæði úr frumvarpinu frá 1969 um, að haft sé samráð við hlutaðeigandi aðila. Sú breyting er miður.

46. gr.

Hagnaður frádreginn.

Sé ætlunin að beita verðlækkun í refsingarskyni, er það óþolandi vegna þeirra víðtæku markaðsáhrifa sem slík ákvörðun hefði í för með sér. Sé hins vegar ætlunin að verðjafna, er þegar heimild fyrir hendi til þess í 11. gr.

47. gr.

Ákvarðanir yfirvalda.

Þessi grein er svipuð 24. gr. frumvarps til laga um verðgæslu og samkeppnishömlur. Hér er þó greinin nokkuð stytt, yfirvöldum gefið meira vald og færri og minni reglur settar til þess að fara eftir. Samtökin telja þessar breytingar afturför frá því sem áður var, sérstaklega niðurfellingu á skyldu yfirvalda til að rökstyðja ákvarðanir sínar og hafa samráð við þá aðila, sem hlut eiga að máli.

48. gr.

Málshöfðun.

Þessi grein er nær samhljóða 25. gr. frumvarpsins frá 1969 en nú frestar málshöfðun ekki gildistöku ákvörðunar samkeppnisnefndar. Í frumvarpinu frá 1969 frestaði kæra til Hæstaréttar ákvörðun yfirvalda um söluskyldu og ákvörðun um að fara ekki með upplýsingar, sem trúnaðarmál. Þessi niðurfelling er afturför. Gildistöku ákvörðunar ætti fremur að fresta í fleiri tilfellum.

49. gr.

Dagsektir.

Hér er verðlagsstofnun heimilað að ákveða dagsektir án takmörkunar. Hér vantar öll ákvæði, sem veita vernd gegn valdníðslu opinberra embættismanna. Setja þarf ákvæði um, hvenær upplýsingar þurfa að hafa borist frá því að eftir var leitað. Einnig þarf að tiltaka tíma, sem þarf að líða uns beita má dagsektum. Auk þess er lágmarkskrafa, að dagsektum verði ákveðin hámarksupphæð.

50. gr.

Þagnarskylda.

Þótt þessi grein sé samin eftir 27. gr. frumvarpsins frá 1969, er töluverð breyting á anda hennar. Nú eru felld niður orðin: „að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn.“ Þótt hægt sé að sækja opinbera embættismenn til ábyrgðar í almennum lögum, þá virðist samt eðlilegra að hafa það í greininni.

51. gr.

Birting.

Hér er eftirsjá af ársskýrslu, sem ákvæði voru um í 28. gr. frumvarpsins frá 1969.

52. gr.

Refsing.

Þessi grein er samhljóða 29. gr. frumvarpsins frá 1969 nema hvað nú er fellt niður hámark sektarupphæðar. Undirrituð samtök vilja hér enn ítreka, að því verði takmörk sett, hve háum sektarákvæðum má beita til þess að framfylgja þessum lögum. þarf ríkisstjórnin að samþykkja allar verðhækkanir í landinu. Sjálfsagt er að fækka þeim mörgu aðilum, sem nú hafa verðákvörðunarvald í þjóðfélaginu og að lög þessi nái til sem flestra vara og þjónustu, sem eigi hafa frjálsa verðlagningu. Jafnframt verði reglur og starfsaðferðir þessara aðila samræmdar.

53. gr.

Málsmeðferð.

Undirrituð samtök telja að 4. málsgrein 53. gr sé óverjandi í réttarríki. Það er stigsmunur á mistökum og því sem gert er að yfirlögðu ráði. Öll löggjöf verður að gera skýran greinarmun á þessu tvennu.

54. gr.

Gildistaka.

Ef um væri að ræða stefnumörkun Alþingis og stefnubreytingu um það, hvernig haga bæri verðmyndun, samkeppni og samruna fyrirtækja í framtíðinni, hefði verið eðlilegt, að nokkur tími liði frá setningu laganna þar til þau tækju gildi. Hér eru þessar forsendur hins vegar ekki fyrir hendi.

Fylgiskjal VI.

Hr. viðskiptaráðherra
Ólafur Jóhannesson,
Viðskiptaráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Reykjavík, 2. febrúar 1977.

Með bréfi ráðuneytisins dags. 3. nóvember s. l. voru send til umsagnar drög að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Eftirtalin samtök, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna og Vinnuveitendasamband Íslands telja, að markmið löggjafar um verðlagsmál eigi að vera að efla frjálsa atvinnustarfsemi í landinu á grundvelli samkeppni, sem lýtur lögmálum og leikreglum hins frjálsa markaðshagkerfis, þjóðarheildinni til hagsbóta.

Út frá þessu meginsjónarmiði telja samtökin brýnt að setja í lög skýrar reglur um verðmyndun, samkeppni, samruna fyrirtækja og ákvæði um framkvæmd og eftirlit með slíkum reglum. Við setningu slíkrar löggjafar álíta samtökin nauðsynlegt að hafa í huga eftirfarandi markmið:

Verðmyndun sé frjáls ákvörðun einstakra fyrirtækja á grundvelli virkrar samkeppni en því aðeins háð samþykki verðlagsyfirvalda, að um sé að ræða takmarkaða samkeppni einokunar- eða markaðsráðandi fyrirtækja.

Samkeppni sé örvuð eftir ákveðnum reglum til þess að stuðla að sem lægstu verði, stöðugra verðlagi og hagkvæmni í rekstri fyrirtækja.

Samruni fyrirtækja sé háður eftirliti, ef hann getur leitt til eða styrkt markaðsráðandi aðstöðu **fyrirtækja.**

Skaðlegar samkeppnishömlur verði skýrgreindar og bannaðar, þegar telja verður að frjáls verðmyndun og eðlileg samkeppni líði þeirra vegna.

Markaðsyfirráð. Skýrgreint verði hvað teljist misnotkun markaðsráðandi aðstöðu.

Drög þau, sem hér um ræðir eru ófullnægjandi að því er snertir ýmis framangreind atriði. Samtökin lýsa sig hins vegar fús til samstarfs við stjórnvöld um nánari skoðun og breytingar á drögum þessum, sem til bóta mættu verða.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Við 2. gr.
Gildissvið.

Núverandi fyrirkomulag hefur m. a. verið gagnrýnt fyrir, að mismunandi verðmyndunarreglur gildi í þjóðfélaginu og of mörg yfirvöld skipti sér af verðákvörðunum: Verðlagsnefnd, Sex-mannanefnd, níu ráðuneyti, auk annarra aðila, og síðan þarf ríkisstjórnin að samþykkja allar verðhækkanir í landinu. Sjálfsagt er að fækka þeim mörgu aðilum, sem nú hafa verðákvörðunarvald í þjóðfélaginu og að lög þessi nái til sem flestra vara og þjónustu, sem eigi hafa frjálsa verðlagningu. Jafnframt verði reglur og starfsaðferðir þessara aðila samræmdar.

Við 3. gr.
Verðlagsráð.

Undirrituð samtök telja óæskilegt að samtök launþega og atvinnurekenda tilnefni menn í slíkt ráð, þau kjósa fremur að hlutlausir aðilar tilnefni fulltrúa, en ef svo þarf að vera, að aðilar vinnumarkaðarins tilnefni, þá er 3. mgr. til bóta frá því sem nú er.

Við 4. gr.
Starfssvið verðlagsráðs.

Lagt er til í greininni, að verðlagsráð geti framselt vald sitt og ábyrgð verðlagsstofnun. Samtökin eru mótfallin slíku framsali valds og ábyrgðar, nema eftir ákveðnum reglum í lögum.

Í þessa grein vantar ákvæði sem skyldar yfirvöld að taka mál til afgreiðslu, innan tiltekins frests, svo það dragist ekki mánuðum saman að afgreiða erindi eins og nú gerist. Síðasti málsliður 1. mgr. og 3. mgr. falli niður.

Við 6. gr.
Öflun upplýsinga.

Að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt yfirvöldum, sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, mega þau:

1. Krefjast upplýsinga frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja um efnahagsleg tengsl þeirra.
2. Kanna og rannsaka viðskiptaskjöl hjá fyrirtækjunum sjálfum og samtökum fyrirtækja á venjulegum viðskiptatímum.
3. Krefjast upplýsinga frá viðskipta- og iðnaðarsamtökum og starfsgreinafélögum varðandi félagalög þeirra, ákvarðanir þeirra og fjölda og nöfn þeirra aðila, sem ákvarðanir þeirra ná til.

Eigendur fyrirtækja eða fulltrúar þeirra og aðilar, sem tilnefndir eru sem fulltrúar samtaka eða félaga fyrirtækja, skulu láta í té umbeðnar upplýsingar, láta í té viðskiptaskjöl, og leyfa rannsókn þessara skjala og jafnframt aðgang að skrifstofum og öðrum vinnustöðum.

Aðilar, sem yfirvöld, er annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, fela rannsókn, mega fá aðgang að skrifstofum fyrirtækja og samtaka fyrirtækja og framkvæma leit, í samræmi við 66. grein stjórnarskrárinnar, að fengnum dómsúrskurði.

Beiðnir yfirvalda, sem annast framkvæmd þessara laga um upplýsingar, skulu gerðar skriflega. Lagalegur grundvöllur, efnisinnihald og tilgangur beiðninnar skal vera talinn upp í henni og henni sett sanngjörn tímatakmörk.

Við 7. gr.
Lausn efnahagsmála.

Þessi grein á mjög vafasaman rétt á sér, enda telja undirrituð samtök, að stjórnvöld geti ekki til frambúðar leyst neinn efnahagsvanda með verðmyndunarhöftum. Auðveldara er að skapa efnahagsvanda með slíkum afskiptum.

Við 8. gr.

Verðlagshöft.

Undirrituð samtök eru því algjörlega mótfallin, að verðmyndunarhöft ríki áfram sem meginregla um óákveðinn tíma, en frjáls verðmyndun verði undantekning frá þeirri meginreglu eftir mati verðlagsráðs án þess, að ráðið hafi ákveðnar reglur eða stefnumörkun frá Alþingi til viðmiðunar. Samtökin telja, að það sé Alþingis að marka stefnuna í þessu máli en ekki verðlagsráðs. Jafnframt vilja þau benda á, að frjáls verðmyndun er forsenda virkrar samkeppni en ekki öfugt. Það stoðar lítið að reyna að örva samkeppni um ófrjálst verð. Einnig vilja þau benda á, að verðlækkanir undir kostnaðarverð eru skaðlegar samkeppni. Þar sem minnst er á verðhækkanir í drögunum, ætti því í flestum tilfellum að tala um verðbreytingar.

Þau sérstöku verðmyndunarhöft, sem skilgreind eru í 8. gr., eru styrjaldarfyrirkomulag tengt skömmtun, sem því aðeins ætti að beita, þegar neyðarástand ríkir. Verðstöðvanir í mjög skamman tíma, á meðan aðrar aðgerðir eru undirbúnar, geta verið réttlætanlegar, en samtökin geta þó aldrei fallist á heimild yfirvalda til ótímabundinna verðstöðvana, án reglna og án samhliða launastöðvunar.

Samtökin vilja leggja áherslu á, að frjáls verðmyndun verði reglan, en verðlagshöft undantekningin.

Við 9. gr.

Keðjuverslun.

Þessi grein er óþörf við frjálsar markaðsaðstæður, sem sjálfkrafa útilokar tilvist slíkrar verslunar.

Við 12. gr.

Viðmiðun við verðákvarðanir.

Undirrituðum samtökum finnst sanngjarnt, að verð einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja sé háð samþykki verðlagsyfirvalda. Sú viðmiðun, sem samþykktin fer eftir, þarf hins vegar að vera í líkingu við 10. gr. frumvarps til laga um verðgæslu og samkeppnishömlur frá 1969—70 eða nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar um það frumvarp, þingskjal 435, 135. mál, sem hljóðaði svo:

„Verðákvarðanir samkvæmt 1. tl. 7. gr. og verðútreikningar samkvæmt 2. tl. 7. gr. skulu miðast við það, að fyrirtæki, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu og flutning ásamt afskriftum og vöxtum, þar með taldir vextir af eigin fjármagni. Ennfremur skal taka tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.“

Samtökin geta hins vegar ekki fallist á, að afskipti af verðmyndun annarra fyrirtækja séu nauðsynleg.

Við 13. gr.

Örvun verðskyns og samkeppni.

Aðgerðir til að efla verðskyn og samkeppni eru æskilegar. Hins vegar verður ekki séð, að rannsókn á álagningarlið verðs hafi meiri þýðingu en rannsókn annarra þátta verðsins. Það er einungis heildarverðið, sem skiptir neytandann máli.

Nauðsynlegt er, að yfirvöld hafi samráð við viðkomandi aðila, áður en slíkar kannanir eru framkvæmdar og niðurstöður birtar, og þeim gefinn kostur á athugasemdum. Ef athugasemdir eru gerðar, ættu þær að fylgja með í birtingu niðurstaðna.

Við 14. gr.

Markaðsráðandi- og einokunarfyrirtæki.

Í þessari grein er fjallað um einokunarfyrirtæki og markaðsráðandi fyrirtæki, án þess að skilgreint sé, við hvað er átt. Skilgreining þessi verður að vera í lögunum sjálfum, þar sem þetta er grundvallaratriði. Annað býður heim óvissu og óeðlilegu valdi til handa embættismönnum. Einnig þarf að tiltaka hverjum ber að tilkynna tímatakmörk o. s. frv.

Greinin fjallar einnig um samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, án þess að skilgreint sé í lögunum, hvað samkeppnishömlur séu. Í nokkrum síðari greinum eru ákveðnar samkeppnishömlur taldar skaðlegar og bannaðar.

Við 16. gr.

Tilkynningar sem trúnaðarmál.

Í þessari grein er samkeppnisnefnd heimilað að fara með tilkynningar um samkeppnishömlur að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál. Samtökin geta ekki fallist á það, að samningar um samkeppnishamlandi viðskiptahætti geti farið leynt. Öll einokun og allir samkeppnishamlandi viðskiptahættir, sem leyfðir eru, þurfa að vera almenningi kunnir og þeim fyrirtækjum, sem á markaðnum starfa, svo að það sé ávallt ljóst, við hvers konar fyrirtæki menn eiga viðskipti og hverjar samkeppnishömlur eru leyfðar og hverjar ekki. Skilyrðislaus birting samninga um samkeppnishömlur er því nauðsynleg.

Við 17. gr.

Reglugerð.

Allar skilgreiningar á markaðsráðandi aðstöðu, tilkynningarskyldu og tímatakmörkunum til tilkynningar þurfa að vera stefnumörkunaratriði Alþingis, en ekki ákvörðun ráðuneytis.

Við 18. gr.

Verðhækkanir einokunarfyrirtækja.

Í greininni er sagt, að samkeppnisnefnd geti ákveðið, að verð markaðsráðandi fyrirtækja megi ekki hækka án leyfis verðlagsráðs.

Starfsemi markaðsráðandi fyrirtækja er ekki síður skaðleg vegna tilhneigingar þeirra til að selja vöru og þjónustu undir kostnaðarverði í þeim tilgangi að drepa niður samkeppni og ná einokunaraðstöðu. Þetta atriði er hvergi beinlínis bannað í frumvarpsdrögunum. Ef ætlunin er að setja löggjöf um samkeppnishömlur, þá hlýtur einnig að þurfa að hafa eftirlit með þessum þætti málsins.

Við 19. gr.

Að draga úr samkeppnishömlum.

Í niðurlagi greinarinnar er samkeppnisnefnd veitt heimild til þess að beita verðmyndunarhöftum samkvæmt 8. gr., þ. e. að verðlagsráð verðleggi vörur og þjónustu Beiting þessa ákvæðis þarf að vera algjör undantekning og algjört neyðarúrræði. Í greininni þarf að taka fram, að reynt verði til þrautar með tiltækum ráðum að afnema samkeppnishömlur og örva samkeppni, áður en ákvæðinu verður beitt.

Við 20. gr.

Túlkun skaðlegra samkeppnishamla.

Í þessari grein koma fram ókostir þess að beita matsreglu við ákvörðun skaðlegra samkeppnishamla. Þegar bannreglu er beitt eru skaðlegar samkeppnishömlur

skilgreindar og þær bannaðar. Embættistakmörk yfirvalda eru þar með skýrt afmörkuð og fyrirtækjum á að vera ljóst, hvað má og hvað má ekki. Þegar matsreglunni hins vegar er beitt, eru skaðlegar samkeppnishömlur ekki skilgreindar og yfirvöldum veitt nær ótakmörkuð heimild til þess að banna og leyfa samkeppnishömlur að eigin vild. Samtökin geta ekki mælt með því, að fyrirtæki undirgangist svo takmarkalítið vald embættismanna.

Í lok greinarinnar er tekið fram að verð og álagning skuli metin sanngjörn eða ósanngjörn eftir ákvæðum 12. gr. og vísast til umsagnar okkar um hana.

Við 21. gr.

Verðsamstaða óheimil.

Samtökin geta fallist á, að verðsamstaða sé bönnuð samhliða reglum um frjálsa verðmyndun og samkeppni.

Í 2. málsgr. 21. gr. er enn vikið að því, að verð og álagningu megi ekki hækka nema með samþykki verðlagsráðs. Hér kemur enn fram sú villa, að of hátt verð markaðsráðandi fyrirtækja sé einhverju verra en skaðlega lágt verð. Eðlilegra væri að nota orðið verðbreyting í þessu sambandi.

Við 22. gr.

Samstaða í tilboðum.

Hér þarf að gera greinarmun á útboði og tilboði. Gera þarf greinarmun á samráði milli fyrirtækja um stöðlun útboðsgagna, útboðsskilmála eða skilgreiningu á þjónustu eða verðsundurliðun annars vegar og hins vegar að fyrirtæki samræmi verðtilboð. Á þessu tvennu er skýr greinarmunur og annað má leyfa þótt hitt sé bannað. Slíkar reglur eru nauðsynlegar, ef verðmyndunin er frjáls.

Við 23. gr.

Ákvörðun endursöluverðs eða leiðbeinandi verðs.

Samtökin eru því sammála, að bannað sé að ákveða ófrávíkjanlegt endursöluverð á næsta sölustigi. Samtökin leggja til, að heimilt verði að ákveða leiðbeinandi verð á næsta sölustigi, ef skýrt er tekið fram, að frá því megi víkja. Þetta atriði var t. d. þannig leyft í frumvarpinu frá 1969.

Við 24. gr.

Undanþágur frá banni.

Með þeim undanþágum, sem leyfðar eru í 24. gr. verður bann við verðsamstöðu í 21., 22. og 23. gr. nær marklaust. Það er t. d. talin nægileg ástæða til að heimila verðsamstöðu, ef vernda þarf fyrirtæki gegn óæskilegum eða þjóðfélagslega skaðlegum samkeppnisháttum, enda þótt samkeppnisnefnd hafi víðtæka heimild til að uppræta þessa skaðlegu samkeppnishætti. Að leyfa verðsamstöðu vegna skaðlegra samkeppnishátta annarra fyrirtækja er ástæðulaust, heldur ber að uppræta þá. Sú undanþága, sem þó veldur mestu um hversu marklaust bannið verður, er heimild til undanþágu vegna ríkra ástæðna. Engin skilgreining er á því, hvað eru ríkar ástæður og andi og efni draganna er haldlítil leiðbeining. Setja þarf takmörk og viðmiðun, um hvað teljast ríkar ástæður svo vitað sé, við hvað er átt.

Vegna matsreglunnar verða ákvæðin um samkeppnishömlurnar ekki eins ítarleg og æskilegt væri. Þótt svo sé, þyrfti samt að banna samtök og samráð fyrirtækja um að eiga ekki viðskipti við önnur fyrirtæki.

Við 25. gr.

Söluneitun — kaupneitun.

Söluneitun er aðferð, sem oft er beitt til þess að hamla gegn samkeppni. Það er því rík ástæða til þess að banna slíkt, en þó eftir ákveðnum reglum. Þær reglur þurfa t. d. að segja til um, með hvaða rökum seljandi getur neitað sölu. Einnig þarf að taka fram, hvort viðkomandi kaupanda sé það verulegt hagsmunamál að fá umrædda vöru keypta og hvort aðrir hagkvæmir kostir séu fyrir hendi hjá öðrum seljendum. Samtökin telja, að hafa þurfi allan réttlætanlegan fyrirvara um söluskyldu til þess að þetta atriði verði ekki misnotað. Þetta er sérstaklega mikilvægt, þegar það er haft í huga, að opinber yfirvöld geta framfylgt óendanlegri verðstöðvun og geta skyldað fyrirtæki til þess að fylgja ákveðnum verðútreikningsaðferðum og að selja vöru sína eða þjónustu undir kostnaðarverði. Álitamál er hvort réttlætanlegt er að banna söluneitun við slíkar aðstæður. Rétt er að benda á, að einnig er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að fyrirtæki bindist samtökum um að eiga ekki viðskipti við önnur fyrirtæki.

Við 26.—44. gr.

Óréttmætir verslunarhættir.

Undirrituð samtök sjá ekki nauðsyn þess að fella lögin um óréttmæta verslunarhætti inn í lög um verð- og samkeppnishömlur. Samtökin fá auk þess ekki séð, að þær breytingartillögur, sem koma fram á lögunum um óréttmæta verslunarhætti, séu almennt til bóta.

Við 45. gr.

Verðmerkingarreglur.

Hér er fellt niður ákvæði úr frumvarpinu frá 1969, um að haft sé samráð við hlutaðeigandi aðila. Sú breyting er miður.

Við 46. gr.

Hagnaður frádreginn.

Sé ætlunin að beita verðlækkun í refsingarskyni, er það óþolandi vegna þeirra víðtæku markaðsáhrifa, sem slík ákvörðun hefði í för með sér. Sé hins vegar ætlunin að verðjafna, er þegar heimild til þess í 11. gr.

Við 47. gr.

Ákvarðanir yfirvalda.

Þessi grein er svipuð 24. gr. frumvarps til laga um verðgæslu og samkeppnishömlur. Hér er þó greinin nokkuð stytt, yfirvöldum gefið meira vald og færri og minni reglur settar til þess að fara eftir. Samtökin telja þessar breytingar afturför frá því sem áður var, sérstaklega niðurfelling á skyldu yfirvalda til að rökstyðja ákvarðanir sínar og hafa samráð við þá aðila, sem hlut eiga að máli.

Við 48. gr.

Málshöfðun.

Þessi grein er nær samhljóða 25. gr. frumvarpsins frá 1969 en nú frestar málshöfðun ekki gildistöku ákvörðunar samkeppnisnefndar. Í frumvarpinu frá 1969 frestaði kæra til Hæstaréttar ákvörðun yfirvalda um söluskyldu og ákvörðun um að fara ekki með upplýsingar sem trúnaðarmál. Þessi niðurfelling er afturför. Gildistöku ákvörðunar ætti fremur að fresta í fleiri tilfellum.

Við 49. gr.

Dagsektir.

Hér er verðlagsstofnun heimilað að ákveða dagsektir án takmörkunar. Hér vantar öll ákvæði, sem veita vernd gegn valdníðslu. Setja þarf ákvæði um, hvenær upplýsingar þurfa að hafa borist frá því að eftir var leitað. Einnig þarf að tiltaka tíma, sem þarf að líða, uns beita má dagsektum. Auk þess er lágmarkskrafa, að dagsektum verði ákveðin hámarksupphæð.

Við 50. gr.

Þagnarskylda.

Þótt þessi grein sé samin eftir 27. gr. frumvarpsins frá 1969, er töluverð breyting á anda hennar. Nú eru felld niður orðin: „að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn". Þótt hægt sé að sækja opinbera embættismenn til ábyrgðar í almennum lögum þá virðist samt eðlilegra að hafa það í greininni.

Við 51. gr.

Birting.

Hér er eftirsjá af ársskýrslu, sem ákvæði voru um í 28. gr. frumvarpsins frá 1969.

Við 52. gr.

Refsing.

Þessi grein er samhljóða 29. gr. frumvarpsins frá 1969 nema hvað nú er fellt niður hámark sektarupphæðar. Undirrituð samtök vilja hér enn ítreka, að því verði takmörk sett, hve háum sektarákvæðum má beita til þess að framfylgja þessum lögum.

Við 53. gr.

Málsmeðferð.

Undirrituð samtök telja að 4. málsgr. 53. gr. sé óverjandi í réttarríki. Það er augljós munur á mistökum og því sem gert er að yfirlögðu ráði. Öll löggjöf verður að gera skýran greinarmun á þessu tvennu.

Við 54. gr.

Gildistaka.

Verði fallist á breytingartillögur okkar, teljum við til bóta, að lögin taki gildi sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Félag ísl. iðnrekenda, Davíð Sch. Thorsteinsson. Landssamband iðnaðarmanna, Sigurður Kristinsson. Vinnuveitendasamb. Íslands, Jón H. Bergs.

Fylgiskjal VII.

Alþýðusamband Íslands
Laugavegi 18, Reykjavík.
Sími 19348.

Reykjavík, 02.02.'77 /kjh.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fjallaði á fundi sínum 1. febrúar 1977 um **Drög að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.**

Eftirfarandi umsögn var samþykkt með öllum atkvæðum:

„Þau frumvarpsdrög, sem hér eru til umsagnar, virðast að mestu óbreytt drög sérstakrar ríkisskipaðrar nefndar frá árinu 1969, nema hvað ákvæði um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd eru felld inn í frumvarpsdrögin nú.

Eftir að hafa kynnt sér frumvarpsdrögin allítarlega, er það mat Alþýðusambands Íslands, að þau komi á engan máta til móts við hinar margítrekuðu kröfur sambandsins um breytt fyrirkomulag verðlagsmála.

Í fyrsta lagi hefur Alþýðusambandið krafist þess, að verðákvarðanir verði samræmdar. Í dag er kerfið sundurleitt og án samhengis, og frumvarpsdrögin stefna greinilega að því, að svo verði áfram. Eðlilegt er, að verðákvarðanir á hinum ýmsu sviðum séu teknar út frá samræmdum rekstrarforsendum. Þó það sé gert, er fullkomlega mögulegt að taka tillit til séraðstæðna t. d. þannig að opinberir aðilar niðurgreiði vöru eða þjónustu eða skattleggi sérstaklega.

Í öðru lagi hefur Alþýðusambandið krafist samræmdrar stjórnar á verðákvörðunum og verðgæslu. Alþýðusambandið hefur margsinnis ítrekað nauðsyn þess, að verðlagseftirliti verði hagað öðru vísi en tíðkast hefur og t. d. aukin áhersla lögð á öflun gagna um verðlag erlendis. Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir því, að kerfið greinist í þrennt: verðlagsráð, samkeppnisnefnd og verðlagsstofnun. Þessi aðgreining er óheppileg. Frumvarpsdrögin virðast raunar gera ráð fyrir því, að samkeppnisnefndin, sem aðilum vinnumarkaðarins er ekki ætluð aðild að, geti orðið nokkur samræmingaraðili í þessu tilliti. Skipan þeirrar nefndar er hins vegar í fullkominni andstöðu við óskir Alþýðusambandsins um aukin áhrif á verðlagskerfið, og samræming í höndum þeirrar nefndar yrði því ekki til hins betra. Á það verður ekki fallist, að áhrifaaðstaða verkalýðssamtakanna verði skert og jafnvel aðstaða þeirra til þess að fylgjast með þróun mála.

Í þriðja lagi vantar í frumvarpsdrögin ákvæði, sem tryggja aukna virkni neytenda og aðhald af þeirra hálfu.

Þá eru ákvæði frumvarpsdraganna mörg það óljós, að ekki verður séð hver framkvæmdin muni verða.

Þar eð frumvarpsdrögin ganga í meginatriðum í berhögg við kröfur Alþýðusambandsins, teljum við rétt að óska þess, að viðskiptaráðherra skipi nefnd, sem fái það verkefni að endurskoða núgildandi löggjöf í samræmi við þau grundvallarsjónarmið, sem hér eru sett fram.

Þessari umsögn fylgja athugasemdir hagfræðings ASÍ við einstakar greinar frumvarpsdraganna.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands,

Björn Jónsson.

Frumvarp til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Við 1. gr.

Alm. merkingarlítið orðalag.

Við 2. gr.

Af fulltrúum ASÍ í verðlagsnefnd og forystumönnum samtakanna, hefur verið lögð áhersla á samræmingu verðlagskerfisins. Núverandi kerfi er æði sundurleitt og lagafrumvarpið gerir greinilega ráð fyrir því að það ástand verði óbreytt. Sam-

kvæmt núgildandi kerfi, eru þrír aðilar mikilvægastir hvað verðákvörðun snertir, en verulegum hluta er þó skipað utan formlegs ákvörðunarkerfis. Lauslega má áætla, að skiptingin sé eftirfarandi.

Verðlagsnefnd	25%	vöru- og þjónustugjalda vísit. fjöl.
6 manna nefnd	17%	vöru- og þjónustugjalda vísit. fjöl.
Ráðuneyti	17%	vöru- og þjónustugjalda vísit. fjöl.
Innflutningsverð	26%	vöru- og þjónustugjalda vísit. fjöl.
Annað utan kerfis	15%	vöru- og þjónustugjalda vísit. fjöl.
	100%	vöru- og þjónustugjalda vísit. fjöl.

Miðað við ofangreinda skiptingu nær formlegt verðlagskerfi til nærri 60% vöru- og þjónustugjalda vísitölufjölskyldunnar. Lágmarkskrafa virðist vera, að leitast sé við að samræma ákvarðanir þeirra aðila, sem þar eiga hlut að máli, auk þess sem óhjákvæmilegt er að beita virkum aðgerðum til þess að hafa áhrif á innflutningsverð. Fulltrúar Alþýðusambandsins hafa í verðlagsnefnd lýst þeirri skoðun sinni, að eðlilegt sé að starfssvið verðlagsnefndar sé útvíkkað. Hér er í engu komið til móts við þau sjónarmið.

Við 3. gr.

Fulltrúar ASÍ í verðlagsnefnd hafa marglýst þeirri skoðun sinni, að eðlilegt sé að verðlagsákvarðanir og eftirlit séu samræmdir þættir. Sérstaklega með tilliti til þeirrar áherslu sem á það er lögð í frumvarpinu að stefnt sé að auknu frjálsræði í verðlagningu, er ljóst, að sú aðgreining, sem nú er, og áfram á að vera, er óraunhæf. Ákveði verðlagsráð að gefa verðlagningu á tilteknu sviði frjálsa, er hún um leið að leggja málið í hendur annars aðila, því henni kemur verðlagseftirlitið ekki við skv. skipulagsrammanum. Eðlilegt virðist að verðlagsráð sé jafnframt yfirstjórn verðlagsstofnunar. Sama nefnd ætti að sjálfsögðu að fara með samkeppnismál, og er fráleitt að halda aðilum vinnumarkaðarins utan við það málasvið eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fjöldi nefndarmanna er ekki aðalatriði, en hins vegar er ljóst, að núverandi nefndarskipan gerir mögulegt að taka víðtækara tillit til hagsmunaaðila en hugsanlegt er skv. frumvarpinu. Það er erfitt að finna rök fyrir því, að hæstiréttur skipi menn í verðlagsráð. Sérfræðiþekking er til staðar bæði hjá viðskiptaráðuneytinu og samtökum vinnumarkaðarins og sérfræðiþjónustu má fá annarsstaðar frá, ef þörf krefur. Það að láta hæstarétt skipa tvo menn í verðlagsráð virðist hafa þann tilgang einan að skerða áhrif samtaka atvinnurekanda og launafólks. Sérstaklega verður sá tilgangur ljós, þegar fjórða grein frumvarpsins er skoðuð, en þar kemur fram að þessir hæstaréttarskipuðu menn eiga ásamt fulltrúa viðskiptaráðuneytisins að fara með samkeppnismálin alfarið, án afskipta fulltrúa launafólks og atvinnurekenda. Sú skipunarbreyting, sem hér er gerð tillaga um, er tvímælalaust til hins verra.

Við 4. gr.

Þegar hefur verið vikið að samsetningu samkeppnisnefndar (sjá það sem segir um 3. gr.), en ætlunin er, að fulltrúar launafólks fái ekki aðstöðu til afskipta á því sviði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að verðlagsráð geti falið verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt. Í þessu ákvæði felst mikil hætta fyrir hagsmuni neytenda, því að verulegar líkur eru á , að þetta ákvæði verði notað til þess að færa afgreiðslu mála úr höndum verðlagsráðs. Í stað afgreiðslu í verðlagsráði, kæmu beinar viðræður viðkomandi atvinnurekanda og atvinnurekendasamtaka við embættismenn. Sjálfsagt er að ráðið geti falið embættismönnum afgreiðslu einstakra mála og jafnvel málaflokka, sé það talið æskilegt af samhljóða, fullskipuðu ráði, enda geti þá hvaða fulltrúi sem er krafist þess, að málin verði að nýju tekin til meðferðar í ráðinu, sem einnig fylgist með gangi mála sem yfirstjórn verðlagsstofnunar.

Þegar hefur verið fjallað um hið dreifða handahófskennda og ósamræmda verðlagskerfi og nauðsynlegar samræmingar. Ákvæðið um óskuldbindandi kynningu annarra verðákvörðunaraðila á þeim málum, sem þeir hafa til meðferðar, virðast misheppnuð hótfyndni, og fráleitt að ríkisstjórnin geti tekið mál, sem falla eiga undir ráðið skv. lögunum, úr höndum ráðsins.

Við 5. gr.

Í athugasemdum við 3. og 4. gr. hefur sú skoðun verið skýrt fram sett, að nauðsynlegt sé að samræma verðákvarðanir og allt eftirlit og því eðlilegt, að verðlagsráð sé jafnframt yfirstjórn verðlagsstofnunar.

Við 6. gr.

Skýr ákvæði um upplýsingaskyldu gagnvart verðlagsstofnun og verðlagsráði eru til bóta, og væri æskilegt að fella þau ákvæði inn í gildandi lög.

Við 7. gr.

Þessi grein virðist óþörf, þar sem verðlagsráðinu er í 8. gr. veitt heimild til almennrar verðstöðvunar. Séu samtök atvinnurekenda og launafólks á einhverjum tíma sammála um, að verðstöðvun sé óþörf, en ríkisstjórn telur hana æskilega, virðist eðlilegt að Alþingi fjalli um málið.

Við 8. gr.

Þegar hefur verið bent á það ósamræmi, að verðákvörðun og verðeftirlit og samkeppnismál skuli aðgreind, en ákvæði þessarar greinar sýna ljóslega að samræming er ófrávíkjanleg forsenda aukins frjálsræðis. Almennt virðist greinin benda til þess, að ríkisstjórnin ætli sér að gefa verðlagningu frjálsa, en koma ábyrgðinni á fulltrúa sínn í verðlagsráði.

Við 9. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi ákvæði.

Við 10. gr.

Vísast til athugasemda við þær greinar, sem hér er vitnað til.

Við 11. gr.

Verðlagsráð hlýtur að geta haft frumkvæði í þessu efni, en er tæplega ætlað að vera einungis stimpildeild eins og greinin gæti táknað.

Við 12. gr.

Viðmiðunin virðist sanngjörn.

Við 13. gr.

Þessi grein virðist ófullnægjandi, þar sem álagning virðist vera eini þáttur verðsins, sem skýrt er fram tekið að verðlagsstofnun sé ætlað að birta greinargerðir um. Jafnsjálfsagt er að kanna hráefnis- og framleiðslukostnað.

Við 14. gr.

Greinin er allóljós. Skilgreina þarf nánar við hvaða skilyrði fyrirtæki telst einokunarfyrirtæki eða markaðsráðandi. Einnig er óljóst hvaða fyrirtækjum er ætlað að tilkynna.

Við 15. gr.

Sjá athugasemdir við 14. gr.

Við 16. gr.

Það virðist ástæðulaust og geta verið hættulegt, að fela fyrir almenningi hvaða samkeppnishömlur yfirvöld telja æskilegar og heimila því.

Við 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar virðast í eðlilegu verksviði verðlagsráðs og samkeppnisnefndar.

Við 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar sýna skýrt nauðsyn þess að verðlagsráð og samkeppnisnefnd séu sami aðili. Rétt er að minna á, að nauðsynlegt verði að fyrirskipa verðlækkun.

Við 19. gr.

Þessi grein sýnir enn að samstjórnun er nauðsynleg. Það virðist óeðlilegt að nefndin sé skylduð til þess að fela samningsgerð í hendur embættismönnum. Nefndin hlýtur að verða að geta verið beinn aðili að samningsgerð eftir því sem hún telur nauðsynlegt.

Við 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar vekja þá spurningu, hvað sé ósanngjarnt.

Við 21. gr.

Það er ekki nægilega skýrt, hvað þessi grein bannar.

Við 22. gr.

Æskilegt ákvæði.

Við 23. gr.

Æskilegt ákvæði.

Við 24. gr.

Greinin er það óljóst orðuð, að það fer algjörlega eftir framkvæmdinni, hvort greinarnar að framan (21—23) hafi yfirleitt nokkuð gildi.

Við 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru bráðnauðsynleg, en áherslu verður að leggja á, að kaupendum sé ekki mismunað, hvað snertir söluskilmála. Það sem segir í síðustu setningunni um staðgreiðslu kann að þessu leyti að vera í andstöðu við það, sem annars er sagt í greininni.

Við 26. gr.

Æskilegt ákvæði.

Við 27. gr.

Önnur málsgrein er torskilin.

28. gr. — 44. gr.

Ákvæði þessara greina virðast æskileg. Önnur málsgr. 35. greinar býður þó heim þröngri túlkun, sem gæti torveldað fólki starfsskipti. Starfsreynslu hlýtur hver og einn að flytja með sér. 30. grein skil ég ekki.

Við 45. gr.

Æskileg ákvæði.

Við 46. gr.

Hagnað ætti að gera upptækan. Að skylda aðila sem hagnast hefur óheiðarlega til þess að selja á undirboðsverði (dumping) hlýtur að falla undir óheiðarlega viðskiptahætti gagnvart keppinautum.

47.—53. gr.

Æskileg ákvæði.

Við 54. gr.

Sá ársfrestur, sem greinin gerir ráð fyrir, er líklega tákn þess, að höfundum frumvarpsins sé jafnljóst og okkur, að ágæti þess er takmarkað, og ætlunin sé að semja nýtt frumvarp á árinu.

Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal nr. VIII.

Samband íslenskra samvinnufélaga,
Sambandshúsið, Reykjavík.

Viðskiptaráðuneytið
hr. Björgvin Guðmundsson
skrifstofustjóri
Arnarhvoli
Reykjavík.

6. október 1977.

Vér vísum til bréfs ráðuneytisins frá 3. nóvember s. l. varðandi drög að frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og vildum tjá yður að mál þetta var sérstaklega tekið fyrir á Sambandsstjórnarfundi í dag, og eftir mjög ítarlegar umræður gerð um það svohljóðandi bókun:

„Sambandsstjórn er meðmælt vissum meginþáttum frumvarpsdraganna en telur að veigamikilla breytinga sé þörf þegar samið yrði lagafrumvarp á grundvelli þeirra til að til að hægt væri að mæla með lögfestingu þess.

Skilgreina þarf nánar en gert er víða í frumvarpinu hvað við er átt. Jafn víðtæk rammalöggjöf og drögin gera ráð fyrir mundi skapa mikla óvissu og gefa framkvæmdavaldi, þ. á m. embættismannakerfinu, víðtækara vald en fallist verður á að leiða í lög.

Sérstök ástæða er til að taka fram vegna 25. gr. frumvarpsdraganna að skýlaust verði að vera að ný lagaákvæði komi ekki í veg fyrir að Samband ísl. samvinnufélaga geti hér eftir sem hingað til útvegað kaupfélögunum vörur án þess að eiga yfir höfði sér að vera skyldað til að selja þær vörur öðrum sem það útvegi kaupfélögunum og hefur á boðstólum handa þeim.

Verði horfið að því að semja lagafrumvarp á grundvelli frumvarpsdraganna væri það mikils metið af hálfu Sambandsstjórnarinnar að Sambandið fengi tækifæri til að fylgjast með því starfi og segja álit sitt áður en til þess kæmi að frumvarp um þessi efni yrði lagt fyrir Alþingi."

Virðingarfyllst,

Kjartan P. Kjartansson,
framkvæmdastjóri.
Skipulags- og fræðsludeild.

Ed. 463. Frumvarp til laga [172. mál]

um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. mars.)

Samhljóða þskj. 338 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Læknir skal útskýra fyrir sjúklingum með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Læknir skal skýra vandlega fyrir þeim hvernig sjúkdómur smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að sé út af brugðið varði slíkt hegningu samkv. almennum hegningarlögum. Þá skal læknir ennfremur fá hverjum sjúklingi, sem til hans leitar vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem landlæknir lætur í té. Í öllum íslenskum skipum skal vera upplýsingarit um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum skal fylgja lyfjakistli skipsins.

Ed. 464. Frumvarp til laga [213. mál]

um þroskaþjálfa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. mars.)

Samhljóða þskj. 410 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusystraskóli Íslands).

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands, þar sem námið er stundað. Áður en leyfið er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags þroskaþjálfa og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Nd. 465. Frumvarp til laga [246. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Páll Pétursson, Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Sigurjónsson.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir, sem um getur í 10. gr., mega reikna af innlánum og útlánum, svo og vexti af rekstrar- og afurðalánum atvinnuveganna. Nær þetta vald einnig til þess að ákveða hámarksvexti samkv. lögum nr. 58 1960. Vaxtaákvarðanir skulu birtar í Lögbirtingablaði.

Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um Seðlabanka Íslands, er í því fólgin, að ákvörðunarvald um vexti skuli fært frá Seðlabankanum og til ríkisstjórnarinnar, þó að sjálfsögðu verði Seðlabankinn ríkisstjórn til ráðuneytis.

Það er hlutverk Alþingis, og ríkisstjórnar í umboði þess, að stjórna landinu, og er Alþingi legið á hálsi þegar stjórn landsins fer úrskeiðis.

Ákvörðun vaxta er mjög mikilvægur þáttur í stjórn efnahagsmála og þróun atvinnulífs í landinu, og þess vegna er misráðið, ef Alþingi á að stjórna Íslandi á annað borð, og ríkisstjórn í umboði þess, að fela henni ekki ákvörðunarvald í jafnmikilvægu máli, enda beri þá ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar á Alþingi fulla ábyrgð á ákvörðunum þeim sem teknar eru.

Ríkisstjórnin á og verður að hafa heildaryfirsýn yfir efnahagsþróun í landinu og vald til þess að hafa stjórn á henni. Því er að sjálfsögðu ekki til að dreifa, ef einstökum ríkisstofnunum er falin sjálfstæð ákvarðanataka um mikilsverðustu þætti efnahagsmála.

Seðlabankinn hefur nú um nokkurt skeið ákvarðað vexti í landinu. Sú skoðun, að hlutur sparifjáreigenda hafi verið mjög fyrir borð borinn undanfarin ár og að rétta verði hlut þeirra, hefur ráðið ákvörðun Seðlabankans á seinustu missirum. Það sjónarmið ber að viðurkenna, en þó einungis að vissu marki, þar sem hagsmunir sparifjáreigenda eru að sjálfsögðu svo best tryggðir að atvinnulífinu sé ekki stefnt í voða og verðbólgu sé haldið í skefjum. Of háir vextir skapa mjög mikið misrétti milli þeirra, sem hafa stofnað heimili og komið sér upp íbúðarhúsnæði fyrir nokkru, og þeirra, sem eru að gera það nú eða eiga það eftir, og með því er unga fólkinu gert mjög erfitt fyrir.

Þá eru of háir vextir hinn mesti verðbólguvaldur, auk þess sem þeir binda atvinnulífi í landinu byrðar, sem það fær ekki risið undir.

Sþ. 466. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp nú þegar með umsömdum sex mánaða fyrirvara heimildum Færeyinga til fiskveiða með línu- og togveiðarfærum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, samkvæmt niðurstöðu viðræðna, sem undirrituð var hinn 20. mars 1976 og staðfest með samþykkt Alþingis hinn 18. maí 1976.

Greinargerð.

Eins og alþjóð er kunnugt um var sett á með reglugerð þorskveiðibann dagana 21. mars til 28. mars miðað við hádegi báða daga. Þetta er algert einsdæmi í fiskveiðisögu íslensku þjóðarinnar. Afstaða manna til þessa fyrsta algera þorskveiðibanns var þegar á heildina er litið mjög jákvæð og bannið vel virt. Þetta staðfestir það, er vel var vitað, að allir hugsandi menn gera sér fulla grein fyrir hversu alvarlegt ástand er með þorskstofninn við landið. Einnig er það öllum vel kunnugt, er um fiskveiðar hugsa og fjalla, að sóknargeta veiðiflota landsmanna er miklu meiri en svo, að núverandi þorskstofn þoli fulla og eðlilega sókn. Þegar svo er komið má öllum vera það ljóst, að ekki er lengur nein forsenda þess að veita öðrum þjóðum réttindi til þorskveiða hér við land. Þótt hér sé aðeins rætt um heimild, er Færeyingar njóta nú, mun hið sama gilda gagnvart öllum öðrum þjóðum hvað varðar veiðimöguleika á bolfiski innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Við getum einfaldlega

alls ekki veitt okkur þann munað að hafa opnar heimildir fyrir útlendinga til veiða á þorski hér við land um ófyrirsjáanlegan tíma. Takist hins vegar vel til með skipulegar friðunaraðgerðir og fáist fullvissa um örugga stofnstærð hrygningarfisks munum við í framtíðinni geta boðið frændum voru Færeyingum veiðimöguleika innan fiskveiðilögsögunnar.

Óþarfi er að rekja með tölum öfugþróun á aflamagni þorsks hér við land. Það er alþjóð svo vel kunnugt um.

Nd. 467. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva.

Flm.: Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúa löggjöf um skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva með það að markmiði, að fiskiskipafloti landsmanna nýtist sem best til þess að tryggja fiskvinnslustöðvum sem jafnast og best hráefni til samfelldrar vinnslu.

Áhersla skal lögð á eftirfarandi meginatriði í hinu nýja skipulagi:

1. Landinu sé skipt í löndunarsvæði í samræmi við samgönguaðstæður og hagkvæm samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Endanlegt ákvörðunarvald um svæðaskiptingu hafi hagsmunaaðilar á svæðunum.
2. Yfirstjórn á hverju löndunarsvæði sé í höndum heimaaðila á svæðinu, þ. e. a. s. í höndum fulltrúa fiskvinnslustöðva, útgerðaraðila og sjómanna og fiskvinnslufólks.
3. Stefnt sé að því að miðla hráefni á sem hagkvæmastan hátt á milli fiskvinnslustöðva þannig að vinna geti verið samfelld og hagkvæm í öllum vinnslustöðvum svæðisins.
4. Fiskafli sé fluttur í kældum og lokuðum flutningatækjum á milli vinnslustöðva eftir því sem þörf er á.
5. Að því sé stefnt, að fiskveiðiflotinn, sem veiðir fyrir svæðið, sé í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna.
6. Tryggt sé í væntanlegri löggjöf, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til að koma skipulagningunni á og til þess að standa undir hluta af rekstri nauðsynlegra flutningatækja.

   Heimilt verði að taka nokkurt gjald af öllum lönduðum fiski á svæðinu til þess að standa undir sameiginlegum kostnaði.

Greinargerð.

Á loðnuvertíðinni veturinn 1973 var í fyrsta sinn tekið upp skipulag á löndun á loðnuafla til verksmiðjuvinnslu.

Allir, sem til þekkja, munu viðurkenna að starf loðnunefndar og það skipulag, sem ákveðið var með lögunum um löndun á loðnu til bræðslu, hafi orðið að miklu gagni, m. a. til að tryggja betri nýtingu loðnuverksmiðjanna og greiðari löndun aflans en áður var.

Sú reynsla, sem fengist hefur af skipulaginu á löndun loðnuaflans, hefur leitt hugann að því, að ekki væri síður þörf á að taka upp ný vinnubrögð varðandi löndun á öðrum fiskafla til fiskvinnslustöðvanna, sem dreifðar eru á mörgum stöðum víðs vegar um landið. Þegar útgerð hinna minni skuttogara hófst með nánum tengslum milli fiskveiða og fiskvinnslu, má segja að nýtt tímabil í fiskvinnslumálum hafi hafist hér á landi. Þá var fyrst fyrir alvöru farið að huga að

nauðsynlegri samræmingu á milli veiða og vinnslu og að því að skipuleggja veiðarnar með tilliti til samfelldrar vinnu í fiskvinnslustöðvunum.

Áður hafði aðgreining fiskveiða og fiskvinnslu verið ráðandi og fiskibátarnir oftast í eigu annarra aðila en þeirra, sem áttu eða stjórnuðu fiskvinnslustöðvunum.

Nú er flestum orðið ljóst, að skilyrði þess, að vel takist með rekstur fiskvinnslustöðva, er að hráefnisöflun til stöðvanna sé örugg og sem jöfnust. Mikill afli, sem að berst á vissum tíma, er vinnslustöðvunum óhagkvæmur, ef hann er meiri en jöfn vinnsla ræður við. Á sama hátt er að sjálfsögðu hráefnisskortur mjög óhagkvæmur og veldur auk þess starfsfólkinu tjóni eða tekjutapi.

Þó að nokkuð hafi færst í betra horf með hráefnisöflun og jafnari vinnslu, er ástandið í þeim efnum langt frá því að vera gott. Á nokkrum stöðum má þó segja að tekist hafi sæmilega í þessum efnum, en á öðrum er ástandið mjög slæmt.

Og enn má finna þess mörg dæmi, að í sömu útgerðarstöð sé ástandið þannig, að um allt of mikinn afla sé að ræða í einni vinnslustöðinni, þegar hráefni vantar í aðra, eða allt of mikill afli berist á land í einu byggðarlagi á sama tíma og nálægt byggðarlag skortir hráefni til vinnslu.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar að því, að tekist verði á við þann vanda, sem hér er um að ræða.

Eðlilegt er að sjávarútvegsráðuneytið hafi forgöngu í málinu og beiti sér fyrir að upp verði tekið nýtt skipulag á fisklöndun sem víðast í sjávarbæjum landsins.

Það er hugmynd flm. þessarar tillögu, að reynt verði að koma á víðtæku samstarfi allra þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Eðlilegast sýnist að skipta landinu í nokkur fisklöndunarsvæði eftir aðstæðum. Þannig mætti t. d. hugsa sér allt Reykjanessvæðið sem eitt löndunarsvæði. Þar væri auðvelt að flytja fisk á milli byggðarlaga og fiskvinnslustöðva, eftir því sem hentugt þætti. Jafnframt yrði að því unnið að skipuleggja alla fiskvinnslu á svæðinu og hráefnisöflun fyrir svæðið, þannig að sem eðlilegast samræmi væri á milli veiða og vinnslu. Af slíku skipulagi ætti að leiða hagkvæmari rekstur og fullkomið vinnuöryggi þess fólks sem við vinnuna starfar. Hliðstæð löndunarsvæði yrðu á Austfjörðum, Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra og eystra, á Norðausturlandi, á Snæfellsnesi og Vesturlandi og á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Miklu máli skiptir að koma á góðu samstarfi á milli byggðarlaga og þá um leið góðum og öruggum flutningum á hráefni milli staða. Til þess að slíkt takist vel þyrftu bílar að vera yfirbyggðir með kælingu og vel lagaðir til að taka við fiskkössum. Yfirstjórn á löndunarsvæðinu sæi um miðlun hráefnis, þannig að vinnslan yrði alls staðar sem hagkvæmust.

Með skipulagi af þessu tagi væri að því unnið að gera rekstur frystihúsa hliðstæðan rekstri góðra iðnfyrirtækja, eða iðnaðarverksmiðja. Þar yrði um að ræða jafna og stöðuga vinnu, vinnu sem væri miklu auðveldara að hagræða og skipuleggja með hliðsjón af rekstrarlegri hagsýni en nú er mögulegt í sveiflukenndum störfum.

Fiskiðnaðurinn er stóriðja okkar Íslendinga. Þá stóriðju þarf að skipuleggja og gera henni kleift að þróast, ekki aðeins til frumvinnslu hráefnis, heldur til fullkominnar matvælaframleiðslu.

Flm. leggur áherslu á, að skipulag af þeirri gerð, sem tillagan fjallar um, verður að þróast stig af stigi og með skilningi þeirra, sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Löndunarsvæðin verða að ákveðast af heimaaðilum og þeir eiga að stjórna hinu nýja fyrirkomulagi. Ríkið á hins vegar að ýta undir þessa þróun og hafa áhrif á framkvæmdir.

Með skipulagi sem þessu verður fyrst hægt að ná tökum á gerð og stærð fiskiskipaflotans með tilliti til æskilegrar nýtingar fiskstofna og hagkvæmni í rekstri fiskvinnslu og veiða.

Fiskiskip landsmanna hafa lengst af verið af breytilegri gerð og ýmist í eigu einstaklinga eða félaga. Þannig verður það eflaust áfram um langan tíma, enda getur verið hagkvæmt að hafa í rekstri margvíslega gerð skipa, jafnt togara sem smærri báta.

Skipulag á veiðum og vinnslu þarf ekki að leiða til neinnar allsherjar samræmingar á gerð eða stærð fiskiskipanna né heldur á rekstrarformi.

Aðalatriðið er hins vegar að veiðin á hverjum tíma sé í samræmi við vinnslugetuna.

Breyting á gerð fiskiskipa og á útgerðarformi mun halda áfram, eftir því sem hentugt þykir og er í samræmi við ríkjandi aðstæður.

Skuttogarar af þeirri gerð, sem nú setur mestan svip á þorskveiðiflotann, hafa reynst vel. Þeir hafa ýmsa yfirburði til að tryggja nægilegt hráefni allt árið, umfram það sem minni bátar hafa. Bátar af ýmsum stærðum og gerðum geta þó hentað mjög vel í ýmsum tilfellum og við sumar veiðar.

Það er tilgangur flm. með þessari tillögu að vekja athygli á miklu nauðsynjamáli og gera tilraun til þess að hafist verði handa um þá breytingu í fiskveiðum og fiskvinnslu sem hér hefur verið vikið að.

Ed. 468. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 1. maí 1968, um áskorunarmál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Halldór Ásgrímsson.

Alþingi, 31. mars 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.
Geir Gunnarsson.	Jón G. Sólnes.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 469. Frumvarp til laga [249. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, og lögum nr. 50 frá 26. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til maka, niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungs hluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:
Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 5 af hundraði.
Af næstu 1 200 þúsundum króna 6 af hundraði.
Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur ná 10 hundraðshlutum.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af hverjum arfshluta:
Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 15 af hundraði.
Af næstu 1 200 þúsundum króna 17 af hundraði.
Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 25 hundraðshlutum.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir staflið A eða B hér að framan eða til fjarskyldra erfingja eða óskyldra skal svara af hverjum arfshluta:
Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 30 af hundraði.
Af næstu 1 200 þúsundum króna 34 af hundraði.
Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 4 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 50 hundraðshlutum.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.

2. gr.

Í stað „10 000“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 60 000.

3. gr.

Í stað „100 000“ í fyrri málsgr. 12. gr. komi: 600 000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra búa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra, en fram til þess gilda óbreyttar fyrri reglur um álagningu erfðafjárskatts.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um erfðafjárskatt eru að stofni til frá árinu 1921 og hafa ekki tekið öðrum breytingum en þeim, sem gerðar voru með lögum nr. 50 frá 26. maí 1972. Þau lög voru sett vegna þeirrar röskunar sem orðin var á skattstiganum vegna stórfelldra verðbreytinga og þeirrar hækkunar á fasteignamati, sem tók gildi um áramótin 1971/1972. Til þess að vega á móti þessari röskun voru skattþrepin stækkuð og hundraðshlutar skattsins hækkaðir.

Um áramótin 1976/1977 tók nýtt fasteignamat gildi. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins var þar að meðaltali um 5½ falda hækkun á fasteignamati frá 1971 að ræða. Með nýju fasteignamati, er tók gildi hinn 1. janúar 1978 hækkaði mat á fasteignum enn að meðaltali um 33—34% og framvegis mun fasteignamatið breytast árlega til samræmis við verðlag á hverjum tíma sbr. lög nr. 94/1976.

Í þeim dánarbúum þar sem stighækkandi skatts gætir fyrst og fremst, þ. e. í smáum búum, eru fasteignir yfirgnæfandi þáttur skattstofnsins. Er því eðlilegt að verðbreytingar á fasteignum ráði mestu við álagningu erfðafjárskatts.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum á gildandi erfðafjárskattslögum fremur en gert var með lögunum frá 1972. Hér er aðeins um að ræða breytingar á skattstiganum, sem rétt og nauðsynlegt virðist að gera vegna stórfelldra hækkana á fasteignamati. Erfðafjárskatturinn fer stighækkandi eftir fjárhæð þeirri, sem til arfs fellur, þar til ákveðnu hámarki er náð, en það hámark er mismunandi eftir erfðaflokkum. Í gildandi lögum eru þessi stig eða skattþrep miðuð við 200 þús. kr., en nú er lagt til að þau miðist við 1200 þús. kr. Gert er ráð fyrir að hundraðshluti erfðafjárskattsins verði óbreyttur.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Nd. 470. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. — Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Tómas Árnason og Sverrir Hermannsson.

Alþingi, 3. apríl 1978.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson. Jón Skaftason.
Sighv. Björgvinsson. Guðl. Gíslason.

Nd. 471. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sbr. breyting á þeim lögum nr. 10/1971.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. — Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Tómas Árnason.

Alþingi, 3. apríl 1978.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson. Jón Skaftason.
Sighv. Björgvinsson. Guðl. Gíslason.

Ed. 472. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til laga um vátryggingarstarfsemi.

Frá Albert Guðmundssyni.

Við 22. gr. bætist:

Aðilar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru íslensk eign að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu vátryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi skv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til tryggingamálaráðherra, sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem skv. leyfi tryggingamálaráðherra tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaeftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt vátryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.

Í samþykkt hluthafafundar samkvæmt 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins, ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin út ný breytanleg skuldabréf, félagi slitið, þ. á m. með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 27.—28. gr., 1.—5. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. og 31. gr.

Í samþykkt samkvæmt 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð, sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Í heimildinni skal taka fram um þau efni, sem greinir í 2. og 7. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr.

Ef fjárhæð sú, sem greidd er fyrir skuldabréf, er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta, sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum, má breytingin því aðeins fara fram, að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

40. gr.

Samþykkt samkvæmt 39. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá, sem hækka má hlutafé um, og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

Þegar frestur samkvæmt 1. mgr. er liðinn, skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni, hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár, skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna, hversu mörgum skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynnt hefur verið um breytinguna, telst hlutafé hækkað um fjárhæð, er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni, má félagsstjórn gera.

41. gr.

Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum, sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð, sem greiddur er hluthöfum, eða við árságóða, enda sé gætt ákvæða laga og fyrirmæla um vaxtaákvarðanir.

22. Við 44. gr. (verður 47. gr.) Aftan við 2. mgr. bætast svofelld ákvæði:

Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu. Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/4 hlutafjárins, krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

23. Við 46. gr. (verður 49. gr.). Í stað „kr. 10 000 000“ í 1. og 2. mgr. komi: kr. 30 000 000.

24. Við 48. gr. (verður 51. gr.). Síðasti málsliður greinarinnar fellur niður.

25. Við 49. gr. (verður 52. gr.). 3. mgr. greinarinnar orðist svo:

Félagsstjórn skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri, skal hann sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

26. Við 51. gr. (verður 54. gr.). 1. mgr. greinarinnar orðist svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann. Ef atkvæði eru jöfn, ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum, þar sem hlutafé er kr. 30 000 000 eða meira.

27. Við 52. gr. (verður 55. gr.). 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

28. Við 53. gr. (verður 56. gr.). Aftan við greinina bætist svofellt ákvæði:

Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

29. Við 54. gr. (verður 57. gr.).

a) Aftan við 1. málslið 1. mgr. bætist eftirfarandi:

Ef fulltrúanefnd er kjörin, skal með ákvæðum í samþykktum nánar kveða á um vald hennar og starfssvið.

b) 2., 3. og 4. málsliður 3. mgr. falli niður.

30. Við 59. gr. (verður 62. gr.). 1. mgr. greinarinnar orðist svo:

Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna.

31. Við 60. gr. (verður 63. gr.). Síðari málsliður 3. mgr. falli niður.

32. Við 61. gr. (verður 64. gr.). Við 2. mgr. greinarinnar bætist:

Umboð má hvenær sem er afturkalla.

33. Við 64. gr. (verður 67. gr.).

a) Í stað orðanna „sex mánaða“ í 1. mgr. komi orðin: níu mánaða.

b) Í stað „1/10 hlutafjárins“ í 3. mgr. komi: 1/5 hlutafjárins.

34. Við 68. gr. (verður 71. gr.). Í stað orðsins „endurskoðanda“ í 4. mgr. komi orðið: endurskoðenda.

35. Við 69. gr. (verður 72. gr.). 1. málsliður greinarinnar orðist svo:

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki 2/3 hluta mættra hluthafa.

36. Við 70. gr. (verður 73. gr.). 4. mgr. orðist svo:
Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

37. Við 71. gr. (verður 74. gr.). Í stað orðsins „reikningum“ í 1. mgr. komi orðið: ársreikningi.

38. Við 77. gr. (verður 80. gr.). Greinin orðist svo:
Á aðalfundi skal kjósa endurskoðendur, tvo eða fleiri, í samræmi við samþykktir félagsins. Í félögum, sem kjósa löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfélag, skulu endurskoðendur vera einn eða fleiri. Aðalfundur getur einnig kosið varaendurskoðendur. Í samþykktum félagsins má ákveða, að einn eða fleiri endurskoðendur, en ekki allir, skuli tilnefndir á annan hátt.
Hafi tillaga um kosningu endurskoðanda verið felld á aðalfundi og hluthafahópur, sem ræður minnst 1/5 hlutafjár, krefst þess á aðalfundi, þar sem endurskoðendur skal kjósa, skal stjórn félags fara þess á leit við ráðherra, að hann nefni til einn endurskoðanda, er starfi að endurskoðun reikninga félagsins ásamt kjörnum endurskoðendum kjörtímabil þeirra. Ef stjórn félagsins hefur ekki komið ósk þessari á framfæri innan tveggja vikna frá aðalfundi, getur hver hluthafi borið fram ósk þessa við ráðherra. Telji ráðherra nægilegar ástæður til þess að verða við óskinni, skal hann nefna til löggiltan endurskoðanda. Þóknun til þess endurskoðanda, er ráðherra tilnefnir, er háð samþykki hans og skal félagið greiða hana.

39. Við 79. gr. (verður 82. gr.).
a) 1. mgr. greinarinnar orðist svo:
Í hlutafélögum með hlutafé að fjárhæð 30 000 000 króna eða þar yfir eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ársmenn) eða þegar skuldir og bundið eigið fé nemur samtals 500 000 000 króna eða þar yfir, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur. Þegar ljóst er við stofnun félagsins eða upphaf rekstrar, að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð, skal regla 1. málsliðar gilda frá þeim tíma, en annars skal við það miða, að skuldir og bundið eigið fé hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningi tveggja síðast liðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 100 tvö síðast liðin reikningsár.
b) Í stað „1/10“ í 3. mgr. komi: 1/5.

40. Við 80. gr. (verður 83. gr.).
a) Í stað orðsins „stjórnarmanns“ í 2. málsl. 1. mgr. komi orðin: formanns stjórnar.
b) Í greinina bætist ný mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:
Endurskoðandi hlutafélags má ekki vera í þjónustu stjórnarmanns félagsins.
c) Í stað orðsins „skuldskeyttur“ í 3. mgr. komi orðið: skuldugur.

41. Við 83. gr. (verður 86. gr.). 1. mgr. greinarinnar orðist svo:
Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu.

42. Við 85. og 86. gr. (verða 88. og 89. gr.). Núverandi 85. gr. og 86. gr. verði sameinaðar í eina grein (verður 88. gr.) svo hljóðandi:
Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu, sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund.
Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um, að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal fram koma skoðun endurskoðenda á því, hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur séu samdir í sam-

ræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar, sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti, eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags, skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í skýrslu sinni, ef kostur er. Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun, að atvik liggi fyrir, sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra, skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni, sem þeir telja rétt, að hluthafar fái vitneskju um.

43. Við 87. gr. (verður 89. gr.). Greinin orðist svo:

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin varðveitir gögn þessi á öruggan hátt.

44. Við 88. gr. (verður 90. gr.). Greinin orðist svo:

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins.

45. Við 91. gr. (verður 93. gr.). 3. mgr. greinarinnar orðist svo:

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

46. Við 93. gr. (verður 95. gr.). Síðari mgr. orðist þannig:

Ársreikningi skulu fylgja skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

47. Við 96. gr. (verður 98. gr.).

a) 1. mgr. orðist svo:

Eigin hlutabréf skulu færð til frádráttar heildarhlutafé. Ef hlutabréfin hafa verið löglega keypt á síðustu tveimur reikningsárum, er heimilt að færa þau til eignar í efnahagsreikningi með verði allt að kostnaðarverði.

b) 5. mgr. orðist svo:

Þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána, gengistap, svo og samsvarandi hækkun vegna verðtryggingar slíkra lána er heimilt að eignfæra og afskrifa innan lánstímans, hafi kostnaðurinn ekki verið gjaldfærður strax.

48. Við 102. gr. (verður 104. gr.). Greinin orðist svo:

Í móðurfélagi skal gera samstæðureikning, sem nái skal til sama tímabils og ársreikningur þess.

Samstæðureikningurinn skal hafa að geyma samantekt á ársreikningum móður- og dótturfélaganna, saminn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og með hliðsjón af öðrum ákvæðum þessa kafla. Við gerð reikningsins skal fella brott innbyrðis tekjur og ársgreiðslur milli félaga í samstæðunni svo og innbyrðis eignir og skuldir.

Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar, svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi, sem afladi hennar.

Ef samsetning samstæðunnar eða aðrar sérstakar aðstæður gera það að verkum, að gerð samstæðureiknings er verulegum vandkvæðum bundin, má víkja frá ákvæðum þessarar greinar.

49. Við 104. gr. (verður 106. gr.).

a) 1. mgr. greinarinnar orðist svo:

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

b) 2. mgr. greinarinnar falli niður.

50. Við 105. gr. (verður 107. gr.). Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo:
Nú nemur varasjóður ekki einum tíunda hluta af hlutafénu, og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé, sem svarar til vaxta á almennum sparisjóðsbókum, sbr. og 43. gr.
51. Við 106. gr. (verður 108. gr.). 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
Minnst tíu hundraðshluta þess árságóða, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð, uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins.
52. Við 107. gr. (verður 109. gr.). Í stað orðanna „geta krafist þess á aðalfundi“ í fyrra málslið 2. mgr. komi orðin: eiga á aðalfundi kröfu til þess.
53. Við 108. gr. (verður 110. gr.). Í stað orðanna „með vöxtum“ í 1. mgr. komi orðin: með vöxtum, er séu jafnháir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum.
54. Við 110. gr. (verður 112. gr.).
a) Í stað orðsins „hlutaféð“ í fyrri málslið 1. mgr. komi orðin: bundið eigið fé.
b) Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Ákvæðum 1. mgr. verður ekki beitt um hlutafélagsbanka.
55. Við 112. gr. (verður 114. gr.). 2. töluliður 3. mgr. orðist svo:
Ef hluthafar verða færri en fimm.
56. Við 113. gr. (verður 115. gr.). Greinin orðist svo:
Hluthafar, sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárins, geta krafist þess, að félagi sé slitið með dómi, ef hluthafar hafa af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félags.
57. Við 121. gr. (verður 123. gr.). 2. mgr. greinarinnar orðist svo:
Skilanefnd sendir hlutafélagaskrá bækur félags og gögn, er afhendir þau Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu.
58. Við 131. gr. (verður 133. gr.). Í stað „1/10“ í 2. mgr. komi: 1/5.
59. Við 132. gr. (verður 134. gr.). Í stað orðanna „innan tveggja ára frá því, að endurskoðunin var gerð og lögð fram á aðalfundi“ í c-lið 1. mgr. komi orðin: innan tveggja ára frá því, að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing lögð fram.
60. Við 143. gr. (verður 141. gr.). 2. mgr. greinarinnar orðist svo:
Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og skráningargjöld. Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni, þ. m. t. reikningum hlutafélaga.
61. Við 149. gr. (verður 151. gr.). Í stað orðsins „reikningum“ í 1. tölulið greinarinnar komi orðið: ársreikningi.
62. Við 154. gr. (verður 156. gr.) Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um lágmarksfjárhæð hlutafjár öðlist gildi þegar í stað. Ákvæði XII. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár, sem hefst á árinu 1979. Ákvæði 82. gr. um skyldu hlutafélaga til að hafa löggiltan endurskoðanda og ákvæði 104. gr. um skyldu til að gera samstæðureikning koma til framkvæmda 1. janúar 1982.

Nd. 478. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. 4. töluliður orðist svo:

Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.

Nd. 479. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. 4. töluliður orðist svo:

Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.

Nd. 480. Breytingartillaga [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. 4. töluliður orðist svo:

Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.

Nd. 481. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi handa Selfosskauptúni.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið til fundar við sig ráðuneytisstjórann í félagsmálaráðuneytinu. Umsagnir um frumvarpið bárust frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, sem tekur ekki afstöðu, og sýslunefnd Árnessýslu sem mælir gegn frumvarpinu eins og það er, en leggur fram breytingartillögur.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir leggja til að frv. verði samþykkt, en Gunnlaugur Finnsson skilar séráliti.

Alþingi, 4. apríl 1978.

Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.	Magnús T. Ólafsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Stefán Valgeirsson.	Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Sþ. 482. Fyrirspurn [251. mál]

til forsætisráðherra um byggðaáætlun Hólsfjalla og Möðrudals á Efra-Fjalli.

Frá Ingvari Gíslasyni og Sverri Hermannssyni.

1. Hvaða framkvæmdir hafa átt sér stað á Hólsfjöllum og í Möðrudal á Efra-Fjalli samkvæmt byggðaáætlun um þessa staði?
2. Hvernig hafa umræddar framkvæmdir verið fjármagnaðar, og hver er heildarkostnaður við þær?
3. Hvaða framkvæmdir eða byggðaþróunaraðgerðir eru enn helst til umræðu eða eru væntanlegar á grundvelli áætlunarinnar?

Óskað er skriflegs svars við fyrirspurninni.

Greinargerð.

Fyrir um það bil 4 árum var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga 10 þingmanna af Norður- og Austurlandi um sérstakan opinberan stuðning til þess að efla og treysta byggð á Hólsfjöllum í Norður-Þingeyjarsýslu og Efra-Fjalli í Norður-Múlasýslu. Landnámi ríkisins var síðan falið að hafa veg og vanda af samræmingu aðgerða í þessu skyni. Tilgangur Alþingis með samþykkt þingsályktunartillögunnar byggðist fyrst og fremst á skilningi þingsins á samfélagslegri nauðsyn þess, að byggð héldist á þessum stöðum svo og þeirri vitneskju, að ungt fólk hafði sérstakan áhuga á að búa um sig á Fjallajörðum og setjast þar að til frambúðar. Á þessum grundvelli er þegar búið að framkvæma margt á Hólsfjöllum og í Möðrudal undanfarin ár, og bykir fyrirspyrjendum rétt að ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir málinu nú í lok þessa þings, sem einnig er síðasta þing kjörtímabilsins.

Sþ. 483. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um könnun á atvinnu- og félagsmálum á Þórshöfn.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson, Stefán Valgeirsson, Lárus Jónsson, Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna ástand og horfur í atvinnu- og félagsmálum Þórshafnar í Norður-Þingeyjarsýslu. Athuga skal, hvaða ráðstafanir sé nauðsynlegt að gera til þess að tryggja þar eðlilega byggðaþróun. Sérstaklega skulu kannaðir möguleikar þess að koma upp loðnuvinnslu á Þórshöfn, t. d. með því að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarbræðsluna á staðnum og breyti henni í loðnuverksmiðju.

Greinargerð.

I.

Þórshafnarhreppur í Norður-Þingeyjarsýslu hefur undanfarin ár átt við að glíma umtalsverðan vanda í atvinnu- og fjármálum. Þó að því fari fjarri, að erfiðleikarnir á Þórshöfn séu einsdæmi í sjávarplássum hér á landi, þá hafa þeir eigi að síður hvílt afar þungt á sveitarfélaginu og valdið hreppsfélagi í heild og hreppsbúum sem einstaklingum margs konar tjóni, sem þungt er undir að rísa til lengdar. Fyrst og fremst hafa erfiðleikarnir snert afkomu undirstöðufyrirtækja hreppsins, þ. e. Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h./f. og Útgerðarfélags Þórshafnar h./f. Þessi fyrirtæki eru mjög samofin og hafa yfirleitt lotið sömu framkvæmdastjórn. Þau eru að allri uppbyggingu „félagsleg“ eign, þar sem hreppurinn, kaupfélagið og ýmsir einstaklingar í kauptúninu eiga hlutaféð og standa ábyrgir fyrir rekstri þeirra. Er ekki ofmælt þótt sagt sé, að afkoma einstaklinga og heildar standi og falli með rekstrarafkomu þessara tveggja fyrirtækja, útgerðarfélags og hraðfrystistöðvar. Síðustu misseri hafa erfiðleikar Þórshafnar fyrst og fremst birst í fjárhagsvanda togaraútgerðarinnar á staðnum. Þessir erfiðleikar útgerðarinnar voru eingöngu sprottnir af bilunum á vélum og búnaði skipsins og frátöfum frá veiðum af þeim sökum.

II.

Forráðamenn Þórshafnarhrepps og fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækjanna með sveitarstjórann, Bjarna Aðalgeirsson, í broddi fylkingar, hafa unnið af dugnaði og ósérplægni að því að fá ráðið fram úr þessum vandamálum. Hafa heimamenn ætíð haft mjög náið og gott samband við alþingismenn kjördæmisins um leiðir til lausnar á erfiðleikum Þórshafnar, bæði fyrr og síðar, enda hafa allir þingmennirnir, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, haft fulla samstöðu um að verða Þórs-

hafnarbúum að liði í erfiðleikum þeirra. Málefni Þórshafnar hafa mjög verið til umræðu innan ríkisstjórnarinnar, og hefur hún beitt sér fyrir því, að atvinnulífið á Þórhöfn hefur verið tekið til gaumgæfilegrar athugunar og leitað leiða til þess að bæta úr brýnasta vanda atvinnufyrirtækjanna. Fyrir samstillt átak sveitarstjóra Þórshafnar, forráðamanna útgerðarfélagsins, alþingismanna og ríkisstjórnarinnar, að ógleymdum hlut forstjóra og starfsmanna Framkvæmdastofnunar ríkisins, er svo komið að togarinn Fontur ÞH 255 hefur hlotið þá viðgerð og endurnýjun, sem vænta verður að dugi til þess að rekstur skipsins geti gengið eðlilega. Að þessu leyti hefur verið ráðið fram úr brýnum vandamálum atvinnulífsins á Þórshöfn.

III.

Hins vegar er enn margt ótryggt hvað varðar framtíðarafkomu byggðarlagsins. Atvinnu-, fjárhags- og félagslíf staðarins skortir enn nægilega festu og öryggi. Það er því nauðsynlegt að hugsa til óleystra framtíðarverkefna í þágu Þórshafnarhrepps. Þingmenn kjördæmisins, flutningsmenn þessarar tillögu, vilja gera sitt til þess að vekja sérstaka athygli á framtíðarvandamálum staðarins, og því er þessi tillaga flutt. Í tillögunni segir, að athuga skuli hvaða ráðstafanir sé nauðsynlegt að gera til þess að „tryggja eðlilega byggðaþróun“ á Þórshöfn. Ef íbúafjölgun er notuð sem kvarði á byggðaþróun, þá kemur í ljós, að Þórshafnarhreppur er nálega eini þéttbýlisstaðurinn í Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem ekki var um fólksfjölgun að ræða á síðasta ári. Sú staðreynd er út af fyrir sig alvarlegt umhugsunarefni og bendir eindregið til þess að verulegra aðgerða sé þörf í þágu byggðarlagsins á ýmsum sviðum atvinnu- og félagslífs.

IV.

Í tillögunni er bent á, að sérstaklega sé ástæða til að kanna möguleika á því að koma upp loðnuvinnslu á Þórshöfn. Mundi slík atvinnustarfsemi fyrst og fremst auka fjölbreytni atvinnulífsins, en einnig yrði hún bein fjárhagsleg lyftistöng fyrir staðinn, m. a. með tilliti til þess, að þá væri farið að nýta á eðlilegan hátt atvinnutæki, sem hingað til hefur staðið ónotað nema í minni háttar tilgangi.

Á Þórshöfn er síldarverksmiðja, sem byggð var í lok síldaráranna, og henni má breyta í loðnubræðslu með nokkrum tilkostnaði. Verksmiðjan er að vísu ófullkomin eins og er, en eigi að síður mjög mikils virði, og hún er eign heimamanna og gæti sem slík staðið undir verulegum hluta af þeim skuldum, sem atvinnufyrirtæki Þórshafnar hafa orðið að taka á sig vegna útgerðarerfiðleika síðustu missera. Í tillögugreininni er minnst á þann möguleika, að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarbræðsluna á Þórshöfn og breyti í loðnubræðslu. Fyrir liggur að eigendur síldarbræðslunnar eru fúsir til þess að selja SR þessa eign sína, og hefur það mál lengi verið til umræðu. Hins vegar hefur stjórn SR ekki fallist á að kaupa verksmiðjuna, þrátt fyrir eindregin tilmæli og yfirlýstan vilja sjávarútvegsráðherra þar að lútandi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Alþingismenn kjördæmisins hafa einnig beitt áhrifum sínum á stjórn SR um slík kaup og staðið saman að því máli. Er það skoðun okkar flutningsmanna þessarar tillögu, að heppilegasta lausnin væri sú að Síldarverksmiðjur ríkisins eignuðust síldarverksmiðjuna á Þórshöfn. Þess vegna er það ein megintillaga okkar, að enn verði unnið að því að fá stjórn SR til að kaupa verksmiðjuna fyrir eðlilegt verð og annast um að breyta henni í loðnubræðslu. Að vísu kemur einnig til greina að útvega núverandi eigendum fé til breytinga og endurbóta, og er sjálfsagt að athuga þá lausn gaumgæfilega, enda að ýmsu leyti eðlilegast að heimamenn hafi veg og vanda af atvinnurekstri á staðnum á þessu sviði sem öðrum.

Andstaða stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins gegn því að kaupa síldarverksmiðjuna á Þórshöfn er reist á ýmsum mótbárum, og koma þær m. a. fram í bréfi SR til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 26. október 1977, sem birt er sem fylgiskjal með þessari greinargerð. Sumar mótbárur stjórnar SR eiga ekki við nein rök að

styðjast, svo sem eins og sú, að Þórshöfn liggi ekki vel við loðnumiðum. Aðrar mótbárur eru þess eðlis, að þær verða léttvægar við nánari athugun. Það er að vísu rétt, að síldarverksmiðjan á Þórshöfn þarf verulegra endurbóta. En það liggur fyrir að kostnaður við endurbætur er ekki yfir 150 millj. kr., sem ekki getur talist mikið fé, þegar gætt er að þeim gífurlega kostnaði, sem því fylgir að reisa nýja verksmiðju af grunni. Sú viðbára stjórnar SR á að vega þungt, að fyrirtækinu (SR) sé nauðsynlegt að ráðast í miklar framkvæmdir á Skagaströnd og að það hafi ekki bolmagn til þess að ráðast í meiri fjárfestingar. Ef vilji hefði verið fyrir hendi, var hægt að haga framkvæmdum á Þórshöfn þannig að ekki þurfti að rekast á fjárfestingaráform á Skagaströnd.

V.

Með þessari almennu greinargerð eru birt nokkur fylgiskjöl, sem eru til upplýsingar um atvinnumál Þórshafnar og á hvern hátt hefur verið fjallað um þessi efni af opinberri hálfu.

Fylgiskjal I.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS
Byggðadeild

Bráðabirgðaskýrsla um atvinnumál á Þórshöfn.

1. Inngangur.

Í desembermánuði s.l. kom í ljós að hin tvö grundvallarfyrirtæki á Þórshöfn, Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f. og Útgerðarfélag Þórshafnar h.f., voru komin í algjört greiðsluþrot og fyrirsjáanlegt að rekstur þeirra mundi stöðvast innan stutts tíma. Framkvæmdastjóri fyrirtækjanna, Helgi Jónatansson, lagði fram bráðabirgðauppgjör miðað við 1. og 10. desember s.l. ásamt skuldalistum og gerði grein fyrir ástandinu að öðru leyti. Í þeim viðræðum, sem fram fóru í Framkvæmdastofnuninni, tók þátt Þór Guðmundsson fyrir hönd Landsbankans.

Í framangreindum gögnum og viðræðum komu eftirfarandi aðalatriði fram:

1. Skip útgerðarfélagsins, b.v. Fontur, hafði orðið fyrir alvarlegu tjóni er lest þess fylltist af sjó 17. nóvember s.l. vegna bilunar loka. Vegna þessa hafði mun minna hráefni borist til Þórshafnar en ella hefði orðið og skipið farið í kostnaðarsama viðgerð. Ekki var til fé til að leysa skipið út.
2. Frágangi við frystihúsið er ekki lokið, en ógreiddar byggingaskuldir námu 17.2 m. kr.
3. Framangreind bráðabirgðauppgjör sýna rekstrarhalla, á Hraðfrystistöðinni 12.5 m. kr. og á Útgerðarfélaginu 9.8 m. kr., eða samtals 22.3 m. kr.
4. Lausaskuldir voru almennt mjög miklar. Þar á meðal voru forgangskröfur, svo sem ógreidd vinnulaun og skuldir sem beinlínis gátu valdið stöðvun, eins og ógreidd olía.

Mál þetta var rætt í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins þann 17. desember. Var þar samþykkt heimild til handa forstjórum stofnunarinnar að ábyrgjast allt að 15 m. kr. bráðabirgðalán til framangreindra fyrirtækja. Tilgangur þessa var að fyrirbyggja rekstrarstöðvun fyrirtækjanna og vinna tíma til frekari athugana á rekstri þeirra og rekstrarmöguleikum með það í huga fyrst og fremst að finna leiðir til að tryggja viðunandi rekstur þeirra til frambúðar.

Heimild þessi var notuð fyrir áramót og keypti Landsbankinn víxil að upphæð 15 m. kr., sem Seðlabankinn síðan endurkeypti. Falldagur víxilsins er 15. mars n.k. Auk þess borgaði Byggðasjóður út lánsupphæð, 5.4 m. kr., í samræmi við heimild til lánveitinga vegna byggingar frystihússins og framkominna byggingareikninga.

Samtals hefur Framkvæmdastofnunin (Byggðasjóður) þá lánað fyrirtækjunum og ábyrgst þeirra vegna 85 m. kr. auk 5 m. kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Framkvæmdastjóri fyrirtækjanna hafði samráð við starfsmenn Framkvæmdastofnunar um ráðstöfun þessa fjár.

Forstjórar fólu nú undirrituðum að hefja athuganir á máli þessu og fórum við til Þórshafnar 4. janúar s.l. Sátum við þar fundi með stjórn fyrirtækjanna og skoðuðum frystihúsið og önnur mannvirki þeirra. Að þessari ferð lokinni teljum við rétt að gefa forstjórum og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins eftirfarandi bráðabirgðaskýrslu um þetta mál, en fram skal tekið að hér er um algjöra frumskýrslu að ræða. Athuganir á þessu vandamáli eru rétt að hefjast, og geta framhaldsathuganir að sjálfsögðu leitt til breyttrar niðurstöðu.

2. Þróun og staða byggðar.

Þórshafnar er fyrst getið í hagskýrslum sem þéttbýlisstaðar 1897 og voru þar þá 16 íbúar. Á sérstöku línuriti, sem fylgir hér með, er sýnd íbúaþróun Þórshafnar og aðliggjandi sveita. Línuritið sýnir verulega fjölgun á ákveðnum tímabilum, en jafnframt að þróunin hefur verið mjög skrykkjótt. Þá sést og að mjög hefur fækkað í aðliggjandi sveitahreppum og að heildaríbúafjöldi svæðisins hefur verið á niðurleið s.l. tvo áratugi. Í desember 1975 voru íbúar svæðisins 663, þar af á Þórshöfn 454.

Meðfylgjandi tafla um aldursskiptingu sýnir verulegan hlutfallslegan fjölda barna og ungs fólks á Þórshöfn, en að eldri aldursflokkar eru tiltölulega miklu minni.

3. Grundvöllur atvinnulífsins.

Ekki skal að þessu sinni gerð tilraun til úttektar á atvinnulífi á Þórshöfn, en vísað til Byggðaþróunaráætlunar Norður—Þingeyjarsýslu, t. d. bls. 106. Grundvallaratriði er, að Þórshöfn er sjávarútvegspláss og þjónustumiðstöð mjög fámennra sveita. Fyrst og fremst hefur þorpið byggst upp sem útgerðarstöð og sem aðrir slíkir staðir stendur það eða fellur með sjávaraflanum.

Áratugum saman hafa heimamið Þórshafnarbúa verið tiltölulega fengsæl og örugg, og hafa verið sá besti grundvöllur sem viðgangur þorpsins hefur byggst á. Á síðustu árum hefur afli á þessum miðum minnkað mjög og þar við hefur svo bæst að samkvæmt reglum þeim, sem settar hafa verið til verndar fiskstofnum við landið, eru togveiðar með öllu bannaðar á hinum hefðbundnu veiðislóðum Þórshafnarbúa. Í ljósi þessara staðreynda og með nýbyggt frystihús á staðnum, sem þarfnast mikils hráefnis, var sú ákvörðun tekin að kaupa skuttogara til staðarins. Hér fara á eftir tölur yfir heildarbátaafla Þórshafnarbúa 1965—1975 svo og skiptingu aflans 1975.

Heildarafli báta á Þórshöfn 1965—1975.

Ár	Tonn
1965	1 291
1966	1 579
1967	1 972
1968	1 471
1969	1 751
1970	1 828
1971	3 129
1972	3 114
1973	3 112
1974	2 861
1975	2 435

Fyrirsjáanlega hefur bátaaflinn 1976 orðið um helmingi minni en 1975.

Skipting bátaaflans 1975.

	Fryst	Saltað	Hert	Í mjölv.	Til neyslu	Samtals
Þorskafli	1 838	356	23	18	17	2 252
Flatfiskur	182				1	183

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um grásleppuveiði, sem er töluverð.

4. Fiskiskip.

Auk skuttogarans Fonts eiga Þórshafnarbúar þrjú ný eða nýleg stálfiskiskip, einn 36 tonna eikarbát og 4 litla þilfarsbáta (Sjómannaalmanak 1977). Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda trillubáta, sem eru nokkrir.

Hér fer á eftir listi yfir skipin:

B.v. Fontur þht 255 (ex Suðurnes). Smíðaður úr stáli í Noregi 1969, 300 brt.
Langanes þht 321. Stálskip, Seyðisfjörður 1976, 99 brt.
Fagranes þht 123. Stálskip, Seyðisfjörður 1969, 51 brt.
Borgþór þht 231. Stálskip, Hafnarfjörður 1972, 45 brt.
Geir (ex Glaður) brt 150. Eikarskip, Danmörk 1953, 36 brt.
4 þilfarsbátar 4—8 brt.

5. Erfiðleikar togaraútgerðar.

Þar sem athafnafrelsi togara fyrir Norður- og Norðausturlandi hefur verið skert mjög er ljóst að langt er að sækja til fiskimiða frá Þórshöfn. Litla viðgerðarþjónustu er og að hafa í heimahöfn, og verður annað tveggja að sækja viðgerðarmenn til annarra staða eða vitja annarra hafna í veiðiferðum þegar minni háttar bilanir verða. Má búast við töfum af þessum sökum umfram togara sem gerðir eru út víða annars staðar. Því er líklegt að að öðru jöfnu megi gera ráð fyrir að afli togara, sem gerður er út frá Þórshöfn, verði af þessum sökum minni en togara, sem gerðir eru út frá stöðum, þar sem aðstæður eru betri. Auk þessa hefur enn reynst erfitt að fá reynda stjórnendur á skipið, e. t. v. í og með af fyrrgreindum ástæðum. Núverandi skipstjóri hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 23. mars n.k. Reynt er nú að fá reyndan skipstjóra til að taka við skipinu, en skipstjóri hefur tjáð sig fúsan til að hætta fyrir 23. mars fáist nýr maður fyrr. Vélstjóri sá, sem var 1. vélstjóri þegar skipið kom til Þórshafnar, hætti fljótlega og nú eru réttindalitlir og óreyndir vélstjórar um borð. Auk þess er fyrsti stýrimaður óreyndur í skipstjórn.

Grundvallaratriði er að reyndir stjórnendur fáist á skipið sem fyrst, ekki síst þegar haft er í huga að nú fer í hönd aðalaflatími togaranna.

6. Möguleikar á auknum bátaafla.

Á fundinum á Þórshöfn 4. jan. s.l. kom ýmislegt fram sem athyglisvert má telja með tilliti til fiskveiða í Þistilfirði og nærliggjandi veiðisvæðum. Einnig var rætt við Vilhjálm Þorsteinsson fiskifræðing við útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík, sem einnig gaf athyglisverðar upplýsingar. Ljóst er að nauðsynlegt er að bátaafli vaxi verulega frá því sem hann var á s.l. ári, þó útgerð b.v. Fonts takist sæmilega. Takist ekki að halda útgerð togarans áfram er ekki að neinu öðru að hverfa en bátaútgerð, og er þá ljóst að mjög róttækra aðgerða er þörf til að tryggja frystihúsinu nægilegt hráefni og þar með atvinnu og byggð á Þórshöfn.

Skulu nú dregin saman í sem stystu máli atriði, sem fram komu á fundinum á Þórshöfn og á fundinum með Vilhjálmi Þorsteinssyni fiskifræðingi.

1. Að áliti heimamanna var veruleg fiskgengd í firðinum í sumar, þar á meðal talsvert magn af tiltölulega góðri ýsu. Gerðar voru tilraunir með að veiða ýsuna í nót, og tókust þær tilraunir vel hvað ýsuafla snertir, en tilraununum var hætt, enda nótaveiði almennt bönnuð.
2. Heimamenn telja, að afli muni glæðast í vetur, og vitnuðu m. a. til vel heppnaðra línuróðra í desember. Þá fékkst sæmilegur afli af góðum þorski. Hins vegar töldu heimamenn að erfitt geti reynst að fá útgerðarmenn til að hefja veiðar á heimamiðum vegna erfiðs fjárhags þeirra og óvissu um afkomu.
3. Heimamenn töldu að auka mætti verulega veiðar á kola í dragnót, m. a. með því að opna ný veiðisvæði, þ. á m. sunnan Langaness. Fiskifræðingur tók undir þetta álit. Kom fram hjá honum að veiðitilraunir hans og rannsóknir í sumar á svæðinu frá Eyjafirði til Borgarfjarðar eystra sönnuðu þær kenningar fiskifræðinga, að dragnót með nægilega stórum möskva væri miklu frekar ræktunartæki en eyðileggingar og því sjálfsagt að auka notkun hennar. Heimamenn töldu og nauðsynlegt að breyta veiðitímabili dragnótaveiða frá því sem nú er, þannig að veiða mætti lengra fram á veturna.
4. Heimamenn töldu reglur Aflatryggingasjóðs sér mjög óhagstæðar og ræddu um möguleika á að fá þeim breytt. Einnig kom fram það álit þeirra, að tryggingargjöld lægju óeðlilega þungt á rekstri báta af þeirri stærð sem gerð er út frá Þórshöfn. Almennt séð væri rekstrargrundvöllur bátanna mjög óviss.

Auk þess, sem greint er frá hér að framan, hefur verið rætt um aðrar hugmyndir sem að gagni mættu koma til að tryggja meiri afla af heimamiðum. Á fundinum með fiskifræðingnum var rætt um hvort mögulegt væri að veita heimabátum takmörkuð togveiðileyfi undir ströngu eftirliti, og kom fram að slíkt væri alls ekki óhugsandi frá fiskifræðilegu sjónarmiði. Einnig hefur verð rætt um hvort hagkvæmt geti verið og vænlegt til árangurs að setja upp á Þórshöfn eina línubeitingarvél í landi sem þjónaði öllum línubátum á staðnum.

7. Síldarverksmiðjan.

Á Þórshöfn er síldaverksmiðja sem fullgerð var 1966, en hefur lítið verið notuð. Verksmiðjan er notuð til að vinna úrgang frá frystihúsinu, en er ógangfær að öðru leyti. Á Þórshöfn var okkur tjáð að gerð hefði verið kostnaðaráætlun um standsetningu verksmiðjunnar til loðnuvinnslu sem hljóðaði upp á um 50 m.kr. Þess skal getið, að eigi loðnulöndun að fara fram á Þórshöfn má telja víst að dýpka þurfi höfnina og lagfæra að öðru leyti.


8. Niðurstöður.

Á þessu stigi er niðurstaðan fyrst og fremst sú, að halda verði áfram athugunum á möguleikum til að tryggja rekstur útgerðar og fiskvinnslu á Þórshöfn og að því verki verði að hraða eftir föngum. Athuganir þurfa að beinast að raunverulegri hráefnisþörf Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. og að ráðstöfunum til að tryggja að það hráefni berist þar að landi. Höfuðatriði málsins eru að togarinn afli nægilega í vetur og að fundinn verði grundvöllur fyrir útgerð bátanna og hún aukin.

Bjarni Einarsson. **Helgi Ólafsson.** **Karl Bjarnason.**

Fylgiskjal II.

ÍBÚAFJÖLDI ÞÓRSHAFNAR OG AÐLIGGJANDI SVEITA 1911-1975.



Fylgiskjal III.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS
Byggðadeild

Hlutfallsleg aldursskipting á Þórshöfn og nágrenni 1. 12. 1975.

	0—14 ára	15—19 ára	20—24 ára	25—59 ára	60—69 ára	70 ára og yfir	Alls
Allt landið	29,5	10,3	9,1	38,2	6,6	6,3	100,0
Höfuðborgarsvæðið	27,8	10,1	8,9	39,9	7,0	6,3	100,0
Norðurland	31,1	10,2	8,9	35,8	6,7	7,3	100,0
Akureyri	31,6	9,8	9,1	36,2	6,7	6,6	100,0
Þórshafnarsvæðið	28,9	11,7	9,6	35,3	8,2	6,3	100,0
Þórshöfn	31,7	12,7	10,0	34,3	6,5	4,8	100,0
Svalbarðshreppur	21,3	10,7	9,3	39,4	9,3	10,0	100,0
Sauðaneshreppur	26,7	6,7	6,7	33,3	18,3	8,3	100,0

Fylgiskjal IV.

Ingvar Gíslason alþm.

Akureyri, 11. júlí 1977.

Um ástand og horfur í atvinnumálum á Þórshöfn.

Föstudaginn 8. þ. m. var haldinn á Akureyri sameiginlegur fundur alþingismanna Norðurlandskjördæmis eystra og stjórnarmanna Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. og Útgerðarfélags Þórshafnar h.f. Til fundar þessa var boðað með mjög stuttum fyrirvara, en fundinn gátu sótt 5 af 6 þingmönnum kjördæmisins. Efnt var til fundarins samkvæmt sérstakri beiðni Helga Jónatanssonar, forstjóra á Þórshöfn, til þess að ræða ástand og horfur í atvinnumálum á staðnum. Má segja, að þessi sameiginlegi fundur hafi verið boðaður í beinu framhaldi af fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins 5. þ. m. Á þessum fundi Framkvæmdastofnunar var m. a. á dagskrá að ræða ástand og horfur í atvinnumálum Þórshafnar, og lauk umræðum með þeirri samþykkt, að á vegum Framkvæmdastofnunar skyldi sem fyrst gera úttekt á atvinnulífi Þórshafnar og leggja fram tillögur til lausnar í því sambandi.

II.

Vandi atvinnulífsins á Þórshöfn er fólginn í fjárhagserfiðleikum útgerðar skuttogarans Fonts ÞH 255.

Útgerðarfélag Þórshafnar h.f. keypti skip þetta nokkru fyrir mitt ár 1976. Hefur útgerð þess því staðið u. þ. b. eitt ár. Óhöpp hafa steðjað að útgerðinni, sem mörg, ef ekki flest, voru óvænt og ófyrirséð. Tíðar bilanir á búnaði og tækjum hafa mestu um valdið, en nefna má dæmi um kostnað, sem rekja má til mistaka af manna völdum. Þess háttar óhöpp má síst af öllu ofgera, því að slíkt mundi leiða til rangs mats á aðalástæðum þess taprekstrar og annars fjárhagsvanda, sem við er að glíma í sambandi við útgerð Fonts ÞH 255.

Því fer einnig fjarri, að útgerðarstjórn sé áfátt. Verður ekki annað séð en að stjórnendur fyrirtækisins hafi sýnt árvekni og dugnað í miklu mótlæti. Þess má minnast að sömu menn stjórna rekstri hraðfrystistöðvarinnar, og ber sá rekstur ekki merki vanstjórnar, nema síður sé.

Þá bendir flest til þess, að skipstjórnarmenn á togaranum séu færir í starfi sínu, þótt tímabundinn vanbúnaður skipsins hafi gert þeim örðugt fyrir.

III.

Frumorsökin fyrir taprekstri Fonts ÞH 255 er þannig **vanbúnaður skipsins sjálfs.** Að þeirri fullyrðingu má leiða ýmis rök, m. a. liggur fyrir umsögn Auðuns Auðunssonar skipstjóra, sem kynnst hefur skipinu af eigin reynd, og Stefán Jóhannsson, forstjóri Vélsmiðju Seyðisfjarðar, hefur látið svipað í ljós.

Liggur því beinast við að álykta að eitt af því fyrsta, sem gera þarf útgerð Fonts til viðreisnar, sé að bæta úr þessum vanbúnaði. Samkvæmt áliti dómbærra manna er Fontur í sjálfu sér gott skip, en gallað vegna langvarandi vanhirðu, skorts á viðhaldi og ófullnægjandi búnaði. Ef úr ágöllum væri bætt og goldið fyrir gamlar vanrækslusyndir er víst, að Fontur ÞH 255 mun ekki gefa eftir öðrum skipum sambærilegum.

IV.

Sú skoðun hefur nokkuð komið fram, að Þórshöfn sé óheppilegur staður fyrir togaraútgerð. Menn segja sem svo, að kauptúnið sé dæmigert „bátaútgerðarpláss". Þessi skoðun er í sjálfu sér ekki óeðlileg, og játa ber að hún átti við rök að styðjast fyrir nokkrum árum. Svo er þó ekki eins og nú er komið. Vitaskuld er Þórshöfn hvorki betri né verri togaraútgerðarstaður en obbinn af smærri kauptúnum á Norður- og Austurlandi. A. m. k. er víst, að bátaútgerð frá Þórshöfn nú er miklum annmörkum háð og er ófullnægjandi miðað við hráefnisþörf hraðfrystihússins. Á 6 mánaða tímabili hefur frystihúsið tekið á móti ca. 1800 tonnum af fiski. Þar af eru 1100 tonn afli Fonts ÞH 255 þrátt fyrir miklar tafir frá veiðum, en 700 tonn bátafiskur. Aðgæta ber að bátaútgerð getur verið erfið og stopul á Þórshöfn vetrarmánuðina, bæði fyrir og eftir áramót. Togaraútgerð tryggir yfirleitt jafnari löndun hráefnis og eðlilegri starfsemi vinnslustöðva. Hvað Þórshöfn snertir, yrði að tvöfalda eða meira núverandi bátaflota, ef horfið yrði með öllu að bátaútgerð. Bátaútgerðin krefst margfalds mannafla á við togara. Er líklegt að þörf yrði fyrir þrisvar til fjórum sinnum fleiri sjómenn ef bátaútgerð kæmi í stað togarans. Víst er að bátafloti, sem gagn er að, getur ekki orðið til á einum degi. Til þess skortir flest skilyrði.

V.

Raunhæfasta leiðin til þess að bæta úr erfiðleikum útgerðarinnar á Þórshöfn er að halda áfram rekstri togarans. Þess vegna verður að vinna að því að útvega fjármagn til þess að endurbæta skipið og bæta rekstrarstöðu þess með ráðstöfunum, sem létta byrði fyrirtækisins vegna taprekstrar síðustu mánaða svo og önnur skuldaþyngsli. Verði ekki að slíku ráði horfið, blasir við hrun í kauptúninu.

VI.

Þótt taprekstur skuttogara Þórshafnarmanna sé mikill og horfur iskyggilegar, þá er fjarri því, að ástæða sé til tómrar svartsýni um viðreisn útgerðarfélagsins. Mikilvægt er að vilji til að finna úrræði sé fyrir hendi. Mun sannast mála að menn hafa oft staðið frammi fyrir meiri vanda en í þessu tilfelli. Þess má m. a. geta, að Þórshafnarmenn eru ekki eignalausir meðan þeir eiga síldarverksmiðju, sem meta má á mörg hundruð milljónir og breyta má í loðnubræðslu með tiltölulega litlum kostnaði. Þessa verksmiðju mundu eigendur fúsir til að selja, t. d. Síldarverksmiðjum ríkisins. Gæti við þá sölu losnað um fjármagn, sem nýta mætti til viðreisnar útgerð og fiskvinnslu.

VII.

Vandamál Þórshafnar eru til sérstakrar meðferðar Framkvæmdastofnunar ríkisins, eins og nefnt hefur verið. Þar sem margt bendir til að Framkvæmdastofnun telji sér ekki fært að ráða fram úr vandanum án beinna afskipta ríkisstjórnarinnar, hefur mér þótt rétt að rita ríkisstjórninni þetta bréf, sem felur fyrst og fremst í sér skoðun mína, en einnig, að ég ætla, flestra eða allra þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra á þessu alvarlega máli, sem snertir grundvallarhagsmuni mikils fjölmennis í kjördæmi okkar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Gíslason
alþm.

Til ríkisstjórnarinnar
c/o Geir Hallgrímsson forsætisráðherra.
Reykjavík.

Samrit sent Ólafi Jóhannessyni dómsmálaráðherra.
Afrit send öðrum ráðherrum.

Fylgiskjal V.

Áfangaskýrsla um atvinnumál á Þórshöfn.
Frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins 12. júlí 1977.

Inngangur.

Hinn 11. janúar síðastliðinn var tekin saman bráðabirgðaskýrsla um atvinnumál á Þórshöfn. Var hún gerð í tilefni af því, að grundvallarfyrirtæki Þórshafnar, Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f., og Útgerðarfélag Þórshafnar h.f., voru komin í algjört greiðsluþrot og rekstrarstöðvun vofði yfir. Í framangreindri skýrslu er ástandi mála lýst eins og það var í janúarbyrjun og vísast um það efni í hana um annað en fjárhagsstöðu fyrirtækjanna, þar sem endanleg uppgjör liggja nú fyrir.

Tap Hraðfrystistöðvarinnar reyndist verða 261 þús. kr. árið 1976, en þá er tekið tillit til afskrifta að upphæð 18.4 milljónir króna. Um er að ræða mun hagstæðari rekstrarárangur en gert var ráð fyrir er bráðabirgðaskýrslan var tekin saman.

Hins vegar reyndist tap Útgerðarfélagsins 65.9 milljónir króna.

Bráðabirgðauppgjör Útgerðarfélagsins fyrir tímabilið 1. 1.—15. 5. 1977 sýndi 48.6 milljóna tap.

Þannig hefur Útgerðarfélag Þórshafnar tapað samtals 114.4 milljónum frá því rekstur togarans hófst 6. 8. 1976 til 15. 5. 1977.

Er þannig ljóst að erfiðleikar atvinnulífs á Þórshöfn stafa aðallega af miklum rekstrarerfiðleikum togarans b.v. Fonts, þar sem um er að kenna vanbúnaði og slæmu ástandi skipsins sjálfs, lítilli viðgerðarþjónustu heima fyrir og því, hve langt hefur verið að sækja til fiskimiða frá Þórshöfn. Einnig hefur reynst erfitt að fá vanan mannskap á skipið.

Um rekstur togarans.

Togarinn b.v. Fontur ÞH 255 var keyptur af Suðurnesi h.f. á síðasta ári og hóf veiðar 6. ágúst 1976. Var togarinn afhentur Útgerðarfélaginu að aflokinni 8 ára klössun. En þrátt fyrir þessa flokkunarviðgerð undir eftirliti Norsk Veritas reyndist ýmis búnaður skipsins í ólagi, jafnvel atriði, sem varða öryggi skipsins. Það er álit Auðuns Auðunssonar skipstjóra, sem var með skipið fyrri hluta ársins, að það sé vel hannað sem togskip, þótt lítið sé, og ætti að geta reynst vel væri það í því lagi sem það ætti að vera, ef frá er talinn galli í hönnun lensikerfis.

Vegna hins lélega ástand skipsins hefur það margoft stöðvast vegna bilana og munu þegar vera komnir um 40 bilanadagar á síðastliðnum sex mánuðum. Skráðir úthaldsdagar togarans 4½ fyrsta mánuð ársins voru 117, en á sama tíma var meðaltal Norðurlandstogara 132 dagar og 127 hjá Austurlandstogurum.

Frá því að útgerð togarans hófst 6. ágúst síðastliðið ár aflaði hann 571 tonn á 105 úthaldsdögum (120-130 dagar hefðu talist eðlilegt úthald). Aflamagn á úthaldsdag var 5.4 tonn, en meðalafli togara frá Norðurlandi 1976 var 7.6 tonn á úthaldsdag og 7 tonn hjá Austurlandstogurum.

Til 15. maí í ár aflaði Fontur 738 tonn á 117 dögum, eða 6.3 tonn á úthaldsdag, en samsvarandi meðaltöl og í fyrri málsgrein voru 8.5 tonn og 8.3 tonn.

Af framansögðu má draga þá ályktun, að með góðri áhöfn mætti auka afla togarans allmikið, ef hann væri í góðu lagi. Meðfylgjandi er greinargerð um viðgerðarþörf skipsins.

Almennt um útgerð á Þórshöfn.

Svo sem fram kemur í bráðabirgðaskýrslunni hefur Þórshöfn verið bátaútgerðarstaður til þessa. En minnkandi afli á heimamiðum og bygging nýs frystihúss voru talin gera skuttogarakaup nauðsynleg.

Síðastliðinn vetur glæddist afli mjög á grunnslóð. Þannig öfluðu bátar á Þórshöfn mjög vel í apríl og maí síðastliðnum. Bátaaflinn í apríl var 278 tonn, en var 85 tonn á sama tíma í fyrra. Í maímánuði var aflinn 182 tonn á móti 56 tonnum í fyrra. Á meðfylgjandi töflu er greint frá aflamagni á einstökum mánuðum 1976 og fyrstu mánuði 1977. Heildarafli 1976 var aðeins 1499 tonn að afla togarans meðtöldum. Þessi lélegi afli miðað við fyrri ár (sjá bls. 4 í bráðabirgðaskýrslu) gerði frystihúsi þó kleift að sleppa við hallarekstur á síðasta ári. **Þannig virðist mjög athugandi að kanna möguleika á að fá útgerðarmenn til að reyna meiri sókn á heimamið en verið hefur.** Ljóst er að missir togarans krefst róttækra aðgerða til að auka aflann, og þyrfti m. a. að athuga möguleika á rýmkun veiðiheimilda fyrir bátaflotann, jafnframt aukinni sókn.

Umfang erfiðleikanna — möguleikar á lausn.

Í fyrsta lagi má vera ljóst, að togarinn hefur forðað frá miklu atvinnuleysi á síðasta ári. Það ár var bátaafli aðeins 928 tonn á móti 2 435 tonnum 1975 og enn meiri afla næstu fjögur ár þar á undan (bráðabirgðaskýrsla). Þó er rétt að hafa það í huga, að síðastliðin tíu ár hafa bátarnir aflað jafnmikið og oft mun meira en heildaraflinn var síðastliðið ár, að afla togarans meðtöldum.

Stafar hinn stórminnkandi bátaafli bæði af minni fiskgengd, sem nú virðist þó vera að aukast á ný, og lokun svæða á heimamiðum, þannig að útgerðarmenn bátanna hafa eitthvað leitað á önnur mið og verstöðvar.

Þrátt fyrir að togarinn hafði reynst vel til að fylla upp gatið, sem stafar af hinum stórminnkandi afla bátanna, getur hinn mikli hallarekstur ekki gengið lengur. Ekki er gott að áætla hvað mikið kostar að koma togaraútgerð á réttan kjöl fjárhagslega. Þar er bæði um að ræða nauðsynlegan viðgerðarkostnað og aðgerðir til að koma fjárhag Útgerðarfélags Þórshafnar á réttan kjöl eftir hinn mikla taprekstur síðastliðið ár. Bæði hefur myndast neikvæð lausafjárstaða að upphæð um 40 millj. kr. skv. bráðabirgðauppgjöri og einnig eru afborganir og vextir sjóða í vanskilum að upphæð um 70 millj. kr. og afborganir og vextir annarra skuldabréfa að upphæð 17 millj. kr. Samtals er því lausafjárstaða að teknu tilliti til vanskila af langtímalánum neikvæð um **127 milljónir króna.** Tölurnar byggjast á uppgjöri útgerðarfélagsins pr. 15. 5. 1977 og yfirlit um stöðu lána á Fonti pr. 31. 7. 1977. Við þær tölur bætist síðan viðgerðarkostnaður, eins og áður er sagt, ef koma á útgerðinni á réttan kjöl.

Tvær leiðir virðast koma til álita til að velja um til frambúðar. Annars vegar að selja togarann og treysta eingöngu á bátaafla. Hins vegar að gera togarann í fullkomið lag og freista þess að gera hann áfram út:

1. Sala á skuttogaranum.
   Ef áhugi er á að athuga þann möguleika nánar þarf að athuga hvort hægt sé að ná upp nægilegu aflamagni. Kanna þarf hvað mikinn afla þarf af bátum samtals til að tryggja arðbæran rekstur frystihúss. Líklega þarf heldur meira aflamagn en ef togari er á staðnum vegna meiri sveiflna í aflamagni, en toppana þyrfti að salta. Með hliðsjón af æskilegu aflamagni og reynslu fyrri ára þarf síðan að áætla nauðsynlega samsetningu bátaflotans. Meðal annars þarf að athuga möguleika á tilhliðrunum fyrir Þórshafnarbáta hvað snertir veiðiheimildir. Einnig þyrfti að athuga möguleika á vélbeitingu í landi fyrir litlu bátana.
2. Ef vilji er til að halda útgerð togarans áfram þarf að kanna hvað líklegt sé að hann veiði mikið sé hann í góðu lagi. Ef rekstrarmöguleikar teljast þá fyrir hendi þarf að taka afstöðu til, hvernig eigi að fjármagna það sem til þarf, eða 100-140 milljónir króna + viðgerðarkostnað. Ekki er hægt að benda á möguleika á því hér. Þó er rétt að geta þess, að heimamenn hafa nefnt þann möguleika að selja S.R. tíu ára gamla síldarverksmiðju, sem stendur ónotuð. Í hvaða samhengi sem það yrði sýnist alla vega sjálfsagt að taka verksmiðjuna í notkun á ný, en hún þarfnast einhverrar lagfæringar.

Bolfiskafli á Þórshöfn 1976 og 1977 í tonnum.

	1976		1977	
	Bátar	Togarar	Bátar	Togarar
Janúar	30		7	212
Febrúar	90		42	57
Mars	35		79	195
Apríl	85		278	238
Maí	56			
Júní	42			
Júlí	231			
Ágúst	113	154		
September	140	165		
Október	69	138		
Nóvember	30	106		
Desember	7	10		
	928	577		

Viðgerðir og endurbætur á b.v. Fonti.

Þann 27. apríl s.l. gaf þáv. skipstjóri á b.v. Fonti, Auðunn Auðunsson, stjórn Útgerðarfélags Þórshafnar h.f. skýrslu um ástand skipsins, um þau atriði, sem lagfæra þyrfti, og um þær endurbætur, sem gera þyrfti á skipinu. Fylgir hér með ljósrit af fundargerð þessa stjórnarfundar, þar sem er að finna lista yfir þessi atriði, en án mats á þýðingu einstakra þátta umfram aðra.

Þann 4. júlí s.l. ræddi undirritaður við Auðun Auðunsson um ástand Fonts og fékk hjá honum nánari skýringar á ýmsu því, sem fram kemur í þessari fundargerð, og einnig gaf Auðunn álit á hvaða lagfæringar og viðgerðir væru að hans mati brýnastar. Flokkaði hann atriðin í þrjá flokka eftir þýðingu. Í fyrsta flokkinn fellur það, sem hann telur að lagfæra verði tafarlaust, eigi að vera unnt að halda rekstri skipsins áfram. Í öðrum flokki eru atriði, sem þarfnast aðgerða fljótlega, en eru ekki bráðnauðsynleg til þess að útgerðin geti gengið næstu mánuði. Í þeim þriðja

eru svo annars vegar viðgerðir, sem framkvæma má við hentugleika, og hins vegar endurbætur. Auðunn bætti tveimur atriðum inn í listann, svo sem fram kemur hér á eftir.

Auðunn Auðunsson lét það álit sitt í ljós, að þótt Fontur væri lítið skip, of stutt til togveiða í vondum veðrum, væri hann í höfuðatriðum gott skip, sem ætti að vera tiltölulega auðvelt að reka verði því komið í lag. Að ábendingu Auðuns var haft símasamband við Stefán Jóhannsson, forstjóra Vélsmiðju Seyðisfjarðar, sem hafði skoðað skipið vandlega þegar það var þar í viðgerð fyrir stuttu. Efnislega var umsögn Stefáns sem hér segir:

„Fontur er skemmtilegt og vel hannað skip og þar eru margir mjög góðir hlutir um borð og gott fyrirkomulag á mörgum sviðum. Lensikerfi skipsins er að vísu gallað í hönnun og þarf að breyta því og skipið hefur drabbast niður og er í slæmu ástandi. Ákveðin atriði þarf að lagfæra sem fyrst, en höfuðatriði er að fyrsta flokks vélstjóri fáist á skipið, sem geti séð um lagfæringar á því stig af stigi."

Hér fer á eftir viðgerðalistinn eins og fram kom hjá Auðuni Auðunssyni.

Fyrsti flokkur, bráðnauðsynlegar viðgerðir.

1. Ljúka endurnýjun sjólagna og smurolíulagna.
2. Almenn yfirferð á rafkerfi skipsins og lagfæringar eftir þörfum.
3. Setja samfösunarrofa fyrir ljósavélarnar.
4. Lagfæringar og stillingar á gírskiptingu og stofnrofa við aðalvél.
5. Kaupa fleytibát og reykköfunartæki.

Annar flokkur, brýnar viðgerðir.

1. Endurnýjun á gólfi í aðgerðarrými sem er loft yfir vélarrúmi.
2. Endurbygging á fiskmóttökunni og aðgerðaraðstöðunni.
3. Koma varastjórnborði spils í lag.
4. Kaup á loggi, U.S.M. talstöð og löglegri millibylgjustöð.

Þriðji flokkur, nauðsynlegar viðgerðir og endurbætur.

1. Vinnukrani miðskips.
2. Athugun og líklega viðgerð kapalsspils.
3. Lagfæringar á leiðslum við vökvastýri (neyðarstýri).
4. Kaupa dýptarmæli með sambyggðri fisksjá.
5. Lensidælur í móttöku.
6. Kaupa plotter við loran C.
7. Nýtt spil aftan á skipið.
8. Lokun hliða aftan við lúguna.
9. Skrúfuhringur.
10. Flottroll.
11. Ísvél.

Á þessu stigi er ómögulegt að nefna kostnaðartölur, en nauðsynlegt er að skipið verði skoðað af sérfróðum mönnum og gerðar kostnaðaráætlanir um einstaka þætti.

Þess skal að lokum getið, að skipið fór í 8 ára flokkunarviðgerð á síðasta ári undir eftirliti Norsk Veritas og er furðulegt að ýmis framangreindra atriða skuli þá ekki hafa verið lagfærð.

Fylgiskjal VI.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS
Byggðadeild

Til: Sjávarútvegsráðherra.

Frá: Framkvæmdastjóra byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Efni: Ástand atvinnumála á Þórshöfn og hugsanleg eigendaskipti á fiskimjölsverksmiðjunni þar.

Með vísun til fundar okkar Ingimars Einarssonar með yður s. l. föstudag legg ég fyrir hönd Framkvæmdastofnunar ríkisins fram eftirfarandi greinargerð um ástand atvinnumála á Þórshöfn vegna stöðvunar b.v. Fonts og hins mikla fjárhagsvanda sem hallarekstur togarans hefur valdið.

Ekki er á þessu stigi unnt að leggja fram allar þær upplýsingar sem æskilegar eru vegna ákvörðunartöku í máli því, sem hér um ræðir, þ. e. kaup Síldarverksmiðja ríkisins á fiskimjölsverksmiðjunni á Þórshöfn. Það, sem fyrst og fremst vantar, er fullkomnari upplýsingar til að dæma um raunverulegt verðmæti verksmiðjunnar. Einnig vantar enn uppgjör á reikningum Hraðfrystistöðvar Þórshafnar miðað við 31. ágúst s. l., sem unnið er nú að. En vegna þess á hve viðkvæmu stigi mál þetta nú er, eins og lýst verður hér á eftir, vona ég að þær upplýsingar, sem hér koma fram, dugi til að unnt sé að taka ákvörðun um aðgerðir, sem tryggi að lokið verði þeim viðgerðum og endurbótum, sem nú standa yfir á b.v. Fonti og tryggi fjárhagslegan grundvöll fyrir rekstri togarans.

Eins og yður er kunnugt, hr. ráðherra, stöðvaði forstjóri Vélsmiðju Hafnarfjarðar vinnu í vélarrúmi b.v. Fonts s. l. föstudag vegna þess, að áfallinn kostnaður umfram þær 5 m. kr., sem Byggðasjóður hafði lánað til verksins, hafði ekki verið greiddur. Hins vegar er unnið að breytingum á fiskmóttöku. En nú er svo komið, að mikil hætta er á, að sá áhafnarkjarni, sem fengist hefur á skipið, tapist. Útgerðarfélagið gat ekki greitt þessum mönnum laun í lok síðustu viku og greiddi skipstjóri þeim hluta launa úr eigin vasa. En þannig geta málin ekki staðið nema fáeina daga.

Ef Útgerðarfélag Þórshafnar h.f. missir þessa menn, sem taldir eru mjög vel hæfir, verður erfitt að fá hæfa menn á þetta skip. Burt séð frá öllum fjármálalegum og tæknilegum aðgerðum er góð áhöfn skilyrði þess, að unnt verði að reka skipið með sómasamlegum árangri. Því er nauðsynlegt að taka ákvörðun um aðgerðir svo fljótt sem verða má.

Aðdragandi erfiðleikanna.

Í þessu sambandi vísa ég til eldri greinargerða, dags. 11. janúar, 16. og 22. september. Ég vil leggja áherslu á eftirtalin atriði:

1. Fiskimið Þórshafnarbúa voru talin meðal hinna öruggustu hér við land. Á allra síðustu árum, sérstaklega 1974 og síðan, hafa mið þessi gefið af sér mun minni afla en áður, þó nokkuð hafi hann glæðst í ár.
2. Samkvæmt reglum þeim, sem settar hafa verið til verndar fiskstofnum við landið, hafa togveiðar verið bannaðar með öllu á þessum miðum.
3. Allir voru sammála um að nauðsynlegt væri að byggja nýtt frystihús á staðnum. Bygging þessa húss tókst mjög vel, það varð tiltölulega ódýrt og er talið mjög gott.
4. Ekki var talið mögulegt að afla húsinu nægilegs hráefnis nema með útgerð togara, og fullyrða má að svo sé enn.

5. Forsvarsmenn Þórshafnarbúa óskuðu eftir kaupum á öðru togskipi en b.v. Fonti (þ. e. b.v. Suðurnes), en áttu ekki annarra kosta völ.
6. Skipið var í mjög slæmu ástandi og sú átta ára flokkunarviðgerð, sem fram fór á því áður en það var afhent til Þórshafnar, var furðulega gagnslítil.
7. Erfiðlega gekk að manna skipið og það varð fyrir miklum bilunum og missti þannig mikinn veiðitíma.

Þetta eru aðalskýringar á taprekstri Útgerðarfélags Þórshafnar umfram það sem eðlilegt getur talist á fyrsta rekstrarári togara. Hér fara á eftir helstu rekstrartölur fyrirtækisins fyrir árið 1976 (1. júní til 31. des.) og fyrir fyrstu átta mánuði 1977 í m. kr.

	1/6—31/12 1976	1/1—31/8 1977
Tekjur	38,4	123,1
Tap	65,9	66,7
Samtals	104,3	189,8
Alm. gjöld	58,0	106,8
Vextir	23,1	41,2
Fyrningar	23,2	41,8
Samtals	104,3	189,8

Rétt er að benda á að á árinu 1976 var tap nálægt tvöföldum tekjum fyrirtækisins. Það sem af er þessu ári er tapið þó ekki nema rúmlega helmingur tekna.

Rekstur frystihússins.

Eins og fram hefur komið er frystihúsið á Þórshöfn nýtt og talið mjög gott. Unnið er nú að uppgjöri reikninga þess fyrir fyrstu átta mánuði þessa árs. Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá endurskoðunarskrifstofu þeirri, sem annast bókhald fyrirtækjanna.

1. Bókfært verð fasteigna og langtímaskuldir eru nokkurn veginn jafnt eða um 220 m. kr. Bókfært verð frystihússins og véla er 192.5 m. kr.
2. Veltufjárhlutfall er þolanlegt, um 11 m. kr. virðist vanta á að það nái 1:1.
3. Það, sem mestu máli skiptir, er að þessa átta mánuði virðist nettóhagnaður Hraðfrystistöðvarinnar h.f. hafa verið um 20 m. kr. Er þá búið að fyrna 17.5 m. kr. og greiða 30 m. kr. í vexti.

Heildarrekstur frystihúss og togara.

Rétt er að líta á rekstur frystihúss og togara sem eina heild þó um tvö fyrirtæki sé að ræða, enda kemur sameining þeirra til greina ef heppilegt þykir. Einnig er ljóst að ef eigendaskipti verða á fiskmjölsverksmiðjunni, sem er í eigu Hraðfrystistöðvarinnar, mun andvirði verksmiðjunnar ganga til Útgerðarfélagsins sem hlutafé eða með sameiningu.

Eins og fram kom hér að framan tapaði Útgerðarfélagið 66.7 m. kr. í ár á þeim átta mánuðum sem reikningarnir ná yfir, en Hraðfrystistöðin hagnaðist um 20 m. kr.

Tap fyrirtækjanna samanlagt er því 46.7 m. kr. Þetta er vitaskuld töluvert há tala, en þó mjög hófleg miðað við aðstæður. Bendir þetta til þess, að unnt ætti að vera að ná sæmilegum rekstrarárangri ef skipið kemst í sómasamlegt lag og ef á því verður góð áhöfn.

Endurhæfing b.v. Fonts.

Togarinn varð fyrir alvarlegri vélarbilun í haust og er nú í viðgerð í Hafnarfirði. Samtímis vélaviðgerðinni hafa ýmis lagnakerfi í skipinu verið yfirfarin, gert við gólf í fiskmóttöku, sem var orðið mjög tært o. fl. Einnig er búnaður í fiskmóttöku endurnýjaður, sem var mjög lélegur og dró mjög úr afkastagetu skipsins sem veiðiskips. Þegar þessum viðgerðum er lokið má gera ráð fyrir að skipið sé komið í lag. En til þess að það standi öðrum samsvarandi skipum jafnfætis þarf á næstunni að setja á það skrúfuhring og flottrollsbúnað næsta vor auk ýmissa smærri endurbóta. Kostnaður er áætlaður sem hér segir:

Yfirstandandi viðgerðir og endurbætur	35 m. kr.
Skrúfuhringur og flottroll	35 m. kr.
Annað	10 m. kr.
Samtals	80 m. kr.

Efnahagsstaða Útgerðarfélags Þórshafnar h.f.

Hér fer á eftir einfaldaður efnahagsreikningur fyrirtækisins miðað við 31. ágúst s. l. í m. kr.

	Eignir	Skuldir
Veltufé og stuttar skuldir	33,5	217,6
Fastafé og löng lán	499,7	440,7
Neikvætt eigið fé	125,1	
Samtals	658,3	658,3

Eins og sjá má vantar 184.1 m. kr. á að veltufé og stuttar skuldir standist á. Hins vegar eru fastafjármunir 59 m. kr. hærri en löng lán. Að gengismun og erlendri innistæðu hjá Fiskveiðasjóði meðtöldum er bókfært verð skipsins 489.3 m. kr., og er óvarlegt að meta skipið hærra í því ástandi sem það er í. Segja má því, að ef fjárhagsstaða fyrirtækisins á að verða traust þurfi að afla fjár er nemur hinni neikvæðu lausafjárstöðu að viðbættum dráttarvöxtum og öðrum kostnaði síðan 31. ágúst sem gætu verið um 20 m. kr. Þetta er samtals 204.1 m. kr.

Á það skal bent, að fjöldi fyrirtækja er rekinn með neikvæða lausafjárstöðu að einhverju marki. Ef miðað væri við hlutfallið 1:2 er fjárþörfin um 171 m. kr.

Samanlögð fjárþörf vegna endurhæfingar togarans og til að bæta fjárhagslega stöðu útgerðarfélagsins er þá á bilinu 251—284 m. kr. Ef gert er ráð fyrir að 15 m. kr. fáist að láni eftir eðlilegum leiðum vegna endurbóta á skipinu **vantar 236—269 m. kr.**

Fiskimjölsverksmiðjan á Þórshöfn.

Verksmiðjan var byggð á árinu 1966 sem síldarverksmiðja, en var mjög lítið notuð. Hún er nú í eigu Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. og er hluti hennar notaður sem beinamjölsverksmiðja fyrir frystihúsið, en er að öðru leyti ógangfær.

Í skýrslu „loðnubræðslunefndar“ er verksmiðjan á Þórshöfn talin upp fyrst þeirra ó- eða lítt starfhæfu verksmiðja sem koma þurfi í fulla vinnslu. Á s. l. vetri fóru eigendur verksmiðjunnar fram á að fá fyrirgreiðslu til að koma verksmiðjunni í rekstrarhæft ástand. Var þá lögð fram kostnaðaráætlun frá Stefáni Erni Stefánssyni verkfræðingi upp á um 50 m. kr., sem miðaðist við að verksmiðjan yrði starfhæf í sama tæknilega gæðaflokki og hún var í nýbyggð.

Ekki var unnt að veita Hraðfrystistöð Þórshafnar þessa fyrirgreiðslu eins og á stóð. Eins og málum er nú komið hjá systurfyrirtæki Hraðfrystistöðvarinnar, Útgerðarfélagi Þórshafnar, er mjög ólíklegt að eigandi verksmiðjunnar megni að koma

verksmiðjunni í lag þó fyrirgreiðsla fengist, enda telja forsvarsmenn Þórshafnar rekstur útgerðarfélagsins skipta staðinn höfuðmáli og leggja alla áherslu á að koma honum á sæmilegan grundvöll, enda hefur stjórn Hraðfrystistöðvarinnar boðið Síldarverksmiðjum ríkisins verksmiðjuna til kaups í þeim tilgangi að nota andvirðið til að koma fótunum undir útgerðarfélagið að nýju. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur látið þá skoðun koma fram, að ekki sé önnur leið fær til að ná því marki en að koma þessum eigendaskiptum á.

Stefán Örn Stefánsson verkfræðingur hefur gert áætlun um endurbyggingarverð verksmiðjunnar og einnig reynt að gera sér grein fyrir hugsanlegu söluverði hennar. Fara þær upplýsingar hér á eftir.

Talið er að meðalafkastageta verksmiðjunnar sé 250 tn. á sólarhring. Áætlað verð nýrrar verksmiðju af þeirri stærð, sem fullnægði mestu tæknikröfum, sé 800—850 m. kr.

Endurbyggingarverð þessarar verksmiðju, eins og hún er, er áætlað.

Vélar	324,9 m. kr.
Hús	75,8 m. kr.
Samtals	400,7 m. kr.

Viðgerðarkostnaður verksmiðjunnar frá núverandi ástandi ásamt töluverðum endurbótum er áætlaður miðað við verðlag í dag 105 m. kr. Við það má bæta kostnaði við að endurnýja skilvindu, bæta við mjölskilvindu o. fl. að upphæð 25 m. kr.

Þessar endurbætur innif. í 105 m. kr. og 25 m. kr. eru samtals 79 m. kr., og er verksmiðjan þá kominn í 478 m. kr. Áætlað er að soðkjarnatæki ásamt katli kosti 80 m. kr.

Þegar tillit er tekið til afskrifta af verksmiðjunni endurbyggðri og viðgerðarkostnaður (en ekki endurbætur) dreginn frá kemur eftirfarandi fram:

Endurbyggingarverð	400,7 m. kr.
Viðgerðir (105÷53)	52,0 m. kr.
Afskriftir, 25%	87,0 m. kr.
Eftir stendur	261,7 m. kr.

Framtíðarrekstur togara og frystihúss.

Undirritaður dregur þá ályktun af rekstrarárangri hraðfrystihúss og togara á líðandi ári miðað við aðstæður að ef Þórshafnarbúar hefðu fengið að kaupa skuttogara, sem var í sæmilegu lagi, stæði rekstur þeirra nú á nokkuð traustum fótum. Þeir þyrftu ekki á opinberri aðstoð að halda vegna þessa rekstrar og væru að líkindum þess megnugir að koma fiskmjölsverksmiðjunni í lag sjálfir með eðlilegri lánafyrirgreiðslu.

Það hlýtur að vera markmið ríkisvaldsins gagnvart stöðum slíkum sem Þórshöfn að stuðla að því fyrst og fremst að atvinnulíf þeirra sé traust og arðbært og rekstur þýðingarmestu atvinnufyrirtækja sé í höndum heimamanna. Undirstaða atvinnulífs staðarins er hið nýja frystihús og fái það nægilegt hráefni virðist rekstur þess vera það arðbær að það geti, ef nauðsynlegt er, veitt rekstri togara talsverða tryggingu. Að þeirri viðgerð lokinni, sem nú stendur yfir á b.v. Fonti, og ef unnt verður að gera á honum þær endurbætur, sem taldar nauðsynlegar, stendur skipið tæknilega jafnfætis öðrum skipum svipaðrar stærðar.

Reyndur fiskimaður hefur tekið við stjórn skipsins, sem sýnt hefur það með störfum sínum nú á meðan skipið hefur verið í viðgerð, að hann vill leggja sig fram við að koma útgerðinni í lag. Hann hefur útvegað reynda vélstjóra á skipið og hefur tekið að sér að útvega áhöfn á það að öðru leyti.

22. nóvember 1977.

Bjarni Einarsson.

Fylgiskjal VII.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS
Byggðadeild

Til: Forsætisráðherra.
Frá: Framkvæmdastofnun ríkisins.
Efni: Framtíðarrekstur útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á Þórshöfn.

Nýlega óskaði hæstvirt ríkisstjórn eftir umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins um hugsanleg kaup Síldarverksmiðju ríkisins á fiskmjölsverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. og hvort andvirði verksmiðjunnar nægði til að koma rekstri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjanna á Þórshöfn á traustan fjárhagslegan grundvöll.

Framkvæmdastofnunin tilnefndi Bjarna Einarsson, framkvæmdastjóra Byggðadeildar, til að athuga mál þetta, og sjávarútvegsráðherra tilnefndi Ingimar Einarsson, deildarstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, til þessa starfs.

Athuganir undirritaðra hafa beinst annars vegar að því, hvert verðmæti verksmiðjunnar er og aðstaða hennar til rekstrar, og hins vegar að fjárhagsstöðu Útgerðarfélags Þórshafnar hf. og Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. Vísum við til greinargerðar til sjávarútvegsráðherra, dags. 22. nóvember s. l., sem dreift mun hafa verið til hæstvirtra ráðherra. Í þessari greinargerð kemur m. a. fram, að nauðsynlegt er að skjót ákvörðun verði tekin í máli þessu, svo og upplýsingar um rekstur framangreindra fyrirtækja á Þórshöfn, um verksmiðjuna og um aðdraganda þeirra erfiðleik sem hér um ræðir. Munum við nú hér á eftir gera mjög stuttlega grein fyrir þeim atriðum, sem við teljum mestu máli skipta að því er varðar ákvörðunartöku um hvort rétt sé að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi verksmiðjuna á Þórshöfn.

Rekstraraðstaða loðnubræðsluverksmiðju á Þórshöfn.

Um almenna þjóðhagslega þýðingu loðnubræðsluverksmiðju á Þórshöfn vísum við til álits „Loðnubræðslunefndar".

Ljóst er að verksmiðja á Þórshöfn, eins og Raufarhafnarverksmiðjan, liggur vel við loðnuveiðum í lok sumarvertíðar og í upphafi vetrarvertíðar. Einnig liggur verksmiðjan sæmilega gagnvart flutningum á nokkru lengra tímabili þegar veiði er mikil, og til greina koma flutningar til hennar á kolmunna ef þær veiðar þróast eins og vonir standa til.

Í sumar er gert ráð fyrir dýpkun við viðlegubraut fram undan verksmiðjunni og geta þá nær öll nótaskip landað þar. Gert er ráð fyrir gerð grjótgarðs, sem tryggja mun mjög gott skjól við þessa viðlegubraut, og með framlengingu kantsins og frekari dýpkun fæst með viðráðanlegum kostnaði nægilegt dýpi fyrir hvaða loðnuskip sem er.

Verðmæti verksmiðjunnar.

Ekki eru tök á þeim tíma, sem til ráðstöfunar er, að fá fullkomið mat á verðmæti verksmiðjunnar. Leitað var álits Stefáns Arnars Stefánssonar verkfræðings, sem er þessari verksmiðju mjög kunnugur.

Stefán telur endurbyggingarverð verksmiðjunnar vera **400.7 m. kr.** miðað við óbreytta tækni. Hann telur viðgerðarkostnað hennar vera **105.0 m. kr.** Þar af eru hreinar viðgerðir 52 m. kr., en endurbætur um 53 m. kr. Þegar tillit er tekið til þessa viðgerðarkostnaðar og afskrifta telur Stefán verðmæti verksmiðjunnar, eins og hún nú er, vera um **250 m. kr.** Þetta er sú upphæð sem við gerum hér ráð fyrir sem kaupverði verksmiðjunnar.

Þjóðhagslegur kostnaður.

Þjóðhagslegur kostnaður við að koma Þórshafnarverksmiðjunni í gang er kostnaðurinn við viðgerðirnar og lágmarksendurbætur, 105 m. kr. Ljóst er að fjárhagserfiðleikar Útgerðarfélags Þórshafnar hf. valda því að núverandi eigandi megnar ekki á næstu árum að gera verksmiðjuna gangfæra.

Að framangreindum aðgerðum loknum verður um að ræða verksmiðju með 250 tn. meðalafköstum á sólarhring, sem skarar ekki fram úr í tækni né nýtingu, en verður sambærileg mörgum verksmiðjum, sem nú eru reknar með góðum árangri. Stefán Örn Stefánsson bendir á, að unnt sé að bæta verksmiðjuna verulega með endurnýjun og viðbót við skilvindur fyrir um 25 m. kr. og með soðkjarnatækjum, sem ásamt katli kosti um 80 m. kr. Eðlilegt er að rekstur verksmiðjunnar fyrstu árin skæri úr um hve langt verður gengið í að endurbæta hana. Til samanburðar skal þess getið, að Stefán Örn Stefánsson áætlar kostnaðarverð nýrrar 250 tn. verksmiðju, sem byggð væri eftir fyllstu tæknikröfum, 800—850 m. kr.

Fjárskortur fyrirtækjanna á Þórshöfn.

Með greinargerð þessari eru fylgiskjöl sem sýna höfuðatriði reikninga þessara fyrirtækja miðað við 31. ágúst s. l.

Fjárskorturinn kemur eingöngu fram hjá Útgerðarfélagi Þórshafnar hf. og er sem hér segir:

1. Kostnaður vegna yfirstandandi viðgerða og endurbóta á b.v. Fonti, áætlað .	35 m. kr.
2. Nauðsynlegar endurbætur á skipinu á næsta ári, áætlað	45 m. kr.
3. Greiðsla vanskila- og lausaskulda sem jafnframt bæti eiginfjárstöðu fyrirtækisins	125 m. kr.
4. Áætlað tap til áramóta	20 m. kr.
5. Áætlað tap 1978	25 m. kr.
Samtals	245 m. kr.

Hér er gert ráð fyrir greiðslu lausaskulda og vanskilaskulda sem nemur neikvæða eigin fé útgerðarfélagsins, og að það fjármagn sé hlutafjárframlag Hraðfrystistöðvarinnar. Gert er ráð fyrir áfallalausum rekstri b.v. Fonts og minnkandi tapi, sem verði horfið 1979. Hins vegar er ekki reiknað með lánum Fiskveiðasjóðs eða annarra út á endurbætur á skipinu, sem þó er líklegt að fáist, sem er varnagli. Rétt er og að benda á, að Útgerðarfélagið getur haft mikinn stuðning af systurfyrirtæki sínu, Hraðfrystistöðinni, sem virðist nú standa vel fjárhagslega.

Það er álit undirritaðra, að útvegun framangreindrar upphæðar, ekki síst ef um áhættufjármagn verður að mestu eða öllu leyti að ræða í formi peninga eða skuldabréfa, tryggi fjárhagslegan grundvöll Útgerðarfélags Þórshafnar hf. nægilega vel. Tökum við tillit til þess, að b.v. Fontur mun standa öðrum áþekkum togurum jafnfætis tæknilega, og til þess, að til skipstjórnar hefur fengist mjög álitlegur maður. Við teljum einnig að hinn ágæti árangur, sem náðst hefur í rekstri Hraðfrystistöðvarinnar hf., sem skilaði 20 m. kr. nettóhagnaði fyrstu átta mánuði þessa árs, bendi til að stjórnendur fyrirtækjanna muni ná góðum tökum á rekstrinum.

Rekstur fyrirtækjanna á Þórshöfn í ár.

Á meðfylgjandi fylgiskjölum sést að rekstur Útgerðarfélags Þórshafnar hf. var neikvæður fyrstu átta mánuði þessa árs um 66.7 m. kr. Hinar tíðu bilanir b.v. Fonts eru aðalástæða þess, hve hallinn er mikill. Hins vegar kemur í ljós, að rekstur Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. var mjög hagstæður, en hreinn hagnaður af honum nær 20 m. kr., sem fyrr segir. Þegar reikningar fyrirtækjanna eru lagðir saman, kemur í ljós að til samans eiga fyrirtækin vel fyrir skuldum og er þó miðað við úrelt brunabótamat fasteigna.

Niðurstöður.

Þýðing Þórshafnar í byggðakeðju Norðausturlandsins er ómetanleg. Telja má víst að hnignun Þórshafnar hafi mjög slæm áhrif á nærliggjandi staði, Raufarhöfn, Bakkafjörð og Vopnafjörð, burt séð frá þeim miklu verðmætum sem fara mundu forgörðum á stöðunum sjálfum. Með þetta í huga er einnig ljóst, að á Þórshöfn verða að vera framfarir sambærilegar framförum annars staðar í landinu. Skilyrði þessa er traust atvinnulíf, og eins og sakir standa er ekki um aðra leið að ræða en að tryggja rekstur b.v. Fonts.

Það, sem fram hefur komið hér að framan, bendir eindregið til þess, að verðmæti fiskmjölsverksmiðjunnar á Þórshöfn sé áþekk upphæð og á vantar til að tryggja fjárhagslegan grundvöll Útgerðarfélags Þórshafnar hf. Með þetta í huga og einnig hitt, að ekki verður annað séð en að viðgerð og rekstur þessarar fiskmjölsverksmiðju sé þjóðhagslega mjög hagkvæmur, mælum við undirritaðir eindregið með að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi verksmiðjuna.

24. nóvember 1977.

Bjarni Einarsson. Ingimar Einarsson.

ÚTGERÐARFÉLAG ÞÓRSHAFNAR HF.
Reikningar pr. 31. 8. 1977.
Þús. kr.

	Gjöld	Tekjur
Rekstrarreikningur		
Tekjur		123 144
Almenn gjöld	106 751	
Vextir	41 198	
Afskriftir	41 845	
Tap		66 650
	189 794	189 794
	Eignir	**Skuldir**
Efnahagsreikningur		
Veltufé og st. skuldir	33 480	217 580
Fasteignir og löng lán	499 720	440 706
Neikvætt eigið fé	125 086	
	658 286	658 286

HRAÐFRYSTISTÖÐ ÞÓRSHAFNAR HF.
Reikningar pr. 31. 8. 1977.
Þús. kr.

	Gjöld	Tekjur
Rekstrarreikningur		
Tekjur		419 852
Almenn gjöld	352 573	
Vextir	29 768	
Afskriftir	17 500	
Hagnaður	20 011	
	419 852	419 852
	Eignir	**Skuldir**
Efnahagsreikningur		
Veltufé og st. skuldir	166 946	185 270
Fasteignir og löng lán	224 355	168 835
Eigin fé		37 196
	391 301	391 301
Brunabótamat fasteigna og véla		392 250
Bókfært verð fasteigna og véla		201 955
Mismunur		190 296
	Eignir	**Skuldir**
Efnahagsreikningur m. v. brunabótamat fasteigna		
Veltufé og st. skuldir	166 946	185 270
Fasteignir og löng lán	414 651	168 835
Eigin fé		227 492
	581 597	581 597

ÚTGERÐARFÉLAG ÞÓRSHAFNAR OG HRAÐFRYSTISTÖÐIN „SAMEINUÐ“
Reikningar pr. 31. 8. 1977.
Þús. kr.

	Gjöld	Tekjur
Rekstrarreikningur		
Heildartekjur		542 996
Almenn gjöld	459 324	
Vextir	70 966	
Afskriftir	59 345	
Tap		46 639
	589 635	589 635
	Eignir	**Skuldir**
Efnahagsreikningur m. v. brunabótamat fasteigna		
Veltufé og stuttar skuldir	200 426	402 850
Fasteignir og löng lán	914 370	609 541
Eigin fé		102 405
	1 114 796	1 114 796

Hr. forsætisráðherra,
Geir Hallgrímsson,
Stjórnarráðshúsinu,
Reykjavík.

Reykjavík, 24. nóvember 1977.

Hér með sendum við yður, hr. forsætisráðherra, greinargerð um rekstur útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á Þórshöfn og hugsanleg kaup Síldarverksmiðja ríkisins á fiskmjölsverksmiðjunni á staðnum. Við viljum taka það fram, að við erum samþykkir efni þessarar greinargerðar. Sú aðgerð virðist muni tryggja fjárhagslegan grundvöll og rekstur Útgerðarfélags Þórshafnar hf.

Rétt er að taka fram, að við gerum alls ekki ráð fyrir að andvirði verksmiðjunnar verði greitt út í einu lagi. Greiðslukjör verða að sjálfsögðu samkomulagsatriði, en við erum sannfærðir um að unnt verður að finna greiðslukerfi sem fullnægir báðum aðilum.

Að síðustu viljum við leggja áherslu á nauðsyn skjótrar ákvörðunar í máli þessu.

Virðingarfyllst,

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Hermannsson. Tómas Árnason.

Fylgiskjal VIII.

SÍLDARVERKSMIÐJUR RÍKISINS
Sjávarútvegsráðuneytið,
Lindarbæ, Lindargötu,
Reykjavík.

Reykjavík, 26. október 1977.

Á fundi stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, sem haldinn var í dag, þar sem allir stjórnarmenn voru viðstaddir, þeir Þorsteinn Gíslason, Jón Kjartansson, Björgvin Jónsson, Einar Ingvarsson, Hannes Baldvinsson, Ingólfur Stefánsson og Guðfinnur Einarsson, var beiðni Einars Ingvarssonar, aðstoðarmanns sjávarútvegsráðherra, til stjórnar S.R. frá 23. ágúst s.l. um umsögn við bréfi Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. 18. ágúst s.l. til ríkisstjórnarinnar um að S.R. kaupi síldarverksmiðjuna á Þórshöfn tekin til afgreiðslu.

Samþykkt var með öllum atkvæðum stjórnarmanna að svara beiðninni þannig:

Verksmiðja þessi, sem stjórn S.R og framkvæmdastjórar skoðuðu í ágúst s.l. var byggð á árunum 1965-1966 til vinnslu síldar og var afkastageta hennar talin nálægt 300 tonnum á sólarhring. Sú reynsla, sem fengist hefur við vinnslu loðnu í verksmiðjum S.R., hefur sýnt, að lækka megi þessa tölu um 15-25% þegar loðna er unnin.

Ástand verksmiðjunnar er slæmt, sem ekki er óeðlilegt, þar sem hún hefur ekki verið starfrækt í 11 ár, að undanskilinni beinavinnslu, en við hana er aðeins notaður annar þurrkarinn, mjölkvarnir og vogir. Um ástand einstakra véla í verksmiðjunni er erfitt að dæma nema við nákvæma skoðun og jafnvel prufukeyrslu. Ljóst er að verksmiðjan er illa búin undir loðnuvinnslu, þar sem skilvindukostur hennar er ónógur, og er þá átt bæði við lýsisskilvindur og mjölskilvindur. Auk þessa eru engin eimingartæki fyrir soð í verksmiðjunni, en vegna hins mikla vökva, sem þarf að vinna við bræðslu loðnu, þarf skilvindukostur að vera meiri við vinnslu loðnu en síldar. Þurrkaraafköst eru hins vegar meiri en nauðsynlegt er, enda var gert ráð fyrir þurrkun síldarsoðsins í þurrkurum, en slík vinnsla þekkist vart nú vegna mikillar olíueyðslu.

Fyrirkomulag véla í verksmiðjunni er öfugsnúið og veldur því m. a., að illmögulegt er að komast að vélum og tækjum. Verksmiðja og mjölgeymsla eru í sama húsi, óaðskilin, sem er óhæft, m. a. vegna geymslu mjölsins og eldhættu.

Löndunaraðstaða við verksmiðjuna er engin, tækjabúnaður ekki til og hafnaraðstaða ónothæf fyrir þau loðnuskip, sem nú stunda veiðar. Enginn lýsisgeymir er á staðnum.

Hráefnisgeymslur eru 3 tankar, samtals um 2800 m^3 eða fyrir um 2500 tonn af loðnu, sem væri nægilegt fyrir um það bil 10 daga vinnslu, miðað við afkastagetu pressu og sjóðara. Þetta geymslurými er of lítið, þegar tillit er tekið til staðsetningar verksmiðjunnar. Hráefnisgeymarnir líta mjög illa út og eru orðnir tærðir, m. a. vegna þess að þeir eru óvarðir fyrir sjóroki og sjór gengur undir þá, þar sem úttakssniglar eru. Geymslurnar hafa sennilega aldrei verið málaðar.

Ljóst er að mikið fé þarf til að koma þessari verksmiðju í gang, ekki síst þegar miðað er við þau afköst sem fást. Þar að auki kosta hafnarframkvæmdir stórfé.

Landfræðilega liggur verksmiðjan ekki vel við loðnumiðunum. Það hefur m. a. sýnt sig í sumar, að verksmiðja S. R. á Raufarhöfn hefur ekki fengið nema um 13 000 tonn af loðnu, þrátt fyrir mjög góða veiði, en það er aðeins um 20 daga vinnsla. Möguleikar verksmiðjunnar á Þórshöfn til að fá hráefni eru mestir í byrjun vetrarvertíðar. Sigling skipa að austan fyrir Langanes er mjög álíka til Þórshafnar og Raufarhafnar, þannig að sú loðna, sem til Þórshafnar færi, mundi í flestum tilfellum draga úr stöðugleika í rekstri Raufarhafnarverksmiðjunnar, sem hefur verið óstöðugur bæði í vinnslu sumar- og vetrarloðnu vegna hráefnisskorts.

Eftir meira en áratuga stöðvun á allri endurnýjun á vélakosti S.R. hefur nú myndast nokkurt svigrúm til að færa hluta vinnslunnar í nútímahorf, en mikil verkefni bíða þó úrlausnar í þeim verksmiðjum, sem starfræktar eru til loðnuvinnslu.

Verksmiðja S.R. á Skagaströnd, sem virðist ásamt verksmiðju S.R. á Siglufirði vera best staðsett gagnvart loðnuveiðum að sumarlagi, er ekki starfrækt til loðnuvinnslu. Trúlega kostar 400 til 500 milljónir króna að koma þar upp nýtískulegri loðnuverksmiðju með um 700 tonna afköstum á sólarhring. Hafnarframkvæmdir standa yfir á Skagaströnd og ætti sú verksmiðja að geta orðið tilbúin til starfrækslu síðari hluta árs 1978, ef ákvörðun yrði tekin strax. Stjórn S. R. telur þessa fjárfestingu eiga að sitja í fyrirrúmi, og hefur stjórnin fullan hug á að fara í þá framkvæmd ef fé er fáanlegt. Frekari fjárfestingar telur stjórn S. R. fyrirtækinu ofviða, nema allt það fjármagn, sem til þeirra þarf, sé látið fyrirtækinu í té.

Jafnframt að senda hæstvirtu sjávarútvegsráðuneyti framanritað álit varðandi Þórshafnarverksmiðjuna, telur stjórn S.R. rétt að minna á niðurstöðu áfangaskýrslu „Loðnubræðslunefndar", dags. 28. febrúar 1977.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins

Jón R. Magnússon.

Fylgiskjal IX.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Rauðarárstíg 31
Reykjavík.

Reykjavík, 25. nóv. 1977.

Eins og yður er kunnugt hafa málefni Þórshafnar verið allmikið til umræðu í stofnun yðar undanfarnar vikur og þó einkum með það í huga, að vandamál staðarins yrðu leyst á þann veg að Síldarverksmiðjur ríkisins keyptu síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h/f og á þann hátt yrði fjárhagsgrundvelli Útgerðarfélags Þórshafnar h/f komið í viðhlítandi horf til frambúðar.

Nú hefur ákvörðunartaka í máli þessu dregist svo, að staða Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h/f og Útgerðarfélags Þórshafnar h/f stefnir hraðbyri til gjaldþrots, og förum við því fram á að Framkvæmdastofnun ríkisins láni 50 millj. kr. til að leysa þetta lífshagsmunamál Þórshafnar. Þar af þyrftu 15 millj. kr. að greiðast þegar í stað, og 35 millj. kr. á næstu tveimur vikum. Þessi beiðni er fram sett til að ljúka viðgerð á b/v Fonti ÞH 255, sem taka mun um hálfan mánuð frá þeim tíma sem hún gæti hafist á ný, og losa um skuldbindingar, sem hvíla á skipinu og hafa haldsrétt í því. Þá skal og bent á það, að frá s.l. mánaðamótum hafa verið um 60 manns á atvinnuleysisskrá á Þórshöfn og verða það um ófyrirsjáanlega framtíð, ef ekki rætist úr atvinnumálum staðarins.

Virðingarfyllst,

F. h. Þórshafnarhrepps

Bjarni Aðalgeirsson,
sveitarstjóri.

Ingvar Gíslason, alþm. Ingi Tryggvason, alþm. Stefán Valgeirsson, alþm.
Lárus Jónsson, alþm. Halldór Blöndal, alþm. Jón G. Sólnes, alþm.
Stefán Jónsson, alþm.

Fylgiskjal X.

Lánveitingar Byggðasjóðs til hraðfrystihúss og togaraútgerðar á Þórshöfn 1973—1978.

1973	Bygging frystihúss	3.0 millj. kr.
1974	Bygging frystihúss	4.0 millj. kr.
1975	Bygging frystihúss	10.6 millj. kr.
1976	Bygging frystihúss	28.4 millj. kr.
		46.0 millj. kr.
1976	Vegna kaupa á b/v Fonti	28.4 millj. kr.
1977	Vegna fjárhagserfiðileika útgerðar	15.0 millj. kr.
1978	Vegna viðgerða Fonts o. fl.	44.2 millj. kr.
1978	Vegna fjárhagserfiðleika frystihúss	7.6 millj. kr.
		95.2 millj. kr.
1978	Ónotuð lánsheimild	13.0 millj. kr.
		108.2 millj. kr.
	Lánveitingar alls 1973—1978	154.2 millj. kr.

Rétt er að taka fram, að lánveitingar til frystihúsbyggingarinnar eru liður í hinni almennu hraðfrystihúsaáætlun.

Ed. 484. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt. Albert Guðmundsson skilar séráliti. Jón G. Sólnes tók ekki afstöðu til afgreiðslu málsins í nefndinni.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds.

Alþingi, 5. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.

Axel Jónsson.

Ed. 485. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 2. maí 1968, um bókhald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Til fundar við nefndina komu Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri og Árni Kolbeinsson deildarstjóri og skýrðu efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 5. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.

Jón G. Sólnes. Axel Jónsson.

Ed. 486. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um stimpilgjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Til fundar við nefndina komu Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri og Árni Kolbeinsson deildarstjóri og skýrðu efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 38. gr. Í stað „1. apríl“ komi: 1. júlí.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 5. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes, frsm.

Jón Árm. Héðinsson. Axel Jónsson.

Ed. 487. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Til fundar við nefndina komu Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri og Árni Kolbeinsson deildarstjóri og skýrðu efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað „1. apríl“ komi: 1. júlí.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 5. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes, frsm.
Jón Árm. Héðinsson. Axel Jónsson.

Nd. 488. Frumvarp til laga [253. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin“, skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
g. Rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfundi skal halda þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir eigi.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Aldurslagasjóður fiskiskipa skal vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni trygginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

II. KAFLI
Aldurslagasjóður fiskiskipa.

7. gr.

Tilgangur Aldurslagasjóðs fiskiskipa er aðallega að greiða fyrir því, með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð.

8. gr.

Við gildistöku laganna yfirtekur Aldurslagasjóður fiskiskipa allar eignir og skuldbindingar Bráðafúadeildar Samábyrgðarinnar.

9. gr.

Bætur úr Aldurslagasjóði skulu ákveðnar af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Það er skilyrði fyrir bótum, að ekki sé lengra liðið en 12 mánuðir frá því að viðkomandi skipi var haldið til veiða með eðlilegum hætti, þegar óskað er bóta.

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 100 þús. kr. á rúmlest í skipi. Ef skip er yngra en 15 ára hækkar hámarkið um 10 þús. kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 200 þús. kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi.

Bætur skulu aldrei vera hærri en 30 millj. kr. vegna eins skips. Bætur frá tryggingafélagi og Aldurslagasjóði geta aldrei orðið hærri samanlagt en vátryggingarverð skipsins.

Heimilt er að veita bætur til viðgerða á bolskemmdum af bráðafúa eða skyldum orsökum. Slíkar bætur fara aldrei fram úr 60% viðgerðarkostnaðar, og eigi heldur fram úr þeim fjárhæðum, sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Þegar bætur eru greiddar til þess að skip verði tekið úr notkun, skal skipseigandi sjá um að eyða bol skipsins. Bætur verða ekki greiddar að fullu fyrr en bolnum hefur verið eytt. Vélar og tæki úr skipinu eru eign skipseiganda.

10. gr.

Allir eigendur stálfiskiskipa stærri en 12 rúmlestir og tréfiskiskipa með þilfari annarra en súðbyrtra skipa eru skyldir að vera aðilar að Aldurslagasjóði fiskiskipa og greiða árgjöld til hans.

Árgjöld skulu vera 3 000 kr. á rúmlest af tréskipum, en 1 000 kr. á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en 400 þús. kr. af einu skipi.

Árgjöld falla í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

Árgjöld endurgreiðast ekki þótt skip liggi í höfn eða standi uppi.

11. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að Tryggingasjóður fiskiskipa leggi Aldurslagasjóði til fé að fengnum tillögum stjórnarnefndar Tryggingasjóðs.

12. gr.

Aldurslagasjóður hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir árgjöldum, þó eigi lengur en 2 ár frá gjalddaga.

13. gr.

Reikningar Aldurslagasjóðs skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Aldurslagasjóður er undanþeginn eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignagjöldum.

14. gr.

Fjárhæðum, sem greindar eru í þessum kafla, getur ráðherra breytt með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðarinnar.

Á sama hátt getur ráðherra sett nánari reglur um starfsemi sjóðsins.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir vátryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi í lengri tíma en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að vátryggt skip sé í veði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

16. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 19/1976 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sbr. l. nr. 47/1967 og nr. 92/1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árgjöld á árinu 1978, skulu vera helmingur þess, sem ákveðið er í 10. gr.

Gjalddagi þeirra er 1. júlí 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefur lengi verið áhugamál meðal útvegsmanna, að stofnaður yrði sjóður, sem hefði það hlutverk að greiða fyrir því, með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip væru tekin úr notkun og eyðilögð.

Fyrsta viðleitni til að mæta þessum óskum var setning laga nr. 24 frá 29. apríl 1958, um bráðafúatryggingar á vegum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Með lögum nr. 55 frá 27. maí 1975, um ráðstöfun gengismunar var sjónarmið Alþingis í þessum efnum staðfest með því að ráðstafa 50 millj. kr. til að „bæta eigendum fiskiskipa það tjón, sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti".

Með tækniframförum liðinna ára má segja að bráðafúi, sem svo hefur verið nefndur, sé nú að verða úr sögunni og hefur Bráðfúadeild Samábyrgðarinnar safnað sjóðum, sem um s. l. áramót námu alls um 218 m.kr., þannig að æskilegt er að færa út starfsvettvang deildarinnar fyrir íslenskan sjávarútveg.

Í nóvember 1976 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að athuga og gera tillögur um breytingar á lögum um Bráðfúadeild Samábyrgðar á þann hátt að deildin yrði jafnframt gerð að almennri ellitryggingardeild fyrir allar tegundir fiskiskipa. Nefndina skipuðu stjórnarformaður Landssambands ísl. útvegsmanna, forstjóri

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og einn starfsmaður sjávarútvegsráðuneytisins. Nefndin hafði samráð við tvo tryggingarfræðinga og hefur álit hennar verið til umræðu í stjórnum nefndra samtaka, sem hafa lýst sig meðmælta því.

Nefndin skilaði áliti sínu í formi frumvarpsdraga í öndverðum mars 1978 og lagði til að II. kafla gildandi laga svo og öðrum viðeigandi ákvæðum yrði breytt.

Með hliðsjón af því, að breytingar þær sem nefndin leggur til mundu gera það að verkum, að meir en helmingur greina gildandi laga mundu breytast, ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að leggja fram frumvarp til nýrra laga, þ. e. a. s. heildarlaga. Eru aðrar greinar frumvarpsins en þær sem snerta breytingartillögur nefndarinnar óbreyttar frá gildandi lögum. Hér er fyrst og fremst um hagkvæmnisverk að ræða með það fyrir augum að lögin séu í einni heild.

Ekki þykir ástæða til þess að fjalla sérstaklega um hinar einstöku greinar frumvarpsins, þar sem þær skýra sig að mestu sjálfar. Þær greinar, sem lagt er til að breytt verði eru: 2. gr. 1. mgr. stafliður g, 5. gr. 3. mgr., en þessum greinum er breytt á þann hátt, að í stað þess að Samábyrgðin hafi með höndum bráðafúgatryggingu á tréskipum annist hún rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa og með hliðsión af því skuli Aldurslagasjóður fiskiskipa vera sérstök deild í Samábyrgðinni í stað Bráðafúatryggingar. Ennfremur er lagt til að II. kafla laganna verði breytt þannig að hann fjalli um Aldurslagasjóð fiskiskipa í stað bráðafúgatryggingar. Hér er um að ræða greinar 7 til 14 í frumvarpinu, að báðum meðtöldum. Það er helst um II. kafla að segja auk framanritaðs, að skv. 10. gr. eru árgjöld ákveðin miðað við rúmlestatölu skipa þ. e. a. s. kr. 3 000 á rúmlest af tréskipum og kr. 1 000 á rúmlest af stálskipum. Samkvæmt þessu verða iðgjöldin lægri en þau hafa verið til Bráðafúadeildarinnar, ef um nýleg tréskip er að ræða, en aðeins hærri þegar um eldri tréskip er að ræða. Tekjur sjóðsins samkvæmt þessu yrðu um 104 millj. kr. á ári, miðað við rúmlestatölu fiskiskipa í árslok 1977, eða tæpar 42 millj. kr. af tréskipum og 62 millj. kr. af stálskipum.

Samkvæmt 11. grein II. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir, að ef tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa verði umfram þarfir sé heimilt að ráðstafa þeim til Aldurslagasjóðs, að fengnum tillögum stjórnarnefndar sjóðsins.

Þá er í 14. gr. II. kafla frumvarpsins gert ráð fyrir að ráðherra geti, að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar, breytt fjárhæðum þeim, sem greindar eru í þeim kafla.

Nd. 489. Frumvarp til laga [254. mál]

um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

1. Þessir málaflokkar falla undir ákvæði laga þessara:
   a) Röng notkun stöðureita og notkun slíkra reita án greiðslu tilskilins gjalds, þar sem sveitar- eða bæjarstjórn hefur, að fengnu samþykki lögreglustjóra, sett reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana samkvæmt heimild í 3. málsgrein 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
   b) Stöðvun eða stað ökutækis andstætt sérákvæðum sem lögreglustjóri setur, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, samkvæmt heimild í síðasta málslið 2. málsgreinar 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
   c) Stöðvun eða stað ökutækis andstætt merkingum eða öðrum sýnilegum ákvörðunum lögreglustjóra, vegamálastjóra eða yfirvalda bæjar eða sveitar samkvæmt heimildum í 1. mgr., 4. mgr. eða 5. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

d) Stöðvun eða staða ökutækis andstætt ákvæðum f. og h. liða 5. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, svo og andstætt ákvæði d. liðar 6. málsgreinar sömu greinar.

2. Ákvæði laga þessara ná þó ekki til þeirra málaflokka, sem í 1. málsgrein greinir, ef hin ranga stöðvun eða staða ökutækis eða röng notkun stöðureits felur jafnframt í sér brot á öðrum ákvæðum umferðarlaga eða varðar refsingu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

2. gr.

Ekki skal beita refsingum samkvæmt umferðarlögum eða öðrum lögum vegna atvika þeirra, sem greinir í 1. mgr. 1. gr. laga þessara, heldur skal lagt á gjald í ríkissjóð vegna þeirra, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, um fjárhæð gjaldsins og hvernig það skuli á lagt og innheimt.

3. gr.

1. Lögreglustjórar sjá um álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., innheimtu þess, tilkynningar til skuldara og allar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.
2. Við framkvæmd laga þessara, þar á meðal álagningu gjalda, nýtur lögreglustjóri aðstoðar lögreglumanna samkvæmt ákvæðum laga um lögreglumenn og laga um meðferð opinberra mála.
3. Þar sem sveitar- eða bæjarstjórn notar heimild 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga til þess að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana. getur lögreglustjóri löggilt sérstaka stöðumælaverði eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, til þess að leggja á gjald samkvæmt 2. gr. Stöðumælaverðir þessir taka laun úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda renna stöðumælagjöld í sveitar- eða bæjarsjóð. Þeir starfa undir stjórn og á ábyrgð lögreglustjóra, er þeir leggja á gjöld í ríkissjóð samkvæmt 2. gr.

4. gr.

1. Gjald samkvæmt 2. gr. er lagt á með skriflegri tilkynningu, sem afhent skal ökumanni, ef hann er nærstaddur, en annars skilin eftir á áberandi stað í eða á ökutækinu, ef unnt er. Þess sé getið í tilkynningu, hvort hún var afhent ökumanni eða hvar hún var skilin eftir.
2. Í tilkynningu skal greina, svo að ekki verði um villst, hverskonar ökutæki sé um að ræða, skráningarnúmer, tegund, lit, árgerð, ef vitað er, gegn hvaða lagafyrirmælum brotið er, stað, stund, athuganir lögreglumanns eða annars löggilts eftirlitsmanns, hversu hátt gjaldið sé, eindaga þess og hvernig greitt skuli.

5. gr.

Frestur til greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum 2. greinar, sem greindur skal í tilkynningu samkvæmt 4. gr. skal vera 2—4 vikur eftir ákvörðun lögreglustjóra. Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem gjald er á lagt, sér um framkvæmd málsins, þar til það er sent til dómstóla samkvæmt 8. og 9. grein. Greiðslu skal inna af hendi til hans, þó að leita þurfi til dómstóls í öðru umdæmi. Fari innheimta fram eftir skrá skv. 8. gr. c samhliða innheimtu ökutækjagjalda skv. 9. gr., skal þó greiða til innheimtumanns gjalda í umdæmi, þar sem ökutækið er skráð.

6. gr.

Ökumaður sá, sem ábyrgð ber á stöðvun eða stöðu ökutækis, er gjaldskyldur samkvæmt 2. grein. Sé ökumaður annar en skráður eigandi ökutækis eða umráðamaður, bera þeir báðir óskipt ábyrgð á greiðslu gjaldsins, nema sannað verði, að eigandi (umráðamaður) hafi misst umráð ökutækis vegna refsiverðs atferlis ökumanns.

7. gr.

1. Gjald samkvæmt 2. gr., nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki.
2. Lögveð samkvæmt þessari grein gengur á undan öllum veðum öðrum en lögveðum vegna bifreiðagjalda og iðgjalda vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækisins.
3. Áður en til lögtaks eða nauðungarsölu kemur, skal þessum skilyrðum fullnægt:
   a) Senda skal skráðum eiganda (og umráðamanni, ef kunnugt er um, að hann sé annar en skráður eigandi) í ábyrgðarbréfi, sem borið skal út, ítrekun upphaflegrar gjaldkröfu, með tilkynningu um, að lögtaks eða nauðungarsölu verði beiðst, ef gjaldið verði ekki greitt innan tveggja vikna ásamt áföllnum kostnaði, sem tilgreindur skal í bréfinu. Í bréfi þessu skal þess jafnframt getið, ef gjaldið ásamt kostnaði samkvæmt framangreindu, verður fært á lögveðaskrá, sem skuld er á ökutækinu hvíli, sbr. ákvæði c liðar 8. gr.
   b) Ef viðtakandi ábyrgðarbréfs samkvæmt 1. tölulið finnst ekki, skal póststofa endursenda bréfið án tafar. Skal þá birta skráðum eiganda (umráðamanni) samskonar áskorun um greiðslu og tilkynningu um lögtak, nauðungarsölu og skráningu á lögveðaskrá, allt innan 2 vikna frests frá birtingu. Greina skal skuldina eins og hún er þá orðin með áföllnum kostnaði. Áskorun þessi og tilkynning skal birt af stefnuvottum í samræmi við reglur um stefnur í almennum einkamálum.

8. gr.

Hafi eigandi ökutækis, umráðamaður eða ökumaður ekki sinnt kröfum eða tilkynningum samkvæmt 2. gr. eða 7. gr. laga þessara og greiðsla samkvæmt 2. gr. eigi verið innt af hendi getur lögreglustjóri:

a) Krafist lögtaks fyrir gjaldi samkvæmt 2. gr. ásamt öllum útlögðum kostnaði og dráttarvöxtum, er séu jafnháir dráttarvöxtum, sem reiknast af vangreiddum þinggjöldum, auk alls kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.
b) Krafist nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar álögðum gjöldum og kostnaði eftir reglum laga nr. 49/1951. Eigi þarf þó að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðsþola frekari tilkynningar en segir í 7. gr.
c) Skráð gjaldið eða látið skrá það, ásamt áföllnum kostnaði, hjá viðkomandi þinglýsingardómara á sérstaka skrá, sem tengist ökutækjaskrá, þar sem öll gjöld, sem á eru lögð samkvæmt lögum þessum, eru skráð. Slíkar innritanir skal afmá, er lögreglustjóri sá, er lagði gjaldið upphaflega á, eða lögreglustjóri sá, sem innheimtir gjaldið, sendir þinglýsingardómara tilkynningu þar að lútandi. Fylgiskjöl skrár þessarar þarf ekki að geyma nema 2 ár eftir að gjöld eru útstrikuð.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skrá þessa, fylgiskjöl og sendingu þeirra, innritanir og útstrikanir og annað, sem hann telur þörf á.

9. gr.

Innheimtumaður bifreiðagjalda skal, þegar skrá um bifreiðagjöld er samin, láta gera skrá um ógreidd gjöld samkvæmt 2. gr., sem á hafa verið lögð fyrir næstliðið ár 1. desember til 1. desember, og skráð hafa verið samkvæmt c. lið 8. gr. Skulu gjöld þessi, ásamt útlögðum kostnaði og dráttarvöxtum, innheimt með öðrum gjöldum af ökutækinu, og njóta sama réttar og þau, nema lögreglustjóri hafi tilkynnt, að hann muni leita til dómstóla samkvæmt ákvæðum 8. gr. a eða b eða 10. gr.

10. gr.

1) Ef eigandi ökutækis óskar eftir að halda uppi vörnum vegna álagningar gjalds samkvæmt ákvæðum 2. gr. eða vegna kostnaðar af henni, skal hann gera lögreglustjóra grein fyrir því innan þeirra fresta, sem greindir eru í 7. gr. Skal þá lögreglu-

stjóri, nema hann felli gjaldið niður, beiðast lögtaks hjá eiganda ökutækis, svo að eigandi ökutækis megi í fógetarétti færa fram varnir sínar. Skal þá lögtaksúrskurður, uppkveðinn og birtur fyrir skráðum eiganda ökutækis af stefnuvottum með venjulegum hætti um birtingu lögtaksúrskurða, sem ekki hafa almenna þýðingu.

2) Heimilt er lögreglustjóra að skrá hið álagða gjald á hina sérstöku skrá samkvæmt 8. gr. c á meðan mál bíður úrlausnar fógeta, en afmá skal skráninguna, ef fógeti synjar um lögtak.

11. gr.

Ef komið verður á sameiginlegri bifreiðaskráningu fyrir allt landið, getur dómsmálaráðherra falið Bifreiðaeftirliti ríkisins eða annarri stofnun að annast þau störf, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, önnur en upphaflega álagningu gjalds samkvæmt 2. gr.

12. gr.

Eigi má framkvæma aðalskoðun ökutækja eða umskráningu nema gjöld þau, sem á hafa verið lögð samkvæmt lögum þessum, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum, er skráð hafa verið á hina sérstöku skrá samkvæmt 8. gr. c hafi verið greidd. Gjaldanda er þó jafnan heimilt að inna greiðsluna af hendi með fyrirvara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af réttarfarsnefnd að ósk dómsmálaráðherra. Í réttarfarsnefnd eiga sæti: Björn Sveinbjörnsson hæstaréttardómari, Björn Fr. Björnsson fyrrv. sýslumaður, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari Vegna undirbúnings málsins fór Sigurgeir Jónsson til Noregs og Danmerkur og kynnti sér á vegum nefndarinnar reglur þær, sem gilda í þessum lögum um viðurlög við stöðumælabrotum og skyldum brotum.

Við athuganir þær, sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á meðferð dómsmála, hefur athyglin einkum beinst að þrem leiðum til að bæta og hraða meðferð dómsmála:

1. Breyta má réttarfarsreglum, sem á vissum sviðum eru of þunglamalegar og gefa ekki kost á eins hraðri málsmeðferð og æskilegt væri.
2. Breyta má venjum, sem skapast hafa við meðferð mála og valda drætti umfram það, sem réttarfarsreglur gera óhjákvæmilegt, t. d. óhæfilegar frestveitingar, sem dómarar ráða tæplega við, vegna forræðis málsaðila í einkamálum.
3. Minnka má starfsálag á dómstóla, sem er of mikið miðað við mannafla og starfsaðstöðu.

Eins og kunnugt er hefur ýmislegt verið gert að undanförnu til þess að bæta meðferð dómsmála. Má nefna reglurnar um áskorunarmál frá 1968, lög um rannsóknarlögreglu ríkisins frá 1976 og breytingar á meðferð opinberra mála frá 1973, 1974 og 1976. Þá hefur verið lagt fram frumvarp til lögréttulaga. Myndi það frumvarp og fylgifrumvörp þess, ef lögfest yrðu, snerta öll 3 ofangreind atriði.

Til að minnka álag á dómstóla koma einkum tvö úrræði til greina:

a) aukinn mannafli og bætt starfsaðstaða og
b) fækkun verkefna eða einföldun á þeim.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, beinist fyrst og fremst að hinu síðara.

Hin mikla fjölgun ökumanna og ökutækja á undanförnum áratugum hefur margfaldað fjölda opinberra mála svo sem alkunna er. Ýmislegt hefur verið gert til þess að létta einhverju af þessum mikla málafjölda af dómstólum, svo sem með

ákvæðum um lögreglusektir og lögreglustjórasektir. Þó eru mál þessi ennþá opinber mál, sem taka afar mikið af starfstíma lögregluyfirvalda og þeirra, sem fara með sakadómsmál. Einn er sá flokkur þessara mála, sem tæplega verður talinn eiga að varða refsingu, en það eru svokölluð stöðumælabrot og önnur brot á stöðureglum ökutækja. Þessi mál taka hinsvegar svo mikið af starfstíma lögregluyfirvalda og sakadómara (dómarafulltrúa), að til mikils væri að vinna, ef unnt væri að létta þeim störfum af þessum starfsmönnum til þess að þeir gætu betur sinnt öðrum málum.

Í Noregi og Danmörku sæta mál þessi ekki lengur venjulegri meðferð opinberra mála. Þau hafa verið „afkriminaliseruð“ og er nú farið með þau sem einkamál.

Í báðum þessum ríkjum eru ákveðin gjöld í bæjarsjóð eða ríkissjóð fyrir það að fara ekki eftir reglum um stöðu ökutækja (parkering) eða greiða ekki gjöld, þar sem greiðsluskylda er samkvæmt mæli. Gjöld þessi eru nokkuð há. Í Noregi eru þau 50 n.kr. fyrir að greiða ekki stöðugjöld samkvæmt mæli, sem hækka í 75 n.kr. ef ekki er greitt innan stutts frests og 100 n.kr. fyrir önnur brot á reglum um stöðu ökutækja. Í Danmörku eru þau 110 d.kr. fyrir öll þesskonar brot á reglum. Hér er um að ræða gjald, („gebyr“ eða „afgift“) en ekki sekt („bøte“ eða „böde“). Hafa ber í huga að norskar og danskar krónur eru 35—40 sinnum verðmætari en íslenzkar krónur. Í báðum löndunum er það eigandi ökutækis, sem raunverulega verður að greiða gjaldið, þó að ökumaður sé fyrst og fremst (primært) ábyrgur. Í Noregi fylgir lögveð í ökutæki, en í Danmörku lögtaksréttur hjá þeim, sem ábyrgir eru fyrir gjaldinu, þ. e. ökumaður og eigandi. Í báðum löndunum telja þeir, sem um þessi mál fjalla, að mikil bót hafi verið að núgildandi reglum. Gera þeir ekki mikið úr því aukna álagi, á uppboðsrétt og/eða fógetarétt, sem er afleiðing hinna breyttu reglna.

Til þess að reyna að fyrirbyggja það, að frumvarp þetta, ef lögfest verður, yrði til þess að flytja vandann frá einum dómstóli (sakadómi) til annars (fógetaréttar eða uppboðsréttar), er farin sú leið að láta gjöld þau, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, njóta bæði lögtaksréttar og lögveðs í ökutæki, en auk þess bætt við heimild til þess að skrá öll slík gjöld um leið og þau eru á lögð, á sérstaka skrá, tengda ökutækjaskrá. Skrá þessi yrði síðan notuð af innheimtumanni til þess að innheimta öll slík álögð gjöld árlega með öðrum gjöldum af ökutækjum, og fengist ekki skoðun eða umskráning vegna eigendaskipta eða flutnings, nema gjöldin væru greidd. Má búast við, að þessi aðferð yrði notuð í flestum tilvikum, og yrði innheimtan mjög einföld og kostnaðarlítil og gerði litlar kröfur til mannafla. Lögtaksheimildinni yrði aðallega beitt, þar sem vörnum væri haldið uppi, til þess að ökumaður eða eigandi ökutækis fengi tækifæri til þess að láta dómstól skera úr um réttmæti álagningar gjalds þessa. Er lögð skylda á lögreglustjóra að leita til fógetaréttar um lögtak, ef álagningu gjalds er mótmælt.

Nauðungarsölu samkvæmt lögveðsrétti yrði aðallega beitt, ef ekki þætti rétt að bíða allt að einu ári með innheimtu, t. d. ef mjög mikill fjöldi gjalda safnaðist á eitt ökutæki, einkum ef ökutækið væri komið til ára sinna eða lítils virði og búast mætti við, að eigandi skeytti ekki lögveðskröfum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að lögreglustjóri velji, hverri af innheimtuaðferðunum hann beiti. Myndi það væntanlega verða að nokkru eftir almennum reglum, sem settar yrðu með reglugerð, en sumpart að mati lögreglustjóra eftir fjölda álagðra gjalda á sama ökutæki, aldri og ástandi ökutækis, greiðslugetu eiganda og starfsálagi á embætti lögreglustjórans.

Í frumvarpinu eru ströng ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglustjóra og um birtingu tilkynninga. Tæplega ætti því að geta komið til þess, að gjald eða kostnaður falli á ökutæki samkvæmt reglum þeim, sem frumvarpið felur í sér, án vitundar eiganda og möguleika til þess að fá málið borið undir dómstóla.

Með þeim innheimtureglum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, má fullvíst telja, að meðferð mála þessara geti orðið svo einföld, að miklir starfskraftar losni til þýðingarmeiri starfa, bæði hjá lögreglu og dómstólum, einkum hjá þeim síðarnefndu.

Gert er ráð fyrir því, að gjöld samkvæmt 2. gr. þurfi að vera eitthvað í líkingu við það, sem er í Noregi og Danmörku, ef verulegur árangur á að nást í því að halda uppi settum reglum, létta störf dómstóla og gera meðferð mála þessara einfaldari.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni eru tæmandi talin þau atvik, sem lögin fjalla um. Jafnframt er tekið fram, að öll önnur brot, sem snerta stöðvun eða stöðu ökutækja, skuli sæta sömu meðferð og verið hefur. Einstakir töluliðir greinarinnar þykja ekki þurfa skýringar við, annað en það, að 1. töluliður fjallar um svokölluð stöðumælabrot, en aðrir töluliðir um aðrar tegundir rangrar stöðu ökutækja, sem ekki valda eða eru líklegar til að valda hættu í umferð.

Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér meginreglu frumvarpsins um gjald í ríkissjóð fyrir það að fara ekki eftir settum reglum um stöðu og stöðvun ökutækis. Kemur gjaldið í stað sektar og lýtur reglum einkamálaréttar. Sektir fara hins vegar eftir reglum refsiréttar, þ. m. t. vararefsing, varðhald eða fangelsi. Þegar gjald þetta er lagt á verður ekki um neitt gjald í sveitarsjóð að ræða.

Um 3. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar, annarrar en þeirrar, að gert er ráð fyrir, að svokallaðir stöðumælaverðir séu aðstoðarmenn lögreglustjóra við álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., en þeir hafa til þessa kært stöðumælabrot í Reykjavík. Menn þessir taka laun úr sveitarsjóði (borgarsjóði Reykjavíkur), enda eru verk þeirra fyrst og fremst fólgin í því að sjá um stöðumæla sveitarfélagsins, sem það fær öll gjöld af. Annað mál er það, að núgildandi stöðumælagjöld eru alltof lág. Til þess að gjaldskyldu í stöðumæla sé fullnægt, er einhverskonar réttarvarsla nauðsynleg, annaðhvort refsivarsla eins og verið hefur, eða sú tegund réttarvörslu, sem hér er lagt til, að beitt verði. Eðlilegt er að sveitarfélagið, sem tekjur hefur af stöðureitunum (stöðumælunum), leggi til starfskrafta að nokkru, svo sem verið hefur. Er það svipað og í Danmörku, en þó er talsvert meira lagt á sveitarfélögin þar.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eftir núgildandi reglum verður að upplýsa, hver var stjórnandi ökutækis, til þess að honum verði refsað fyrir þessi umferðarlagabrot. Hefur það oft valdið sönnunarerfiðleikum. Með reglum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er um að ræða óskipta ábyrgð ökumanns og skráðs eiganda á gjaldi samkvæmt 2. gr. Í raun verður það oftast eigandinn, sem greiðir, ef ökumaður gerir það ekki í upphafi, enda ökutækið að lögveði fyrir gjaldinu. Regla þessi er í samræmi við eigandaábyrgð á ökutæki vegna tjóns, sem valdið er með því, án tillits til sakar eiganda.

Um 7. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um þann rétt, sem gjöld samkvæmt 2. gr. hafa, lögtaksrétt og lögveðsrétt í ökutæki, og þarfnast ekki skýringa. Þá eru einnig í greininni ákvæði um tilkynningar um álagningu gjalda og um birtingu þeirra tilkynninga. Eins og áður greinir eru reglur þessar svo strangar, að ekki ætti til þess að geta komið, að ókunnugleiki eiganda valdi honum réttarspjöllum.

Um 8. gr.

Í greininni eru ákvæði um það, hvernig lögreglustjóri getur innheimt gjald samkvæmt 2. gr. og/eða látið skrá það á sérstaka skrá tengda ökutækjaskrá til þess að tryggja innheimtu samkvæmt 10. gr.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um þá tegund innheimtu, sem byggist á skráningu gjaldanna samkvæmt 9. gr., og er um það fjallað í hinum almennu athugasemdum.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um það, er eigandi ökutækis vill ekki sætta sig við álagningu gjalds samkv. 2. gr. Mótmæli eigandi, er lögð sú skylda á lögreglustjóra að beiðast lögtaks og fá úrskurð fógetaréttar um réttmæti álagningarinnar. Að sjálfsögðu kemur ekki til þessa, ef lögreglustjóri tekur mótmælin til greina og fellir gjaldið niður. Úrskurði fógetaréttar má skjóta til æðra dóms eftir almennum málskotsreglum.

Um 11. gr.

Greinin er sett til þess, að mögulegt verði án lagabreytingar, að sameina meðferð allra slíkra mála á einum stað, ef skilyrði verða til. Sú aðferð hefur gefist mjög vel í Danmörku. Skilyrði þeirrar sameiningar eru ekki fyrir hendi að óbreyttum íslenskum lögum.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega framhald 10. gr. og veitir heimild til að beita þeirri þvingun, sem nauðsynleg er til þess að innheimta meginhluta gjalda þessara með einföldum og kostnaðarlitlum hætti.

Um 13. gr.

Nokkurn undirbúning þarf til þess að gera þá breytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þykir því rétt að hafa nokkurra mánaða frest frá staðfestingu til gildisstöku.

Nd. 490. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Önnur mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 20%.
2. Viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga, er séu hin sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 25. apríl 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði söluskattslaga um viðurlög var síðast breytt með lögum nr. 10/1974. Viðurlög voru þá ákveðin svo sem hér segir:

1. 2% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%.
2. 1½% viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Dráttarvextir innlánsstofnana voru 1½% af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð þegar ofangreind ákvæði voru lögfest. Nú eru vextir þessir 3% og eru því vanskil á söluskatti orðin langódýrasti máti söluskattsskylds aðila til að verða sér úti um rekstrarfé.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 10/1960 um söluskatt skyldu 10% viðurlög leggjast á strax að eindaga loknum. Með lögum nr. 10/1974 voru þessi viðurlög gerð léttari fyrstu dagana eftir eindaga þannig að 2% bættust við á degi hverjum þar til 10% var náð. Að dómi flestra er við innheimtu söluskatts starfa var þetta nýmæli til bóta.

Sú breyting er almennt hefur orðið á vaxtakjörum í þjóðfélaginu hefur gert núgildandi viðurlagaákvæði úrelt. Sú hefur ætið verið stefna löggjafans að tryggja fljót og góð skil söluskatts og fela breytingar þær sem nú er lagt til að gerðar verði á viðurlagaákvæðum söluskattslaganna aðeins í sér hlutfallslega sömu hækkun og orðið hefur á vöxtum í landinu frá því núgildandi lög voru samþykkt.

Sþ. 491. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um sameiningu og eflingu útflutningsstarfsemi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna og orðið sammála um að leggja til að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar,** í því trausti að fram fari frekari athugun málsins.

Einn nefndarmanna, Gylfi Þ. Gíslason, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. apríl 1978.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Friðjón Þórðarson, fundaskr.	Tómas Árnason, frsm.
Guðmundur H. Garðarsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Gils Guðmundsson.

Sþ. 492. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Um langan tíma hafa staðið deilur hér á landi um hvort leyfð skuli framleiðsla og sala áfengs öls. Svo virðist sem flestir landsmenn hafi ákveðnar skoðanir þar á, enda þótt þar skiptist mjög í tvö horn.

Undirritaðir nefndarmenn í allsherjarnefnd geta fallist á að eftir atvikum sé eðlilegt og tímabært að þjóðin fái tækifæri til að tjá sig um afstöðu sína til þessa ágreiningsmáls í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við teljum málið þess eðlis, að kjósendum ætti að vera auðvelt að taka afstöðu, og því megi treysta, að sú afstaða verði tekin af ábyrgð og yfirvegun.

Því mælum við með samþykkt tillögunnar, með þeirri breytingu þó, að þátttakan verði bundin við þá, sem almennan kosningarrétt hafa.

BREYTINGARTILLAGA

Tillögugreinin hljóði svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram í sambandi við næstu alþingiskosningar þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls í landinu.

Þess skal getið, að Lárus Jónsson og Jón Skaftason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Ólafur G. Einarsson. Magnús T. Ólafsson.

Nd. 493. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en það gerir ráð fyrir að í lögum sé heimilað að framkvæma akturskeppni á vélknúnum ökutækjum.

Slík keppni er íþrótt, sem rutt hefur sér til rúms að undanförnu við vaxandi vinsældir. Eðlilegt er að hún sé undir eftirliti og háð við aðstæður sem stjórnvöld geta samþykkt.

Nefndin mælir með að í IV. kafla umferðarlaga komi ný grein og frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir.

Alþingi, 4. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Ingvar Gíslason, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

Páll Pétursson, með fyrirvara. Svava Jakobsdóttir, með fyrirvara. Sighvatur Björgvinsson.

Ingólfur Jónsson.

Nd. 494. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:
Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 495. Frumvarp til laga [206. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo:
Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 496. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 497. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til laga um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur rætt frumvarpið og er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1978.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Gunnlaugur Finnsson.
Ellert B. Schram.	Svava Jakobsdóttir.	Magnús T. Ólafsson.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Nd. 498. Frumvarp til laga [256. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Flm.: Ellert B. Schram, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein sem verði 12. gr. og hljóði svo:

Framangreind ákvæði um bann við fiskvinnslu erlendra aðila í íslenskri fiskveiðilögsögu skulu eigi standa í vegi fyrir því, að ríkisstjórninni sé heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, að semja um „leigu-kaup“

á stóru verksmiðjuskipi til vinnslu á kolmunna og öðrum sjávarafla. Skal í því tilviki heimilt að gera skipið út til vinnslu í íslenskri fiskveiðilögsögu eða íslenskum höfnum, enda þótt það sé skráð á nafn erlendra aðila, þar til nánar tiltekinn hluti kaupverðs er greiddur með þeim hætti að leigugreiðslur ganga að hluta til greiðslu kaupverðs.

Skipið verði skráð hér á landi, það verði mannað íslenskri áhöfn og svari rekstur þess hér til allra skatta og skyldna.

2. gr.

12. gr. núgildandi laga verði 13. gr.

3. gr.

13. gr. núgildandi laga verði 14. gr.

4. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

Greinargerð.

Íslenskir aðilar hafa að undanförnu kannað möguleika á kaupum og rekstri íslensks bræðsluskips, sem einkum yrði miðað við vinnslu kolmunna á miðum fjarri landi. Þá mundi skipið einnig sinna vinnslu á vetrarloðnu, eftir því sem ástand loðnustofnsins leyfir, og e. t. v. verða sent á fjarlæg mið hluta ársins.

Hugmyndin er að keypt verði flutningaskip, 36—40 þús. tonn að stærð, og því verði breytt í verksmiðju- og móðurskip. Í skipinu yrði ný og fullkomin fiskimjölsverksmiðja með 2000 tonna afköstum á sólarhring og jafnframt aðstaða til frystingar á loðnuhrognum o. fl. Þá yrðu um borð flokkunarvélar til flokkunar á kolmunna, en úrval úr aflanum yrði flutt í kælitönkum til vinnslu í hraðfrystihúsum í landi.

Gert er ráð fyrir að skipið fari ásamt flotvörpuskipum á vorin og fyrri hluta sumars austur fyrir land til kolmunnavinnslu í íslenskri og færeyskri fiskveiðilögsögu, eftir því sem heimildir leyfa.

Síðari hluta sumars héldi skipið síðan á kolmunnamiðin vestur af landinu og héldi sig þar fram eftir hausti.

Gert er ráð fyrir að skipið myndi fá a. m. k. 150 000 tonn af kolmunna til vinnslu á ári. Þá er gert ráð fyrir að skipið fylgi loðnuflotanum eftir á vetrarvertíð og taki til vinnslu um 60 000 tonn á ári, a. m. k. þegar veiðiþol loðnustofnsins leyfir.

Auk þess kemur til greina að senda skipið á fjarlæg mið í samvinnu við útgerðaraðila og yfirvöld í viðkomandi ríkjum á sama hátt og norska verksmiðjuskipið NORGLOBAL, sem notað hefur verið til bræðslu innan fiskveiðilögsögu nokkurra ríkja á síðustu árum.

Hugmyndin er að með því að staðsetja skipið á kolmunnamiðunum fjarri landi sé hægt að gera kolmunnaveiðar arðbærar fyrir íslenska skuttogaraflotann, þannig að þær veiðar stæðust fjárhagslega samanburð við veiðar á öðrum fiski.

Með flutningi úrvals úr kolmunnanum til vinnslu hjá vinnslustöðvum í landi mætti skapa þeim verkefni og þannig vinna upp það tjón, sem vinnslustöðvar hefðu af því, að togararnir hættu þorskveiðum.

Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra setji nánari skilyrði um vinnslu verksmiðjuskipsins, en aðalatriðið er að það væri íslenskt, með íslenskri áhöfn og nyti aðgangs að íslenskum sjávarauðlindum og aðstoðar íslensks veiðiflota.

Auðvelt virðist að fá slík skip hjá siglinga- og skipasmíðaþjóðum heims, sem nú skortir mjög verkefni fyrir flota sinn og skipasmíðastöðvar. Verð á notuðum skipum í góðu ásigkomulagi er lágt, og hafa erlendir aðilar sýnt mikinn áhuga á því að breyta slíku skipi í verksmiðjuskip og selja til þess allan búnað. Útreikningar benda til þess, að reksturinn gæti orðið mjög arðbær sökum langs árlegs vinnslutíma

og mikils vinnslumagns. Hér er hins vegar um að ræða fjárfestingu sem nemur 6—7 milljörðum króna, og virðist því erfitt fyrir íslenska aðila að ráðast í hana, m. a. sökum þeirra áhrifa sem það mundi hafa á gjaldeyrisstöðu landsins.

Nú er til athugunar, hvort hægt væri að fá verksmiðjuskipið á „leigukaupakjörum". Hefur þá seljandi eignarréttarfyrirvara í skipinu þar til nánar tiltekinn hluti kaupverðs er greiddur, en þá fara kaup formlega fram. Kosturinn við þessa fjármögnunaraðferð er sá, að ekki er þörf á sams konar tryggingum af hálfu kaupanda og ef um kaup á skipinu með venjulegum kjörum væri að ræða. Er þessi aðferð þekkt hér á landi í sambandi við kaup á farþegaþotum.

Nauðsynlegt er að breyta lögum nr. 33/1922 eins og að framan greinir, ef íslenskir aðilar eiga að geta eignast verksmiðjuskip á þann hátt, sem hér hefur verið lýst. Mundu þeir þá sjálfir standa ábyrgir gagnvart hinum erlendu aðilum án ábyrgða frá íslenskum stjórnvöldum eða bönkum.

Frumvarp þetta er flutt sökum þess, að það er skoðun flutningsmanna, að Íslendingum beri nauðsyn til þess að beina veiðum togaraflotans að kolmunnastofninum í talsvert ríkum mæli, en draga úr þorskveiðum sem því nemur. Kolmunnastofninn virðist mjög stór, en veiðarnar tæpast nægilega arðbærar fyrir minni skuttogarana sökum þess, hve fiskimiðin eru fjarri landi og burðargeta togaranna takmörkuð. Hins vegar eiga Íslendingar nú nokkur nótaveiðiskip með mikilli burðargetu, sem einnig gætu stundað veiðar á kolmunna með flotvörpu og gætu siglt með aflann til lands. Höfuðvandinn er hins vegar að finna ný og arðbær verkefni fyrir skuttogarana meðan þorskstofninn er að ná sér eftir ofveiði síðustu ára. Kaup á bræðsluskipi virðast í fljótu bragði geta leyst þann vanda.

Ed. 499. Frumvarp til laga [257. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

119. gr. laganna orðist svo:

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja þá framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka.

Við úthlutun uppbótarþingsæta koma þeir stjórnmálaflokkar til greina, sem hlotið hafa kjördæmiskjörinn mann eða fimm af hundraði eða meira af samanlögðum gildum atkvæðum í öllum kjördæmum.

Atkvæði, sem utanflokkalisti fær, gefur ekki möguleika á úthlutun uppbótarsæta.

Þingflokkur telst hver sá stjórnmálaflokkur, er hlýtur þingsæti samkvæmt reglum þessara laga.

2. gr.

1) Í stað orðsins „þingflokks" í 120. gr. laganna komi: flokks.
2) Í stað orðsins „þingflokki" í sömu lagagrein komi: flokki.

3. gr.

1. málsgr. 121. gr. laganna orðist svo:

Uppbótarþingsætum skal úthlutað samkvæmt hlutfallstölum, sem eru þannig fundnar, að deilt er í heildaratkvæðatölu hvers flokks, sem rétt á til uppbótarþingsætis, með 1, 2, 3 o. s. frv., að viðbættum fjölda þingmanna, sem flokkurinn kann að hafa fengið kosna í kjördæmum. Fellur þá fyrsta uppbótarþingsætið til þess flokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, uns 11 uppbótarþingsætum hefur verið úthlutað.

4. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 127. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar er talið upp, hverjir eigi sæti á Alþingi. Þar segir í d-lið: „11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar."

Í stjórnarskránni er hvergi skýring á því, hvað „þingflokkur" er. Þá skýrgreiningu er að finna í kosningalögum, og getur Alþingi breytt henni að vild með því að breyta því ákvæði.

Um þetta segir Einar Arnórsson í Réttarsögu Alþingis (bls. 603): „Stjórnskipulög láta ekki um það mælt í einstökum atriðum, hvernig fara skuli um skipun uppbótarþingsæta. Þau fela almenna löggjafanum að setja fyrirmæli um það í lögum um Alþingiskosningar. Almenna löggjafanum er því frjálst að skipa þeim málum svo sem honum þykir heppilegast innan þeirra markalína, sem sett eru í stjórnskipunarlögunum."

Ólafur Jóhannesson segir um sama atriði í Stjórnskipun Íslands (bls. 217): „Ennfremur úrskurðar landskjörstjórn hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta (119. gr. kosnl.). Þessa skýrgreiningu á þingflokki er aðeins að finna í kosningalögum. Stjórnarskrárgjafinn hefur ekki skýrt það, við hvað sé átt með þingflokki, heldur eftirlátið það almenna löggjafanum. Þessari skilgreiningu getur því almenni löggjafinn vafalaust breytt innan skynsamlegra takmarka. Almenni löggjafinn gæti því sennilega ákveðið að þingflokkur væri sá flokkur, sem annaðhvort hefði átt þingmann á síðasta þingi fyrir kosningar eða fengið mann kjörinn í kosningum."

Í umræðum um kosningalögin er jafnan bent á þann galla, að samkvæmt skýrgreiningu laganna á þingflokki geti komið fyrir, að flokkur fái 10—15% greiddra atkvæða án þess að fá kjördæmiskosinn þingmann og falli því út af þingi. Væri það í megnasta ósamræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um að flokkar skuli hafa „þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína".

Tvívegis hefur Alþýðuflokkurinn komist í þessa hættu. Í kosningunum 1953 fékk flokkurinn aðeins einn kjördæmiskjörinn þingmann. Ef það hefði ekki tekist, hefðu 15.6% allra greiddra atkvæða fallið dauð og áhrifalaus. Árið 1974 fékk flokkurinn aftur einn kjördæmiskjörinn þingmann, og var þá hætta á, að 9.1% atkvæða yrðu áhrifalaus.

Segja má að Einar Arnórsson bendi á þessa hættu, er hann segir í áðurnefndu riti (bls. 605): „Sá flokkur, sem hefur að vísu verið talinn stjórnmálaflokkur í kosningunum samkvæmt 28. gr. kosningalaganna, en hefur ekkert þingsæti fengið í kjördæmi, getur því ekki heldur fengið uppbótarsæti, jafnvel þótt samanlögð atkvæðatala hans út af fyrir sig gæti veitt honum rétt til þess. Í sjálfu sér sýnist það ekki hugsunarrangt, að slíkur flokkur gæti fengið uppbótarsæti. Hann er fulltrúi tiltekinnar landsmálastefnu, og kosningarnar hafa leitt í ljós, að stefnan hefur nægilegt kjósendafylgi til eins eða fleiri fulltrúa á þinginu. Ef landið allt væri eitt kjördæmi, þá mundi slíkur flokkur hafa fengið þingfulltrúa."

Efni frumvarps þessa er að fella niður það ákvæði kosningalaga, að flokkur verði að fá kjördæmiskjörinn þingmann til að teljast „þingflokkur" og koma til greina við úthlutun uppbótarsæta. Í stað þess er sett 5% mark og flokkum veittur réttur til uppbótarsæta ef þeir ná því, hvort sem þeir hafa kjördæmiskjörinn þingmann eða ekki.

Í mörgum nágrannalöndum gilda þær reglur, að flokkar fá alls enga fulltrúa á þing ef þeir ná ekki tilteknu hlutfalli atkvæða. Hér er ekki gengið svo langt. Samkvæmt þessu frumvarpi mundu flokkar auðvitað halda þeim þingmönnum, sem ná kjöri í kjördæmum, enda þótt hlutfallstala þeirra af atkvæðum sé innan við 5%. Uppbótarsæti fá þeir hins vegar ekki nema þeir nái því marki. Á sama hátt er flokkum tryggður réttur til uppbótarsæta, ef þeir fá 5% eða meir, þótt þeir hafi ekki fengið kjördæmiskjörinn þingmann.

Fylgiskjal.

ÚRSLIT ALÞINGISKOSNINGANNA 1974.

Atkvæðatölur.

Kjördæmi	A Alþfl. Atkvæði	þm.	B Framsfl. Atkvæði	þm.	D Sjálfstfl. Atkvæði	þm.	F Samtök f. og v. manna Atkvæði	þm.	G Alþbl. Atkvæði	þm.
Vesturland	771		2526	2	2374	2	246		1179	1
Vestfirðir	495		1432	2	1798	2	711	1	578	
Norðurl. v.	445		2027	2	1756	2	312		851	1
Austurland ..	195		2676	3	1344	1	491		1595	1
Reykjanes	2702		3682	1	9751	3	764		3747	1
Norðurl. e.	1098		4811	3	3661	2	772		1731	1
Suðurland	568		3213	2	4057	3	299		1369	1
Reykjavik	4071	1	8014	2	24023	7	1650		9874	2
	10345	1	28381	17	48764	22	5245	1	20924	8

Úthlutunartölur þingflokkanna eru þessar.

Alþýðuflokkur	Framsóknarflokkur	Sjálfstæðisflokkur	Samtök f. og v. manna	Alþýðubandalag
10 345	28 381	48 761	5 245	20 924
2 5 172 1/2	18 1 576 13/18	23 2 120 4/23	2 2 622 1/2	9 2 324 8/9
3 3 448 1/3		24 2 031 20/24	3 1 748 1/3	10 2 092 2/5
4 2 586 1/4		25 1 950 14/25		11 1 902 2/11
5 2 069		26 1 875 14/26		12 1 743 2/3
6 1 724 1/6				

Samkvæmt þessu hljóta eftirtaldir frambjóðendur uppbótarþingsæti þannig:

1. landskjörinn þingmaður Jón Ármann Héðinsson (A).
2. landskjörinn þingmaður Benedikt Gröndal (A).
3. landskjörinn þingmaður Magnús Torfi Ólafsson (Sfv).
4. landskjörinn þingmaður Eggert G. Þorsteinsson (A).
5. landskjörinn þingmaður Svava Jakobsdóttir (Ab).
6. landskjörinn þingmaður Guðmundur H. Garðarsson (S).
7. landskjörinn þingmaður Helgi F. Seljan (Ab).
8. landskjörinn þingmaður Sighvatur Björgvinsson (A).
9. landskjörinn þingmaður Sigurlaug Bjarnadóttir (S).
10. landskjörinn þingmaður Axel Jónsson (S).
11. landskjörinn þingmaður Geir Gunnarsson (Ab).

Fjórir þingflokkar hljóta uppbótarþingsæti samkvæmt 121. gr. laga um kosningar til Alþingis í þessari röð:

		Úthlutunartala
1.	landskjörinn þingmann Alþýðuflokkur	5172 1/2
2.	landskjörinn þingmann Alþýðuflokkur	3448 1/3
3.	landskjörinn þingmann Samtök frjálslyndra og vinstri manna	2622 1/2
4.	landskjörinn þingmann Alþýðuflokkur	2586 1/4
5.	landskjörinn þingmann Alþýðubandalag	2324 8/9
6.	landskjörinn þingmann Sjálfstæðisflokkur	2120 4/23
7.	landskjörinn þingmann Alþýðubandalag	2092 2/5
8.	landskjörinn þingmann Alþýðuflokkur	2069
9.	landskjörinn þingmann Sjálfstæðisflokkur	2031 20/24
10.	landskjörinn þingmann Sjálfstæðisflokkur	1950 14/25
11.	landskjörinn þingmann Alþýðubandalag	1902 2/11

Þegar frambjóðendum flokkanna hefur verið raðað á landskjörslista samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsgr. 122. gr. laganna eru listarnir á þessa leið:

	Alþýðuflokkur:	**Atkvæðatala**	**Hlutfall**
1.	Jón Ármann Héðinsson	2 702	(13.04)
2.	Benedikt Gröndal	(771)	10.87
3.	Eggert G. Þorsteinsson	2 035 1/2	(4.24)
4.	Sighvatur Björgvinsson	(495)	9.87
5.	Bragi Sigurjónsson	1 098	(9.06)
6.	Pétur Pétursson	(445)	8.25
7.	Jón Hauksson	568	(5.98)
8.	Erling Garðar Jónasson	(195)	3.09
	Sjálfstæðisflokkur:	**Atkvæðatala**	**Hlutfall**
1.	Guðmundur H. Garðarsson	3 002 7/8	(6.26)
2.	Sigurlaug Bjarnadóttir	(599 1/3)	11.95
3.	Axel Jónsson	2 437 3/4	(11.77)
4.	Ingiberg J. Hannesson	(791 1/3)	11.15
5.	Halldór Blöndal	1 220 1/3	(10.07)
6.	Sigríður Guðvarðardóttir	(584 1/3)	10.86
7.	Siggeir Björnsson	1 014 1/4	(10.67)
8.	Pétur Blöndal	(672)	10.66
	Samtök frjálslyndra og vinstri manna:	**Atkvæðatala**	**Hlutfall**
1.	Magnús Torfi Ólafsson	1 650	(3.44)
2.	Ólafur Ragnar Grímsson	(491)	7.79
3.	Kári Arnórsson	772	(6.37)
4.	Jón Baldvin Hannibalsson	(355 1/2)	7.09
5.	Halldór S. Magnússon	7.64	(3.69)
6.	Friðgeir Björnsson	(312)	5.79
7.	Arnór Karlsson	299	(3.15)
8.	Haraldur Henrýsson	(246)	3.47
	Alþýðubandalag:	**Atkvæðatala**	**Hlutfall**
1.	Svava Jakobsdóttir	3 291 1/3	(6.86)
2.	Helgi F. Seljan	(797 1/2)	12.66
3.	Geir Gunnarsson	1 873 1/2	(9.04)
4.	Kjartan Ólafsson	(578)	11.53
5.	Soffía Guðmundsdóttir	865 1/2	(7.14)
6.	Skúli Alexandersson	(589 1/2)	8.31
7.	Þór Vigfússon	684 1/2	(7.20)
8.	Hannes Baldvinsson	(425 1/2)	7.89

Sþ. 500. Fyrirspurnir. [258. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um fiskeldistöð ríkisins í Kollafirði og fisksjúkdómanefnd.

Frá Pétri Sigurðssyni og Sverri Hermannssyni.

1. Hversu miklu fé hefur verið varið árlega úr ríkissjóði til uppbyggingar fiskeldistöðvar ríkisins í Kollafirði, frá árinu 1960 til ársloka 1977?
2. Hve háum upphæðum nema styrkir erlendra aðila til vísindalegra rannsókna við Kollafjarðarstöðina, og hvenær voru þeir veittir? Hafa niðurstöður slíkra rannsókna verið birtar hér á landi?
3. Hvert er magn þeirra seiða og hrogna, sem selt hefur verið til útlanda, til hvaða landa hefur magn þetta farið og hvert hefur einingarverð (pr. 1000) fiska og hrogna verið? Hefur nokkurn tíma staðið á heilbrigðisvottorðum vegna þessa útflutnings?
4. Hefur fisksjúkdómanefnd á að skipa vísindamönnum og aðstöðu til vísindalegra rannsókna fisksjúkdóma? Lætur nefndin rannsaka reglulega efnainnihald vatns í eldisstöðvum hér á landi? Ef svo er, hvenær hófust þær rannsóknir og hvar hafa þær verið framkvæmdar?
5. Hvaða vísinda- og rannsóknastofnanir eru til hér á landi sem hafa þekkingu og aðstöðu til þeirra rannsókna sem um er getið í 4. tölulið?
6. Hvað líður rannsókn fisksjúkdómanefndar á því, hvort regnbogasilungur hér á landi hafi sýkst af smitandi nýrnaveiki?

II. Til iðnaðarráðherra um nýja stofnlínu til Skagastrandar.

Frá Ragnari Arnalds.

Hafa ráðstafanir verið gerðar til að auka raforkuflutning til Skagastrandar með lagningu nýrrar stofnlínu í sumar vegna væntanlegrar loðnubræðslu á staðnum?

Ed. 501. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um afnám Fiskimálaráðs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1978.

Steingrímur Hermannsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson, frsm.
Stefán Jónsson.	Jón G. Sólnes.	Jón Árm. Héðinsson.

Nd. **502. Frumvarp til laga** [259. mál]

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Á tímabilinu frá stefnubirtingu til dómsuppsögu í dómsmáli getur dómari, eftir kröfu aðila, ákveðið, að vextir af dómkröfu séu jafnháir innlánsvöxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slíkri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 eiga við um stefnanda eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefnandi skilaði ekki greinargerð.

2. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

Greinargerð.

Verðbólga, eins og sú sem geisað hefur hér á landi um allt of langan tíma, hefur margvíslegar afleiðingar. Verðskyn almennings brenglast, spákaupmennska grefur um sig og skuldakóngar blómstra. Í skjóli þessa sýkta ástands fer skuldamálum og málaferlum fjárhagslegs eðlis stöðugt fjölgandi. Mál hrannast upp hjá dómstólum landsins og dragast oft úr hófi. Kemur þar hvort tveggja til seinvirkt dómskerfi og hinn mikli fjöldi mála, sem dómstólar ná ekki að anna með eðlilegum hraða.

Þetta ástand hefur augljóslega leitt til þess, að skuldunautar ganga á lagið og sjá sér hag í því að skeyta ekki kröfum og neyða kröfuhafa til málssóknar. Meðferð mála fyrir dómstólum, vegna þess sem að ofan getur, gefur stefndum ákjósanlegan greiðslufrest. Verðmæti krafna rýrnar með hverjum mánuðinum sem líður, hvað þá þegar mál dragast svo árum skiptir, eins og mýmörg dæmi sanna. Þetta grefur undan trausti almennings á dómstólum og ýtir beinlínis undir þá freistingu að standa ekki í skilum og þæfa mál.

Það er háskalegt ástand, þegar svo er komið að menn telja árangurslítið og til fjárhagslegs skaða, að skuldamál eða fjárkröfur lendi í málaferlum.

Til þess að mæta þessum vanda, svo varanlegt verði, þarf auðvitað fyrst og fremst að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Það er löngu ljóst, þótt víðar sé litið. En meðan sú glíma gengur ekki betur en raun ber vitni og búast má við mikilli verðbólgu í fyrirsjáanlegri framtíð, er nauðsynlegt að gera dómstólum kleift að taka tillit til verðbólgunnar við uppkvaðningu dóma og að verðtryggja þær kröfur, sem orðið er við. Þetta frumvarp, sem hér er flutt, stefnir að því að gera dómstólum þetta mögulegt. Er gert ráð fyrir að vextir af dómkröfu séu jafnháir innlánsvöxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Áhrif þessarar breytingar verða margvísleg. Í fyrsta lagi mundi það tvímælalaust draga úr óþörfum málarekstri, sem nú er annars stofnað til, vegna gjaldfrests og verðrýrnunar á kröfum. Í öðru lagi mundi það tryggja þeim, sem eiga réttmætar kröfur, að verðgildi þeirra krafna verði í samræmi við þá verðlagsþróun, sem á sér stað meðan á málarekstri stendur. Og í þriðja lagi mundi það á ný treysta og auka virðingu fólks fyrir dómsstólum, en þau áhrif eru að sjálfsögðu mikilvægust í því lýðræðislega réttarríki, sem við Íslendingar viljum og verðum að varðveita.

Sþ. **503. Tillaga til þingsályktunar** [260. mál]

um ráðstafanir gegn útflutningsbanni.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum til, að Verkamannasamband Íslands dragi til baka samþykkt sína um bann við útskipun á varningi, sem ætlaður er til útflutnings. Beri sú tilraun ekki tilætlaðan árangur, ályktar Alþingi jafnframt að fela ríkisstjórninni að leggja fram frumvarp til laga, er banni verkföll og aðrar þær aðgerðir, er torvelda það að koma megi útflutningsafurðum landsmanna á erlenda markaði.

Greinargerð.

Ákvörðun sú, sem Verkamannasamband Íslands hefur tekið um bann við útskipun á öllum varningi, sem ætlaður er til útflutnings, hefur vakið ótta hjá fólki, og tel ég rétt, að ríkisstjórnin reyni til hins ítrasta að fá forustu Verkamannasambandsins til þess að draga til baka þessa samþykkt sína. Beri slík tilraun ekki árangur, tel ég óhjákvæmilegt, að gripið verði til aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir þá óánægju, sem risið hefur meðal launþega vegna samþykktar laga nr. 3 frá 17. febr. 1978, tel ég aðgerðir, sem forustumenn Verkamannasambandsins hafa nú boðað til, svo alvarlegar og stefna útflutningsverðmætum, vinnumarkaðinum og viðskiptasamböndum útflutningsaðila í svo mikla hættu, að ríkisstjórninni beri skylda til að grípa til þeirra einu aðgerða, sem eru á hennar valdi, svo að afstýra megi að tjón verði unnið, sem mundi valda efnahag þjóðarinnar áfalli, sem seint yrði að fullu bætt.

Þeir, sem berjast harðri baráttu gegn því þjóðskipulagi, sem við búum við, æsa nú launþega til uppþota, en almenningur gerir sér grein fyrir markmiðum þeirra, sem nota hvert tækifæri til að veikja það lýðræðisfyrirkomulag, sem íslenskt þjóðfélag byggist á, í von um að upp úr rústum ringulreiðar fái þeir tækifæri til þess að skapa sér valdaaðstöðu.

Til þess að koma í veg fyrir tilgang verkalýðsforustunnar verða ríkisstjórnin og Alþingi að beita því eina valdi, sem lög leyfa, og láta reyna á það, hvort landsmenn vilja fara að lögum eða ganga með opin augun inn í nýja tíma ófrelsis, sem stjórnað er frá skrifstofum verkalýðsfélaganna.

Ástæðan fyrir því, að ég flyt þessa þingsályktunartillögu, í stað þess að flytja frumvarp til laga, sem banni umræddar aðgerðir, er sú, að ég tel rétt að fyrst verði reynt að leiða forustumenn Verkamannasambandsins í þann sannleik, að þeir, með boðuðum aðgerðum sínum, eru að skaða málstað og stöðu umbjóðenda sinna og stefna þjóðarhag í voða. Þá tel ég líklegra til árangurs, að ríkisstjórnin leggi slíkt frumvarp fyrir Alþingi, en að þingmaður geri það.

Hver þingmaður hefur unnið eið að því að standa vörð um þjóðarhag, og er það von mín og trú, að hver og einn geri það með því að leggja sitt af mörkum til þess að koma í veg fyrir þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið af forustu Verkamannasambands Íslands.

Að lokum er rétt að geta þess, að enginn vissa er fyrir því, að meiri hluti félaga innan launþegasamtakanna standi að baki þeim aðgerðum, sem boðaðar hafa verið.

Nd. 504. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi handa Selfosskauptúni.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin sendi frv. til umsagnar til Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og sýslunefndar Árnessýslu.

Samband sunnlenskra sveitarfélaga tók ekki afstöðu til málsins.

Sýslunefnd Árnessýslu hélt aukafund um málið og lagði til að grundvallarbreytingar yrðu gerðar á frv. Hún mælir að vísu með að Selfosshreppur verði kaupstaður, en þó þannig, að Selfoss og Árnessýsla verði eitt lögsagnarumdæmi og að Selfoss eigi áfram aðild að sýslunefnd og sýslusjóði.

Félagsmálanefnd fékk ráðuneytisstjórann í félagsmálaráðuneytinu til fundar við sig, einkum til að ræða þar hugmyndir, sem fram komu af hálfu sýslunefndar Árnessýslu.

Undirritaður telur sér ekki fært, a. m. k. ekki að svo komnu máli, að gera hugmyndir sýslunefndar að sinni tillögu.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndinni bárust, orkar tvímælis, hvort annað stenst að óbreyttum lögum en að hver kaupstaður verði sjálfstætt lögsagnarumumdæmi.

Í annan stað skal á það bent, að verði Selfosshreppur gerður að kaupstað, heyra fjárreiður hans beint undir félagsmálaráðuneytið, en eigi að síður ætti kaupstaðurinn aðild að sýslusjóði Árnessýslu og sýslunefnd. Vakna þá spurningar um fjármálatengslin og lögsögu sýslunefndar, þar með talins fulltrúa kaupstaðarins, yfir fjárreiðum hreppanna í sýslunni. Hins vegar tel ég hugmyndina þess eðlis, að það beri að athuga hana vel og aðhæfa sveitarstjórnarlögum með breytingu á þeim.

Hvað frv. snertir eins og það liggur fyrir tel ég ekki tímabært að gera það að lögum. Það skal þó viðurkennt, að miðað við þá þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, þar sem fjöldi hreppa hefur hlotið kaupstaðarréttindi, má líta svo á að fjölmennasti hreppur landsins eigi á því nokkurn rétt að vera gerður að kaupstað. Ég tel þessa þróun mjög varhugaverða, þar sem hún hefur brotið niður það stjórnsýslukerfi, sem við höfum búið við í 100 ár. Ýmsar sýslur eru sem félagslegar einingar orðnar of litlar til að gegna því hlutverki, sem þeim bæri að gegna sem stjórnsýslueining. Ef óhindrað yrði haldið áfram á sömu braut, mundi þessum sýslum fjölga.

Ég lít einnig svo á, að félagslega séð gegni nokkuð öðru máli um Selfoss en t. d. nýju kaupstaðina í Reykjaneskjördæmi.

Selfosshreppur hefur dafnað sem sameiginlegur þjónustuhreppur fyrir hreppa Árnesssýslu og þangað flyttist engin ný þjónusta þrátt fyrir breytinguna. Selfoss hefur gegnt mikilvægu forustuhlutverki þegar litið er á Árnessýslu sem félagslega heild. Það orkar því tvímælis, hvort rétt er að rjúfa nú þessi tengsl á þann hátt sem verða mundi með samþykkt frumvarpsins nú.

Réttarstaða sveitarfélaganna í landinu er með tvennu móti. Samkvæmt hugmynd sýslunefndar Árnessýslu mundi skapast þriðja réttarstaða, sem næði til Selfosskaupstaðar eins. Sem áður segir tel ég þá hugmynd svo mikillar athygli verða, að það beri að samhæfa hana réttarstöðu annarra sveitarfélaga.

Að mínu mati verður ekki undan því vikist lengur að taka þessi mál til alvarlegrar endurskoðunar og að því stefnt að gera í raun réttarstöðu allra sveitarfélaga hina sömu.

Ég hreyfi ekki fleiri fyrir það, að Selfosshreppur njóti sömu réttinda og sveitarfélög af sambærilegri stærð, en tel málið ekki svo aðkallandi, að neinn héraðsbrestur verði þótt því verði frestað og þess freistað að ná samstöðu um nýtt heildarskipulag í þessum málum.

Fyrir því legg ég til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar,** enda stefni hún að því að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga, þar sem gert verði ráð fyrir samræmdri réttarstöðu allra sveitarfélaga í landinu.

Alþingi, 6. apríl 1978.

Gunnlaugur Finnsson,
form.

Nd. 505. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar — fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna — vill vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar. Ég legg hins vegar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1978.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 506. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt, nr. 10 1960.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar — fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna — vill vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar. Ég legg hins vegar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1978.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 507. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til laga um búnaðarfræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og mælir með að það verði samþykkt óbreytt. — Fjarverandi afgreiðslu málsins var Benedikt Gröndal.

Alþingi, 6. apríl 1978.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundarskr.	Ingólfur Jónsson.
Pálmi Jónsson.	Eðvarð Sigurðsson.	Friðjón Þórðarson.

Sþ. 508. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að á árinu 1979 verði hafist handa um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar og tryggt verði nægilegt fjármagn til framkvæmdanna.

Greinargerð.

Á Alþingi 1975 flutti Þorsteinn L. Þorsteinsson þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að hefjast handa um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar á árinu 1976. Tillagan fékk ekki afgreiðslu, og er nú endurflutt af enn brýnni þörf en áður.

Margar af þeim forsendum, sem þá var getið í tillögunni, eru enn í fullu gildi og aðrar komnar til sögunnar. Í fyrri greinargerð sagði m. a.:

„Fyrir atbeina fyrrverandi orkumálaráðherra var hafist handa um að nýta enn frekar en orðið var innlenda orku til húsahitunar og lagður grundvöllur að því markmiði. Á þeim svæðum, þar sem jarðvarmi var ekki fyrir hendi, þótti einsýnt að raforkan ein leysti þetta viðfangsefni. Þannig var m. a. ástatt á Austurlandi.

Austurland hefur lengi búið við vöntun á nægri raforku frá vatnsorkuverum og dísilorka verið notuð til að bæta þar úr brýnni þörf. Oft hafa vandamál skapast vegna raforkuskorts, en hann hefur stafað m. a. af mikilli aukningu orkunotkunar á svæðinu.

Á Austurlandi eru fjögur aðskilin veitusvæði. Meginsvæðið er frá Borgarfirði eystra til Lónsheiðar með Grímsár- og Lagarfossvirkjanir, en Vopnafjörður, Bakkafjörður og A.-Skaftafellssýsla eru aðskildar einingar.

Um það verður naumast deilt, að samtenging þessara svæða með einum eða öðrum hætti er brýnt nauðsynjamál.

Á veitusvæði A.-Skaftafellssýslu er eina vatnsaflsvirkjunin þar, Smyrlabjargaárvirkjun, nú þegar fullnýtt. Orkuframleiðsla með dísilvélum er þar nú töluverð, og verður því aukinni raforkuþörf komandi tíma aðeins mætt með dísilorku ef annað kemur ekki fljótlega til.

Þess má geta, að meðalaukning á notkun raforku í A.-Skaftafellssýslu hefur verið um 26% á s. l. 4 árum."

Tillagan er endurflutt í samráði við Þorstein og frá honum eru þessar viðbótarupplýsingar:

„Meðalaukning orkunotkunar á svæðinu hefur nokkuð hægt á sér frá því tillagan var flutt. Nú er rafvæðingu sveitanna í A.-Skaftafellssýslu lokið og aukning milli áranna 1976 og 1977 13.6%. Hlutur dísilvéla í heildarframleiðslunni eykst hröðum skrefum, þar sem Smyrlabjargaárvirkjun er löngu fullnýtt og aukningunni því aðeins mætt með vaxandi dísilvélanotkun að óbreyttum aðstæðum, og þar sem vélarafl í dísilstöðinni á Hornafirði er senn á þrotum, þarf nú þegar á þessu ári að bæta þar við vélakosti til að koma í veg fyrir að skapist vandræðaástand á næsta vetri. Núverandi afl dísilstöðvarinnar er 3290 kw.

Á árinu 1976 var heildarframleiðsla orku í A.-Skaftafellssýslu 14.5 Gwst. og framleiðsla með dísilvélum 28% af því. En á árinu 1977 var heildarframleiðslan 16.4 Gwst. og hlutur dísilvélaframleiðslunnar var þá orðinn 43%. Líka má geta þess, að olíunotkun í dísilstöðinni á s. l. ári var rúmar 2 milljónir lítra og með núverandi verðlagi á olíu er þarna um 78 millj. kr. kostnað að ræða.

Á þessari stundu eru rafvæðingarmál á Austurlandi í nokkurri óvissu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um virkjun Bessastaðaár og framkvæmdum við að-

flutningslínu milli Kröflu og Fljótsdalshéraðs hefur verið í tvísýnu stefnt vegna fjárvöntunar, þannig að ófremdarástand gæti skapast í fjórðungnum verði ekki séð til þess að ljúka þessari línubyggingu í haust.

Eins og fyrr segir er aukning á orkunotkun í A.-Skaftafellssýslu um 13% á ári og fyrirsjáanlegar stórframkvæmdir vegna stækkunar dísilstöðvarinnar á Hornafirði, ef ekki á að koma til ófremdarástands í sýslunni. Einnig er nú ríkjandi nokkurt óvissuástand varðandi framtíðarlausn á upphitun íbúðarhúsnæðis á staðnum, einkum á Höfn, og ljóst að stöðugt vaxandi notkun á rándýru innfluttu eldsneyti, hvort heldur er til húsakyndinga eða framleiðslu á raforku, er þjóðhagslega óhagkvæm. Takist að ljúka línubyggingunni milli Kröflu og Fljótsdalshéraðs á næsta ári er það ljóst, að taka verður ákvörðun um þessa línubyggingu sem fyrst og tryggja fjármagn til framkvæmdanna."

Lokaorð í fyrri greinargerð Þorsteins voru:

Margir þættir við uppbyggingu atvinnulífsins hér hafa kallað og kalla á aukna raforku. Má þar m. a. nefna ný frystihús á Hornafirði og Djúpavogi og heykögglaverksmiðju í Flatey á Mýrum, auk þess sem ýmsir möguleikar gætu skapast fyrir iðnað á svæðinu.

Það er því augljóst mál, að endurbætur á flutningskerfi orkunnar með samtengingu svæðisins eru aðkallandi til úrlausnar, bæði vegna vaxtar og viðgangs byggðarlaganna og um leið skapa þær öryggi fyrir íbúana.

Ed. 509. Frumvarp til laga [262. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Bonn 11. október 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi til þess að afla heimildar fyrir ríkisstjórnina til fullgildingar á samningi milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum svo og að veita ákvæðum samningsins lagagildi hér á landi.

Í júní 1976 hófust viðræður milli vestur-þýskra og íslenskra stjórnvalda um gerð tvíhliða samnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Viðræðunum lauk í

ágúst 1977 með því að gengið var frá samningi sem undirritaður var í Bonn 11. október 1977. Er þess vænst að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjunum hið allra fyrsta.

Aðstoð sú sem í samningnum felst er tvenns konar, annars vegar aðstoð við framkvæmd tollalaga almennt, þ. e. álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda svo og að haldnar séu reglur um inn- og útflutning, og hins vegar aðstoð til að koma í veg fyrir, rannsaka og upplýsa brot á tollalöggjöfinni. Samningurinn tekur til tolla og annarra opinberra gjalda sem ákvörðuð eru af tollyfirvöldum.

Vegna aukinna viðskipta milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands svo og samskipta þjóðanna telja tollyfirvöld landanna æskilegt að samvinna þeirra á milli verði bundin í tvíhliða samningi um gagnkvæma aðstoð á sviði tollamála, þar sem slíkur samningur muni leggja grundvöll að virkari aðgerðum tollyfirvalda á því sviði.

Samvinnu þessa verður að telja eðlilegt framhald þess samstarfs sem stofnað hefur verið til með ályktun Tollasamvinnuráðsins í Brussel frá 5. desember 1953 um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda til að koma í veg fyrir smygl. Ísland gerðist eins og kunnugt er aðili að Tollasamvinnuráðinu á árinu 1971 og aðili að fyrrnefndri ályktun frá 1. maí 1973.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands er byggður á hliðstæðum tvíhliða samningum milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og hinna Norðurlandanna að Danmörku undanskilinni, með vissum breytingum vegna íslenskra aðstæðna. Er samningur þessi fyrsti tvíhliða samningurinn um tollamál sem Ísland gerir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum

Lýðveldið Ísland
og
Sambandslýðveldið Þýskaland,

sem beita sér fyrir því, að tryggt sé, að tollar og önnur inn- og útflutningsgjöld séu rétt álögð og tollalöggjöf sé virt,

sem hafa hugfast, að brot á tollalöggjöfinni skaðar efnahagslega, fjármálalega og viðskiptalega hagsmuni þeirra,

sem eru þess fullviss, að framkvæmd tollalöggjafar og barátta gegn brotum á henni megi skipuleggja á árangursríkari hátt með samvinnu tollyfirvalda þeirra,

og með tilliti til tilmæla tollasamvinnuráðsins frá 5. desember 1953 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

VERTRAG
zwischen der Republik Island und der Bundesrepublik Deutschland über die gegenseitige Unterstützung in Zollangelegenheiten

Die Republik Island
und
die Bundesrepublik Deutschland,

in dem Bestreben, die genaue Erhebung der Zölle und sonstigen Ein- und Ausgangsabgaben sowie die Einhaltung der Zollgesetze sicherzustellen,

in der Erwägung, dass Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze ihren wirtschaftlichen, fiskalischen und kommerziellen Interessen schaden,

in der Überzeugung, das die Durchführung der Zollgesetze und die Bekämpfung von Zollzuwiderhandlungen durch die Zusammenarbeit ihrer Zollverwaltungen erfolgreicher gestaltet werden können, und

im Hinblick auf die Empfehlung des Rates für die Zusammenarbeit auf dem Gebiete des Zollwesens über gegenseitige Verwaltungshilfe vom 5. Dezember 1953,

sind wie folgt übereingekommen:

1. gr.
Skilgreiningar.

1) „Tollalöggjöf" táknar í samningi þessum þau lög og reglugerðir um inn-, út- og gegnumflutning, sem varða tolla og öll önnur gjöld, endurgreiðslu þeirra, bönn, takmarkanir og eftirlit að því er varðar vöruflutninga yfir landamæri.

2) „Tollstjórn" táknar í samningi þessum sambandstollstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands og tolladeild fjármálaráðuneytisins á Íslandi ásamt lægra settum tollyfirvöldum.

Artikel 1
Begriffsbestimmungen

1) „Zollgesetze" im Sinne dieses Vertrages sind die Rechts- und Verwaltungsvorschriften über die Ein-, Aus- und Durchfuhr, die sich auf Zölle oder alle sonstigen Abgaben oder Erstattungen oder auf Verbote, Beschränkungen und Kontrollen des grenzüberschreitenden Warenverkehrs beziehen.

2) „Zollverwaltungen" im Sinne dieses Vertrages sind in der Bundesrepublik Deutschland die Bundeszollverwaltung und in der Republik Island die Zollabteilung im Finanzministerium und die ihr unterstellten Zollbehörden.

2. gr.
Gildissvið.

1) Aðildarríki samnings þessa eru ásátt um að veita hvort öðru gagnkvæma aðstoð með fulltingi tollstjórna sinna í samræmi við ákvæði þessa samnings, til þess að tryggja álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda, að haldnar séu reglur um inn-, út- og gegnumflutning, og til þess að koma í veg fyrir, rannsaka og sækja til saka fyrir brot á tollalöggjöf sinni.

2) Innan ramma þessa samnings ber að veita aðstoð

a) í málum, er varða rannsókn, úrskurði og réttargögn í sambandi við tollflokkun, verðmætisákvörðun og önnur veigamikil atriði, sem snerta framkvæmd tollalöggjafar,

b) í málum, sem rísa vegna brota á tollalöggjöfinni, að svo miklu leyti, sem þau falla innan valdsviðs tollyfirvalda í landi því, sem til aðstoðar mælist.

3) Aðstoð innan ramma þessa samnings er veitt í samræmi við lög þess ríkis, sem tilmælum er beint til.

Artikel 2
Anwendungsbereich

1) Die Vertragstaaten kommen überein, sich gegenseitig nach Massgabe der Bestimmungen dieses Vertrages über ihre Zollverwaltungen Unterstützung zu leisten zur Sicherstellung der Erhebung der Zölle und sonstigen Ein- und Ausgangsabgaben, der Einhaltung der Vorschriften über die Ein-, Aus- und Durchfuhr sowie zur Verhinderung, Ermittlung und Verfolgung von Zuwiderhandlungen gegen ihre Zollgesetze.

2) Unterstützung im Rahmen dieses Vertrages ist zu leisten

a) in Ermittlungs-, Festsetzungs-, Rechtsbehelfs- und Rechtsmittelverfahren im Zusammenhang mit der Tarifierung, Bewertung und anderen für die Durchführung der Zollgesetze wesentlichen Merkmalen;

b) in Verfahren wegen Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze, soweit im ersuchenden Staat die Zollverwaltung dafür zuständig ist.

3) Unterstützung im Rahmen dieses Vertrages wird nach dem Recht des ersuchten Vertragstaates gewährt.

3. gr.
Vöruskrár.

Tollstjórnir í aðildarríkjum samningsins skulu skiptast á skrám um vörur þær, þar sem tollalöggjöfin hefur verið

Artikel 3
Listen von Waren

Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten tauschen Aufstellungen der Waren aus, von denen bekannt ist oder bei

brotin, eða grunur liggur á, að hún sé brotin við inn- eða útflutning.

4. gr.
Eftirlit með flutningatækjum, vörum og einstaklingum.

Tollstjórn annars aðildarríkisins, að fengnum tilmælum frá tollstjórn hins aðildarríkisins, skal innan valdsviðs síns, eins og frekast er unnt, hafa sérlega nákvæmt eftirlit með

a) land-, sjó- og loftflutningstækjum, sem grunur leikur á, að séu notuð við brot á tollalöggjöf hins aðildarríkisins,

b) grunsamlegum flutningi á ákveðnum vörum, sem tollstjórn þess aðildarríkis samningsins sem aðstoðar beiðist telur að notaðar séu til víðtæks smygls til hins sama ríkis,

c) stöðum, þar sem komið er fyrir óvenjulegum vörubirgðum, sem gefa ástæðu til að ætla, að séu ætlaðar til veruflutninga, sem ganga í berhögg við tollalöggjöf hins aðildarríkisins,

d) einstaklingum, sem þekktir eru fyrir, eða grunaðir eru um brot á tollalöggjöf hins aðildarríkisins.

5. gr.
Útgáfa vottorða.

Tollstjórnir aðildarríkjanna skulu, ef tilmæli berast, láta gagnkvæmt í té sérhver þau vottorð, sem staðfesta, að ákveðnar vörur, sem fluttar eru út frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis, hafi verið fluttar inn á yfirráðasvæði hins aðildarríkisins samkvæmt settum reglum, og greina, ef með þarf, frá tollmeðferð þeirri, sem vörurnar hafa fengið.

6. gr.
Veiting upplýsinga.

1) Tollstjórnir aðildarríkjanna skulu gagnkvæmt veita að fengnum tilmælum, einkum með sendingu á skýrslum, fund-

denen der Verdacht besteht, dass sie unter Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze ein- oder ausgeführt werden.

Artikel 4
Überwachung von Fahrzeugen, Waren und Personen

Die Zollverwaltung eines Vertragstaates überwacht auf Ersuchen der Zollverwaltung des anderen Vertragstaates, soweit ihr dies möglich ist, in ihrem Zuständigkeitsbereich besonders sorgfältig

a) die Land-, Wasser- und Luftfahrzeuge, bei denen der Verdacht besteht, dass sie zu Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze des anderen Vertragstaatens benutzt werden;

b) den verdächtigen Verkehr bestimmter Waren, die die ersuchende Zollverwaltung eines Vertragstaates als Gegenstand eines umfangreichen, mit ihm als Bestimmungsland betriebenen Schleichhandels bezeichnet;

c) die Orte, an denen ungewöhnliche Warenlager eingerichtet werden, die vermuten lassen, dass diese Lager dem Zwecke eines Warenverkehrs dienen, der gegen die Zollgesetze des anderen Vertragstaates verstösst;

d) die Personen, von denen bekannt ist oder bei denen der Verdacht besteht, dass sie Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze des anderen Vertragstaates begehen.

Artikel 5
Erteilung von Bescheinigungen

Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten erteilen sich gegenseitig auf Ersuchen jede Bescheinigung, durch die bestätigt wird, dass bestimmte Waren, die aus dem Hoheitsgebiet eines Vertragstaates ausgeführt werden, ordnungsgemäss in das Hoheitsgebiet des anderen Vertragstaates eingeführt worden sind, und in der gegebenenfalls das Zollverfahren angegeben wird, zu dem die Waren abgefertigt wurden.

Artikel 6
Erteilung von Auskünften

1) Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten erteilen sich gegenseitig auf Ersuchen — insbesondere durch Übersenden

argerðum og vottfestum afritum af skjölum, allar tiltækar upplýsingar

a) um atriði, sem stuðlað geta að því, að nákvæm álagning fáist á tollum og öðrum inn- og útflutningsgjöldum og að tollalöggjöf verði framfylgt,

b) um verknað unninn eða áformaðan, sem stríðir gegn, eða virðist stríða gegn tollalöggjöf þess aðildarríkis, sem aðstoðar beiðist.

2) Tollstjórnir aðildarríkjanna skulu einnig óbeðnar og svo skjótt sem auðið er veita gagnkvæmt allar upplýsingar um brot á tollalöggjöfinni, sem almennt er mikill áhugi fyrir, að barist sé gegn. Snertir þetta einkum þau tollalög aðildarríkis, sem ætlað er að hindra, rannsaka og kæra fyrir dómstólum smygl og ólöglega verslun með ávana- og fíkniefni, vopn, skotfæri og sprengiefni auk hátollavara á borð við áfengi og tóbaksvörur.

3) Tollstjórnir aðildarríkjanna geta í samráði fjölgað tegundum tilgreindra vara í 2. tl. og ákveðið, um hvaða einstaklinga, flutningstæki eða vörumagn beri að veita upplýsingar óumbeðið.

7. gr.
Rannsóknir.

1) Að fengnum tilmælum tollstjórnar annars aðildarríkis samningsins skal tollstjórn hins aðildarríkisins takast á hendur eftirlit, sannreynd eða rannsókn í málum, sem greinir í 2. tl. 2. greinar.

2) Niðurstöður eftirlitsins, sannreyndarinnar eða rannsóknarinnar skal láta í té þeirri tollstjórn, sem til aðstoðar mælist.

8. gr.
Þagnarskylda.

Fyrirspurnir, upplýsingar, tilkynningar og álitsgerðir auk annarra boða, sem berast til aðildarríkis samkvæmt þessum

von Berichten, Niederschriften oder beglaubigten Kopien von Schriftstücken — alle ihnen zur Verfügung stehenden Auskünfte

a) über Umstände, die geeignet sind, die genaue Erhebung der Zölle und sonstigen Ein- und Ausgangsabgaben sowie die Einhaltung der Zollgesetze sicherzustellen,

b) über festgestellte oder geplante Handlungen, die gegen die Zollgesetze des ersuchenden Vertragstaates verstossen oder zu verstossen scheinen.

2) Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten teilen einander auch unaufgefordert so schnell wie möglich alle Auskünfte hinsichtlich der Zuwiderhandlungen gegen die Zollgesetze mit, an deren Bekämpfung ein besonders starkes allgemeines Interesse besteht. Dies gilt insbesondere für die Zollgesetze eines Vertragstaates, die die Verhinderung, Ermittlung und Verfolgung des Schmuggels und illegalen Handels mit Suchtstoffen und psychotropen Stoffen, mit Waffen, Munition und Explosivstoffen sowie mit hochsteuerbaren Waren wie Alkohol und Tabakwaren zum Ziele haben.

3) Die Zollverwaltungen der Vertragstaaten können in gegenseitigem Einvernehmen den Warenkatalog in Absatz 2 erweitern und auch bestimmen, bei welchen Personen, Fahrzeugen oder Warenmengen die unaufgeforderten Auskünfte erteilt werden.

Artikel 7
Ermittlungen

1) Auf Ersuchen der Zollverwaltung eines Vertragstaates führt die Zollverwaltung des anderen Vertragstaates in Verfahren nach Artikel 2 Abs. 2 Überprüfungen, Feststellungen oder Ermittlungen durch.

2) Das Ergebnis der Überprüfungen, Feststellungen oder Ermittlungen wird der ersuchenden Zollverwaltung mitgeteilt.

Artikel 8
Pflicht zur Geheimhaltung

Anfragen, Auskünfte, Anzeigen und Gutachten sowie sonstige Mitteilungen, die nach diesem Vertrag einem Vertrag-

samningi, eru háð þagnarskyldu í samræmi við löggjöf þess ríkis.

staat zugehen, unterliegen der Geheimhaltungspflicht nach den gesetzlichen Vorschriften dieses Vertragstaates.

9. gr.
Undantekningar frá aðstoðarskyldu.

1) Telji tollstjórn sú, sem tilmælum er beint til, að það gæti skaðað sjálfstæði lands hennar, öryggi þess, raskað almanna-friði (ordre public) eða skaðað aðra veigamikla hagsmuni ríkisins, ef orðið væri við tilmælunum, getur umrætt ríki neitað að veita aðstoð, að einhverju leyti eða öllu, eða gert aðstoðina háða því, að ákveðnum skilyrðum eða kröfum verði fullnægt.

2) Setji tollstjórn fram beiðni um aðstoð, sem hún væri ekki fær um að veita gagnkvæmt, verður hún að vekja á því athygli í tilmælum sínum. Tollstjórn, sem tilmælunum er beint til, er þá í sjálfsvald sett, hvort hún verður við slíkum tilmælum.

Artikel 9
Ausnahmen von der Verpflichtung zur Unterstützung

1) Ist die ersuchte Zollverwaltung der Ansicht, dass die Erledigung des Ersuchens geeignet ist, die Souveränität, die Sicherheit, die öffentliche Ordnung (ordre public) oder andere wesentliche Interessen des ersuchten Vertragstaates zu beeinträchtigen, so kann sie die Unterstützung ganz oder teilweise verweigern oder von der Erfüllung bestimmter Bedingungen oder Auflagen abhängig machen.

2) Wird ein Ersuchen um Unterstützung gestellt und wäre die ersuchende Zollverwaltung im umgekehrten Falle nicht in der Lage, die begehrte Unterstützung zu leisten, so hat sie in dem Ersuchen darauf hinzuweisen. Der ersuchten Zollverwaltung steht es frei, einem derartigen Ersuchen zu entsprechen.

10. gr.
Form og innihald tilmæla um aðstoð.

1) Tilmæli skulu sett fram skriflega. Skjöl þau, sem nauðsynleg eru til að unnt sé að verða við tilmælum, þar með taldar reglugerðir eða úrskurðir þar til bærra yfirvalda, ber annaðhvort að senda í frumriti, samriti, staðfestu ljósriti eða staðfestu afriti.

2) Tilmælum í samræmi við 1. tl. verða að fylgja eftirfarandi upplýsingar:
a) frá hvaða yfirvöldum tilmælin eru,
b) hvaða málsmeðferð um er að ræða,
c) tilefni tilmæla og ástæða til þeirra,
d) nöfn og heimilisföng þeirra, sem málið varðar,
e) stutt lýsing á málinu með lögfræðilegri greinargerð.

3) Í brýnum málum má setja fram tilmælin munnlega eða í síma í fyrstu. Ber þá að senda skrifleg tilmæli tafarlaust.

Artikel 10
Form und Inhalt der Unterstützungsersuchen

1) Ersuchen sind schriftlich zu stellen. Die zu ihrer Durchführung erforderlichen Schriftstücke einschliesslich etwaiger ihnen zugrunde liegender Verfügungen oder Entscheidungen der zuständigen Behörden sind in Urschrift, Ausfertigung, beglaubigter Ablichtung oder beglaubigter Abschrift beizufügen.

2) Ersuchen nach Absatz 1 haben folgende Angaben zu enthalten:
a) die Behörde, von der das Ersuchen ausgeht,
b) die Art des Verfahrens,
c) den Gegenstand und den Grund des Ersuchens,
d) Namen und Anschriften der am Verfahren Beteiligten,
e) eine kurze Sachverhaltsdarstellung mit rechtlicher Würdigung.

3) In dringenden Fällen können Ersuchen zunächst auch mündlich oder fernmündlich gestellt werden. In einem solchen Fall bedarf es einer umgehenden Nachsendung des schriftlichen Ersuchens.

11. gr.
Miðlun og valdssvið.

Bréfaskipti skulu fara millilíðalaust milli tollstjórna. Æðstu yfirvöld tollamála aðildarríkjanna kveða nánar á um einstök atriði.

12. gr.
Meðferð tilmæla.

1) Þegar tilmæli eru tekin til meðferðar, gilda lög aðildarríkis þess, sem tilmælum er beint til. Tollstjórn, sem tilmælum er beint til, ber að sjá um stjórnsýslulegar og réttarfarslegar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru, til þess að orðið verði við tilmælunum. Tillögur frá tollstjórn, sem aðstoðar beiðist, um að beitt sé ákveðnum aðferðum, eða að fulltrúa þeirra sé leyft að vera viðstaddur þær aðgerðir, sem framkvæma skal, má taka til greina, enda sé ekki bann við slíku í löggjöf aðildarríkisins, sem tilmælunum er beint til.

2) Veita skal tollstjórn, sem aðstoðar beiðist, upplýsingar um tíma og stað þeirra aðgerða, sem af tilmælum leiðir, enda fari hún fram á það.

3) Sé ekki unnt að verða við tilmælum að fullu, skal án tafar greina tollstjórn, sem aðstoðar beiðist, frá því, svo og ástæðum fyrir því, ásamt málavöxtum, sem í ljós hafa komið og geta haft þýðingu fyrir áframhaldandi meðferð málsins.

13. gr.
Málsskjöl og önnur gögn.

1) Sendingar málsskjala og annarra skjala ber ekki að krefjast í frumriti, nema sending afrita (ljósrita) sé ekki fullnægjandi.

2) Málsskjölum, skjölum í frumriti og öðrum gögnum ber að skila aftur svo fljótt sem auðið er til tollstjórnar, sem tilmælum er beint til. Ekki hefur þetta áhrif á réttindi aðildarríkis þess, sem tilmælum er beint til, eða réttindi þriðja aðila.

Artikel 11
Geschäftsweg und Zuständigkeit

Der Schriftverkehr findet unmittelbar zwischen den Zollverwaltungen statt. Die obersten Zollbehörden der Vertragstaaten bestimmen die Einzelheiten.

Artikel 12
Erledigung der Ersuchen

1) Bei der Erledigung der Ersuchen ist das Recht des ersuchten Vertragstaates anzuwenden; die ersuchte Zollverwaltung hat die zur Durchführung der Ersuchen erforderlichen behördlichen oder gerichtlichen Massnahmen herbeizuführen. Dem Antrag der ersuchenden Zollverwaltung, in bestimmter Weise zu verfahren oder die Anwesenheit ihres Vertreters bei der vorzunehmenden Handlung zu gestatten, kann stattgegeben werden, sofern das Recht des ersuchten Vertragstaates dies nicht verbietet.

2) Die ersuchende Zollverwaltung ist auf ihr Verlangen von der Zeit und dem Ort der auf das Ersuchen vorzunehmenden Handlung zu benachrichtigen.

3) Soweit dem Ersuchen nicht voll entsprochen werden kann, ist die ersuchende Zollverwaltung hiervon unter Angabe der Gründe und der sonst bekanntgewordenen Umstände, die für die Weiterführung der Sache von Bedeutung sein könnten, unverzüglich zu benachrichtigen.

Artikle 13
Akten und andere Gegenstände

1) Die Übersendung von Akten und sonstigen Schriftstücken in Urschrift soll nur verlangt werden, wenn die Übersendung von Abschriften (Ablichtungen) nicht ausreicht.

2) Übersandte Akten, Schriftstücke in Urschrift und andere Gegenstände sind der ersuchten Zollverwaltung sobald wie möglich zurückzugeben; daran bestehende Rechte des ersuchten Vertragstaates oder Dritter bleiben unberührt.

14. gr.
Kostnaður.

Útgjöld, sem tollstjórn sem tilmælum er beint til verður fyrir, vegna meðferðar á tilmælum í samræmi við þennan samning, skulu ekki endurgreidd. Undanþegnar þessu eru greiðslur til vitna og sérfræðinga auk túlka og þýðenda, sem ekki eru í þjónustu ríkisins.

Artikel 14
Kosten

Aufwendungen, die der ersuchten Zollverwaltung bei der Erledigung eines Ersuchens nach diesem Vertrag entstehen, werden nicht erstattet mit Ausnahme von Entschädigungen für Zeugen und Sachverständige sowie für Dolmetscher und Übersetzer, die nicht im Staatsdienst stehen.

15. gr.
Birtingar.

1) Að fengnum tilmælum tollstjórnar í öðru aðildarríkinu skal tollstjórn hins aðildarríkisins, með hliðsjón af gildandi reglum í ríki því, sem tilmælum er beint til, birta þeim, sem málið varðar, allar tilkynningar og úrskurði stjórnvalda, sem varða beitingu tollalöggjafar eða láta til þess bær yfirvöld birta þau.

2) Í tilmælum um birtingu þarf ekki að gera grein fyrir máli skv. 2. tl. 10. gr.

3) Birting skjals er staðfest með kvittun frá móttakanda, þar sem dagsetning birtingarinnar er greind, eða með vottorði frá yfirvöldum þeim, sem tilmælum er beint til, um form og tímasetningu birtingarinnar.

Artikel 15
Zustellungen

1) Auf Ersuchen der Zollverwaltung eines Vertragstaates stellt die Zollverwaltung des anderen Vertragstaates den Betroffenen unter Beachtung der im ersuchten Staat geltenden Bestimmungen alle die Anwendung der Zollgesetze betreffenden Bescheide und Entscheidungen der Verwaltungsbehörden zu oder lässt sie durch die zuständigen Behörden zustellen.

2) In einem Zustellungsersuchen ist abweichend von Artikel 10 Abs. 2 keine Sachverhaltsdarstellung erforderlich.

3) Die Zustellung eines Schriftstückes wird durch eine mit der Angabe des Zustellungstages versehene Empfangsbestätigung des Empfängers oder durch eine Bescheinigung der ersuchten Behörde über die Form und die Zeit der Zustellung nachgewiesen.

16. gr.
Framkvæmd samningsins.

Æðsta stjórn tollamála hvors aðildarríkis setur innan valdsviðs síns í fullu samráði sín í milli framkvæmdareglur, sem nauðsynlegar eru til að samningi þessum verði beitt.

Artikel 16
Durchführung des Vertrages

Die obersten Zollbehörden der Vertragstaaten erlassen im Rahmen ihrer Zuständigkeit die zur Anwendung dieses Vertrages erforderlichen Durchführungsbestimmungen im gegenseitigen Einvernehmen.

17. gr.
Gildissvæði.

Samningur þessi skal einnig gilda fyrir landið Berlín, nema stjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands greini stjórn Lýðveldisins Íslands frá hinu gagnstæða innan þriggja mánaða frá gildistöku samningsins.

Artikel 17
Geltungsbereich

Dieser Vertrag gilt auch für das Land Berlin, sofern nicht die Regierung der Bundesrepublik Deutschland der Regierung der Republik Island innerhalb von drei Monaten nach Inkrafttreten des Vertrages eine gegenteilige Erklärung abgibt.

18. gr.

Staðfesting, gildistaka og uppsögn.

1) Samning þennan skal staðfesta. Skiptast skal á staðfestingarskjölum svo fljótt sem auðið er í Reykjavík.

2) Samningur þessi tekur gildi mánuði eftir að skiptst hefur verið á staðfestingarskjölum.

3) Samningi þessum má segja upp með minnst 6 mánaða uppsagnarfresti og fellur þá samningurinn úr gildi um næstu áramót.

GJÖRT í Bonn hinn 11. október 1977 í tveimur eintökum á íslensku og þýsku og teljast báðir textar jafngildir.

Artikel 18

Ratifikation, Inkrafttreten und Kündigung

1) Dieser Vertrag bedarf der Ratifikation; die Ratifikationsurkunden sollen so bald wie möglich in Reykjavik ausgetauscht werden.

2) Dieser Vertrag tritt einen Monat nach Austausch der Ratifikationsurkunden in Kraft.

3) Dieser Vertrag kann unter Einhaltung einer Frist von mindestens sechs Monaten zum Ende eines Kalenderjahres gekündigt werden; in diesem Fall tritt der Vertrag mit Ablauf dieses Kalenderjahres ausser Kraft.

GESCHEHEN zu Bonn am 11. Oktober 1977 in zwei Urschriften, jede in isländischer und deutscher Sprache, wobei jeder Wortlaut gleichermassen verbindlich ist.

Fyrir Lýðveldið Ísland
Für die Republik Island
Niels P. Sigurðsson.

Fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland
Für die Bundesrepublik Deutschland
Günther van Well.
Hans Hutter.

Nd. 510. Frumvarp til laga [263. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Ellert B. Schram, Jón Skaftason, Guðmundur H. Garðarsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa hlotið uppbótarþingsæti sem aðalmenn, skal fara þannig að: Fyrst skal gera flokknum landskjörslista, þannig að rita skal á lista í stafrófsröð nöfn allra frambjóðenda flokksins, er eigi hafa náð kosningu í kjördæmum. Því næst skal skrá við nafn hvers frambjóðanda þann atkvæðafjölda, er sæti því, sem hann skipar á framboðslistanum að kosningu lokinni, ber samkvæmt 109. gr. Þá skal raða þeim frambjóðendum, sem eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefur, verði efstur, sá, sem næsthæsta atkvæðatölu hefur, verði næstur o. s. frv.

Þeir, sem nú standa efstir á landskjörslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landskjörslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnast uppbótarsæti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Nú í allmörg ár hefur verið vakin rækileg athygli á því, að óhjákvæmilegt sé að taka til endurskoðunar kjördæmaskipan og kosningalög til þess að leiðrétta það mikla misvægi sem orðið hefur á atkvæðisrétti kjósenda eftir því í hvaða landshluta þeir búa.

Þessar ábendingar og kröfur hafa komið fram bæði innan og utan þings. Meiri hluti kjósenda getur ekki og vill ekki lengur við það una, að atkvæði þeirra vegi fjórfalt eða jafnvel fimmfalt léttara en annarra, eingöngu vegna búsetu. Á það er minnt, að allar breytingar, sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipan hér á landi, hafa verið til þess að halda sem mestu jafnvægi milli atkvæða annars vegar og fjölda þingmanna hins vegar. Þetta sjónarmið var meginröksemdin fyrir hinni róttæku breytingu sem gerð var á kjördæmaskipaninni hér 1959, sem við búum við enn þá.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá þessari breytingu, hafa orðið geysimiklir búferlaflutningar og breytingar á íbúafjölda frá einu byggðarlagi til annars.

Það hefur áreiðanlega ekki verið vilji þeirra, sem að breytingunum stóðu 1959, að sú kjördæmaskipan, sem þá var ákveðin, yrði óbreytt um aldur og ævi eða í skjóli hennar yrði fjórfaldur munur á atkvæðamagni að baki þingmanna.

Núverandi kjördæmaskipan er að þessu leyti afskræming á lýðræðinu og misbýður réttlætiskennd hins almenna kjósanda.

Allt frá árinu 1972 hefur setið að störfum þingkjörin stjórnarskrárnefnd. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var lýst yfir því, að stjórnarskrá og kjördæmaskipan yrði tekin til endurskoðunar. Þrátt fyrir þetta hvort tveggja bólar ekki enn á neinum tillögum.

Ekki er þó hægt að halda því fram, að skort hafi á þrýsting eða áhuga. Miklar umræður hafa staðið yfir nær látlaust mörg undanfarin ár. Samtök ungra manna úr þrem stjórnmálaflokkum hafa lagt fram athyglisverðar tillögur. Margoft hafa verið lagðar fram á Alþingi tillögur til þingsályktana, sem hvatt hafa til aðgerða í málinu. Á fyrsta þingdegi yfirstandandi þings urðu umræður um málið, þar sem forsætisráðherra gaf yfirlýsingu um að stofnað yrði til viðræðna allra þingflokka til að fjalla um hugsanlega samstöðu um breytingar á kjördæmaskipan eða kosningalögum. Einhverjar umræður munu hafa farið fram, en allt hefur komið fyrir ekki.

Nú þegar skammt er eftir af þinghaldi þykir sýnt, að ekki verða samþykktar breytingar á stjórnarskrá að því er varðar kjördæmaskipan. Þetta veldur stuðningsmönnum þessa frumvarps miklum vonbrigðum. Við höfum því gripið til þess ráðs, sem nú virðist eitt mögulegt, að leggja fram frv. sem felur í sér breytingu á kosningalögum. Breytingin er fólgin í því, að horfið verði frá þeirri reglu að úthluta uppbótarsætum eftir hlutfalli og að heimilt verði að fleiri en einn frambjóðandi hvers flokks geti hlotið landskjör í sama kjördæmi.

Frumvarpið er ekki sú allsherjarlausn, sem flutningsmenn telja nauðsynlega. En það er spor í þá átt og dregur að nokkru leyti úr því hróplega ranglæti sem nú ríkir.

Með þessu frumvarpi vilja flutningsmenn gera úrslitatilraun nú á síðustu stundu til að fá Alþingi til að gegna þeirri frumskyldu sinni að leiðrétta kosningalög til samræmis við lýðræðislegar leikreglur og tryggja meiri hluta kjósenda þann atkvæðisrétt sem þeim ber.

Athugasemd við 1. gr.

Svo sem sjá má eru hér gerðar tvær breytingar á núgildandi ákvæðum 122. gr. Hlutfallstala við útreikning uppbótarsæta er felld brott, og í öðru lagi er heimilað að fleiri en einn frambjóðandi hvers flokks geti hlotið landskjör í sama kjördæminu.

Áhrif þessara breytinga, miðað við kosningaúrslitin 1974, má glögglega sjá á yfirliti því, sem Hagstofa Íslands hefur gert og fer hér á eftir. Breytingar þessar munu ekki hafa áhrif á þingmannatölu flokkanna í þingkosningunum, heldur

einungis á það hvaða frambjóðendur verða uppbótarþingmenn hvers flokks. Ef ákvæðið hefði verið í lögum 1974 hefðu uppbótarþingmenn orðið 8 í Reykjavík, en voru 4, og 3 í Reykjaneskjördæmi, eða jafnmargir og nú. Önnur kjördæmi hefðu ekki hlotið uppbótarþingmenn. Þetta getur og mun að sjálfsögðu breytast að einhverju leyti eftir næstu kosningar þar sem íbúafjöldi hefur enn breyst verulega á kjörtímabilinu.

Með þessari aðferð er unnt að draga mjög úr misvægi frá því sem það var 1974 milli hinna ýmsu kjördæma, að því er gildi atkvæðisins varðar, og fá út hlutfall, sem er almennt nálægt því að vera 1:2.5. Til glöggvunar er hér birt tafla miðað við kosningatölur 1974, ef farið hefði verið eftir þeirri reglu sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Kjósendafjöldi að baki hverjum þingmanni hefði þá orðið þessi:

Reykjanes	2 876
Reykjavík	2 653
Vesturland	1 567
Vestfirðir	1 119
Norðurland vestra	1 205
Norðurland eystra	2 235
Austurland	1 360
Suðurland	1 775

Ed. 511. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [264. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Oddur Ólafsson.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum þar af:

a) 30 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 6 fimm manna kjördæmum:
Suðvesturlandskjördæmi: Garðakaupstaður, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Kjósarsýsla.
Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
Reykjaneskjördæmi: Hafnarfjörður, Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður.

b) 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í tveim 6 manna kjördæmum:
Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

c) 14 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.

d) 4 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti, í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu við almennar kosningar.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þingmenn og landskjörna, vera svo margir sem til endist á listanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Greinargerð.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði, eru eftirfarandi:

1. Kjördæmum verði fjölgað úr átta í níu.
2. Kjördæmakosnum þingmönnum verði fjölgað úr 49 í 56.
3. Landskjörnum þingmönnum verði fækkað úr 11 í 4.
   Heildartala þingmanna verði óbreytt.
4. Reykjaneskjördæmi núverandi verði skipt í Reykjaneskjördæmi: Hafnarfjörður, Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður og Keflavík, og
5. nýtt kjördæmi: Suðurvesturlandskjördæmi: Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Kjósarsýsla. Hvort þessara kjördæma hafi 5 kjördæmakosna þingmenn.
6. Kjördæmakosnum þingmönnum í Reykjavík verði fjölgað úr 12 í 14.

Íbúafjöldi kjördæma er eftirfarandi, tölur í svigum sýna íbúafjölda á bak við hvern þingmann: a) kjördæmakosna þingmenn, b) eftir að uppbótarsætum hefur verið úthlutað:

Vesturlandskjördæmi	14077	(a) 2815	b) 2346)
Vestfjarðakjördæmi	10187	(a) 2037	b) 1455)
Norðurlandskjördæmi vestra	10304	(a) 2060	b) 2060)
Norðurlandskjördæmi eystra	24749	(a) 4125	b) 4125)
Austurlandskjördæmi	12083	(a) 2417	b) 2014)
Suðurlandskjördæmi	19185	(a) 3197	b) 3197)
Reykjaneskjördæmi	47433	(a) 9487	b) 5929)
Reykjavík	83685	(a) 6974	b) 5218)

Mundi sennilega verða:

Vesturlandskjördæmi	14077	(a) 2815	b) 2815)
Vestfjarðakjördæmi	10187	(a) 2037	b) 2037)
Norðurlandskjördæmi vestra	10304	(a) 2060	b) 2060)
Norðurlandskjördæmi eystra	24749	(a) 4125	b) 4125)
Austurlandskjördæmi	12083	(a) 2417	b) 2417)
Suðurlandskjördæmi	19185	(a) 3197	b) 3197)
Suðvesturlandskjördæmi	23052	(a) 4610	b) 4610)
Reykjaneskjördæmi	24350	(a) 4870	b) 4870)
Reykjavík	83685	(a) 5977	b) 4649)

Ed. 512. Frumvarp til laga [265. mál]

um breyting á lögum nr. 12 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að taka leigu eftir sorpílát, sem sveitarstjórn leggur húseigendum til. Leigugjald skal ákveða í reglugerð og er gjaldið tryggt með lögveðsrétti í húseign leigutaka í tvö ár eftir gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fasteignaskattur skv. II. kafla laga nr. 8/1972 er tryggður með lögveði í eign. Í mörgum sveitarfélögum landsins er skatturinn innheimtur sameiginlega með öðrum fasteignagjöldum. Í Reykjavík eru t. d. innheimt með fasteignaskatti eftirtalin gjöld: Vatnsskattur skv. l. nr. 93/1947, brunabótagjald skv. l. nr. 25/1954, lóðarleiga skv. l. nr. 86/1943, tunnuleiga skv. l. nr. 12/1969 og viðlagatryggingargjald skv. l. nr. 52/1975. Vegna hinnar sameiginlegu innheimtu er nauðsynlegt að samræma innheimtureglur framangreindra laga og setja ótvíræð ákvæði um lögveðsrétt. Hefur verið dregið í efa að innheimtuákvæði laga nr. 12/1969 væru nógu skýr að þessu leyti og er því frumvarp þetta flutt til þess að taka af allan vafa í því efni.

Frumvarpið er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur.

Ed. 513. Frumvarp til laga [266. mál]

um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943 um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir þessar lóðir skal tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsrétti fyrir öðrum veðskuldum. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 95 24. des. 1971.

Greinargerð.

Fasteignaskattur skv. II. kafla l. nr. 8/1972 er tryggður með lögveði í eign. Í mörgum sveitarfélögum landsins er skatturinn innheimtur sameiginlega með öðrum fasteignagjöldum. Í Reykjavík eru t. d. innheimt með fasteignaskatti eftirtalin gjöld: Vatnsskattur skv. l. nr. 93/1947, brunabótagjald skv. l.nr. 25/1954, lóðarleiga skv. l. nr. 86/1943, tunnuleiga skv. l. nr. 12/1969 og viðlagatryggingargjald skv. l. nr. 52/1975. Vegna hinnar sameiginlegu innheimtu er nauðsynlegt að samræma inn-

heimtureglur framangreindra laga og setja ótvíræð ákvæði um lögveðsrétt. Hefur verið dregið í efa að innheimtuákvæði laga nr. 86/1973 væru nógu skýr að þessu leyti og er því frumvarp þetta flutt til þess að taka af allan vafa í því efni.

Frumvarpið er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur.

Nd. 514. Frumvarp til laga [267. mál]

um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Gils Guðmundsson, Jón Skaftason, Benedikt Gröndal, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

1. gr. 2. mgr. A-liður laganna orðist svo:

A. Pkt. 1. „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar.
— 2. Hnit X 24.254,20, Y 10.562,96.
— 3. Hnit X 24.254,20, Y 10 602,04.
— 4. Hnit X 24.243,90, Y 10.602,04.
— 5. Hnit X 24.243,90, Y 10.660,00.
— 6. Hnit X 24.206,30, Y 10.660,00.
— 7. Hnit X 24.206,30, Y 10.650,00.
— 8. Hnit X 24.175,77, Y 10.586,50.
— 9. Hnit X 24.055,00, Y 10.625,00.
— 10. Hnit X 23.955,00, Y 10.965,00.
— 11. Varða við Reykjavíkurveg, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins í Engidal.
— 12. Hnit X 22.208,19, Y 10.852,62 (varða á Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti).
— 13. Hnit X 22.094,89, Y 10.079,01 (steyptur stöpull í hraunjaðrinum milli Kaplakrika og Stórakróks).
— 14. Hnit X 22.110,63, Y 9.534,19 (steyptur stöpull efst á Setbergshamri).
— 15. Hnit X 21.657,44, Y 8.850,84 (steyptur stöpull efst á Fjárhúsholti).
— 16. Hnit X 21.590,11, Y 8.417,44 (steyptur stöpull á Norðlingahálsi, norðan vegar).
— 17. Hnit X 21.903,84, Y 7.972,13 (steyptur stöpull við gömlu landamerkjalínuna í Moshlíð, um 250 m sunnan Elliðavatnsvegar).
— 18. Lækjarbotnar.
— 19. Gráhella.
— 20. Miður Ketshellir, þá eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í
— 21. Kaplatór (Strandatorfur).
— 22. Hnit X 686.237,81, Y 392.971,53 (Markraki í Dauðadölum).
— 23. Hnit ca. X 692.830, Y 392.030 (Melrakkagil í Undirhlíðum).
— 24. Hnit 696.942,32, Y 392.328,03 (varða á Markhelluhól).
— 25. Hraunkrossstapi.
— 26. Miðkrossstapi.
— 27. Hólbrunnshæð.
— 28. Stóri-Grænhóll.
— 29. Skógarhóll.
— 30. Markaklettur við Hraunsnes.

Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951, nema hnit í pkt. 22 (Markraki), pkt. 23 (Melrakkagil) og pkt. 24 (Markhelluhóll), sem eru samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvarpi.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 110 31. desember 1974, um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði um kjörskrár í V. kafla laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, skulu þeir íbúar Garðakaupstaðar, sem með lögum þessum flytjast í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, teknir á kjörskrá Hafnarfjarðar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjóranna í Hafnarfirði og Garðakaupstað. Um ástæður til flutnings frumvarpsins vísast til bréfa frá þessum aðilum, sem birt eru hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal.

HAFNARFJARÐARBÆR
Bæjarstjóri

Hafnarfirði, 3. apríl 1978.

Á undanförnum árum hafa fulltrúar Garðabæjar og Hafnarfjarðar rætt breytingar á lögsagnarumdæmismörkum bæjarfélaganna. Fyrir milligöngu skipulagsstjóra ríkisins, Zóphóníasar Pálssonar, og að hans tillögu hafa sveitarstjórnirnar gert með sér samning, fskj. nr. 1, sbr. samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá 17. nóv. 1977, fskj. nr. 2, og samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 22. nóv. s. l., fskj. nr. 3, um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum sveitarfélaganna, sbr. og uppdrátt, fskj. nr. 4, sem sýnir hin nýju mörk sveitarfélaganna milli Engidals og Lækjarbotna eins og sveitarstjórnirnar hafa komið sér saman um að þau verði.

Lengi hafði ríkt óvissa um suðurmörk Hafnarfjarðar milli Dauðadala um Melrakkagil í Undirhlíðum og Markhelluhóls.

Að tilhlutan landbúnaðarráðuneytisins kvað landamerkjadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar upp dóm þann 6. nóv. 1971 í málinu nr. 329/1964: Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað. Í dómi þessum, fskj. nr. 5, eru suðurmörk Hafnarfjarðar ákvörðuð bein lína frá punkti D á meðfylgjandi uppdrætti, fskj. nr. 6, hnit X = 686.237.81, Y = 392.971.53, í punktinn M, hnit ca. Z = 692.830, Y = 392.030 og fylgja mörkin þaðan markalínu Krýsuvíkur að Markhelluhóli, hnit X = 696.942.32, Y = 392.328.03.

Ofannefnd hnit eru samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvarpi.

Er þess nú vinsamlegast óskað, herra alþingismaður, að þér beitið yður fyrir því á Alþingi, að lögunum um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar verði breytt til

samræmis við framangreint samkomulag milli bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar og einnig í samræmi við áminnstan landamerkjadóm.

Hjálagt læt ég fylgja drög að frumvarpi til laga, sem fela í sér umbeðna breytingu.

Virðingarfyllst,

Kristinn Ó. Guðmundsson, bæjarstjóri.

Samþykkt að því er tekur til lögsagnarmarka Garðabæjar.

Garðabær, 4. apríl 1978.

Bæjarstjórinn í Görðum.

Garðar Sigurgeirsson.

Fjármálaráðherra
Matthías Á. Mathiesen,
Alþingi,
Reykjavík.

Fskj. nr. 1.

Samningur milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Þessi tvö sveitarfélög gera með sér eftirfarandi samning um að breyta lögsagnarmörkum sínum eins og sýnt er á uppdrætti skipulagsstjóra í mkv. 1:10.000, dags í nóv. 1977.

1. Spilda A, sem er um 109 ha, fer í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, en spilda B, sem er um 33 ha, fer í lögsagnarumdæmi Garðabæjar.
2. Eignaraðild lands breytist ekki við þessa breytingu á lögsagnarmörkum, nema hvað Garðabær skal fá afsal fyrir spildu B. Þeir, sem hafa tímabundinn afnotarétt af löndum í spildunni, skulu halda rétti sínum þrátt fyrir afsalið.
3. Nánari skilgreining og útmæling á mörkum verður gerð síðar, af trúnaðarmanni sem sveitarstjórnirnar koma sér saman um að fela það starf.
4. Hafnarfjarðarbær fellst á að heimila Garðabæ að tengja tímabundið holræsi frá væntanlegri byggð í reit B í holræsakerfi Hafnarfjarðar eftir nánara samkomulagi. Þá er Hafnarfjarðarbær fús til að láta væntanlegum húsum á sama svæði í té vatn eftir nánara samkomulagi. Enn fremur heimilar Hafnarfjörður Garðabæ að leggja þann vegarkafla, sem á kynni að vanta til að tengja svæði B við vegakerfi Hafnarfjarðar.
5. Sveitarfélögin eru sammála um að stefna að því, að reitur B og spildan milli B og Keflavíkurvegarins verði aðallega ætluð undir iðnað og verslanir í tengslum við viðkomandi iðnaðarstarfsemi.

   Skal höfð samvinna milli sveitarfélaganna um skipulag þessa svæðis í stórum dráttum, og sömuleiðis varðandi áfangaskipti uppbyggingarinnar.
6. Vegur sá, sem kemur til með að tengja reit B og spilduna milli B og Keflavíkurvegarins, skal lagður strax og efri Reykjanesbraut kemst í notkun.
7. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur þegar gefið dvalarheimilinu DAS fyrirheit um viðbótarlóð, eftir því sem þörf krefur og eftir nánara samkomulagi, sem leggist undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar þegar DAS óskar.

8. Breytingarnar taka ekki gildi fyrr en báðar sveitarstjórnir hafa samþykkt samkomulagið og breytingarnar hafa verið samþykktar sem lög á Alþingi.
9. Verði ágreiningur um einhver atriði er snerta skipulagið eða túlkun þessa samnings, sker Skipulagsstjórn ríkisins úr.

mars 1978.

F. h. Garðabæjar
Garðar Sigurgeirsson, bæjarstjóri.

F. h. Hafnarfjarðarbæjar
Kristinn Ó. Guðmundsson, bæjarstjóri.

Fskj. nr. 2.

BÆJARSTJÓRINN Í GÖRÐUM

Skipulagsstjóri ríkisins
hr. Zóphónías Pálsson
Borgartúni 7
105 Reykjavík.

Garðabæ, 21. nóv. 1977.

Efni: **Tillaga yðar dags. 15. nóv. 1977 um breytingar á lögsagnarumdæmismörkum Garða og Hafnarfjarðar.**

Bréf yðar, dags. 15. þ. m., ásamt samkomulagsdrögum og uppdrætti yðar dags. 13. þ. m. (í mælikvarða 1:10 000) voru til umræðu á fundi bæjarstjórnarinnar í Görðum 17. þ. m.

Tillögur yðar voru samþykktar af bæjarstjórn fyrir hennar leyti og fól hún forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra að ræða framgang málsins við Hafnfirðinga og landeigendur.

Virðingarfyllst,
f. h. Bæjarstjórnarinnar í Görðum

Bæjarstjórinn í Görðum
Garðar Sigurgeirsson.

Fskj. nr. 3.

BÆJARRITARINN Í HAFNARFIRÐI

25. nóv. 1977.


Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 22. þ. m. var tillaga yðar, dags. 13. nóv. 1977, ásamt samkomulagsdrögum, dags. 15. nóv. 1977, um breytingar á lögsagnarumdæmismörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar samþykkt, þó þannig að við afsal á spildu B til Garðabæjar, skv. lið 2 í drögunum, skal tekið fram að þeir, sem hafa tímabundinn afnotarétt af löndum í spildunni, skuli halda sínum rétti þrátt fyrir afsalið.


Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Guðbjörn Ólafsson.

Skipulagsstjóri ríkisins,
hr. Zóphónías Pálsson,
Borgartúni 7,
Reykjavík.

Fskj. nr. 4.


B


GARÐABÆR, HAFNARFJÖRÐUR
1:10000
BREYTINGAR Á
LÖGSAGNARMÖRKUM
Sjálda A — ca 109 ha. fer í Hafnarfjörð
Sjálda B — ca 33 ha. fer í Garðabæ

Fskj. nr. 5.

Endurrit dóms landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964:

Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað.

Ár 1971, þriðjudaginn 14. desember, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964:

Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað, kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR

.....

Niðurstaða dómsins er því þessi: Norðurmörk Krísuvíkurlands eru þessi: Bein lína frá vörðu á Markhelluhól, hnit X = 696.942,32, Y = 392.328,03, um punktinn M á meðfylgjandi uppdrætti, hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030, að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.

Suðurmörk Hafnarfjarðar eru þessi: Bein lína frá punkti D á meðfylgjandi uppdrætti, hnit X = 686.237,81, Y = 392.971,53, í punktinn M á meðfylgjandi uppdrætti, hnit ca. X = 692.830, Y 392.030, og fylgja mörkin þaðan markalínu Krísuvíkur samkvæmt framanrituðu að Krísuvíkurvegi.

Framangreindar merkjalínur og punkta M og D hefur K. Haukur Pétursson, mælingaverkfræðingur, að tilhlutan dómsins, sett út í uppdráttinn af landinu og er sá uppdráttur hluti af dómi þessum.

Eftir öllum atvikum er rétt, samkvæmt 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður, en kostnað, sem dómurinn hefur lagt út vegna málsins fyrir kortagerð og fleira, samtals kr. 66.143,00, skuli aðilar greiða þannig, að jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu greiði hvor um sig fjórðung og Hafnarfjarðarkaupstaður helming.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af því, hversu umfangsmikið það hefur verið.

Dóm þennan kváðu upp Jón Thors, setudómari, og meðdómsmennirnir Guðmundur Jónsson, borgardómari, og Zóphónías Pálsson, skipulagsstjóri.

Dómsorð:

Norðurmörk jarðarinnar Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi skulu vera þessi: Bein lína frá vörðu á Markhelluhól, hnit samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvarpi X = 696.942,32, Y= 392.328,03, um punktinn M á uppdrætti af landinu, sem fylgir dóminum, hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030, að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.

Suðurmörk lands Hafnarfjarðarkaupstaðar skulu vera þessi: Bein lína frá punkti D á meðfylgjandi uppdrætti af landinu, hnit X = 686.237,81, Y =392.971,53 í punktinn M á meðfylgjandi uppdrætti af landinu, hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030, og fylgja mörkin þaðan markalínu Krísuvíkur að Krísuvíkurvegi.

Málskostnaður fellur niður, en útlagðan kostnað dómsins vegna málsins, kr. 66.143,00, greiði jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu hvor um sig að fjórðung og Hafnarfjarðarkaupstaður að helming.

Jón Thors (sign.)


Guðmundur Jónsson (sign.) Zóphónías Pálsson (sign.)

Rétt endurrit staðfestir.

Reykjavík, 24. jan. 1972.

Jón Thors, setudómari.

Fskj. nr. 6.


KRÍSUVÍK, SVÆÐI VIÐ NORÐURMÖRK JARÐARINNAR.
Gullbringu- og Kjósarsýslu.
1:25000
Kleifarvatn

Nd. **515. Frumvarp til laga** [268. mál]

um Tæknistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Tæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins. Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála, og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

3. gr.

Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.

Deildaskipting skal ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Þegar settar eru á stofn sérdeildir, skulu heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja sérdeild. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum sérdeildar við iðnaðinn.

Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar sérdeildir skuli hagað.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar sem hér segir:

Einn fulltrúa án tilnefningar,

einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,

einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna,

einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,

einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til 2ja ára í senn.

5. gr.

Stjórn Iðntæknistofnunar Íslands hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar henni stefnu og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið.

6. gr.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Skal hann skipaður til 4ra ára í senn.

Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda til fjögra ára í senn.

Framkvæmdastjórar aðaldeilda sjá um daglega stjórn þeirra í samráði við forstjóra.

8. gr.

Framkvæmdanefnd stofnunarinnar skal skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum aðaldeilda, framkvæmdastjóra Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins.

Forstjóri stofnunarinnar skal vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk framkvæmdanefndar skal vera að tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis, við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins, m. a. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

9. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

a) Framlag í fjárlögum.
b) Hluti af jöfnunargjaldi frá og með 1979.
c) Tekjur fyrir selda þjónustu, samkvæmt gjaldskrá sem iðnaðarráðherra staðfestir. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda og eðlis þjónustunnar.
d) Greiðslur frá aðilum vegna stórra verkefna, samkvæmt samningi hverju sinni.
e) Framlög til sérstakra verkefna og aðrar tekjur.

10. gr.

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar í umboði stjórnar og í samráði við framkvæmdastjóra viðkomandi deildar.

Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:

a) Með fastri ráðningu.
b) Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.
c) Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.

Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

11. gr.

Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar Íslands er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, iðnskóla og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.

Starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

12. gr.

Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og gegn greiðslu nema fyrir liggi skriflegt samþykki verkbeiðanda.

13. gr.

Stofnunin tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins, sbr. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, skal haldast.

14. gr.

Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31 16. apríl 1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. og VII. kafla laga nr. 64, 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 45. gr. og 53. gr. laga nr. 64, 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skulu innheimt til loka ársins 1978 og renna til Tæknistofnunar Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um Tæknistofnun Íslands, sem hér er flutt, er samið að tilhlutan og á vegum iðnaðarráðuneytisins. Tilgangur þess er að koma upp stofnun, er annist alhliða tækniþjónustu í þágu iðnaðarins.

Breyttar markaðsaðstæður valda því, að sumar greinar íslensks iðnaðar standa nú á tímamótum, sem kalla á markvissar aðlögunaraðgerðir. Ella er hætt við að þær fái ekki staðist harðnandi erlenda samkeppni. Þá ber jafnframt að hafa í huga, að sjávarútvegur getur eigi staðið undir batnandi lífskjörum í bráð og jafnvel þarf að draga úr sókn. Þegar svo horfir, er nauðsynlegt að beina auknu fjármagni til eflingar iðnaði í frekari sókn til bættra lífskjara.

Mikilvægur þáttur í áðurgreindri aðlögun er, að íslensk iðnfyrirtæki eigi aðgang að tækniþjónustu á borð við þá starfsemi, sem látin er í té af stofnunum þeim, er á Norðurlöndum bera heitið „teknologisk institut“, þ. e. a. s. fræðslu-, ráðgjafar-, tilrauna- og prófunarstarfsemi.

Að hluta til hafa tæknistofnanir iðnaðarins hér á landi, þ. e. Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins látið slíka þjónustu í té. Á hitt ber að líta, að starfsemi þessara stofnana hefur ekki verið nægilega samræmd gagnvart tækniþjónustuhlutverkinu og þaðan af síður hefur fjármagn þeirra og bolmagn leyft að þær gætu tekist á við fjölþættar þarfir iðnfyrirtækja varðandi tækni, rekstrarhagfræði og stjórnun.

Frumvarp þetta miðar að endurskipulagningu og sameiningu fyrrgreindra stofnana, þannig að þær myndi eina heild með sameiginlegum og markvissum tilgangi í samræmi við knýjandi þarfir þessa fjölmennasta atvinnuvegar landsmanna.

Standa vonir til, að með tilskyldum mannafla og nægilegu fjármagni geti hin nýja stofnun á fáum árum náð því markmiði, að stuðla svo að tækniþróun og framleiðni í íslenskum iðnaði, að hann standi á sporði erlendum keppinautum.

Á 94. löggjafarþingi (1973—74) flutti iðnaðarnefnd neðri deildar að beiðni iðnaðarráðherra, frumvarp til laga um Iðntæknistofnun Íslands (218. mál, þingskjal 569). Tekið var fram sérstaklega, að einstakir nefndarmenn hefðu óbundnar hendur um frekari afgreiðslu frumvarpsins.

Miðaði frumvarp um Iðntæknistofnun á sama hátt og frumvarp það, sem nú er lagt fram, að sameiningu þriggja tæknistofnana iðnaðarins, Iðnþróunarstofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Rannsóknastofnunar iðnaðarins, í því skyni að koma á fót einni alhliða tækniþjónustustofnun hliðstæðri „teknologisk institut“ á Norðurlöndum. Slíkar tækniþjónustustofnanir hafa starfað um áratugaskeið í þessum löndum og annast jöfnum höndum fræðslu-, ráðgjafar-, tilrauna- og prófunarstarfsemi.

Ekki virðist hafa verið ágreiningur um meginstefnu frumvarpsins, þ. e. að koma hér á fót tækniþjónustustofnun að norrænni fyrirmynd. Þvert á móti hafa margir aðilar, þ. á m. heildarsamtök iðnaðarins, tekið eindregna afstöðu með þeirri hugmynd, jafnvel löngu áður en umrætt frumvarp sá dagsins ljós.

Forsaga og aðdragandi þessa máls er rakin í almennum athugasemdum með áðurgreindu frumvarpi, en þar segir m. a.:

„Þær tæknistofnanir (teknologisk institut) á Norðurlöndum, sem hér er vísað til, gegna sérstöku og mjög mikilvægu hlutverki í tækniþróun þessara landa. Stofnanir þessar einbeita sér að fræðslu og ráðgjöf ásamt nauðsynlegum tilraunum og prófunum, en sinna ekki eiginlegum rannsóknum. Þær stefna markvisst að því í starfi sínu að ná sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, ekki síst þau smæstu, sem ættu annars erfitt með að tileinka sér tækniþekkingu og nýjungar.

Annar þáttur í aðdraganda þessa frumvarps snýr að fyrirhugaðri þróun íslensks iðnaðar á næstu árum. Aðildin að EFTA og samningarnir við EBE hafa bæði í för með sér harðnandi samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur á innanlandsmarkaði og aukna möguleika til útflutnings á samkeppnishæfum íslenskum iðnaðarvörum. Þannig eykst fjölbreytni íslensks útflutnings og þjóðarbúskapurinn verður ekki eins háður verðsveiflum í einstökum útflutningsgreinum, en slíkt styrkir efnahagslegt sjálfstæði okkar þegar til lengdar lætur. Sú iðnþróun, sem hér hefur verið lýst stuttlega, kallar að sjálfsögðu á aukna og breytta tækniþjónustu við iðnaðinn. Megin tilgangur þessa frumvarps er einmitt að mæta þeirri þörf.“

Rétt er, að það komi skýrt fram, að tæknistofnanir iðnaðarins í núverandi mynd hafa ekki á að skipa nægum starfskröftum til að veita þá þjónustu, sem hér um ræðir nema að takmörkuðu leyti, enda eru þær of fámennar og févana til þess að svo mætti vera. Þá er þess einnig að geta, að hlutverk þeirra skv. núgildandi lögum miðast ekki nema að nokkru leyti við tækniþjónustu.

Dæmi um þetta er löggjöf um Iðnþróunarstofnun Íslands frá 1971. Sú löggjöf gerir m. a. ráð fyrir fræðslu-, ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu, en um leið, að stofnunin skuli, með fjölmennt iðnþróunarráð að bakhjarli, vera stefnumótandi í iðnaðarmálum. Með þessari löggjöf var leitast við að koma til móts við nýjar þarfir m. a. vegna inngöngu Íslands í EFTA.

Flest íslensk iðnfyrirtæki eru fáliðuð og hafa ekki bolmagn til að hafa í þjónustu sinni sérfræðilega starfskrafta á sviði framleiðslu og rekstrartækni. Eðlilegt verður því að teljast að ríkisvaldið komi í þessu efni til móts við fyrirtækin og stuðli að því að þau fái aðgang að sérmenntuðu fólki, sem hið sama ríkisvald hefur að meira eða minna leyti séð fyrir skólagöngu. Einmitt þetta er ein meginforsendan fyrir starfsemi tæknistofnananna á Norðurlöndum, sem áður var vikið að.

Höfuðmáli skiptir, að iðnaðurinn, fjölmennasti atvinnuvegur landsmanna, fái í þjónustu sína sem fyrst tæknistofnun þá, sem að er stefnt með frumvarpinu. Aðlögun íslensks iðnaðar að nýjum markaðsaðstæðum á að mörgu leyti enn langt í land. Eitt veigamesta atriðið er aðgangur að fjölhæfri tækniþjónustustofnun eins og hér er ráðgert að koma upp. Verður því að treysta á, að framgangur þessa máls verði ekki tafinn.

Áðurgreint frumvarp hlaut ekki afgreiðslu á 94. löggjafarþingi. Að óreyndu mætti ætla, að einfaldast væri því nú að leggja það fram í óbreyttri mynd, en að athuguðu máli hefur iðnaðarráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu, að slík málsmeðferð hæfi ekki. Kemur einkum til, að eldra frumvarpið felur í reynd í sér fjölda ákvæða, sem betur eiga heima í reglugerð en lögum.

Þetta á m. a. við greinar um starfsfólk, skorir, skorafundi, skoraformenn, einstakar deildir og hlutverk stjórnar. Í þessum greinum er m. a. fjallað um starfsmannahald, stjórn- og starfsskipulag í einstökum atriðum. Virðist fara betur á því að fella meginmál þessara greina, að svo miklu leyti sem þeirra er þörf, inn í reglugerð. Fyrst í stað hlýtur það einmitt að verða meginhlutverk stjórnar stofnunarinnar að móta henni stefnu og starfsskipulag, m. a. með samningu reglugerðar.

Að þessu athuguðu ákvað iðnaðarráðuneytið að láta fara fram endurskoðun á áðurgreindu frumvarpi og birtist það hér í hinni nýju mynd.

Rétt er að það komi skýrt fram, að með frumvarpi þessu er ekki einvörðungu stefnt að sameiningu stofnana, sem fyrir eru í landinu.

Höfuðmarkmið er framleiðslu- og rekstrartæknileg þjónusta á faglegum grundvelli við iðnað landsmanna. Á þessu sviði er þörfin brýnust. Að svo miklu leyti sem eiginlegra rannsókna er þörf, hlýtur sú starfsemi fyrst og fremst að beinast að hagnýtingu innlendra hráefna og að staðbundnum vandamálum byggingariðnaðar, enda er svo ráð fyrir gert, að slík starfsemi rúmist innan verkefnavettvangs stofnunarinnnar.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á, að á vegum Háskóla Íslands (Raunvísindastofnunar og Verkfræði- og raunvísindadeildar) er kominn vísir að undirstöðurannsóknum. Er stefnt að því, að slík rannsóknarstarfsemi þróist í tengslum við meginnámsbrautir.

Þess er að vænta, að ámóta verkaskipting muni komast á hér og í grannlöndunum í framtíðinni, þ. e. að eiginlegar rannsóknir (þ. á m. vegna iðnaðar) fari fram á vegum Háskóla Íslands, en tilraunir og prófanir í þágu iðnaðar á vegum Tæknistofnunar Íslands.

Ljóst er, að hugsa þarf fyrir tengslum þarna á milli, þegar tímabært þykir.

Þess skal getið, að samráð hefur verið haft við heildarsamtök iðnaðarins, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, um gerð þessa frumvarps. Í fyrstu gerð þess var ekki gert ráð fyrir, að Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins yrði hluti af Tæknistofnun Íslands. Fyrir eindregin tilmæli þessara samtaka, nær skipulagsbreytingin, sem í frumvarpinu felst, einnig til Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Stofnun þeirri, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að komið verði á fót, er hér valið heitið Tæknistofnun Íslands. Þótt ráð sé fyrir því gert, að stofnunin inni fyrst og fremst af hendi þjónustu við iðnaðinn í landinu, annan en fiskiðnað, kjöt- og

mjólkuriðnað, þá þykir ljóst, að sú faglega þekking og aðstaða, sem byggð verður upp innan stofnunarinnar, mun geta komið öðrum framleiðslugreinum að gagni. Má þar nefna stöðlun, prófanir umbúða, efnisflutninga o. s. frv. Þá verður að telja nafnið þjált í máli, auk þess sem það fellur vel í þýðingu að heiti hliðstæðra stofnana í öðrum norrænum löndum (teknologisk institut).

Þar sem mikill hluti íslenskra iðnfyrirtækja er í Reykjavík og nágrenni hennar þykir rétt að stofnunin hafi aðalaðsetur þar. Á hinn bóginn er eðlilegt, að gera ráð fyrir útibúum úti á landi, samkvæmt aðstæðum og bolmagni stofnunarinnar á hverjum tíma. Telst því rétt, að heimild sé fyrir hendi til stofnunar útibúa, og væri það í fullu samræmi við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum.

Um 2. gr.

Miðað við núgildandi löggjöf er með frumvarpi þessu lögð verulega aukin áhersla á beina ráðgjöf við iðnaðinn um framleiðslu- og rekstrartækni og stjórnun, fræðslu- og upplýsingastarfsemi, tilraunir og prófanir.

Með orðinu „iðnaður“ er átt við allan framleiðslu- og þjónustuiðnað að undanskildum fiskiðnaði, slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaði, en þörfum þessara atvinnugreina er öðrum stofnunum ætlað að sinna. Einnig er meðtalin byggingarstarfsemi, bæði á vegum einkaaðila og opinberra aðila, þ. e. húsbyggingar, vega- og brúargerð, hafnarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð.

Ljóst er, að til þess að stofnunin geti sem best fylgst með því, hver þörfin er hverju sinni fyrir ráðgjöf og upplýsingastarfsemi verður að telja æskilegt, að hún hafi frumkvæði að heildarúttekt á iðngreinum í því skyni.

Sérstaklega skal bent á mikilvægi þess, að starfsmenn stofnunarinnar gegni hlutverki ráðunauta, ekki einungis með starfi innan veggja stofnunarinnar, heldur einnig með heimsóknum og leiðbeiningum í iðnfyrirtækjunum sjálfum og á byggingarstöðum. Hafa ber í huga, að fæst íslensk byggingar- og iðnfyrirtæki ráða yfir starfskröftum með verulegri sérmenntun á hinum fjölbreyttu sviðum tækni og rekstrar.

Ekki þykir rétt að setja ýtarleg ákvæði í frumvarpið um vægi hlutverka og verksviða stofnunarinnar, heldur verður að telja eðlilegt, að ákvörðun í þeim efnum sé á valdi stjórnar hennar, innan þess ramma, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir því, að hagnýtar rannsóknir verði eitt af hlutverkum stofnunarinnar. Með þeim er átt við öflun nýrrar þekkingar með ákveðið hagnýtt framkvæmdamarkmið í huga. Sú starfsemi hlýtur að beinast fyrst og fremst að hagnýtingu innlendra hráefna og að staðbundnum vandamálum byggingarstarfseminnar. Rétt er þó að vekja athygli á mikilvægi þess, að rannsóknastarfsemin skerði ekki möguleika stofnunarinnar til að veita almenna þjónustu við iðnað og byggingarstarfsemi. Sé um meiriháttar verkefni að ræða, t. d. á sviði nýiðnaðar, getur verið nauðsynlegt að tryggja til þeirra sérstakar fjárveitingar.

Þótt núgildandi iðnfræðslulöggjöf geri ráð fyrir þjálfun og fræðslu iðnverkafólks, hafa iðnskólar hingað til, ekki haft bolmagn til að sinna því hlutverki. Þá hefur hin síðari ár myndast vaxandi þörf fyrir eftirmenntun iðnaðarmanna og annars starfsfólks á ýmsum sviðum í iðnaði fyrst og fremst vegna hraðra tækniframfara. Æskilegt er að stofnunin sinni, svo sem kostur er, þessu hlutverki. En nauðsynlegt er að koma í veg fyrir tvíverknað, með nánu samstarfi við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem vinna að svipuðum verkefnum. Til greina kemur, að hluti kostnaðar vegna þessarar fræðslustarfsemi greiðist af skólakostnaði.

Um 3. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að stofnunin taki við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands. Starfsemi þessara þriggja stofnana mun því í meginatriðum marka deildaskiptingu aðaldeilda Tæknistofnunar Íslands í fyrstu, þ. e. byggingadeild og mann-

virkjadeild (Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins), iðntæknideild (Rannsóknastofnun iðnaðarins), rekstrartæknideild (Iðnþróunarstofnun Íslands).

Með hliðsjón af því, hversu stöðlunarmál hafa veigamikla þýðingu í almennri iðnaðar- og atvinnuþróun, verður að telja eðlilegt að gera ráð fyrir sérstakri stöðlunardeild þegar í upphafi. Einnig kæmi til greina að stofna í upphafi aðaldeild, sem helguð yrði nýiðnaðarverkefnum.

Þegar stofnuninni hefur vaxið fiskur um hrygg, verður einnig að gera ráð fyrir því, að starfandi verði sérdeildir innan aðaldeilda fyrir stærstu greinar iðnaðarins. Þannig mætti hugsa sér sérdeildir vegna byggingarefna, byggingaraðferða, byggingarkostnaðar, vega- og gatnagerðar og vegna annarrar mannvirkjagerðar. Einnig, að innan iðntæknideildar störfuðu sérdeildir, t. d. fyrir málmiðnað, vefjar- og fataiðnað og matvælaiðnað. Ennfremur, að innan rekstrartæknideildar störfuðu sérdeildir, sem byggðar væru á starfrænni skiptingu innan fyrirtækja, t. d. stjórnunardeild, bókhalds- og fjármáladeild og hagræðingardeild, auk sérdeilda á sviði fræðslu, upplýsingaþjónustu og útgáfustarfsemi.

Ætlast er til, að þegar settar eru á stofn sérdeildir innan aðaldeilda, þá tilnefni heildarsamtök iðnaðarins, eða samtök einstakra greina hans og aðrir aðilar, eftir því sem við á, sérstaka tengimenn. Er þeim ætlað að vera starfsmönnum sérdeilda til ráðuneytis um framkvæmd einstakra verkefna. Telja verður, að slík tengsl geti orðið mun nánari og virkari en tíðkast samkvæmt núgildandi löggjöf, sem gerir ráð fyrir stórum ráðgjafanefndum eða ráðum með fulltrúum ýmissa samtaka iðnaðarins o. fl. aðila í tengslum við tiltölulega stórar einingar.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að takmarka stærð stjórnar stofnunarinnar við fulltrúa þeirra heildarsamtaka vinnumarkaðarins, sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta varðandi starfsemi stofnunarinnar, og að einn sé skipaður af iðnaðarráðherra án tilnefningar.

Til þess að tryggja starfræn tengsl við stjórnir þeirra samtaka, sem tilnefna fulltrúa í stjórn stofnunarinnar, þykir rétt að takmarka skipunartíma við 2 ár.

Um 5. gr.

Stjórn Tæknistofnunar Íslands fer með stjórn stofnunarinnar og er fyrst og fremst ætlað að vinna að stefnumótun, en ekki að hafa afskipti af daglegum rekstri nema brýna nauðsyn beri til.

Meðal verkefna stjórnar má nefna:

a) Að taka ákvarðanir varðandi áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, bæði áætlanir til langs tíma og árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir.
b) Að gera tillögur um gjaldskrá stofnunarinnar og ákveða þóknun fyrir meiriháttar verkefni, þegar það á við.
c) Að sjá um útgáfu ársskýrslu stofnunarinnar.
d) Að gera tillögur til iðnaðarráðherra um skiptingu stofnunarinnar í aðaldeildir og sérdeildir, ennfremur um stofnun útibúa sbr. 1. gr.
e) Að hafa eftirlit með því, að hagkvæmt og eðlilegt samstarf sé milli deilda og gera ráðstafanir til úrbóta, ef þörf krefur.

Í greininni felst, að stjórnin ásamt forstjóra í umboði hennar, leggur fyrir iðnaðarráðuneytið mál, sem varða starfsemi stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Þótt ráð sé fyrir því gert, að forstjóri sé skipaður til 4ra ára í senn, getur um endurráðningar verið að ræða svo lengi sem gagnkvæmur vilji er fyrir hendi.

Um 7. gr.

Framkvæmdastjórar aðaldeilda sjá um daglega stjórn þeirra í samráði við forstjóra.

Um 8. gr.

Varðandi ráðningartíma framkvæmdastjóra vísast til athugasemda um 6. gr.

Framkvæmdanefnd er ætlað að tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis, við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins. Starfsemi þeirrar stofnunar, sem sinnir sölu- og markaðsmálefnum iðnðarins, tengist á margan hátt væntanlegri starfsemi Tæknistofnunar Íslands. Það getur verið hagkvæmt, að sérfróðir menn um markaðsmál og rannsóknastarfsemi taki þátt í verkefnahópum, sem framkvæmdanefnd er ætlað að gangast fyrir að mynda. Þess vegna er eðlilegt, að framkvæmdastjórar Útflutningsmiðstöðvarinnar og Rannsóknaráðs ríkisins eigi sæti í framkvæmdanefnd stofnunarinnar.

Með orðinu „verkefnahópur" er átt við hóp manna innan stofnunar eða utan, er haft gætu t. d. það verkefni að vinna að úrbótum á vandamálum einstakra iðngreina eða fyrirtækja, könnun tiltekins hráefnis o. s. frv. Hér er um að ræða mikilvægan þátt í starfsemi stofnunarinnar.

Leggja ber áherslu á, að framkvæmdanefnd er fyrst og fremst starfshópur, sem á að vinna að hvers kyns samstarfi innan stofnunarinnar.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að Tæknistofnunin njóti beinna framlaga úr ríkissjóði á sama hátt og stofnanir þær, sem nú er ætlunin að sameina, hafa notið til þessa. Ennfremur er ráð fyrir því gert, að til stofnunarinnar renni hluti af jöfnunargjaldi, sem lagt er á innfluttar iðnaðarvörur, sem tollar hafa verið felldir niður af og tollfrjálsar verða 1. janúar 1980 skv. ákvæðum samnings um aðild Íslands að EFTA og samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Framlög til stofnunarinnar sbr. a) og b) lið þessarar greinar, eins og þau verða ákveðin hverju sinni, ráða úrslitum um það, hvort væntanleg löggjöf nær tilgangi sínum.

Framleiðsluverðmæti sjávarútvegs og fiskiðnaðar á árinu 1977 er áætlað 84 milljarðar króna, en ríkisframlög til tæknistofnana þessara atvinnuvega (Fiskifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) nema 1 095.7 millj. kr. í fjárlögum 1978, eða 1.3% af framleiðsluverðmæti ársins 1977.

Áætlað framleiðsluverðmæti landbúnaðar árið 1977 var 28 milljarðar kr., en ríkisframlag til hliðstæðra stofnana landbúnaðarins (Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins) nema 506 millj. kr., eða 1.8% af heildarframleiðsluverðmæti ársins 1977.

Heildarframlög til núverandi stofnana og starfsemi, sem væntanlega sameinast í Tæknistofnun Íslands nema á árinu 1978 274.7 milli. kr. eða 0.2% af heildarframleiðsluverðmæti iðnaðar á árinu 1977, sem áætlað er 175 milljarðar kr. (byggingariðnaður meðtalinn). Stefnt er með frumvarpi þessu að því að auka verulega núverandi starfsemi á þessu sviði.

Sem stendur hefur Rannsóknastofnun iðnaðarins markaðan tekjustofn, sem nefnist iðnaðargjald, og er áætlað 42 millj. króna í fjárlögum 1978. Byggingariðnaðarsjóðsgjald rennur til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og er áætlað 37 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 1978.

Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins og til byggingar hafrannsóknaskips, rennur hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem áætlað er um 82 millj. kr. á árinu 1978.

Með „raunverulegum heildarkostnaði" í staflið b) er átt við beinan útlagðan kostnað, launa- og tækjakostnað, kostnað vegna húsnæðis, stjórnunar o. s. frv.

Með staflið c) er gert ráð fyrir að gjaldskrá fari t. d. eftir stærð og fjárhagsgetu fyrirtækja eða stofnana, sem nota sér þjónustuna. Þannig mundu stór fyrirtæki eða stofnanir, sem gætu e. t. v. sjálf komið á fót hliðstæðri starfsemi á eigin vegum, greiða þjónustuna fullu verði, en smáfyrirtæki mundu greiða minna fyrir hliðstæða þjónustu. Þá mundi t. d. kennsla á námskeiðum og undirstöðukönnun á rekstri fyrirtækja e. t. v. ekki verða greidd að fullu. Sama gæti gilt um nýjar tegundir þjónustu, meðan þær eru að ryðja sér til rúms.

Framlag ríkis skv. staflið a) og hluti af jöfnunargjaldi skv. staflið b) er m. a. ætlað að standa undir þjónustu, sem viðtakandi greiðir ekki fullu verði skv. framansögðu. Auk þess verður talsverður hluti af starfsemi stofnunarinnar svo almenns eðlis, að erfitt verður að finna tiltekinn viðtakanda, sem hægt er að krefja um greiðslu. Þetta gildir m. a. um hvers konar þjónustu við iðnaðinn sem heild, eða einstakar iðngreinar og um starfsemi, sem miðast við iðnað framtíðarinnar, svo sem könnun íslenskra náttúruauðlinda.

Rétt þykir að nefna sérstaklega þær greiðslur, sem um ræðir í staflið b), því að starfsemin er oft nokkuð sérstaks eðlis og greiðslurnar verða ekki ákveðnar skv. gjaldskrá, m. a. vegna stærðar og sérstöðu verkefnanna.

Nauðsynlegt er að undirstrika, að gjaldtakan, sem um ræðir í staflið b), er ekki árviss tekjustofn, heldur rammi, sem gefur tækifæri til nokkurs svigrúms í tekjuöflun.

Um 10. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, mun stofnunin hafa með höndum fjölbreytileg verkefni, sem stuðla munu að eflingu iðnþróunar á Íslandi. Vegna fyrirsjáanlegrar fjölbreytni verkefna verður að telja óæskilegt, að eingöngu verði um fastar ráðningar að ræða, heldur gefist kostur á að fá lausráðna starfskrafta, til tímabundinna starfa við ákveðin verkefni.

Með tímabundinni ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra er ætlunin að tryggja stofnuninni á hverjum tíma sem hæfasta stjórnendur hinnar daglegu starfsemi og gefa stjórn stofnunarinnar svigrúm til að stuðla að því að svo verði.

Um 11. gr.

Hliðstæð ákvæði um kennslustörf er að finna í gildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Æskilegt er að umræddri kennslu verði settar viðeigandi reglur.

Um 12. gr.

Hér er um vandasamt mál að ræða, þar sem bæði þarf að gæta hagsmuna viðskiptaaðila stofnunarinnar og tryggja eðlilega starfshætti hennar, t. d. þegar nokkrir aðilar biðja um sömu athuganir hver í sínu lagi.

Nauðsynlegt virðist að setja rækilegar reglur um þessi mál.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að stofnunin taki við allri starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnana iðnaðarins og byggingariðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins haldist.

Um 14., 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 45. gr. laga nr. 64, 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru ákvæði um að greiða skuli gjald til Rannsóknastofnunar iðnaðarins er nemi 2‰ af kaupi verkafólks og fagmanna hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum.

Í 53. gr. sömu laga eru ákvæði um að greiða skuli ½% aðflutningsgjald af innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Gert er ráð fyrir að gjöld þessi verði innheimt til loka ársins 1978 og renni til Tæknistofnunar Íslands.

Nd. 516. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess með einni breytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1978.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Sverrir Hermannsson, fundaskr.	Garðar Sigurðsson.
Guðlaugur Gíslason.	Sighvatur Björgvinsson.	Jón Skaftason.

Nd. 517. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Inn í hina nýju málsgrein, á eftir orðunum „íslenskt skip í þess stað", komi: enda verði leiguskipið með íslenskri áhöfn, búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu.

Nd. 518. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi voru Sigurlaug Bjarnadóttir og Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi, 10. apríl 1978.

Jón Skaftason, form.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.	
Ragnhildur Helgadóttir.	Vilborg Harðardóttir.	Karvel Pálmason.

Nd. 519. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til laga um þroskaþjálfa.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi voru Sigurlaug Bjarnadóttir og Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi, 10. apríl 1978.

Jón Skaftason, form.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.	
Ragnhildur Helgadóttir.	Vilborg Harðardóttir.	Karvel Pálmason.

Nd. 520. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til laga um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Tómas Árnason. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 521. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt, nr. 10 1960.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr., frsm. Ey. Kon. Jónsson.
Tómas Árnason. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 522. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur haft frv. til athugunar og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild S.Í.S.
Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. apríl 1978.

Ingólfur Jónsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr., frsm. Vilborg Harðardóttir.
Pétur Sigurðsson. Benedikt Gröndal. Þórarinn Þórarinsson.
Ingvar Gíslason.

Nd. 523. Breytingartillögur [228. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Stjórn Sölustofnunar lagmetis ráðstafar fé úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. gr., svo hljóðandi:
   Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum hrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi á grásleppuhrogn skal Þróunarsjóður lagmetis greiða ⅓ hluta til samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.
   Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febr. 1976.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 524. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um samkeppni í verðmyndun og samruna fyrirtækja.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að fresta afgreiðslu málsins og leggur því til að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir Alþingi liggur frumvarp frá ríkisstjórninni um sama efni, á þskj. 462, telur deildin ekki rétt að afgreiða frumvarpið á þskj. 312 efnislega að sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds munu skila sérálitum.

Alþingi, 10. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson, form. — Jón Helgason, fundaskr., frsm. — Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes. — Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 525. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um húsnæðismál.

Flm.: Helgi F. Seljan, Vilborg Harðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að við endurskoðun þá, sem nú fer fram á lögum nr. 30 frá 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, verði eftirfarandi atriði sérstaklega tekin til athugunar:

1. Fjármagn til byggingar verkamannabústaða verði aukið verulega og sveitarfélögum gert kleift og skylt að byggja verkamannabústaði, enda verði hlutdeild ríkisins í lánveitingum til þeirra aukin.

   Jafnframt verði aukin og bætt fyrirgreiðsla til þeirra sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir.
2. Lán úr Byggingarsjóði ríkisins verði hækkuð verulega til þeirra fjölskyldna sem ekki eiga íbúð og ekki hafa átt íbúð á s. l. 5 árum. Verði við það miðað að slík lán nemi allt að 60% af byggingarkostnaði íbúðar í fjölbýlishúsi, eins og hann er á hverjum tíma, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

   Lán þessi verði veitt til byggingar eða kaupa á nýjum íbúðum og einnig til kaupa og endurbóta á eldri íbúðum.
3. Við ákvörðun á lánakjörum hjá Byggingarsjóði ríkisins verði við það miðað, að árlegar afborganir, vextir og vísitöluálag af lánum sjóðsins til hverrar íbúðar fari aldrei yfir 20% af launum fyrir 8 stunda vinnu samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar.
4. Stofnaður verði nýr lánaflokkur til endurbóta á eldri íbúðum. Á þann hátt verði dregið úr þörfinni fyrir byggingu nýrra bæjarhverfa og kostnaðarsamra opinberra mannvirkja til þjónustu við íbúa þeirra hverfa. Um framkvæmd slíkrar endurbyggingar verði tekin upp samvinna við sveitarfélögin um nýtingu á eldri bæjarhverfum og þeim mannvirkjum sem þar eru.

Greinargerð.

Húsnæðismál eru ríkur þáttur í lífi manna og því von að þau séu tekin til verðugrar umræðu og athugunar og séu í raun í stöðugri endurskoðun. Aðalmarkmiðin eru m. a. þau, að íbúðabyggingar séu sem hagkvæmastar, aðstoð samfélagsins sem best og notadrýgst og hvatning til samvinnu og samhjálpar sem mest.

Flutningsmenn undirstrika rækilega þá skoðun sína, að félagsleg uppbygging húsnæðismálanna sitji í fyrirrúmi varðandi heildarlausn þeirra, bæði varðandi byggingarform og lánafyrirgreiðslu.

Verkamannabústaðir, leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga og byggingarsamvinnufélög eru nú þegar snarir þættir í húsnæðiskerfinu, en efla ber og styrkja þá þætti, jafnhliða því sem leitað er nýrra leiða á félagslegum grunni sem tiltækar þykja til árangurs.

Eins og mál standa nú hlýtur aðalatriðið að vera það, að auðvelda fólki að komast yfir hóflega íbúð með sem hagfelldustum hætti, því öll eru þau kjör, sem leigjendum eru búin, með þeim hætti að óviðunandi telst með öllu.

Nýleg hreyfing meðal leigjenda í Reykjavík um samtök sín á milli með stuðningi verkalýðshreyfingarinnar til að auka öryggi leigjenda, bæta aðstöðu þeirra, bæði hvað húsaleigu snertir og skattamál, er gleggst dæmi um það, hve erfitt og ótryggt það er að leigja íbúð í dag.

Lánakjör húsnæðislána í dag eru hins vegar með þeim hætti, að þau eru illviðráðanleg, ef ekki óviðráðanleg öllu venjulegu fólki, ekki síst því unga fólki sem er að hefja búskap, oft með tvær hendur tómar.

Einmitt fyrir þetta fólk eru aðalmarkmið tillagna flm. sniðin. Lánakjör Húsnæðismálastofnunar ríkisins í dag eru skýrð nánar í meðfylgjandi töflum í lok greinargerðarinnar og vísast í þær.

Glöggt er að við þá endurskoðun, sem nú stendur yfir og hefur í raun dregist langt um of úr hömlu, þarf að hafa viss markmið að leiðarljósi, ef einhver lausn á að fást þeim til handa sem erfiðast eiga uppdráttar í þessum efnum. Því vilja flm. að Alþingi marki nokkra höfuðdrætti í því sem mestu máli skiptir, svo vilji þingmanna liggi ljós fyrir um það, að hverju skuli stefnt.

Í endurskoðun þeirri, sem yfir hefur staðið, hafa ýmis sjónarmið verið uppi, svo og í stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, m. a. þau sem hér eru sett fram sem leiðandi markmið. Þau eru því ekki ný af nálinni.

Hér er í fyrsta lagi lögð stóraukin áhersla á félagslega uppbyggingu, í öðru lagi á það, að þeir, sem ekki eiga húsnæði fyrir, fái hagstæðari fyrirgreiðslu, stórhækkuð lán og viðráðanleg vaxtakjör, í þriðja lagi að sem best verði unnt að nýta eldra húsnæði og veitt fullnægjandi lánafyrirgreiðsla til kaupa á því, endurbóta eða vissra viðbygginga. Um hið síðasttalda liggur fyrir Alþingi frv. sem eftir öllum sólarmerkjum að dæma virðist ætla að daga uppi og þá hætt við að þar verði vitnað í að endurskoðun málsins í heild sé í gangi, þó þar hafi lítið sem ekkert þokast í úrbótaátt.

Flm. hljóta samhliða þessum tillögum að leggja áherslu á það, að unnið verði markvisst að því að lækka byggingarkostnað, m. a. með raunverulegri verksmiðjuframleiðslu húsa, sem hlýtur hér eins og annars staðar að leiða til mikillar lækkunar á byggingarkostnaði, sem í dag er viðurkenndur að vera allt of hár. Félagsleg framkvæmd og aukin aðstoð við þá, sem eru að stofna heimili samhliða slíkri verksmiðju eða verksmiðjum, gæti miklu hér um breytt.

Og allir hljóta að vera sammála um að lækka kostnaðinn og bæta möguleika þeirra sem ekkert húsnæði eiga. Þrátt fyrir þessa tillögu og það, sem hér hefur verið talið fram í greinargerð, fara flm. hvergi dult með þá meginskoðun sína, að framtíðarstefna okkar eigi að vera í átt við það sem er á Norðurlöndunum, en þar hefur verið komið upp afar fullkomnu kerfi varðandi húsnæðismál og fyrirgreiðslu við fólk til að komast inn í húsnæði — ekki endilega eigið, heldur hentugt og tiltölulega ódýrt leiguhúsnæði til langs tíma.

Flm. telja það síður en svo sáluhjálparatriði, að allir eigi húsnæði — en hitt er jafnnauðsynlegt, að allir eigi þess kost að fá húsnæði með viðráðanlegum hætti, ekki síður leiguhúsnæði, sem opinberir aðilar úthluta og hafa umsjón með og tryggja fólki þar með hóflega húsaleigu, sem það ræður við, og þar geti það búið við öryggi, en öryggisleysi leigjenda í dag er e. t. v. allra verst.

En lánafyrirkomulag svo sem er á Norðurlöndunum er fremur langtímamarkmið sem flm. telja vart að komi mjög inn í þá endurskoðun sem tillaga okkar nú vísar til.

Um einstaka liði þessarar tillögu skal þessu aðeins bætt við, — en þar er vitnað í Ólaf Jónsson stjórnarmann í Húsnæðismálastofnun ríkisins:

Einn ríkasti þátturinn í kjarabaráttu verkalýðshreyfingarinnar hefur jafnan verið krafan um félagslegar úrbætur í húsnæðismálum láglaunastéttanna. Verulegur árangur náðist í þeirri baráttu með setningu laganna um verkamannabústaði. Með þeim lögum voru þær kvaðir lagðar á ríkisvaldið og sveitarfélögin að leggja fram verulegt fjármagn til húsnæðismála og lána það til byggingarfélaganna með miklum mun hagstæðari kjörum en viðgengst í lánastofnunum. Með þessum hætti var raunverulega verið að greiða niður fjármagnskostnað við íbúðabyggingar hjá eignalitlu láglaunafólki.

Mikill misbrestur hefur orðið á því, að ríkið og sveitarfélög hafi staðið við skyldur sínar um að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til byggingar verkamannabústaða á undanförnum árum, þrátt fyrir kröfur verkalýðshreyfingarinnar. Veldur þar mestu, að með þeim breytingum, sem gerðar voru á lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 12. maí 1970, voru byggingarfélög verkamanna gerð óvirk og sveitarstjórnum falið allt frumkvæði um byggingar verkamannabústaða. Eins og kunnugt er, þá er fjárhagur sveitarfélaga nú mjög erfiður og hafa þau því vanrækt þetta verkefni. Er nú svo komið að bygging verkamannabústaða liggur næstum alveg niðri úti á landi þó að full þörf sé fyrir slíkar byggingar. Á árinu 1977 hófu aðeins 3 sveitarfélög byggingar verkamannabústaða. Er því brýn þörf á því að endurskoða lögin um verkamannabústaði og gera sveitarfélögum kleift og skylt að sinna þessu verkefni og auka jafnframt hlutdeild ríkisins í fjármögnun bygginganna.

Við gerð kjarasamninga verkalýðshreyfingarinnar 1974 var gert sérstakt samkomulag við báverandi ríkisstjórn um endurskoðun laganna frá 1970 og um að stórauka fjárveitingar til íbúðabygginga á félagslegum grundvelli. Jafnframt var á það

fallist af verkalýðshreyfingunni, að lagður væri á launaskattur sem rynni til Byggingarsjóðs ríkisins.

Við þetta loforð hefur núverandi ríkisstjórn ekki staðið og fjármagn til bygginga á íbúðum fyrir láglaunafólk hefur sjaldan verið óverulegra en á síðastliðnu ári.

Er því full þörf á því að Alþingi lýsi vilja sínum til úrbóta í þessum málum með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

Í 3. lið þessarar þingsályktunartillögu er tekið upp það nýmæli að miða lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins við það, að árlegar afborganir lántakenda fari ekki yfir visst hámark af launatekjum fyrir dagvinnu samkvæmt tilteknum launataxta. Þegar vextir af lánum til húsnæðismála eru orðnir nærri 10% og 60% lánanna bundin vísitölu byggingarkostnaðar, þá verður fólki með venjulegar launatekjur ókleift að standa undir vöxtum og afborgunum af slíkum lánum. Einkum á þetta við um þær íbúðir sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga og fá lánað allt að 80% af byggingarkostnaði. Virðist því brýn nauðsyn að milda lánakjör Byggingarsjóðs við slíkar aðstæður, að minnsta kosti á fyrstu árum lánstímans.

Til skýringar eru hér sýnd eftirfarandi dæmi:

Fylgiskjal I.

Lán Húsnæðismálastjórnar hafa nú verið hækkuð í kr. 3 600 000.00 út á þær íbúðir sem gerðar verða fokheldar á þessu ári.

Vextir Byggingarsjóðs ríkisins hafa verið hækkaðir um 1% í 9.75% og verðtrygging jafnframt hækkuð úr 4/10 í 6/10.

Lán Byggingarsjóðs eru til 26 ára og greiðast aðeins vextir fyrsta árið, en síðan með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana. Árleg afborgun af slíku láni verður því sem hér segir fyrstu 5 árin, ef miðað er við 30% verðbólgu á ári:

1. árið vextir	kr.	351 000	vísitöluálag	kr.	63 180	samtals kr. 414 180
2. árið vextir og afb.	—	389 005	vísitöluálag	—	140 042	samtals — 529 047
3. árið vextir og afb.	—	389 005	vísitöluálag	—	210 063	samtals — 599 068
4. árið vextir og afb.	—	389 005	vísitöluálag	—	280 084	samtals — 669 089
5. árið vextir og afb.	—	389 005	vísitöluálag	—	350 105	samtals — 739 110

Ef miðað er við 30% verðbólgu verða vextir og vísitöluálag af þessu eina láni, sem ætla má að sé 1/3 af kostnaðarverði íbúðar, kr. 34 515.00 á mánuði eða 23.6% af launum verkamanns samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar, eins og þau voru í jan. 1978.

Fylgiskjal II.

Samkvæmt lögum um leiguíbúðir sveitarfélaga nema lán frá Byggingarsjóði ríkisins 80% af byggingarkostnaði. Lánin eru veitt til 33 ára og greiðast aðeins vextir fyrstu 3 árin, en síðan jafngreiðslulán.

Vextir eru 9.75% á ári og 6/10 hlutar lánsins eru vísitölutryggðir og reiknast sú vísitala á vexti og afborganir árlega.

Algengt kostnaðarverð á leiguíbúðum sveitarfélaga er kr. 11 500 000.00 og nemur þá lán Byggingarsjóðs ríkisins kr. 9 200 000.00. Árlegar greiðslur af slíku láni verða sem hér segir næstu 5 árin, ef miðað er við að byggingarvísitalan hækki um 30% á ári:

1. árið vextir	kr.	897 000	vísitöluálag	kr.	161 460	samtals kr. 1 058 460
2. árið vextir	—	897 000	vísitöluálag	—	322 920	samtals — 1 219 920
3. árið vextir	—	897 000	vísitöluálag	—	484 380	samtals — 1 381 380
4. árið vextir og afb.	—	967 710	vísitöluálag	—	696 751	samtals — 1 664 461
5. árið vextir og afb.	—	967 710	vísitöluálag	—	870 939	samtals — 1 838 649

Vextir og vísitöluálag af slíku láni verður samkvæmt þessum forsendum kr. 88 205.00 á mánuði fyrsta árið eða 60.5% af launum verkamanna á 2. taxta Dagsbrúnar, eins og þau voru í janúar 1978.

Ed. **526. Frumvarp til laga** [49. mál]

um hlutafélög.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum.

Hlutafélag merkir í lögum þessum félag, þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Í hlutafélagi skal vera hlutafé, sem skipt er í hluti. Hlutaféð skal minnst vera kr. 2 000 000. Hlutir skulu eigi vera færri en fimm.

Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina h.f. (h/f). Að öðru leyti fer um firmu hlutafélaga eftir ákvæðum firmalaga.

2. gr.

Nú á hlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi, að það fer með meirihluta atkvæða í félaginu, og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru félagi, sem um ræðir í 1. mgr., og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef hlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga yfirráð í öðru hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess, telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða hlutafélaga.

II. KAFLI
Stofnun hlutafélags.

3. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um það efni, sem greint er í 4. og 5. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu vera fimm hið fæsta. Meirihluti stofnenda skal hafa haft heimilisfesti hér á landi í minnst tvö ár.

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sýslu- og sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, skráð sameignarfélög, sem eru sjálfstæðir skattþegnar, og sjálfseignarstofnanir, sem eru undir opinberu eftirliti.

Bú stofnanda má eigi vera undir gjaldþrotaskiptum og ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá, sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila, skal fullnægja þeim skilyrðum, er segir um einstaklinga, enda ber hann auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi.

4. gr.

Í stofnsamningi skal m. a. greina:

1. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
2. Fresti til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
3. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr., að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.

5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði um:

1. Ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé.
3. Sönnur fyrir því, að stofnendur uppfylli þau skilyrði, er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði, sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau, er getur í 81. gr.

Ráðherra getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að taka afstöðu til þess, hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins.

147. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna innan mánaðar, sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Með tilkynningu skulu fylgja sönnur fyrir lögmæti breytinga. Breytingu á búsetu þarf ekki að tilkynna nema aðili taki heimilisfang erlendis. Ákvæði 2. og 4. mgr. 146. gr. gilda. eftir því sem við á.

148. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykkta hlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum, skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins, skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður til hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal ráðherra láta sjá svo um, að þeim aðila verði gert viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því, að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess, skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan samkvæmt 149. gr.

149. gr.

Ráðherra skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess, sem skrásett hefur verið.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

XIX. KAFLI

Refsingar o. fl.

150. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends hlutafélags skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá ráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

151. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár.
2. Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, um hlutaskrá, greiðslur í varasjóð, úthlutun arðs og endurgreiðslu á hlutafjárframlögum.

152. gr.

Hver sá, sem vísvitandi ber út rangar frásagnir, eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað, er það varðar, þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum.

Ef sá, sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess, hermir vísvitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 151. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

153. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir, að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.
2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefur önnur áhrif en til var ætlast.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði, til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

154. gr.

Sá, sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum eða varðhaldi.

155. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið, og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XX. KAFLI
Gildistaka laganna o. fl.

156. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um lágmarksfjárhæð hlutafjár öðlist gildi þegar í stað. Ákvæði XII. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár, sem hefst á árinu 1979. Ákvæði 82. gr. um skyldu hlutafélaga til að hafa löggiltan endurskoðanda og ákvæði 104. gr. um skyldu til að gera samstæðureikning koma til framkvæmda 1. janúar 1982.

157. gr.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga, sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum, sem greinir í 158.—160. gr.

158. gr.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um hlutafé og reglur II. kafla um stofnun gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 160. gr.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð, er lögin taka gildi, en stofnun þess ráðin til hlítar á stofnfundi samkvæmt II. kafla laga nr. 77/1921, og er skráning þess þá heimil. Um skráningu gilda þó ákvæði 1. mgr. 11. gr. og reglur XVIII. kafla laganna, eftir því sem við á.

Ef undirbúningur að stofnun hlutafélags er skemmra á veg kominn en í 2. mgr. getur, skal um stofnun þess fara að öllu leyti eftir ákvæðum laga þessara. Heimilt er þó ráðherra að veita aukna fresti til að koma stofnun félags í rétt horf, þegar svo stendur á.

159. gr.

Ákvæði V. og VII. kafla taka ekki til hlutafélaga, sem löglega hafa ákveðið hækkun eða lækkun hlutafjár fyrir gildistöku laganna.

Ef skilanefnd hefur verið kosin til að annast félagsslit, áður en lög þessi öðlast gildi, taka ákvæði 2. mgr. 116. gr. ekki til skilanefndarmanna.

Ákvæði 135. gr. gilda ekki um útibú erlends hlutafélags, sem löglega hefur verið stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

160. gr.

Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og ekki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta né félagsslita, skulu á fyrsta aðalfundi, eftir að lögin taka gildi, samræma félagssamþykktir sínar ákvæðum laga þessara. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu skyni til næsta aðalfundar á eftir.

161. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

162. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafélög, lög nr. 59, 6. júní 1957 og lög nr. 41, 29. mars 1961, um breyting á þeim lögum.

Ed. 527. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til laga um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 17. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Í hlutafélagi skulu vera fimm hluthafar hið fæsta, sbr. 114. gr.
2. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
   Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meirihluta atkvæða, sem krafist er til breytinga á samþykktum, að félagið taki skuldabréfalán, er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því. Slíkt lán má ekki nema hærri fjárhæð en helmingi hlutafjárins eins og það er á þeim tíma, þegar ákvörðun er tekin.
   Í samþykkt hluthafafundar samkvæmt 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins, ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin út ný breytanleg skuldabréf, félagi slitið, þ. á m. með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 27.—29. gr., 1.—5. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. og 31. gr.
   Í samþykkt samkvæmt 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð, sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Í heimildinni skal taka fram um þau efni, sem greinir í 2. og 7. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.
   Ef fjárhæð sú, sem greidd er fyrir skuldabréf, er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta, sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum, má breytingin því aðeins fara fram, að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.
3. Við 47. gr. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, er verði 3. og 4. mgr., svo hljóðandi:
   Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfalls- eða margfeldiskosningu. Við margfeldiskosningu er gildi hvers atkvæðis í félag-

inu margfaldað með tölu þeirra manna, sem kjósa á, en síðan má hluthafi verja öllu atkvæðamagni sínu, hvort sem er á jafnmarga menn eða færri en kjósa skal. Ef t. d. aðeins einum manni er greitt atkvæði, er kjósa skal fimm manna stjórn, hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðagildi.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ¼ hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

4. Við 65. gr. Aftan við 1. mgr. bætist ný mgr., er verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Í félagssamþykktum má ákveða, að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Ed. 528. Frumvarp til laga [226. mál]

um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 435 með þessari breytingu:

38 gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Skulu skjöl, sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma, stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald og lög nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 80/1953, nr. 24/1971 og nr. 104/1976 um breytingu á þeim lögum, lög nr. 62 28. des. 1977 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu sérákvæði um stimpilfrelsi í einstökum lögum halda gildi sínu.

Ed. 529. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir þinglýsingu á skjölum skal greiða fast gjald, er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skal ákveðið gjald fyrir áritun um heimildabrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

2. gr.

17., 18. og 19. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978, og gilda um skjöl sem afhent eru til þinglýsingar eftir það tímamark.

Nd. 530. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 531. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 20. gr. laganna komi tvær mgr., sem hljóði svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Kjósa skal aðalmenn og varamenn á sama kjörseðli, sem er tvískiptur, þannig að tilgreindur er fjöldi aðalmanna sérstaklega og síðan sami fjöldi varamanna. Þeir eru kjörnir aðalmenn í hreppsnefnd sem flest atkvæði fá í sæti aðalmanna. 1. varamaður er sá kosinn er flest atkvæði hlýtur í 1. sæti á lista yfir varamenn, að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann fékk á lista yfir aðalmenn, hafi hann ekki náð kosningu sem aðalmaður. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti á lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut á lista aðalmanna og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt, uns fyllt er í sæti þau, sem kjósa skal í.

Nú er sýslunefndarmaður og varamaður hans kosnir óbundinni kosningu og gilda þá sömu ákvæði um kosningu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 532. Fyrirspurnir. [270. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að koma á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk í samræmi við þingsályktunartillögu sem vísað var til ríkisstjórnarinnar með þakkvæðri umsögn 16. maí 1975?

II. Til forsætisráðherra um úthlutun lánsfjár til hagræðingar í frystihúsum.

Frá Jóni Skaftasyni.

I. Í sambandi við fjárhagserfiðleika frystiiðnaðarins lofaði ríkisstjórnin fyrir nokkru að útvega lánsfé, 500 milljónir króna, sem lánað yrði til hagræðingar í frystihúsum.
   Í því sambandi spyr ég:
   1. Hefur þessu fé verið úthlutað?
   2. Ef svo er, eftir hvaða reglum og til hvaða hagræðingar hefur því verið úthlutað?
   3. Hverjir hafa fengið féð og hve mikið hver?

II. Hafi þessu fjármagni ekki verið úthlutað, þá spyr ég:
   1. Hver mun annast úthlutunina?
   2. Eftir hvaða reglum verður farið við úthlutun?
   3. Hvenær lýkur úthlutun?

III. Gert er ráð fyrir að úthluta 350 milljónum króna úr gengishagnaðarsjóði í sama tilgangi. Ég spyr:
   1. Hver mun annast úthlutun þessa fjár?
   2. Eftir hvaða reglum verður farið við úthlutunina?
   3. Hvaða gögn þurfa frystihúsin að leggja fram til þess að verða tekin til greina við úthlutunina?
   4. Hvenær lýkur úthlutuninni?

Sþ. 533. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um markmið og leiðir í flugöryggismálum.

Frá samgönguráðherra.

Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því við skiptingu þess fjár, sem árlega er veitt til framkvæmda í flugmálum, að hliðsjón verði höfð í öllum meginatriðum af tillögum flugvallanefndar frá nóvember 1976, og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga:

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaður.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í desember 1976 var dreift á Alþingi skýrslu sérstakrar nefndar um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, sem lokið var við í nóvember s. á. Skýrsla þessi var síðan lögð fram sem þingskjal nr. 594 og henni fylgt úr hlaði með ræðu samgönguráðherra í sameinuðu alþingi hinn 4. maí 1977.

Áminnst skýrsla hefur verið höfð til hliðsjónar hjá flugráði og samgönguráðuneyti við gerð fjárlagatillagna fyrir árin 1977 og 1978.

Ljóst er að ekki er unnt að mæta tillögum flugvallanefndar um fjármagn og framkvæmdahraða, en þar sem í skýrslu hennar eru á glöggan hátt dregnar saman upplýsingar um núverandi ástand íslenskra flugvalla, og gerðar tillögur um sem skipulegastar úrbætur í þeim efnum, þá hefur verið talið rétt að leita með tillögu þessari eftir vilja Alþingis um alhliða stefnumörkun þess í uppbyggingu flugvalla og annars þess búnaðar sem nauðsynlegur er til sem öruggastra flugsamgangna hér á landi.

Fylgiskjal.

ÁÆTLUNARFLUGVELLIR OG BÚNAÐUR ÞEIRRA

Skýrsla flugvallanefndar frá nóv. 1976.

1. INNGANGUR

1.1. Skipun nefndar.

1.1.1. Með bréfi dags. 23. janúar 1976 skipaði samgönguráðherra nefnd til „að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum í heild". Nefndinni var ennfremur ætlað að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur, svo og áætlun um á hve löngum tíma sé raunhæft að stefna að því að ljúka slíkum úrbótum, og í hvaða röð.

1.1.2. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir 5 menn: Bárður Daníelsson, brunamálastjóri (samkv. tilnefningu Vængja hf.), Guðmundur Snorrason deildarstjóri (samkv. tilnefningu Flugleiða hf.), Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur (formaður), Leifur Magnússon varaflugmálastjóri (samkv. tilnefningu flugráðs) og Ríkarður Jónatansson flugstjóri (varaformaður). Fundarritari nefndarinnar var Birgir Guðjónsson lögfræðingur í samgönguráðuneyti.

1.2. Nefndarstörf.

1.2.1. Í upphafi starfs síns óskaði nefndin eftir fundi með samgönguráðherra til að ræða nánari skilgreiningu á verkefni sínu. Á fundi þessum voru m. a. eftirfarandi atriði staðfest:

a. Meginverkefni nefndarinnar sé úttekt og tillögugerð varðandi þá flugvelli, sem þjóna áætlunarflugi og reglubundnu póstflugi.
b. Málefni varðandi Keflavíkurflugvöll eru ekki á verksviði nefndarinnar.
c. Nefndin veiti einnig umsögn um þörf fyrir varaflugvöll norðan eða austan lands, sem ætlaður sé til afnota fyrir stórar millilandaflugvélar.

1.2.2. Á tímabilinu febrúar til nóvember 1976 hélt nefndin 32 bókaða fundi. Haukur Hauksson, verkfræðingur hjá flugmálastjórn, var ráðinn til starfa fyrir nefndina, og Ólafi Pálssyni verkfræðingi falið að gera kostnaðaráætlanir um tilteknar endurbætur flugvallanna. Eftirfarandi starfsmenn flugmálastjórnar voru kallaðir á fund nefndarinnar til viðræðna um þau málefni, er þeir fjalla um: Bergur P. Jónsson deildarstjóri upplýsingaþjónustu, Guðmundur Guðmundsson slökkviliðsstjóri Reykjavíkurflugvallar, Gunnar Sigurðsson flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar, og Hrafn Jóhannsson deildarstjóri flug-

valladeildar. Þá mætti Gunnar Finnsson hagfræðingur, starfsmaður Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), á einum fundi og veitti ýmsar upplýsingar í sambandi við fjármál alþjóðlegra flugvalla og stefnu ICAO á því sviði.

2. TILLÖGUR NEFNDARINNAR — YFIRLIT

2.1. Við áætlanagerð fyrir flugvelli og búnað þeirra verði miðað við tvo meginflokka flugvalla, **aðalflugvelli (A)** og **„STOL"-flugvelli (S)**. Á því tímabili, sem áætlun nefndarinnar tekur til, verði áætlunarflugvellir flokkaðir samkvæmt töflu 9 (bls. 19).

2.2. Áætluð lengd aðalflugbrauta áætlunarflugvalla verði í samræmi við töflu 11 (bls. 21).

2.3. Framkvæmdir á áætlunarflugvöllum á því tímabili, er áætlunin nær til, verði í samræmi við framkvæmdastaðla í gr. 7.3. og töflur 17—23 (bls. 45 til 51). Kostnaður er áætlaður 4 862 millj. kr.

2.4. Gerð og búnaður annarra flugvalla verði í samræmi við tillögu í gr. 5.5. (bls. 27). Kostnaður er áætlaður 295 millj. kr.

2.5. Endurbætur á búnaði fyrir leiðarflug (flugleiðsögukerfið, flugumferðarþjónusta og veðurþjónusta) verði samkvæmt gr. 6 (bls. 27 til 33). Kostnaður er áætlaður 81 millj. kr.

2.6. Forgangsröðun verkefna á framkvæmdaár verði í samræmi við ákvæði gr. 7.5. (bls. 40 til 43).

2.7. Verkefnum samkvæmt áætlun þessari verði lokið á **sex árum**, er krefst að meðaltali **900 millj. kr.** fjárveitingar á ári miðað við núverandi verðlag og gengi, sbr. gr. 8.4. (bls. 52).

2.8. Efnt verði til samkeppni um hönnun staðlaðra flugstöðva og tækjageymslna, er henti á íslenskum áætlunarflugvöllum, sbr. gr. 7.3.7. (bls. 34) og 7.3.8. (bls. 36).

2.9. Berist stjórnvöldum beiðni um byggingu varaflugvallar fyrir stórar millilandaflugvélar, verði gerð samanburðaráætlun um fjárfestingar- og rekstrarkostnað slíks flugvallar við Egilsstaði, Húsavík og Sauðárkrók, og sú lausn valin, sem hagkvæmust teldist. Lendingargjöld Keflavíkurflugvallar verði hækkuð til að standa straum af þeim kostnaðarauka, er stór varaflugvöllur myndi valda umfram rekstur innanlandsflugvallar á sama stað (sjá gr. 5.4. bls. 25 til 27).

2.10. Gerð verði athugun á tæknilegum og fjárhagslegum þáttum í sambandi við byggingu lítils, upphitaðs flugskýlis á Reykjavíkurflugvelli, sem ætlað sé að leysa brýnan vanda í sambandi við viðhalds- og skoðunaraðstöðu minni loftfara, sbr. gr. 10.2.2. (bls. 58).

2.11. Hraðað verði samningu reglugerða samkvæmt lögum nr. 34/1964 um loftferðir einkum er varða flugvelli, flugöryggismálefni og flugrekstur, sbr. gr. 5.1. og 10.1.4. (bls. 14 og 57).

2.12. Heimild verði veitt fyrir fjölgun þess starfsliðs flugmálastjórnar, sem starfar að áætlunarverkefnum og skyldum störfum (gr. 7.6., bls. 43).

2.13. Veitt verði heimild til að ráða við loftferðaeftirlitið flugstjóra, er hafi reynslu í áætlunarflugi, og honum falið að annast aukið eftirlit með flugrekstri í samræmi við alþjóðlegar reglur á því sviði, sbr. gr. 10.3.1. (bls. 58).

2.14. Skipulögð verði námskeið fyrir starfslið flugumferðarþjónustu og áætlunarflugvalla, bæði í sambandi við frumþjálfun og viðhaldsþjálfun, og gert ráð fyrir fjárveitingu í því skyni, sbr. gr. 7.3.31. (bls. 39).

2.15. Farþegaskattur („flugvallagjald") og tekjur af fríhöfn Keflavíkurflugvallar verði markaðir tekjustofnar er renni til flugmálastjórnar, sbr. gr. 9.3.5. (bls. 57).

2.16. Kannað verði hvort æskilegt sé að sveitarfélög taki þátt í rekstri flugvalla, sbr. gr. 9.3.6. (bls. 57).

2.17. Stefnt sé að því að afnotagjöld standi undir öllum útgjöldum hins opinbera varðandi millilandaflug, og ekki meira en 50% af útgjöldum í sambandi við innanlandsflug. Hlutdeild afnotagjalda í kostnaði við mannvirki og þjónustu fyrir innanlandsflug verði hækkuð í hóflegum áföngum, sbr. gr. 9.3. (bls. 55).

3. FLUGUMFERÐ OG FLUGFÉLÖG

3.1. Þróun flugumferðar.

3.1.1. Skráðar flughreyfingar (flugtök og lendingar) á Reykjavíkurflugvelli má að vissu marki nota sem mælikvarða á þróun flugumferðar hér á landi, þar eð flestar flugvélarnar eru staðsettar í Reykjavík, og sá flugvöllur er að mestu leyti miðpunktur áætlunarflugs á innanlandsleiðum. Þessi þróun er sýnd á **mynd 1.** Hér ber þó að gæta að langstærsti hluti skráðra flughreyfinga í Reykjavík er vegna kennslu- og æfingaflugs, sem náði hámarki á árunum 1965—67, en hefur farið verulega minnkandi síðan.

3.1.2. Sé hins vegar aðeins litið á skráðar flughreyfingar í áætlunarflugi (sjá **mynd 2)** kemur í ljós, að veruleg aukning hefur orðið í því flugi s. l. 5 ár. Farþegar í áætlunarflugi innanlands, er fóru um Reykjavíkurflugvöll árið 1975, voru um 221 þúsund. Sé miðað við fluttan þunga voru farþegaflutningar um 75% og frakt og póstur um 25%. Nánari upplýsingar um flutninga um helstu flugvellina koma fram í gr. 5.1. hér á eftir.


3.1.3. Árið 1974 gerði B. Hellman, flugvallaverkfræðingur hjá ICAO, eftirfarandi umferðarspá fyrir Reykjavíkurflugvöll:


Tafla 1

ár	farþegar	frakt (tn)
1977	275.000	7.130
1978	301.000	7.750
1979	329.000	8.420
1980	359.000	9.140
1985	558.000	13.700
1990	876.000	20.600


3.1.4. **Mynd 3** veitir yfirlit yfir áætlunarflugleiðir innanlands sumarið 1976. Á s. l. árum hefur töluvert aukist starfsemi þeirra flugfélaga, sem eiga sér heimastöð á öðrum flugvöllum en í Reykjavík. Hér er einkum um að ræða Akureyri, Egilsstaði, Ísafjörð og Vestmannaeyjar. Sum þessara félaga haga ferðum sínum eftir áætlunarflugferðum Flugfélags Íslands hf., og má búast við að slík samtenging flugáætlana fari vaxandi á næstu árum, einkum eftir að þessi flugfélög hafa tekið í notkun fullkomnari flugvélar, sem betur henta til blindflugs og notað geta stuttar flugbrautir.

Mynd 1



Flugvellir
Reykjavíkurflugvöllur
Fjöldi flugferða
Flugferðir á ári
(flug og lendingar)
120.000
110.000
100.000
90.000
80.000
70.000
60.000
50.000
40.000
30.000
20.000
10.000
Áætlunarflug
1960
1962
1964
1966
1968
1970
1972
1974
1976
ár


Mynd 2
Flughreyfingar/ár
11.000
10.000
9.000
8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
Flughreyfingar á ári
(flugtök og lendingar)
samtals
áætlunarflug innanlands
áætlunarflug milllilanda
1960
1962
1964
1966
1968
1970
1972
1974
1976
Ár

FLUGVELLIR FYRIR ÁÆTLUNARFLUG INNANLANDS SUMARIÐ 1976.



Kynd 3


- 8 -
Mynd 4
Fjöldi "stöðvaðra" á tiltekinni leið á tímabilinu (þar kr)
100.000
90.000
80.000
70.000
60.000
50.000
40.000
30.000
20.000
10.000
1960
1962
1964
1966
1968
1970
1972
1974
1976
kr
Skýring: Með "stöðvaðri" er átt við tiltekinn stað á jörðu, sem loftfar getur miðað við, er það tilkynnir stöðu sína (venalega radiovita, séu miðum á tiltekinn radiovita).

3.1.5. Annar mælikvarði á þróun áætlunarflugs innanlands er skráning flugstjórnarmiðstöðvarinnar á svonefndum stöðumiðum blindflugs á innanlandsleiðum, en þessi þróun tímabilið 1963—75 er sýnd á **mynd 4.** Með „stöðumiði" er átt við tiltekinn stað á jörðu, sem loftfar getur miðað við er það tilkynnir stöðu sína. Athyglisvert er að fjöldi stöðumiða hefur tvöfaldast á 10-ára tímabilinu frá 1965 til 1975. Meðallengd áætlunarflugleiða innanlands er um 200 km, og meðalflugtími á milli staða ca. 43 mínútur.

3.2. Flugfélög á Íslandi.

3.2.1. Í eftirfarandi töflu 2 er skrá yfir þau flugfélög, sem nú hafa flugrekstrarleyfi gefið út af samgönguráðuneyti:

Tafla 2


flugfélag og aðsetur (raðað eftir aldri)	reglubundið áætlunarflug		óreglubundið flug (flugvélar yfir 5,7 t)	þjónustuflug
	millilanda	innanlands		
1. Flugfélag Íslands hf., Rvk.	X	X	X	-
2. Loftleiðir hf., Rvk.	X	-	X	-
3. Flugþjónustan hf., Rvk.	-	-	-	X
4. Norðurflug, Akureyri	-	-	-	X
5. Helgi Jónsson, Rvk.	-	-	-	X
6. Flugstöðin hf., Rvík.	-	-	-	X
7. Andri Heiðberg, Rvk. (þyrlur)	-	-	-	X
8. Flugf. Ernir hf., Ísafirði	-	-	-	X
9. Vængir hf., Rvk.	-	X	X	X
10. Air Viking hf., Rvk.	-	-	X	-
11. Sverrir Þóroddsson, Rvk.	-	-	-	X
12. Iscargo hf., Rvk. (vörufl.)	X	-	X	-
13. Bjarni Jónasson, Vestm.eyjum	-	-	-	X
14. Suðurflug hf., Keflavík	-	-	-	X
15. Flugf. Austurl. hf., Egilsst.	-	-	-	X
16. Þorsteinn Sigurg.s., Selfossi	-	-	-	X
17. Flugf. Norðurl. hf., Akureyri	-	X	X	X
18. Flugtak hf., Rvk.	-	-	-	X
19. Arnarflug hf., Rvk.	-	-	X	-
SAMTALS:	3	3	7	14

3.2.2. Auk framangreindra félaga hafa nokkrir aðilar hlotið heimild flugmálastjórnar til að stunda flugkennslu. Þá eru einnig starfandi nokkur áhugamannafélög á sviði flugmála (vélflug, svifflug, módelflug og fallhlífastökk).

3.3. Loftför á skrá.

3.3.1. Þróun loftfaraeignar íslendinga á árunum 1945—1975 er sýnd á mynd 5. Með loftfari (aircraft) er m. a. átt við flugvélar, þyrlur og sviffflugur.

Mynd 5


SAMTALS
EINS-HREYFILS FLUGVÉLAR
MARG-HREYFLA FLUGVÉLAR
SVIFFLUGUR
ÞYRLUR
ÁR
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
LOFTFÖR Á SKRÁ
0
10
20
30
40
50
60
70
80
90
100
110
120
130
140

4. FLUGSLYS

4.1. Almennt.

4.1.1. Þar sem í skipunarbréfi nefndarinnar er óskað úttektar á flugöryggismálum taldi nefndin rétt að kynna sér fyrirliggjandi upplýsingar um flugslys íslenskra loftfara svo og annara loftfara með íslenskri áhöfn. Í eftirfarandi greinum er athuguð orsök 37 flugslysa á tímabilinu 1919—1975, þar sem manntjón varð, svo og 113 annara flugslysa á tímabilinu 1965—1975. Í alþjóðlegum skýrslum um flugöryggi er vanalega miðað við slysatíðni á afkastaeiningu, t. d. farþegakílómetra, flugkílómetra, flugtíma eða fjölda lendinga. Upplýsingar í þessu formi eru ekki nema að mjög takmörkuðu leyti fyrir hendi hér á landi. Eftirfarandi tafla 3 sýnir samanburð á slysatíðni í „almannaflugi" (general aviation) hér á landi og í Bandaríkjunum s. l. 5 ár.


Tafla 3

ár	Samtals fjöldi flugslysa per 100.000 flugtíma (í "almannaflugi")		Samtals fjöldi flugslysa per 100.000 flugtíma og þar sem manntjón varð	
	Ísland	Bandaríkin	Ísland	Bandaríkin
1971	70,5	18,2	7,7	2,6
1972	31,5	15,8	12,4	2,6
1973	23,5	14,1	11,7	2,4
1974	42,4	14,0	5,3	2,1
1975	25,3	?	5,1	2,1

Með „almannaflugi" er átt við allt flug annað en áætlunarflug, leiguflug með stærri flugvélum og herflug. Slysatíðni í þessari grein flugsins hefur því verið 1.7—4.9 sinnum meiri hér á landi en í Bandaríkjunum.

4.2. Yfirlit og þróun dauðaslysa (1919—1975).

4.2.1. Síðan flug hófst á Íslandi árið 1919 og til ársloka 1975 hafa samtals orðið 37 flugslys íslenskra loftfara, eða loftfara með íslenskri áhöfn, þar sem manntjón hefur orðið. Mynd 6 sýnir þróunina á þessu sviði árin 1940—1975, og tafla 4 veitir yfirlit yfir skiptingu slysanna á helstu flokka loftfara og flugumferðar.



TAFLA 4 YFIRLIT 1919-1975	"Almannaflug"	Leiguflug	Áætlunarflug	Samtals	%
Eins-hreyfils flugvélar	13	4	1	18	48,6
Tveggja-hreyfla flugv.	1	6	5	12	32,4
Fjögurra-hreyfla flugv.	-	3	1	4	10,8
Svifflugur	2	-	-	2	5,4
Þyrlur	-	1	-	1	2,7
Samtals:	16	14	7	37	100,0
%	43,2	37,8	18,9	100,0	

4.2.2. Fjöldi látinna í ofangreindum slysum er samtals 147, og sýnir **mynd** 7 þróunina árin 1940—1975, og **tafla** 6 skiptingu á helstu flokka flugumferðar, og hvort um áhöfn, farþega eða utankomandi var að ræða.

4.2.3. Dauðaslys í áætlunarflugi hafa ekki orðið hér á landi síðan árið 1951, en tvö alvarleg slys í áætlunarflugi íslenskra flugvéla erlendis hafa orðið á þessu tímabili (Viscount við Osló 1963 og F-27 í Færeyjum 1970). Hins vegar hefur tíðni flugslysa í leigu- og „almanna"-flugi (general aviation) aukist á tímabilinu og nemur nú 81% af heildarfjölda slysanna, en tala látinna í leigu- og almannaflugi er orðin 49% af heildarfjölda þeirra, er látist hafa í þessum flugslysum.

4.3. **Helstu orsakir dauðaslysa (1919—1975).**

4.3.1. Í **töflu** 5 eru framangreind flugslys flokkuð eftir tegund flugumferðar og helstu orsök slyssins. Um 46% slysanna hefur orðið við „sjónflug inn í ófær veðurskilyrði", sem vanalega hefur síðan leitt til að flogið hefur verið á fjall eða aðra hindrun. Tæknilegar bilanir loftfarsins eru taldar hafa orsakað minna en 3% umræddra slysa.

Tafla 5


röð	tegund flugumferðar: helsta orsök	"almanna-flug"	leigu-flug	áætlunar-flug	Samtals	%
1.	sjónflug inn í ófær veðurskilyrði	8	6	3	17	45,9
2.	ísing	-	2	2	4	10,8
3.	flugtak	3	-	1	4	10,8
4.	gengið í skrúfu	-	4	-	4	10,8
5.	lágflug	3	-	-	3	8,1
6.	aðflug og lending	1	1	1	3	8,1
7.	tæknileg bilun	-	1	-	1	2,7
8.	annað	1	-	-	1	2,7
SAMTALS:		16	14	7	37	100,0
%		43,2	37,8	18,9	100,0	

4.3.2. Síðan lög nr. 34/1964 um loftferðir tóku gildi hér á landi hefur rannsókn flugslysa, þar sem dauðsfall hefur orðið, verið í höndum sérstakrar rannsóknarnefndar, er samgönguráðherra skipar. Önnur flugslys eru rannsökuð af loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, sem einnig er nefndinni til aðstoðar við störf sín. Í skýrslum sínum hefur nefndin lagt fram ýmsar ábendingar og tillögur varðandi flugkennslu, þjálfun flugmanna, flugrekstur, flugreglur, búnað loftfara og upplýsingamiðlun. Ástand flugvalla og búnaðar þeirra hefur í skýrslum þessum ekki verið tilgreind sem orsök dauðaslysa. Hins vegar mætti draga þá ályktun, að hin háa tíðni slysa, sem orðið hafa við sjónflug inn í ófær veðurskilyrði, bendi til ófullnægjandi blindflugsbúnaðar,

Mynd 7

SAMTALS FJÖLDI LÁTINNA Í FLUGSLYSUM

(Á Íslandi og/eða með loftförum skráðum á Íslandi)



TAFLA 6 YFIRLIT 1919-1975	"Almannaflug"	Leiguflug	Áætlunarflug	Samtals	%
a) Áhöfn loftfarsins	18	20	14	52	35,4
b) Farþegar	14	16	61	91	61,9
c) Aðrir	-	4	-	4	2,7
Samtals:	32	40	75	147	100,0
%	21,8	27,2	51,0	100,0	

annað hvort í loftfarinu sjálfu eða á jörðu niðri, og/eða ófullnægjandi kunnáttu og þjálfun í blindflugi. Þessi ályktun á einkum við tímabilið fram að 1952, er blindflugleiðakerfið var tekið í notkun.

4.4. Önnur flugslys (1965—1975).

4.4.1. Tíðni flugslysa, þar sem ekki verður dauðsfall, er mun hærri en framangreindra dauðaslysa. Eftirfarandi tafla 7 veitir yfirlit yfir þau 113 skráðu flugslys og flugóhöpp, sem urðu á tímabilinu 1965 til 1975, og þau flokkuð eftir tegund flugumferðar og helstu orsök:

Tafla 7

röð	tegund flugumferðar: helsta orsök	"almanna-flug"	leigu-flug	áætlunar-flug	Samtals	%
1.	aðflug og lending	27	15	2	44	38,9
2.	flugtak	17	7	-	24	21,2
3.	tæknileg bilun	7	10	3	20	17,7
4.	sjónflug inn í ófær veðurskilyrði	5	2	1	8	7,1
5.	ísing	4	3	-	7	6,2
6.	lágflug	5	1	-	6	5,3
7.	gengið í skrúfuna	1	-	-	1	0,9
8.	annað	2	1	-	3	2,7
	Samtals:	68	39	6	113	100,0
	%	60,2	34,5	5,3	100,0	

5. FLUGVELLIR OG BÚNAÐUR ÞEIRRA

5.1. Ákvæði laga um loftferðir.

5.1.1. Í VI. kafla laga nr. 34/1964 um loftferðir er fjallað um flugvelli og önnur flugvirki. Í greinargerð með frumvarpi að þessum lögum segir m. a.: „Ráðherra ber að ganga úr skugga um, að þörf sé á flugvelli, að flugvöllur sé vel í sveit settur, byggðarlagi verði eigi of mikill baggi búinn af návist hans, hann sé heppilegur miðað við loftferðir bæði innanlands og til annara landa". Í 63. gr. laganna er gert ráð fyrir að flugvellir, sem ætlaðir eru til almennrar notkunar, þarfnist viðurkenningar ráðherra, og hann bindi viðurkenningu sína þeim skilyrðum, sem nauðsynleg má telja.

5.1.2. Skilyrði um viðurkenningu hvílir á öryggissjónarmiðum og er ætlað að tryggja að flugvellir og flugvirki fullnægi á hverjum tíma settum kröfum um tæknilegan búnað og öryggi. Viðurkenningu getur flugvöllur ekki fengið nema að fullnægðum skilyrðum 55. gr. laganna, sem kveður á um setningu reglna um hverjum kröfum flugvellir og önnur flugvirki skuli fullnægja, svo og reglna um rekstur og viðhald þessara mannvirkja og eftirlit með þeim. Þá þykir rétt að ráðherra setji, í þágu almenns öryggis, glöggar reglur um för gangandi manna og farartækja um flugvelli.

5.1.3. Með ákvæðum um eignarnám og loftferðatálmanir í 64.—75. gr. laganna er reynt að tryggja sem öruggast aðflug að flugvelli og brottflug frá honum. Samkvæmt 66. gr. ber ráðherra að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli og skulu þær geyma fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins, þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja. Innan skipulagssvæðis skal greina hinar mismunandi takmarkanir á mannvirkjahæð, sem nauðsynlegar eru til öruggrar lendingar og öruggs flugtaks. Í grein þessari eru ennfremur ákvæði um þann hátt, sem hafa skal við birtingu skipulagsreglna flugvalla.

5.1.4. Reglur þær, sem getið hefur verið hér að framan, hafa enn ekki verið settar. Eðlilegt er, að ráðuneytið feli flugmálastjórn að annast undirbúning téðra reglna, en ljóst er, að þar sem hér er um mjög viðamikið verkefni að ræða, er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir nauðsynlegu viðbótar starfsliði hjá stofnuninni. Nefndin telur brýna þörf á því að vinna við þessi verkefni geti hafist sem fyrst.

5.2. Flokkun flugvalla.


5.2.1. Samkvæmt ákvæðum ICAO Annex 14 er flugvöllum almennt skipað í 5 flokka eftir lengd aðalflugbrautar, og er þá miðað við að flugbraut sé a. m. k. 600 m löng. Hér á landi eru einnig skráðir flugvellir með a. m. k. 400 m langa aðalflugbraut. Eftirfarandi tafla 8 sýnir núverandi dreifingu íslenskra flugvalla á kjördæmi og ICAO flokka:

Tafla 8

ICAO-flokkur: Lengd flugbrautar (m) / kjördæmi	A yfir 2100	B 1500-2099	C 900-1499	D 750-899	E 600-749	"F" 400-599	Samtals
Reykjavík	-	1	-	-	-	-	1
Reykjanes	1	-	-	1	-	-	2
Vesturland	-	-	-	1	4	8	13
Vestfirðir	-	-	3	2	7	12	24
Norðurland vestra	-	1	-	1	4	-	6
Norðurland eystra	-	1	6	-	2	5	14
Austurland	-	1	3	1	5	6	16
Suðurland	-	2	6	3	3	6	20
Samtals:	1	6	18	9	25	37	96

Yfirlit yfir þróun flugbrautagerðar hér á landi árin 1932—1976 er sýnt á **mynd** 8, en **mynd** 9 sýnir staðsetningu núverandi flugvalla.

Mynd 8


GERÐ FLUGBRAUTA Á ÍSLANDI
SAMTALS LENGD FLUG-BRAUTA (KM)
0
10
20
30
40
50
60
70
80
90
100
110
120
130
140
1935
1940
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
ÁR

5.2.2. Á 855. fundi flugráðs (14. jan. 1975) var samþykkt að skipa íslenskum flugvöllum í eftirfarandi fjóra flokka:

I. Alþjóðaflugvellir (6). — Skilgreindir sem komu- og brottfararflugvellir millilandaflugs í samræmi við gr. 10 í stofnskrá ICAO.

II. Aðrir flugvellir notaðir í reglubundnu áætlunarflugi, og með a. m. k. 900 m langa flugbraut (11).

III. Flugvellir notaðir í reglubundnu áætlunarflugi, og með 600—899 m langa flugbraut (13).

IV. Aðrir flugvellir með a. m. k. 400 m langa flugbraut (66).

5.2.3. I sambandi við áætlanagerð um framtíðarþróun áætlunarflugvalla á Íslandi telur nefndin rétt að hafa hliðsjón af framangreindri flokkun ICAO og flugráðs, en miða við eftirfarandi tvo meginflokka flugvalla:

Aðalflugvellir (A) — Flugbrautarlengd sé samkvæmt ICAO-flokkum B og C (900—2099 m), og flugflutningar a. m. k. 900 tn á ári. Greinist í þrjá undirflokka A1 A2 og A3.


„STOL"-flugvellir (S) — Flugbrautarlengd sé samkvæmt ICAO-flokkum D og E (600—899 m) og/eða flugflutningar minni en 900 tn á ári. Greinist í tvo undirflokka áætlunarflugvalla, S1 og S2. Aðrir flugvellir, sem ekki eru notaðir í áætlunarflugi, verði í þriðja undirflokknum S3.

Athugasemdir:

1) Með „flugflutningum" er átt við skráða heildarþyngd flutninga um flugvöllinn, þ. á m. farþega, frakt og póst. Hver farþegi og farangur hans er hér reiknaður 90 kg.
2) Alþjóðaskammstöfunin „STOL" (Short Take-Off and Landing) táknar hér að viðkomandi flugvelli sé fyrst og fremst ætlað að þjóna flugvélum, er notað geta stuttar flugbrautir (600—899 m).

5.2.4. Í töflu 9 eru áætlunarflugvellirnir skráðir í samræmi við þessa flokkun, og í röð eftir skráðum flugflutningum árið 1975. Við samanburð á flutningum um hina tvo flokka flugvalla kemur í ljós að ca. 93% flutninganna fer um aðalflugvellina 9, og ca. 7% um STOL-flugvellina 27. Þess ber hér að gæta, að aðalflugvellirnir eru jafnframt heimastöð áætlunarflugfélaganna (Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður og Reykjavík). Í þessari skrá hefur Reykjavíkurflugvöllur töluverða sérstöðu með 50% allra skráðra flugflutninga, og er einn í flokki A1. Flugvellirnir við Akureyri, Vestmannaeyjar, Ísafjörð og Egilsstaði verða í flokki A2, en Hornafjörður, Sauðárkrókur, Húsavík og Patreksfjörður lenda í flokki A3. Í flokki S2 eru einnig þeir 6 flugvellir, sem flogið er til samkvæmt samningi um reglubundið póstflug, en ekki er um að ræða annað áætlunarflug. Þar sem áætlunarflug til Suðureyrar hófst fyrst í árslok 1975, er í töflunni tekið mið af flutningum þangað tímabilið desember 1975 til september 1976, og breytt yfir í ársgrundvöll.

5.2.5. Þrír flugvellir, sem nú eru notaðir af F-27 flugvélum í áætlunarflugi, þ. e. Þingeyri, Norðfjörður og Fagurhólsmýri, eru hér skráðir í S-flokk, fyrst og fremst með hliðsjón af takmörkuðum flutningum, og einnig með tilliti til takmarkaðra þróunarmöguleika fyrir þessa og svipaðar tegundir flugvéla. Á Þingeyri og Norðfirði er aðflug og brottflug í þröngum fjörðum, þannig að jafnvel þótt lenging flugbrauta væri möguleg, kæmi hún ekki nema að takmörkuðu gagni. Þá hefur áætlunarflug um Fagurhólsmýri nú dregist verulega saman eftir tilkomu hringvegarins, og er aðeins ein vikuleg ferð áætluð í sambandi við flug til Hornafjarðar. Áætla mætti að viðkomandi byggðarlögum verði betur þjónað með nútíma „STOL"-flugvélum, t. d. Twin-Otter, því vikuleg ferðatíðni gæti þá tvöfaldast, og ennfremur myndi rekstrarkostnaður flugvallanna, t. d. varðandi snjómokstur, lækka töluvert. Nefndin leggur


Mynd 9
FLUGVELLIR Á ÍSLANDI
(HRINGIR MEÐ 20 KM RADIUS)
FLUGÖRYGGIS-
ÞJÓNUSTAN
FLUGVELLIR FYRIR ÆTLUNARFLUG
MEÐ F-27 FLUGVÉLUM EÐA STÆRRI.
FLUGVELLIR FYRIR ANNAÐ
ÆTLUNARFLUG
AÐRIR FLUGVELLIR
(SJÚKRAFLUG O.FL.)

Tafla 9

FLOKKUN FLUGVALLA FYRIR ÆTLUNARFLUG, OG RÖÐ ÞEIRRA MIÐAÐ VIÐ SKRÁÐA FLUGFLUTNINGA ÁRIÐ 1975

Skammstafanir flugfélaga:
A - Flugf. Austurlands
E - Ernir hf.
F - Flugfélag Íslands
N - Flugf. Norðurlands
V - Vængir hf.

flokkur			flugvöllur	Leyfi útgefin af samgönguráðuneyti: flugfélög með leyfi til áætlunarflugs	Leyfi útgefin af samgönguráðuneyti: flugfélög með samning um póstflug	"Flugflutningar" tn/ári (farþegar, frakt og póstur)	Farþegar	Frakt og póstur (tn/ári)	Frakt og póstur sem hlutfall af flugflutningum
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	F V	V	28.022	234.433	6.923	24,7
	A2	2	Akureyri	F N	N	7.670	70.305	1.343	17,5
		3	Vestmannaeyjar	F		5.444	50.646	886	16,3
		4	Ísafjörður	F	E	3.641	27.603	1.157	31,8
		5	Egilsstaðir	F	A	3.441	25.366	1.158	33,7
	A3	6	Hornafjörður	F	A	1.163	8.369	410	35,3
		7	Sauðárkrókur	F N		984	8.827	190	19,3
		8	Húsavík	F	N	981	8.203	243	24,8
		9	Patreksfjörður	F	E	924	6.434	345	37,3
	Samtals "A":			-	-	52.270	440.186	12.655	24,2
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	V N		496	4.628	79	15,9
		11	Rif	V		413	4.431	14	3,4
		12	Þingeyri	F	E	402	2.954	136	33,8
		13	Blönduós	V N		401	4.088	33	8,2
		14	Norðfjörður	F		322	1.860	155	48,1
		15	Vopnafjörður	N	N A	269	1.985	90	33,5
		16	Stykkishólmur	V		254	2.620	18	7,1
		17	Raufarhöfn	N F	N	195	1.588	52	26,7
		18	Þórshöfn	N F	N A	188	1.437	59	31,4
		19	Flateyri	V	E	182	1.380	58	31,9
		20	Suðureyri	V	E	(160)	(1.500)	(25)	(15,6)
		21	Bíldudalur	V		117	941	32	27,4
	S2	22	Reykhólar	V		77	812	4	5,2
		23	Hólmavík	V	V	68	656	9	13,2
		24	Grímsey	N	N	61	620	5	8,2
		25	Fagurhólsmýri	F		57	617	1	23,2
		26	Gjögur	V	V	56	482	13	23,2
		27	Kópasker	N	N	45	328	15	33,3
		28	Borgarfj.eystri		A	43	185	26	60,5
		29	Mývatn	V		22	218	2	9,1
		30	Hvammstangi	V	V	15	119	4	28,7
		31	Bakkafjörður		A	14	111	4	28,6
		32	Búðardalur	V	V	10	99	1	10,0
		33	Djúpivogur		A	4	37	1	25,0
		34	Breiðdalsvík		A	1	9	-	-
		35	Fáskrúðsfjörður		A	1	-	1	100,0
		36	Seyðisfjörður		A	1	-	1	100,0
	Samtals "S"			-	-	3.874	33.705	838	21,6
SAMTALS:				-	-	56.144	473.891	13.493	24,0

til að flugbrautir þessara þriggja flugvalla verði a. m. k. fyrst um sinn haldið við í núverandi lengd, en áætlanir um gerð og búnað þeirra verði að öðru leyti miðaðar við S-flokk.

5.2.6. Gerð flugvalla í S-flokki er verulega ódýrari en flugvalla í A-flokki. Eftirfarandi tafla 10 gerir samanburð á nokkrum helstu þáttum þessara tveggja flokka, og er jafnframt vísbending um hlutfallslegan kostnað þeirra. Þess ber þó að gæta, að þar sem mjög víða er unnt að byggja 600—800 m flugbraut á hagkvæman hátt þar sem gerð 1300—1600 m flugbrautar er annað hvort ekki möguleg eða óhóflega dýr, er kostnaðarmunurinn e. t. v. meiri en taflan gefur til kynna.

Tafla 10

atriði	flugvöllur í A-flokki	flugvöllur í S-flokki	S-flokkur sem hlutfall af A-flokki (%)
Flugbraut, lengd (m)	1600	800	50,0
" breidd (m)	45	30	66,7
" flötur (m^2)	72000	24000	33,3
Öryggissvæði, lengd (m)	1720	860	50,0
" breidd (m)	150	80	53,3
" flötur (m^2)	186000	44800	24,1
Akbraut, lágm. breidd (m)	23	10	43,5
Halli flugtaksflatar	1:50	1:25	50,0
Lengd flugtaksflatar (m)	15000	2500	16,7

Á sama hátt má reikna með að rekstrarkostnaður S-flugbrautar sé innan við helming hliðstæðs kostnaðar við A-flugbraut.

5.3. Núverandi ástand.

5.3.1. Helstu núverandi einkenni áætlunarflugvallanna eru skráð í töflu 11. Fimm þeirra eru nú skráðir millilandaflugvellir, blindaðflug er við 20 þeirra, en aðeins 7 hafa búnað fyrir næturflug (föst flugbrautarljós, aðflugshallaljós og aðflugsljós). Fjarlægð flugvallar frá næsta byggðarkjarna er frá 1 til 25 km, að meðaltali 5 km. Lengd aðalflugbrautar er frá 460 til 2014 m. Í töflunni er ennfremur að finna tillögu um ICAO-flokk hvers flugvallar svo og þá flugbrautarlengd, sem stefnt sé að og hagkvæmt sé að gera. Samkvæmt því yrði lágmarkslengd flugbrauta í A-flokki um 1300 m en í S-flokki 600 m. Alls staðar þar sem aðstæður leyfa skal stefnt að lengd flugbrauta í A-flokki 1600 m og í S-flokki 800 m, og er þá miðað við þær gerðir flugvéla, sem nú eru almennt í notkun.

5.3.2. Aðeins tveir flugvallanna hafa malbikaðar flugbrautir, þ. e. Reykjavík og Akureyri. Á tveim öðrum flugvöllum, Ísafirði og Vestmannaeyjum, er lítill hluti flugbrautar malbikaður. Allir aðrir áætlunarflugvellir hafa malarbrautir, sem margar hverjar eru með mjög grófu yfirborði, er skert gæti öryggi

Tafla 11

HELZTU NÚVERANDI EINKENNI ÆTLUNARFLUGVALLANNA OG MÖGULEG EÐA ÆTLUÐ ÞRÓUN

ICAO-flugbrautarflokkar:
A - yfir 2100m
B - 1500-2099m
C - 900-1499m
D - 750-899m
E - 600-749m
"F" - 400-599m

flokkur			flugvöllur	Skráður millilandaflugvöllur	Blindaðflugskerfi	Búnaður fyrir næturflug	Lengd bílvegar frá flugvelli að næsta byggðarkjarna (km)	Núverandi flugbrautarlengd (m)	Núverandi ICAO-flokkur	Ætlaður ICAO-flokkur	Ætluð flugbrautarlengd (m) (í næstu 100m)	Athugasemdir
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	X	X	X	3	1730	B	B	1800	
	A2	2	Akureyri	X	X	X	2	1560	B	B	2000	
		3	Vestmannaeyjar	-	X	X	2	1260	C	C	1300	
		4	Ísafjörður	-	X	-	8	1400	C	C	1400	Aðflugsaðstæður þröngar
		5	Egilsstaðir	X	X	X	2	1503	B	B	1500	Möguleg lenging í 1800m
	A3	6	Hornafjörður	X	X	X	9	1260	C	C	1400	
		7	Sauðárkrókur	X	X	X	4	2014	B	B	2000	
		8	Húsavík	-	X	X	10	1560	B	B	1600	Möguleg lenging í 2700m
		9	Patreksfjörður	-	X	-	25	1400	C	B	1400	Möguleg lenging í 1600m
	Samtals "A":			5	9	7	7	1520	-	-	1600	(meðaltal)
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	-	-	3	660	E	D	700	Aðflugsaðstæður þröngar
		11	Rif	-	-	-	3	630	E	D	800	
		12	Þingeyri	-	X	-	4	1075	C	D	(800)	Aðflugsaðstæður þröngar
		13	Blönduós	-	X	-	1	800	D	D	800	
		14	Norðfjörður	-	X	-	3	1150	C	D	(800)	Aðflugsaðstæður þröngar
		15	Vopnafjörður	-	X	-	4	800	D	D	800	
		16	Stykkishólmur	-	X	-	4	680	E	D	800	
		17	Raufarhöfn	-	X	-	6	1200	C	D	(800)	
		18	Þórshöfn	-	X	-	8	1140	C	D	(800)	
		19	Flateyri	-	X	-	20	750	D	D	800	
		20	Suðureyri	-	-	-	1	465	F	E	600	Aðflugsaðst. mjög þröngar
		21	Bíldudalur	-	-	-	1	500	F	E	600	
	S2	22	Reykhólar	-	-	-	1	550	F	E	600	
		23	Hólmavík	-	-	-	2	700	E	E	700	
		24	Grímsey	-	X	-	1	1200	C	D	(800)	
		25	Fagurhólsmýri	-	X	-	1	1200	C	D	(800)	
		26	Gjögur	-	-	-	1	575	F	E	700	
		27	Kópasker	-	X	-	2	1170	C	D	(800)	
		28	Borgarfj.eystri	-	-	-	1	660	E	E	700	
		29	Mývatn	-	-	-	1	580	F	E	600	
		30	Hvammstangi	-	-	-	15	700	E	E	700	
		31	Bakkafjörður	-	-	-	2	600	E	E	600	
		32	Búðardalur	-	-	-	6	700	E	E	700	
		33	Djúpivogur	-	-	-	2	600	E	E	600	
		34	Breiðdalsvík	-	-	-	8	460	F	E	600	Aðflugsaðstæður þröngar
		35	Fáskrúðsfjörður	-	-	-	2	560	F	E	600	Aðflugsaðstæður þröngar
		36	Seyðisfjörður	-	-	-	8	580	F	E	600	Aðflugsaðstæður þröngar
	Samtals "S"			-	11	-	4	765	-	-	720	(meðaltal)
SAMTALS:				5	20	7	5	955	-	-	940	(meðaltal)

þeirra flugvéla, sem nota þær. Tilskilin öryggissvæði flugbrauta eru yfirleitt ekki fyrir hendi, eða þá aðeins að mjög takmörkuðu leyti. Varanlegar flugstöðvarbyggingar eru nú aðeins á 4 flugvöllum, Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Siglufirði. Á öllum öðrum áætlunarflugvöllum eru ýmist mjög ófullkomin og lítil bráðabirgðaskýli, eða að ekkert afdrep er fyrir starfsmenn og flugfarþega. Ófullkomnar tækjageymslur eru aðeins við 6 flugvelli, sandgeymslur við 3 flugvelli, en við aðra flugvelli vantar slík skýli.

5.3.3. Slökkvibúnaður er ýmist enginn til staðar, eða að hann fullnægir ekki lágmarkskröfum, sem ICAO mælir með á því sviði. Í töflu 12 er að finna ákvæði ICAO um slökkviþjónustu á flugvöllum. Eftirfarandi undanþágur er leyfilegt að veita:

a) Ef flughreyfingar lengstu flugvéla, sem nota flugvöllinn, eru færri en 700 á annríkasta þriggja-mánaða tímabili ársins, má lækka eldvarnaflokkinn um eitt stig.
b) Ef verulegur stærðarmunur er á þeim flugvélagerðum, sem taldar eru í skrá yfir 700 flughreyfingar á annríkasta þriggja-mánaða tímabilinu, má lækka eldvarnaflokkin um tvö stig.
c) Nota má viðbótarslökkviefni í stað vatns fyrir eldvarnaflokka 1 til 3, og þá gert ráð fyrir að 1 kg af þurrefni samsvari 1 l af vatni.

Núverandi ástand slökkviþjónustu á þeim flugvöllum, sem notaðir eru af Fokker F-27 flugvélunum, kemur einnig fram í töflunni, og er ljóst að hér þarf brýnna úrbóta við.

5.3.4. Þar sem búnaður til næturflugs er aðeins á 7 flugvöllum hefur það ástand mjög slæm áhrif á nýtingu flugflota minni flugfélaganna, þar sem yfirleitt er það aðeins heimaflugvöllurinn, sem er búinn ljósum. Víðast hvar eru radiovitar (NDB) notaðir til blindaðflugs, og er æskilegt að stefnt sé að uppsetningu fullkomnari aðflugsbúnaðar, sem sendi út leiðsögumerki á VHF/UHF tíðnisviðinu.

5.3.5. Ástæður fyrir þessu slæma ástandi eru eflaust nokkrar. Fyrst og fremst hafa fjárveitingar til framkvæmdaverkefna flugmálastjórnar ekki verið í neinu samræmi við hina öru þróun flugsamgangna og brýna þörf landsbyggðarinnar fyrir slíkar samgöngur við fullnægjandi öryggi. Á undanförnum 25 til 30 árum hefur megináherslan verið lögð á að leysa til bráðabirgða frumþarfir sem allra flestra byggðarlaga fyrir flugsamgöngur. Jafnframt hefur verið gerður fjöldi einfaldra sjúkraflugvalla, en tilvera þeirra veitir íbúum þeirra byggðarlaga, sem eru fjarri fullkomnum sjúkrahúsum, öryggi og hagræði. Segja má, að um leið og lokið hafi verið við gerð einfaldrar malarbrautar við helstu byggðarlögin, hafi áætlunarflug þangað hafist. Eftir að slíkt var hafið, hefur jafnframt dvínað sá þrýstingur, sem verið hafi á fjárveitingarvaldinu, og því gangi mjög erfiðlega að afla þess viðbótarfjármagns, sem þurfi til að ljúka verkinu og koma flugbraut og tækjabúnaði í tilskilið horf.

5.3.6. Til samanburðar má geta um þá stefnu, er tekin var í Noregi. Eftir heimsstyrjöldina var þar lögð megináhersla á byggingu tiltölulega fárra en fullkominna flugvalla, sem að gerð og búnaði uppfylltu allar kröfur ICAO. Á árunum upp úr 1960 jókst þar hins vegar þrýstingur á stjórnvöld um gerð verulega fleiri flugvalla, og voru skipaðar nefndir til að gera tillögur um stefnu hins opinbera á því sviði. Niðurstaða þeirra varð sú að áfram skuli miða við fáa (17) aðalflugvelli (stamruteplasser), en til viðbótar þeim sé stefnt að byggingu 15—25 áætlunarflugvalla með „stuttar flugbrautir" (kortbaneplasser). Gerð og búnaður þessara flugvalla var því frá upphafi eingöngu miðuð við rekstur STOL-flugvéla, og var náin samvinna á milli

Tafla 12.

ICAO-REGLUR UM SLÖKKVIÞJÓNUSTU FLUGVALLA										
Eld-varna-flokkur flug-valla	Mesta lengd flug-vélar (m)	Dæmi um flugvél	Vatn til froðugerðar				Viðbótar-slökkviefni		Lágmarksfjöldi bifreiða	
			Protein-froða eða Léttavatns-froða				Þurr efni eða CO_2		Björg-unar bifreið	Stórar slökkvi-bifreiðar
			1	l/mín	1	l/mín	kg	kg		
1	0- 9	Cessna 180	350	350	230	230	45	90	1	-
2	9-12	BN2 Isl.er	1000	800	670	550	90	180	1	-
3	12-18	Twin Otter	1800	1300	1200	900	135	270	1	-
4	18-24	F-27-200	3600	2600	2400	1800	135	270	1	1
5	24-28	F-28	8100	4500	5400	3000	180	360	1	1
6	28-39	DC-9	11800	6000	7900	4000	225	450	1	2
7	39-49	B-727	18200	7900	12100	5300	225	450	1	2
8	49-61	DC-8-63	27300	10800	18200	7200	450	900	1	2
9	61-76	B-747	36400	13500	24300	9000	450	900	1	3
NÚVERANDI ÁSTAND SLÖKKVIÞJÓNUSTU Á ÍSLENZKUM FLUGVÖLLUM										
-	10 F-27-flugvellir		-	-	-	-	250	-	(1)	-
1	Akureyri		-	-	-	-	750	-	1	1
1	Reykjavík		6460	600	-	-	110	-	1	(3)
9	Keflavík		15900	5110	18170	9540	454	45	1	11

stjórnvalda og hlutaðeigandi flugfélaga um þetta mál á áætlana- og framkvæmdastigi.

5.3.7. Eftirfarandi yfirlit veitir upplýsingar um gerð, búnað og kostnað 5 norskra STOL-flugvalla, sem teknir voru í notkun á árinu 1974:

a. **Athafnasvæði loftfara.**
Flugbraut, 880 m á lengd og 30 m á breidd,
Breidd öryggissvæðis 61 m,
Breidd akbrautar 12 m,
Stærð hlaðs 70 x 45 m.
Yfirborð flugbrautar, akbrautar og hlaðs er malbikað, og merkt í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14. Í öryggissvæðinu er sáð grasi.

b. **Ljósabúnaður.**
Flugbrautarljós og þröskuldaljós. Aðflugsljós (200 m) við báða flugbrautarenda. Aðflugshallaljós (AVASIS) við annan flugbrautarendann. Að meðaltali 4 leiðarljós (circling). Hindranaljós á flugturni, möstrum og hindrunum umhverfisins.

c. **Byggingar.**
Flugstöð með flugturni, svo og tækjageymsla með upphituðu verkstæði.

d. **Blindaðflugsbúnaður.**
Radioviti (NDB) eða fjölstefnuviti (VOR) fyrir leiðarflug er notaður fyrir frumaðflugið. Miðlínusendir (LIZ) og fjarlægðarmæliviti (DME) svo og miðunarstöð (VDF)

e. **Fjárfestingarkostnaður hvers flugvallar** (miðaður við tímabilið 1972—74).

Tafla 13

verkefni	þús. N. kr.	%	millj.ísl. kr.
athafnasvæði loftfara	4.346	61,8	156
ljósabúnaður	500	7,1	18
byggingar	1.267	18,0	45
búnaður	500	7,1	18
vegir og bifr.stæði	97	1,4	4
rafmagnsheimtaug	60	0,9	2
flutningur á lögnum	60	0,9	2
vatns- og skolplagnir	203	2,9	7
Samtals:	7.031	100,0	252

5.3.8. Hluti norska ríkisins í ofangreindum fjárfestingarkostnaði er yfirleitt um 90%, en hlutaðeigandi sveitarfélag leggur fram 10%. Áður en flugvöllurinn er opnaður til almennrar flugumferðar gerir norska flugmálastjórnin sérstaka úttekt til að tryggja að gerð vallarins sé í samræmi við gildandi framkvæmda- og öryggisstaðla, og allur tilskilinn búnaður sé fyrir hendi. Hlutaðeigandi sveitarfélag annast rekstur flugvallarins, þ. e. athafnasvæði, bygginga, ljósabúnaðar, slökkviþjónustu og snjóruðningstæki samkvæmt „konsession“ frá flugmálastjórninni. Lendingargjöld renna því til sveitarfélagsins. Flugmálastjórnin annast hins vegar flugumferðarþjónustu og starfrækslu blindaðflugs- og fjarskiptakerfa.

5.3.9. Athyglisvert er, að ofangreindur fjárfestingarkostnaður eins norsks STOL-flugvallar er sama upphæð og veitt er til allra fjárfestingarverkefna íslensku flugmálastjórnarinnar árið 1976.

5.4. Varaflugvellir fyrir millilandaflug.

5.4.1. Um 95% lendinga áætlunarflugvéla í millilandaflugi eru nú á Keflavíkurflugvelli, og 5% á Reykjavíkurflugvelli. Flugvélar af gerðinni Boeing 727, sem í áætlunarflugi nota Keflavíkurflugvöll, geta skráð Reykjavíkur- og Akureyrarflugvelli sem varaflugvelli þrátt fyrir fremur takmarkaða flugbrautarlengd og erfið aðflugsskilyrði við Akureyri. Hins vegar er enginn fullnægjandi varaflugvöllur á Islandi fyrir stærri millilandaflugvélar, t. d. DC-8-63 flugvélar Flugleiða hf. Þessar flugvélar verða því að flytja viðbótareldsneyti, er nægi þeim til flugs að næsta hentuga varaflugvelli, vanalega Prestwick í Skotlandi. Sá flugvöllur er um 750 sjómílur frá Keflavík, eða samsvarandi ca. 1:40 klst. flugi. Því hafa verið gerðar ýmsar frumathuganir í sambandi við mögulega gerð varaflugvallar fyrir þessar og hliðstæðar flugvélar.

5.4.2. Eftirfarandi 6 flugvellir koma helst til álita sem varaflugvellir millilandaflugs: Reykjavík, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Egilsstaðir og Hornafjörður. Allir þessir flugvellir, að Húsavíkurvelli undanskildum, eru nú þegar skráðir sem millilandaflugvellir, og eru því til afnota fyrir þær flugvélar, sem geta notað núverandi lengd flugbrauta. Fyrir stórar millilandaflugvélar, t. d. DC-8-63, kæmu aðeins þrír framangreindra flugvalla til greina, einkum með tilliti til aðflugsskilyrða og þróunarmöguleika flugbrauta. Vellir þessir eru Sauðárkrókur, Húsavík og Egilsstaðir (Snjóholt).

5.4.3. Að beiðni flugöryggisþjónustunnar hefur Veðurstofa Íslands gert yfirlit yfir veðurfar (skýjahæð, skyggni, vindátt og vindhraða) á árunum 1970—74, á framangreindum 6 flugvöllum þau tímabil, þegar Keflavíkurflugvöllur teldist „lokaður" með tilliti til skilgreindra marka skýjahæðar og skyggnis. Sú skilgreining var eftirfarandi:

a. Vindátt 050—220°: Skýjahæð lægri en 200 fet og/eða skyggni minna en 0.8 km.
b. Vindátt 230—040°: Skýjahæð lægri en 400 fet og/eða skyggni minna en 1.6 km.

Miðað við þessa skilgreiningu er Keflavíkurflugvöllur „opinn" 96.16% tímans, en „lokaður" 3.84%. Framangreind lokunarmörk eru miðuð við „Category I" flugrekstur inn á tvær flugbrautir, en fyrirhuguð þróun tækjabúnaður flugvallarins í „Category II" flugrekstur myndi lækka lokunarhlutfallið enn frekar.

5.4.4. Ef á varaflugvellinum er gert ráð fyrir a. m. k. 600 feta skýjahæð og 5 km flugskyggni, fæst eftirfarandi nýtingarhlutfall fyrir Keflavíkurflugvöll og hlutaðeigandi varaflugvöll:

Reykjavík	98.2%
Sauðárkrókur	**99.4%**
Akureyri	99.5%
Húsavík	**99.6%**
Egilsstaðir	**99.7%**
Hornafjörður	99.2%

Varðandi Egilsstaði er þess að gæta, að veðurathuganir, sem ofangreint yfirlit byggir á, eru gerðar við Egilsstaðaflugvöll, sem er ca. 150 fetum lægri en hugsanleg flugbraut við Snjóholt, þannig að opnunarhlutfall fyrir Egils-

staði er e. t. v. áætlað of hátt. Samt sem áður er ljóst, að þar sem munurinn á nýtingarhlutfalli hinna þriggja flugvalla er aðeins 0.3% myndi veðurfarsþátturinn ekki hafa áhrif á val flugvallarstæðisins. Áætlaður fjárfestingar- og rekstrarkostnaður flugvallarins myndi þar verða algjörlega afgerandi.

5.4.5. Verði ráðist í byggingu varaflugvallar fyrir stórar millilandaflugvélar, yrðu hönnunarforsendur að miðast við stærstu gerðir breiðþotna. Auk flugbrautar af nægilegri lengd, breidd og burðarþoli, þarf allur annar búnaður vallarins, þ. á m. snjóruðningstæki, slökkvibúnaður og eldsneytisbirgðir að miðast við þarfir þessara flugvéla. Ef öllum undanþáguheimildum ICAO Annex 14 yrði beitt varðandi kröfur um slökkviþjónustu, þyrfti samt ICAO-eldvarnaflokk nr. 7 fyrir stærstu breiðþoturnar. Fjarlægð hugsanlegra varaflugvalla frá Keflavík er frá 130 til 225 sjómílur, eða samsvarandi ca. 25 til 40 mínútna flugi. Möguleg skerðing núverandi varaeldsneytisbirgða þessara flugvéla, t. d. DC-8-63 flugvéla Flugleiða hf., gæti því orðið samsvarandi frá 1:00 klst. ef Egilsstaðir yrðu fyrir valinu, upp í 1:15 klst., ef Sauðárkrókur yrði valinn. Þar sem flugvélarnar myndu í raun og veru lenda á varaflugvelli í mjög fá skipti, kæmi helst til álita að hækka lendingargjöld Keflavíkurflugvallar nægilega mikið til að sá gjaldaauki stæði undir þeim viðbótarkostnaði, er rekstur hins stóra varaflugvallar myndi kosta umfram rekstur innanlandsflugvallar á sama stað.

5.4.6. Í þessari grein verður nánar lýst nokkrum atriðum varðandi núverandi ástand og hugsanlega þróun þeirra þriggja flugvalla, er til greina koma; Egilsstaða, Húsavíkur og Sauðárkróks.

Egilsstaðir — Núverandi flugbraut er 1503 m löng malarbraut, sem búin er flugbrautarljósum, aðflugshalla- og leifturljósum. Hægt yrði að lengja hana í ca. 1800 m á tiltölulega hagkvæman hátt með því að breyta farvegi Eyvindarár fyrir norðan flugvöllinn. Fyrir malbikun þyrfti að gera efnisskipti í flugbrautinni þar eð undirbygging hennar er ekki nægjanlega traust. Flugstöðvarbygging, ca. 500 m^2 að stærð, er á þessum flugvelli. Í júlí 1972 var verkfræðistofunni Hönnun falið að gera áætlun um gerð nýs flugvallar við Snjóholt. Áætlun þessi var lögð fyrir fund flugráðs í maí 1973 og gerði ráð fyrir eftirfarandi fjárfestingarkostnaði við malbikaða flugbraut, akbraut og hlað:

Lengd 2000 m, breidd 30 m : 343 millj. kr.
Lengd 2000 m, breidd 50 m : 405 millj. kr.
Lengd 3000 m, breidd 50 m : 565 millj. kr.

Ofangreindar kostnaðartölur voru miðaðar við verðlag í mars 1973, og mætti eflaust tvöfalda miðað við núverandi verðlag. Til viðbótar þessum kostnaði kæmu útgjöld vegna landakaupa, flutnings útvarpsmasturs Eiðastöðvarinnar, ljósabúnaðar, annars tækjabúnaðar og bygginga. Í uppsetningu í árslok 1976 er endurbætt aðflugskerfi, sem mætti flytja á hugsanlegan nýjan flugvöll.

Húsavík — Núverandi flugbraut er 1560 m löng malarbraut. Flugmálastjórnin á landsvæði, sem dugar fyrir ca. 2700 m flugbraut, og eflaust yrði hægt að fá viðbótarsvæði, sé það talið nauðsynlegt. Núverandi flugbraut er búin flugbrautarljósum, aðflugshalla- og leifturljósum. Flugbrautarlending yrði sennilega ódýrust á þessum flugvelli, og aðstaða fyrir ILS-aðflug er góð.

Sauðárkrókur — Nýja flugbrautin, sem tekin var í notkun í október 1976, er 2014 m löng malarbraut, sem byggð var á árunum 1973 til 1976. Fullbúin með öryggissvæði, girðingu og tilheyrandi ljósabúnaði, kostaði mannvirkið um 100 millj. kr. Áætlaður kostnaður við malbikun nemur 200 millj. kr. Í árslok 1976 er unnið að uppsetningu tækja fyrir LLZ-aðflug að

brautinni, sem myndu heimla blindaðflugsmörk 300 feta skýjahæð og 1.5 km skyggni.

5.4.7. Gerð varaflugvallar fyrir stórar millilandaflugvélar er fyrst og fremst hagkvæmnisatriði við flugrekstur slíkra flugvéla, þ. e. hvort hagkvæmara sé að flytja aukaeldsneytisbirgðir fyrir flug til varaflugvallar í Skotlandi, eða reka slíkan flugvöll á Íslandi. Nefndinni er ekki kunnugt um að fyrir liggi beiðni Flugleiða hf. eða annara flugfélaga um gerð slíks flugvallar. Berist stjórnvöldum slík beiðni, er rétt að gerð verði nánari samanburðaráætlun um fjárfestingar- og rekstrarkostnað hinna þriggja flugvalla, og sú lausn valin, sem hagkvæmust teldist.

5.5. Aðrir flugvellir.

5.5.1. Eins og fram kom í töflu 6 eru auk Keflavíkurflugvallar og þeirra 36 áætlunarflugvalla, sem skýrsla þessi fjallar einkum um, nú skrásettir 59 aðrir flugvellir, sbr. töflu 14. Flugvöllum þessum er einkum ætlað að sinna þörfum sjúkraflugsins. Nefndin telur nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til endurbóta á þessum flugvöllum og/eða nýbyggingu eftir því sem við á, og verði þá eftirfarandi markmið höfð í huga:

a. Flugbrautarlengd verði a. m. k. 600 m þar sem slíkt er unnt eða hagkvæmt með tilliti til aðstæðna.
b. Girðing verði umhverfis athafnasvæði flugvallarins.
c. Reist verði lítið skýli fyrir flugfarþega og lágmarkstækjabúnað.
d. Í skýlinu verði sjúkrakassi, þurrdufts-slökkvitæki (45 kg), hæðarmælir, hand-vindmælir, VHF-fjarskiptatæki, og þar sem við á einnig færanleg flugbrautarljós.
e. Lögð verði síma- og/eða rafmagnsheimtaug þar sem slíkt er unnt og hagkvæmt með hliðsjón af fjarlægðum í næstu síma- og/eða rafstrengi.

5.5.2. Þar sem kostnaður við ofangreindar framkvæmdir getur verið breytilegur frá einum velli til annars, er í skýrslu þessari reiknað með meðaltalskostnaði, er nemur 5 millj. kr. á hvern þessara sjúkraflugvalla. Nauðsynleg heildarfjárveiting til þessa 59 flugvalla næmi því samtals **295 millj. kr.**

5.5.3. Áherslu þarf að leggja á trausta gerð og búnað flugvalla, sem sérstaka þýðingu hefðu á hugsanlegum hamfarasvæðum, eða við flugflutninga af þeim. Í þessu sambandi hafa einkum verið nefndir 9 flugvellir á suðurlandi, þ. e. Álftaver, Berjanesfitjar, Búrfell, Einholtsmelar, Hella, Hrífunes, Selfoss, Skógasandur og Vík. Af framangreindum flugvöllum er Helluflugvöllur búinnn varanlegum flugbrautarljósum á aðalflugbraut sinni, sem er 1036 m löng. Æskilegt er talið að gerð verði ný 800 m flugbraut á hrauni við Kirkjubæjarklaustur.

6. KERFI OG ÞJÓNUSTA FYRIR LEIÐARFLUG

6.1. Flugleiðsögukerfið.


6.1.1. Fyrir leiðarflug (en-route) á milli flugvalla hér á landi eru yfirleitt notaðir blindflugleiðir, sem ákvarðast af 3 fjölstefnuvitum (VOR) og/eða 24 radiovitum (NDB), sbr. **mynd 10.** Auk þessara flugleiða getur flugmaður að fenginni flugheimild flugstjórnarmiðstöðvar valið hverja þá aðra blindflugleið, er honum hentar betur, eða hann kýs fremur að fljúga með tilliti til veðurs (vindhraða, ísingar o. s. frv.). Fjarlægðarmælivitar (DME) eru nú við alla fjölstefnuvitana þrjá.

6.1.2. Framangreindir vitar eru flestir einnig notaðir við blindaðflug til nálægra flugvalla, en til viðbótar þeim eru 12 radiovitar,. sem einungis eru notaðir við slík blindaðflug. Fullkomin blindlendingakerfi (ILS) eru við tvær flug-

Tafla 14 Öðrum flugvöllum (59) skipt eftir kjördæmum

Kjördæmi/flugvöllur	aðalflugbraut (m)
Vesturland (10)	
Akranes	418
Breiðabólsstaður	540
Ferjukotsbakkar	428
Grundarfjörður	575
Dagverðará	520
Kaldármelar	700
Narfastaðamelar	650
Refstaðamelar	500
Stóra Holt	510
Stóri Kroppur	650
Vestfirðir (15)	
Arngerðareyri	410
Bolungarvík	600
Bær	470
Hrafnseyri	520
Hrísnes	575
Ingjaldssandur	525
Króksfjarðarnes	552
Látrar	600
Melanes	400
Melgraseyri	660
Núpur	600
Reykjanes	650
Selárdalur	550
Skálmarnes	420
Strandsel	470
Norðurland vestra (2)	
Hveravellir	740
Auðkúluheiði	700
Norðurland eystra (7)	
Flatey	600
Fjöll	450
Grímsstaðir	642
Herðubreiðarlindir	1000
Hrísey	400
Ólafsfjörður	400
Ærlækur	400
Austurland (5)	
Reyðarfjörður	570
Starmýri	475
Steinasandur	600
Svínafell	550
Þórisdalur	465
Suðurland (19)	
Álftaver	940
Berjanesfitjar	650
Búrfell	1200
Einholtsmelar	800
Foss	900
Geysir	500
Gunnarsholt	1700
Hella	1036
Hnausar	580
Hrífunes	420
Kerlingafjöll	650
Maríubakki	480
Múlakot	800
Selfoss	750
Skálavatn	800
Skógasandur	1580
Sprengisandur	1050
Vík	420
Þórisós	700
Reykjanes (1)	
Sandskeið	780

Mynd 10



DAGS.	NAFN	BREYTING	KEMUR Í STAÐ
FLUGMÁLASTJÓRINN		YFIRLIT YFIR RADIOVITA, FJÖLSTEFNU-VITA OG HELSTU BLINDFLUGLEIÐIR	NR.
			BLAÐ
Flugöryggis-þjónustan			DAGS.
			NAFN


brautir Keflavíkurflugvallar og eina flugbraut Reykjavíkurflugvallar. Í uppsetningu eru miðlínusendar (LLZ) við Egilsstaði og Sauðárkrók. Við Akureyri, Ísafjörð og Reykjavík eru einnig notuð radartæki til blindaðflugs. Gert er ráð fyrir að einungis radartæki Akureyrarflugvallar verði starfrækt áfram, en hliðstæð eldri tæki lögð niður við Ísafjörð og Reykjavík, enda mjög dýr í rekstri. Í stað þeirra kemur miðlínusendir (LLZ) og fjarlægðarmæliviti (DME) við Ögur, svo og miðlínusendir og fjarlægðarmæliviti fyrir flugbraut 14 á Reykjavíkurflugvelli. Þá er þess að geta, að í undirbúningi er bygging nýs flugturns á Keflavíkurflugvelli, en tengd honum verður aðflugsstjórnstöð, sem ætlað er að sinna blindaðflugi að bæði Keflavík og Reykjavík með nýjum og fullkomnum radartækjum.

6.1.3. ICAO hefur tilgreint VOR, DME og ILS sem „standard" flugleiðsögutæki, og njóta þau „verndar" ICAO til ársins 1985. Á vegum ICAO er nú kappsamlega unnið að gerð nýrra alþjóðlegra staðla um nýtt blindaðflugskerfi „MLS" (Microwave Landing System), sem ætlað er að leysa ILS af hólmi. Búist er við að einfaldari gerð MLS tækja verði ódýrari í uppsetningu og rekstri en núverandi ILS tæki. Á sviði leiðarflugs er nú einkum rætt um víðtækari notkun lágtíðni-flugleiðsögukerfa, og hefur t. d. Omega-kerfið nýlega verið tilgreint sem heppilegt kerfi fyrir N.-Atlantshafsflugið. Þar sem flestar millilandaflugvélar eru nú þegar búnar tregðuleiðsögutækjum (INS), eða verða á næsta ári ýmist búnar slíkum tækjum eða Omega-tækjum, þurfa þær ekki lengur á að halda VOR, DME eða NDB fyrir leiðarflug. Flugfélag Íslands hf. er nú að kanna kaup á Omega-tækjum fyrir Boeing-flugvélar sínar, en DC-8 flugvélar Loftleiða hf. eru nú þegar búnar tregðuleiðsögutækjum. Kostnað í sambandi við uppsetningu og rekstur flugleiðsögukerfa á Íslandi verður því framvegis eingöngu hægt að heimfæra á þarfir innanlandsflugsins, og því nauðsynlegt að hafa í huga raunhæf hagkvæmnissjónarmið við val lausna.

6.1.4. Til mála hefur komið að fjölga fjölstefnuvitum (VOR) hér á landi, t. d. með uppsetningu slíkra vita á hálendi við Egilsstaði og Ísafjörð. Aðallega hefur verið þörf endurbóta á flugleiðsögu á leiðinni á milli Reykjavíkur og Egilsstaða, þar sem núverandi langdrægi radiovitanna á báðum stöðum er ekki fullnægjandi. Eftir uppsetningu fjarlægðarmælivitans (DME) við Akureyri er hins vegar auðvelt að notfæra sér hann við flugleiðsögu á þeim kafla þessarar flugleiðar, þar sem langdrægi Egilsstaða-radiovitans hefur verið ófullnægjandi. Á mynd 11 er þetta nánar skýrt, svo og sýnd langdrægi núverandi þriggja fjölstefnuvita miðað við flug í 10 000 feta hæð. Kostnaður við uppsetningu og rekstur fjölstefnuvita (VOR) er ca. 5—7 sinnum meiri en fyrir radiovita (NDB), og uppsetningaraðstæður fyrir VOR hér á landi eru erfiðar vegna fjalllendis. Af þeirri ástæðu er t. d. notkun Akureyri-VOR ekki möguleg fyrir neðan 6000 feta flughæð í geiranum 311—139° og fyrir neðan 8000 fet í geiranum 140—310°, og Ingólfshöfði-VOR er ónothæfur í geiranum 340—050°.

6.1.5. Gera má ráð fyrir að fjárfestingarkostnaður framangreindra fjölstefnuvita við Egilsstaði og Ísafjörð nemi um 25 millj. kr. fyrir hvorn vita og er þá miðað við að unnt verði að velja þeim stað nálægt fjarskiptastöðvunum á Fjarðarheiði og Þverfjalli þannig að núverandi rafmagnsheimtaugar og vegir nýtist. Árlegur rekstrarkostnaður hvors VOR-vita er áætlaður um 4.8 millj. kr. (1.1 í viðhald, 0.4 í flugprófanir og 3.3 millj. kr. í afskriftir og vexti).

6.1.6. Eins og getið var í gr. 6.1.3. hefur Omega-kerfið nú verið tilgreint sem heppilegt til flugleiðsögu á N.-Atlantshafssvæðinu, en það kerfi veitir 1—2 sjómílna leiðsögunákvæmni hvar sem er á hnettinum. Notkunarskilyrði þess hér á landi eru áætluð ágæt. Í þessu sambandi er athyglisvert, að Twin-Otter flugvélar, sem notaðar eru í áætlunarflugi í Grænlandi, hafa nú verið búnar fullkomnum Omega-tækjum, og þau notuð til flugleiðsögu á milli flug-



DAGS.	NAFN	BREYTING	KEMUR Í STAÐ
FLUGMÁLASTJÓRINN		NÚVERANDI FJÖLSTEFNUVITAR (VOR) Á ÍSLANDI OG FLUGLEIÐIR Á MILLI ÞEIRRA OG TIL HUGSANLEGRA FJÖLSTEFNUVITA VIÐ EGILSSTAÐI OG ÍSAFJÖRÐ (Langdrægi í 10.000 feta flughæð)	NR.
			BLAÐ
Flugöryggis-þjónustan			DAGS.
			NAFN

valla og fyrir frumaðflug að þeim. Þrátt fyrir að verð fullkominna, tölvustýrðra Omega-viðtækja fyrir loftför sé tiltölulega hátt, yrði samt ódýrari og tæknilega mun fullkomnari lausn að búa þær fáu íslensku flugvélar, sem notaðar eru í áætlunarflugi á íslenskum innanlandsflugleiðum, slíkum tækjum, í stað þess að stefna að verulegum kostnaðarauka við fjárfestingu og rekstur fleiri fjölstefnuvita. Á **mynd 11** eru sýndir hringir umhverfis núverandi og hugsanlegan viðbótar VOR-stöðvar þar sem leiðsögunákvæmni er 1, 1.5 og 2 sjómílur. Eins og að framan greindi myndi því Omega-tæki veita mun nákvæmari flugleiðsögu utan þessara hringja. Lagt er til að flugmálastjórnin kanni nánar notkunarmöguleika slíkra tækja fyrir innanlandsflugið.

6.1.7. Ýmsir núverandi radiovita þarfnast endurnýjunar senditækja og/eða loftneta, og við suma þeirra þarf að setja upp vararafstöðvar til að bæta rekstraröryggið þegar aðalrafmagn bregst. „Monitor"-viðtæki fyrir þá radiovita, sem notast er við í blindaðflugi, þurfa að vera í hlutaðeigandi flugturnum og flugradiostöðvum.

6.1.8. Nefndin leggur til að á því tímabili, sem þessi áætlun nær yfir, verði varið **22 millj. kr.** til endurbóta á núverandi vitakerfi leiðarflugsins og til athugana á notagildi lágtíðni-flugleiðsögutækja á innanlandsflugleiðum.

6.2. Flugumferðarþjónusta.

6.2.1. Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík annast flugumferðarstjórn og tilheyrandi þjónustu í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Sá hluti þessarar starfsemi, sem snýr að millilandaflugi, hefur um langt árabil verið á vegum svonefndrar „alþjóðaflugþjónustu" á Íslandi, en ca. 93% kostnaðar hennar er greiddur af 19 aðildarríkjum ICAO og þeim flugfélögum, sem fljúga yfir N.-Atlantshafið. Á næstu árum er reiknað með að framlög aðildarríkjanna lækki verulega eða falli niður, en afnotagjöld flugfélaganna verði hækkuð að sama skapi. Við innanlandsþjónustuna eru nú notaðar 6 fjarstýrðar fjarskiptastöðvar (Skálafell, Þverfjall, Vaðlaheiði, Fjarðarheiði, Stokksnes og Vestmannaeyjar). Ennfremur eru notaðar upplýsingar frá langdrægri radarstöð við Keflavík, og þær upplýsingar birtar á tölvustýrðum radarskjám í flugstjórnarmiðstöðinni. Ýmissa endurbóta er þörf á framangreindum fjarskiptastöðvum, svo og á almennum tækjabúnaði flugstjórnarmiðstöðvarinnar.

6.2.2. Flugturnar eru nú starfræktir á fimm flugvöllum (Akureyri, Egilsstaðir, Keflavík, Reykjavík og Vestmannaeyjar), og sjái þrír þeirra (Akureyri, Keflavík og Reykjavík) jafnframt um aðflugsstjórn að viðkomandi flugvöllum. Flugstjórnarmiðstöðin annast aðflugsstjórn fyrir aðra flugvelli á Íslandi. Eins og fyrr er getið, er fyrirhuguð sameining aðflugsstjórna fyrir Reykjavík og Keflavík. Við flesta aðra áætlunarflugvelli eru starfræktar flugradiostöðvar (AFIS), og nauðsynlegt er að bæta töluvert tækjabúnað þessara stöðva, svo og veita starfsmönnum þeirra víðtækari þjálfun við þau verkefni sem flugradiostöðvum er ætlað að sinna. Í undirbúningi er skilgreining vallarsviða (aerodrome traffic zone) umhverfis alla áætlunarflugvellina, en fyrir flug inn í slík vallarsvið þurfi að hafa samband við hlutaðeigandi flugradiostöð og/eða að flugskyggni sé yfir tilteknu lágmarki.

6.2.3. Nefndin leggur til að á því tímabili, sem þessi áætlun nær yfir verði varið **49 millj. kr.** til endurbóta á búnaði fjarskiptastöðvanna og flugstjórnarmiðstöðvar.

6.3. Veðurþjónusta.

6.3.1. Veðurstofa Íslands annast veðurspár fyrir íslenska flugstjórnarsvæðið og lendingarspár fyrir millilandaflugvellina. Meginhluti þessarar þjónustu er á vegum alþjóðaflugþjónustunnar. Reglubundnar veðurathuganir eru gerðar á vegum

Veðurstofunnar á 42 veðurathuganastöðvum, en auk þeirra annast starfsmenn flugmálastjórnar sérstakar veðurathuganir á flugvöllum eftir þörfum flugsins hverju sinni.

6.3.2. Eftir að veðurspádeild Veðurstofu Íslands fluttist af Reykjavíkurflugvelli hefur þörfin fyrir ný og bætt kerfi til miðlunar veðurupplýsinga til flugfélaga aukist. Flugfélögin og flugumferðarstjórn þurfa t. d. að fá í hendur ýmis veðurkort, sem stuðst er við þegar gerðar eru flugáætlanir. Veðurstofan er nú að gera nánari athugun á hugsanlegri sameiningu veðurspádeildanna á Keflavíkurflugvelli og í Reykjavík í samræmi við ýmis tilmæli ICAO á því sviði. Verði veðurspádeildin á Keflavíkurflugvelli flutt til Reykjavíkur, eykur slík ráðstöfun enn þörfina fyrir fullkomnara kerfi til dreifingar á veðurkortum, t. d. til allra þeirra flugvalla þar sem flugfélög hafa heimastöð (Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður, Keflavík, Reykjavík og Vestmannaeyjar). Nefndin leggur til að flugmálastjórn og veðurstofa vinni sameiginlega að því að koma upp slíku kerfi.

6.3.3. Nefndin leggur til að á því tímabili, sem þessi áætlun nær yfir, verði varið **10 millj. kr.** til tækjabúnaðar fyrir dreifingu veðurupplýsinga til flugfélaga.

7 FRAMKVÆMDA- OG ÖRYGGISSTAÐLAR

7.1. Alþjóðlegir staðlar.

7.1.1. Við stofnskrá alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO hafa verið samþykktir 17 viðaukar (annexes), sem hver um sig fjallar um tiltekið tæknisvið flugmála. Þeir viðaukar, sem einkum geyma ýmis alþjóðleg ákvæði, er snerta gerð og búnað flugvalla, svo og þjónustu, sem veitt er á þeim, eru eftirfarandi:

nr. 3 Veðurþjónusta
nr. 10 Flugfjarskipti
nr. 11 Flugumferðarþjónusta
nr. 12 Leit og björgun loftfara
nr. 14 Flugvellir
nr. 17 Tryggindi (security)

Að auki er að finna í fjölda annarra gagna, er stofnunin gefur út, ýmsar leiðbeiningar og tilmæli um búnað og þjónustu fyrir flugumferð.

7.1.2. Framangreindir tæknilegir staðlar ICAO eiga fyrst og fremst við mannvirki og þjónustu fyrir millilandaflug. Aðildarríkjunum er ennfremur í sjálfsvald sett hvort þau fara í öllu eftir þessum reglum. Hins vegar hvílir sú skylda á þeim að tilkynna formlega til ICAO öll frávik, sem eru á þeirra eigin reglum eða framkvæmdavenjum, og því sem mælt er fyrir í stöðlum (standards) ICAO viðbætanna. Þrátt fyrir þetta leitast aðildarríkin við að fullnægja öllum ákvæðum ICAO staðla og tilmæla (recommendations), fyrst og fremst á millilandaflugvöllum sínum, en einnig eftir því sem unnt er og fjárhagur leyfir, á innanlandsflugvöllum.

7.2. Svæðisáætlun ICAO.

7.2.1. ICAO skiptir heiminum í nokkur áætlunarsvæði, og telst Ísland til N.-Atlantshafssvæðisins. Á „svæðisfundum", sem haldnir eru á nokkra ára bili, er gerð áætlun um öll þau mannvirki og þjónustu, sem millilandaflug krefst á viðkomandi svæði. Í N.-Atlantshafssvæðisáætluninni (ICAO Doc. 8755) eru skráðir þrír íslenskir flugvellir, Keflavík, Reykjavík og Akureyri. Tilgreindar eru kröfur um flugbrautarlengdir, merkingar flugbrauta, ljósabúnað, aðflugs- og flugleiðsögubúnað, fjarskiptatæki, flugumferðar- og veðurþjónustu. Nefndin hefur tekið tillit til þessara krafna í eftirfarandi hugmynd að framkvæmdastaðli.

7.3. **Hugmynd að íslenskum framkvæmdastaðli.**

7.3.1. Í eftirfarandi greinum er hugmynd að íslenskum framkvæmdastöðlum til afnota við áætlunargerð fyrir flugvelli og búnað þeirra. Hliðsjón hefur verið höfð af framangreindum alþjóðlegum stöðlum og tilmælum ICAO, svo og búnaði norskra flugvalla. Hvað hið síðastnefnda áhrærir hefur tillit verið tekið til þeirrar staðreyndar, að umferð um norsku STOL-flugvellina er á margan hátt hliðstæð umferðinni um íslensku aðalflugvellina. Líta ber á þessa hugmynd að framkvæmdastaðli sem takmarkaða við það tímabil, sem tekur að koma íslenskum flugvöllum í það ástand, sem áætlunin leggur til. Eftir því sem flugflutningar aukast, þess hærri kröfur er unnt að gera til athafnasvæða, bygginga og búnaðar viðkomandi flugvallar. Því er nauðsynlegt að framkvæmdastaðlar verði endurskoðaðir árlega og nauðsynlegar breytingar gerðar eftir því sem tilefni gefst til.

7.3.2. **Flugbrautir** — lengd aðalflugbrauta flugvalla í A-flokki verði 1500-2099 m þar sem unnt er að gera slíka flugbraut á hagkvæman hátt. Lengd annarra flugbrauta flugvalla í A-flokki verði 900-1499 m. Þar sem þörf er þriggja flugbrauta til að fullnægja kröfum um 95% nýtingu flugbrauta með hliðsjón af vindrós, má þriðja flugbrautin vera að lengd 750-899 m. Aðalflugbrautir áætlunarflugvalla í S-flokki verði 750-899 m þar sem unnt er að gera slíka flugbraut á hagkvæman hátt, eða heimild er veitt fyrir næturflug. Lengd annarra flugbrauta áætlunarflugvalla í S-flokki sé ekki styttri en 600 m. Breidd flugbrauta flugvalla í A-flokki verði 45 m, en flugbrautir áætlunarflugvalla í S-flokki verði 30 m að breidd.

7.3.3. **Öryggissvæði** — Umhverfis allar flugbrautir verði öryggissvæði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14. Þar sem mjög kostnaðarsamt sé að byggja öryggissvæði í tilskilda breidd, er heimilt að miða við breidd öryggissvæðis fyrr næsta ICAO-flokk fyrir neðan þann, er gildir fyrir hlutaðeigandi flugbraut. Í kostnaðaráætlun skal gert ráð fyrir fullnægjandi frágangi svæða þar sem jarðrask hefur orðið, t. d. með því að sá í þau grasfræi.


7.3.4. **Akbrautir og hlöð** — Gerð og þróun akbrauta og hlaða fyrir loftför verði í samræmi við mynd 12. Byggingar á flugvöllum með flugbrautum samkvæmt ICAO flokki B og C (900-2099 m) verði ekki nær miðlínu flugbrautar en 150 m, og 90 m þegar um er að ræða flugbrautir í ICAO flokkum D og E (600-899 m), nema þar sem sérstaka undanþágu þurfi að gera vegna umhverfisaðstæðna. Á flugbrautum með ILS verði byggingar ekki nær miðlínu flugbrautar en 225 m.

7.3.5. **Girðingar** — Athafnasvæði (flugbrautir, öryggissvæði, akbrautir og hlöð) allra áætlunarflugvalla verði girt. Þar sem ekki er sérstök gæsla við aðalinngang á athafnasvæðið verði komið fyrir pípuhliði til að hindra aðgang kvikfénaðs.

7.3.6. **Malbikun athafnasvæða** — Flugbraut, akbraut og hlað flugvallar í A-flokki verði malbikað. Malbikuð breidd flugbrautar sé 30 m, og malbikuð breidd akbrautar sé 15 m. Lágmarksstærð malbikaðs hlaðs sé 60×45 m. Fyrir flugvelli í flokki A3 verður aðeins aðalflugbraut vallarins malbikuð.

7.3.7. **Flugstöðvar og farþegaskýli** — Stefnt sé að stöðlun flugstöðva og farþegaskýla, sem unnt verði að byggja í áföngum. Stærð þeirra verði miðuð við eftirfarandi flatarmál:

flokkur A1	3000—4000	m^2
flokkur A2	500—1000	m^2
flokkur A3	200— 500	m^2
flokkur S1	100— 200	m^2 (með tækjageymslu)
flokkur S2	50— 100	m^2 (með tækjageymslu).


Mynd 12
FLUGBRAUT (flokkur A, B og C)
45
30
öryggissvæði
75m frá miðlínu
15
7,5
37,5
Hlað 60x45 = 2700 m²
45
Byggingalína (150m frá miðlínu brautar)
flugstöð
FLUGBRAUT (flokkur D og E)
18
30
40m frá miðlínu
7,5
Hlað 45x30 = 1350 m²
Byggingalína (90m frá miðlínu flugbrautar
flugstöð
Mælikv. 1:1000
DAGS.
NAFN
BREYTING
KEMUR Í STAÐ
FLUGMÁLASTJÓRINN
Flugöryggis-þj.
HUGMYND AÐ STAÐLI FYRIR MALBIKUN OG STÆRÐIR FLUGBRAUTA, AKBRAUTA OG HLAÐA FYRIR INNANLANDSFLUGVELLI
NR.
BLAÐ
DAGS. 5.7.76
NAFN

7.3.8. **Tækjageymslur** — Gerð tækjageymsla verði sem mest stöðluð, og gerð þeirra miðuð við byggingu í áföngum. Stærð þeirra verði miðuð við eftirfarandi flatarmál:

flokkur A1 500—800 m² (snjóruðningstæki)
flokkur A2 300—500 m² (snjóruðnings- og slökkvitæki)
flokkur A3 100—300 m² (snjóruðnings- og slökkvitæki)

7.3.9. **Sandgeymslur** — Á flugvöllum í A-flokki verði sandsíló, er rými 30—50 m³ af sandi, sem unnt sé að halda við hitastig fyrir ofan frostmark. Á flugvöllum í S-flokki verði einfaldar sandgeymslur, e. t. v. í tengslum við tækjageymslur.

7.3.10. **Sjúkragögn** — Á áætlunarflugvöllum verði sjúkrakassi og önnur neyðargögn í samræmi við þarfir þess áætlunarflugs, sem fer um vellina.

7.3.11. **Slökkvibúnaður** — Á áætlunarflugvöllum verði miðað við eftirfarandi lágmarks ICAO-eldvarnarflokk:

ICAO-flokkur 4: Reykjavík
ICAO-flokkur 3: Akureyri og Vestmannaeyjar
ICAO-flokkur 2: Aðrir flugvellir í A-flokki
ICAO-flokkur 1: Áætlunarflugvellir í S-flokki.

7.3.12. **Bifreiðar** — Á öllum flugvöllum í A-flokki verði hentug bifreið í eigu ríkisins búin tækjum til hemlunarmælinga, svo og nauðsynlegasta neyðar- og björgunarbúnaði. Á öðrum áætlunarflugvöllum verði leitað eftir aksturssamningi við hlutaðeigandi starfsmann flugvallar.

7.3.13 **Hemlunarmælar** — Á flugvöllum í flokkum A1 og A2 verði hemlunarmælar af Mu-gerð, en á öðrum áætlunarflugvöllum verði hemlunarmælar af Tapleygerð.

7.3.14. **Sanddreifarar** — Á flugvöllum í A-flokki verði sanddreifarar með 4 m³ rými, en á áætlunarflugvöllum í S-flokki verði sanddreifarar með a. m. k. 1 m³ rými.

7.3.15. **Snjóruðningstæki** — Á Reykjavíkurflugvelli verði gert ráð fyrir nægilegum fjölda sérhæfðra snjóruðningstækja (snjóplógar, snjóblásarar og brautarsópar) til að sinna nauðsynlegum snjóruðningi á flugvellinum. Við snjóruðning á öðrum áætlunarflugvöllum sé leitað samninga við Vegagerð ríkisins, hlutaðeigandi sveitarfélög, eða aðra aðilja, til að annast snjóruðning að hluta til eða öllu leyti. Viðbótartækjabúnaður á þessum flugvöllum verði miðaður við möguleika framangreindra aðilja til að sinna þessu verkefni. Á flugvöllum í flokkum A2 og A3 verði þó lágmarksbúnaður hentug vörubifreið með snjótönn og sanddreifara, svo og flugbrautarsópur.

7.3.16. **Heimtaugar og vararafstöðvar** — Rafmagnstaug verði lögð að öllum áætlunarflugvöllum. Vararafstöðvar verði á öllum flugvöllum í flokki A, svo og þeim áætlunarflugvöllum í S-flokki, sem búnir eru föstum flugbrautarljósum. Sjálfvirk skipting frá aðalrafmagni á vararafmagn verði í samræmi við kröfur ICAO Annex 14.

7.3.17. **Hindranaljós** — Hindranaljós verði á og við alla áætlunarflugvelli í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14.

7.3.18. **Flugbrautarljós** — Föst flugbrautarljós verði á öllum flugbrautum flugvalla í A-flokki þar sem aðstæður leyfa næturaðflug, svo og á aðalflugbrautum flugvalla í flokki S1 þar sem aðstæður leyfa næturaðflug. Bil á milli ljósa í ljósaröð sé 60 m. Færanleg rafhlöðuljós verði til staðar fyrir aðrar flugbrautir áætlunarflugvalla. Bil á milli slíkra ljósa í ljósaröð verði 100 m.

7.3.19. **Aðflugshallaljós** — VASIS (12 ljósakassar) verði við tvær meginflugbrautir Reykjavíkurflugvallar, en AVASIS (4 ljósakassar) verði við allar aðrar flugbrautir flugvalla í A-flokki, svo og á aðalflugbrautum flugvalla í S-flokki, sem búnar eru föstum flugbrautarljósum.

7.3.20. **Aðflugsljós** — Aðflugsljós samkvæmt ICAO Annex 14 (lengd 300-900 m) verði við þær flugbrautir flugvalla í A-flokki þar sem æskileg eru blindaðflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og/eða 1.5 km flugskyggni. Tvö stefnuvirk leifturljós verði við lendingarþröskulda allra flugbrauta, sem búnar eru föstum flugbrautarljósum. Eitt leifturljós, er lýsi til allra átta, verði til auðkenningar á öðrum áætlunarflugvöllum.

7.3.21. **Radiovitar (NDB)** — Fyrir blindaðflug að flugvöllum í A-flokki sé a. m. k. einn radioviti búinn tvöföldum tækjum með sjálfvirkri skiptingu, svo og vararafstöð. Radiovitinn, eða lágmarkshæð blindaðflugsins, sé ekki fjær flugvelli en 15 km. Þar sem flugvöllur er í þröngum dal eða firði verði til afnota tveir radiovitar, þar sem slíkt er unnt með tilliti til staðhátta. Fyrir blindaðflug að áætlunarflugvöllum í flokki S-1 sé hægt að nota a. m. k. einn radiovita, og sé hann eða lágmarkshæð blindaðflugsins ekki fjær en 30 km frá flugvellinum, þegar um er að ræða flugvöll í flokki S1, en 45 km þegar um er að ræða flugvöll í flokki S-2. „Monitor"-viðtæki fyrir þá radiovita, sem notaðir eru til blindaðflugs, verði fyrir hendi í hlutaðeigandi flugturnum og flugradiostöðvum.

7.3.22. **Merkivitar** — Við a. m. k. einn radiovita, sem notaður er til blindaðflugs að flugvelli í A-flokki, sé merkiviti. Séu tveir radiovitar notaðir við slíkt blindaðflug, skal merkivitinn yfirleitt vera við þann þeirra, sem hefur lægri blindflugsmörk. Þar sem unnt er að nota fjarlægðarmælivita (DME) verða ekki settir upp merkivitar nema þar sem þeir eru nauðsynlegur hluti blindlendingakerfis (ILS).

7.3.23. **Miðlínusendir (LLZ)** — Miðlínusendir sé við alla flugvelli í A-flokki þar sem kleyft er LLZ-aðflug að flugbrautarenda, eða slíkt aðflug myndi verulega lækka blindaðflugsmörk.

7.3.24. **Aðflugshallasendir (GS)** — Þar sem æskileg eru blindaðflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1.5 km flugskyggni, svo og við þá flugvelli, sem notaðir yrðu af stærri gerðum millilandaflugvéla, sé auk miðlínusendis gert ráð fyrir aðflugshallasendi.

7.3.25. **Fjarlægðarmælivitar** (DME) — Við flugvelli í flokkum A1 og A2 verði fjarlægðarmæliviti, nema þar sem fjarlægðarmæliviti, er þjónar leiðarflugi (en route) kæmi að fullnægjandi notum. Sama gildir um flugvelli í flokki A3 þar sem fjarlægðarmæliviti gæti lækkað blindflugsmörk og/eða komið í stað markvita.

7.3.26. **Símasamband** — Tryggt símasamband sé frá öllum áætlunarflugvöllum til þeirrar flugstjórnardeildar, er annast aðflugsstjórnarþjónustu, svo og við næstu símstöð og slökkvistöð.

7.3.27. **Veðurmælitæki** — Hæðarmælir, hitamælir, svo og vindhraða- og vindáttarmælir sé á öllum áætlunarflugvöllum. Skýjahæðarmælir sé við alla flugvelli, sem búnir eru föstum flugbrautarljósum. Skyggnismælir (RVR) sé við allar flugbrautir, sem búnar eru blindlendingakerfi (ILS).

7.3.28. **Fjarskiptatæki** — VHF-fjarskiptatæki séu á öllum áætlunarflugvöllum. Varatæki, sem knúin séu rafhlöðum og/eða 220 V, séu til viðbótar á flugvöllum í flokki A. VHF-fjarskiptatæki til fjarskipta á neyðartíðninni 121.5 MHz séu á öllum millilandaflugvöllum.

Tafla 15 YFIRLIT YFIR GERÐ FLUGKORTA OG KOSTNAÐ VIÐ ÞAU

Flokkur		Flugvöllur	ICAO-"skyldukort"			Æskileg viðbótarkort			Áætlaður kostnaður (þús.kr.)	
			blind-aðflugs-kort	lend-ingar-kort	hindrana-kort "A"	sjónaðfl.-kort	"prec. terrain"-kort	flug-vallar-kort	stofn-kostn.	árl. endur-nýjun
A-flokkur	Millilanda-flugvellir	Reykjavík	2x	1x	4v	1x	-	-	280	70
		Akureyri	2x	1x	2v	1v	-	-	360	50
		Sauðárkrókur	1x	1v	1v	-	-	-	240	25
		Egilsstaðir	2x	1x	2v	-	-	-	240	40
		Hornafjörður	1x	1x	2v	-	-	-	240	35
	Innanlandsflugvellir	Vestmannaeyjar	1x	1c	4v	-	-	-	100	40
		Ísafjörður	1x	1x	2v	-	-	-	100	35
		Húsavík	1x	1v	2v	-	-	-	240	35
		Patreksfjörður	1x	1x	2v	-	-	-	240	35
S-flokkur		Þingeyri	1x	1x	-	-	-	-		20
		Norðfjörður	1x	1x	-	-	-	-		20
		Fagurhólsmýri	1x	1v	-	-	-	-	120	20
		Siglufjörður	1v	1v	-	-	-	-	240	20
		Blönduós	1x	1v	-	-	-	-	120	20
		Rif	1v	1v	-	-	-	-	240	20
		Stykkishólmur	1x	1v	-	-	-	-	120	20
		Þórshöfn	1x	1x	-	-	-	-		20
		Raufarhöfn	1x	1v	-	-	-	-	120	20
		Holt	1v	1v	-	-	-	-	240	20
		Vopnafjörður	1x	1v	-	-	-	-	120	20
		Hólmavík	1v	1v	-	-	-	-	240	20
		Grímsey	1x	1v	-	-	-	-	120	20
		Gjögur	1v	1v	-	-	-	-	240	20
		Kópasker	1x	1x	-	-	-	-		20
x: kort fyrir hendi v: vantar kort								SAMTALS:	3.960	665

7.3.29. **Segulbandstæki** — Til upptöku á talviðskiptum loftfara og flugturns eða flugradiostöðvar verði segulbandstæki á flugvöllum í A-flokki.

7.3.30. **Miðunarstöðvar** — Á flugvöllum í flokkum A1 og A2 verði VHF-miðunarstöðvar, er geti sjálfvirkt miðað á viðeigandi vinnutíðni flugturns eða flugradiostöðvar, svo og á neyðartíðninni 121.5 MHz.

7.3.31. **Flugumferðarþjónusta** — Aðflugsstjórnarþjónusta sé veitt af flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík, Reykjavíkur-flugturni og/eða Akureyrar-flugturni í samræmi við verkaskiptingu, sem ákveðin er í starfsreglum þessara deilda. Flugturnsþjónusta sé veitt á flugvöllum, er hafa a. m. k. 5000 skráðar árlegar flughreyfingar. Á öðrum áætlunarflugvöllum sé veitt flugradioþjónusta (AFIS). Flugstjórnarsvið sé umhverfis flugvelli með flugturnsþjónustu, en vallarsvið umhverfis aðra áætlunarflugvelli. Starfslið flugumferðarþjónustu og flugvalla hljóti tilskylda þjálfun.

7.3.32. **Gerð flugkorta** — Í stofnkostnaði flugvalla og blindaðflugskerfa verði gert ráð fyrir fjárveitingu til gerðar flugkorta í samræmi við ICAO-kröfur og sbr. **töflu 15.**

7.3.33. **Flugprófanir** — Stöðvar og kerfi fyrir flugleiðsögu og fjarskipti verði flugprófuð í samræmi við ICAO-kröfur á því sviði.

7.4. **Búnaður áætlunarflugvalla.**

7.4.1. Sé beitt ákvæðum framkvæmdastaðla í gr. 7.3. fást eftirfarandi yfirlit yfir þann búnað, sem gera skal ráð fyrir á áætlunarflugvöllum á því tímabili, er áætlunin nær til. Búnaður þessi er að hluta til fyrir hendi á hinum ýmsu flugvöllum, og vísast til yfirlita yfir áætlaðan búnað. Verkefnunum er raðað í eðlilega framkvæmdaröð, en innan sviga er tilvísun í viðeigandi grein framkvæmdastaðlanna, er nánar skýrir þær kröfur er miða skal við.

7.4.2. **Lágmarksbúnaður allra áætlunarflugvalla.**

a. Girðing umhverfis athafnasvæðið (7.3.5.)
b. Flugstöð eða farþegaskýli (7.3.7.)
c. Rafmagnsheimtaug (7.3.16.)
d. Símasamband (7.3.26.)
e. Veðurmælitæki (7.3.27.)
f. VHF-fjarskiptatæki (7.3.28.)
g. Tækjageymsla (7.3.8.)
h. Slökkvitæki (7.3.11.)
i. Sandgeymsla (7.3.9.)
j. Sanddreifari (7.3.14)
k. Hemlunarmælir (7.3.13.)
l. Radioviti (7.3.21.)
m. „Monitor"-viðtæki (7.3.21.)
n. Hindranaljós (7.3.17.)
o. Flugbrautarljós (7.3.18.)
p. Aðflugsljós (7.3.20.)

7.4.3. **Viðbótarbúnaður allra flugvalla fyrir áætlunarflug að næturlagi.**

a. Vararafstöð (7.3.16.)
b. Föst flugbrautarljós (7.3.18.)
c. Aðflugshallaljós (7.3.19.)
d. Aðflugsljós (7.3.20.)
e. Skýjahæðarmælir (7.3.27)

7.4.4. **Viðbótarbúnaður allra flugvalla í A-flokki.**

a. Varafjarskiptatæki (7.3.28.)
b. Segulbandstæki (7.3.29.)
c. Vararafstöð (7.3.16.)
d. Aðflugshallaljós (7.3.19.)
e. Merkiviti (7.3.22.)
f. Sérstök tækjageymsla (7.3.8.)
g. Bifreið fyrir hemlunarmæli o. fl. (7.3.12.)
h. Vörubifreið með snjótönn (7.3.15.)
i. Sandsíló (7.3.9.)
j. Miðlínusendir (7. 3. 23.)
k. Fjarlægðarmæliviti (7.3.25.)
l. Malbikun athafnasvæða (7.3.6.)

7.4.5. **Viðbótarbúnaður fyrir tiltekna áætlunarflugvelli.**

a. VHF-fjarskiptatæki á 121.5 MHz (7.3.28.)
b. Miðunarstöðvar (7.3.30.)
c. Snjóruðningstæki (7.3.15.)
d. Aðflugshallasendir (7.3.24.)
e. Skyggnismælir-RVR (7.3.15.)

7.5. **Mat á forgangsröð framkvæmda.**

7.5.1. Upphaflega var gert ráð fyrir að nefndin semdi tillögu um forgangsröð framkvæmda og skiptingu þeirra á framkvæmdaár. Að athuguðu máli taldi nefndin ekki rétt að setja fram slíka áætlun þar eð niðurröðun framkvæmda á framkvæmdaár fer að verulegu leyti eftir þeirri fjárveitingu, sem Alþingi ákveður að verja skuli til framkvæmdaverkefna flugmálastjórnar. Sé sú upphæð önnur en nefndin gerir ráð fyrir í tillögum sínum, gæti forgangsröðunin riðlast að verulegu leyti. Í eftirfarandi greinum eru því settar fram almennar hugleiðingar um ýmis þau atriði, sem áhrif hafa á forgangsröð, svo og settar fram tillögur nefndarinnar um forgangsröð tiltekinna verkefna.

7.5.2. Við almennt mat á forgangsröð framkvæmda flugmálastjórnar þarf m. a. að hafa eftirfarandi atriði í huga:

a. Hvort kröfum um lágmarksöryggisbúnað sé fullnægt.
b. Hvort kröfum um lágmarksaðbúnað flugfarþega sé fullnægt.
c. Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga um flugvöllinn.
d. Hvort núverandi flugbraut og/eða búnaður flugvallarins valdi verulegum takmörkunum í flugrekstri um flugvöllinn.
e. Hvort viðkomandi byggðarlag sé sérstaklega háð flugsamgöngum, t. d. vegna einangrunar að vetrarlagi.
f. Hvort viðkomandi flugvöllur þurfi einnig að þjóna millilandaflugi.

Í eftirfarandi greinum verður hvert þessara atriða nánar rætt.

7.5.3. Framkvæmdir, sem tengdar eru kröfum um lágmarksöryggisbúnað flugvallar, verða að njóta forgangs umfram allar aðrar framkvæmdir. Í þessu sambandi má t. d. nefna girðingar umhverfis athafnasvæðin, símasamband, veðurmælitæki, fjarskiptatæki, svo og slökkvibúnað, sem sé í samræmi við kröfur ICAO. Sama gildir um tilskilda og nauðsynlega lágmarkslengd flugbrauta, þar sem hún er enn ófullnægjandi. Verkefnum af þessu tagi ætti að ljúka áður en ráðist er í aðrar framkvæmdir.

7.5.4. Þegar fullnægt hefur verið lágmarkskröfum um öryggi flugsins, þarf einnig að sinna lágmarkskröfum í sambandi við aðbúnað flugfarþega á flugvelli (upphitað farþegaskýli með salernisaðstöðu). Á flestum áætlunarflug-

völlum er ástand á þessu sviði vægast sagt bágborið og þarfnast brýnna úrbóta.

7.5.5. Magn flugflutninga flugvallar er veigamikill þáttur í mati á forgangsröð framkvæmda, og hefur t. d. flokkun flugvalla í skýrslu þessari fyrst og fremst tekið mið af þeim þætti. Augljóst er, að þurfi t. d. að velja á milli tveggja flugvalla varðandi uppsetningu tækjabúnaðar, sem lækkað gæti blindaðflugsmörk um helming, myndi sá flugvöllur að öðru jöfnu ganga fyrir, er hefði meiri flugflutninga. Þá myndu tekjumöguleikar slíks flugvallar vera meiri, og því eðlilegt að þar yrði fyrst ráðist í framkvæmdir, er kalla á umtalsverða fjárfestingu.

7.5.6. Ófullnægjandi flugbrautarlengd veldur því víða að takmarka verður hleðslu þeirra flugvéla, sem nota brautirnar. Á þeim flugvöllum þar sem nauðsynleg lenging yrði tiltölulega ódýr í framkvæmd, ætti að setja slíkt verkefni ofarlega í forgangsröðina. Sama máli gegnir um ljósabúnað tiltekinna flugvalla, sem nú eru eingöngu notaðir af minni flugfélögunum. Eins og nú er háttað er aðeins heimaflugvöllur þessara flugfélaga búinn ljósum, en það veldur því að flugfloti þeirra nýtist ekki nægjanlega vel, einkum að vetrarlagi.

7.5.7. Sum byggðarlög eru sérstaklega háð flugsamgöngum, einkum að vetrarlagi þegar fjallvegir lokast. Má í þessu sambandi nefna t. d. Patreksfjörð, Suðureyri, Ísafjörð, Þórshöfn og Vopnafjörð. Á sumum þessara flugvalla eru aðflugsaðstæður þröngar, og rými fyrir flugvöllinn takmarkað. Þrátt fyrir þessa annmarka verður að leggja sérstaka áherslu á að íbúar þessara og svipaðra byggðarlaga njóti reglubundinna og öruggra flugsamgangna, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Í meðfylgjandi töflu 16 er veitt yfirlit yfir íbúafjölda „markaðssvæðis“ flugvalla svo og upplýsingar um „einangrunarstig“ þeirra.

7.5.8. Þeir flugvellir, sem auk hlutverks síns fyrir innanlandsflugið, hafa sérstaka þýðingu fyrir millilandaflug, þurfa að fullnægja vissum kröfum, sem það flug gerir. Árið 1975 fór 941 flugvél í millilandaflugi um Reykjavíkurflugvöll, og bæði hann og fjórir aðrir skráðir millilandaflugvellir (Akureyri, Egilsstaðir, Hornafjörður og Sauðárkrókur) þurfa að vera tiltækir sem varaflugvellir fyrir millilandaflug.

7.5.9. Varðandi forgangsröðun framkvæmda kæmu einkum tvær aðalleiðir til greina, þ. e. að taka fyrst fyrir tiltekna flokka brýnna verkefna, t. d. slökkvibúnað eða fjarskiptatæki, og koma þeim í tilætlað horf á öllum flugvöllunum, eða að megin áherslan verði lögð á að fullgera ákveðna flugvelli þannig að þeir fullnægi öllum settum kröfum varðandi gerð og búnað. Í framkvæmd er þó raunhæfara að beita aðferð, sem væri sambland af þessum tveim leiðum, og við forgangsröðun hafa hliðsjón af þeim atriðum, sem skýrð hafa verið í greinum 7.5.2. og 7.5.8. hér að framan. Fyrst og fremst þarf að fullnægja tilteknum kröfum um lágmarksöryggisbúnað, og verða þau verkefni óhjákvæmilega að koma í fyrsta áfanga. Varðandi forgangsröðun nokkura stærri verkefna eða tækjakaupa leggur nefndin fram eftirfarandi tillögu:

a. **Flugstöðvar.**

1. Reykjavík
2. Vestmannaeyjar
3. Sauðárkrókur
4. Hornafjörður
5. Húsavík
6. Patreksfjörður

Tafla 16

ÍBÚAFJÖLDI "MARKAÐSSVÆÐIS" FLUGVALLAR OG "EINANGRUNARSTIG"

flokkur			flugvöllur	Íbúafjöldi "markaðssvæðis" flugvallar árið 1975. (Landsvæði, sem markast af ca. 50 km akstursvegalengd frá flugvelli og/eða miðja vegu að næsta flugvelli)	"Einangrunarstig" (Stuðst er við niðurstöður veturinn 1970/71, nema það sem merkt er með + gildir fyrir 1972/73 og 1973/74)	
					Fjöldi daga á ári sem greiðfærasti vegur frá markaðssvæði að nálægum flugvelli utan markaðssvæðis er lokaður fólksbílum.	Hlutfallslegt "einangrunarstig" á ársgrundvelli. %
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	133.700	færri en 10 (til Keflavíkur)	1
	A2	2	Akureyri	15.300	10-50 (til Sauðárkróks)	10
		3	Vestmannaeyjar	4.400	sjóleið	-
		4	Ísafjörður	4.650	fleiri en 100+ (Breiðadalsheiði)	30
		5	Egilsstaðir	4.000	færri en 100+ (Fagridalur)	1
	A3	6	Hornafjörður	1.650	11-50+ (til Fagurhólsmýrar)	10
		7	Sauðárkrókur	4.000	11-50 (til Blönduóss)	10
		8	Húsavík	3.150	færri en 10 (til Akureyrar)	1
		9	Patreksfjörður	1.610	fleiri en 100+ (til Bíldudals)	30
			Samtals "A":	172.460	-	-
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	2.340	11-50 (til Sauðárkróks)	10
		11	Rif	2.010	11-50+ (til Stykkishólms)	10
		12	Þingeyri	650	51-100+ (til Flateyrar)	20
		13	Blönduós	2.150	11-50 (til Sauðárkróks)	10
		14	Norðfjörður	1.760	51-100+ (Oddsskarð)	20
		15	Vopnafjörður	830	fleiri en 100+ (til Egilsstaða)	30
		16	Stykkishólmur	2.370	11-50 (til Reykjavíkur)	10
		17	Raufarhöfn	600	11-50 (til Kópaskers)	10
		18	Þórshöfn	580	fleiri en 100 (til Raufarhafnar)	30
		19	Flateyri	510	51-100+ (til Þingeyrar)	20
		20	Suðureyri	520	fleiri en 100+ (Breiðadalsheiði)	30
		21	Bíldudalur	370	51-100+ (til Patreksfjarðar)	20
	S2	22	Reykhólar	370	11-50+ (til Búðardals)	10
		23	Hólmavík	660	11-50+ (til Hvammstanga)	10
		24	Grímsey	90	sjóleið	-
		25	Fagurhólsmýri	210	11-50+ (til Hornafjarðar)	10
		26	Gjögur	320	fleiri en 100+ (til Hólmavíkur)	30
		27	Kópasker	510	11-50 (til Húsavíkur)	10
		28	Borgarfj.eystri	340	fleiri en 100+ (Vatnsskarð)	30
		29	Mývatn	1.100	færri en 10 (til Húsavíkur)	1
		30	Hvammstangi	1.540	færri en 10 (til Blönduóss)	1
		31	Bakkafjörður	110	færri en 100 (til Þórshafnar)	30
		32	Búðardalur	1.210	11-50+ (til Reykjavíkur)	10
		33	Djúpivogur	460	11-50+ (til Hafnar)	10
		34	Breiðdalsvík	680	11-50+ (til Fáskrúðsfjarðar)	10
		35	Fáskrúðsfjörður	890	færri en 10+ (til Egilsstaða)	1
		36	Seyðisfjörður	970	50-100+ (til Egilsstaða)	20
			Samtals "S"	24.150	-	
			SAMTALS:	196.610		

b. **Búnaður fyrir næturflug.**

1. Blönduós
2. Vopnafjörður
3. Vestmannaeyjar (flugbraut 04/22)
4. Reykjavík (flugbraut 02/20, ný ljós)
5. Rif (þarf að hækka flugbraut og lengja um 170 m)
6. Stykkishólmur (þarf að lengja flugbraut um 120 m)
7. Raufarhöfn (miða við 800 m)
8. Þórshöfn (á nýjum 800 m flugvelli)
9. Kópasker
10. Patreksfjörður
11. Reykjavík (flugbraut 07/25)
12. Hornafjörður (flugbraut 11/29 eftir endurbyggingu)

c. **Miðlínusendir (LLZ).**

1. Ísafjörður (Ögur)
2. Reykjavík (flugbraut 14)
3. Akureyri (flugbraut 02)
4. Húsavík (flugbraut 04)

d. **Fjarlægðarmælivitar (DME).**

1. Ísafjörður (Ögur)
2. Reykjavík
3. Sauðárkrókur
4. Egilsstaðir
5. Vestmannaeyjar
6. Húsavík

e. **Malbikun flugbrauta, akbrauta og hlaða.**

1. Vestmannaeyjar
2. Ísafjörður
3. Sauðárkrókur
4. Egilsstaðir
5. Hornafjörður
6. Húsavík
7. Patreksfjörður

f. **VHF-miðunarstöðvar (VDF).**

1. Reykjavík
2. Vestmannaeyjar
3. Akureyri
4. Egilsstaðir
5. Ísafjörður

7.6. **Gerð framkvæmdaáætlana.**

7.6.1. Í nýjum starfsreglum flugráðs er gert ráð fyrir að samin verði 4-ára framkvæmdaáætlun, sem árlega verði lögð fyrir ráðuneyti til staðfestingar. Til þess mun ætlast, að framangreind áætlun verði hliðstæð svipuðum áætlunum Vegagerðar ríkisins og Vita- og hafnamálastjórnar. Þess þarf þó að gæta, að það starfslið, sem þessar þrjár ríkisstofnanir hafa á að skipa til áætlunargerðar er æði mismunandi. Við áætlanagerð starfa t. d. að jafnaði 19 starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins, og 4 hjá Vita- og hafnamálastjórn. Flugmálastjórnin hefur hins vegar nýlega fengið heimild til að ráða til

þessara starfa einn verkfræðing við flugöryggisþjónustuna. Nefndin telur með hliðsjón af þýðingu þessa verkefnis nauðsynlegt að efla starfsemi á sviði áætlanagerðar með því að heimild verði veitt fyrir viðbótarstarfsliði. Úrbóta er t. d. þörf á sviði úrvinslu ýmissa frumgagna, sem þurfa að vera fyrir hendi við áætlangerð, þ. á m. „statistik" ýmis konar, bókhaldslegar og tæknilegar upplýsingar varðandi fyrri verkefni, samanburður við ICAO ákvæði og hliðstæð verkefni hjá öðrum þjóðum, svo og útboð, val og innkaup tækja. Sá kostnaður, sem lagður er í vandaðri áætlanir og annan undirbúning framkvæmda, er fljótur að skila sér aftur með betri nýtingu framkvæmdafjárveitinga.

8. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

8.1. Áætlunarflugvellir.

8.1.1. Í eftirfarandi **töflum nr. 17 til 23** er að finna tillögu nefndarinnar um framkvæmdir á áætlunarflugvöllum svo og áætlaðan fjárfestingarkostnað í því sambandi. Við gerð þessarar áætlunar hefur verið tekið mið af úttekt á núverandi ástandi flugvallanna, sem lýst var í kafla 5, svo og hugmynd að framkvæmdastaðli í kafla 7.

8.1.2. Sérstök athygli er vakin á því að hér er ekki um að ræða tæmandi „óskalista" yfir allar þær úrbætur, sem æskilegt væri að fá á þessu sviði, heldur ber að líta á þessa tillögu sem tiltölulega grófa rammaáætlun, er verði hlutaðeigandi stjórnvöldum til aðstoðar við stefnumörkun. Í áætlun þessari er fyrst og fremst leitast við að fullnægja settum lágmarkskröfum varðandi öryggi og aðbúnað á öllum áætlunarflugvöllum, svo og sinna öðrum aðkallandi framkvæmdum með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem rakin voru í greinum 7.4. og 7.5. Á grundvelli þessarar rammaáætlunar er eðlilegt að flugráði og flugmálastjórn verði falið að semja sérstaka og nákvæmari áætlun fyrir hvert framkvæmdaár.

8.2. Aðrar framkvæmdir.

8.2.1. Til viðbótar þeim framkvæmdum, sem fjallað er um í gr. 8.1. hér að framan, koma áætlaðar framkvæmdir á öðrum flugvöllum, samtals **295 millj. kr.** (sbr. gr. 5.5.), svo og framkvæmdir við kerfi og þjónustu leiðarflugs, samtals **81 millj. kr.** (sbr. gr. 6).

8.3. Heildaryfirlit yfir kostnað.

8.3.1. Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir áætlaðan heildarkostnað framkvæmdanna:

Tafla 24

aðalverkefni	millj.kr.	%
Áætlunarflugvellir	4.862	90,0
Aðrir flugvellir	295	5,5
Leiðarflugþjónusta	81	1,5
Óráðstafað	162	3,0
Samtals:	5.400	100,0

Tafla 17

FLUGBRAUTIR OG ÖNNUR ATHAFNASVÆÐI Á ÆTLUNARFLUGVÖLLUM

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

	flokkur		flugvöllur	Flugbraut (án malbikunar)	Öryggissvæði	Akbrautir og hlað (án malbikunar)	Girðingar	Malbikun athafnasvæða	SAMTALS
ADALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	20,0	449,0	-	151,0	620,0
	A2	2	Akureyri	37,0	25,0	-	-	56,0	118,0
		3	Vestmannaeyjar	-	25,0	15,0	2,5	232,0	274,5
		4	Ísafjörður	-	26,0	2,0	-	77,0	105,0
		5	Egilsstaðir	144,0	-	-	-	158,0	302,0
	A3	6	Hornafjörður	36,0	28,0	22,0	-	105,0	191,0
		7	Sauðárkrókur	-	-	-	-	235,0	235,0
		8	Húsavík	-	2,0	-	-	187,0	189,0
		9	Patreksfjörður	-	24,0	8,0	-	105,0	137,0
			Samtals "A":	217,0	150,0	496,0	2,5	1306,0	2171,5
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	-	5,0	1,5	-	6,5
		11	Rif	6,0	3,0	1,0	1,5	-	11,5
		12	Þingeyri	-	10,0	2,0	-	-	12,0
		13	Blönduós	-	-	-	-	-	-
		14	Norðfjörður	-	10,0	2,0	-	-	12,0
		15	Vopnafjörður	8,0	7,0	1,0	1,3	-	17,3
		16	Stykkishólmur	10,0	12,0	4,0	1,3	-	27,3
		17	Raufarhöfn	-	12,0	2,0	-	-	14,0
		18	Þórshöfn	11,0	4,0	3,0	-	-	18,0
		19	Flateyri	1,0	3,0	1,0	1,1	-	6,1
		20	Suðureyri	1,0	2,0	-	1,1	-	4,1
		21	Bíldudalur	12,0	10,0	1,0	1,2	-	24,2
	S2	22	Reykhólar	3,0	-	-	1,1	-	4,1
		23	Hólmavík	-	3,0	1,0	-	-	4,0
		24	Grímsey	3,0	-	-	1,5	-	4,5
		25	Fagurhólsmýri	-	-	-	0,9	-	0,9
		26	Gjögur	3,0	-	-	1,5	-	4,5
		27	Kópasker	-	-	-	-	-	-
		28	Borgarfj.eystri	7,0	2,0	1,0	1,1	-	11,1
		29	Mývatn	3,0	2,0	-	1,4	-	6,4
		30	Hvammstangi	-	-	-	1,1	-	1,1
		31	Bakkafjörður	-	2,0	-	1,1	-	3,1
		32	Búðardalur	4,0	2,0	-	1,2	-	7,2
		33	Djúpivogur	9,0	4,0	1,0	1,2	-	15,2
		34	Breiðdalsvík	4,0	2,0	-	1,2	-	7,2
		35	Fáskrúðsfjörður	5,0	2,0	1,0	1,2	-	9,2
		36	Seyðisfjörður	6,0	6,0	3,0	1,2	-	16,2
			Samtals "S"	96,0	98,0	29,0	24,7	-	247,7
			SAMTALS:	313,0	248,0	525,0	27,2	1306,0	2419,2
			%:	12,8	10,2	21,5	1,1	53,5	100,0

Tafla 18

BYGGINGAR Á ÆTLUNAR-FLUGVÖLLUM

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

			flugvöllur	Flugturn	Flugstöðvar og farþegaskýli	Tækjageymslur	Sandgeymslur	Aðrar byggingar	SAMTALS
ADALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	580,0	72,0	12,0	-	664,0
	A2	2	Akureyri	-	-	29,0	-	-	29,0
		3	Vestmannaeyjar	8,0	65,0	18,0	12,0		103,0
		4	Ísafjörður	-	5,0	18,0	-	-	23,0
		5	Egilsstaðir	-	5,0	22,0	8,0	36,0	71,0
	A3	6	Hornafjörður	-	53,0	18,0	8,0	-	79,0
		7	Sauðárkrókur	-	53,0	18,0	8,0	-	79,0
		8	Húsavík	-	53,0	22,0	8,0	-	83,0
		9	Patreksfjörður	-	53,0	18,0	8,0	-	79,0
			Samtals "A":	8,0	867,0	235,0	64,0	36,0	1210,0
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	-	-	-	-	-
		11	Rif	-	18,0	-	-	-	18,0
		12	Þingeyri	-	18,0	-	-	-	18,0
		13	Blönduós	-	5,0	-	-	-	5,0
		14	Norðfjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
		15	Vopnafjörður	-	-	-	-	-	-
		16	Stykkishólmur	-	18,0	-	-	-	18,0
		17	Raufarhöfn	-	-	-	-	-	-
		18	Þórshöfn	-	18,0	-	-	-	18,0
		19	Flateyri	-	7,0	-	-	-	7,0
		20	Suðureyri	-	7,0	-	-	-	7,0
		21	Bíldudalur	-	7,0	-	-	-	7,0
	S2	22	Reykhólar	-	7,0	-	-	-	7,0
		23	Hólmavík	-	7,0	-	-	-	7,0
		24	Grímsey	-	7,0	-	-	-	7,0
		25	Fagurhólsmýri	-	-	-	-	-	-
		26	Gjögur	-	7,0	-	-	-	7,0
		27	Kópasker	-	7,0	-	-	-	7,0
		28	Borgarfj.eystri	-	7,0	-	-	-	7,0
		29	Mývatn	-	-	-	-	-	-
		30	Hvammstangi	-	5,0	-	-	-	5,0
		31	Bakkafjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
		32	Búðardalur	-	5,0	-	-	-	5,0
		33	Djúpivogur	-	5,0	-	-	-	5,0
		34	Breiðdalsvík	-	5,0	-	-	-	5,0
		35	Fáskrúðsfjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
		36	Seyðisfjörður	-	5,0	-	-	-	5,0
			Samtals "S"	-	180,0	-	-	-	180,0
			SAMTALS:	8,0	1047,0	235,0	64,0	36,0	1390,0
			%:	0,6	75,3	16,9	4,6	2,6	100,0

Tafla 19

BÚNAÐUR FYRIR FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU ÆTLUNARFLUGVALLA (flugturnar og flugradio)

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

flokkur			flugvöllur	Símasamband	Veðurmælitæki	Fjarskiptatæki (VHF)	Ratsjá	Ýmis annar tækjabúnaður flugumferðarþjónustu	SAMTALS
ADALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	-	0,6	0,3	4,0	4,9
	A2	2	Akureyri	-	7,8	0,6	0,3	3,5	12,2
		3	Vestmannaeyjar	-	3,0	-	0,3	3,5	6,8
		4	Ísafjörður	-	-	-	0,3	3,5	3,8
		5	Egilsstaðir	-	7,8	0,6	0,3	3,5	12,2
	A3	6	Hornafjörður	-	2,0	0,6	0,3	3,5	6,4
		7	Sauðárkrókur	-	7,8	0,6	0,3	3,5	12,2
		8	Húsavík	-	7,8	-	0,3	0,5	8,6
		9	Patreksfjörður	-	2,0	-	0,3	0,5	2,8
			Samtals "A":	-	38,2	3,0	2,7	25,5	69,9
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	0,1	-	0,1	0,1	0,3
		11	Rif	0,7	2,1	-	0,1	0,1	3,0
		12	Þingeyri	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		13	Blönduós	-	2,1	-	0,1	0,1	2,3
		14	Norðfjörður	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		15	Vopnafjörður	-	2,0	-	0,1	0,1	2,2
		16	Stykkishólmur	0,2	2,1	-	0,1	0,1	2,5
		17	Raufarhöfn	-	2,0	-	0,1	0,1	2,2
		18	Þórshöfn	-	2,0	-	0,1	0,1	2,2
		19	Flateyri	-	0,1	-	0,1	0,1	0,3
		20	Suðureyri	0,1	0,1	-	0,1	0,1	0,4
		21	Bíldudalur	0,2	0,1	-	0,1	0,1	0,5
	S2	22	Reykhólar	0,1	0,1	-	0,1	0,1	0,4
		23	Hólmavík	0,2	0,1	-	0,1	0,1	0,5
		24	Grímsey	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		25	Fagurhólsmýri	-	-	-	0,1	0,1	0,2
		26	Gjögur	-	0,1	-	0,1	0,1	0,3
		27	Kópasker	0,4	-	-	0,1	0,1	0,6
		28	Borgarfj.eystri	0,2	0,5	-	0,1	0,1	0,9
		29	Mývatn	0,4	0,5	0,6	0,1	0,1	1,7
		30	Hvammstangi	-	0,5	-	0,1	0,1	0,7
		31	Bakkafjörður	0,1	0,5	-	0,1	0,1	0,8
		32	Búðardalur	0,7	0,1	-	0,1	0,1	1,0
		33	Djúpivogur	0,4	0,5	-	0,1	0,1	1,1
		34	Breiðdalsvík	0,1	0,5	0,6	0,1	0,1	1,4
		35	Fáskrúðsfjörður	0,2	0,5	0,6	0,1	0,1	1,5
		36	Seyðisfjörður	0,1	0,5	0,6	0,1	0,1	1,4
			Samtals "S"	4,1	17,1	2,4	2,7	2,7	29,0
			SAMTALS:	4,1	55,3	5,4	5,4	28,2	98,9
			%:	4,2	56,2	5,5	5,5	28,6	100,0

Tafla 20

VÉLABÚNAÐUR Á ÆTLUNAR-FLUGVÖLLUM

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

(F: Flutt frá öðrum flugvelli, vegna endurnýjaðs búnaðar þar.)

flokkur			flugvöllur	Slökkvibúnaður	Bifreiðar	Hemlunarmælar	Sanddreifarar	Annar vélabúnaður	SAMTALS
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	60,0	-	-	-	35,0	95,0
	A2	2	Akureyri	30,0	-	-	-	4,5	34,5
		3	Vestmannaeyjar	3,6	-	2,0	2,0	13,9	21,5
		4	Ísafjörður	3,6	-	2,0	2,0	4,5	12,1
		5	Egilsstaðir	3,6	-	2,0	-	4,5	10,1
	A3	6	Hornafjörður	3,6	-	-	2,0	13,9	19,5
		7	Sauðárkrókur	3,6	3,0	-	2,0	4,5	13,1
		8	Húsavík	3,6	3,0	-	2,0	4,5	13,1
		9	Patreksfjörður	3,6	3,0	-	2,0	13,9	22,5
			Samtals "A":	115,2	9,0	6,0	12,0	99,2	241,4
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		11	Rif	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		12	Þingeyri	3,6	-	-	-	-	3,6
		13	Blönduós	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		14	Norðfjörður	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		15	Vopnafjörður	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		16	Stykkishólmur	3,6	-	0,1	0,6	-	4,3
		17	Raufarhöfn	3,6	-	0,1	F	-	3,7
		18	Þórshöfn	3,6	-	0,1	F	9,4	13,1
		19	Flateyri	3,6	-	0,1	F	-	3,7
		20	Suðureyri	3,6	-	0,1	F	-	3,7
		21	Bíldudalur	3,6	-	0,1	F	-	3,7
	S2	22	Reykhólar	1,1	-	0,1	0,6	-	1,8
		23	Hólmavík	1,1	-	0,1	0,6	9,4	11,2
		24	Grímsey	1,1	-	0,1	0,6	-	1,8
		25	Fagurhólsmýri	-	-	0,1	0,6	-	0,7
		26	Gjögur	1,1	-	0,1	0,6	9,4	11,2
		27	Kópasker	1,1	-	0,1	0,6	-	1,8
		28	Borgarfj.eystri	F	-	0,1	0,6	9,4	10,1
		29	Mývatn	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		30	Hvammstangi	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		31	Bakkafjörður	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		32	Búðardalur	F	-	0,1	0,6	-	0,7
		33	Djúpivogur	F	-	F	0,6	-	0,6
		34	Breiðdalsvík	F	-	F	0,6	-	0,6
		35	Fáskrúðsfjörður	F	-	F	0,6	-	0,6
		36	Seyðisfjörður	F	-	F	0,6		0,6
			Samtals "S"	48,7	-	2,2	12,6	37,6	101,1
			SAMTALS:	163,9	9,0	8,2	24,6	136,8	342,5
			%:	47,9	2,6	2,4	7,2	39,9	100,0

Tafla 21

BLINDAÐFLUGSBÚNAÐUR FYRIR ÆTLUNARFLUGVELLI

Ætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

flokkur			flugvöllur	Radiovitar (NDB)	Merkivitar	Miðlínusendar (LLZ) og Aðflugshallasendar (GS)	Fjarlægðarmælivitar (DME)	Annar blindaðflugsbúnaður	SAMTALS
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	-	20,9	17,9	0,8	39,6
	A2	2	Akureyri	-	6,8	36,9	-	0,4	44,1
		3	Vestmannaeyjar	-	-	-	17,9	0,2	18,1
		4	Ísafjörður	-	3,4	20,9	17,9	0,4	42,6
		5	Egilsstaðir	-	-	-	17,9	0,6	18,5
	A3	6	Hornafjörður	-	-	-	-	0,2	0,2
		7	Sauðárkrókur	-	-	16,9	17,9	0,4	35,2
		8	Húsavík	-	3,4	36,9	-	0,4	40,7
		9	Patreksfjörður	3,5	3,4	-	-	0,4	7,3
			Samtals "A":	3,5	17,0	132,5	89,5	3,8	246,3
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	3,5	3,4	-	-	0,2	7,1
		11	Rif	3,5	3,4	-	-	0,2	7,1
		12	Þingeyri	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		13	Blönduós	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		14	Norðfjörður	-	3,4	-	-	0,4	3,8
		15	Vopnafjörður	-	3,4	-	-	0,4	3,8
		16	Stykkishólmur	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		17	Raufarhöfn	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		18	Þórshöfn	-	3,4	-	-	0,2	3,6
		19	Flateyri	-	-	-	-	0,2	0,2
		20	Suðureyri	-	-	-	-	0,2	0,2
		21	Bíldudalur	-	-	-	-	-	-
	S2	22	Reykhólar	-	-	-	-	-	-
		23	Hólmavík	-	-	-	-	0,2	0,2
		24	Grímsey	-	-	-	-	0,2	0,2
		25	Fagurhólsmýri	-	-	-	-	0,2	0,2
		26	Gjögur	-	-	-	-	0,2	0,2
		27	Kópasker	-	-	-	-	0,2	0,2
		28	Borgarfj.eystri	3,5	-	-	-	0,2	3,7
		29	Mývatn	-	-	-	-	-	-
		30	Hvammstangi	3,5	-	-	-	0,2	3,7
		31	Bakkafjörður	-	-	-	-	-	-
		32	Búðardalur	-	-	-	-	-	-
		33	Djúpivogur	-	-	-	-	-	-
		34	Breiðdalsvík	-	-	-	-	-	-
		35	Fáskrúðsfjörður	3,5	-	-	-	0,2	3,7
		36	Seyðisfjörður	-	-	-	-	-	-
			Samtals "S"	17,5	30,6	-	-	4,2	52,3
			SAMTALS:	21,0	47,6	132,5	89,5	8,0	298,6
			%:	7,0	15,9	44,4	30,0	2,7	100,0

Tafla 22

RAFORKUVIRKI OG LJÓSABÚNAÐUR FYRIR ÆTLUNARFLUGVELLI

Áætlaður fjárfestingarkostnaður (millj.kr.)

flokkur			flugvöllur	Heimtaugar og vararafstöðvar	Hindranaljós	Flugbrautarljós	Aðflugshallaljós	Aðflugsljós	SAMTALS
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	-	0,5	15,2	8,6	-	24,3
	A2	2	Akureyri	-	1,0	2,1	0,8	12,0	15,9
		3	Vestmannaeyjar	3,0	2,0	-	1,0	6,6	12,6
		4	Ísafjörður	-	2,0	-	5,8	0,5	8,3
		5	Egilsstaðir	-	1,0	1,3	0,7	12,0	15,0
	A3	6	Hornafjörður	-	1,0	7,7	4,4	13,8	26,9
		7	Sauðárkrókur	-	0,5	-	-	-	0,5
		8	Húsavík	-	0,5	-	-	11,7	12,2
		9	Patreksfjörður	2,5	2,0	11,0	4,5	3,3	23,3
			Samtals "A":	5,5	10,5	37,3	25,8	59,9	139,0
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	-	1,0	-	-	0,5	1,5
		11	Rif	3,1	0,5	6,6	4,3	3,2	17,7
		12	Þingeyri	-	1,0	-	-	0,5	1,5
		13	Blönduós	1,7	0,5	6,6	4,3	3,2	16,3
		14	Norðfjörður	1,0	0,5	-	-	0,5	2,0
		15	Vopnafjörður	2,4	0,5	6,6	4,3	3,2	17,0
		16	Stykkishólmur	3,5	0,5	6,6	4,3	3,2	18,1
		17	Raufarhöfn	1,7	0,5	6,6	4,3	3,2	16,3
		18	Þórshöfn	-	0,5	6,6	4,3	3,2	14,6
		19	Flateyri	-	1,0	0,4	-	0,5	1,9
		20	Suðureyri	0,7	1,0	-	-	0,5	2,2
		21	Bíldudalur	1,5	1,0	0,4	-	0,5	3,4
	S2	22	Reykhólar	0,7	0,5	0,4	-	0,5	2,1
		23	Hólmavík	1,3	0,5	-	-	0,5	2,3
		24	Grímsey	1,0	0,5	0,4	-	0,5	2,4
		25	Fagurhólsmýri	-	0,5	0,4	-	0,5	1,4
		26	Gjögur	1,9	0,5	-	-	0,5	2,9
		27	Kópasker	4,8	0,5	6,6	4,3	3,2	19,4
		28	Borgarfj.eystri	1,3	0,5	0,4	-	0,5	2,7
		29	Mývatn	1,9	0,5	0,4	-	0,5	3,3
		30	Hvammstangi	1,9	0,5	0,4	-	0,5	3,3
		31	Bakkafjörður	3,1	0,5	-	-	0,5	4,1
		32	Búðardalur	3,1	0,5	0,4	-	0,5	4,5
		33	Djúpivogur	1,9	0,5	0,4	-	0,5	3,3
		34	Breiðdalsvík	1,0	0,5	0,4	-	0,5	2,4
		35	Fáskrúðsfjörður	1,5	1,0	0,4	-	0,5	3,4
		36	Seyðisfjörður	1,9	1,0	0,4	-	0,5	3,8
			Samtals "S"	42,9	17,0	51,4	30,1	32,4	173,8
			SAMTALS:	48,4	27,5	88,7	55,9	92,3	312,8
			%:	15,5	8,8	28,4	17,9	29,5	100,0

Tafla 23

HEILDARYFIRLIT YFIR ÁÆTLAÐAN FJÁRFESTINGARKOSTNAÐ Á ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM

(Upphæðir í millj.kr.)

flokkur			flugvöllur	Flugbrautir og önnur athafnasvæði (Tafla 17)	Byggingar (Tafla 18)	Búnaður fyrir flugumferðarþjónustu (Tafla 19)	Vélabúnaður (Tafla 20)	Blindaðflugsbúnaður (Tafla 21)	Raforkuvirki og ljósabúnaður (Tafla 22)	SAMTALS
AÐALFLUGVELLIR: A	A1	1	Reykjavík	620,0	664,0	4,9	95,0	39,6	24,3	1447,8
	A2	2	Akureyri	118,0	29,0	12,2	34,5	44,1	15,9	253,7
		3	Vestmannaeyjar	274,5	103,0	6,8	21,5	18,1	12,6	436,5
		4	Ísafjörður	105,0	23,0	3,8	12,1	42,6	8,3	194,8
		5	Egilsstaðir	302,0	71,0	12,2	10,1	18,5	15,0	428,8
	A3	6	Hornafjörður	191,0	79,0	6,4	19,5	0,2	26,9	323,0
		7	Sauðárkrókur	235,0	79,0	12,2	13,1	35,2	0,5	375,0
		8	Húsavík	189,0	83,0	8,6	13,1	40,7	12,2	346,6
		9	Patreksfjörður	137,0	79,0	2,8	22,5	7,3	23,3	271,9
			Samtals "A":	2171,5	1210,0	69,9	241,4	246,3	139,0	4078,1
"STOL"-FLUGVELLIR: S	S1	10	Siglufjörður	6,5	-	0,3	4,3	7,1	1,5	19,7
		11	Rif	11,5	18,0	3,0	4,3	7,1	17,7	61,6
		12	Þingeyri	12,0	18,0	0,2	3,6	3,6	1,5	38,9
		13	Blönduós	-	5,0	2,3	4,3	3,6	16,3	31,5
		14	Norðfjörður	12,0	5,0	0,2	4,3	3,8	2,0	27,3
		15	Vopnafjörður	17,3	-	2,2	4,3	3,8	17,0	44,6
		16	Stykkishólmur	27,3	18,0	2,5	4,3	3,6	18,1	73,8
		17	Raufarhöfn	14,0	-	2,2	3,7	3,6	16,3	39,8
		18	Þórshöfn	18,0	18,0	2,2	13,1	3,6	14,6	69,5
		19	Flateyri	6,1	7,0	0,3	3,7	0,2	1,9	19,2
		20	Suðureyri	4,1	7,0	0,4	3,7	0,2	2,2	17,6
		21	Bíldudalur	24,2	7,0	0,5	3,7	-	3,4	38,8
	S2	22	Reykhólar	4,1	7,0	0,4	1,8	-	2,1	15,4
		23	Hólmavík	4,0	7,0	0,5	11,2	0,2	2,3	25,2
		24	Grímsey	4,5	7,0	0,2	1,8	0,2	2,4	16,1
		25	Fagurhólsmýri	0,9	-	0,2	0,7	0,2	1,4	3,4
		26	Gjögur	4,5	7,0	0,3	11,2	0,2	2,9	26,1
		27	Kópasker	-	7,0	0,6	1,8	0,2	19,4	29,0
		28	Borgarfj.eystri	11,1	7,0	0,9	10,1	3,7	2,7	35,5
		29	Mývatn	6,4	-	1,7	0,7	-	3,3	12,1
		30	Hvammstangi	1,1	5,0	0,7	0,7	3,7	3,3	14,5
		31	Bakkafjörður	3,1	5,0	0,8	0,7	-	4,1	13,7
		32	Búðardalur	7,2	5,0	1,0	0,7	-	4,5	18,4
		33	Djúpivogur	15,2	5,0	1,1	0,6	-	3,3	25,2
		34	Breiðdalsvík	7,2	5,0	1,4	0,6	-	2,4	16,6
		35	Fáskrúðsfjörður	9,2	5,0	1,5	0,6	3,7	3,4	23,4
		36	Seyðisfjörður	16,2	5,0	1,4	0,6	-	3,8	27,0
			Samtals "S"	247,7	180,0	29,0	101,1	52,3	173,8	783,9
			SAMTALS:	2419,2	1390,0	98,9	342,5	298,6	312,8	4862,0
			%:	49,8	28,6	2,0	7,0	6,2	6,4	100,0

8.4. **Framkvæmdatími.**

8.4.1. Nefndin leggur til að framangreindum framkvæmdum verði lokið á **6 árum**, sem þýðir að meðaltali **900 millj. kr.** fjárveitingu á ári til framkvæmdaverkefna miðað við núverandi verðlag og gengi.

8.5. **Skipting á kjördæmi.**

8.5. **Skipting á kjördæmi.**

8.5.1. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu áætlaðs framkvæmdafjár á kjördæmi:

Tafla 25

kjördæmi/verkefni	millj.kr.	%
Reykjavík	1.447,8	26,8
Reykjanes	5,0	0,1
Vesturland	203,8	3,8
Vestfirðir	722,9	13,4
Norðurland vestra	431,0	8,0
Norðurland eystra	821,5	15,2
Austurland	990,1	18,3
Suðurland	534,9	9,9
Leiðarflugþjónusta og óráðstafað	243,0	4,5
Samtals:	5.400,0	100,0

9. FJÁRMÖGNUN

9.1. **Yfirlit yfir framkvæmdafjárveitingar (1950—1976).**

9.1.1. **Mynd 13** sýnir bókfærða árlega fjárfestingu flugmálastjórnar tímabilið 1950 til 1976. Þar sem mismunandi ör verðbólga hefur verið öll þessi ár, og ekki liggur ljóst fyrir hvaða vísitölu bæri að nota til að fá raunhæfan samanburð á milli framkvæmdaára, er framkvæmdafjárveiting ársins 1976 (252 millj. kr.) notuð sem viðmiðun, og bókfærður fjárfestingarkostnaður annara ára umreiknaður miðað við skráð gengi Bandaríkjadollara á hverjum tíma.

9.2. **Yfirlit yfir fjárveitingar til flugmála árið 1976.**

9.2.1. Þegar gert er yfirlit yfir stöðu gjalda og tekna íslenska ríkisins á sviði flugmála er óhjákvæmilegt að taka með í reikninginn alþjóðaflugþjónustuna, gjöld og tekjur ríkisins vegna Keflavíkurflugvallar, svo og þær tekjur af flugvallagjaldi" (farþegaskatti), sem nú renna beint í ríkissjóð. Þar sem fjárveitingar til flugmála eru nú skráðar í fjárlögum undir tveim ráðuneytum, þ. e. utanríkisráðuneyti (vegna Keflavíkurflugvallar) og samgönguráðuneyti, er í eftirfarandi yfirliti getið þessarar skiptingar innan sviga:

Tafla 26


tegund gjalda og tekna	millj.kr.	%
GJÖLD		
Rekstrargjöld (419 + 87)	506	40
Fjárfestingar (252 + 43)	295	24
Afborganir lána (26 + 8)	34	3
Alþjóðaflugþjónustan	416	33
Samtals:	1.251	100
TEKJUR		
Lendingargjöld o.fl. (76 + 199)	275	22
"Flugvallagjald" (35 + 200)	235	19
Alþjóðaflugþjónustan	416	33
samtals:	926	74
Framlag ríkissjóðs	325	26
Samtals:	1.251	100

Raunverulegt framlag ríkissjóðs til flugmála nemur því aðeins **325 millj. kr.** eða samsvarandi 26% af núverandi umsvifum ríkisins á sviði flugmála. Víðast hvar erlendis renna tekjur af fríhafnarviðskiptum á flugvöllum einnig til flugvallanna sjálfra, og eru slíkar tekjur t.d. 7.4% af heildartekjum sænsku flugmálastjórnarinnar. Séu áætlaðar tekjur fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli árið 1976, 132 millj. kr., reiknaðar með í ofangreindu yfirliti, lækkar beint framlag ríkissjóðs í **193 millj. kr.** eða samsvarandi 14% af núverandi umsvifum ríkisins á sviði flugmála.

9.2.2. Fróðlegt er að kanna nánar áætlaða skiptingu ofangreindra gjalda og tekna á milli millilandaflugs og innanlandsflugs:

Tafla 27

gjöld og tekjur	millilanda-flug		innanlands-flug		samtals	
	millj.kr.	%	millj.kr.	%	millj.kr.	%
Gjöld, samtals	650	100	601	100	1.251	100
Tekjur af flug-umferðinni	850	131	76	13	926	74
Framlag ríkis-sjóðs	-200	-31	525	87	325	26


- 64 -
Mynd 13
BÚREKNAÐ ÁRLEG FJÁRFESTING FLUGMÁLASTJÓRNAR
Fjárfestingar
millj.kr./ári
400
350
300
250
200
150
100
50
15% árleg aukning frá árinu 1950 (7,9 millj.)
Athugasemd: Fjárfestingarfé ársins 1976 (252 millj.kr.) er notað sem viðmiðun, en fjárfestingarfé fyrri ára síðan reiknað sem hlutfall fjárveitinga miðað við skráð gengi á Bandaríkja-dollar á hverjum tíma.
meðaltal áranna 1950-1976
Ár
1950
1952
1954
1956
1958
1960
1962
1964
1966
1968
1970
1972
1974
1976
1978
1980
1982

Segja má, að miðað við núverandi rekstrarform Keflavíkurflugvallar sé 200 millj. kr. hagnaður af millilandafluginu, en upphæð þessi samsvarar áætluðum tekjum af „flugvallagjaldi“ millilandaflugs.

9.3. Tillögur varðandi fjármögnun framkvæmda.

9.3.1. Fjármagn til flugmála kemur í eðli sínu aðeins eftir tveim leiðum, þ. e. frá skattgreiðendum almennt í formi framlags ríkissjóðs, eða frá flugfarþegum og öðrum notendum loftrýmisins (farþegaskattar, lendingargjöld o. fl.). Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið víðast hvar um heim, að tekna til að standa straum af útgjöldum við rekstur flugvalla og þjónustu fyrir flugið er í vaxandi mæli aflað í formi afnotagjalda. Á vegum ICAO hefur verið gerð viðamikil úttekt á þessum málum, og hefur fastaráðið gefið út stefnumörkun sína á sviði gjaldamála (ICAO Doc. 9082-C/1015 „Statements by the Council to Contracting States on Charges for Airports and Route Air Navigation Facilities“). Árið 1973 var samþykkt á alþjóðlegri ICAO-ráðstefnu (DEN/ICE/2) að ca. 30—40% kostnaðar við alþjóðaflugþjónustuna á Íslandi og Grænlandi verði innheimt í formi afnotagjalda (en-route charges). ICAO hefur nú boðið til annarar ráðstefnu (DEN/ICE/3) um þessi mál í maí 1977, og er þar búist við að samþykkt verði að hækka afnotagjöldin þannig að þau geti numið ca. 70—90% af heildarkostnaði við þessa þjónustu.

9.3.2. Sum aðildarríki ICAO, t. d. Svíþjóð, hafa markað þá stefnu, að afnotagjöld í einu eða öðru formi standi undir öllum kostnaði hins opinbera við flugmál, og því verði ekki um nein framlög úr ríkissjóði að ræða til þessa málaflokks. Til þess að unnt sé að ná þessu markmiði þurfa flugflutningar að vera töluvert miklir þannig að nýting hlutaðeigandi mannvirkja verði góð. Hér á landi er þjóðhagslegt gildi flugsamgangna það mikið, að eðlilegt er að hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við flugvelli og þjónustu sé tiltölulega mikil. Víða á landinu eru tryggar flugsamgöngur forsenda fyrir búsetu. Heilbrigðisyfirvöld geta takmarkað byggingu fullkominna og dýrra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva við tiltölulega fáa staði, og treysta síðan á að sjúkraflug og aðrar samgöngugreinar leysi vanda annara byggðarlaga. Með hliðsjón af framangreindu, og miðað við núverandi rekstrarform Keflavíkurflugvallar, leggur nefndin til að mörkuð verði sú stefna að hlutfall afnotagjalda og annara beinna tekna af flugumferð verði 100% af útgjöldum í sambandi við millilandaflug, og ekki hærra en 50% af útgjöldum í sambandi við innanlandsflug.

9.3.3. Mjög þýðingarmikið er að ofangreindu markmiði í sambandi við afnotagjöld í innanlandsflugi verði náð á nægilega löngum aðlögunartíma þannig að flugfélögum gefist góður tími til að aðlaga rekstur sinn breyttum forsendum. Eftirfarandi tafla 28 sýnir einfalt dæmi um hugsanlega skiptingu gjalda og tekna fyrir innanlandsflug þar sem gert er ráð fyrir að hlutdeild afnotagjalda aukist um 5% á ári. Í þessu einfalda dæmi er miðað við stöðugt verðlag, en að rekstrarkostnaður aukist um 10% af fjárfestingarkostnaði ársins á undan:

Tafla 28

(Innanlandsflug)	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	5. ár	6. ár
Rekstrargjöld (m.kr.)	500	590	680	770	860	950
Fjárfestingar (m.Kr.)	900	900	900	900	900	900
Gjöld samtals (m.kr.)	1.400	1.490	1.580	1.670	1.760	1.850
Afnotagjöld (%)	10	15	20	25	30	35
Framlag ríkissjóðs (%)	90	85	80	75	70	65
Afnotagjöld (m.kr.)	140	223	316	418	528	648
Framl. ríkissj.(m.kr.)	1.260	1.267	1.264	1.252	1.232	1.202

9.3.4. **Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977, er nú (nóv. 1976) liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 300 millj. kr. fjárveitingu til framkvæmdaverkefna flugmálastjórnar, að viðbættum 21 millj. kr. til fjárfestingaverkefna á Keflavíkurflugvelli. Í eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á gjöldum og tekjum samkvæmt frumvarpinu, svo og ef fjárfestingar yrðu hækkaðar um 600 millj. kr.**

Tafla 29

tegund gjalda og tekna	Frumvarp til fjárlaga 1977		Frumvarpið, en framkv. fjárv. hækkuð um 600 millj.kr.	
	millj.kr.	%	millj.kr.	%
GJÖLD				
Rekstrargjöld	706	42	706	31
Fjárfestingar	321	19	921	40
Afborganir lána	59	4	59	3
Alþjóðaflugþjónustan	583	35	583	35
Samtals:	1.669	100	2.269	100
TEKJUR				
Lendingargjöld o.fl.	296	18	296	13
"Flugvallagjald"	250	15	250	11
Alþjóðaflugþjónustan	583	35	583	35
Samtals:	1.129	68	1.129	50
Framlag ríkissjóðs	540	32	1.140	50
Samtals:	1.669	100	2.269	100

9.3.5. Nefndin leggur til að „flugvallagjald“ og tekjur af fríhöfn Keflavíkurflugvallar, sem nú renna í ríkissjóð, verði markaðir tekjustofnar, er renni til flugmálastjórnar, enda yrði slík ráðstöfun í samræmi við alþjóðavenjur á þessu sviði.

9.3.6. Nefndin leggur til að kannað verði hvort æskilegt sé að sveitarfélög taki þátt í rekstri flugvalla á svipaðan hátt og víða tíðkast erlendis.

10. EFTIRLIT MEÐ FLUGREKSTRI

10.1. Skírteini flugliða og loftfara.

10.1.1. Aukið flugöryggi fæst ekki eingöngu með bættri gerð flugvalla og auknum tækjakosti á þeim, heldur með samstilltu átaki á breiðu sviði flugmála. Eins og fram kom í kafla 4, þar sem raktar voru helstu orsakir flugslysa, eru mannleg mistök lang algengasta orsök slysanna. Slík mistök hafa bæði stafað af skorti á þekkingu og dómgreind, og í sumum tilvikum af kæruleysi. Frumorsökina mátti oft rekja til ófullnægjandi kennsluhátta og/eða að viðhaldsþjálfun flugmanna væri ábótavant. Í þessum síðasta kafla skýrslu nefndarinnar verða því rædd nokkur atriði, er almennt hafa áhrif á öryggi flugs, og þar sem einnig væri þörf úrbóta.

10.1.2. Áður fyrr var það algengt, að tiltölulega reynslulitlir atvinnuflugmenn stunduðu flugkennslu þar til þeim byðist starf hjá flugfélögunum. Við slíkt fyrirkomulag hefur ekki myndast nægileg festa í framkvæmd flugkennslu, og reglur í þessu sambandi voru í lágmarki. Töluverð breyting til batnaðar hefur orðið á s. l. nokkrum árum. Við flugskólana starfa nú yfirleitt reyndir flugkennarar, sem hlotið hafa sérstök réttindi útgefin af loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, og hafa sérhæft sig á sviði flugkennslu. Þá er nú almennt krafist með tilteknu millibili hæfnisprófa (PFT) allra flugmanna.

10.1.3. Núverandi ákvæði um skírteini flugmanna og annara flugliða er að finna í „Reglugerð um fluglið“, sem gefin var út árið 1949. Sú reglugerð var á sínum tíma að mestu byggð á þáverandi ákvæðum ICAO „Annex 1 — Personnel Licensing“. Í september 1976 var lokið við nýja þýðingu á „Annex 1“, sem hefur að geyma fjölda nýrra ákvæða, sem ætlað er að stuðla að auknu öryggi flugs. Þessi frumdrög eru nú í athugun hjá flugráði og verða væntanlega gefin út sem reglugerð innan tíðar.

10.1.4. Að undanförnu hefur verið unnið að gerð og útgáfu ýmissa annara reglugerða, er varða skráningu og notkun loftfara, og eru fleiri slíkar í undirbúningi. Nauðsynlegt er að stuðla að því að útgáfa brýnna reglna geti haldið áfram á eðlilegan hátt.

10.2. Búnaður og viðhald loftfara.

10.2.1. Varðandi búnað íslenskra loftfara er almennt farið eftir alþjóðlegum ákvæðum ICAO, svo og ýmsum reglum flugmálastjórnar Bandaríkjanna og/eða reglum, sem settar hafa verið á Norðurlöndunum. Gerðar hafa verið auknar kröfur til búnaðar þeirra loftfara, sem fljúga blindflug, einkum þeirra, sem notuð eru í reglubundnu áætlunarflugi. Á þessu sviði er þó nauðsynlegt að meta á raunhæfan hátt það gagn, sem hlutaðeigandi loftför hefðu af tilteknum viðbótarbúnaði, miðað við þann kostnaðarauka, sem kaup og rekstur hans hefði í för með sér. Verði gerðar óraunhæfar kröfur um tækjabúnað þeirra loftfara, sem ætla að fljúga blindflug, og um er að ræða tæki, sem flugfélögin telji sig ekki þurfa og/eða hafi ekki efni á, gæti slíkt jafnvel þvingað til sjónflugs við lakara öryggi en venjulegt blindflug myndi veita.

10.2.2. Óhætt er að segja, að viðhaldsaðstaða við flugrekstur hér á landi er almennt mjög slæm. Undantekning er flugskýli nr. 4 á Reykjavíkurflugvelli, sem nú hefur verið endurbætt og búið hitakerfi, og Flugfélag Íslands hf. notar við viðhald og skoðanir Fokker F-27 flugvéla sinna. Þá hefur Flugstöðin hf. byggt myndarlegt viðhaldsskýli fyrir flugvélar sínar. Annað viðhald loftfara fer yfirleitt fram í óupphituðum skýlum, og í nokkrum tilfellum jafnvel undir beru lofti. Eðlilegt er að flugfélög byggi sjálf þau flugskýli, sem þau þurfa fyrir geymslu og viðhald loftfara sinna. Hins vegar kæmi til greina, að flugmálastjórnin hefði nú forgöngu um að reisa lítið, upphitað flugskýli á Reykjavíkurflugvelli, sem eingöngu yrði ætlað til viðhalds og skoðunar minni loftfara, og leigt hlutaðeigandi flugfélögum og öðrum eigendum loftfara á kostnaðarverði. Nefndin leggur til að gerð verði nánari athugun á tæknilegum og fjárhagslegum þáttum þessa máls þannig að greitt verði fyrir nauðsynlegum og brýnum endurbótum á sviði viðhaldsmála.

10.3. **Opinbert eftirlit á vegum flugmálastjórnar.**

10.3.1. Loftferðaeftirliti flugmálastjórnar er m. a. ætlað að sinna eftirliti með flugrekstri flugfélaganna. Um slíkt eftirlit eru ákvæði í viðbæti nr. 6 við stofnskrá alþjóðaflugmálastofnunarinnar svo og ítarlegar framkvæmdaleiðbeiningar í ICAO Doc. 8335-AN/879/2 „Manual of Procedures for Operations Certification and Inspection". Í framkvæmd hér á landi hefur slíkt eftirlit fyrst og fremst takmarkast við viðhaldsmálefnin, en málefnum í sambandi við flugreksturinn sjálfan ekki verið sinnt sem skyldi. Hér er fyrst og fremst um að kenna skorti á starfsliði. Nefndin leggur til að heimild verði veitt til að ráða við loftferðaeftirlitið flugstjóra, er reynslu hafi í áætlunarflugi, og honum falið að annast ofangreind eftirlitsverkefni, sem krafist er samkvæmt alþjóðlegum reglum um flugrekstur.

Nd. **534 Frumvarp til laga** [272. maí]

um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973 um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Í 4. gr. bætist nýr töluliður nr. 6, svohljóðandi:
Jöfnunargjald 1% sem reiknað skal á sama hátt og segir í þriðja tölulið.
Tímamörk í 2. og 3. tl. falli niður.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. falli niður.

3. gr.

6. málsgrein 6. greinar falli niður.

4. gr.

8. gr. orðist svo:
Lánstími skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er.
Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.
Heimilt er, að lán húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.
Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

27. gr. orðist svo:
Jarðanefndir samkvæmt jarðalögum skulu vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan hverrar sýslu um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Við 29. grein.
Í stað orðsins „landnámsnefnd“ í 2. málsgr. komi: jarðanefnd.

8. gr.

Við 39. grein.
Í stað orðsins „landnámsnefndar“ í lok fyrri málsgr. komi: jarðanefndar.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í l. 68/1973 falli niður.

10. gr.

2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1979, að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. sept. 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. maí 1976 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 45, 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins og III. kafla laga nr. 115, 7. nóvember 1941, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Nefndinni var ætlað að huga að hagkvæmustu leið til að tryggja bæði Stofnlánadeild og Veðdeild sem mest eigið fjármagn, þannig að tekjur deildanna skili meiri hlut við starfsemi þeirra en verið hefur og að lánareglur byggist á því að ekki gangi á eigið fjármagn þeirra.

Í nefndina voru skipaðir Stefán Pálsson, framkvæmdastjóri, sem var formaður nefndarinnar, Jón Helgason, alþm., Pálmi Jónsson alþm., Stefán Valgeirsson alþm., Friðjón Þórðarson alþm., Helgi Seljan alþm. og Eiríkur Guðnason, deildarstjóri.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í frumvarpsformi, en eftir að ríkisstjórnin hafði fjallað um málið var ákveðið að leggja frumvarpið fram í þeim búningi, sem það er nú lagt fram.

Lánakjör útlána Stofnlánadeildar hafa verið þyngd á undanförnum árum, en ekki í samræmi við þann fjármagnskostnað sem deildin býr við. Er nú svo komið að vextir og verðbætur af teknum lánum nema hærri upphæð en af útlánum og fer munurinn vaxandi ár frá ári. Á sama hátt hefur lánstíminn rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar verulega.

Það er því ljóst, að Stofnlánadeildin mun verða að taka á sig vaxandi rekstrarhalla á næstunni vegna vaxta og gengismunar, verði ekkert að gert. Framlag bændastéttarinnar til deildarinnar (framleiðendagjald) nægir ekki til að jafna metin, og verður því að ganga á aðra tekjustofna, eða þá tekjustofna, sem ætlaðir eru til að byggja eigið fé deildarinnar upp, þannig að hún geti síðar veitt þá fyrirgreiðslu sem til er ætlast, án þess að þurfa að taka á sig vaxandi skuldabyrði.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, að ofangreind niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði er jafnframt niðurgreiðsla á verði landbúnaðarafurða, þar eð vextir af lánum í Stofnlánadeild eru taldir með í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. Ef deildin hefði á undanförnum árum veitt lán með sömu kjörum og hún býr við á skuldum sínum, væri þessi liður í verðlagsgrundvellinum orðinn mun hærri en nú er. Miðað er við að litið sé á verðtryggingarálag á sama hátt og vexti.

Stofnlánadeildin getur ekki haldið þannig áfram að greiða niður verð á landbúnaðarvöru með því að ganga á eigin höfuðstól. Deildin hlýtur að verða að fá fjármagnskostnað sinn endurgreiddan, ef hún á að geta haldið áfram útlánastarfsemi sinni.

Virst gæti, að einfaldasta leiðin til þess væri að hækka útlánavexti, en sú leið er algjörlega ófær, þar sem vaxtabyrðin legðist eingöngu á þá bændur, sem í framkvæmdum standa.

Vaxtaliður verðlagsgrundvallarins sem á að standa undir vaxtakostnaði búrekstursins er meðaltalstala. Hún hækkaði því tiltölulega lítið og yrði aðeins brot af vaxtakostnaði þeirra bænda, sem í framkvæmdum standa, en aftur á móti nytu þeir bændur hækkunarinnar sem búa við eldri uppbyggingu. Þetta mundi því skapa gífurlegt misræmi innan bændastéttarinnar.

Í þessu frv. er því kveðið á um, að lagt verði sérstakt gjald á heildsöluverð landbúnaðarafurða og tekjur af því ásamt framleiðendagjaldi notaðar til að greiða niður vaxtakostnað af almennum lánum til bænda. Gjaldið teldist hluti af vinnslu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarafurða og kæmi fram í útsöluverði, en ekki í verði til bænda. Vextir og verðtryggingarhlutföll útlána yrðu þá ákveðin þannig, að vaxtatekjur ásamt framleiðendagjaldi og jöfnunargjaldi nægðu ætíð á móti samanlögðum vísitölu-, gengis- og vaxtagjöldum, svo að aldrei hallaði á deildina.

Kostir jöfnunarleiðar eru fyrst og fremst þeir, að hún eykur ekki það misræmi sem að framan er lýst á afkomu bænda. Bændastéttin í heild myndi taka á sig að hluta þær byrðar, sem bera verður vegna uppbyggingar í atvinnugreininni. Segja má að með þessu móti sé aðeins verið að lengja lánstímann, því sá bóndi

sem fær lán á þessum kjörum greiðir ekki fullan fjármagnskostnað fyrir, en á móti nýtur hann ekki sömu launa síðar meir og hann nyti, væri vaxtaleiðin farin.

Eðlilegt er, að í skuldabréfum Stofnlánadeildar verði framvegis ákvæði um heimild fyrir stjórn deildarinnar að breyta lánakjörum. Hún nýti þá heimild, ef breytingar verða á útlánareglum, svo að allir lántakendur deildarinnar njóti jafnt þeirrar lánakjarajöfnunar, sem ákveðið verður á hverjum tíma.

Verðlagsáhrif jöfnunarleiðar eru hliðstæð þeim sem vaxtaleið hefur, því í stað þess að hækka vaxtalið verðlagsgrundvallar, myndi sama upphæð leggjast á vinnslu- og dreifingarkostnað. Talið er að 1% jöfnunargjald myndi leiða til 0,18% hækkunar framfærsluvísitölunnar, eða sömu áhrifa og ef vaxtaleið yrði valin.

Til skýringar skal bent á, að væri jöfnunargjald ekki notað yrðu lánakjör að þyngjast mjög verulega. Miðað við kjör deildarinnar varðandi það lánsfé sem hún á kost á nú, þyrfti að verðtryggja yfir 60% af heildarútlánum.

Með töku verðjöfnunargjalds lækkar þörfin á verðtryggðum hluta útlána niður í sem næst 40%.

Einnig má benda á, að hækkun vaxta á lánum deildarinnar, sem heimilt er að hækka, yrði að vera árið 1978 um 6,5% til þess að skila deildinni samsvarandi fjárhæð og 1% jöfnunargjald gefur, og til lengri tíma má ætla að 4% vaxtahækkun svari til 1% verðjöfnunargjalds.

Áætlað er að jöfnunargjaldið mundi skila deildinni á þessu ári kr. 250 000 000, hefði það verið innheimt allt árið.

II.

Í frumvarpi þessu eru felld brott ákvæði laganna um lánveitingar Stofnlánadeildar til íbúðabygginga í sveitum, en gert ráð fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins annist þær lánveitingar, enda hafi sveitirnar jafnan aðgang að íbúðalánum og hingað til.

Lán Byggingarsjóðs í þéttbýli eru óháð því, hvaða atvinnu lánþegar stunda, en Stofnlánadeild hefur, ein allra atvinnuvegasjóða, lánað til íbúðabygginga. Nokkur vandamál hafa komið upp vegna þess, einkum þar eð mörkin milli sveitar og þéttbýlis eru í sumum tilvikum óljós. Eðlilegt má því telja að Byggingarsjóður láni til allra íbúðabygginga, hvort sem um er að ræða í dreifbýli eða þéttbýli.

Lánskjör eru nú eins í Stofnlánadeild og Byggingarsjóði. Hins vegar setur Stofnlánadeild engin skilyrði um hámarksstærð íbúðarhúsa eins og gert er í þéttbýli. Íbúðarhúsnæði í sveit þarf að vera rýmra, bæði vegna búrekstrarins og eins vegna þess að útilokað er að skipta um húsnæði eftir breytilegum fjölda heimilisfólks. Engin vandkvæði eru talin á því að hafa ólíkar reglur um stærð húsa í þéttbýli og sveit, þótt sami sjóður veiti lánin, enda hámarks upphæð lána sú sama. Á sama hátt verður að vænta þess að samkomulag takist um einstaka framkvæmdaþætti, svo sem um eindaga á úttektum o. fl

III.

Vegna stækkandi meðalbús og aukinnar vélvæðingar í landbúnaði, hefur margfaldast það fjármagn, sem bundið er í hverju búi. Og þá um leið það fjármagn, sem hver sá er hefja vill búskap, verður að leggja fram. Á undanförnum árum hefur verið reynt að mæta þessu nokkuð með því að margfalda upphæð lána til jarðakaupa frá Veðdeild Búnaðarbanka Íslands það er úr 200 þús. 1972 í 1 600 þús. 1976 og 2 millj. 1977 og veita lán til bústofnskaupa með fjármagni frá Lífeyrissjóði bænda. En það hefur hvergi nærri hrokkið til að mæta þörfinni, svo að aðstaða frumbýlinga er óviðunandi, þar sem útvegun fjármagns til viðbótar er erfið og búreksturinn stendur ekki undir afborgun og vöxtum af óhagkvæmum lánum. Þetta vandamál krefst því úrlausnar.

Gerð er tillaga um, að Stofnlánadeild veiti lán til jarðakaupa, eins og gert er ráð fyrir í 2. málsgr. 5. gr. laga um Stofnlánadeildina, en ákvæði til bráðabirgða og fjármagnsskortur deildarinnar hafa komið í veg fyrir að svo hafi verið gert.

Mun þá Stofnlánadeildin yfirtaka þær lánveitingar sem Veðdeildin hefur annast til þessa. Er nauðsynlegt að þessi lán verði a. m. k. ekki lægra hlutfall af matsverði jarðar og bygginga heldur en nú er veitt til nýbygginga. Þá er hækkun bústofnslánanna nauðsynleg og ennfremur lánveitingar vegna vélakaupa frumbýlinga, enda þótt ekki sé um nýjar vélar að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með greininni er jöfnunargjaldi bætt við tekjustofna Stofnlánadeildarinnar.

Skv. 2. og 3. tl. 4. gr. núgildandi laga skal reikna 1% álag á söluvörur landbúnaðarins og 1% gjald á útsöluverð landbúnaðarvara til ársloka 1980.

Til þess að halda þessum gjaldstofnun er gert ráð fyrir að fella tímamörkin niður.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hætti að veita lán til íbúðarhúsbygginga í sveitum, enda taki Húsnæðismálastofnun ríkisins við því hlutverki og verði öll lán til íbúðarhúsa veitt úr sama sjóði, Byggingarsjóði ríkisins. Breytingar á greininni eru einvörðungu í samræmi við það. Þess vegna er 2. tl. 5. gr. felldur úr gildi.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér ákvörðun um að hætt verði að veita lán til vélgrafinna skurða. Er það í samræmi við gildandi lánareglur Stofnlánadeildar, enda njóta þær framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, er nemur 70% kostnaðar.

Um 4. gr.

Skv. gildandi lögum er heimilt að hafa lánstíma allt að 42 árum. Hámarkslánstími er skv. frumvarpinu styttur í 25 ár.

Um 5. gr.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fella niður lán úr Stofnlánadeild til íbúðarhúsa, er 12. gr. felld úr gildi þar sem hún fjallar um skilmála vegna slíkra lána.

Um 6.—8. gr.

Breytingar sem gerðar eru til samræmis við ákvæði jarðalaga nr. 65/1976.

Um 9. gr.

1. liður 5. gr. núgildandi laga segir hlutverk Stofnlánadeildar að veita jarðakaupalán, en þessu ákvæði var ekki ætlað að taka gildi skv. ákvæði til bráðabirgða, fyrr en ákvæðum um Veðdeild Búnaðarbankans yrði breytt.

Gert er ráð fyrir að fella þetta ákvæði úr gildi, þá fær 1. liður lagagildi.

Ed. 535. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. — Fjarverandi afgreiðslu málsins var Halldór Ásgrímsson.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, varaform., frsm. Jón Árm. Héðinsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Ingiberg J. Hannesson. Jón G. Sólnes. Stefán Jónsson.

Ed. 536. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sbr. breyting á þeim lögum nr. 10/1971.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. — Fjarverandi afgreiðslu málsins var Halldór Ásgrímsson.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, varaform., frsm. Jón Árm. Héðinsson. Ólafur Þ. Þórðarson.
Ingiberg J. Hannesson. Jón G. Sólnes. Stefán Jónsson.

Ed. 537. Frumvarp til laga [273. mál]

um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um sparisjóði og starfsemi þeirra.

Hlutverk sparisjóða er að reka hvers konar sparisjóðsstarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í VII. kafla laga þessara.

Stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðilar, sem hér eftir nefnast sparisjóðsaðilar, bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram upphæð stofnfjár síns og hlutdeildar í séreignarsjóði eða skráðra ábyrgða sinna.

Sparisjóðsaðilar hafa ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Ennfremur er eignarréttur stofnfjáreigenda háður þeim takmörkunum, sem lög þessi kveða á um.

2. gr.

Sparisjóðum er einum heimilt að reka sparisjóðsstarfsemi hér á landi nema lög heimili annað og jafnframt er þeim óheimilt að reka annars konar starfsemi.

Sparisjóðum einum er rétt og skylt að hafa orðið „sparisjóður“ í heiti sínu. Öðrum er óheimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „sparisjóður“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur sparisjóðs sé að ræða. Að öðru leyti fer um firmu sparisjóða eftir ákvæðum firmalaga.

II. KAFLI
Stofnun sparisjóðs.

3. gr.

Stofnun sparisjóðs er háð leyfi viðskiptaráðherra. Umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, upphæð stofnfjár, starfssvæði, ef fyrirhugað er, að starfræksla verði bundin við ákveðið svæði, svo og aðrar þær upplýsingar, sem taldar eru máli skipta.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs, skal leitað umsagnar viðkomandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, Seðlabanka Íslands

og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Skal sérstaklega gefa því gaum, hvort stofnun sparisjóðs sé líkleg til að vera til hagsbóta fyrir byggðarlagið og íbúa þess svo og, hvort stofnfé teljist í eðlilegu samræmi við væntanleg heildarviðskipti sparisjóðsins.

Ráðherra getur bundið leyfi til stofnunar sparisjóðs því skilyrði, að hefji sparisjóður ekki starfsemi sína innan þess tíma, sem ráðherra ákveður, falli leyfi úr gildi.

4. gr.

Stofnendur sparisjóðs geta verið sýslufélög, sveitarfélög, starfandi sparisjóðir, skráð samvinnu- og hlutafélög, stéttarfélög, félög vinnuveitenda, einstaklingar og sjálfseignarstofnanir, sem eru undir opinberu eftirliti.

Meðal stofnenda skulu ávallt vera einn eða fleiri eftirtalinna aðila:

a) Sýslufélag.
b) Sveitarfélag.
c) Samvinnufélag með starfandi innlánsdeild við gildistöku laga þessara.
d) Að minnsta kosti 20 af þeim öðrum aðilum sem taldir eru í 1. mgr.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir, sbr. þó 6. gr. Heimilt er að kveða á í samþykktum sparisjóðs, að sparisjóðsaðilar geti þeir allir orðið, sem uppfylla tiltekin almenn skilyrði.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnendur, sem og aðrir sparisjóðsaðilar vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði.

5. gr.

Sparisjóð má ekki stofna með lægra stofnfé en kr. 10 000 000. Verði frá gildistöku laga þessara verulegar breytingar á almennu verðlagi í landinu, skal færa framangreinda lágmarksfjárhæð til sem mests samræmis við verðlag á hverjum tíma.

Ráðherra er heimilt að áskilja hærra lágmarksstofnfé, en greinir í 1. mgr. Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. um lágmarksfjárhæð stofnfjár, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 61. gr.

Sparisjóður má ekki hefja starfsemi sína, fyrr en minnst helmingur stofnfjár hefur verið greiddur. Stofnfé skal greitt að fullu í síðasta lagi innan árs, eftir að starfsemi sparisjóðs hófst.

Stofnfé má aðeins greiða með peningum.

Að fullnægðum öðrum skilyrðum laga þessara er sparisjóði, sem er starfandi við gildistöku laganna, heimilt að halda starfseminni áfram, enda þótt um innborgað stofnfé sé ekki að ræða hjá sjóðnum, enda komi ábyrgðir þá í stað innborgaðs stofnfjár.

6. gr.

Samþykktir sparisjóðs og breytingar á þeim öðlast þá fyrst gildi, er ráðherra hefur staðfest þær, að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Í samþykktum sparisjóðs skulu fyrst og fremst vera ákvæði, sem varða sérstaklega viðkomandi sparisjóð svo sem:

a) Heiti sparisjóðsins.
b) Heimili sparisjóðsins og varnarþing.
c) Heildarupphæð stofnfjár og skiptingu þess í stofnfjárhluti.
d) Hvað reglur gildi um eigendaskipti að stofnfjárhlut og um aukningu stofnfjár.
e) Hverjir séu stofnendur sparisjóðsins og hvernig stofnfé skiptist á einstaka stofnendur. Sé um að ræða sparisjóð, sem við gildistöku laga þessara er starfræktur án innborgaðs stofnfjár, skal tilgreina heildarupphæð ábyrgða og skiptingu á einstaka ábyrgðaraðila, lágmarksfjölda ábyrgðaraðila, reglur um brottfall ábyrgðar og tilkomu nýrra ábyrgðaraðila.

f) Kosningu sparisjóðsstjórnar og störf hennar.
g) Breytingu á samþykktum.
h) Slit á sparisjóðnum og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar öllum skilyrðum fyrir leyfisveitingu hefur verið fullnægt og samþykktir staðfestar, gefur ráðherra út leyfi fyrir sparisjóðinn, sbr. 3. gr.

III. KAFLI
Stofnfjárhlutir o. fl.

7. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda, fyrr en hlutur er að fullu greiddur.

Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og þau verða ekki framseld til handhafa þannig, að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. Heiti sparisjóðsins, heimili og skráningarnúmer.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Nafn, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreiganda.
4. Útgáfudag stofnfjárbréfs.
5. Efni 8.—10. gr. laga þessara.
6. Sérstök atriði, er varða réttindi eða skyldur stofnfjáreiganda.

8. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.

Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

9. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Við andlát stofnfjáreiganda.
2. Við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sparisjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. Þegar félagi eða stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut er slitið eða lagt niður.
2. Við gjaldþrot stofnfjáreiganda.
3. Við aðför skuldheimtumanna stofnfjáreiganda í stofnfjárhlut hans.

10. gr.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 1. mgr. 8. gr. eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 9. gr. og skal hann þá ef óskað er hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan eins árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði. Skal þá stjórnin ráðstafa hlutnum að nýju svo fljótt sem auðið er á samsvarandi verði.

Innlausn samkvæmt þessari grein skal tilkynnt Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóði sparisjóða.

11. gr.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila sparisjóðs, sbr. 6. gr. e).

Í skránni skal tilgreina nöfn, stöðu, heimilisföng og nafnnúmer stofnfjáreigenda eða ábyrgðaraðila ásamt stofnfjáreign eða ábyrgðarupphæð.

Verði eigendaskipti að stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykkta eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána, þegar hann

tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Ennfremur skal geta eigendaskiptadags og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána, skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna.

Skrána skal ætíð geyma á skrifstofu sparisjóðs og eiga allir sparisjóðsaðilar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

12. gr.

Sparisjóður má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé.

Viðskiptaráðherra getur að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða leyft sparisjóði að eiga meira en 10% af stofnfé sínu, þegar þau atvik liggja fyrir, sem um ræðir í 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. Slíkt leyfi skal gilda í tiltekinn tíma, sem ekki má vera lengri en eitt ár.

Óheimilt er að taka eigin stofnfjárbréf að veði til tryggingar skuldbindingum gagnvart sparisjóðnum.

IV. kafli.
Aukning stofnfjár.

13. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði. Aðalfundur setur reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans, að viðbættri greiðslu í séreignarsjóð að tiltölu við hlut eldri stofnfjáreigenda í sjóðnum.

14. gr.

Í starfandi sparisjóðum, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram, heldur einungis ábyrgðir, getur aðalfundur ákveðið, að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. verður því aðeins gild, að ábyrgðaraðilar, sem ráða yfir minnst ⅘ hlutum heildaratkvæðamagns í sparisjóðnum, gjaldi henni jákvæði. Verða hinir fyrri ábyrgðaraðilar þá stofnfjáreigendur að sparisjóðnum, en ábyrgðir falla niður. Nú fæst ábyrgðarmaður ekki til þess að leggja fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og fellur hann þá úr aðilahópi.

Stofnfé, sem innborgað er samkvæmt 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóðnum. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

V. KAFLI
Séreignarsjóður stofnfjáreigenda.

15. gr.

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda myndast á eftirgreindan hátt:

1. Með hluta þeirra vaxta, er aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi, sbr. 39. gr.
2. Með upphæðum, sem greiddar eru umfram nafnverð stofnfjárbréfs, sbr. 13. gr.

Hver stofnfjáreigandi á í hlutfalli við stofnfjáreign sína ákveðinn hlut í séreignarsjóði og skal hlutur hans í sjóðnum sérgreindur í bókhaldi sparisjóðsins.

Eigendaskipti að rétti stofnfjáreiganda yfir hlut sínum í séreignarsjóði geta ekki orðið nema eigendaskipti verði að viðkomandi stofnfjárbréfi skv. III. kafla og gilda reglur III. kafla um stofnfjárhluti jafnframt um hluti í séreignarsjóði.

Stofnfjáreigendur bera ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs með hlut sínum í séreignarsjóði á sama hátt og með upphæð stofnfjár síns.

Hlutur í séreignarsjóði verður ekki greiddur til stofnfjáreiganda nema við slit sparisjóðs, sbr. 61. gr.

VI. KAFLI
Stjórn sparisjóðs.

16. gr.

Æðsta stjórn sparisjóðs er í höndum aðalfundar og aukafundar. Milli funda fer stjórn sparisjóðs með yfirstjórn hans.

Sparisjóðsaðilar, sem fara með minnst ⅓ hluta ábyrgðar- eða stofnfjár, geta krafist aukafundar. Skal stjórn þá boða til hans með sama hætti og til aðalfundar. Aukafund skal annars halda, þegar stjórn sparisjóðs telur þess þörf.

17. gr.

Aðalfundir og aukafundir skulu boðaðir í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan tryggan hátt til allra sparisjóðsaðila með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Fundur er því aðeins lögmætur, að helmingur sparisjóðsaðila hið fæsta sæki hann, enda fari þeir með a. m. k. helming atkvæðamagns. Sparisjóðsaðila er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á aðal- og aukafundum nema slíkt sé sérstaklega leyft í samþykktum viðkomandi sparisjóðs. Þeir stjórnarmenn sparisjóðs, sem kosnir eru af bæjarstjórn eða sýslunefnd, sbr. 20. gr., sitja aðalfundi og aukafundi án atkvæðisréttar. Nú er fundur ekki lögmætur og skal þá boða til fundar að nýju með sama hætti og verður fundur þá lögmætur án tillits til þess, hversu margir sækja hann.

Þegar aukins meirihluta er krafist til þess, að ákvörðun öðlist gildi, skal hinn aukni meirihluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 19. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðru vísi sé mælt í lögum þessum.

Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Fyrir aðalfund skal leggja reikninga s. l. árs og skýrslu stjórnar.

Hver sparisjóðsaðili á rétt á því, að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum sparisjóðs, ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

18. gr.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um eftirgreind málefni:

1. Kosningu sparisjóðsstjórnar og endurskoðenda og ákvörðun launakjara stjórnarmanna. Laun endurskoðenda eru háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.
2. Kosningu fulltrúa á aðalfund Tryggingarsjóðs sparisjóða.
3. Ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 39. gr., og staðfestingu ársreiknings.
4. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum sparisjóðsins, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar. Yfirtöku og sölu á fasteignum samkvæmt ákvæðum 26. gr. þarf stjórnin þó ekki að bera undir aðalfund.
5. Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. þó ákvæði 5. mgr. 10. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.
6. Yfirtöku á starfsemi (eignum og skuldum) annarra innlánsstofnana.
7. Slit á sparisjóðnum skv. 60. gr. og sameiningu sparisjóðsins við aðra innlánsstofnun skv. 63. gr. Til þess að ákvörðun um þetta verði gild, þarf hún að hljóta samþykki þeirra, er ráða yfir minnst ¾ hlutum af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum.
8. Breytingu á samþykktum sparisjóðsins.
9. Önnur mál, sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sem sparisjóðsstjórnin ákveður að leggja fyrir fund.

19. gr.

Sparisjóðsaðilar hafa atkvæðisrétt í hlutfalli við stofnfjáreign sína eða ábyrgðarfjárhæð, nema öðru vísi sé ákveðið.

Aðrir sparisjóðsaðilar en sýslu- og sveitarfélög, svo og samvinnufélög samkv. c) lið 2. mgr. 4. gr., mega hver um sig þó ekki fara með meira en 1/5 hluta heildaratkvæðamagns í sparisjóði.

Í sparisjóði, sem stofnaður er og starfar samkvæmt d) lið 2. mgr. 4. gr. skulu allir sparisjóðsaðilar eiga jafnan hlut, nema ráðherra heimili annað. Sparisjóðsaðilar í sjóði samkvæmt d) lið 2. mgr. 4. gr. skulu þó allir eiga jafnan atkvæðisrétt.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 12. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur.

20. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja þrír eða fimm menn, eftir því sem ákveðið er í samþykktum. Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo menn, en viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd einn mann. Sitji fimm menn í stjórn sparisjóðs, kýs viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd tvo menn, með hlutfallskosningu, ef krafist er. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna.

Auk þess gilda eftirfarandi reglur um kosningu í stjórn sparisjóðs:

a) Sé bæjar- eða sýslufélag eini sparisjóðsaðilinn kýs viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd alla stjórnina.
b) Sé hreppsfélag eini sparisjóðsaðilinn, kýs það eitt þann hluta stjórnarinnar, sem ekki er kosinn af bæjarstjórn eða sýslunefnd samkvæmt 1. mgr.
c) Sé félag samkvæmt c) lið 2. mgr. 4. gr. eini sparisjóðsaðilinn kýs aðalfundur þess einn þann hluta stjórnarinnar, sem ekki er kosinn af bæjarstjórn eða sýslunefnd samkvæmt 1. mgr.
d) Við kosningu stjórnarmanna samkvæmt a) og b) lið skal beita hlutfallskosningu, ef krafist er.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

21. gr.

Sparisjóðsstjórn fer með stjórn á málefnum sparisjóðs með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem greinir í lögum þessum. Stjórnarfund skal boða með tryggilegum hætti. Þeir eru því aðeins ákvörðunarbærir, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Meðal þeirra mála, sem sparisjóðsstjórn tekur ákvörðun um eru þau, sem hér greinir:

1. Útlán sparisjóðsins. Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema meirihluti sparisjóðsstjórnar hafi samþykkt lánveitinguna, sbr. þó 22. gr. Sparisjóðsstjórn skal samþykkja lánveitingar með undirskrift undir fundargerðir, áritun á lánsskjöl eða með öðrum sannanlegum hætti.
2. Ráðning starfsfólks, þ. m. t. ráðning sparisjóðsstjóra.
3. Ákvörðun um afskriftir af eignum sparisjóðsins í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.

Sparisjóðsstjórn skal hafa með höndum reglubundið eftirlit með rekstri sparisjóðsins og skal stjórnin gæta þess, að reksturinn sé hvívetna í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins.

22. gr.

Stjórn sparisjóðs getur ráðið sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjóri má ekki eiga sæti í stjórn sparisjóðsins, en hann skal sitja fundi stjórnarinnar, nema fjallað sé um mál, er varða hann sjálfan. Sparisjóðsstjóri annast daglegan rekstur sparisjóðsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og þeim fyrirmælum, sem sparisjóðsstjórn hefur gefið.

Sparisjóðsstjórn skal setja sparisjóðsstjóra erindisbréf, sem gilda skal tiltekinn tíma, þar sem starfsheimildir hans skulu tilgreindar. Þau verkefni, sem talin eru í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. verða ekki falin sparisjóðsstjóra, en heimilt er að fela honum að ráða starfsfólk sjóðsins annað en aðalbókara og aðalféhirði.

Með samþykki aðalfundar getur stjórn sparisjóðs falið sparisjóðsstjóra að taka ákvarðanir um lánveitingar og framlengingar lána, án þess að leita fyrirfram samþykkis stjórnarinnar. Sparisjóðsstjórn skal þá á aðalfundi hverju sinni kynna gildandi reglur um útlánaheimild sparisjóðsstjóra. Útlánaákvarðanir sparisjóðsstjóra skulu staðfestar með áritun hans á lánsskjöl eða á annan sannanlegan hátt og á stjórnarfundum skal hann gera stjórninni grein fyrir öllum nýjum lánveitingum.

Starfræki sparisjóður útibú, skal útibússtjóri ráðinn af sparisjóðsstjórn, en starfa undir stjórn sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri skulu í sameiningu setja útibússtjóra erindisbréf, er gildi tiltekinn tíma. Aðalfundur getur ákveðið að veita útibússtjóra heimild til ákvarðana um útlán á starfsfé útibúsins, er ekki sé rýmri en útlánaheimild sparisjóðsstjóra, enda skulu lánveitingar útibússtjóra vera undir eftirliti sparisjóðsstjóra, sem gerir stjórninni reglulega grein fyrir nýjum lánveitingum.

Afrit af erindisbréfum og reglum um útlánaheimild sparisjóðsstjóra og útibússtjóra skal senda bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða.

23. gr.

Sparisjóðsstjóri og útibússtjóri í fullu starfi mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Ef ekki er ráðinn sparisjóðsstjóri, skal sparisjóðsstjórn annast um daglega stjórn á málefnum sparisjóðsins. Heimilt er, að stjórnarmenn hafi með höndum öll dagleg störf í sparisjóðnum. Um slík dagleg störf gilda ákvæði 35. gr. Aðalfundur skal ákveða þóknun fyrir þessi störf.

Til að skuldbinda sparisjóð þarf undirskriftir meirihluta stjórnarmanna. Sparisjóðsstjórn getur veitt sparisjóðsstjóra eða öðrum starfsmönnum heimild til að skuldbinda sparisjóðinn í tilteknum málum, sem undir sparisjóðsstjórnina heyra og skulu slíkar ákvarðanir birtar í Lögbirtingablaði og jafnframt tilkynntar bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Ætíð þarf undirskriftir að minnsta kosti tveggja starfsmanna til að skuldbinda sparisjóð. Heimilt er í samþykktum að gera undantekningu frá þessu ákvæði.

VII. KAFLI
Starfsemi.

24. gr.

Starfsemi sparisjóðs er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri sparisjóðs- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

25. gr.

Sparisjóði er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sjóðsins eða líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Með einróma samþykki sparisjóðsstjórnar og samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða er sparisjóði heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum

eða stofnunum, sem reka sparisjóðsstarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er sparisjóðsstarfsemi eða er í eðlilegum tengslum við hana. Umfram það, sem hér er heimilað, má sparisjóður ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 26. gr.

26. gr.

Sparisjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati stjórnar sparisjóðs.

27. gr.

Úr innlánsskilríki, þ. e. sparisjóðsbók eða öðru slíku skilríki fyrir innláni, getur sparisjóður greitt hverjum, sem skilríkið hefur undir höndum og veitir þær upplýsingar, sem sparisjóður almennt krefst eða um kann að hafa verið samið, sbr. þó 2. mgr. Ef sérstök ástæða er til, getur sparisjóðurinn þó jafnframt krafist þess, að handhafi sanni rétt sinn til að taka fé út úr reikningnum.

Eigandi innlánsskilríkis getur mælt svo fyrir, að annar en hann sjálfur megi ekki leggja inn eða taka fé úr því.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár er heimilt að setja í samþykktir, sbr. 6. gr.

28. gr.

Sparisjóðum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabanki Íslands samþykkir.

29. gr.

Heimilt er að setja fé ófullráða manna og opinberra aðila á vöxtu í sparisjóði.

30. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14, 20. október 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er sparisjóður hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur sparisjóðurinn skorað á handhafa nefndra skjala að gefa sig fram með sex mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar, er birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Ef enginn gefur sig fram, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur sparisjóðurinn greitt þeim aðila fjárhæðina, sem fengið hefur innlánsskilríkið eða viðtökuskírteinið án þess að nokkur annar, er skjölin kunna að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sparisjóðnum.

31. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart sparisjóði, skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati sparisjóðsstjórnar.

Heimilt er með einróma samþykki sparisjóðsstjórnar að stofna til skuldbindinga við sparisjóð án veðs eða ábyrgðar annarra, enda hafi sparisjóðurinn aflað sér upplýsinga um viðkomandi viðskiptaaðila, sem sýni, að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Á meðan slík skuldbinding stendur, skal sparisjóðurinn fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, þannig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni sparisjóðsins, ef þörf krefur.

Þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðsins, er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati sparisjóðsins um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

32. gr.

Með einróma samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal örugg-

ar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins. Með leyfi viðskiptaráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins má hækka heildarupphæð ábyrgða um tiltekinn tíma í allt að 40% af heildarinnlánum.

Með samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða er sparisjóði heimilt að taka á sig ábyrgð að vissu marki á tékkum, sem reikningsaðilar í sparisjóðnum gefa út. Þessar ábyrgðir skulu undanþegnar þeim sérstöku skilyrðum og takmörkunum, er greinir í 1. mgr.

33. gr.

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meiru en 25% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins, þ. m. t. stofnfé og séreignarsjóður stofnfjáreigenda. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir, sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Til heildarskuldbindinga skal einnig telja hlutabréf og eignarhluta sparisjóða í viðkomandi fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 25. gr.

Eftir umsókn sparisjóðs getur bankaeftirlitið heimilað, að allt að 50% af tilteknum ábyrgðarskuldbindingum ákveðins viðskiptaaðila séu ekki talin með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Skuldbindingar ríkissjóðs, ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.
4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati eða öðru öruggu mati, eftir ákvörðun sparisjóðsstjórnar og með samþykki stjórnar Tryggingarsjóðs sparisjóða.
5. Afurðalán eða framleiðslulán iðnaðar allt að 50% af nettóverði veðsettra afurða eða iðnaðarvara.

Með einróma samþykki sparisjóðsstjórnar og samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða má um stundarsakir hækka hámark samkvæmt 1. mgr. gagnvart tilteknum viðskiptaaðila eða viðskiptaaðilum í allt að 50%. Slík samþykkt skal þegar tilkynnt ráðherra, bankaeftirlitinu og endurskoðendum sparisjóðsins. Framlenging slíkrar undanþágu umfram eitt ár er háð samþykki ráðherra, að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

34. gr.

Stjórnarmenn sparisjóðs, sparisjóðsstjórar, útibússtjórar og endurskoðendur sparisjóðs mega ekki vera skuldskeyttir sparisjóðnum, hvorki sem skuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra, sem hér eru taldir.

Aðrir starfsmenn sparisjóðs, en um getur í 1. mgr., mega vera skuldskeyttir viðkomandi sparisjóði eftir reglum, sem sparisjóðsstjórn setur og staðfestar skulu af aðalfundi.

Ekki mega stjórnarmenn sparisjóðs, endurskoðendur og starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart sparisjóðnum varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem stofnað var til, áður en viðkomandi voru kjörnir eða ráðnir til starfa fyrir sparisjóðinn, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma.

35. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera a. m. k. tveir starfsmenn, gjaldkeri og bókari. Má engin greiðsla til sparisjóðsins eða frá honum fara nema a. m. k. tveir starfsmenn séu viðstaddir og færi þeir viðskiptin hvor um sig í bækur sjóðsins. Heimilt er, að stjórnarmenn sparisjóðs hafi þessi störf með höndum að einhverju eða öllu leyti. Að fullnægðum skilyrðum um innra eftirlit getur bankaeftirlitið, í samráði við stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða, veitt undanþágur frá ákvæðum 1. og 2. málsl. greinar þessarar.

VIII. KAFLI
Lausafjárstaða og eiginfjárstaða.

36. gr.

Sparisjóður skal gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi sparisjóðsins fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

37. gr.

Bókfært eigið fé sparisjóðs, þ. m. t. stofnfé og séreignarsjóður stofnfjáreigenda, má ekki vera lægra en sem svarar 10% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í bönkum og sparisjóðum og þeim kröfum, sem taldar eru í 5. mgr. 33. gr. laga þessara, en að viðbættum 50% af þeim ábyrgðum, sem sparisjóðurinn hefur tekið að sér fyrir viðskiptaaðila sína.

IX. KAFLI
Reikningsskil.

38. gr.

Reikningsár sparisjóða er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gerður ársreikningur.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og sparisjóðsstjóra.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reikningsins, mat á hinum ýmsu liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um gerð ársreiknings, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

39. gr.

Tekjuafgangi sparisjóðs skal varið þannig:

1. Jafna skal tap fyrri ára.
2. Helming tekjuafgangs, sem þá verður eftir, er skylt að leggja í varasjóð.
3. Eftir ráðstöfun samkvæmt 1. og 2. tl. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að verja tekjuafgangi eða hluta hans til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Ársvextir mega ekki vera hærri en bestu innlánskjör á hverjum tíma. Ekki er heimilt að flytja framangreinda vaxtagreiðsluheimild milli ára. Aðalfundur ákveður, hve mikill hluti vaxtanna skal greiðast út til stofnfjáreigenda, en sú upphæð má þó ekki vera hærri en svarar til vaxta af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma, sem reiknaðir séu bæði af stofnfé og séreignarsjóði.
   Sá hluti vaxtanna, sem ekki greiðist út, skal lagður í séreignarsjóð stofnfjáreigenda.
4. Tekjuafgang, sem ekki er ráðstafað samkvæmt framangreindum töluliðum, skal leggja í varasjóð.
   Ef eiginfjárstaða sparisjóðs leyfir, getur sparisjóðsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að verja fé úr varasjóði til almenningsþarfa.

40 .gr.

Reikningsskilum og endurskoðun þeirra skal lokið eigi síðar en í marsmánaðarlok. Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.

Staðfestan ársreikning skal senda bankaeftirlitinu, ásamt skýrslu endurskoðenda og fundargerð aðalfundar.

41. gr.

Ársreikningur sparisjóðs skal liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum sparisjóðsins almenningi til sýnis og sendur hverjum þeim viðskiptaaðila, sem þess hefur óskað.

Ef ástæða þykir til, getur ráðherra ákveðið, að fengnu áliti bankaeftirlitsins, að ársreikning sparisjóðs skuli birta í Stjórnartíðindum.

X. KAFLI

Endurskoðun.

42. gr.

Endurskoðendur sparisjóðs skulu vera tveir, kosnir af aðalfundi sparisjóðsins til eins árs í senn. Annar endurskoðendanna skal vera löggiltur endurskoðandi.

Nú hefur löggiltur endurskoðandi, sbr. 1. mgr., í þjónustu sinni menn, sem vinna endurskoðunarstörf undir stjórn og á ábyrgð hans, og er honum þá heimilt að láta þessa starfsmenn sína taka þátt í endurskoðun hjá viðkomandi sparisjóði.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða getur veitt sparisjóði undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um kosningu löggilts endurskoðanda. Í þeim tilvikum kýs aðalfundur sparisjóðsins einn endurskoðanda til eins árs, en stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða tilnefnir hinn endurskoðandann til sama tíma.

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja aðal- og aukafundi sparisjóðs og skulu vera viðstaddir, þegar til meðferðar eru málefni, sem krefjast nærveru þeirra.

43. gr.

Endurskoðandi sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu sjóðsins að öðru en endurskoðun. Ekki má hann heldur vera í þjónustu stjórnenda sparisjóðsins eða á annan hátt háður þeim.

44. gr.

Endurskoðendur skulu gefa gaum að því, að skipulag á reikningshaldi og starfsemi sparisjóðs sé í fullnægjandi horfi. Endurskoðunin skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju á hverjum tíma.

45. gr.

Endurskoðendur sparisjóðs skulu halda endurskoðunarbók um störf sín. Skal þar koma fram, hvaða endurskoðunarstörf eru unnnin og hvenær og einnig skal þar greint frá niðurstöðum endurskoðunar hverju sinni. Stjórnarmenn skulu staðfesta með undirskrift sinni, að þeir hafi kynnt sér það, sem fram kemur í endurskoðunarbók.

Endurskoðendum er skylt að veita bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða upplýsingar um allt, sem endurskoðunina varðar. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri sparisjóðs, varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu sparisjóðsins eða viðskiptatraust hans, skulu endurskoðendur gera bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða viðvart.

46. gr.

Eftir að endurskoðun er lokið, skulu endurskoðendur árita ársreikninginn um endurskoðunina. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram í áritun sinni.

Ef endurskoðendur hafa sérstakar athugasemdir fram að færa við ársreikninginn eða starfsemin gefur tilefni til, skulu þeir semja endurskoðunarskýrslu, er fylgi ársreikningi og sé til hennar vísað í áritun hans.

Endurskoðunarskýrslu skal sparisjóðsstjórn fá í hendur hæfilegum tíma, áður en reikningsskilin eru lögð fyrir aðalfund til staðfestingar, þannig að stjórnin geti samið svar við athugasemdum endurskoðenda.

47. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur um endurskoðun hjá sparisjóðum að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

XI. KAFLI
Tryggingarsjóður sparisjóða.

48. gr.

Stofna skal nýjan Tryggingarsjóð sparisjóða og skulu allir sparisjóðir vera aðilar að honum. Jafnframt skal núverandi Tryggingarsjóður sparisjóða lagður niður svo sem nánar er mælt fyrir í þessum kafla.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun og er sparisjóði því ekki heimilt að færa framlög sín til hans sem eign í efnahagsreikningi.

49. gr.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. XIII. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs.

Jafnframt skal hlutverk Tryggingarsjóðs vera að stuðla almennt að eflingu sparisjóðsstarfsemi í landinu og veita sparisjóðum aðstoð á annan hátt. Stjórn Tryggingarsjóðs er í þessu skyni heimilt:

1. Að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs.
2. Að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð.
3. Að bæta, með samþykki aðalfundar Tryggingarsjóðs, sérstök töp og kostnað, sem sparisjóður verður fyrir.
4. Að veita sparisjóðunum stuðning á hvern þann hátt, sem aðalfundur Tryggingarsjóðs ákveður í samræmi við lög þessi og samþykktir Tryggingarsjóðs.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð, sem sparisjóði er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

50. gr.

Hver sparisjóður skal árlega greiða framlag til Tryggingarsjóðs, sem sé ákveðið hlutfall af heildarinnlánsfé sparisjóðsins um næstu áramót á undan. Fyrstu fimm árin, sem Tryggingarsjóður starfar, skal þetta hlutfall vera minnst 0.5‰. Aðalfundur ákveður hlutfallið með samþykki viðskiptaráðherra, en það skal vera hið sama fyrir alla sparisjóðina. Aðalfundur getur þó ákveðið að undanþiggja sparisjóð greiðslu árgjalda um tiltekinn tíma.

Til þess að Tryggingarsjóður geti þegar við stofnun gegnt meginhlutverki sínu samkvæmt 1. mgr. 49. gr., skal hver sparisjóður ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð, er skal nema 0.4% af heildarinnlánsfé viðkomandi spari-

sjóðs á hverjum tíma. Eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs skulu sparisjóðirnir leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni.

Þegar formlega hefur verið gengið frá ábyrgð sparisjóðs, skal endurgreiða honum innstæðu hans í hinum fyrri Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941.

51. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð, að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Nánari reglur um ávöxtun á fé sjóðsins skal setja í samþykktir hans.

52. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver sparisjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innlána í sjóðnum af heildarinnlánum sparisjóðanna síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Hver sparisjóður má þó ekki fara með meira en 1/20 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum. Kjörbréf fulltrúa skal undirritað af meirihluta stjórnarmanna í viðkomandi sparisjóði.

Aðalfundur kýs menn í stjórn og varastjórn og staðfestir ársreikninga sjóðsins.

Aðalfundur er ekki ákvörðunarbær nema fulltrúar a. m. k. ⅓ hluta sparisjóðanna séu á fundinum, enda fari þeir með a. m. k. 1/3 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóði sparisjóða.

Formaður Sambands íslenskra sparisjóða skal boða til fyrsta fundar Tryggingarsjóðs.

53. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn, ásamt jafnmörgum varamönnum, eru kjörnir á aðalfundi til eins árs. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

54. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs, þ. m. t. framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórn Tryggingarsjóðs í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóðnum.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það, sem varðar hagi sparisjóðanna og viðskiptamanna þeirra, og þeir fá vitneskju um í starfi sínu, nema skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

55. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

56. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir, sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

XII. KAFLI
Eftirlit.

57. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands annast um eftirlit með starfsemi sparisjóða, sbr. lög nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands. Auk hinna almennu verkefna bankaeftirlitsins hefur það með höndum þau sérstöku verkefni, sem tilgreind eru í lögum þessum.

XIII. KAFLI
Slit sparisjóðs.

58. gr.

Hafi stjórnarmenn sparisjóðs, sparisjóðsstjóri eða endurskoðendur ástæðu til að ætla, að sparisjóðurinn fullnægi ekki eiginfjárákvæðum 37. gr. laga þessara, skulu þeir þegar gera bankaeftirlitinu viðvart. Fáist við uppgjör bankaeftirlitsins staðfesting á því, að eiginfjárstaðan sé ekki í tilskildu horfi, skal sparisjóðsstjórnin boða til aukafundar, sbr. 16. gr., eins fljótt og við verður komið og gera þar grein fyrir fjárhagsstöðu sparisjóðsins.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins og að höfðu samráði við Tryggingarsjóðs sparisjóða, veitt sparisjóðnum frest til að koma eiginfjárstöðunni í tilskilið horf. Þennan frest má framlengja, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi og það getur orðið án áhættu fyrir þá, sem kröfur eiga á sparisjóðinn. Sé eiginfjárstöðunni ekki komið í tilskilið horf innan þess lokafrests, sem veittur verður, skal sparisjóðurinn stöðva greiðslur sínar og skiptameðferð hefjast í samræmi við ákvæði 61. gr.

59. gr.

Ráðherra getur stöðvað starfsemi sparisjóðs um stundarsakir, ef hann telur að stjórn sjóðsins eða aðrir þeir, sem fyrir rekstri hans standa, ræki ekki störf sín í samræmi við ákvæði laga þessara eða samþykkta sjóðsins eða reksturinn sé með öðrum hætti ekki í samræmi við lög eða samþykktir. Ráðherra skal þá tafarlaust fela bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða að framkvæma ítarlega rannsókn á þeim þáttum starfseminnar, sem hann telur ábótavant. Að fengnum tillögum framangreindra aðila getur ráðherra afturkallað staðfestingu á samþykktum sparisjóðs, enda hafi málum ekki verið komið í rétt horf fyrir lok frests, sem veittur var í því skyni. Nú er staðfesting á samþykktum sparisjóðs afturkölluð og skal hann þá tekinn til skiptameðferðar í samræmi við ákvæði 61. gr.

60. gr.

Aðalfundur eða aukafundur hefur ákvörðunarvald um slit sparisjóðs í öðrum tilvikum en þeim, sem greinir í 58. og 59. gr. , sbr. 7. tl. 18. gr. Slík ákvörðun er háð samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og stjórnar Tryggingarsjóðs sparisjóða, og viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar, hvort sem um er að ræða full slit á starfsemi sparisjóðs eða yfirtöku af hálfu annarrar innlánsstofnunar. Við full slit á starfsemi sparisjóðs skal skiptameðferð vera í samræmi við ákvæði 61. gr., en fjárhagslegt uppgjör við yfirtöku skal háð samþykki ráðherra eftir umsögn bankaeftirlitsins og stjórnar Tryggingarsjóðs sparisjóða.

61. gr.

Skiptameðferð á búi sparisjóðs skal framkvæmd af þremur skilanefndarmönnum, sem ráðherra skipar. Ráðherra setur nánari reglur um störf skilanefndarmanna. Skilanefnd skal láta birta þrisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sparisjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Þegar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar, skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut sinn, þ. e. stofnfé og séreignarsjóð, af eftirstöðvum eigna sparisjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til sparisjóðsaðila, sbr. 4. mgr. 1. gr.

62. gr.

Bú sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum, sem um þau skipti fjalla.

XIV. KAFLI
Sameining sparisjóða.

63. gr.

Ráðherra er rétt að heimila sameiningu tveggja sparisjóða eða fleiri, enda sé það samþykkt á aðalfundum sjóðanna með ¾ hlutum heildaratkvæðamagns, sbr. 7. tl. 18. gr. Áður en ráðherra veitir heimild til sameiningar, skal hann leita álits bankaeftirlitsins, Tryggingarsjóðs sparisjóða og viðkomandi bæjarstjórna eða sýslunefnda.

Við sameiningu sparisjóða skal skipa sérstaka sameiningarnefnd þannig að hver sparisjóður um sig kýs á aðal- eða aukafundi tvo fulltrúa í nefndina og einn skal skipaður af hvorum eftirtalinna aðila: Bankaeftirliti og Tryggingarsjóði sparisjóða. Nefndin gerir tillögu til aðal- eða aukafunda sparisjóðanna um fjárhagslegt uppgjör við sameininguna og fyrirkomulag rekstrar eftir hana. Áður en tillagan er lögð fyrir fundina, skal viðskiptaráðherra hafa samþykkt hana. Sameiningin telst þá endanlega samþykkt, er aðal- eða aukafundir í sjóðunum hafa samþykkt tillöguna með 3/4 hlutum heildaratkvæðamagns.

Ákvæðum þessarar greinar skal einnig beita eftir því sem við á um sameiningu sparisjóðs við aðrar innlánsstofnanir en sparisjóði.

XV. KAFLI
Refsiákvæði.

64. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

65. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

XVI. KAFLI
Ýmiss ákvæði og gildistaka.

66. gr.

Sparisjóðir eru undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum. Stofnfé sparisjóðsaðila og inneign í séreignarsjóði skal og vera skattfrjáls svo og sá hluti tekjuafgangs, sem lagður er í séreignarsjóð.

Bækur sparisjóðs, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sparisjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita sparisjóðnum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum sparisjóðsins og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

67. gr.

Stjórnarmenn, sparisjóðsstjórar, endurskoðendur og allir starfsmenn sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna sparisjóðsins og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

68. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett sparisjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi h. 1. janúar 1979. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 69 frá 27. júní 1941, um sparisjóði, með síðari breytingum svo og önnur ákvæði, er kynnu að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara er aðalfundi sparisjóðs heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:
   a) Verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1940 eða stofndegi sparisjóðs, ef hann er síðar.
   b) Eiginfjárstöðu sparisjóðsins.

   Endurmat þetta er háð samþykki stjórnar Tryggingarsjóðs sparisjóða. Hámark stofnfjárhlutar eftir að endurmat hefur farið fram, má þó eigi vera hærra en kr. 30 000.

   Heimilt er sparisjóði að greiða af rekstrarhagnaði sínum inn á stofnfjárreikninga sparisjóðsaðila hið aukna stofnfé samkvæmt endurmatinu. Greiðslur þessar má sparisjóður inna af hendi á allt að 5 árum. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar með þessum hætti getur farið fram eftir að tekjuafgangi hefur verið ráðstafað samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 39. gr.

   Allir stofnfjár- og ábyrgðarhlutir í hverjum sparisjóði, skulu vera jafn háir.

   Þeir, sem gerst hafa stofnfjáraðilar eða öðlast hafa rétt til stofnfjárhlutar síðar en 20 árum fyrir gildistöku laga þessara, skulu þó sjálfir greiða viðbótarstofnfé samkvæmt endurmatinu þannig, að þeir greiði 1/20 hluta stofnfjáraukans fyrir hvert ár, sem vantar upp á 20 ára aðild hvers um sig að sparisjóðnum. Sparisjóðsaðilar, sem greiða eiga viðbótarstofnfé samkvæmt þessari málsgrein, skulu greiða það í reiðufé innan 12 mánaða frá ákvörðun aðalfundar um endurmatið.

   Ef stofnfjáraðili hlítir ekki skilyrðum síðustu málsgreinar, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli sparisjóðsstjórnar, fær hann endurgreitt upprunalegt stofnfé sitt, án verðbóta, og fellur út sem sparisjóðsaðili, enda jafnframt leystur frá ábyrgðarhlut sínum.
2. Starfandi sparisjóðir skulu innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara hafa samræmt samþykktir sínar og starfsemi ákvæðum laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 18. mars 1975, skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að taka til endurskoðunar lög nr. 69 frá 27. júní 1941, um sparisjóði. Í nefndina voru skipaðir: Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Sveinn Jónsson, aðstoðarbankastjóri, og Friðjón Sveinbjörnsson, sparisjóðsstjóri. Ritari nefndarinnar var Gylfi Knudsen, deildarstjóri.

Nefndin samdi tillögur í formi frumvarps til nýrra laga um sparisjóði. Frá hendi nefndarinnar fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Nefndin hóf störf í júní árið 1975 og hefur á starfsferli sínum haldið alls 21 fund. Nefndin hefur leitast við hafa sem mest samráð við Samband íslenskra sparisjóða í starfi sínu. Drög nefndarinnar á ýmsum stigum hafa verið kynnt bæði stjórn Sambands ísl. sparisjóða og einstökum sparisjóðsstjórum og hefur verið tekið tillit til margvíslegra ábendinga og athugasemda frá þessum aðilum. Þótt samráð hafi verið höfð við alla helstu hagsmunaaðilana og reynt hafi verið að samræma sjónarmiðin eftir fremsta megni er nefndinni þó ljóst, að skiptar skoðanir kunna að vera um sumt í frumvarpinu, enda er ekki í öllum greinum farin sú leið, sem nefndarmenn, hver um sig, hefðu helst kosið. Nefndin gerir ráð fyrir, að þeir, sem hagsmuna hafa að gæta, geti komið að frekari athugasemdum í meðförum Alþingis á frumvarpinu.

Lögin frá 1941, um sparisjóði, voru vel undirbúin á sínum tíma, en eru nú um margt mjög úrelt orðin. Bar því nauðsyn til að taka þessi lög til heildarendurskoðunar.

Undanfarið hefur verið unnið að endurskoðun löggjafar um innlánsstofnanir. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er hluti af því verki. Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins og frumvarp til laga um viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi, er væntanlegt. Frumvörp þessi taka ekki til allra starfandi innlánsstofnana, þar sem auk viðskiptabanka og sparisjóða eru innlánsstofnanir hér á landi innlánsdeildir samvinnufélaga svo og Söfnunarsjóður Íslands og Póstgíróstofan, sem minna máli skipta, og er ekki gert ráð fyrir, að tillögur til breytinga á þessum stofnunum verði lagðar fram samhliða frumvörpum um viðskiptabanka og sparisjóði. Allt að einu má segja, að hér sé um að ræða nýja heildarlöggjöf um innlánsstofnanir, þ. e. a. s. almenna löggjöf um hverja tegund þeirra, enda taka frumvörpin til þeirra innlánsstofnana, sem mestu máli skipta og sem höfðu 96.5% af heildarinnlánum í árslok 1976.

Í þessum frumvörpum er reynt að hafa sem mest samræmi í reglum um almenn atriði, þótt margvísleg frávik séu óhjákvæmileg, m. a. vegna mismunandi rekstrarforms.

Í maí árið 1972 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar. Nefnd þessi tók m. a. saman frumdrög að nýrri löggjöf um sparisjóði. Við samningu frumvarps þessa var nokkuð litið til þessara frumvarpsdraga bankamálanefndar. Þá var löggjöf um sparisjóði á Norðurlöndum athuguð, einkum dönsku lögin um banka og sparisjóði, sem eru frá 1974, og sumt í þeim lögum haft til hliðsjónar. Lög um þetta efni á Norðurlöndum eru flest ný eða nýleg. Ekki hefur þó verið stuðst við erlendar fyrirmyndir nema að mjög litlu leyti. Í öllum helstu gr. frumvarpsins hefur verið reynt að finna lausnir og leiðir, sem eru í sem bestu samræmi við íslenska staðhætti og íslenskt efnahags- og fjármálalíf. Í því efni hefur verið tekið tillit til fjölda ábendinga og athugasemda, einkum frá Sambandi ísl. sparisjóða og aðila innan þess, eins og áður getur.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er tvíþættur. Annars vegar er hann sá, að treysta almennt stöðu sparisjóða meðal innlánsstofnana og hins vegar að auka aðhald og öryggi í rekstri þeirra. Ef grannt er skoðað, fléttast þetta tvennt saman.

Sparisjóðir eiga sér alllanga sögu hér á landi. Venja er að telja, að fyrst hafi verið stofnaður sparisjóður hér á landi á Sevðisfirði árið 1868. Hann hét Sparisjóður Múlasýslna og starfaði fram yfir 1870, en leið þá undir lok. Fræðimenn hafa þó nýlega fært rök fyrir því, að saga sparisjóða sé enn eldri. Heimildir eru fyrir Sparnaðarsjóði búlausra í Skútustaðahreppi, er hóf starfsemi sína árið 1858, en var lagður niður árið 1864. Hér var tilraun á ferðinni, sem tæpast hefur haft áhrif sem peningastofnun né orðið fyrirmynd annarra. Næsti sparisjóður, sem stofnaður var, var Sparisjóður Reykjavíkur. Hann var stofnaður árið 1872. Ekki varð hann langlífur, fremur en hinir fyrri sjóðir. Hann sameinaðist Landsbanka Íslands árið 1887. Sparisjóður Siglufjarðar var stofnaður árið 1873. Hann starfar enn og er elstur starfandi sparisjóða á landinu.

Sparisjóðir voru síðan stofnaðir hver af öðrum í flestum sýslum og kaupstöðum landsins. Samtals hafa verið stofnaðir 93 sparisjóðir á Íslandi. Í árslok 1977 voru starfandi sparisjóðir 43 að tölu. Margir sparisjóðir hafa hannig hætt starfsemi sinni. Flestir þeirra sparisjóða, sem hætt hafa starfsemi, hafa verið yfirteknir af útibúum viðskiptabankanna. Sumir hafa verið gerðir upp og lagðir niður án þess að banki eða annar sparisjóður hafi haldið áfram starfsemi þeirra. Einn sparisjóður hefur orðið gjaldbrota, fáeinir yfirteknir af öðrum sparisjóðum og þrem hefur verið breytt í banka (þ. e. Verslunarsparisjóður, Samvinnusparisjóður og Sparisjóður alþýðu).

Yngsti sparisjóðurinn er Sparisjóður Súðavíkur, sem stofnaður var árið 1972.

Sparisjóðum hefur heldur farið fækkandi undanfarin ár, einkum við stofnun nýrra útibúa viðskiptabankanna, sem hafa yfirtekið starfsemi sparisjóðanna. Af 13 sparisjóðum, sem stofnaðir hafa verið eftir árið 1950 starfa 7 þeirra ennþá sem sparisjóðir.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda sparisjóða með nokkurra ára millibili frá 1870 til 1975:

1870 1, 1880 5, 1890 13, 1900 24, 1910 30, 1920 49, 1930 50, 1940 56, 1950 57, 1955 60, 1960 63, 1965 57, 1970 53, 1975 44, 1977 43.

Skipting sparisjóða eftir kjördæmum í árslok 1977 var svo sem hér segir:

Reykjavík	3
Reykjanes	3
Vesturland	3
Vestfirðir	13
Norðurl. vestra	4
Norðurl. eystra	15
Austurland	1
Suðurland	1
Samtals	43

Athyglisvert er, að af þessum 43 sparisjóðum eru 28 á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra og eru flestir þeirra smáir.

Hlutdeild sparisjóðanna í varðveislu sparifjár landsmanna hefur verið breytileg. Helsta ástæðan til þess er fjölgun viðskiptabanka og útibúa þeirra samfara fækkun sparisjóða. Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild sparisjóðanna í % af heildarinnstæðufé í bönkum og sparisjóðum á mismunandi tímum. (Innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga eða Söfnunarsjóði Íslands eru ekki teknar með):

Í þús. kr.

Ár	Heildarinnst. í sparisjóðum	Heildarinnst. í viðskiptabönkum	Innst. alls	Hlutdeild sparisj. í %
1872	14	—	14	100.0%
1890	159	562	721	22.1%
1900	593	1 209	1 802	32.9%
1910	1 199	5 126	6 325	19.0%
1920	7 915	30 119	38 034	20.8%
1930	8 978	53 022	62 000	14.5%
1940	19 851	130 188	150 039	13.2%
1950	127 830	723 488	851 318	15.0%
1960	623 829	2 388 579	3 012 408	20.7%
1965	1 233 462	6 818 713	8 052 175	15.3%
1970	2 758 276	13 405 737	16 165 013	17.1%
1975	8 112 274	42 577 946	50 690 220	16.0%

Á hlutfallstölunum sést, að hlutdeild sparisjóðanna í heildarinnlánum fer stöðugt minnkandi eftir tilkomu bankanna, en stöðvast þó og eykst á ákveðnum tímabilum.

Í framhaldi af greinargerð um helstu atriði í sögu sparisjóðanna er rétt að gefa stutt yfirlit yfir þróun löggjafar um þá.

Þann 5. janúar 1874 var gefin út „Forordning om nogle Begunstigelser for Sparekasser i Island", — tilskipun um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi. Áður en þessi tilskipun var gefin út, höfðu að því er næst verður komist 4 sparisjóðir verið stofnaðir í landinu. Að líkindum hafa þeir allir sett sér sín eigin lög til að fara eftir. Nákvæm lög eru t. d. til um Sparnaðarsjóð búlausra í Skútustaðahreppi, er samþykkt voru á fundi stofnenda sjóðsins þann 13. júní 1859.

Fyrirmyndir að sparisjóðunum og reglum eða samþykktum þeirra hafa eflaust verið sóttar til nágrannalandanna, einkum Danmerkur.

Árið 1915 voru svo fyrstu lögin um sparisjóði sett, lög nr. 44, 3. nóvember 1915. Þessi lög voru um margt ítarleg og skýr á þeim tíma og fullnægjandi miðað við sparisjóðsstarfsemi þá.

Milliþinganefnd sú, sem starfaði að endurskoðun bankamála á árunum 1937—1940, gerði tillögur um þetta svið allt. Þ. á m. samdi nefndin tillögur að frumvarpi að nýjum lögum um sparisjóði. Aðalefni frumvarpsins voru sparisjóðalögin frá 1915, en nokkru var þó breytt og allmiklu aukið við. Þetta frumvarp varð að lögum, lög nr. 69, 27. júní 1941, um sparisjóði, og eru þau enn í gildi. Með stoð í lögum þessum var gefin út reglugerð um sparisjóði 15. febrúar 1942. Eftir lögum þessum og reglugerð svo og staðfestum samþykktum starfa sparisjóðirnir nú.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér margar og mikilvægar breytingar frá gildandi lögum. Frumvarp þetta er í 69 greinum og skiptist í 16 kafla.

Veigamestu breytingarnar frá gildandi lögum eru sem hér segir:

Sett eru nákvæm ákvæði um það í II. kafla, hverjir geti verið stofnendur sparisjóðs og kveðið er á um lágmarksfjárhæð stofnfjár.

Samkvæmt frumvarpinu er aðeins heimilt að stofna sparisjóði með innborguðu stofnfé. Stofnun sparisjóða með ábyrgðum (ábyrgðarmannasjóðir) er ekki leyfð samkvæmt frumvarpinu. Ekki er þó sú skylda lögð á starfandi sparisjóði að taka upp stofnfé í stað ábyrgða við gildistöku laganna. Settar eru reglur í III. kafla um stofnfjárhluti og stofnfjárbréf og leyfð viðskipti með þau með ströngum takmörkunum. Í IV. kafla er fjallað um aukningu stofnfjár og er þar m. a. gert ráð fyrir því, að aðalfundir í starfandi sjóðum, sem byggðir eru upp sem ábyrgðarmannasjóðir, geti ákveðið að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé og eru settar reglur um slíkar ákvarðanir, þ. á m. um þann atkvæðameirihluta, sem nauðsynlegur er til þess að ákvörðun öðlist gildi.

Mikilvægt nýmæli er að finna í V. kafla, þar sem gert er ráð fyrir svokölluðum séreignarsjóði stofnfjáreigenda, sem myndaður verður aðallega með hluta þeirra vaxta, sem aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi. Hugmyndin með séreignarsjóðum þessum er sú að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari með því að heimila ávöxtun hennar. Ávöxtun þessari verður þó óhjákvæmilega að setja talsverðar skorður bæði m. t. t. fjárhagsgetu viðkomandi sparisjóðs og einnig vegna hins sérstaka eðlis sparisjóðanna, sem ekki er unnt að jafna við venjuleg atvinnufyrirtæki, sem rekin eru í hreinu ágóðaskyni.

Um stjórn sparisjóða eru sett ítarleg ákvæði í VI. kafla í 8 greinum, en gildandi lög eru fáorð um þetta efni. Þeirri stjórnunarlegu skipan, sem nú gildir, er í öllum meginatriðum haldið í frumvarpinu.

Í VII. kafla, sem fjallar um starfsemi sparisjóða, eru margvísleg nýmæli. Hið mikilvægasta er, að samkvæmt frumvarpinu er sparisjóðum heimilað að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína, en það er fortakslaust bannað samkvæmt gildandi lögum.

Sérstök ákvæði eru um lausafjár- og eiginfjárstöðu í VIII. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um reikningsskil og eru þar ýmis nýmæli einkum í 39. gr., um ráðstöfun tekjuafgangs, þ. á m. heimildir til að verja tekjuafgangi að vissu marki til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda.

Um endurskoðun eru sett ítarleg ákvæði í X. kafla, en ákvæði gildandi laga um það efni eru alveg ófullnægjandi.

Í XI. kafla er lagt til, að stofnaður verði nýr Tryggingarsjóður sparisjóða, er taki við af hinum fyrri og verði sparisjóðunum og innstæðueigendum í þeim styrkari bakhjarl en núverandi sjóður, sem ekki hefur dafnað sem skyldi.

Samkvæmt XII. kafla verður eftirlit með starfsemi sparisjóða áfram á hendi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Lagt er til í XIII. kafla, að lögfest verði ný ákvæði um slit sparisjóða, sem fela í sér mikilvægar breytingar frá gildandi lögum.

Sérákvæði er um sameiningu sparisjóða í XIV. kafla, sem eiga að koma í veg fyrir óyfirvegaðar ákvarðanir í þeim efnum.

Í XV. og XVI. kafla er fjallað um refsingar vegna brota á ákvæðum frumvarpsins, gildistöku, undanþágu frá almennri skattskyldu o. fl.

Með ákvæðum til bráðabirgða er veitt heimild til þess að endurmeta stofnfé í sparisjóðum eftir ákveðnum reglum innan þriggja ára frá gildistöku frumvarps þessa, ef að lögum verður.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Að efni til svarar þessi grein til 1. mgr. 1. gr. gildandi laga, en hér er þó ítarlegar skilgreint hvað sé sparisjóður en í gildandi lögum.

Um markmið sparisjóða er fjallað í 1. mgr., en nánari ákvæði um starfsemi þeirra eru í VII. kafla.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga svipar sparisjóðum mjög til sjálfseignarstofnana eins og þær almennt eru skilgreindar. Helstu einkenni sjálfseignarstofnana eru þau, að eignir slíkra stofnana eru ekki háðar eignarráðum einstaklinga eða lögaðila og ekki eiga þeir rétt til ágóða af rekstri stofnananna, heldur er starfsemin öll rekin í þágu ákveðins markmiðs, yfirleitt í þágu mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi. Skipulag sparisjóða samkvæmt gildandi lögum uppfyllir að flestu leyti þessi skilyrði. Þó eru þar frávik, einkum það, að samkvæmt 4. gr. laganna er heimilt að greiða stofnendum sparisjóða eða ábyrgðarmönnum eða þeim, sem lagt hafa fram fé til starfrækslu sparisjóðs, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, arð eða vexti allt að 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

Í þessu frumvarpi eru sett rýmri ákvæði um eignaraðild að sparisjóði en eru í gildandi lögum. Þeir, sem leggja fram stofnfé, verða samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eins og áður eigendur að því fé, en geta nú að vissu marki ráðstafað því verðmæti, sem felst í þeirri eign. Ráð stofnfjáreiganda yfir hlut sínum eru þó háð verulegum takmörkunum. Við slit sparisjóðs fá stofnfjáreigendur hlut sinn greiddan, en þeim eignum, sem þá verða eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins, þó má ekki ráðstafa þeim til sparisjóðsaðila, sbr. 61. gr. Þessi ákvæði um ráðstöfun eigna við slit minna einkum á skyldleika sparisjóða við sjálfseignarstofnanir.

Tekið er fram, að sparisjóðsaðilar hafi ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Til þess að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari er í frumvarpinu lagt til, að innan vissra takmarkana verði heimilt að verja hluta tekjuafgangs til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Er um þetta fjallað í 39. gr. frumvarpsins.

Sparisjóðir teljast því hvorki til sjálfseignarstofnana né venjulegra atvinnufyrirtækja, sem rekin eru í ágóðaskyni fyrir eigendur þeirra.

Þeim er í þessu frumvarpi valið það form, sem telst henta þeim best m. t. t. þeirrar sérstöku starfsemi, sem þeir reka, og með hliðsjón af sögulegum og félagslegum forsendum.

Þær breytingar, sem þessi grein gerir ráð fyrir frá gildandi lögum að því er varðar eignarrétt að stofnfjárhlut og aukna möguleika stofnfjáreigenda til ágóða, eru lagðar til í þeim tilgangi einum að styrkja stöðu sparisjóðanna meðal innlánsstofnana almennt með því að gera stofnfjáreign í þeim eftirsóknarverðari.

Um 2. gr.

Þessi grein er að efni til hliðstæð 2. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Í gildandi lögum er ekki sérstaklega tekið fram, að sparisjóðum sé óheimilt að reka annars konar starfsemi en sparisjóðsstarfsemi. Rétt þykir að kveða á um það, jafnframt því, að sparisjóðum er einum heimilað að reka sparisjóðsstarfsemi. Nánari ákvæði um starfsemi sparisjóða eru í VII. kafla frumvarpsins. Rétt er að geta þess, að skilgreining á sparisjóðsstarfsemi og viðskiptabankastarfsemi er eins samkvæmt frumvörpunum.

II. KAFLI

Um 3. gr.

Í 2. gr. gildandi laga er stofnun sparisjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra, sem fer með málefni banka og sparisjóða. Lagt er til, að sú skipan haldist. Ítarlegri reglur eru settar hér um meðferð umsókna um stofnun sparisjóða, en gildandi lög hafa að geyma. Mikilvægt er, að ekki sé rasað um ráð fram og allar tiltækar upplýsingar um fyrirhugaða sparisjóðsstofnun liggi fyrir. Að því miða ákvæði greinarinnar.

Í gildandi lögum er sparisjóðseftirlitið umsagnaraðili um stofnun sparisjóðs. Samkvæmt lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, hefur Seðlabankinn með höndum eftirlit með starfsemi innlánsstofnana. Jafnframt er í lögunum kveðið á um, að gagnvart sparisjóðum taki bankaeftirlit Seðlabankans við þeim störfum, sem sparisjóðseftirlitinu eru falin samkvæmt lögum nr. 69/1941, um sparisjóði.

Seðlabankinn varð samkvæmt þessu þegar í upphafi umsagnaraðili um stofnun sparisjóða. Gert er ráð fyrir því hér, að það verði óbreytt, en bætt er við, að auk Seðlabankans skuli viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn svo og Tryggingarsjóður sparisjóða vera umsagnaraðilar og er það nýmæli. M. a. með tilliti til hluttöku sýslunefnda og bæjarstjórna í stjórn sparisjóða og þess, að ætla má, að hér verði eins og áður um að ræða staðbundnar stofnanir, ákveðið starfssvæði, er ekki óeðlilegt, að viðkomandi sýslunefndir eða bæjarstjórnir hafi umsagnarrétt.

Með ákvæðum 3. mgr. er einungis verið að koma í veg fyrir, að menn geti haldið útgefnum leyfum von úr viti án þess að nota þau, og þannig orðið í vegi annarra, sem kynnu að vilja hefja starfrækslu sparisjóðs á sama svæði.

Um 4. gr.

Samkvæmt 2. gr. gildandi laga geta eftirtaldir aðilar verið stofnendur sparisjóðs:

a) Félag einstakra manna.
b) Bæjarfélag.
c) Sýslufélag.
d) Hreppsfélag (að fengnu leyfi sýslunefndar).

Í þessari grein er gert ráð fyrir all miklum breytingum varðandi þá aðila, sem geta verið stofnendur sparisjóðs. Greint er á milli aðila þannig, að annars vegar eru þeir aðilar taldir upp svo tæmandi sé í 1. mgr., sem geta verið meðal stofnenda sparisjóðs, og hins vegar eru þeir aðilar greindir í 2. mgr., sem verða að vera meðal stofnenda.

Samkvæmt 1. mgr. geta þessir aðilar verið stofnendur sparisjóðs: Sýslufélög, sveitarfélög, starfandi sparisjóðir, skráð samvinnu- og hlutafélög, stéttarfélög, félög vinnuveitenda, einstaklingar og sjálfseignarstofnanir, sem eru undir opinberu eftirliti. Samkvæmt 2. mgr. skulu einn eða fleiri eftirtaldra aðila ávallt vera meðal stofnenda: a) sýslufélag, b) sveitarfélag, c) skráð samvinnufélag með starfandi innlánsdeild við gildistöku laganna, d) minnst 20 af þeim öðrum aðilum, sem taldir eru í 1. mgr. Hver um sig þessara aðila getur verið einn stofnandi sparisjóðs og einhver þeirra verður ávallt eins og áður er sagt að vera meðal stofnenda sparisjóðs. Um ástæður fyrir því, að þessir aðilar eru sérstaklega teknir fram fyrir aðra í þessum

efnum, er það að segja, að sýslu- og sveitarfélög hafa lögum samkvæmt sérstök afskipti af sparisjóðum, stjórn þeirra og stofnun, og haldast þessi tengsl í frumvarpinu. Ástæðan til þess, að samvinnufélögum með starfandi innlánsdeild er leyft sérstaklega að stofna sparisjóð er sú, að talið er æskilegt, að innlánsdeildum samvinnufélaga sé breytt í sparisjóði og því er með þessum hætti sérsaklega greitt fyrir því. Í stað „félags einstakra manna“ er hér lagt til, að hópur þeirra annarra aðila í 1. mgr. en greindir eru í a)—c) lið 2. mgr. geti, einir saman eða ásamt öðrum aðilum, stofnað sparisjóð. Verða þeir að vera tuttugu hið fæsta.

Nýmæli er í 3. mgr. um atkvæðisrétt á stofnfundi, er mælir fyrir um, að allir hafi þar jafnan rétt án tillits til stofnfjárframlags.

Sérstakt skilyrði er sett í 4. mgr., sem gildir um alla stofnendur og sparisjóðsaðila í viðkomandi sparisjóði. Hér er um að ræða kröfu um, að stofnendur og sparisjóðsaðilar skuli vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sem starfsemi sparisjóðsins er bundin við, ef starfsemi sjóðsins takmarkast við ákveðið svæði. Þetta skilyrði er sett sökum þess, að sparisjóðir eru almennt staðbundnar stofnanir, settar á fót til að þjóna ákveðnu byggðarlagi og íbúum þess, sbr. 2. mgr. 3. gr. Er því talið rétt, að aðild að þeim verði bundin við sama svæði.

Um 5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir því, að unnt verði að stofna sparisjóði með ábyrgðarfyrirkomulagi samkvæmt frumvarpi þessu, ef að lögum verður. Sparisjóðir verða því einungis stofnaðir með innborguðu stofnfé. Í 1. mgr. greinar þessarar er kveðið á um lágmarksfjárhæð stofnfjár kr. 10 000 000, en jafnframt er heimilað að færa þá fjárhæð upp (eða niður) til samræmis við almennar verðlagsbreytingar.

Ráðherra er veitt heimild í 2. mgr. til að áskilja hærra stofnfé en í 1. mgr. greinir og einnig til að veita undanþágu, þegar sérstaklega stendur á, frá ákvæðum um lágmarksfjárhæð stofnfjár. Rök fyrir þessum heimildum eru þau, að hæpið er að beita sömu reglum í öllum tilfellum um lágmarksfjárhæð stofnfjár vegna mismunandi aðstæðna og staðhátta hér á landi. Á ýmsum fjölmennum þéttbýlisstöðum kann að vera ástæða til að krefjast meira en lágmarksfjárhæðar. Í fámennum byggðarlögum, þar sem fjármagn er takmarkað, kann hins vegar að koma til álita að víkja frá hinu almenna ákvæði um lágmarksfjárhæð stofnfjár og leyfa að stofna sparisjóð með lægra stofnfé en þar er ákveðið.

Í 4. og 5. mgr. eru reglur um greiðslu stofnfjárins. Skal minnst helmingur vera greiddur, er starfsemi hefst, og eftirstöðvar skulu greiddar í síðasta lagi innan eins árs, eftir að starfsemi sparisjóðs hófst. Ekki má greiða stofnfé með öðru en peningum.

Í 6. mgr. er tekið sérstaklega fram, að sparisjóðum þeim, sem starfa á grundvelli ábyrgða við gildistöku laganna, er heimilt að starfa áfram í því formi, sbr. nánar í hinum almennu athugasemdum hér að framan.

Um 6. gr.

Grein þessi er að efni til hliðstæð 3. gr. gildandi laga. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að ráðherra gefi út sérstakt leyfi til stofnunar og starfrækslu sparisjóðs, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Áður en ráðherra gefur út leyfið, þarf öllum skilyrðum fyrir stofnuninni að hafa verið fullnægt og samþykktir sjóðsins staðfestar af ráðherra.

Hreinlegra virðist að gefa út sérstakt starfsleyfi handa sparisjóði að undangenginni staðfestingu samþykkta og að öllum skilyrðum uppfylltum, heldur en að viðurkenna stofnunina með staðfestingu samþykkta einni saman eins og yfirleitt hefur verið gert.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að leita skuli umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um samþykktir sparisjóðs. Er það í samræmi við framkvæmd þessara mála, þótt ekki séu í gildandi lögum sérstök fyrirmæli þar að lútandi.

Í 2. mgr. er greint, hvers geta beri í samþykktum og er þar um ýmsar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Ekki er ástæða til að tíunda þær breytingar í einstökum atriðum, en þær stafa m. a. af því, að einungis verður leyft að stofna sparisjóði með stofnfé samkvæmt frumvarpinu og leyfð verða eigendaskipti að stofnfjárhlutum innan þröngra takmarkana.

III. KAFLI

Um 7. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er mælt fyrir um, að stofnfjárbréf skuli gefin út fyrir stofnfjárhlutum. Þar sem leyfð eru í frumvarpinu takmörkuð eigendaskipti að stofnfjárhlutum, er nauðsynlegt, að stofnfjáreigandi hafi skilríki fyrir rétti sínum.

Þar sem ýmsar hömlur eru lagðar á viðskipti með stofnfjárbréf samkvæmt frumvarpinu, verða þau að hljóða á nafn og verða ekki framseld til handhafa, þannig að gildi hafi gagnvart viðkomandi sparisjóði.

Í 3. mgr. er þess getið, sem greint skal í stofnfjárbréfi. Höfð er hliðsjón af þeim lágmarksupplýsingum, sem greina ber í hlutabréfum.

Um 8. gr.

Þótt í frumvarpinu sé gert ráð fyrir því, að eigendaskipti að stofnfjárbréfum verði heimil innan þröngra marka í því skyni að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari, er alls ekki stefnt að almennum viðskiptum með þau, eins og um kvaðalaus hlutabréf eða önnur viðskiptabréf væri að ræða.

Í þessari grein eru því lagðar almennar og ófrávíkjanlegar takmarkanir á viðskipti með stofnfjárhluti. Sparisjóðsstjórn verður að veita samþykki sitt í hverju tilfelli til sölu eða annars framsals stofnfjárhlutar og er ekki unnt með ákvæðum í samþykktum sparisjóðs að létta þessum kvöðum af stofnfjárhlutunum.

Hin sérstöku einkenni sparisjóðanna og starfsemi þeirra, sbr. 1. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana, gera það að verkum, að sparisjóðunum er nauðsyn á að hafa hönd í bagga með því, hverjir séu eignaraðilar að þeim.

Afskipti sparisjóðsstjórnar af sölu stofnfjárhlutar og öðrum framsölum þeirra eru tryggð í 1. mgr. Með hliðsjón af því, hvers eðlis stofnfjárhlutir í sparisjóði eru og þeim hagsmunum viðkomandi sparisjóðs að stjórna eigendaskiptum ,ef svo má segja, svo sem unnt er, þykir ekki rétt að leyfa veðsetningu stofnfjárhluta, jafnvel ekki með samþykki sparisjóðsstjórnar, og er því lagt til í 2. mgr., að hún verði alveg bönnuð.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um heimild og skyldu sparisjóðs til að innleysa stofnfjárhlut í sjóðnum í ákveðnum tilfellum.

Samkvæmt 1. mgr. er sparisjóði heimilað að innleysa stofnfjárhlut við andlát stofnfjáreiganda og brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sparisjóðsins.

Í 2. mgr. er fjallað um þau tilfelli, þegar sparisjóði er skylt að innleysa stofnfjárhlut. Er þar um að ræða, að lögaðila, sem á stofnfjáhlut, er slitið eða lagður niður, við gjaldþrot stofnfjáreiganda og aðför skuldheimtumanna stofnfjáreiganda í hlutnum.

Auk ákvæða þessarar greinar getur komið til innlausnar samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Möguleikar sparisjóðs til innlausnar takmarkast af ákvæðum 12. gr., sem leyfa ekki hærri eigin stofnfjáreign en 10% af stofnfé nema með sérstöku leyfi ráðherra í tiltekinn tíma, lengst eitt ár, í þeim tilfellum, sem getur í 2. mgr. þessarar greinar og 10. gr.

Um 10. gr.

Hér er lögð sú skylda á sparisjóð, að hafa milligöngu um sölu stofnfjárhlutar eða innleysa hann, ef óskað er, í þeim tilfellum, þegar synjað hefur verið um sölu hlutarins samkvæmt 8. gr. eða heimildar til innlausnar samkvæmt 1. mgr. 9. gr. hefur ekki verið neytt. Sparisjóði er settur eins árs frestur í þessum efnum frá því, að skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn. Gæta verður ákvæða 12. gr.

Þessar reglur ættu t. a. m. að stuðla að því, að sparisjóðir beiti rétti sínum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. með gát og að ekki komi til geðþóttaákvarðana.

Í 2. mgr. eru settar reglur um ákvörðun verðs við innlausn stofnfjárhlutar. Hlutur skal innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um, að haldin skuli skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila í sparisjóði og er í 2. mgr. getið þeirra atriða, sem greina ber í skránni.

Í 3. mgr. eru settar reglur um færslu í skrána, þegar lögmæt eigendaskipti verða að stofnfjárhlut. Nafn hins nýja eiganda skal fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, enda séu ákvæði frumvarpsins eða samþykkta viðkomandi sparisjóðs eigendaskiptunum ekki til fyrirstöðu. Í flestum tilfellum fara eigendaskipti fram með vitund viðkomandi sparisjóðsstjórnar sökum þeirra takmarkana á viðskiptum með stofnfjárhluti, sem getið er í 8. gr. Í vissum tilfellum, t. d. þegar eigendaskipti verða fyrir erfð, þarf sparisjóðsstjórn ekki að vera um það kunnugt, fyrr en við tilkynningu samkvæmt þessum reglum. Í slíku tilfelli gæti sparisjóður neytt heimildar til innlausnar, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Kveðið er á um það í 4. mgr. hverjir skuli eiga aðgang að skránni og er aðgangurinn takmarkaður við sparisjóðsaðila í viðkomandi sparisjóði. Þau stjórnvöld, sem sérstaklega er ætlað að hafa umsjón og eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra, hafa að sjálfsögðu aðgang að skránni skv. þeim lögum, sem um það eftirlit gilda, sbr. lög nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands.

Um 12. gr.

Rétti sparisjóðs til þess að eiga eigin stofnfé verður að setja þröngar skorður, enda geta kaup sparisjóðs á eigin bréfum stórlega rýrt stöðu hans. Hæfilegt þykir, að hámark eigin stofnfjáreignar verði 10% af stofnfénu.

Vegna ákvæða 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. um innlausn, gæti borið við, að hámarksregla 1. mgr. reyndist ófullnægjandi og gæti í sumum tilfellum skapað vandræði, sem erfitt væri að greiða úr. Við þessu er reynt að sjá með ákvæðum 2. mgr., sem heimila viðskiptaráðherra að undanþiggja sparisjóð ákvæðum um 10% hámark eiginstofnfjáreignar um tiltekinn tíma, sem þó má ekki vera lengri en eitt ár, í þeim innlausnartilfellum, sem fjallað er um í 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. Umsagna bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða skal leitað um slíkar umsóknir.

IV. KAFLI

Um 13. gr.

Hér eru settar reglur um aukningu stofnfjár og er aðalfundur einn bær um að ákveða hana. Þegar ákvörðun er tekin, ber aðalfundi jafnframt að setja reglur um áskrift hinna nýju hluta í samræmi við ákvæði samþykkta, en samkvæmt d) lið 2. mgr. 6. gr. skulu vera ákvæði í samþykktum um aukningu stofnfjár.

Álitamál er, hversu ítarlegar reglur ætti að hafa í frumvarpinu um aukningu stofnfjár. Gæti verið ástæða til að kveðna nánar á um þetta, en gert er í frumvarpinu. Hér er þó látið nægja að leggja á vald og ábyrgð aðalfundar að ákveða nánari reglur um áskrift nýrra hluta. Hafa ber í huga, að í samþykktum skulu vera ákvæði um aukningu stofnfjár, eins og áður er sagt, og þar sem samþykktir skulu staðfestar af ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlits, er unnt að tryggja,

að fullnægjandi og, ef ástæða þykir til, samræmd ákvæði séu í samþykktum um þetta efni. Yrði væntanlega kveðið á um öll mikilvægustu atriðin varðandi stofnfjáraukningu í samþykktum. Hins vegar myndi aðalfundur væntanlega setja reglur um þau atriði, sem tæpast er unnt að ákveða, fyrr en aukningin á að fara fram, svo sem reglur um fresti til áskriftar og til greiðslu hinna nýju hluta.

Þar sem eignarréttur sparisjóðsaðila er mjög takmarkaður, þ. e. bundinn við stofnfjáreign og hlutdeild í séreignarsjóði, verður að hafa sérstakar reglur um ákvörðun útboðsverðs nýrra hluta, þar sem þess er gætt, að eldri stofnfjáreigendur og hinir nýju sitji við sama borð og tekið sé tillit til hins takmarkaða eignarréttar.

Um 14. gr.

Hér er aðalfundi í sparisjóðum, sem starfa á grundvelli ábyrgða, veitt heimild til þess að ákveða, að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé. Mjög aukinn meirihluta ábyrgðaraðila þarf til þess, að ákvörðun um þetta efni verði gild. Eðlilegt er, að gerðar séu ríkar kröfur að þessu leyti, þar sem ákvörðun um breytingu úr ábyrgðarsjóði í stofnfjársjóð, felur í sér verulegar kvaðir fyrir ábyrgðarmenn. Er lagt til, að miðað verði við þann meirihluta, sem ræður minnst ⅘ hlutum af heildaratkvæðamagni til þess að ákvörðun verði gild. Þeir ábyrgðarmenn, sem ekki fást til að leggja fram stofnfé, falla úr aðilahópi.

Í 3. mgr. eru reglur, sem tryggja það, að við breytingar á sparisjóðum úr ábyrgðarmannasjóðum í stofnfjársjóði, nemi innborgað stofnfé ekki lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða.

V. KAFLI

Um 15. gr.

Í þessari grein er að finna almennar reglur um séreignarsjóð stofnfjáreigenda, en um tillög í sjóðinn fer eftir ákvæðum í 13. gr. og 39. gr.

Ákvæðin um séreignarsjóð stofnfjáreigenda eru nýmæli. Þau eru tilkomin vegna verðlagsþróunar undanfarin ár. Með þeim er stefnt að því að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari en hún er nú án þess þó að rýra eiginfjárstöðu hans.

Í þessu sambandi skal bent á, að í frumvarpinu felast ýmsar takmarkanir á viðskiptum með stofnfjárhluti og ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslu stofnfjár nema í sambandi við slit sparisjóðs, sbr. 61. gr. Líta verður því svo á, að stofnfjáreign fylgi fjárbinding til óákveðins tíma. Jafnframt er hér um áhættufé að ræða, sbr. 2. mgr. 1. gr. Eðlilegt er því, að þeir, sem lagt hafa fram stofnfé í sparisjóði, njóti góðra ávöxtunarkjara af þessu fé.

Frá Sambandi ísl. sparisjóða komu fram hugmyndir um að taka upp verðtryggingu á stofnfjáreign eftir ákveðnum reglum og með vissum takmörkunum. Þessar hugmyndir voru mikið ræddar í nefndinni, en niðurstaðan varð sú, að rétt væri að leita annarra leiða til að tryggja stofnfjáreigendum eðlileg ávöxtunarkjör. Ástæður fyrir þessari afstöðu nefndarmanna eru einkum þær að reglur um verðtryggingu stofnfjár yrðu mjög erfiðar í framkvæmd auk þess sem taka verður tillit til þess, að verðtrygging hefur ekki verið tekin upp í innláns- og útlánsviðskiptum sparisjóða og annarra innlánsstofnana.

Í stað verðtryggingar er lagt til, að ársvextir af stofnfé megi vera allt að hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma, ef rekstrarafkoma leyfir, sbr. 39. gr. Hins vegar þykir ekki rétt að veita heimild til að greiða svo háa vexti út til stofnfjáreigenda hverju sinni, heldur sé skylt að leggja vexti umfram vexti af almennum sparisjóðsbókum í séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Jafnframt geti aðalfundur ákveðið frekari takmörkun á útborgun ársvaxta. Skal hver stofnfjáreigandi eiga ákveðinn hlut í séreignarsjóði, sem sérgreindur skal í bókhaldi sparisjóðsins. Í séreignarsjóð skal einnig leggja þær upphæðir, sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 13. gr.

Ákvæði 3. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI

Um 16. gr.

Hér er getið þeirra aðila, sem fara með yfirstjórn sparisjóðs. Í 1. mgr. er kveðið á um, að æðsta stjórn sparisjóðs sé í höndum aðalfundar og aukafundar. Nánari ákvæði um fundina eru í 17. og 18. gr. Í gildandi lög vantar skýrar reglur um hlutverk aðal- og aukafunda í stjórnun sparisjóða, um boðun til þeirra, þau málefni, sem taka skal til úrlausnar á þeim o. fl. Engin ákvæði eru um það í gildandi lögum, hver fari með æðsta vald í málefnum sparisjóðs. Nauðsynlegt er að bæta úr því og er það gert hér. Einu ákvæðin um störf aðalfundar í gildandi lögum er í 5. gr. um kosningu stjórnar. Í 19. gr. reglugerðar um sparisjóði frá 15. febrúar 1942 eru ákvæði um, að ársreikning með athugasemdum endurskoðenda skuli leggja fyrir aðalfund, sem úrskurðar hann endanlega. Þrátt fyrir, að ákvæði skorti um þetta, hefur æðsta valdið verið í framkvæmd í höndum aðalfundar ábyrgðarmanna, og er hér í 1. mgr. einungis verið að leggja til, að það verði lögfest, sem í reynd hefur verið tíðkað hjá sparisjóðunum.

Settar eru reglur um það í 2. mgr., hvenær haldnir skuli aukafundir. Aukafund skal halda, þegar stjórn sparisjóðs telur þess þörf. Þetta er hin almenna regla, en að auki er minnihluta sparisjóðsaðila veitt heimild til þess að krefjast aukafundar. Skal minnihluti þessi fara með minnst ⅓ hluta ábyrgðar- eða stofnfjár. Þessar reglur um aukafundi eru nýmæli.

Í 1. mgr. er vikið að stjórn sparisjóðs og svo kveðið á um, að yfirstjórn sparisjóðs sé milli funda í höndum stjórnar. Nánari reglur um sparisjóðsstjórn eru einkum í 20.—21. gr. og verður vikið að þeim í athugasemdum við þær greinar.

Um hina stjórnunarlegu skipan í sparisjóðum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er það almennt að segja, að lagt er til, að gildandi skipan sé í meginatriðum haldið óbreyttri. Þessi skipan er einföld og reynsla er fengin fyrir henni. Sú reynsla er að vísu misjöfn. Hjá minni og meðalstórum sparisjóðum hafa stjórnirnar ekki verið eins virkar og nauðsynlegt er, en hjá hinum stærri hefur stjórnarframkvæmd verið mun traustari og sums staðar verið mjög góð. Á Norðurlöndum er uppbygging stjórnunar í sparisjóðum mun flóknari og viðameiri. Þar er um að ræða svokallað fulltrúaráð, auk stjórnar og framkvæmdastjórnar. Ennfremur er innstæðueigendum tryggð aðild að stjórnun sparisjóðanna. Vegna fámennis og annarra sérstakra aðstæðna hérlendis, verður að telja vafasamt, að taka upp viðamikið og flókið stjórnkerfi í sparisjóðunum, enda hafa hugmyndir um slíkt ekki fengið hljómgrunn hjá íslenskum sparisjóðamönnum. Í frumvarpinu er því leitast við að treysta það stjórnkerfi, sem fyrir er, með því að setja ítarlegri og skýrari reglur um ýmislegt það, sem skort hefur, lögfesta sumt, sem í framkvæmd hefur tíðkast, og almennt færa stjórnunarákvæðin í nútímalegra horf.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. eru settar reglur um boðun til aðal- og aukafunda sparisjóðs. Hér er um nýmæli að ræða. Slík ákvæði eru í samþykktum sumra sparisjóða. Rétt þykir, að kveða á um lágmarkskröfur um þetta efni í lögum. Að gefnu tilefni er sérstaklega tekið fram, að þeir stjórnarmenn sparisjóðs, sem kosnir eru af bæjarstjórn eða sýslunefnd skuli sitja fundi, en án atkvæðisréttar.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um gildi atkvæða á fundum í sparisjóði. Hér er lagt til, að í þeim tilvikum, þar sem aukins meirihluta er krafist til þess að mál nái fram að ganga, skuli hinn aukni meirihluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Aukins meirihluta er t. d. krafist til ákvörðunar um slit sparisjóðs skv. 7. tl. 18. gr., sbr. 60. gr. frumvarpsins. Almenna reglan er sú, að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráði úrslitum máls.

Samkvæmt gildandi lögum skal halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Nokkur misbrestur hefur verið á því, að þetta hafi verið haldið. Hverju, sem um er að kenna, er ekki óeðlilegt að lengja þann tíma, sem sparisjóðirnir hafa til þess

að halda sinn aðalfund, til loka júnímánaðar ár hvert, og er það lagt til í 4. mgr. Þá er í þessari málsgrein kveðið svo á, að auk þess að stjórn sparisjóðs gefi aðalfundi skýrslu um störf liðins reikningsárs, sem er nýmæli í lögum, þótt í framkvæmd hafi það tíðkast, skuli leggja fyrir aðalfund reikninga síðastliðins árs og skýrslu endurskoðenda. Hliðstæð ákvæði eru nú í 19. gr. reglugerðar um sparisjóði frá 1942, en réttara er að hafa ákvæði um þetta efni í lögunum sjálfum.

Í 5. mgr. er kveðið á um rétt sparisjóðsaðila til þess að fá tiltekið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum.

Um 18. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, eru talin upp þau málefni, sem taka skal ákvörðun um á aðalfundi. Hér eru greind þau mál, sem mikilvægust eru fyrir starfsemi sérhvers sparisjóðs. Einstakir liðir greinarinnar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Um 19. gr.

Í gildandi lög vantar ákvæði um atkvæðisrétt í sparisjóðum. Til þess að taka af allan vafa í þeim efnum er hér lagt til, að reglur verði settar um atkvæðisrétt sparisjóðsaðila á aðal- og aukafundum sparisjóðs.

Samkvæmt 1. mgr. er almenna reglan sú, að sparisjóðsaðilar hafa atkvæðisrétt í hlutfalli við stofnfjáreign sína eða ábyrgðarfjárhæð.

Í 2. og 3. mgr. eru undantekningar frá þeirri aðalreglu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Í 2. mgr. er sú takmörkun lögð á atkvæðisréttinn, að enginn getur farið með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða í sparisjóði, þó að undanteknum þeim aðilum, sem greinir í a) — c) lið 2. mgr. 4. gr. Er þessi regla til þess að sporna við óeðlilegu valdi einstakra fésterkra aðila og auka áhrif hinna, sem minni getu hafa til fjárframlaga. Í 3. mgr. er mælt fyrir um jafnan hlut og jafnan atkvæðisrétt, þegar aðild að sparisjóði er með þeim hætti, sem greinir í d) lið 2. mgr. 4. gr. Þessum reglum er ætlað að tryggja jöfnuð.

Um 20. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal stjórn sparisjóðs skipuð þremur mönnum hið fæsta. Ekki eru reistar skorður við því, hversu margir stjórnarmenn mega vera. Í reynd hafa stjórnir sparisjóðanna verið skipaðar þremur til fimm mönnum. Hér er lagt til, að stjórnir sparisjóða verði annað hvort skipaðar þremur eða fimm mönnum. Ráðast myndi af ákvæðum samþykkta, hvor talan yrði valin. Í öllum tilfellum kýs viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd einn til tvo stjórnarmenn eftir því, hve fjölskipuð stjórnin er. Undantekning er í a) lið 2. mgr., en þar kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd alla stjórnina, enda eru þær í þeim tilfellum einu sparisjóðsaðilarnir. Ekki er hér um breytingu að ræða frá framkvæmd kosninga sparisjóðsstjórna samkvæmt gildandi lögum, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. þeirra. Hins vegar er hér um að ræða einfaldari og skýrari ákvæði.

Hluttaka bæjarstjórna og sýslunefnda í kosningu sparisjóðsstjórna hefur gefist vel. Um önnur afskipti þessara opinberu aðila af sparisjóðum samkvæmt frumvarpinu má benda á, að leita ber umsagnar bæjarstjórna eða sýslunefnda um stofnun sparisjóðs, sbr. 3. gr., og slit sparisjóðs, sbr. 60. gr.

Heimilt er, en ekki skylt, að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, í stjórn sparisjóðs. Ákvæði um þetta yrðu tekin í samþykktir.

Ákvæði 3. mgr. um kjörtímabil stjórnarmanna eru að efni til hliðstæð ákvæðum gildandi laga.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um helstu verkefni sparisjóðsstjórnar. Ýmsar þær reglur, sem hér er lagt til, að lögfestar verði, eru tíðkaðar í framkvæmd. Sérstök athygli skal vakin á 1. tl. 1. mgr., sem svarar til 1. mgr. 14. gr. gildandi laga þó með þeirri

breytingu, að hér er gerð sú krafa, að stjórnarmenn skjalfesti samþykki sitt um lánveitingar. Er það nauðsynlegt til aðhalds og sönnunar, enda bera stjórnarmenn fulla ábyrgð á öllum lánveitingum sparisjóðs.

Í 2. mgr. er það nýmæli, að sérstaklega er kveðið á um eftirlitsskyldu sparisjóðsstjórnarinnar með rekstrinum og baka þeir sér ábyrgð, ef út af er brugðið.

Um 22. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um sparisjóðsstjóra. Reglur hefur því tilfinnanlega skort um hlutverk sparisjóðsstjóra, skyldur hans, starfsskiptingu sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og annað, er varðar framkvæmdastjórn sparisjóðs. Málum er þannig háttað að í hinum minni sparisjóðum hefur einhver stjórnarmanna annast daglegan rekstur einn og ýmiss dæmi eru um það, að sparisjóðsstjórar hinna stærri sparisjóða séu jafnframt stjórnarmenn. Þetta fyrirkomulag er óeðlilegt. Hinu er þó ekki að leyna, að oft kann þetta að vera óhjákvæmileg lausn, einkum í fámennum byggðarlögum.

Ekki er fært að gera það að skyldu að ráða sparisjóðsstjóra. Meginstefnan verði hins vegar sú, að sérstakur sparisjóðsstjóri verði ráðinn, er ekki eigi jafnframt sæti í stjórn sparisjóðs, enda er ekki eðlilegt, að sparisjóðsstjóri taki þátt sem stjórnarmaður í eftirliti með störfum sjálfs sín, sbr. 2. mgr. 21. gr.

Samkvæmt 2. mgr. skal sparisjóðsstjórn setja sparisjóðsstjóra sérstakt erindisbréf, þar sem starfsheimildir skulu tilgreindar. Erindisbréfið skal gilda tiltekinn tíma, enda er heppilegt, að það sé endurskoðað með hæfilegu millibili. Sparisjóðsstjóri annast daglegan rekstur sparisjóðs í samræmi við þá stefnu og fyrirmæli, sem sparisjóðsstjórn hefur gefið. Tekið er fram, að ekki megi fela sparisjóðsstjóra þau verkefni, sem talin eru í 3. tl. 1. mgr. 21. gr., þ. e. ákvarðanir um afskriftir af eignum sparisjóðsins í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána. Heimilt er að fela honum að ráða starfsfólk, annað en aðalbókara og aðalféhirði.

Sé ekki annað ákveðið eru allar lánveitingar sparisjóðs háðar ákvörðunarvaldi sparisjóðsstjórnar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 21. gr. Í 3. mgr. þessarar greinar er heimilað að veita sparisjóðsstjóra ákveðið vald í þessum efnum. Getur stjórnin með samþykki aðalfundar falið sparisjóðsstjóra að taka ákvarðanir um lánveitingar og framlengingar lána án þess að leita þurfi fyrirfram samþykkis stjórnarinnar. Stjórnin skal þá setja reglur um þessa útlánaheimild og ber sparisjóðsstjóra að árita lánsskjöl til staðfestingar á útlánaákvörðun og gera skal hann stjórninni eftir á grein fyrir öllum nýjum lánveitingum. Með þessu fyrirkomulagi ætti heimild sparisjóðsstjóra að vera nægjanlega afmörkuð og stjórn sparisjóðs gert auðveldara að sinna eftirlitsskyldu þeirri, sem á henni hvílir.

Í 4. mgr. eru settar reglur um útibússtjóra. Þær reglur þarfnast ekki sérstakra skýringa og má vísa til þess, sem að framan segir um sparisjóðsstjóra.

Í 5. mgr. er lagt til, að skylt verði að senda bankaeftirlitinu afrit af erindisbréfum sparisjóðsstjóra og útibússtjóra. Er þessi háttur í samræmi við það, sem tíðkast í sumum nágrannalandanna.

Um 23 .gr.

Hér er í 1. mgr. lagt bann við því, að sparisjóðsstjóri og útibússtjóri í fullu starfi stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Miðað er við, að gegnt sé fullu starfi, og er þannig ekki lagt bann við því, að þeir, sem gegna þessum störfum að hluta, stundi að auki sjálfstæðan atvinnurekstur. Þetta bann miðar að því að tryggja, að stjórnendur sparisjóða og útibúa þeirra, freistist ekki til þess að lána í þágu þess reksturs, sem þeir standa fyrir. Í þeim tilfellum, þar sem sparisjóðsstjóri eða útibússtjóri, sem ekki eru í fullu starfi, stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, verður eftirlitsskylda sparisjóðsstjórnarinnar með störfum þeirra þeim mun ríkari.

Í 2. mgr. er tekið fram, að sparisjóðsstjórnin hafi með höndum daglega stjórn, ef sparisjóðsstjóri er ekki ráðinn.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um heimildir til að skuldbinda sparisjóð þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VII. KAFLI

Um 24. gr.

Í þessari grein, sem er upphafsgrein sérstaks kafla, er fjallar um starfsemi sparisjóða, er almennt ákvæði um starfsemi sparisjóða.

Þessi skilgreining á starfsemi sparisjóða sýnist komast næst því, sem almennt er álitið felast í hugtakinu sparisjóðsstarfsemi og þá jafnframt bankastarfsemi, en þessi skilgreining er alveg hliðstæð skilgreiningum á hugtakinu bankastarfsemi í frumvörpum og frumvarpsdrögum til laga um ríkisviðskiptabanka og banka, sem reknir eru í hlutafélagsformi. Miðað við gildandi lög má segja, að skilgreiningin sé færð til nútímalegra horfs og fremur rýmkuð og í því sambandi skiptir miklu máli, að það ákvæði 20. gr. gildandi laga, að sparisjóður megi ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra, er fellt niður með þessu frumvarpi Þessi úrelta bannregla hefur verið óeðlilegur fjötur á starfsemi sparisjóðanna.

Um 25. gr.

Í 20. gr. gildandi laga er kveðið á um, að sparisjóður megi ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans og ekki hlutabréf. Í 1. mgr. þessarar greinar er um svipaða reglu að ræða, þó er heimildin til að eiga fasteignir örlítið rýmkuð með því að miða ekki aðeins við starfsemina eins og hún er á hverjum tíma heldur einnig við líklega aukningu hennar. Með þessu banni er eins og áður verið að tryggja, að sparisjóðir leggi ekki út á þá braut að eiga fasteignir í gróðabrallsskyni, enda er það ekki í samræmi við hlutverk þeirra, sbr. 24. gr., að festa laust fé sitt í fasteignum. Um heimild sparisjóða til að yfirtaka eignir til fullnustu kröfu er fjallað í 26. gr.

Ákvæðum 1. mgr. er ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að sparisjóðir geti leigt út húsnæði, enda sé það í byggingu, sem sé aðallega ætluð starfsemi viðkomandi sparisjóðs.

Ákvæði gildandi laga um eignaraðild sparisjóða að öðrum fyrirtækjum og stofnunum eru ófullkomin. Aðeins er tekið fram í 20. gr., að sparisjóðir megi ekki eiga hlutbréf. Hér er lagt til í 2. mgr., að skýrari reglur verði settar um þetta og sparisjóðunum verði heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka sparisjóðsstarfsemi, eða aðra starfsemi, sem skyld er sparisjóðsstarfsemi eða er í eðlilegum tengslum við hana. Eignaraðild eða þátttaka í rekstri umfram þetta er bönnuð.

Um 26. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 2. málsl. 20. gr. gildandi laga. Hér er yfirtaka leyfð án takmarkana til að tryggja fullnustu kröfu. Þetta getur t. d. orðið raunhæft, þegar sparisjóður eignast fasteign á nauðungaruppboði. Eignirnar skulu seldar strax og það telst hagkvæmt að mati sparisjóðsstjórnar, og er það hliðstætt reglum gildandi laga. Tæplega er unnt að setja sparisjóðunum ákveðna fresti til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torseljanlegar.

Um 27. gr.

Ákvæði um sama efni og hér um ræðir eru í 12. gr. gildandi laga. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru þó ítarlegri og í samræmi við núverandi framkvæmd á þessu sviði hjá innlánsstofnunum. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Rétt er þó að minna á, að til álita gæti komið að setja í lög ákvæði eins og tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum, að krafist sé fullkominnar nafnskráningar við opnun innlánsreikninga. Ekki þótti þó rétt að gera tillögu um það hér, þar sem núverandi fyrirkomulag í þessum efnum hefur tíðkast hérlendis um langt skeið og vandséð er hvaða áhrif breyting á því myndi hafa.

Þess skal þó getið, að nýlega hafa verið tekin upp innlánsform, þar sem krafist er nafnskráningar. Er hér um að ræða vaxtaauka- og gjaldeyrisreikninga.

Um 28. gr.

Grein þessi er nýmæli. Æskilegt er, að innlánsstofnanir leyti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxtaákvörðunarvalds bankans.

Um 29. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 25. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. gildandi laga er svo kveðið á um, að ekki skuli reikna vexti af innstæðu á viðskiptabók framar eftir að hún hefur staðið óhreyfð í 15 ár samfleitt og beri þá að skora á eiganda að segja til sín og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og þegar bók glatast. Ef eigandi gefur sig ekki fram, áður en tilskilinn frestur er liðinn, er bókin ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Sparisjóðsstjórn er þó veitt heimild til að greiða féð, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

Með tilliti til þess, að í lögum nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, er almennt ákvæði um fyrningu á innlánsfé, sýnist ekki vera ástæða til að halda í sérákvæði sparisjóðalaganna, sem að auki er óhagstæðara innstæðueigendum en hið almenna ákvæði laga nr. 14/1905. Í 1. tl. 2. gr. síðast nefndra laga segir, að krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu, fyrnist á 20 árum. Er lagt til hér, að vísað verði til þessa ákvæðis og gildandi reglur falli niður.

Ákvæði 2. mgr. eru efnislega í samræmi við gildandi reglur í 1. mgr. 11. gr. laganna.

Um 31. gr.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru ófullkomin ákvæði um tryggingar fyrir útlánum. Nauðsynlegt er að setja reglur um svo mikilvægt atriði fyrir rekstraröryggi sparisjóða sem tryggingar fyrir útlánum eru.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til við sparisjóð, skuli teknar fullnægjandi tryggingar að mati sparisjóðsstjórnar. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð.

Á síðari árum hefur það færst í vöxt, að innlánsstofnanir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag. Einkum á þetta við um viðskiptabankana. Þessi þróun er eðlileg og æskileg. Má búast við, að slíkum vinnubrögðum verði beitt í vaxandi mæli í framtíðinni. Með hliðsjón af þessari þróun er hér lagt til, að sparisjóðum verði heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati sparisjóðsins á viðskiptaaðilanum, sem sýni að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Í slíkum tilfellum skal sparisjóðurinn fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni sparisjóðsins, ef þörf krefur.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru hvorki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem sparisjóður aflar um afkomu og efnahag lántaka né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati sparisjóðsins og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðsins, enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati sparisjóðsins um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Hér eru t. d. höfð í huga lán í líkingu við svokölluð sparilán Landsbankans eða önnur hliðstæð lán, sem fyrir kynnu að koma, þar sem sparisjóðurinn byggir lánveitinguna á því, að lántakinn hefur sparað reglulega í sparisjóðnum og sýnt fyllstu reglusemi í þeim viðskiptum.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð ákvæðum um sama efni í frumvarpi til laga um ríkisviðskiptabanka og frumvarpsdrögum til laga um hlutafélagsbanka.

Um 32. gr.

Hér er um þá mikilvægu breytingu að ræða, sem reyndar hefur verið getið áður, að sparisjóðum er heimilað að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Það er nú bannað samkvæmt 20. gr. gildandi laga. Skilyrði eru sett í 1. mgr. fyrir ábyrgðarveitingum sparisjóðs og er þar m. a. mælt svo fyrir, að heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, megi ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins. Heimilt er að hækka þessa fjárhæð í allt að 40% í tiltekinn tíma með leyfi viðskiptaráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Í 2. mgr. er haft í huga, að til þess kann að koma, að sparisjóðir taki á sig ábyrgð á tékkum reikningshafa við viðkomandi stofnun að vissri fjárhæð. Slík skipan þekkist í sumum nágrannalandanna. Gildandi samkomulag milli innlánsstofnana hér á landi um tékkaviðskipti er frá 12. janúar 1977. Þar er ekki um almenna ábyrgð reikningsbanka á greiðslu tékka að ræða að tiltekinni fjárhæð. Reglurnar eru samt sem áður strangari fyrir reikningsbanka sem aðra en áður var. Verði samkomulag um ábyrgð á tékkum tekið upp hér á landi, eru sparisjóðir með ákvæðum 2. mgr. undanþegnir skilyrðum 1. mgr., ef þeir vilja gerast aðilar að slíku samkomulagi, en aðild þeirra er hins vegar háð samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða. Rétt er að geta þess, að gert er ráð fyrir, að sparisjóðir geti af eigin frumkvæði, án almenns samkomulags, tekið upp ábyrgð á tékkum.

Um 33. gr.

Reglur um hámark heildarskuldbindinga eins viðskiptaaðila við sparisjóð eru nú í 15. gr. gildandi laga og hafa þær reglur verið að mestu óbreyttar efnislega í sparisjóðslöggjöf hér frá upphafi. Samkvæmt reglum þessum má sparisjóður aldrei lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í lánsupphæðinni skal þó ekki telja lán gegn veði í fasteign innan 3/5 af fasteignamatsverði, lán gegn veði í skipum allt að 50% af matsverði og lán, sem eru tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

Reglur um takmarkanir af þessu tagi eru til komnar vegna þeirrar áhættu, sem í því getur falist, að innlánsstofnun láni einum viðskiptaaðila mjög háar upphæðir miðað við eigið fé stofnunarinnar.

Í þessari grein eru settar mun ítarlegri reglur um hámarkslán til eins viðskiptaaðila en eru í gildandi reglum. Mikilvægt er, að ekkert beri út af í þessum efnum, enda getur slíkt haft afar afdrifaríkar afleiðingar fyrir rekstur innlánsstofnunar eins og dæmin sanna.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu, að heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð megi ekki nema meiru en 25% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins og gildi hið sama um heildarskuldbindingar fleiri en eins aðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra við sparisjóðinn í einu lagi. Í 2. og 3. mgr. eru nánari skýringar á því, hvað telja beri til heildarskuldbindinga.

Meginbreytingin frá gildandi lögum felst í því, að hámark heildarskuldbindinga er lækkað úr 50% af eigin fé í 25%. Þótt segja megi, að ákvæði frumvarpsins um þetta efni séu almennt strangari en í gildandi lögum, enda nauðsyn á því að að auka rekstraröryggi sparisjóða að þessu leyti, þá má ekki einblína á lækkun þessa hlutfalls, þar sem undantekningarákvæðum er verulega breytt. Í fyrsta lagi er í 4. mgr. bankaeftirlitinu heimilað að ákveða, að allt að 50% af tilteknum ábyrgðarskuldbindingum ákveðins viðskiptaaðila séu ekki talin með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. Í öðru lagi er í 5. mgr. mun fleiri skuldbindingar undanþegnar því að teljast með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr., en er í gildandi lögum. Í þriðja lagi er í 6. mgr. veitt heimild til þess að hækka hámark samkvæmt 1. mgr. í allt að 50% um stundarsakir með nánar tilteknum skilyrðum.

Með reglum þessarar greinar er verið að tryggja sem best rekstraröryggi án þess þó að leggja óeðlileg höft á sparisjóðina í þessum efnum.

Ákvæði þessarar greinar eru alveg hliðstæð ákvæðum um sama efni í frumvarpsdrögum til laga um hlutafélagsbanka.

Um 34. gr.

Í 6. gr. gildandi laga eru reglur um bann við lántöku stjórnarmanna og starfsmanna sparisjóðs úr sjóðnum. Hér er lagt til, að nokkrar breytingar verði gerðar í þessum efnum.

Í 1. mgr. er lagt til, að bann við skuldskeytingu nái til allrar yfirstjórnar sparisjóðs, hvort sem þeir aðilar eru kjörnir eða ráðnir til starfa, og maka allra þeirra, sem taldir eru í málsgreininni. Reglunum er m. a. ætlað að koma í veg fyrir, að þessir aðilar geti notað aðstöðu sína innan viðkomandi sparisjóðs í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn, er lagt til í 2. mgr., að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinna hjá, eftir reglum, sem sparisjóðsstjórn setur og staðfestar skulu af aðalfundi.

Ákvæði 3. mgr. er ekki í gildandi lögum, hvorki um sparisjóði né viðskiptabankana.

Í 4. mgr., sem er nýmæli, er lagt til, að ákvæði 1. mgr. gildi ekki um skuldbindingar, sem stofnað var til áður en viðkomandi voru kjörnir eða ráðnir til starfa við sparisjóð. Hins vegar er mælt fyrir um ,að slíkar skuldbindingar skuli greiða upp á hæfilegum tíma. Með þessu er verið að koma í veg fyrir framlengingu á áður umsömdu láni, meðan aðilar eru í tengslum við sparisjóðinn.

Um 35. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. gildandi laga. Reglan um, að a. m. k. tveir starfsmenn skuli vera viðstaddir greiðslur er að sjálfsögðu sett í öryggisskyni. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum, að bankaeftirlitinu er heimilað að veita undanþágur frá skilyrðum greinarinnar að höfðu samráði við stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða og að fullnægðum skilyrðum um innra eftirlit, t. d. með notkun véla.

VIII. KAFLI

Um 36. gr.

Hér er fjallað um lausafjárstöðu sparisjóða. Um það efni eru reglur í 16. gr. gildandi laga og er þar m. a. mælt svo fyrir um, að sparisjóðir skuli eiga í sjóði, innstæðu í ríkisviðskiptabanka og í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Þó megi sjóður og bankainnstæða aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Í lögum um viðskiptabankana er um svipaðar viðmiðanir að ræða. Þar eru fyrirmæli um, bæði í lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka og hina ein-

stöku banka, sem reknir eru í formi hlutafélags, að þeir skuli eiga a. m. k. 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum og er nánar skilgreint hvers konar verðbréf geta þar komið til álita.

Um ákvæði gildandi laga um sparisjóði og reyndar ákvæði af þessu tagi yfirleitt er það að segja, að með þeim er stefnt að því, að innlánsstofnanir geti, hvenær sem er, fullnægt því að greiða innlánsfé, þegar þess er krafist og innstæðueigendur geti þannig alltaf treyst því, að unnt sé að greiða þeim innstæður þeirra, þegar þeir þurfa á því að halda. Hinar sérstöku kröfur sparisjóðslaganna til sjóðs og bankainnstæðu voru á sínum tíma rökstuddar með því, að erfitt væri að selja verðbréf hér á landi, enda þótt þau væru trygg. Þótti því ekki annað fært en að gera kröfur um, að sjóður og bankainnstæður næmu ákveðnu lágmarkshlutfalli af innlánsfé.

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lausafjárstöðu innlánsstofnana. Með hliðsjón af þessu er í frumvarpsgreininni reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé sparisjóðanna sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

Um 37. gr.

Einn mikilvægasti þáttur löggjafar um innlánsstofnanir eru lágmarkskröfur um eigið fé þeirra. Slíkar kröfur eru yfirleitt settar fram á þann veg, að eigið fé skuli að minnsta kosti jafngilda ákveðnu hlutfalli af vissum efnahagsliðum á hverjum tíma. Innan þessa ramma getur framsetning eiginfjárákvæða verið með margvíslegum hætti.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru eiginfjárákvæðin í 1. mgr. 13. gr. Þessi ákvæði eru þannig orðuð, að margir munu eiga erfitt með að átta sig á þeim við fyrstu sýn. Í þeim felst það, að eigið fé sparisjóðs má ekki vera minna en 4% af innlánsfé að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í innlendum bönkum, „tryggum verðbréfum“ í eigu sparisjóðsins og útlánum gegn veði í fasteign, þar sem lánið, ásamt því sem áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en 3/5 fasteignamatsverðs hennar.

Eiginfjárákvæði, sem sett eru fram á þennan veg, hafa þann stóra kost, að innlánsstofnun í örum vexti getur haldið eiginfjárhlutfallinu innan tilskildra marka með því að gæta ákveðinna greiðslutrygginga í sambandi við útlánastarfsemi sína. Í slíkum tilvikum er því ekki nauðsynlegt að bjóða út aukningu á eigin fé, þótt tekjuafgangur nægi ekki til að halda eiginfjárhlutfallinu í réttu horfi. Hins vegar hafa slík eiginfjárákvæði þann ókost, að það krefst viðamikillar athugunar á útlánsskjölum, ef ganga á úr skugga um, hvort innlánsstofnun fullnægir eiginfjárkröfum laganna.

Vegna þeirra frádráttarheimilda, sem felast í eiginfjárákvæðum gildandi sparisjóðalaga verður að telja að töluvert vanti á, að 4% eiginfjárhlutfall sé fullnægjandi til að tryggja fjárhag sparisjóðanna og hagsmuni viðskiptaaðila þeirra. Útlánaáhætta er einungis einn þáttur þeirrar margvíslegu áhættu, sem fylgir rekstri sparisjóða og annarra innlánsstofnana. Þótt útlánin séu vel tryggð, er því engu að síður nauðsynlegt , að þessar stofnanir hafi yfir töluverðu eigin fjármagni að ráða.

Sá frumstofn, sem eigið fé skal miðast við samkvæmt frumvarpinu, er niðurstöðutala efnahagsreiknings. Niðurstöðutala efnahagsreiknings sýnir bókfært verð allra eignaliða og þykir sú viðmiðun rökréttari en að miða við fjárhæð innlána, sem eru liðir á skuldahlið efnahagsreiknings.

Rétt þótti að halda þeim sveigjanleika, sem felst í framsetningu eiginfjárákvæða gildandi laga. Samkvæmt frumvarpinu má því draga ákveðnar eignir frá niður-

stöðutölu efnahagsreiknings, þegar eiginfjárhlutfall er reiknað út. Bent skal á, að nú bætast í þann flokk afurðalán og framleiðslulán iðnaðar allt að 50% af nettóverði veðsettra afurða eða iðnaðarvara sbr. 33. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpsgreininni má bókfært eigið fé sparisjóðs ekki vera lægra en svarar til 10% af framangreindri viðmiðunarfjárhæð. Hér er því um að ræða hækkun lágmarkshlutfalls úr 4% í 10%.

Vissulega mun stofnun nýs Tryggingarsjóðs sparisjóða með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, auka mjög fjárhagslegt öryggi sparisjóðastarfseminnar. Með hliðsjón af því má varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki væri fremur ástæða til að lækka lágmarkshlutfall eigin fjár en hækka það. Í þessu sambandi verður hins vegar að leggja á það ríka áherslu, að þrátt fyrir tilkomu Tryggingarsjóðs sparisjóða, hljóta eiginfjárákvæði sparisjóðalaganna að miðast við það, að hver og einn sparisjóður hafi yfir fullnægjandi eigin fé að ráða og sé fjárhagslega traustur. Með skírskotun til þess, sem segir um þetta efni hér á undan og með hliðsjón af þeim sveigjanleika, sem eiginfjárákvæði frumvarpsins fela í sér, er víst, að 10% lágmarkshlutfall eigin fjár verður sparisjóðunum ekki fjötur um fót, heldur mun stuðla að frekari eflingu sparisjóðastarfseminnar. Einnig skal bent á, að eiginfjárákvæði þessa frumvarps eru samhljóða ákvæðum í drögum að frumvarpi til laga um viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi.

IX. KAFLI

Um 38. gr.

Ákvæðið um, að reikningsárið skuli miðast við almanaksárið, er óbreytt frá gildandi lögum.

Ekki þykir rétt að lögfesta ítarlegar reglur um einstök atriði varðandi gerð ársreiknings, enda geta ráðandi sjónarmið í því efni tekið verulegum breytingum á skömmum tíma. Þess í stað er í 3. mgr. kveðið á um, að gerð ársreiknings fari eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, en nánari reglur um þetta efni skuli setja með reglugerð að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Tekið skal fram, að þau lög sem fyrst og fremst koma til álita í þessu sambandi eru almenn lög um bókhald.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um ráðstöfun tekjuafgangs. Í greininni felast mikilvæg nýmæli og önnur atriði eru nútímalegri og skýrari en í gildandi lögum.

Hafi tap orðið á rekstri sparisjóðs, skal tekjuafgangur síðari ára ganga til að jafna tapið að fullu, áður en önnur ráðstöfun tekjuafgangs getur átt sér stað. Bent skal á, að þetta ákvæði gildir, hvort sem rekstrartapið var fært á sérstakan bókhaldsreikning eða fært til lækkunar á varasjóði.

Eftir að hugsanleg töp fyrri ára hafa verið jöfnuð, er skylt að leggja helming tekjuafgangs, sem þá er eftir, í varasjóð.

Að öðru leyti en hér hefur verið talið tekur aðalfundur ákvörðun um, hvernig ráðstöfun tekjuafgangs skuli skiptast milli greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda annars vegar og varasjóðs hins vegar. Ársvextir, sem stofnfjáreigendum reiknast, mega þó ekki vera hærri en bestu innlánskjör á hverjum tíma. Nú yrði í þessu efni miðað við vexti af vaxtaaukareikningum. Vextir, sem aðalfundur kann að ákveða umfram vexti af almennum sparisjóðsbókum, geta ekki komið til útborgunar, heldur leggjast í séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Að öðru leyti ákveður aðalfundur, hvort vextir greiðast út eða leggjast í séreignarsjóðinn.

Í 15. gr. frumvarpsins er að finna almennar reglur um séreignarsjóð stofnfjáreigenda og gerð er nánari grein fyrir honum í athugasemdum við þá grein.

Að fengnu samþykki viðskiptaráðherra getur sparisjóðsstjórn ákveðið að verja fé úr varasjóði til almenningsþarfa, enda leyfi eiginfjárstaða sparisjóðsins það. Hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum.

Vakin skal athygli á því, að samkvæmt gildandi lögum er heimilt að verja nokkru af tekjuafgangi sparisjóðs til endurgreiðslu á stofnfé, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðum. Þessa heimild er ekki að finna í frumvarpinu, enda er nú gert ráð fyrir því að stofnfé verði fastur eiginfjárgrundvöllur sparisjóðs, sem endurgreiðist einungis við slit sjóðsins.

Um 40. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um það, að auk ársreiknings skuli senda bankaeftirlitinu skýrslu endurskoðenda og fundargerð aðalfundar.

Um 41. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 2. mgr. skal tekið fram, að ekki þótti ástæða til að gefa fyrirmæli um það í lögum, að ársreikninga allra sparisjóða skuli birta í Stjórnartíðindum, enda þótt í frumvörpum og frumvarpsdrögum um viðskiptabankana sé kveðið á um birtingu ársreikninga þeirra með þessum hætti. Hins vegar er hér gert ráð fyrir, að ráðherra geti, að fengnu áliti bankaeftirlitsins, tekið ákvörðun um, að ársreikningur sparisjóðs skuli birtur í Stjórnartíðindum.

X. KAFLI

Um 42. gr.

Samkvæmt gildandi lögum kýs viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd tvo endurskoðunarmenn fyrir hvern sparisjóð til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Engin skilyrði eru um menntun þessara manna á sviði endurskoðunar eða um reynslu þeirra í endurskoðunarstörfum.

Það gildir jafnt um sparisjóði og aðrar innlánsstofnanir, að mikillar nákvæmni og aðhalds er þörf í daglegum rekstri til að koma í veg fyrir alvarleg mistök eða önnur áföll, sem veikt geta fjárhagslegan styrk þeirra og rýrt það viðskiptatraust, sem er forsenda fyrir starfseminni. Fullyrða má, að erfitt sé að benda á starfsemi, þar sem vel unnin endurskoðun hefur mikilvægara hlutverki að gegna en hjá innlánsstofnunum.

Reynsla hefur sýnt, að mikið vantar á, að með núverandi skipulagi á endurskoðun hjá sparisjóðunum sé unnt að uppfylla þær kröfur, sem gera verður í þessum efnum. Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir glöggt, að endurskoðun hjá sparisjóðum og öðrum innlánsstofnunum verður ekki komið í fullnægjandi horf nema gerðar séu skýrar kröfur um faglega kunnáttu þeirra, sem að þessu verkefni starfa.

Í 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir, að endurskoðendur hvers sparisjóðs verði tveir eins og verið hefur, en að öðru leyti er hér að finna tvö mikilsverð nýmæli. Annars vegar eru fyrirmæli um, að annar endurskoðendanna skuli vera löggiltur endurskoðandi og hins vegar er kveðið á um, að kosning endurskoðenda fari fram á aðalfundi.

Sú skoðun kom fram í nefndinni, að við núverandi aðstæður gæti reynst erfitt og of kostnaðarsamt fyrir suma af minni sparisjóðunum að fá löggiltan endurskoðanda til starfa. Hér gæti orðið um verulegt vandamál að ræða, því að vissulega er sama þörf á raunhæfri endurskoðun hjá minnstu sparisjóðunum og hjá öðrum innlánsstofnunum. Engu að síður þótti nauðsynlegt að taka tillit til minnstu sparisjóðanna í þessu efni og þess vegna er stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða heimilað að veita sparisjóði undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um kosningu löggilts endurskoðanda. Skal stjórn Tryggingarsjóðs þá tilnefna einn endurskoðanda en hinn endurskoðandinn skal kosinn af aðalfundi.

Ganga verður út frá því, að stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða beiti áhrifum sínum í þá átt að tryggja, að raunhæf, fagleg endurskoðun sé framkvæmd hjá

öllum sparisjóðum landsins. Mjög kemur til álita að Tryggingarsjóður taki þátt í kostnaði við endurskoðun hjá minnstu sparisjóðunum, sbr. ákvæði 49. gr. Má benda á fordæmi í því efni í starfsemi „Sparebankenes sikringsfond“ í Noregi.

Varðandi þá breytingu, að aðalfundur kjósi endurskoðendur í stað viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar skal á það bent, að eðlilegt er, og í samræmi við það sem tíðkast í þessu efni á öðrum vettvangi, að sá aðili, sem fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðs, ráði vali endurskoðenda.

Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við venjulega starfshætti á þessu sviði og þarfnast ekki skýringa.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Hér eru sett fram sérstök hæfisskilyrði, sem tryggja eiga, að endurskoðendur séu óháðir stjórnendum sparisjóðsins.

Um 44. gr.

Í greininni eru gefin almenn fyrirmæli um framkvæmd endurskoðunar, með hliðstæðum hætti og gert er í frumvörpum um viðskiptabankana. Hér kemur þó fram sá mismunur, að í frumvörpum og frumvarpsdrögum um viðskiptabanka eru fyrirmæli um starfsemi endurskoðunardeilda við hvern banka, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns. Slík fyrirmæli eiga ekki heima í löggjöf um sparisjóði, þar sem starfsemi þeirra flestallra er ekki það umfangsmikil, að unnt sé að ráða starfsmann hjá hverjum sjóði, sem eingöngu sinni innri endurskoðun. Í greininni kemur hins vegar fram, að endurskoðendur skulu fylgjast með því, að skipulag á reikningshaldi og starfsemi sparisjóðs sé í fullnægjandi horfi.

Um 45. gr.

Ákvæði þessarar greinar um færslu endurskoðunarbókar og um upplýsingaskyldu endurskoðenda gagnvart bankaeftirlitinu eru í meginatriðum hliðstæð ákvæðum í frumvörpum og frumvarpsdrögum til laga um viðskiptabanka. Hins vegar skal vakin athygli á því, að hér er lögð sama upplýsingaskylda á endurskoðendur gagnvart stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða og gildir um bankaeftirlitið. Þetta þykir nauðsynlegt vegna þess mikilvæga hlutverks, sem Tryggingarsjóði er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Um 46. gr.

Hér er fiallað um áritun endurskoðenda á ársreikning og um skýrslugerð þeirra. Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að ekki þótti ástæða til að gefa fyrirmæli um skýrslugerð af hálfu endurskoðenda umfram það, sem fram kemur í greininni. Starfsemi margra sparisjóða gefur ekki tilefni til að semja endurskoðunarskýrslu, enda eiga upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar að koma fram í endurskoðunarbók.

Um 47. gr.

Nú liggja ekki fyrir aðrar reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá sparisjóðum en þau almennu atriði, sem fram koma í lögum og reglugerð um sparisjóði. Ekki hefur þótt raunhæft að setja ítarlegri reglur um þetta efni að óbreyttum ákvæðum um val endurskoðenda.

Með þeim stórauknu kröfum um hæfni endurskoðenda, sem í frumvarpinu felast, gjörbreytast viðhorf á þessu sviði. Er því mælt fyrir um, að ráðherra setji nánari reglur um endurskoðun hjá sparisjóðum að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

XI. KAFLI

Um 48. gr.

Við setningu gildandi laga um sparisjóði nr. 69/1941 var settur á stofn Tryggingarsjóður sparisjóða. Er hann enn starfandi og er í vörslu Seðlabanka Íslands. Árlega greiðir hver sparisjóður í sjóðinn 2% af tekjuafgangi sínum. Heildarfé í Tryggingarsjóði nam um 32 millj. kr. í árslok 1977.

Meginhlutverk slíkra tryggingarsjóða er að koma í veg fyrir, að innstæðueigendur bíði tjón, þótt innlánsstofnun verði fyrir svo miklu fjárhagslegu áfalli, að hún geti ekki greitt skuldbindingar sínar að fullu.

Skipulag núverandi Tryggingarsjóðs sparisjóða er á þann veg, að hann getur ekki valdið því hlutverki, er að framan greinir. Ástæðan er sú, að árleg tillög hvers sparisjóðs, ásamt vöxtum, skoðast sem séreign sparisjóðsins og færast sem eign í efnahagsreikningi hans. Þetta veldur því, að Tryggingarsjóður getur ekki veitt óafturkræft framlag til sparisjóðs, sem þarf á því að halda til að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum. Þetta er meginástæða þess, að núverandi Tryggingarsjóður hefur haft sáralitla þýðingu fyrir sparisjóðsstarfsemina.

Enginn vafi er á því, að sú samábyrgð og samvinna, sem felst í rétt skipulögðum tryggingarsjóði, er nauðsynleg ráðstöfun til að auka fjárhagslegt öryggi sparisjóðanna og treysta hagsmuni innstæðueigenda. Hafa forráðamenn sparisjóðanna lengi verið þess mjög fýsandi, að byggður yrði upp öflugur tryggingarsjóður, er gegnt gæti framangreindu hlutverki.

Þær reglur um starfsemi nýs Tryggingarsjóðs, sem fram koma í frumvarpinu, eru að nokkru sniðnar eftir reglum um hliðstæða sjóði á öðrum Norðurlöndum einkum reglum um „Sparebankenes sikringsfond“ í Noregi.

Í fyrri mgr. þessarar greinar er kveðið á um stofnun nýs Tryggingarsjóðs sparisjóða og mælt fyrir um, að núverandi Tryggingarsjóður skuli lagður niður með þeim hætti, sem segir síðar í frumvarpinu.

Í 2. mgr. er það mikilvæga skipulagslega ákvæði, að Tryggingarsjóðurinn er sjálfseignarstofnun og framlög til hans má því ekki færa sem eign í efnahagsreikningi einstakra sparisjóða.

Um 49. gr.

Hér er greint frá hlutverki og starfsvettvangi Tryggingarsjóðs. Eins og vikið er að hér á undan, er meginhlutverk hans að tryggja full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs. En stjórn Tryggingarsjóðs getur ákveðið að tryggja jafnframt skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs.

Í 2. mgr. kemur fram, að hlutverk Tryggingarsjóðs skal einnig vera að stuðla almennt að eflingu sparisjóðastarfsemi í landinu og veita sparisjóðunum ýmiss konar aðstoð. Til frekari glöggvunar í þessu efni eru stjórn Tryggingarsjóðs veittar ákveðnar heimildir til ráðstafana á þessu sviði. Sýna þær, að sjóðurinn getur með margvíslegum hætti haft mikla þýðingu fyrir starfsemi sparisjóðanna, ef rétt er á málum haldið.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 50. gr.

Þessi grein fjallar um framlög, sem sparisjóðirnir skulu greiða til Tryggingarsjóðs og um ábyrgðir, sem veittar skulu við stofnun sjóðsins, svo að hann geti frá upphafi gegnt meginhlutverki sínu.

Endanlegar tölur um innlán hjá sparisjóðunum í árslok 1977 liggja ekki fyrir, en þau eru áætluð 15.250 milli. kr. Ábyrgðir, sem kveðið er á um í 2. mgr., 0.4% af innlánum, mundu þá nema alls 61 millj. kr. Þótt hér sé ekki um ýkja háa fjárhæð að ræða miðað við bókfært eigið fé sparisjóðanna allra, sem var 745 millj. kr. í árslok

1976, mundi hún nægja til að auka verulega fjárhagslegt öryggi einstakra sparisjóða.

Hér við bætist svo, að samkvæmt 1. mgr. skal hver sparisjóður greiða árlegt framlag til Tryggingarsjóðs fyrstu fimm árin, sem hann starfar, er nemi minnst 0,5‰ af heildarinnlánsfé um næstu áramót á undan. Sé miðað við innlán í árslok 1977 og ofangreint lágmark yrðu framlög á fyrsta ári um 7,6 millj. kr. og á fyrstu fimm árum starfseminnar mundi Tryggingarsjóður því fá töluvert starfsfé auk áðurnefndra ábyrgða. Telja verður því, að sjóðurinn yrði fljótlega allvel í stakk búinn til að gegna meginhlutverki sínu og gæti þá jafnframt hafist handa um önnur verkefni, sem honum eru falin.

Að undanskilinni ofangreindri lágmarksreglu, sem gilda skal í 5 ár fer um árlegt framlag sparisjóðanna til Tryggingarsjóðs eftir ákvörðun aðalfundar að fengnu samþykki viðskiptaráðherra. Með þessu fyrirkomulagi er að því stefnt að skapa hæfilegan sveigjanleika varðandi fjárhagslega uppbyggingu Tryggingarsjóðs. Grundvallarsjónarmiðið í því efni hlýtur að vera það, að sjóðurinn sé ávallt það sterkur að hann geti gegnt því meginhlutverki að tryggja kröfur innstæðueigenda. Þrátt fyrir önnur verkefni sjóðsins er svo á hinn bóginn eðlilegt, að við ákvarðanir um fjárhagslega uppbyggingu hans sé tekið tillit til þess, að sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og árleg framlög til hans færast til gjalda á rekstrarreikningi hvers sparisjóðs.

Önnur ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Ekki er ástæða til að lögfesta reglur um ávöxtun fjármuna sjóðsins. Hins vegar er hér sett fram sjálfsögð almenn regla um þetta efni og kveðið á um, að nánari reglur skuli setja í samþykktir sjóðsins.

Um 52. gr.

Hér er fjallað um aðalfundi Tryggingarsjóðs. Atkvæðisréttur miðast við hlutdeild hvers sparisjóðs í heildarinnlánum sparisjóðanna. Til þess að sporna við óeðlilegu valdi einstakra sjóða er sett sú takmörkunarregla, að hver sparisjóður má ekki fara með meira en 1/20 hluta af heildaratkvæðamagni í Tryggingarsjóðnum.

Um 53. gr.

Hér segir, að auk fjögurra stjórnarmanna, sem kjörnir eru á aðalfundi, skuli forstöðumaður bankaeftirlitsins eiga fast sæti í stjórninni.

Nauðsynlegt er að sem nánust samvinna sé milli bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs innan þeirra marka, sem lög heimila á hverjum tíma. Af þeim sökum verður að telja æskilegt og gagnlegt fyrir báða aðila, að forstöðumaður bankaeftirlitsins sitji í stjórn sjóðsins. Þetta fyrirkomulag er t. d. hjá „Sparebankenes sikringsfond“ í Noregi og hefur reynst vel.

Um 54. gr.

Til að Tryggingarsjóður geti sem best sinnt þeim verkefnum, sem honum eru falin, er nauðsynlegt að stjórn hans fylgist vel með rekstri og fjárhag einstakra sparisjóða. Til að svo megi verða þarf stjórnin að hafa ótvíræðar heimildir til að krefjast upplýsinga frá sparisjóðunum og rannsaka fjárreiður þeirra, ef þurfa þykir. Í 1. mgr. eru ákvæði um þetta efni.

Í 2. mgr. er í þessu sambandi lögð sama þagnarskylda á stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs og hvílir á starfsmönnum einstakra sparisjóða.

Um 55. og 56. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

XII. KAFLI

Um 57. gr.

Almenn ákvæði um starfsemi bankaeftirlitsins er að finna í lögum um Seðlabanka Íslands. Bæði í gildandi sparisjóðalögum og í frumvarpi þessu eru bankaeftirlitinu falin ýmis sérstök verkefni að því er sparisjóðina varðar. Af þessum sökum þótti rétt að hafa sérstaka grein um bankaeftirlitið í frumvarpinu, en ákvæði hennar þarfnast ekki frekari skýringa.

XIII. KAFLI

Um 58. gr.

Hér er fjallað um, hvernig með skuli fara, þegar hag sparisjóðs er þannig komið, að hann fullnægir ekki eiginfjárákvæðum 37. gr. Eiginfjárákvæði eru í gildandi lögum eins og áður segir, en hins vegar eru ekki sérstök ákvæði um hvernig með skuli fara, ef í ljós kemur, að eiginfjárákvæðin eru ekki uppfyllt. Í 24. gr. gildandi laga eru ákvæði á þá lund, að verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til og stjórn sparisjóðs og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa leggja ekki fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt það fé, sem á vantar, að varasjóður geti borið tjónið, skal stjórn sparisjóðs tafarlaust skýra sparisjóðseftirlitinu frá því. Komi í ljós eða sé ástæða til að ætla, að tapið, þ. m. t. væntanlegt tap á útistandandi lánum, nemi öllum varasjóði og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé skal sparisjóðseftirlitið tafarlaust halda fund með sparisjóðsstjórninni og gera þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar. Verði ekki úr bætt innan hæfilegs tíma, skal stöðva rekstur sjóðsins. Ef ákveðið verður, að sjóðurinn hætti störfum sínum, skal sú ráðstöfun auglýst í Lögbirtingablaði. Síðan eru ákvæði um töku sparisjóðs til gjaldþrotaskipta, þ. á m. um skipun tveggja skiptaforstjóra.

Þessi ákvæði 24. gr. gildandi laga, sem að framan hefur verið lýst, ber að skoða í ljósi og í tengslum við eiginfjárákvæði gildandi laga, sem eru í 13. gr. þeirra. Þau ákvæði eru um margt sérstæð og er að þeim vikið í athugasemdum við 37. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessarar greinar verður þannig að skoða í ljósi hinna breyttu eiginfjárákvæða, sem lagt er til í 37. gr., að tekin verði upp. Hér eru reglur um þá málsmeðferð, sem nota skal, þegar út af eiginfjárákvæðum 37. gr. er brugðið og mælt fyrir um þau úrræði, sem grípa má eða grípa skal til. Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 59. gr.

Þessi grein, sem er nýmæli, veitir ráðherra virk úrræði til að tryggja, að rekstur sparisjóðs sé í samræmi við lög og samþykktir. Ráðherra er heimilt en ekki skylt að beita þeim úrræðum, sem um er fjallað í þessari grein.

Ef ráðherra telur, að stjórn sparisjóðs eða aðrir þeir, sem fyrir rekstri hans standa ræki ekki störf sín í samræmi við ákvæði laganna eða samþykkta sjóðsins eða reksturinn sé með öðrum hætti ekki í samræmi við lög eða samþykktir, getur hann stöðvað starfsemi sparisjóðs um stundarsakir. Beiti ráðherra þessari heimild, er næsta skrefið að fela bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða að rannsaka það, sem ábótavant er talið vera. Því næst getur ráðherra, að fengnum tillögum þessara stofnana, afturkallað staðfestingu á samþykktum sparisjóðs, enda hafi málum ekki verið komið í rétt horf innan frests, sem í því skyni hefur verið veittur. Afturköllun staðfestingar á samþykktum er afdrifarík ákvörðun, því að hún þýðir, að sparisjóðurinn verður tekinn til skiptameðferðar samkvæmt 61. gr.

Um 60. gr.

Í þessari grein er fjallað um frjáls sparisjóðsslit, þ. e. a. s. þegar þau atvik liggja ekki fyrir, sem um ræðir í 58. og 59. gr. og knýja fram slit sparisjóðs. Um hliðstætt efni er fjallað í 4. mgr. 24. gr. gildandi laga, eins og þeim var breytt með lögum nr. 22/1944. Þar segir, að óski eigendur eða ábyrgðarmenn sparisjóðs á aðalfundi sparisjóðs að leggja hann niður án þess að um gjaldþrot sé að ræða skuli þeir leita samþykkis þess ráðherra, er fer með bankamál.

Hér er eins og áður gert ráð fyrir, að ákvörðun um slit sparisjóðs sé á valdi fundar sparisjóðsaðilanna. Sú breyting er þó gerð hér, að ekki er þess krafist, að aðalfundur fjalli um slíka ákvörðun, heldur verði einnig heimilt að ákveða slit sparisjóðs á aukafundi hans.

Slit sparisjóðs geta orðið vegna eftirtaldra atvika:

a) Skylt sé að slíta sjóðnum, sbr. ákvæði 58. og 59. gr.
b) Frjáls slit sparisjóðs samkvæmt ákvörðun aðalfundar eða aukafundar án þess að nokkur taki við rekstri sjóðsins. Hér er því átt við full slit.
c) Slit sparisjóðs með þeim hætti, að hann rennur saman við starfandi innlánsstofnun, sem þannig yfirtekur hann eða sameining með þeim hætti að úr sparisjóðnum og annarri eða öðrum innlánsstofnunum er mynduð ný innlánsstofnun, nýr lögaðili, sem tekur við öllum eignum þeirra og skuldum en þær sjálfar eru lagðar niður.

Um slíka sameiningu og samruna er sérstaklega fjallað í 63. gr., en eins og fram kemur í þessari grein, á sú grein ekki við, þegar um yfirtöku er að ræða.

Reglur þessarar greinar eiga við, þegar slitin fara fram með þeim hætti, sem greinir í b) lið hér að framan. Það nýmæli er í greininni, að ráðherra ber, áður en hann ákveður, hvort slit skuli samþykkt, að leita umsagnar bankaeftirlitsins og viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar. Ástæðna fyrir afskiptum bæjarstjórna og sýslunefnda af málefnum sparisjóða hefur áður verið getið.

Skiptameðferð við full slit fer eftir ákvæðum 61. gr. Ráðherra þarf að samþykkja fjárhagslegt uppgjör við yfirtöku, sbr. og 63. gr., að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og stjórnar Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Um 61. gr.

Hér er mælt fyrir um skiptameðferð á búi sparisjóðs. Gilda um þetta sömu reglur, hvort sem skylt er að slíta sparisjóði, sbr. 58. og 59. gr., eða um frjáls slit er að ræða, sbr. 60. gr. Sérreglur eru um sameiningu í 63. gr. Ekki er gert ráð fyrir, að unnt verði að taka bú sparisjóðs til gjaldþrotaskipta eftir almennum lögum um gjaldþrotaskipti, sbr. 62. gr.

Í 24. gr. gildandi laga eru sérstakar reglur um skiptameðferðina eftir því hvort um skyldu til slita er að ræða eða frjáls slit. Að því er vikið að nokkru í athugasemdum við 58. og 60. gr. Sé um frjáls slit að ræða, skal samkvæmt gildandi lögum kjósa á aðalfundi tvo skilanefndarmenn til þess að ljúka reikningsuppgjöri sjóðsins. Skilanefndarmenn skulu löggiltir af ráðherra. Þeir geta gefið út innköllun til skuldheimtumanna sjóðsins, þ. m. t. innstæðueigenda. Skiptagerð skal senda sparisjóðs(banka)eftirliti. Frekari ákvæði eru ekki um störf þeirra.

Hér eru settar skýrari reglur um skiptameðferðina, sem gilda skulu bæði í þeim tilfellum, þegar skylt er að slíta sparisjóði og þegar um frjáls slit er að ræða, eins og áður segir. Ráðherra skal skipa þrjá skilanefndarmenn. Kveðið er á um, að skylt sé að birta innköllun. Í 2. mgr. eru settar reglur um uppgjör. Þegar skuldir hafa verið greiddar, skal greiða stofnfjáreigendum af eftirstöðvum eigna eignarhlut þeirra, þ. e. a. s. stofnfé og séreignarsjóð. Þessi ákvæði um endurgreiðslu stofnfjárins eru nýmæli og hefur áður verið að þeim vikið, sbr. t. d. athugasemdir við 1. og 15. gr. Í 28. gr. gildandi laga er ákvæði á þá lund, að leggist sparisjóður niður og engin ákvæði eru í samþykktum hans um, hvernig fara skuli um eigur hans, getur hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum

þeirra manna, sem síðast voru í stjórn sjóðsins, að eignunum skuli varið til almenningsþarfa. Ekki er í gildandi lögum sérstök heimild til endurgreiðslu innborgaðs stofnfjár af eftirstöðvum eigna til sparisjóðsaðila.

Samkvæmt h) lið 2. mgr. 6. gr. þessa frumvarps skulu vera í samþykktum ákvæði um slit sparisjóðs og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi. Því er heimilt að ráðstafa til greiðslu eignarhluta stofnfjáreigenda samkvæmt þessari grein eins og áður segir, en því, sem þá er eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins, þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvunum til sparisjóðsaðila. Þessi ákvæði um ráðstöfun eigna við slit minna einkum á skyldleika sparisjóða við sjálfseignarstofnanir.

Um 62. gr.

Hér er mælt fyrir um, að bú sparisjóðs verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum lögum um gjaldþrotaskipti. Rekstur sparisjóða sem annarra innlánsstofnana er þess eðlis, að nauðsynlegt er talið, að hafa sérstakt opinbert eftirlit með honum. Margvíslegar reglur eru settar til að tryggja sem heilbrigðastan rekstur þeirra, þ. á m. um lausafjár- og eiginfjárstöðu. Ef út af þessum reglum er brugðið, kemur til sérstakrar málsmeðferðar og úrræða, sbr. einkum 58.—59. gr. og 61. gr. frumvarpsins. Reglur almennrar gjaldþrotaskiptalöggjafar eiga því ekki við og væru reyndar einar sér alveg ófullnægjandi, þar sem keppa þarf að því að taka í taumana sem fyrst, áður en í algert óefni er komið í rekstri sparisjóðs og að því er stefnt með ákvæðum frumvarpsins.

XIV. KAFLI

Um 63. gr.

Ákvæði þessarar greinar um sameiningu sparisjóða eru nýmæli. Hér er raunar um að ræða sérstaka tegund slita sparisjóðs. Ástæðan til þess, að rétt þykir að setja sérreglur um þetta, er að slit með þessum hætti eru nokkuð sérstaks eðlis, þar sem starfsemi sparisjóðs heldur áfram, þótt hann hætti að vera til sem sjálfstæður lögaðili.

Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

XV. KAFLI

Um 64.—65. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

XVI. KAFLI

Um 66. gr.

Samkvæmt 27. gr. gildandi laga um sparisjóði skulu sparisjóðirnir undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti og útsvari. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við þær reglur, sem lagt er til í frumvörpum og frumvarpsdrögum til laga um viðskiptabankana, að gildi um þá í þessum efnum. Ákvæði í þessum frumvörpum eru lítt breytt frá þeim reglum, sem nú gilda um skattfrelsi viðskiptabankanna, bæði ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka samkvæmt lögum um þessar stofnanir.

Hér er því gert ráð fyrir, að reglur um þessi sérréttindi innlánsstofnana verði samræmd, enda er almennt stefnt að sem mestri samræmingu í löggjöf fyrir innlánsstofnanir við endurskoðun hennar nú, eins og áður hefur komið fram.

Um 67. gr.

Sérstök ákvæði um þagnarskyldu eru ekki í gildandi lögum. Lagt er til hér, að úr þessu verði bætt og settar reglur um þagnarskyldu, sem eru alveg hliðstæðar samsvarandi ákvæðum í frumvörpum og frumvarpsdrögum til laga um viðskiptabankana.

Um 68. gr.

Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Viðskiptabankarnir njóta þess hagræðis, sem hér um ræðir samkvæmt gildandi löggjöf um þá og er gert ráð fyrir, að það haldist í frumvörpum til laga um þá, bæði ríkisviðskipta- og hlutafélagsbanka. Rétt þykir, að sparisjóðirnir njóti einnig þessa hagræðis.

Um 69. gr.

Ekki þykir ástæða til að láta líða langan tíma, þar til lögin koma til framkvæmda.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Hér er veitt heimild til þess að endurmeta stofnfé í starfandi sparisjóðum innan þröngra takmarkana. Kom fram ósk frá Sambandi ísl. sparisjóða um heimild af þessu tagi. Þessar reglur ná að sjálfsögðu aðeins til þeirra sparisjóða, sem nú starfa með innborguðu stofnfé, en slíkir sjóðir eru ekki margir. Endurmatsreglur þessar skýra sig að öðru leyti sjálfar.
2. Hér er sparisjóðunum gefinn hæfilegur frestur til að samræma samþykktir sínar og starfsemi ákvæðum laganna.

Ed. 538. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til þinglýsingalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þskj.

Eggert G. Þorsteinsson og Halldór Ásgrímsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 539. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til þinglýsingalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:
   Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir og skrásettar bifreiðar.
2. 43. gr. orðist svo:
   Skjali, er varðar skrásett, skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, svo og skrásetta bifreið, skal þinglýst þar, sem skipið eða bifreiðin er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, og eignarheimild fyrir bifreið, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá eða bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi eða bifreið skal þinglýsa til þess, að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

3. Á eftir orðunum „skipi minna en 5 rúmlestir“ í 44. gr. komi: og í bifreið.
4. 45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta eða skrásett bifreið flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um eignir þessar, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók eða bifreiðabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. málsgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips eða bifreiðar.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips eða bifreiðar milli umdæma.

5. Fyrirsögn VII. kafla orðist svo:

Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, svo og skip og bifreiðar, sem ekki hafa verið skrásett.

6. 1. málsgr. 51. gr. orðist svo:

Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráðu skráningarskyldu skipi eða skrásettri bifreið og hefðu réttindi haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá einnig gild með sama hætti framvegis.

Ed. 540. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.

Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 541. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 542. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 543. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 22. mars 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 544. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 545. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 546. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 547. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 548. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Oddur Ólafsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 549. Frumvarp til laga [274. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir. Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur með frv. þessu er að tryggja verkalýðsfélögum rétt til þess að semja um þá framkvæmd á greiðslu orlofsfjár, sem þau telja heppilegasta.

Með orlofslögunum 1971 urðu veruleg umskipti til hins betra í orlofsmálum. greiðslurnar inn í gírókerfið urðu fljótlega langtum meiri en verið hafði í orlofsmerkjakerfinu. Hitt er þó ljóst, að því fer fjarri að núgildandi orlofskerfi sé eins og best verður á kosið. Innheimta hefur ekki verið nægilega hörð og þeir vextir, sem orlofsþegar njóta, eru óeðlilega lágir. Ýmis verkalýðsfélög hafa áhuga á því að semja við sína viðsemjendur um annað fyrirkomulag. Fyrst og fremst hefur sá áhugi beinst að því að semja um að orlofsfé verði greitt inn á bankabækur, þar sem hver einstakur launamaður hefði betri eftirlitsaðstöðu og nyti hærri vaxta en fást í orlofskerfinu nú, jafnframt því sem fjármagnið geymist á staðnum. Það er óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir því, að verkalýðsfélögin semji um það fyrirkomulag sem þau telja þjóna best hagsmunum sinna umbjóðenda.

Sþ. 550. Fyrirspurnir. [275. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd.

Frá Stefáni Jónssyni.

a. Hversu hár er áætlaður kostnaður við endursmíð Skagastrandarverksmiðju S.R.?
b. Hvernig er ætlunin að fjármagna fyrrnefndar framkvæmdir á Skagaströnd?

II. Til sjávarútvegsráðherra um m/s Ísafold.

Frá Stefáni Jónssyni.

a. Hjá hvaða loðnuverksmiðjum landaði m/s Ísafold afla í vetur.
b. Hvar greiða útgerðarmenn og áhöfn Ísafoldar opinber gjöld af feng sínum af Íslandsmiðum í vetur?

III. Til sjávarútvegsráðherra um bræðsluskipið Norglobal.

Frá Stefáni Jónssyni.

a. Hversu háa leigu fengu hinir erlendu eigendur Norglobals frá íslenskum leigutökum í vetur?
b. Er hægt að draga ályktun um hagnað loðnubræðslnanna af greiðslugetu leigutaka Norglobals?

IV. Til landbúnaðarráðherra um höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

a) Hvenær er að vænta ákvörðunar um það, hvar höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins eiga að vera í framtíðinni?
b) Hvaða líkur telur ráðherra á því nú, að þær verði fluttar austur að Hallormsstað?

Ed. 551. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

1. málsliður 3. gr. orðist svo: Heimild þessi gildir til ársloka 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 13 16. mars 1949 var Sambandi íslenskra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og gilti heimildin í 10 ár. Sú heimild var framlengd með lögum nr. 18 22. apríl 1959 til ársloka 1969 og síðar til ársloka 1979 með lögum nr. 32 5. maí 1969.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimild Sambands íslenskra berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði enn framlengd um 10 ár, þ. e. til ársloka 1989.

Ágóða af happdrættinu skal samkvæmt lögunum varið til þess að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Nd. 552. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Stefán Valgeirsson, Þórarinn Sigurjónsson og Friðjón Þórðarson skrifa undir með fyrirvara. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1978.

Stefán Valgeirsson, form., með fyrirvara.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr., með fyrirvara.	Pálmi Jónsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.	Benedikt Gröndal.

Sþ. 553. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Þrír nefndarmanna mæla með því, að tillagan verði samþykkt, en við undirritaðir leggjum til að hún verði felld.

Alþingi, 11. apríl 1978.

Jón Helgason, fundaskr., frsm.	Jónas Árnason.

Sþ. **554. Skýrsla**

menntamálaráðherra til Alþingis 1978 um framkvæmd grunnskólalaga og undirbúning undir níu ára skólaskyldu, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63 frá 21. maí 1974, um grunnskóla.

Formáli.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63 frá 21. maí 1974, um grunnskóla segir svo:

„Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþingi gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði."

Skýrsla sú, sem hér er birt, er samin til þess að fullnægja framangreindu ákvæði. Af henni má sjá að mikið starf hefur verið leyst af hendi við framkvæmd grunnskólalaga og laga um skólakerfi og veitir skýrsla þessi þó eins og að líkum lætur ekki nema mjög takmarkað yfirlit um það sem framkvæmt hefur verið. Framkvæmd grunnskólalaga er ekki nema einn þáttur í störfum menntamálaráðuneytisins. En sá þáttur tengist öðrum mikilvægum þætti, sem lengi hefur verið unnið að, en það er endurskipulagning framhaldsskólastigsins. Um það efni var lagt fram lagafrumvarp á síðasta þingi, en frv. er nú í endurskoðun. Var þess getið við setningu grunnskólalaga, að þau kölluðu á nýskipan framhaldsskólastigsins.

Tilgangur skýrslu þessarar er tvíþættur: 1) að veita nokkra yfirsýn um hvar komið er framkvæmd grunnskólalaga við lok fjögurra ára gildistíma, og 2) að auðvelda mönnum að glöggva sig á, hvort álykta skuli á ný um 9 ára skólaskyldu, þ. e. eins árs viðbótarskyldu þá, sem grunnskólalögin ákveða, og þá á hvern veg.

Á þeim hart nær fjórum árum, sem liðin eru frá gildistöku laganna hefur margt breyst, bæði fyrir áhrif laganna og af öðrum ástæðum. Að því er áhrif laganna varðar, þá hafa þau breytt skipulagi, námsefni og starfsháttum í skólum og í framhaldi af þeim mun skipan mála á framhaldsskólastigi einnig breytast og er sú breyting þegar hafin. Þar ber hæst að þær blindgötur sem eldra skólaskipulag fól í sér á ýmsum sviðum hafa ýmist verið eða munu verða opnaðar og nemendum auðveldað að halda áfram námi skólastig af skólastigi. Sumir telja að vísu að með þessu sé verið að gera þeim, sem ekki eru taldir sérlega vel til náms fallnir, að fornum skilningi, óþarflega auðvelt fyrir, en aðrir líta á þessar ráðstafanir sem réttlátt tækifæri fyrir alla nemendur til þess að afla sér menntunar, þótt getan sé mismunandi til þess að nota það tækifæri.

Af þessu leiðir, að menn eiga nú auðveldara með að hefja nám á ný þótt horfið verið frá námi um sinn og leiðir hafa einnig verið opnaðar fólki sem komið er af venjulegum skólaaldri til þess að afla sér menntunar í „öldungadeildum" menntaskóla.

Í 1. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla og í 3. grein laga nr. 55/1974 um skólakerfi er kveðið svo á að grunnskóli skuli vera fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og sé þeim skylt að sækja hann. Grunnskólalögin í heild mótast mjög af þessu grundvallaratriði og má m. a. benda á 2. gr., markmiðsgrein laganna, svo og 42. grein, en þar kemur fram hvaða fræðslu ætlast er til að nemendur hafi hlotið þegar þeir ljúka skyldunámi. Það sem vekur athygli er sú áhersla sem lögð er á valgreinar, verklegt nám og þátttöku í atvinnulífinu auk þess sem taldir eru ýmsir námsþættir aðrir, einkum bóklegir.

Samkvæmt eldri skipan, fræðslulögum frá 1946, áttu nemendur tveggja kosta völ að loknum 8. bekk (unglingaprófi), þ. e. að fara í landsprófsdeild, sem upphaflega var komið á fót til þess að búa nemendur undir nám í menntaskóla, eða að fara í almennan 3. bekk sem var svo kallaður og síðan í 4. bekk og ljúka þaðan gagnfræðaprófi.

Þegar grunnskólalög höfðu verið samþykkt árið 1974 gerði menntamálaráðuneytið áætlun um að koma á 9 ára samfelldum grunnskóla. Það ár voru gefin út drög að námsskrá fyrir 7., 8. og 9. bekk sem miðuðust við að allir nemendur sem haustið 1974 hófu nám í 7. bekk útskrifuðust úr grunnskóla við lok 9. skólaárs eins og grunnskólalögin kveða á um. Í 9. bekk var tekin upp sú nýbreytni að hluta kennslutímans var varið til valgreina, sbr. fyrrnefnt ákvæði grunnskólalaga. Skólaárin 1976—77 og 1977—78 var 21 kennslustund á viku varið til náms í kjarnagreinum, þ. e. móðurmáli, stærðfræði, dönsku, ensku og íþróttum, en 12—16 kennslustundum til valgreina. Auk þess gátu nemendur valið um viðfangsefni innan kjarnagreina að nokkru marki. Skólum voru látnar í té ábendingar um valgreinar en að öðru leyti höfðu þeir frjálsar hendur um hvaða greinar þeir gáfu nemendum kost á.

Fyrsti nemendahópurinn sem útskrifaðist samkvæmt þessari skipan lauk prófi úr grunnskóla vorið 1977.

Frá og með skólaárinu 1977—78 voru felld niður samræmd próf í 3., 6. og 8. bekk, nema í sundi. Í staðinn hafa skólum verið send sýnishorn prófverkefna í þeim greinum, sem samræmd próf voru áður haldin í, til viðmiðunar við gerð eigin verkefna.

Í grunnskóla er nú almennt miðað við þá reglu að nemandi færist upp um einn bekk á ári og skulu frávik frá þessu ákveðin af skólastjóra að höfðu samráði við kennara nemandans og skólasálfræðing ef hann starfar í skólahverfinu. Ennfremur skal fá samþykki foreldra hvort sem um er að ræða seinkun eða flýtingu í námi.

Með þeim breytingum sem lýst er hér að framan hefur verið komið á samfelldum 9 ára grunnskóla. Jafnframt hefur verið gert verulegt átak til að endurbæta starfshætti skóla þannig að þeir gætu betur mætt mismunandi þörfum nemenda, sbr. 2. gr. grunnskólalaga. Endurskoðun námsefnis og kennsluhátta í grunnskóla hefur verið liður í þessari viðleitni, svo og námskeið fyrir starfandi kennara sem hafa verið haldin í vaxandi mæli á síðustu árum, og fræðslufundir.

Ákvæði grunnskólalaga um valgreinar, verklegt nám og þátttöku í atvinnulífinu eru að ýmsu leyti erfið í framkvæmd. Af tilraunum og athugunum sem gerðar hafa verið má draga þá ályktun að málið er í heild flókið og snertir mjög marga aðila bæði innan skóla og utan. Er ljóst að það tekur verulegan tíma að skipuleggja þennan þátt skólastarfsins svo að viðhlítandi sé, auk þess sem það kostar aukinn mannafla og fjármagn.

Þegar grunnskólalög voru samþykkt voru um það bil 15% nemenda, sem hættu námi við skyldunámslok, þ. e. við lok 8. námsárs. Þessir nemendur áttu óhægt um vik að komast til náms í skólakerfinu á ný, m. a. vegna landsprófs o. fl. Nú sýna tölur, að miklu fleiri halda áfram námi í 9. bekk, eða einungis um 5% hætta við lok 8. námsárs.

Þessu veldur án efa aukinn skilningur á nauðsyn og gildi skólanáms í nútímaþjóðfélagi, sem krefst æ meiri menntunar og sérþekkingar.

Þegar þessar aðstæður og viðhorf hafa myndast: stórauknir möguleikar til þess að hefja nám á ný þótt ár falli úr eftir 8 ára skyldunám, mikil fjölgun þeirra nemenda, sem sækja 9. bekk af frjálsum vilja, þá vaknar sú spurning, hvort jafn knýjandi nauðsyn sé til þess nú og fyrir 4 árum að hafa skólaskyldu 9. árið.

Á hitt ber þá einnig að líta, hvaða rök mæla með því að skólaskylduákvæðinu sé haldið. Skulu hér dregin saman nokkur atriði:

1) Það er eðlileg regla í þjóðfélagi sem vill viðhafa í málum sínum jafnrétti að tryggja öllum þegnum sínum þá grundvallarmenntun að dugi til þess að hefja nám í framhaldsskóla. Hin almenna regla verður því að vera sú að skyldunámi ljúki við inngöngudyr framhaldsskóla.
2) Það er viðurkennt af flestum að sumir unglingar finna ekki viðfangsefni við sitt hæfi í grunnskóla. Þegar um slíkt er að ræða er líklegt að þess gæti mest

á unglingsárunum vegna þess að þá geta nemendum staðið aðrar, og að því er virðist álitlegri, leiðir opnar.

3) Eðlilegast er að mæta þessum vanda með því að efla grunnskólann þannig að hann verði betur fær um að valda sínu erfiða hlutverki. Þetta má gera annars vegar með almennum aðgerðum, s. s. bættri kennaramenntun þannig að sem flestir kennarar geri sér grein fyrir þroska og þörfum nemendanna og virði í verki mismunandi getu þeirra og áhugamál, sbr. 2. og 42. gr. grunnskólalaga. Meðal almennra aðgerða má einnig nefna bætta starfsaðstöðu kennara og breytta starfshætti. Hins vegar má leysa vandann með sérstökum aðgerðum í efstu bekkjum grunnskóla. Má þar til nefna valgreinar og þátttöku í atvinnulífi, sbr. 42. gr. laganna. Grunnskólalögin fela í sér eggjan til stjórnvalda, starfsmanna skóla og þjóðfélagsins í heild um að gera slíkar umbætur á starfi grunnskóla á því 10 ára tímabili sem gert er ráð fyrir að full framkvæmd laganna taki.

4) Í þeim tilvikum þegar örvænt er talið að grunnskólanám geti verið skólaskyldum unglingi hollt og þroskavænlegt veita grunnskólalögin heimild til undanþágu, sbr. 49. gr., 4. mgr., svo og 8. gr. þeirra.

5) Verði aftur horfið að 8 ára skólaskyldu rofnar samhengi grunnskólanáms á unglingastigi og er þar með horfið til hliðstæðs fyrirkomulags og þess sem ríkti samkvæmt lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám. Samkvæmt þeim lögum voru 3. og 4. bekkur gagnfræðastigs valfrjálsir en nemendur 1. og 2. bekkjar skólaskyldir. Þetta fyrirkomulag leiddi til tvenns konar misréttis eða stéttaskiptingar innan skólans: annars vegar milli þeirra sem hættu við unglingapróf og hinna sem héldu áfram, hins vegar innbyrðis milli þeirra sem héldu áfram en fóru í mismunandi „fínar“ eða álitlegar deildir. Verði grunnskólalögum breytt þannig að grunnskóli verði 9 ára skóli en þó aðeins 8 fyrstu ár hans skólaskyld er víst að fyrri stéttaskipting kemur upp aftur og það sem þegar hefur náðst í jafnréttisátt á fjögurra ára framkvæmdatíma grunnskólalaga tapast.

6) Með því að hverfa aftur til 8 ára skólaskyldu rofna þau tengsl milli grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins sem nú er verið að koma á með framkvæmd grunnskólalaga — þar sem verið er að undirbúa fulla 9 ára skólaskyldu — og breyttum og opnari inntökureglum framhaldsskóla sem miða starf sitt nú þegar í æ ríkara mæli við að taka við megninu af hinum fjölbreytta nemendahópi grunnskólans. Það að rjúfa þessi tengsl gengur þvert á sjálfan grundvöll fjölbrautaskólanna, þ. e. þá hugsjón og stefnu sem þeir eru reistir á.

7) Að undanförnu hafa mörg skólahverfi leitað eftir því að fá heimild til að reka 9. bekk. Er þetta vafalítið gert með hliðsjón af því að stefnt er að 9 ára skólaskyldu. Verði hins vegar um 8 ára skólaskyldu að ræða er mjög líklegt að 9. bekkurinn yrði á færri stöðum en ella og námsskipan ekki í anda grunnskólalaga heldur mótist sérstaklega af því að búa nemendur undir tiltekið nám á framhaldsskólastigi. Við slíkar aðstæður er útilokað að ná þeim markmiðum sem grunnskólalögin setja.

8) Bent hefur verið á nokkurt misræmi í skólasókn í 9. bekk eftir landshlutum. Frá því að grunnskólalögin voru samþykkt hefur þetta misræmi minnkað og stunda nú yfir 90% nemenda í hverjum árgangi nám í 9. bekk á móti 85% áður. Af þeim 10% sem ekki sækja 9. bekk grunnskóla er um helmingur eða 5% sem ekki sóttu 8. bekk af ýmsum ástæðum, t. d. þroskahömlun og veikindum. Er enginn vafi að þessi breyting á rætur að rekja til áðurnefndrar stefnumörkunar um lengd skólaskyldunnar. Má búast við að þetta misræmi vaxi aftur verði horfið að 8 ára skólaskyldu.

9) Á Norðurlöndum er allsstaðar komin á 9 ára skólaskylda. Hins vegar eru í lögum allra landanna (nema Finnlands) sérstök ákvæði um nemendur sem eiga í sérstökum erfiðleikum í skóla, sbr. 2. og 4. tölulið hér að framan.

Það var mjög óheppilegt að synjað skyldi um fjárveitingu þá, sem menntamálaráðuneytið fór fram á við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1977 til vísindalegrar rannsóknar á áhrifum lengri eða skemmri skólaskyldu á nemendur og þjóðfélagið. Sú rannsókn þarf að fara fram jafn umdeilt og þetta atriði er.

Rétt er að vekja athygli á ákvæðum 88. gr. grunnskólalaga, er þannig hljóða:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku. **Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.**“

Það eru enn tvö ár þangað til nemendur verða skólaskyldir 9. skólaárið. Að því er undirbúning varðar, þá er ekkert því til hindrunar að 9. skólaárið verði skyldunámsár. Unnið er að endurskoðun skipulags framhaldsskólastigsins. Meginatriðið er að lok skyldunámsins og nám á framhaldsskólastigi tengist með eðlilegum hætti.

Færi því vel á að Alþingi fjallaði samtímis um 9. ár grunnskólans — sbr. ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum — og framhaldsskólastigið.

Undirbúningur lagasetningar og ýmsar nýjungar.

Hinn 27. janúar 1971 voru lögð fram í neðri deild Alþingis sem stjórnarfrumvörp frumvarp til laga um skólakerfi og frumvarp til laga um grunnskóla. Bæði þessi lagafrumvörp voru samin af nefnd, sem þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna, (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanám (nr. 48/1946). Í nefndinni, sem frumvörpin samdi og kölluð var fræðslulaganefnd, áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri Langholtsskóla, og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Hinn 27. október 1969 var Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, skipaður í nefndina til viðbótar og í fjarveru Andra Ísakssonar frá 15. september 1969 til loka júnímánaðar 1970 tók Jóhann S. Hannesson, menntaskólakennari sæti í nefndinni í hans stað og starfaði síðan áfram í henni eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með nefndinni störfuðu Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, og var hún ritari nefndarinnar.

Lagafrumvörp þessi urðu eigi útrædd á þinginu (91. löggjafarþingi), enda gat menntamálaráðherra þess, að þau væru fyrst og fremst lögð fram til kynningar.

Kosningar til Alþingis fóru fram sumarið 1971 og í kjölfar þeirra stjórnarskipti. Með bréfi dagsettu 3. júní 1972 skipaði menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, nefnd til þess að endurskoða frumvörpin.

Nefndinni var falið að leitast við að ljúka verkefni sínu svo tímanlega, að unnt yrði að leggja lagafrumvörpin endurskoðuð fyrir Alþingi á árinu 1972.

Í nefndina, sem kölluð var grunnskólanefnd, voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri, Ingólfur A. Þorkelsson, B.A., kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, Kristján Ingólfsson, kennari við Barna- og unglingaskólann að Hallormsstað og Páll Líndal, borgarlögmaður í Reykjavík og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Með nefndinni starfaði Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Skömmu eftir að nefndin hóf störf, birti hún svofellda auglýsingu í fjölmiðlum:

„Grunnskólafrumvarp og frumvarp til laga um skólakerfi eru í endurskoðun eins og skýrt hefur verið frá. Þau samtök eða einstaklingar, sem kynnu að vilja gera breytingartillögur við frumvörpin meðan þau eru í endurskoðun, sendi tillögur sínar skriflega til grunnskólanefndar, menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 20. ágúst n. k. Frumvörpin fást í ráðuneytinu.

Grunnskólanefnd, 18. júlí 1972."

Nokkrir urðu við þessum tilmælum eins og getið var í greinargerð grunnskólafrumvarpsins. Þar er einnig birtur útdráttur úr tillögunum og þeim umsögnum, sem áður höfðu borist.

Þegar nefndin hafði lokið endurskoðun frumvarpanna voru þau send skólanefndum, sveitarstjórnum, skólastjórum, kennurum o. fl. til kynningar og eftirgreindum 44 aðilum til umsagnar:

1. Alþýðusambandi Íslands.
2. Bandalagi háskólamanna.
3. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

4. Barnaverndarráði Íslands.
5. Búnaðarfélagi Íslands.
6. Félagi háskólamenntaðra kennara.
7. Félagi menntaskólakennara.
8. Félagi ísl. sálfræðinga.
9. Félagi skólastjóra gagnfræðastigsins.
10. Háskólaráði.
11. Húsmæðrakennaraskóla Íslands.
12. Íþróttasambandi Íslands.
13. Íþróttakennaraskóla Íslands.
14. Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.
15. Kennaraháskóla Íslands.
16. Kirkjuráði Þjóðkirkjunnar.
17. Kvenfélagasambandi Íslands.
18. Kvenréttindafélagi Íslands.
19. Landshlutasamtökum sveitarfélaga.
20. Landssambandi framhaldsskólakennara.
21. Landssambandi iðnaðarmanna.
22. Landssambandi ísl. menntaskólanema.
23. Menntaskólanum á Akureyri.
24. Menntaskólanum við Hamrahlíð.
25. Menntaskólanum á Ísafirði.
26. Menntaskólanum að Laugarvatni.
27. Menntaskólanum í Reykjavík.
28. Menntaskólanum við Tjörnina.
29. Myndlista- og handíðaskólanum.
30. Sambandi íslenskra barnakennara.
31. Sambandi ísl. námsmanna erlendis.
32. Sambandi íslenskra samvinnufélaga.
33. Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
34. Samtökum íslenskra kennaranema.
35. Skólastjórafélagi Íslands.
36. Stéttarsambandi bænda.
37. Stórstúku Íslands.
38. Stúdentaráði Háskóla Íslands.
39. Tónlistarskólanum í Reykjavík.
40. Ungmennafélagi Íslands.
41. Verslunarráði Íslands.
42. Vinnuveitendasambandi Íslands.
43. Æskulýðsráði ríkisins.
44. Æskulýðssambandi Íslands.

Þá hélt menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, fund með fréttamönnum þriðjudaginn 9. janúar 1973 og var þar greint frá efni frumvarpanna í meginatriðum.

Ráðherra ákvað að grunnskólanefndarmenn skyldu kynna frumvörpin á fundum víðsvegar um land þar sem hér væri í undirbúningi löggjöf, sem varðaði þjóðina í heild og hvern einstakling afar miklu og hefði áhrif á grundvallarmenntun þjóðarinnar um mörg ókomin ár.

Hinn 11. janúar 1973 hófust þessir fundir og hinn síðasti var haldinn 11. mars. Þeir voru auglýstir í útvarpi og dagblöðum, og öllum að sjálfsögðu heimilt að sækja þá og taka þátt í umræðum. Tilhögun fundanna var sú, að nefndarmenn skiptu nokkuð með sér verkum bæði um að sækja fundina og um að skýra efni frumvarpanna. Síðan ræddu fundarmenn frumvörpin og báru fram fyrirspurnir, sem nefndarmenn leituðust við að veita sem gleggst svör við. Flestir fundanna voru vel sóttir, miklar umræður og mikill áhugi ríkjandi um efni frumvarpanna.

Fundir voru haldnir sem hér segir:

1. Höfn í Hornafirði fimmtudaginn 11. janúar.
2. Neskaupstað föstudaginn 12. s. m.
3. Egilsstöðum laugardaginn 13. s. m.
4. Kópaskeri sunnudaginn 14. s. m.
5. Patreksfirði þriðjudaginn 16. s. m.
6. Ísafirði miðvikudaginn 17. s. m.
7. Húsavík föstudaginn 12. s. m.
8. Akureyri laugardaginn 13. s. m.
9. Varmahlíð í Skagafirði sunndaginn 14. s. m.
10. Reykjaskóla í Hrútafirði mánudaginn 15. s. m.
11. Stykkishólmi þriðjudaginn 16. s. m.
12. Akranesi þriðjudaginn 16. s. m.
13. Selfossi fimmtudaginn 8. febrúar.
14. Reykjavík fimmtudaginn 15. s. m.
15. Hafnarfirði föstudaginn 16. s. m.
16. Keflavík mánudaginn 19. s. m.
17. Selfossi mánudaginn 26. s. m.
18. Vík í Mýrdal sunnudaginn 11. mars.

Í sambandi við fundahöldin og vinnubrögðin við samningu frumvarpanna, þá er þess að geta, að þegar eftir fundina á Norðurlandi voru gerðar veigamiklar breytingar á frumvörpunum, svo sem að tvær fræðsluskrifstofur skyldu vera nyrðra, þar sem ein hafði verið ráðgerð áður, og heimild tekin í frv. til þess að nemendur hverfi um sinn frá grunnskólanámi á síðasta skyldunámsári til þátttöku í atvinnulífinu. Síðan vann nefndin einnig úr því, sem fram kom á öðrum fundum, og lagði til ýmsar breytingar á grunnskólafrumvarpinu í samræmi við það, sem hún komst að raun um á fundum, ráðstefnum og af öðrum athugunum og umræðum um málið að betur mátti fara.

Lögin um skólakerfi (nr. 55/1974) segja fyrir um, að skólakerfið skuli vera samfellt og skiptast í 3 stig:

1) skyldunámsstig,
2) framhaldsskólastig og
3) háskólastig.

Grunnskóli er, fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann (sbr. nánar grunnskólalögin).

Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því sem þörf krefur.

Kennsla sé veitt ókeypis í öllum opinberum skólum, en skólagjöld í skólum, sem kostaðir eru að meirihluta af almannafé, skulu háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, eftir því sem lög kveða nánar á um.

Geti nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts, skal menntamálaráðuneytið, að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.

Séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eiga sömu framfærsluforeldra, skal ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem eru umfram tvö.

Markmið grunnskólalöggjafarinnar felst í 2. gr. laganna, er þannig hljóðar:

„Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu

því mótast að umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra."

Nokkur meginatriði laganna eru:

1. Skólaskylda lengist um eitt ár, úr 8 árum í 9, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í lögunum.
2. Skólakerfið verði samfellt, þ. e. námslok á einu skólastigi veiti möguleika til náms á næsta skólastigi fyrir ofan.
3. Endurskoða þarf löggjöf allra framhalds- og sérskóla á næstunni til samræmis við grunnskólalög.
4. Skyldunámsnemendur, sem geta ekki stundað skyldunám sakir fjárskorts, fá til þess styrk úr ríkissjóði.
5. Ef tvö systkin eða fleiri frá sama heimili eru við skyldunám samtímis í heimavistarskóla, greiðir ríkissjóður fæðiskostnað þeirra, sem eru umfram tvö (l. um skólakerfi).
6. Allir nemendur á skyldunámsstigi fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Dreifbýlisbörn höfðu sumstaðar ekki hafið skólanám fyrr en 9 eða 10 ára og fengu styttri námstíma árlega, stundum aðeins hálfan veturinn.
7. Lögð er áhersla á heimanaksturssskóla, þar sem því verður við komið sakir veðurfars, vegakerfis og vegalengda.
8. Gert er ráð fyrir útibúum frá aðalskólum fyrir yngstu börnin, þannig að þau séu í þeirri nálægð við heimili sín, að unnt sé að koma við heimanakstri.
9. Unglinganám verði hins vegar reynt að hafa fyrir svo stór svæði, að heppilegar kennslueiningar fáist og nauðsynlegri verkaskiptingu meðal kennara verði komið við, þegar námið greinist í hinum efri bekkjum grunnskólans.
10. Stefnt er að því að fá landshlutasamtökum sveitarfélaga veruleg verkefni í hendur á sviði skólamála og var þá miðað við að löggjöf, sem í undirbúningi var, yrði sett um landshlutasamtökin, en af því hefur ekki orðið.
11. Landinu er skipt í 8 fræðsluumdæmi. Er hvert kjördæmi fræðsluumdæmi.

    Í hverju umdæmi er fræðsluráð, sem landshlutasamtökin kjósa. Hverri fræðsluskrifstofu stýrir fræðslustjóri, og hafa fræðsluráð og fræðslustjóri margþættum störfum að gegna. Fræðslustjóri er um leið og hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs fulltrúi menntamálaráðuneytisins í umdæminu.
12. Skólanefndir skulu kjörnar af sveitarstjórnum og kjósa sér sjálfar formann, en áður var hann skipaður af ráðuneytinu.
13. Ákvæði eru í lögunum um foreldraráð og nemendaráð.
14. Um gerð skólamannvirkja skal ráðuneytið efna til almennrar samkeppni þegar ástæða þykir til.
15. Stefnt er að því að „heimavinna" nemenda geti farið fram í skólunum.
16. Stefnt er að því, að setning og skipun í kennara- og skólastjórastöður fari fram fyrr áður, eða fyrir 1. júlí.
17. Skólabrytar (ráðskonur) í heimavistarskólum verði fastráðnir ríkisstarfsmenn.
18. Ráðnir verði yfirkennarar við skóla sem rétt eiga á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi. Þeir eru ríkisstarfsmenn.

19. Ákvæðum um orlof kennara og skólastjóra er mjög breytt frá fyrri lögum. Þótt 10 ára starfsferil þurfi eins og áður til ársorlofs, þá má veita allt að 4 mánaða orlof eftir 5 ár.
20. Aðalreglan er, að grunnskóli starfi í 9 mánuði árlega, en gert er þó ráð fyrir, að árlegur starfstími 1.—3. bekkjar þurfi ekki að vera nema 7 mán. og 4.—9. bekkjar 7½ mán.
21. Fræðsluráð og skólanefnd ákveða í upphafi skólaárs, hvort vera skuli 5 eða 6 daga skólavika.
22. Vikulegur starfstími á hvern nemanda í grunnskóla er nokkru lengri en var.
23. Námsefni er ákveðið í námsskrá sem sé sífellt í endurskoðun, en ákveðin atriði eru þó lögbundin og eru þau þessi:
    a. Þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðsla um íslenskar bókmenntir.
    b. Undirstöðukennsla í stærðfræði.
    c. Þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum.
    d. Fræðsla um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði.
    e. Kennsla í kristnum fræðum, siðfræði og fræðsla um önnur helstu trúarbrögð. Í frumvarpinu (43. gr., e) var gert ráð fyrir kennslu í háttvísi, en það féll eða var fellt niður í meðferð málsins á Alþingi.
    f. Kennsla um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði.
    g. Kennsla í erlendum tungumálum og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu, og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir.
    h. Kennsla í heimilisfræðum og heimilisrækt.
    i. Kennsla í íþróttum, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum.
    j. Verklegt nám.
    k. Ýmsar valgreinar verklegar og bóklegar í efstu bekkjum grunnskóla.
24. Lögð er áhersla á aukið tómstunda- og félagsstarf á vegum skólanna.
25. Ákvæði eru sett því til hindrunar, að samkennsla mismunandi aldursárganga eigi sér stað, nema að vissu marki.
26. Litið er á skólaskylduna sem réttindi nemendum til handa.
27. Miðað er við, að nemendur geti farið með nokkuð misjöfnum hraða gegnum grunnskólann eftir þroska þeirra og getu til náms og að sköpuð verði aðstaða til sérkennslu þeirra nemenda í sérstökum stofnunum og á annan hátt, sem víkja svo mjög frá venjulegum þroskaferli, að þeim nýtist illa eða ekki nám í almennum bekkjum eða almennum skólum. Skal menntamálaráðuneytið gera áætlun um þörf fyrir sérstofnanir til slíkrar kennslu og er ríkinu skylt að hafa bætt úr þeirri þörf innan 10 ára frá gildistöku grunnskólalaga. Allur stofn- og rekstrarkostnaður þessara stofnana greiðist úr ríkissjóði.
28. Stefnt er að því að draga úr prófum og þeirri miklu vinnu og kostnaði, sem þeim er samfara.
29. Skólarannsóknum er ætlað mikið hlutverk í endurnýjun námsefnis og kennsluhátta með atbeina námsstjóra, er ráðnir skulu til allt að fjögurra ára í senn eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum.
30. Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála skal árlega varið fé svo sem ákveðið er í fjárlögum, en menntamálaráðuneytið skiptir fénu.
31. Heimilt er að veita einstökum fræðsluumdæmum leyfi til að rekja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs.
32. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er ætlað mikið hlutverk. Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa efna til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins. Á menntamálaráðuneytið í samráði við fræðslustjóra að

gera heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt lögunum, miðað við það fjármagn sem til þessa starfsþáttar er veitt í fjárlögum. Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélagi.

33. Skólasöfn er lögð áhersla á að efla, þannig að þau geti orðið eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.
34. Gert er ráð fyrir heimild til handa sveitarfélögum til að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn eða 5—6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Kennarar skulu ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla.
35. Ákvæðum um fjármál skólanna er breytt í veigamiklum atriðum. Aðalatriðið er, að miðað er við, að skólarnir fái nægilegt fé til þess að geta framkvæmt ákvæði námsskrár í öllum hinum mismunandi stærðum og gerðum skóla, ef þeir eru reknir í samræmi við gildandi skólaskipan, en áður bar við, að ekki var samræmi milli þeirra fjárframlaga, sem skólinn átti rétt á, og þeirra, sem hann þurfti til þess að geta framfylgt námsskrá, nema með því móti að fá undanþágur.
36. Áður greiddu sveitarfélög rekstrarkostnað skóla, annan en föst laun, en ríkissjóður endurgreiddi þeim sinn hluta eftir árið. Samkvæmt grunnskólalögum greiða báðir aðilarnir kostnaðinn jafnóðum mánaðarlega, samkvæmt fyrirframgerðri og samþykktri áætlun.
37. Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28 og nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild ekki yfir 30 nemendur.
38. Ákvæði laganna eiga að vera komin að fullu til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku, þ. e. árið 1984.

Skipulagi á stjórn skólamála er verulega breytt með ákvæðum grunnskólalaga um skiptingu landsins í 8 **fræðsluumdæmi** og stofnun **fræðsluráða og embætta fræðslustjóra** í hverju hinna átta umdæma. Er með þessu stefnt að því að flytja verkefni úr menntamálaráðuneytinu út í héruðin. Þetta hefur hinsvegar gengið hægar en skyldi vegna þess að fjárveitingar til fræðsluskrifstofa hafa verið mjög skornar við nögl og dregist inn í deilur um verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis- og sveitarfélaga. Eru fræðslustjórar víðast nálega starfsliðslausir, nema í Reykjavík. En lágmarks starfslið fræðsluskrifstofu verður að teljast fulltrúi og ritari, auk fræðslustjóra. Auk þess er ætlun grunnskólalaga að komið skuli á fót ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í sambandi við fræðsluskrifstofur, en erfiðlega hefur gengið að fá fjármuni til þess.

Í 5. gr. grunnskólalaga segir:

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérstaklega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

Þetta lagaákvæði hefur ekki komið til framkvæmda.

Um verkefni fræðsluráða segir í 12. gr. grunnskólalaga:

„1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.
2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.
4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.
5. Það skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.
6. Það sér um, að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið, eftir því sem fært þykir.
7. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim."

Um verkefni fræðslustjóra segir í 14. gr.:

„Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er, eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 55. gr.
7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 68. gr.
8. Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvitaháttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau, sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum."

Gert er ráð fyrir stofnun **foreldrafélaga** við grunnskóla (21. gr.).

Einnig er heimilt að stofna nemendafélög í 7.—9. bekk grunnskóla (22. gr.).

Í 23. gr. laganna eru svofelld ákvæði um **skólahúsnæði:**

„Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og fræðsluráð, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis, áður en framkvæmdir hefjast.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a. er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til;
b. árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum. Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar."

Enn fremur segir í 26. gr.:

„Menntamálaráðuneytið skal, þegar ástæða þykir til, efna til almennrar samkeppni að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu."

Farið hefur verið fram á við gerð fjárlaga fé til þessa, en ekki fengist.

Í 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað og í 6. gr. reglugerðar nr. 159/1969, um stofnkostnað skóla eru ákvæði um **listskreytingu.** Listskreytingarákvæði þessi voru þá nýmæli í lögum, þótt áður hefði verið varið nokkru fé til þess að skreyta skólabyggingar og til listaverkakaupa í skóla og má benda á mosaikmyndir Kennaraháskólahúsinu við Stakkahlíð, myndskreytingar í Austurbæjarbarnaskóla og Melaskóla.

Síðan skólakostnaðarlögin tóku gildi hafa verið ákveðnar listskreytingar í gagnfræðaskólabyggingu á Húsavík og skólabyggingu að Laugalandi á Þelamörk, og enn fremur í samkomusal Menntaskólans við Hamrahlíð og á útvegg samkomusalar Menntaskólans að Laugarvatni. Þótt menntaskólarnir séu hreinir ríkisskólar og ákvæði skólakostnaðarlaga gildi því ekki um þá, þá hefur samt verið tekið mið af þessum ákvæðum. Telja má víst, að allar nýjar skólabyggingar verði listskreyttar með einum eða öðrum hætti. Fyrr á árum voru ýmis málverk í eigu ríkisins lánuð skólum víðsvegar um landið, en var síðan safnað saman í Listasafninu. Væri mjög mikil þörf á því, að safnið efndi til farandsýninga meðal skólanna, þannig að sem flestum nemendum gæfist kostur á að kynnast íslenskri myndlist af eigin sjón meira en nú er.

Í grunnskólafrumvarpinu var gert ráð fyrir tveimur ráðgjöfum (frá Bandalagi íslenskra listamanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga) við listskreytingu skólahúsa, en það ákvæði var fellt burtu í meðförum Alþingis.

Í 37. gr. grunnskólalaga er heimilað að ráða kennara til að annast kennslu í einhverri námsgrein við tvo eða fleiri skóla til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni við einn skóla. Á þetta við um ýmsar sérgreinar, t. d. tónlist.

Heimavistarstjóra er heimilt að ráða að grunnskóla, ef skólastjóri æskir ekki að annast sjálfur stjórn heimavistar.

Endurmenntun kennara á grunnskólastigi er orðin mjög veigamikill þáttur í kennaramenntun og fer endurmenntunin nú fram á vegum Kennaraháskóla Íslands. Sjá yfirlit á bls. 138.

Í 50. gr. laganna segir að nemendur, sem víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þeir fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eigi rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slíkrar kennslu skulu njóta:

„a. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
b. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
c. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
d. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;

e. börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn."

Enn fremur segir að börnum, sem um getur í a- og b-lið hér að framan, skuli séð fyrir kennslu í sérstofnunum. Einnig segir:

„Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c-, d- og e-lið 51. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðiþjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður."

Hér er um mjög þýðingarmikið verkefni að ræða og við undirbúning fjárlaga 1975 fór menntamálaráðuneytið fram á, í bréfi 29. júlí 1974, fjármuni til þess að ráða fulltrúa til þess að annast málefni er varða sérkennslu og sérstofnanir. Taldi ráðuneytið mjög brýnt að fá mann til þessa starfs með tilliti til ákvæða grunnskólalaga. Einnig hafði Alþingi hinn 14. maí 1975 gert svofellda ályktun um sérkennslumál:

„Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins. Á það sérstaklega við um skóla landsbyggðarinnar.

Í því skyni skal að því stefnt að sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins verði falið könnunar- og skipulagningarstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna."

Fé var eigi veitt í fjárlögum 1975 og eigi heldur 1976 til sérkennslufulltrúa, en í fjárlögum fyrir árið 1977 var veitt fé til launa slíks starfsmanns í ráðuneytinu. Var þá Magnús Magnússon, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík, settur sérkennslufulltrúi í ráðuneytinu og tók hann til starfa 3. janúar 1977.

Reglugerðir, erindisbréf o. fl.

Í lögum um grunnskóla (nr. 63/1974) og lögum um skólakerfi (nr. 55/1974) er að sjálfsögðu mælt fyrir um setning margra reglugerða og erindisbréfa. Þegar er lögin höfðu verið staðfest hinn 21. maí 1974, var hafist handa um framkvæmd þeirra. Meðal hins fyrsta var að vekja athygli sveitarstjórna á því (31. maí) að skólanefndir bæri nú að kjósa samkvæmt hinum nýju grunnskólalögum, en ein breytingin, sem þau fólu í sér, að skólanefndir skyldu nú sjálfar kjósa sér formenn í stað þess að þeir voru áður skipaðir af menntamálaráðuneytinu. Fræðsluráðin, sem störfuðu í kaupstöðum, höfðu hins vegar kosið sína formenn samkvæmt fyrri lögum og þótti sjálfsagt að koma þarna á samræmi og auka um leið vald heimaaðila.

Þá var 23. ágúst 1974 skipað til fjögurra ára í samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga samkvæmt 9. gr. grunnskólalaga.

Fjórir menn eiga sæti í nefndinni, tveir af hvorra hálfu. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga voru Björn Halldórsson, skrifstofustjóri Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, og Ölvir Karlsson, oddviti, tilnefndir í nefndina en af hálfu menntamálaráðherra voru skipaðir Indriði H. Þorláksson deildarstjóri, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri. Var hann á fyrsta fundi nefndarinnar kjörinn formaður hennar.

Varamenn í nefndinni eru Jón Helgason, alþingismaður, Garðar Sigurgeirsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, og Torfi Ásgeirsson, deildarstjóri.

Samkvæmt eldri lögum, skólakostnaðarlögum nr. 49/1967, var starfandi samstarfsnefnd þessara aðila, en miklu fjölmennari eða skipuð 11 mönnum og þótti það óþarflega þungt í vöfum.

Fullyrða má að báðar samstarfsnefndirnar hafa haft mikla þýðingu fyrir báða aðila, ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, við lausn ýmissa mála, einkum fjárhagslegs eðlis.

Ákvæði 9. gr. grunnskólalaga um samstarfsnefndina eru þannig:

„Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.“

Nefndin hefur fjallað um reglugerðir sem út hafa verið gefnar samkvæmt grunnskóla- og skólakerfislögum, auk þess sem ýmis önnur mál hafa verið tekin til umræðu í nefndinni. Nefndin hefur þegar þetta er ritað haldið 17 fundi frá því er hún var skipuð.

Þá var hinn 31. maí 1976 komið á fót samstarfsnefnd milli ráðuneytisins og samtaka skólastjóra og kennara. Þessi nefnd hefur einnig, eftir að hún tók til starfa, fjallað um drög að reglugerðum o. fl. Í nefnd þessa voru skipaðir til þriggja ára formenn skólastjóra og kennarasamtaka, þannig: Ingi Kristinsson, skólastjóri, formaður Sambands ísl. barnakennara, Ólafur S. Ólafsson, kennari, formaður Landssambands framhaldsskólakennara, Arngrímur Sigurðsson, kennari, formaður Félags háskólamenntaðra kennara, Magnús Jónsson, skólastjóri, formaður Félags skólastjóra héraðs- og gagnfræðaskóla og Hans Jörgensson, skólastjóri, formaður Skólastjórafélags Íslands.

Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, var skipaður formaður nefndarinnar, Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, varaformaður, og Guðný Helgadóttir, stjórnarráðsfulltrúi, ritari.

Fljótlega að samþykktum skólakerfis- og grunnskólalögum var hafist handa um samningu þeirra reglugerð og erindisbréfa, sem lögin mæla fyrir um. Sú aðferð var höfð að koma á fót mörgum vinnuhópum í þessu skyni til þess að sem flest sjónarmið fengju að njóta sín eins og einnig var leitast við við undirbúning lagafrumvarpanna um skólakerfi og grunnskóla, sbr. hina víðtæku kynningu frumvarpanna með fundahöldum og breytingum á þeim í framhaldi af fundunum.

Vinnuhópar og verkefni þeirra voru sem hér segir:

1. **Erindisbréf fyrir skólanefndir.** Það verk var falið Ölvi Karlssyni, oddvita, Herði Zóphoníassyni, skólastjóra, og Valgarði Haraldssyni, námsstjóra, sem var formaður nefndarinnar.
2. **Erindisbréf fyrir skólastjóra, yfirkennara og kennara.** Það önnuðust Ingi Kristinsson, skólastjóri, formaður Sambands íslenskra barnakennara, formaður nefndarinnar, Ragnar Georgsson, skólafulltrúi, Skúli Halldórsson, formaður

Félags háskólamenntaðra kennara, Ólafur S. Ólafsson, formaður Landssambands framhaldsskólakennara, og Rafn Eiríksson, skólastjóri Nesjaskóla.

3. Reglugerð samkvæmt 11. gr. grunnskólalaga, þar sem m. a. er kveðið á um **fundarsetu** skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka o. fl. **á fundum fræðsluráða.** Björn Halldórsson, skrifstofustjóri Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, og Indriði H. Þorlaksson, deildarstjóri, sömdu þá reglugerð.
4. **Erindisbréf fyrir fræðslustjóra** sömdu þeir Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristján Ingólfsson, námsstjóri.
5. Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga skal almennur kennarafundur í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, kjósa þriggja manna **kennararáð,** sem sé skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans. Reglugerð um þetta og fleiri atriði í 20. gr. sömdu Valgeir Gestsson, skólastjóri að Varmalandi, formaður, Gunnlaugur Sigurðsson, skólastjóri í Garðahreppi, og Bergþór Finnbogason, kennari á Selfossi.
6. Samkvæmt 23. gr. grunnskólalaga á að semja **framkvæmdaáætlun um skólabyggingar** fyrir allt landið, bæði áætlun, sem tekur yfir 10 ára bil og áætlun eitt ár fram í tímann. Indriði H. Þorlaksson stýrir þessu verki.
7. Reglugerð um **umsjón og eftirlit í heimavistum** sömdu þeir Sigurður Helgason, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, formaður, Böðvar Stefánsson, skólastjóri að Ljósafossi, og Ólafur H. Kristjánsson, skólastjóri að Reykjum í Hrútafirði.
8. Samkvæmt 28. gr. laganna á ráðuneytið að ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins, **árlegan hundraðshluta af brunabótamati** hvers skólahúss **til viðhalds húsum og lóðum.** Indriði H. Þorlaksson og Torfi Ásgeirsson, deildarstjórar, fjalla um þetta.
9. Samkvæmt 31. gr. grunnskólalaga á menntamálaráðuneytið að ákveða **lágmarkskennsluskyldu yfirkennara,** miðað við stærð skóla. Stefáni Ólafi Jónssyni, deildarstjóra, var falið að semja reglur um þetta.
10. Samkvæmt 40. gr. laganna á að setja reglugerð um ýmis atriði varðandi framkvæmd **orlofs kennara.** Þessa reglugerð sömdu þeir Helgi Þorsteinsson, skólastjóri á Dalvík, formaður, Jóhann Jóhannsson, skólastjóri, og Steinar Þorfinnsson, kennari.
11. Samkvæmt 41. gr. laganna á að setja reglugerð um **starfstíma skóla,** m. a. ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfi. Einnig er í greininni fjallað um sumarskóla fyrir börn í 1.—6. bekk. Þetta verk önnuðust Andri Ísaksson, prófessor, Torfi Guðbrandsson, skólastjóri að Finnbogastöðum í Strandasýslu, og Angantýr Einarsson, skólastjóri á Raufarhöfn.
12. Samkvæmt 42. gr. ber að setja grunnskólum **aðalnámsskrá** og í þessari grein laganna eru taldar upp þær námsgreinar, sem fyrirskipaðar eru í sjálfum lögunum. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun námsefnis og undirbúningi að aðalnámsskrá, sem gert var ráð fyrir að gæti komið til notkunar haustið 1975.
13. Samkvæmt 43. gr. er ætlast til að menntamálaráðuneytið gangist fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, sem einkum hafa með höndum **félagsstörf í skólunum,** og ber ráðuneytinu einnig að sjá um að gefnar verði út **leiðbeiningar um félagsstörf í skólum,** kennurum til stuðnings. Var Reyni G. Karlssyni, æskulýðsfulltrúa, falið að annast þetta.
14. Samkvæmt 45. gr. grunnskólalaga skulu **leyfisdagar í skólum** ákveðnir í reglugerð, að því leyti sem þeir eru ekki tilgreindir í lögunum sjálfum. Reglugerðina sömdu þeir Stefán Ólafur Jónsson, Sigurður Helgason og sr. Sigurður K. G. Sigurðsson.
15. Samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga á að sjá afbrigðilegum börnum fyrir **kennslu í sérstofnunum** og á menntamálaráðuneytið að hafa forgöngu um, að slíkar

stofnanir verði reistar, láta gera heildaráætlun um þær og rekstur þeirra og skal slík áætlun komin til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laganna, en allur stofn- og rekstrarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til. Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi, Þorsteinn Sigurðsson, sérkennslufulltrúi, og Magnús Magnússon, skólastjóri Höfðaskóla, unnu að þessu verkefni.

16. Setja á reglugerð samkvæmt 54. gr. laganna, en sú grein fjallar um **aga**. Dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, prófessor, Sverrir Pálsson, skólastjóri á Akureyri, og Jón Hjartarson, skólastjóri að Kirkjubæjarklaustri, sömdu þessa reglugerð.
17. Samkvæmt 62. gr. ber að setja reglugerð um **framkvæmd námsmats**. Hörður Lárusson, deildarstjóri, dr. Þuríður Kristjánsdóttir, prófessor, og Helgi Þorláksson, skólastjóri, hafa starfað að þessu.
18. Samkvæmt 67. gr. ber ráðuneytinu í samráði við fræðslustjórana að gera heildaráætlun um **framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu**. Þetta verk önnuðust þeir Andri Ísaksson, prófessor, Ölvir Karlsson, oddviti, og Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri.
19. Samkvæmt 72. gr. á að setja reglugerð um **skólasöfn**, þ. e. húsnæði þeirra, bókakost og önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti. Þetta verk önnuðust þau Stefán Júlíusson, bókafulltrúi, Ásgeir Guðmundsson, skólastjóri, og Erla Jónsdóttir, skólabókavörður.
20. Setja þarf reglur um, hvaða skilyrðum beri að fullnægja til þess að heimiluð verði **forskólakennsla**. Í nefnd til þess að sinna þessu verkefni voru skipuð Anton Sigurðsson, skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar, Jónas Pálsson, skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans og Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fósturskólans.

Vinna við reglugerðirnar hefur verið afar mikil, bæði hjá vinnuhópunum og eins í ráðuneytinu við samræmingu þeirra og úrvinnslu umsagna, sem leitað var eftir. Grunnskólanefnd starfaði áfram og var til aðstoðar við reglugerðarvinnuna, en aðallega voru það þó þrír nefndarmanna sem að því unnu: formaður nefndarinnar Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, Andri Ísaksson, prófessor og Kristján Ingólfsson, fræðslustjóri, meðan hans naut við. Grunnskólanefnd lauk störfum 15. febrúar 1978.

Reglugerðardrögin voru rædd í samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og einnig í samstarfsnefnd ráðuneytisins og skólastjóra- og kennarasamtakanna eftir að henni var komið á fót. En öll er þessi vinna og endanlegt efni reglugerða og erindisbréfa að sjálfsögðu á ábyrgð ráðuneytisins, því að í ýmsum tilfellum hefur verið vikið frá frumtillögum vinnuhópa.

Fer hér á eftir yfirlit um þær reglugerðir og erindisbréf er út hafa verið gefin samkvæmt skólakerfis- og grunnskólalögum:

1. **Reglugerð** nr. 61 frá 7. mars 1975, um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 80—81.
2. **Reglugerð** nr. 62 frá 17. mars 1975, um orlof kennara og skólastjóra samkvæmt lögum nr. 63/1974, um grunnskóla. — Stj. tíð. 1975, B, bls. 81—83.
3. **Reglugerð** nr. 213 frá 28. maí 1975, um rekstrarkostnað grunnskóla. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 407—417.
4. **Reglugerð** nr. 214 frá 11. maí 1975, um greiðslu fæðiskostnaðar samkvæmt 9. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 418.
5. **Reglugerð** nr. 333 frá 11. júlí 1975, um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla. Stj.tíð. 1975, B, bls. 621—622.
6. **Reglugerð** nr. 512 frá 6. desember 1975, um skólareglur o. fl. í grunnskóla. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 1009—1010.
7. **Reglugerð** nr. 514 frá 6. desember 1975, um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o. fl. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 1011—1012.
8. **Reglugerð** nr. 79 frá 11. mars 1976, um starfstíma grunnskóla. — Stj. tíð. 1976, B, bls. 137—140.

9. **Reglugerð** nr. 80 frá 11. mars 1976 um leyfi í skólum. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 140.
10. **Reglugerð** nr. 182 frá 27. apríl 1976, um störf fræðslustjóra. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 293—300.
11. **Reglugerð** nr. 183 frá 27. apríl 1976, um fræðsluráð. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 300—304.
12. **Reglugerð** nr. 184 frá 27. apríl 1976, um kennarafundi og kennararáð. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 304—306.
13. **Erindisbréf** nr. 185 frá 30. apríl 1976, fyrir skólanefndir grunnskóla. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 306—315.
14. **Erindisbréf** nr. 197 frá 24. maí 1976, fyrir skólastjóra grunnskóla. — Stj. tíð. 1976, B, bls. 327—331.
15. **Erindisbréf** nr. 198 frá 24. maí 1976, fyrir kennara í grunnskóla. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 332—334.
16. **Auglýsing** nr. 352 frá 27. september 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla, (almennur hluti). — Stj. tíð. 1976, B, bls. 683.
17. **Auglýsing** nr. 353 frá 27. september 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (eðlis- og efnafræði). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 683.
18. **Auglýsing** nr. 354 frá 27. september 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (tónmennt). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 683.
19. **Auglýsing** nr. 355 frá 27. júlí 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (móðurmál). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 684.
20. **Auglýsing** nr. 356 frá 6. ágúst 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (erlend mál, danska og enska). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 684.
21. **Auglýsing** nr. 357 frá 17. ágúst 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (kristinfræði). — Stj. tíð. 1976, B, bls. 684.
22. **Reglur** nr. 445 frá 22. desember 1976, um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 847—848.
23. **Auglýsing** nr. 184 frá 3. maí 1977, um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1977—1978. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 302—303.
24. **Reglugerð** nr. 270 frá 1. júní 1977, um sérkennslu. — Stj. tíð. 1977, B, bls. 421—428.
25. **Reglugerð** nr. 398 frá 3. nóvember 1977, um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 693.
26. **Reglugerð** nr. 433 frá 9. desember 1977, um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 726—728.
27. **Erindisbréf** nr. 434 frá 9. desember 1977, fyrir leiðsögukennara. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 729—730.
28. **Reglugerð** nr. 435 frá 9. desember 1977, um heimavistir grunnskóla og starfsmannafund í heimavistar- og heimanaksturssskólum. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 730—732.
29. **Erindisbréf** nr. 23 frá 20. janúar 1978, fyrir æfingarkennara við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands. — Stj.tíð. 1978, B, bls. 56—57.
30. Reglur nr. 116 frá 28. febrúar 1978 um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla.

Um reglugerðir þessar, námsskrár og erindisbréf gildir að sjálfsögðu, að um sífellda endurskoðun þarf að vera að ræða til þess að sníða af agnúa sem hljóta að koma í ljós í jafn umfangsmiklu og vandasömu verki og laga þarf leiðbeiningar og fyrirmæli að breyttum háttum og aðstæðum á hverjum tíma. Einnig þarf að endurskoða löggjöfina við og við og lagfæra hana í samræmi við reynslu og tímans rás.

Þær reglugerðir, sem enn hafa ekki verið settar þegar þetta er ritað, eru:

1. um skólasöfn
2. um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu
3. um forskólakennslu
4. um námstjórn
5. um námsmat.

Stjórn grunnskóla.

Yfirstjórn menntamála í landinu er í höndum **menntamálaráðuneytisins.** Í samræmi við ákvæði í grunnskólalögunum hefur nú verið komið á fót **samstarfsnefnd ráðuneytisins** og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem hefur það hlutverk að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna.

Í grunnskólalögum er það nýmæli að skipta landinu í **fræðsluumdæmi** eftir kjördæmum. Fræðsluumdæmin eru 8 og hafa verið kjörin **fræðsluráð** og skipaðir **fræðslustjórar** í þeim öllum. Grunnskólalögin gera ráð fyrir flutningi verkefna úr menntamálaráðuneytinu til hinna ýmsu fræðsluumdæma. Þessi ákvæði eru sem óðast að koma til framkvæmda eftir því sem fræðslustjóraembættin hafa aðstöðu til og hentugt þykir.

Í eldri lögum voru ákvæði um fræðsluráð og **skólanefndir.** Í öllum kaupstöðum og öllum sýslum voru fræðsluráð. Fræðsluráðin í kaupstöðum önnuðust það hlutverk sem nú hefur verið falið skólanefndum, en hlutverk fræðsluráðanna í sýslunum er nú fallið inn í starfssvið fræðsluráða fræðsluumdæmanna.

Í eldri lögum voru ákvæði um námseftirlit og námsstjóra. Í grunnskólalögunum er þetta *námseftirlit* falið fræðslustjórum.

Skólanefndir samkvæmt grunnskólalögum starfa á svipuðum grundvelli og skólanefndir gerðu samkvæmt eldri lögum. Sú breyting hefur verið gerð á skipun skólanefnda frá því sem áður var, að skólanefnd kýs sér sjálf formann, en áður var hann skipaður af ráðherra.

Í grunnskólalögum eru ákvæði um ráðningu **skólafulltrúa** sem er framkvæmdastjóri viðkomandi skólanefndar. Nokkrar skólanefndir hafa nú þegar notfært sér þetta ákvæði.

Nokkrar breytingar hafa orðið á stjórnum einstakra skóla m. a. með tilkomu **kennararáða** í skólunum og auknum áhrifum kennara á stjórn skólanna. Þá eru ákvæðin um að skólar með 10 kennara eða fleiri eigi rétt á að ráða **yfirkennara** mikilsverð nýmæli. Nú eiga 63 skólar á landinu rétt á yfirkennurum samkvæmt þessum ákvæðum og er búið að ráða yfirkennara í 56 skóla. Í eldri lögum voru einungis heimildarákvæði fyrir sveitarfélög að ráða yfirkennara á sinn kostnað, en nú er yfirkennari ríkisstarfsmaður.

Almennt séð hafa áhrif kennara á stjórn skólamála verið aukin með ákvæðum um rétt kennara til að sitja fundi fræðsluráða og skólanefnda þar sem þeir hafa málfrelsi og tillögurétt.

Auk þess eru þau nýmæli í lögunum að foreldrum og nemendum gefst nú kostur á að hafa frekari áhrif á skólastarfið en áður var með ákvæðum um foreldrafélög, sem eiga rétt á að hafa fulltrúa á kennarafundum, svo og ákvæðum um nemendaráð, en þau eiga rétt á að hafa fulltrúa á kennarafundum og fundum skólastjóra og kennararáðs.

Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um embættisgengi skólastjóra og kennara.

Skólastjórar.

Í 30. gr. grunnskólalaga eru ákvæði um embættisgengi skólastjóra sem ekki voru í eldri fræðslulögum. Þau kveða svo á um að eigi megi skipa skólastjóra við grunnskóla nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu.

Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra sem gegnt höfðu skólastjórastarfi fyrir gildistöku laganna.

Nú eru skólastjórar grunnskóla alls 208 þar af hafa 179 lokið kennaraprófi eða 86%. Af þeim 29 sem ekki hafa lokið kennaraprófi eru 9 skipaðir eða settir um óákveðinn tíma samkvæmt eldri lögum en 20 hafa verið settir til eins árs í stöður sem engir með kennsluréttindi sóttu um.

Yfirkennarar.

Í 31. gr. grunnskólalaga eru þau nýmæli að við grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða yfirkennara.

Alls hafa 63 grunnskólar heimild til að fá ráðinn yfirkennara samkvæmt ákvæðum þessum og hafa nú 56 yfirkennarar verið settir eða skipaðir, þar af 48 með full kennsluréttindi.

Um embættisgengi yfirkennara gilda sömu ákvæði og um skólastjóra.

Kennarar.

Sömu ákvæði gilda samkvæmt grunnskólalögum um skipun kennara við grunnskóla og giltu áður um skipun kennara við barnaskóla. Mæla þau svo fyrir að engan megi skipa kennara við grunnskóla nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu (32. gr.).

Talsvert skortir á að allir kennarar við grunnskóla uppfylli þessi skilyrði.

Stafar það af því að eigi hafa sótt um allar auglýstar stöður menn með kennsluréttindi þrátt fyrir það að stöðurnar hafi verið endurauglýstar í flestum tilvikum.

Tafla á bls. 22 sýnir fjölda starfandi kennara við grunnskóla skólaárið 1977/78 og menntun þeirra (skólastjórar og yfirkennarar meðtaldir).

Í 33. gr. grunnskólalaga eru ákvæði um að stefnt skuli að því að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Hér er um nýmæli að ræða.

Einnig eru í sömu grein ákvæði um að skólastjórar og kennarar, sem láta af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, tilkynni það skriflega til skólanefndar og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar.

Í samræmi við þessi ákvæði hefur menntamálaráðuneytið í byrjun hvers árs hvatt skólanefndir til að tilkynna fræðslustjórum um stöðubreytingar svo fljótt sem auðið væri og hafa lausar stöður verið auglýstar jafnóðum og þær tilkynningar hafa borist.

Þrátt fyrir það hefur aðeins tekist að ráða hluta af grunnskólakennurum fyrir 1. júlí og stafar það mest af því að kennarar með kennsluréttindi hafa ekki sótt um hinar stöðurnar. Hafa þær því verið endurauglýstar fram eftir sumri.

Annað starfsfólk.

Í 34. grunnskólalaga er það nýmæli að gert er ráð fyrir að skólabrytar, sem ráðnir eru til að veita forstöðu mötuneytum í heimavistarskólum, verði ríkisstarfsmenn, ráðnir, settir eða skipaðir af menntamálaráðuneytinu. Þetta hefur þó eigi enn komið til framkvæmda.

Annað starfsfólk við mötuneyti og heimavistir grunnskóla er ráðið með svipuðum hætti og áður, en gert er ráð fyrir því í lögunum að heimilt sé að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Orlof skólastjóra og kennara.

40. gr. grunnskólalaga fjallar um orlof skólastjóra og kennara. Gerir hún m. a. ráð fyrir, að sami kennari geti á embættisferli sínum fengið samanlagt tvenn árslaun til orlofs í stað 1½ áður og bætt er inn heimild til birtingar orlofsskýrslna.

Greinin felur í sér nokkrar breytingar á ákvæðum fyrri laga og miða þær að því að rýmka fyrri ákvæði og gera þau víðtækari. Helstu breytingar eru:

a) Til að koma til álita við veitingu orlofs þurfti áður 10 ára embættisferil en nú 5 ár.

b) Eldra ákvæði um að enginn kennari geti fengið orlof nema einu sinni (þ. e. full laun í eins árs orlofi) er rýmkað þannig að gert er ráð fyrir að orlof, sem nemur tveggja ára embættislaunum kennara, verði hámark eins og fyrr segir.

Fastir kennarar við grunnskóla skólaárið 1977/78.
Skipting eftir prófum og fræðsluumdæmum.

	Reykjavík		Reykjanes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurl. vestra		Norðurl. eystra		Austurland		Suðurland		Alls	
	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%
Kennarapr. alm. eða sérgr. frá kennarask. eða háskóla	686	89,9	424	78,2	112	64,7	69	59,0	72	54,5	190	64,8	92	56,5	162	68,4	1807	74,7
B.A. eða B.S. próf	18	2,4	24	4,4	5	2,9	2	1,7	5	3,8	12	4,1	6	3,7	10	4,3	82	3,4
Önnur háskólapróf	6	0,8	5	0,9			1	0,9	1	0,8	2	0,7	2	1,2			17	0,7
Stúdentspróf og hluti háskólanáms	33	4,3	23	4,3	7	4,0	10	8,5	9	6,8	14	4,8	10	6,1	9	3,8	115	4,8
Stúdentspróf	14	1,8	27	5,0	24	13,9	14	12,0	16	12,1	41	14,0	18	11,1	31	13,1	185	7,7
Próf úr verslunarsk. eða Samvinnusk.	3	0,4	7	1,3	2	1,2	5	4,2	3	2,3	3	1,0	4	2,5	2	0,8	29	1,2
Iðn- eða tæknifræðinám	1	0,1	8	1,5	8	4,6	2	1,7	4	3,0	6	2,1	7	4,3	8	3,4	44	1,8
Búfræði- eða garðyrkjunám			2	0,4			3	2,6	3	2,3			3	1,8	2	0,8	13	0,5
Tónlistar- eða myndlistarnám			4	0,7			1	0,9			1	0,3	1	0,6	1	0,4	8	0,3
Fósturnám			5	0,9	3	1,7			3	2,3	3	1,0	2	1,2	2	0,8	18	0,7
Landspróf eða gagnfræðapróf	2	0,3	11	2,0	11	6,4	10	8,5	13	9,8	19	6,5	15	9,2	9	3,8	90	3,7
Annað nám			2	0,4	1	0,6			3	2,3	2	0,7	3	1,8	1	0,4	12	0,5
Alls	763	100	542	100	173	100	117	100	132	100	293	100	163	100	237	100	2420	100

c) Hægt verður að veita styttri orlof, allt niður í tveggja mánaða.
d) Heils árs orlof skal að jafnaði ekki veitt nema til samfellds náms.
e) Mörgum kennara er nú um megn að taka orlof vegna þess að ein laun nægja ekki til þess bæði að kosta nám og framfleyta fjölskyldu. Því er ákvæði um möguleika á viðbótarstyrk.
f) Stuttar, en vel skipulagðar námsferðir geta verið mjög gagnlegar, og er hér gert ráð fyrir að til slíkra ferða sé unnt að verja hluta orlofsfjárveitingar.
g) Við ákvæðið um skyldu kennara til að rita menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf og nám á orlofstímanum er bætt heimild til ráðuneytisins til þess að birta slíkar skýrslur. Er þetta gert annars vegar í því skyni að tryggja, að umræddur fróðleikur nái til sem flestra, og hins vegar til aukins aðhalds.

Nánari ákvæði eru í reglugerð um orlof skólastjóra og kennara nr. 62/1975 er ráðuneytið gaf út 17. mars 1975.

Samkvæmt henni gerir sérstök nefnd skipuð 2 fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og 3 fulltrúum frá kennarasamtökunum tillögur til ráðherra um hverjir umsækjenda skuli hljóta orlof hverju sinni.

Fjárhæð sú, sem veitt er hverju sinni í fjárlögum til orlofs kennara, takmarkar fjölda orlofsþega.

Á síðustu árum hefur fjárveiting þessi nægt til að 1% af starfandi skólastjórum og kennurum fengju full starfslaun til endurmenntunar.

Í áðurnefndri reglugerð eru og ákvæði um að afgreiðslu orlofsumsókna skuli lokið fyrir janúarlok ár hvert.

Þessi ákvæði hafa í för með sér að orlof eru nú afgreidd mun fyrr en áður var og gefur það orlofsþegum möguleika á að sækja um skólavist við erlendar menntastofnanir á réttum tíma.

Starfstími grunnskóla.

Samkvæmt 41. gr. grunnskólalaga skal reglulegur starfstími grunnskóla vera 7—9 mánuðir árlega og skal skólaárið, þegar miðað er við hámarkskennslutíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

Nánar er kveðið á um starfstíma grunnskóla í reglugerð nr. 79/1976 er menntamálaráðuneytið gaf út 11. mars 1976.

Reglugerð um leyfi í skólum, sbr. 45. grein grunnskólalaga, var gefin út 11. mars 1976.

Hér á eftir fylgir tafla yfir starfstíma grunnskóla skólaárin 1967/1968, 1973/1974 og 1977/1978:

	Fjöldi skóla			Fjöldi nemenda			%		
	67/68	73/74	77/78	67/68	73/74	77/78	67/68	73/74	77/78
9 mánuðir	41	44	66	19 420	23 261	27 035	50,14	56,90	70,08
8½ mánuður	1	17	3	136	5 632	311	0,35	13,77	0,81
8 mánuðir	104	104	109	16 218	10 661	10 427	41,87	26,07	27,03
7½ mánuður	6	5	5	295	306	130	0,76	0,75	0,34
7 mánuðir	33	24	23	1 810	822	555	4,67	2,01	1,44
Styttri en 7 mánuðir	50	19	10	858	204	118	2,21	0,50	0,30
Samtals	235	213	216	38 729	40 886	38 576	100	100	100

Í 41. gr. laganna stendur m. a.: „Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.“

Enginn skóli hefur ennþá óskað eftir að nota þessa heimild.

Sérkennsla í og utan grunnskóla.

Í lögum um grunnskóla er gert ráð fyrir kennslu fyrir alla og við hæfi hvers og eins. Verði kennslunni ekki við komið við venjulegar aðstæður í almennum grunnskóla skal sköpuð aðstaða þar eða annars staðar fyrir þá nemendur sem það hentar, sbr. 50. og 52. gr. laga um grunnskóla. Til þess að þetta yrði framkvæmt að fyrirmælum laganna hefur verið gefin út reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977. Við samningu þessarar reglugerðar var leitað álits flestra þeirra aðila sem málið snerti á einhvern hátt, bæði leikra og lærðra.

Rétt er að skýra nokkur orð sem notuð eru í reglugerð þessari vegna þess að þau kynnu að vera notuð á annan hátt í daglegu tali eða vera bundin öðrum hugtökum í málvitund manna.

1. **Þjálfunarskóli** er skóli fyrir nemendur með mjög skerta greind, þ. e. minni greind en 50 greindarvísitölustig. Þar er nám fyrst og fremst í því fólgið að þjálfa nemendur til sjálfsbjargar og þátttöku í einföldum störfum.
2. **Hæfingarskóli** er skóli fyrir nemendur með svo skerta greind og venjulega fleiri þroskahamlanir, að þeir geta ekki notfært sér nám í venjulegum grunnskóla. Greindarvísitala þessara nemenda er frá 50 til 70. Þeir geta tileinkað sér bóklegt nám að nokkru marki og orðið nýtir starfsmenn þó oft með eftirliti og aðstoð.
3. **Sérskólar** eru allir þeir skólar taldir utan hins almenna grunnskóla sem ofangreind reglugerð tekur til.
4. **Sérkennsla** er sú kennsla kölluð hér, sem fer fram í sérskólum, utan hins almenna grunnskóla, svo og öll sú kennsla sem veitt er í grunnskólanum í formi aðstoðar, talkennslu eða kennslu í sérdeildum af ýmsu tagi.
5. **Athvarf** er staður innan skóla (eða utan) þar sem nemendur með hegðunarvandkvæði eða geðræna örðugleika fá hópmeðferð (allt að 8 nem. samtímis) þann hluta dagsins sem þeir eru ekki í bekkjum sínum í skóla.
   Í athvarf eru nemendur valdir af sálfræðideild skóla — sálfræðiskrifstofu.
6. Meðfylgjandi skilgreining var höfð til viðmiðunar þegar skólamenn leituðu að þeim nemendum sem um getur í töflum 1—7.

Notkun fagorða til lýsingar á afbrigðum.

I. Sérstakir námsörðugleikar kallast það þegar nemendur fá ekki full not af venjulegri kennslu vegna t. d. lestrar- eða skriftarörðugleika (orðblindu, dyslexi, dyskalkuli, dysgrafi, learning disability eða erfiðleika af félagslegum toga).

II. Málhamlaðir kallast þeir, sem eiga erfitt með nám og tal vegna galla í talfærum eða miðtaugakerfi.

III. Hegðunarvandkvæði hafa þeir, sem eru með geðræn vandamál (maladjusted, psychotic) og tilfinningalegur og félagslegur þroski er heftur eða í hættu að því marki að þeir eru ekki færir um að hafa gagn af kennslu í venjulegum bekk.

IV. Treggreindir (slow learner) kallast þeir, sem geta ekki fylgst með kennslu í venjulegum bekk vegna alhliða námsörðugleika af greindarskorti.

V. a) Vangefnir (mentally impaired, retarded, handicapped, subnormal) kallast þeir, sem ekki ná þroska til að uppfylla kröfur samfélagsins um nám, til félagslegs og fjárhagslegs sjálfstæðis.

   b) Heyrnleysingjar kallast þeir, sem hafa svo skerta heyrn að þeim duga ekki heyrnartæki til tjáskipta. Uppeldisfræðilega greinist milli þeirra sem fæddir eru heyrnarlausir og hinna sem misst hafa heyrn eftir að mál hefur verið lært.

   c) Heyrnarskertir kallast þeir sem eru þannig að þeir geta því aðeins tileinkað sér kennslu að notaðar séu sérstakar kennsluaðferðir og kennslugögn þótt viðkomandi hafi heyrnartæki.

   d) Blindir kallast þeir, sem eru sjónlausir eða sjónin er svo lítil að hún verður ekki nýtt við nám (blindraletur).

   e) Sjóndaprir eru þeir sem eru þannig að þeir geta því aðeins tileinkað sér kennslu, að notaðar séu sérstakar kennsluaðferðir og kennslugögn þótt viðkomandi noti gleraugu.

   f) Hreyfihamlaðir kallast þeir sem heftast í hreyfingum af gervilimum, lömun, flogaveiki, vöðvarýrnun (dysproxia) vansköpun eða svo hreyfihamlaðir á annan hátt að ekki er hægt að kenna þeim með öðrum án sérstakra ráðstafana.

   g) Veikir teljast þeir sem eru hindraðir í að njóta almennrar kennslu vegna læknisfræðilegrar meðferðar eða hressingar eftir sjúkdóm.

Þessi reglugerð gerir ráð fyrir því að megnið af sérkennslu fari fram í almennum grunnskóla, í sérdeildum af ýmsu tagi, hjálparbekkjum, stuðningskennslu eða athvörfum. Einnig er tekið tillit til þess hóps sem verður að fá sitt nám utan hins almenna grunnskóla um lengri eða skemmri tíma, t. d. í þjálfunarskólum, en þar eru nemendur sem tileinka sér mismunandi þjálfun og þannig orðið hæfari samfélagsborgarar (greindarvísitala <50). Þá eru aðrir einstaklingar sem verða að vera í sérskólum vegna andfélagslegrar framkomu, og nokkur hópur þarf einnig að vera í hæfingarskóla (Öskjuhlíðarskóla) en það er sá hluti nemenda sem er með greindarvísitölu 50—70 og ekki nýtist nám í almennum grunnskóla. Oft er það vegna þess að fleira kemur til sem hamlar námsgetu en greindarskorturinn einn. Það má gera ráð fyrir að hinn almenni grunnskóli geti sinnt kennslu þessa hóps nemenda með greindarvísitölu 50—70 að ¾ til ⅘ hlutum. Þessi nemendahópur er nokkuð stór eða 1.5—2.0% nemenda á grunnskólaaldri. ⅕ til ¼ þeirra þarf á sérskóla að halda. Hér er um ca. 0.5% nemenda á grunnskólaaldri að ræða. Reglugerðin gerir að öðru leyti ráð fyrir ákveðnu svigrúmi fyrir sérfræðinga um það hvernig sérkennslu og aðstoð verði best hagað.

Ráðinn hefur verið sérkennslufulltrúi í menntamálaráðuneytið til þess að annast þessi mál. Hans verksvið er að skipuleggja sérkennslumál í samvinnu við fræðslustjórana og sjá um framkvæmd þeirra fyrir hönd ráðuneytisins.

Ýmislegt hefur verið unnið að sérkennslumálum á landinu bæði fyrir og eftir setningu laga um grunnskóla 1974 og eru þar oft óljós skil milli framkvæmda. Rétt er því að leggja málið fram eins og best er vitað um aðstæður nú.

Sérkennsla innan hins almenna grunnskóla.

Innan hins almenna grunnskóla er málum háttað eins og eftirfarandi töflur bera með sér.

Eins og fram kemur í töflum 1—8 telja skólamenn að 7% til tæplega 17% grunnskólanemenda þurfi sérkennslu við. Mikill meirihluti þeirra nýtur hennar. Sá hluti skólaskyldra nemenda sem þarfnast sérkennslu en fá ekki er frá 0.67% í Suðurlandsumdæmi til 4.42% í Norðurlandsumdæmi vestra. Sennilega veldur mest um að nemendur fá ekki aðstoð að kennara skortir.

Ekki kemur hér fram hvað mikið kennslumagn fer til þessarar sérkennslu. Hjálp veitt nemendum er mismikil.

Nemendur í grunnskólum skólaárið 1976—77 voru 39 785. Af þessum nemendum nutu 3 553 aðstoðar eða 8.93%.

Í fræðsluumdæmunum eru 732 nemendur, að mati skólamanna, sem þurfa aðstoð, en fá ekki. Hér er um 1.84% nemenda að ræða.

Stærsti hópurinn er haldinn lítt skilgreindum námserfiðleikum og auðséð er að skólamenn eru tregir til að dæma nemendur treggreinda.

Í Reykjavík eru hegðunarvandkvæði ekki talin, en þau falla undir aðra starfsemi fyrir taugaveikluð börn og kemur það annars staðar fram í þessari skýrslu.

Þær prósentutölur sem fram koma í töflum eru reiknaðar af nemendafjölda á grunnskólastigi í viðkomandi fræðsluumdæmi á ofangreindu skólaári.

Tafla 1.

Reykjavík.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	1 500	11,5	100	0,8	1 600	12,3
Málhamlað	194	1,5	127	0,9	321	2,4
Hegðunarvandamál						
Treggreindir	149	1,1	60	0,5	209	1,6
Aðrir	50	0,4	5	0,04	55	0,44
Samtals	1 898	14,6	292	2,2	2 190	16,8

Tafla 2.

Austurland.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	215	9,07	31	1,3	244	10,3
Málhamlaðir	4	0,17	3	0,12	7	0,29
Hegðunarvandamál	12	0,5	16	0,55	28	1,05
Treggreindir	10	0,42	4	0,17	14	0,59
Aðrir	11	0,46	5	0,21	16	0,67
Samtals	252	10,64	59	2,49	311	13,13

Tafla 3.

Norðurland vestra.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	35	3,78	33	3,56	68	7,34
Málhamlaðir	1	0,11	1	0,11	2	0,22
Hegðunarvandamál	1	0,11	2	0,22	3	0,32
Treggreindir			4	0,43	4	0,43
Aðrir	4	0,43	1	0,11	5	0,54
Samtals	41	4,42	41	4,42	82	8,85

Tafla 4.

Norðurland eystra.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	151	3,85	34	0,87	185	4,71
Málhamlaðir	18	0,46	21	0,53	39	0,99
Hegðunarvandamál	2	0,05	11	0,28	13	0,33
Treggreindir	23	0,59	9	0,23	32	0,82
Aðrir	16	0,41	10	0,25	26	0,66
Samtals	210	5,35	85	2,17	295	7,52

Tafla 5.

Suðurland.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	139	3,8	10	0,3	149	4,1
Málhamlaðir	19	0,53	4	0,11	23	0,6
Hegðunarvandamál	27	0,7	2	0,06	29	0,8
Treggreindir	28	0,8	7	0,2	35	1,0
Aðrir	13	0,4			4	0,4
Samtals	226	6,31	23	0,67	249	6,98=7

Tafla 6.

Vestfirðir.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	81	4,38	12	0,65	93	5,03
Málhamlaðir	4	0,21	1	0,05	5	0,26
Hegðunarvandamál	7	0,37	2	0,10	9	0,47
Treggreindir	30	1,65	5	0,3	35	1,95
Aðrir	8	0,43	3	0,2	11	0,63
Samtals	130	7,04	23	1,3	153	8,34

Tafla 7.

Vesturland.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	152	5,69	40	1,50	192	7,19
Málhamlaðir	10	0,37	7	0,26	17	0,63
Hegðunarvandamál	52	1,94	15	0,56	67	2,51
Treggreindir	59	2,21			59	2,21
Aðrir	23	0,86	3	0,11	26	0,97
Samtals	297	11,13	65	2,44	362	13,57

Tafla 8.

Reykjanes.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	386	4,23	118	1,29	504	5,52
Málhamlaðir	46	0,50	8	0,09	54	0,59
Hegðunarvandamál	22	0,24	14	0,15	36	0,39
Treggreindir	32	0,35	2	0,02	34	0,37
Aðrir	13	0,14	2	0,02	15	0,16
Samtals	499	5,46	144	1,57	643	7,04

Gera verður ráð fyrir að koma þurfi á fót athvörfum í hverju fræðsluumdæmi. Þessi skoðun er studd þeim hegðunarvandamálum sem fram koma í töflum 1.—8. Alls eru hér 137 tilfelli og má búast við að ekki sé allt talið. Reykjavík virðist hafa leyst sín hegðunarvandamál í athvörfum.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla er gert ráð fyrir kostnaði ríkissjóðs af stofnun og rekstri skólaathvarfa:

„Í skólaheimavistum fyrir nemendur, sem falla undir ákvæði c, d og e-liða 51. gr. laga um grunnskóla, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum helming kostnaðar við gæslu, þjónustu, við endurnýjun tækja og búnaðar, viðhald húsa, kennslutækja og innanstokksmuna, svo og húsaleigu.

Af launakostnaði við matseld, vörslu og aðstoð við nemendur í dagvistun (skólaathvarfi) endurgreiðir ríkissjóður laun einnar forstöðukonu, auk þess sem samsvarar launum starfsstúlku í hálfu starfi fyrir hverja 16 nemendur eða annað hlutfall úr heilu starfi sé um aðra nemendatölu að ræða.

Allar endurgreiðslur eru háðar áætlun samþykktri af menntamálaráðuneytinu fyrir upphaf skólahalds ár hvert. Við endurgreiðslu skal taka tillit til almennra launahækkana og hækkana á öðrum kostnaðarliðum, sem samþykktir voru í áætlun.

Kostnað vegna matvæla og sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu þessara nemenda endurgreiðir ríkissjóður að hálfu.

Um rekstur þessara stofnana gilda að öðru leyti sömu ákvæði og um almenna grunnskóla.“

Kennsla, sem er samfara rekstri athvarfa, er innifalin í kennslumagni grunnskóla fræðsluumdæmisins.

Kostnaður við athvörf er fyrst og fremst rekstur og stofnbúnaður en víða mun hægt að koma athvarfi fyrir í húsnæði skóla viðkomandi staða.

Gert er ráð fyrir að 16 nemendur geti verið í sama athvarfi í tvísetnum skóla, 8 f. h. og 8 e. h.

Erfitt er að segja um kostnað og hefur það mest að segja hvort hægt er að nýta húsnæði sem fyrir er til þessara starfa.

Í áætlun Reykjavíkurborgar er reiknað með að kostnaður ríkisins sé 147 000 á nemanda yfir skólaárið.

Kostnaðaráætlun fyrir athvarf í Vestmannaeyjum var samþykkt 1977 og er hún birt hér til viðmiðunar um kostnað.

Athvarf í Vestmannaeyjum.

Hluti ríkissjóðs af kostnaði skv. áætlun:

½ stofnkostnaður	kr.	715 500
Laun ráðskonu í 10 mán. og laun aðstoðarstúlku að hluta	—	1 216 660
½ efniskostnaður í fæði nemenda	—	422 400
Samtals	Kr.	2 354 560

Laun kennara greiðast af ráðstöfunarfé til stuðningskennslu í grunnskóla sbr. reglugerð nr. 213/1975.

Ef miðað er við áætlun Reykjavíkur um rekstrarkostnað er hluti ríkisins af kostnaði á rekstri athvarfa utan Reykjavíkur fyrir 100 nem. 14 700 000 kr. á ári. Kostnaður við búnað, þótt húsnæði sé fyrir hendi, er ekki undir 2 000 000 kr. á athvarf og er þá hluti ríkisins helmingur þess.

Sérdeildir o. fl. í fræðsluumdæmum.

Í nokkrum tilfellum er hinn almenni grunnskóli ekki þannig í stakk búinn að hann geti veitt þeim stóra hóp hjálp sem talinn er með „sérstaka námsörðugleika I“. Hér er oft um vandamál að ræða sem hægt er að leysa á tiltölulega skömmum

tíma við góðar aðstæður. Hér er um 2777 nemendur að ræða. Í flestum tilfellum ráða skólarnir við vandann, en þó eru sum vandamál þannig að sérstakar ráðstafanir þurfa að koma til. Ýmislegt hefur verið reynt og má þar nefna sérdeildir í grunnskóla, farandkennsla sérmenntaðra kennara. Slík kennsla byggist á greiningu vandans, námsáætlun í samræmi við greininguna og aðstoð til kennara skólans við að vinna eftir gerðri áætlun. Þá er einnig möguleiki að veita þessum nemendum aðstoð í sérskóla, þar sem unnið er hratt og markvisst að lausn vandans.

Á Suðurlandi er starfrækt sérdeild í Þingborg. Þessi deild hefur verið starfrækt í 4 ár með góðum árangri. Þar eru nemendur í heimavist, en fara heim til sín um helgar. Ýmis vandamál eru þó í sambandi við sérfræðilega þjónustu, enda er ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta ekki tekin til starfa á Suðurlandi.

Sérdeild var starfrækt fyrir Austurland í Nesjaskóla í Nesjahreppi frá hausti 1975 til vors 1977. Skólaárið 1977—78 er þessi deild ekki starfandi vegna þess að engir kennarar fengust að deildinni. Hér voru nemendur í heimavist, en fóru heim til sín um jól og páska. Það háði mjög starfsemi deildarinnar að sérfræðilega aðstoð skorti.

Fræðslustjóri mun taka starfsemi þessarar deildar til athugunar í samráði við menntamálaráðuneytið fyrir næsta skólaár.

Hugmynd hefur verið um að leysa vanda Vestfjarða- og Vesturlandsumdæma í slíkum sérskóla og taka Staðarfell í Dölum undir þá starfsemi. Þar er reiknað með 20 nemendum samtímis og kostnaður var áætlaður í byrjun skólaárs 1977—78 kr. 32 millj. á ári.

Nemendur yrðu samkv. skilgreiningu á bls. 24, I.

Kennsla utan hins almenna grunnskóla.

Ástand kennslu utan hins almenna grunnskóla hefur lengi verið í mótun og hefur farið hægara hér en hjá nágrannaþjóðum okkar. Það hefur augljóslega bæði kosti og galla. Gallar eru helst þeir að ýmislegt er ógert sem betur hefði komist í framkvæmd, en við höfðum einnig losnað við sum þeirra mistaka sem fylgja forgöngu og má það teljast til kosta.

Heyrnleysingjakennsla er elsta sérkennsla hér á landi og býr hún nú við allgóðan húsakost. Flutt var í ný húsakynni árið 1971. Skólinn hefur ekki nægilega mörgum kennurum á að skipa til þess að geta leitt nemendur sína út á vinnumarkaðinn. Sjá töflu nr. 10.

Árið 1975 var lokið við byggingu I. áfanga Öskjuhlíðarskóla. Það voru tímamót í kennslumálum landsins því þá tók til starfa 1. hæfingarskóli ríkisins (þ. e. skóli fyrir nemendur með grv. 50—70). Áður hafði sams konar skóli verið rekinn af Reykjavíkurborg í ófullnægjandi húsnæði. Það var Höfðaskólinn. Hann var lagður niður þegar Öskjuhlíðarskólinn tók til starfa. Hér er aðeins um I. áfanga þessa skóla að ræða. Veitt hefur verið fé til þess að hefja framkvæmdir við næsta áfanga og er unnið að rannsókn á brýnustu þörfum, svo og teiknivinnu. Gert er ráð fyrir að vinna við verklegar framkvæmdir geti hafist á árinu 1978.

Nokkur hluti starfsemi þessa skóla fer fram í Kjarvalshúsi á Seltjarnarnesi. Hér er um fyrstu byrjun að sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla að ræða, en henni eru ætluð eftirtalin verkefni í 10. gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 270/1977:

„Við Öskjuhlíðarskóla starfi sérfræðideild sem annist eftirtalin verk:

a) rannsókn og greiningu á þroskaheftum börnum sem vísað er þangað til rannsóknar; ennfremur ráðgjöf og tilvísanir til meðferðaraðila,
b) skráningu og varðveislu upplýsinga um þroskaheft börn og ungmenni, m. a. í samvinnu við Kópavogshæli (göngudeild), sbr. reglugerð nr. 142/1977 um heilsugæslu, félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst á fávitastofnunum,
c) leiktækjaþjónustu og uppeldisráðgjöf til foreldra þroskaheftra barna yngri en 7 ára,

d) heilsugæslu nemenda sérskóla utan grunnskóla, þar með talin sjúkraþjálfun og eftirlit með sjón, heyrn og málmeinum, í samráði og samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og aðra þá aðila er sinna þessum málum,
e) eftirvernd nemenda sérskóla utan grunnskóla, svo sem einstaklingsráðgjöf og félagslega aðstoð við þá nemendur sem leita starfa í atvinnulífi í samráði við hlutaðeigandi sérskóla, endurhæfingarráð og félagsmálaráð sveitarfélaga,
f) leiðbeiningarstarf og þjálfun starfsmanna í samráði og samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eftir því sem við á. Skólastjóri Öskjuhlíðarskóla hefur forgöngu um að störf sérfræðideildar og fræðsluskrifstofa að þessum málum séu samhæfð".

Það veldur miklum óþægindum að öll starfsemi skólans skuli ekki geta verið á sama stað.

Gert er ráð fyrir að Öskjuhlíðarskóli rúmi 200 til 240 nemendur fullbyggður, og ætti það að geta svarað þörf landsins eða ca. 0.5% nemendafjölda í 1.—9. bekk á landinu öllu.

Í Öskjuhlíðarskóla eru nemendur nú 140 og 12 í sérfræðideildinni í Kjarvalshúsi.

Þjálfunarskólar eru ætlaðir þeim nemendum sem hafa mun skertari greind en þeir sem stunda nám í hæfingarskóla þ. e. grv. <50. Nám í slíkum skólum er því oft mjög frábrugðið því sem gerist í almennum grunnskóla. Þar er mest byggt á verklegri þjálfun. Þjálfunarskólar eru reknir við allar fávitastofnanir landsins og njóta þeir nemendur, sem þar eru, kennslu að einhverju marki. Engin þessara stofnana hefur þó húsnæði til skólarekstrar sem talist getur viðunandi. Sjá töflu 11. Veitt hefur verið fé til byggingar fyrsta skóla af þessu tagi, Lyngásskóla í Reykjavík.

Það er nauðsynlegt að koma upp samskonar aðstöðu og Öskjuhlíðarskólinn veitir sínum nemendum fyrir þjálfunarhæfa nemendur sem ekki geta notið kennslu heima hjá sér. Vonandi getur Lyngásskólinn sinnt því hlutverki að einhverju marki. Hér er einkum átt við þá 200 nemendur, sem skráðir eru neðst á töflu 10.

Lítið er vitað um þennan hóp sem kemur fram í skýrslu Margrétar Margeirsdóttur sem hún birti árið 1975 í sambandi við könnun þá sem hún gerði fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Skýrslan heitir „Könnun á fjölda vangefinna og skipting þeirra eftir landshlutum".

Í ofangreindri skýrslu eru töflur sem sýna hve margir vangefnir eru í heimahúsum. Samkvæmt þessum töflum eru 347 einstaklingar á aldrinum 0—20 ára sem enga kennslu fá. Gera má ráð fyrir að hér séu ca. 200 einstaklingar á skólaskyldualdri,

$$\text{þ. e. 6 ára til 18 ára } \left(\frac{347 \cdot 12}{20} = 208\right).$$

Ekki er hægt að áætla þessum hóp sérfræðiþjónustu vegna þess hve lítið er um hann vitað. Ekki er heldur hægt að gera sér grein fyrir kennslu þessara nemenda á forskólaaldri.

Tafla 9 er yfirlit yfir kennslu þroskaheftra nemenda nú sem njóta kennslu utan hins almenna grunnskóla. Í liðnum „annað starfsfólk" eru taldar fóstrur, þroskaþjálfar og uppeldisfulltrúar, sem vinna með börnum að þroskandi störfum og uppeldi, en auk þess annað starfsfólk svo sem hús-, bað- og gangverðir, matráðskonur o. fl.

Tafla 10 sýnir þá þörf sem telja verður að sé fyrir sérkennslu þroskaheftra nemenda utan grunnskóla. Hér eru mun fleiri nemendur en nú fá slíka kennslu. Einkum er um mikla fjölgun að ræða í Öskjuhlíðarskóla. Eftirspurn eftir skólavist þar er mjög mikil og ekki hægt að sinna öllum beiðnum eins og er.

Þeir 200 nemendur, sem áður er fjallað um, hækka einnig þessa tölu frá því sem nú er.

Tafla 9.

Skólar	Nem.fj. 1977—78	Kennara-stöður 1977—78	Annað starfs-fólk 1977—78	Sérfr., lækn., félagsráðgj. sjúkraþjálfar 1977—78
Öskjuhlíðarskóli og Kjarvalshús	151	30,07	17,75	3,24
Sólborg Akureyri	36	5,46		
Skálatún Mosfellssveit	31	4,94		
Tjaldanes Mosfellssveit	13	2,40		
Sólheimar Grímsnesi	6	2,00		
Kópavogshæli	49	2,10		
Lyngás	36			
Bjarkarás	10	9,00		
Sérkennslustöð Kópavogi	10—12	2,19	2,00	
Geðdeild Barnaspítala Hringsins	14	3,18		
Landspítali skóli	16	2,06		
Heyrnleysingjaskólinn	58	16,94	4,00	
Upptökuheimili Kópavogi	10+3	1,59	13,66	0,50
Breiðavík	6	1,06	5,00	
Bjarkarhlíð	10	4,24	2,00	0,10
Blindradeild Laugarnesskóla	8	2,19	1,00	
Hreyfihamlaðir Hlíðaskóli	16			
Heyrnarskertir Hlíðaskóli	6	5,99	2,00	
Málhamlaðir Hlíðaskóli	6			
Deildir Laugarn. Breiðag.	15	4,24	1,83	
Þingborg Árnessýslu	12	1,99	1,30	
Sérdeild Kársnesskóla	6	1,06		
Sérdeild Akureyri	10	1,05	0,40	
Samtals	537	103,75	50,9	3,84

Tafla 10.

Skólar	Nem.fj.	Kennara-stöður þörf	Annað starfs-fólk þörf	Sérfr., lækn., félagsráðgj., sjúkraþjálfar þörf
Öskjuhlíðarskóli og sérfr.d.	240	51,66	28,00	10,92
Sólborg Aaureyri	36	6,64	1,5	2,2
Skálatún Mosfellssveit	31	5,72	1,5	1,91
Tjaldanes Mosfellssveit	13	2,40	0,5	0,50
Sólheimar Grímsnesi	6	2,00	0,3	0,28
Kópavogshæli	49	9,04	1,66	
Lyngás	36	6,64	1,5	1,70
Bjarkarás	10	1,84	0,5	0,83
Sérkennslust. Kópavogi	12	4,43	2,00	0,35
Geðdeild barnaspítalans skóli	14	7,74		
Landspítali, barnadeild skóli	16	2,50		
Heyrnleysingjaskólinn	58	19,26	4,00	0,76
Upptökuheimilið Kópavogi	13	3,84	13,66	0,50
Skólah. Breiðavík	6	1,77	5,00	
Bjarkarhlíð	10	3,69	2,00	0,50
Blindradeild Laugarnesskóla	8	2,95	0,25	0,10
Hreyfihamlaðir Hlíðaskóli	16	5,31		
Heyrnarskertir Hlíðaskóli	6	1,10	0,50	
Málhamlaðir Hlíðaskóli	6	1,10		
Deildir Laugarnesskóla og Breiðagerðisskóla	15	5,54	1,00	0,66
Þingborg Árnessýslu	12	1,99	2,00	0,26
Sérdeild Akureyri	10	1,66	0,13	0,26
Óskilgreindur hópur í heimahúsum	200	36,16	2,50	
Sérdeild Staðarfell	20	5	6	
Samtals	843	189,55	74,5	

Í töflu 10 er gert ráð fyrir að ekki færri en 40 nemendur Öskjuhlíðarskóla séu fjölfatlaðir. Þessi tala er byggð á því hlutfalli fjölfatlaðra sem nú er í skólanum.

Sérfræðiþjónustu þarf að auka mikið frá því sem nú er, einkum við Öskjuhlíðarskóla. Hér er að nokkru rennt blint í sjóinn vegna takmarkaðrar reynslu. Þó verður að gera ráð fyrir að fremur sé van- en ofreiknað. Tafla 11 sýnir hvernig sérfræðistörfin skiptast.

Áður hefur verið sagt að skólamenn telji að ca. 12% nemenda grunnskóla séu þurfandi fyrir aðstoð. Reikna má með að þessi hópur þarfnist einnig sérfræðilegrar meðferðar. Grunnskólafrumvarpið gerði ráð fyrir að 39650 nemendur í grunnskóla þyrftu 16 sálfræðinga. 12% af þessum nemendahópi eru 4752 nemendur og kæmi þá 297 nemendur á hvern sálfræðing.

Í töflu 10 er gert ráð fyrir að 1 sálfræðingur komi á 142 nemendur til jafnaðar. Hér á hver nemandi við miklu meiri vandamál að stríða en þeir sem eru í almennum grunnskóla og má því telja að hér sé um eðlilegt hlutfall að ræða.

Sama máli gegnir um félagsráðgjafa. Hér er mikill fjöldi nemenda sem flytja verður að heiman til vandalausra og þurfa þá allir aðilar, nemandi, foreldrar og fósturforeldrar á mikilli félagslegri aðstoð að halda.

Tafla 10 skýrir sig sjálf. Þar kemur fram að of lítið er vitað um 200 nemendur talda á töflu 10 til þess að hægt sé að áætla sérfræðingaþörf fyrir þá.

Tafla 11.

Sérfræðingaþörf.

Skólar	Sálfr.	Sjúkraþj. Iðjuþj.	Læknar	Félagsráðgj.	Hjúkrunarfr.
			Klst. á viku		
Öskjuhlíðarskóli og Kjarvalshús (sérfr.d.)	80	140	68	120	30
Heyrnleysingjaskólinn	5		5	20	
Sérkennslust. Kópavogi	4			10	
Tjaldanes	5	13	1		
Sólborg Akureyri	7	40	1	40	
Skálatún	7	40	1	27	
Sólheimar	2	4	1	4	
Kópavogshælið	Hælið annast þjónustu				
Lyngás	7	40	1	20	
Bjarkarás	2	20	1	10	
Geðdeild barnaspítala Hringsins	Spítalinn annast þjónustu				
Landspítalinn skóli	Spítalinn annast þjónustu				
Upptökuheimilið Kópavogi	20			20	
Skólaheimilið Breiðavík	Upptökuheimilið annast þjónustu				
Bjarkarhlíð	2		1	8	
Blindradeild Laugarnesskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjónustu				
Hreyfih. Hlíðaskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjónustu				
Heyrnarsk. Hlíðaskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjkónustu				
Málhaml. Hlíðaskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjónustu				
Deildir Laugarnesskóla og Breiðagerðisskóla	4		2	20	
Þingborg sérd. Árn.	4		5	5	
Akureyri sérdeild	4		1	5	
Óskilgreindur hópur í heimahúsum					
Samtals tímar	153	297	88	309	30
Samtals sérfræðingar	3,83	7,53	2,20	7,73	0,75

Tala og flokkun sérfræðinga vegna Öskjuhlíðarskóla er gerð í samræmi við skoðanir sérfræðinga, sem þar vinna. Þeir telja þó að þessi áætlun geti tekið breytingum. Önnur flokkun er byggð á takmarkaðri reynslu þeirra sem á stofnunum vinna.

Tölurnar í töflu 12, um húsnæðisþörf eru fundnar eftir þeirri meginreglu, að sé um sérstofnanir að ræða er áætlað þrefalt húsrými á hvern nemanda borið saman við venjulega nemendur. Þetta stafar af því hvað nemendahóparnir eru miklu minni en í venjulegri kennslu. Stofur geta þó ekki verið minni að sama skapi. Stofur í Öskjuhlíðarskóla eru t. d. 40 m² á móti 60 m² í venjulegum grunnskóla.

Sé þroskaheftum nemanda kennt í venjulegum grunnskóla (integration) er reiknað með tvöfaldri húsrýmisþörf á við aðra nemendur. Hér er húsrýmisþörfin minni en vegna samnýtingar á stjórnarrými o. fl.

Mismunur þess sem nú er og þeirrar þarfar sem gera verður ráð fyrir á kennurum, öðru starfsliði, svo sem fóstrum, uppeldisfulltrúum og öðru starfsliði skóla, sérfræðingum og húsnæði og kostnaði við framkvæmd.

Tafla 12.

	Kennarar	Annað starfsfólk	Sérfræðingar	Húsnæði og bún.
Þörf	190,63	74,5	21,93	15,400 m²
Nú	103,84	50,9	3,84	5,250 m²
Mismunur	86,79	23,6	18,09	10,150 m²
Mismunur án brota	87	24	18	10,150 m²
Mismunur kr.	199 311 084	47 530 368	49 174 560	1 620 000 000

Skýringar við töflu 12:

Liðurinn „Annað starfsfólk“	12 fóstrur 10 lfl. 3. þrep og 12 þroskaþj. 10 lfl. 3. þrep.
Liðurinn „Sérfræðingar“	3 sálfræðingar BHM 108 5. þrep. 7 félagsráðgjafar BHM 106 5. þrep. 6 sjúkraþjálfar BHM 106 5. þrep. 2 læknar sérsamn. 400 000 á mán.
Liðurinn „Húsnæði og bún.“	er reiknaður út samkv. byggingavísitölu janúar 1978 og normum um skólabyggingar.

Töflur 1 til 12 eru miðaðar við grunnskólaaldur með þeim frávikum sem lög um grunnskóla gera ráð fyrir sbr. 52. gr.

Af því má ráða, að framhaldsnám (verknám) er aðeins að litlu leyti leyst enn sem komið er.

Vistanir vegna sérkennslu.

Á skólaárinu 1977—78 eru milli 40—50 vistanir nemenda Öskjuhlíðarskóla, Lyngáss og sérdeilda í Reykjavík.

Þá er rekið fjölskylduheimili í leiguhúsnæði í Selbrekku 32, Kópavogi, fyrir 6 nemendur sem erfitt mundi að vista hjá fjölskyldum. Þá er einnig heimavist vegna sérdeildar við Þingborg í Árnessýslu, en þar eru 12 nemendur.

Margt er ótalið sem gera þarf í tengslum við nám og kennslu þroskaheftra nemenda.

Eitt brýnasta verkefnið framundan er gerð námsskrár og kennslutækja í samræmi við hana. Til þess að svo megi verða þarf að veita fé til þess á fjárlögum.

Áætlun um kennslu samkv. 50., 51. og 52. gr. laga um grunnskóla.

Áætlun um kennslu samkv. 50., 51. og 52. gr. laga um grunnskóla fjallar um það sem ógert er og gera þarf. Upplýsingar, sem hún er byggð á, eru ekki fyllilega tæmandi, einkum hvað varðar sérfræðileg störf. Lög um grunnskóla gera ráð fyrir að kennsla þeirra nemenda, sem ofangreindar lagagreinar taka til, sé komin í gott horf að 10 árum liðnum frá samþykkt þeirra.

Áætlunin er samin með það í huga að hún verði framkvæmd í 2 þriggja ára áföngum. Í hvorum áfanga um sig er húsnæðisþörf skipt til helminga að heita má. Byggingar við Öskjuhlíðarskóla, Lyngás og Hlíðaskóla eru þegar í fjárlögum. Skólahúsnæði fyrir geðdeild Barnaspítala Hringsins þarf að leysa með færanlegum kennslustofum þar sem húsnæði spítalans er til bráðabirgða.

Húsnæði fyrir kennslu þess hóps sem kallaður er „óskilgreindur hópur í heimahúsum" hefur verið hlutað þannig sundur að reiknað er með að byggja 28.5% af áætlaðri húsnæðisþörf á fyrra tímabilinu.

Heimavistarhúsnæði er mjög lítið enda er sú stefna ríkjandi að koma sem flestum í fóstur á einkaheimilum og hafa fjölskylduheimili fyrir þá eina sem ekki er hægt að vista öðruvísi.

Þörf fyrir sérfræðinga hefur verið skipt á bæði tímabilin en þó eru þeir fleiri sem koma á það fyrra, enda bíða mörg óleyst verkefni. Reynt er þó að dreifa ráðningu þeirra á bæði tímabilin.

Kennsla verður að hefjast af fullum krafti sem allra fyrst, því er gert ráð fyrir að nær allir kennarar og „annað starfsfólk", sem að kennslu og uppeldisstörfum vinnur, sé ráðið á tímabili fyrra áfanga.

Þetta er einnig í samræmi við, að þær byggingar, sem um ræðir í fyrri hluta, verði teknar í notkun á þessu tímabili.

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga.
Áætlun fyrir árin 1978—79 og 80.

Stofnanir	Kennarar	Annað starfsfólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagsr. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m²	Heimavist m²
1. Öskjuhlíðarskóli(og Kjarvalsh.)	21,59	10,25	40	80	20	80	10	2 500	500
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes	0,3	3,5	12	40	4	30	20	1 200	
3. Kópavogshæli	7,3								
4. Sólborg Akureyri	1,2	1,5	7	40	1				
5. Sólheimar Grímsnesi			2	4	1				
6. Sérkennslustöð Kópavogi	2,24		4		5	10			
7. Geðdeild Barnasp. Hringsins	2,0							250	
8. Heyrnleysingjaskóli	2,32		5		5	10			
9. Upptökuheimili ríkisins Kóp.	2,25								
10. Bjarkarhlíð					1				
11. Blindradeild Laugarnesskóla									
12. Deildir í Hlíðaskóla	1,52							196	
13. Deildir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla	1,11		4		2	10			
14. Þingborg Árn. sérdeild	0,70		2		3	5			
15. Staðarfell (sérd. f. Vesturl. og Vestfirði)	5,0	6,0							
16. Óskilgr. hópur í heimahúsum	36,16							1 000	
	83,69	21,25	76	164	42	145	30	5 119 m²	500 m²
Starfsmenn	83,69	21,25	1,90	4,10	1,05	3,63	0,75		

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga.
Áætlun fyrir árin 1981—82 og 83.

Stofnanir	Kennarar	Annað starfsfólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagsr. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m²	Heimavist m²
1. Öskjuhlíðarskóli(og Kjarvalsh.)								765	
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes			10	40		20			250
3. Kópavogshæli								700	
4. Sólborg Akureyri						40		348	
5. Sólheimar Grímsnesi						4		108	
6. Sérkennslustöð Kópavogs						10		75	
7. Geðdeild Barnasp. Hringsins	2,57								
8. Heyrnleysingjaskóli						10			
9. Upptökuheimili ríkisins Kóp.									
10. Bjarkarhlíð						8		36	
11. Blindradeild Laugarnesskóla								56	
12. Deildir í Hlíðaskóla									
13. Deildir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla						10		70	
14. Þingborg Árn. sérdeild			2		2			130	
15. Óskilgr. hópur í heimahúsum		2,6						2 528	
16. Sérdeild Akureyri	0,66		4		1	5		60	
	3,23	2,5	16	40	3	107		4 876 m²	250 m²
Starfsmenn	3,23	2,5	0,23	1,00	0,08	2,68			

Áætlun um byggingu athvarfa.

Fræðsluumdæmi	Nem.	Fjöldi athv.	Starfsfólk	Rekstrarkostnaður í þús.[1])
Austurland	12	1	1,5	1 764
Suðurland[2])	27	1	1,5	3 969
Vestfirðir	7	1	1,5	1 029
Vesturland	52	3	4,5	7 644
Reykjanes[3])	65	4	6,0	9 555
	163	10	15,0	23 961

1) Þessar tölur eru miðaðar við áætlun Reykjavíkur til síðustu fjárlaga um rekstur athvarfa. Hér er eingöngu hluti ríkisins.
2) 1 athvarf stofnsett í Vestmannaeyjum 1977—78.
3) Tala nemenda áætluð út frá fjölda í athvörfum í Reykjavík.

Gera má ráð fyrir að athvörf þurfi að vera fleiri í dreifbýlinu en taflan gerir ráð fyrir vegna búsetu.

Hér er reynt að setja upp áætlun um þörf fyrir athvörf í fræðsluumdæmum landsins eftir þeim upplýsingum sem fengust úr könnun á sérkennslu og birtist í töflum 1—8. Þeir nemendur, sem taldir eru með hegðunarvandamál, eru hér taldir þurfa á athvarfi að halda. Í Norðurlandsumdæmum eru þeir svo fáir að þar er ekki talin þörf athvarfa. Í Reykjavík hefur verið komið á fót 5 athvörfum. Þar eru ekki talin hegðunarvandkvæði í skólum.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta.

Lög um grunnskóla gera ráð fyrir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í skólum. Í 66. gr. segir svo:

„Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins. .... Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis til slíkra starfa".

Ekki er í lögunum ákvæði um fjölda þeirra sem að þessum málum eiga að vinna.

Reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hefur ekki verið gefin út, en vinnuhópurinn, sem samdi drög að reglugerðinni, hefur skilað þeim til ráðuneytisins.

Uppbygging ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er mismunandi á veg komin í fræðsluhéruðum.

Í Reykjavík er þessu langt á veg komið, í Reykjanesumdæmi og umdæmum Norðurlands vestra og eystra er þessi starfsemi byrjuð, en í Vesturlands-, Vestfjarða-, Austurlands- og Suðurlandsumdæmum hefur ekki enn verið hafist handa. Eftirfarandi töflur sýna hvernig þessum málum er háttað. (Dálkur A).

Til glöggvunar er einnig birtur dálkur B yfir sérfræðingaþörf samkv. drögum að reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í skólum. Þar er gert ráð fyrir að starfslið skiptist þannig: Helmingur sálfræðingar, fjórðungur sérkennarar og annar fjórðungur félagsráðgjafar.

Fræðsluumdæmi	Sálfr. A	Sálfr. B	Sérk. A	Sérk. B	Félagsr. A	Félagsr. B	Samtals A	Samtals B
Reykjavík	6	6,5	1,5	3,25	4	3,25	11,5	13,0
Reykjanes	1	4,5	0	2,25	0	2,25	1,0	9,0
Norðurland vestra og eystra	2	3,25	0	1,66	0	1,66	2,0	6,57
Suðurland	0	1,75	0	1,0	0	1,0	0	3,75
Austurland	0	1,25	0	0,66	0	0,66	0	2,57
Vesturland	0	1,25	0	0,66	0	0,66	0	2,57
Vestfirðir	0	1,25	0	0,66	0	0,66	0	2,57
	9	19,75	1,5	10,14	4	10,14	14,5	40,03

Stöðugildi eru hér reiknuð í 1/1, 1/4, 3/4, 1/2 og 2/3.

Heilsuvernd.

73. grein grunnskólalaga hljóðar svo: „Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958, með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólastjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.

Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu."

Samkvæmt lagagrein þessari fer framkvæmd heilsugæslu í grunnskólum eftir lögum nr. 61/1957 um heilsuvernd í skólum og reglugerð nr. 214/1958 með áorðnum breytingum. Í greininni er lögð áhersla á góða samvinnu þeirra aðila er stjórna heilsuvernd í skólum við skólastjóra og fræðslustjóra. Slík samvinna er forsenda þess að

hver og einn grunnskólanemandi fái notið þeirrar heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni.

Aðstaða til heilsugæslu á sjúkrahúsum og á heilsugæslustöðvum fer ört batnandi auk þess sem nú er gert ráð fyrir húsrými fyrir heilbrigðisþjónustu í öllum nýjum skólabyggingum samkv. 25. grein grunnskólalaga og ákvæðum í lögum nr. 49/1967 um skólakostnað og ákvæðum um húsnæðisþörf í reglugerð nr. 159/1969 um stofnkostnað skóla.

Forskóli.

Samkvæmt 74. gr. grunnskólalaga er sveitarfélögum heimilt „að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla."

Samkvæmt ákvæðum þessum eru nú forskóladeildir 6 ára barna við allflesta grunnskóla í þéttbýli landsins.

Í fámennum skólum í strjálbýli eru 6 ára börn víða í bekkjardeildum með 7 ára börnum allt árið eða hluta úr ári.

Tala forskólanemenda skólaárið 1977/78:

Grunnskólar	6 ára	Hundraðst. af árg.	5 ára	Hundraðst. af árg.
Reykjavík	1 357	99,0	230	15,8
Reykjanes	923	94,6		
Vesturland	240	90,6		
Vestfirðir	103	48,8		
Norðurland vestra	135	71,1		
Norðurland eystra	399	61,7		
Austurland	195	84,4		
Suðurland	329	74,3		
Alls	3 681	89,8	230	5,1

Kennsla 5 og 6 ára barna annast í flestum tilfellum kennarar með almennt kennarapróf sem hafa sótt sérstök námskeið ætluð kennurum 6 ára barna.

Samkvæmt heimild í 74. gr. hafa fóstrur einnig verið ráðnar til starfa í forskóladeildum og hafa þær í flestum tilvikum einnig sótt áður nefnd námskeið.

Einkaskólar.

Í 75. grein grunnskólalaga eru ákvæði sem heimila menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla eða forskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar.

Þessi ákvæði eru efnislega í samræmi við ákvæði í fræðslulögunum frá 1946 og hafa því ekki neinar verulegar breytingar í för með sér.

Eftirtaldir einkaskólar eru starfandi á forskóla- og grunnskólastigi skólaárið 1977/1978 með samþykki menntamálaráðuneytisins:

	Forskóli		Grunnskóli									
	5 ára	6 ára	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	Samt.
Skóli Ásu Jónsdóttur	60	22										82
Skóli Ísaks Jónssonar	149	150	108	94								501
Landakotsskóli		21	7	16	17	21	19	14				115
Hlíðardalsskóli										16	25	
Barnaskóli Aðventista Hlíðardal			2	6	4	2	1	5	2			63
Barnaskóli Aðventista Reykjavík			1	3	3		4	6				17
Barnaskóli Aðventista Keflavík			1	2	4		5	3				15
Barnaskóli Aðventista Vestmannaeyjum		9	7	6	3	4	6	3	1			39
Alls	209	202	126	127	31	27	35	31	3	16	25	832

Samkvæmt grunnskólalögum eiga einkaskólar ekki kröfu til styrks af almannafé. Ríkissjóður greiðir laun kennara í Skóla Ísaks Jónssonar eftir sömu reglum og gilda um grunnskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Auk þess hafa Skóli Ásu Jónsdóttur, Hlíðardalsskóli og Landakotsskóli fengið styrk úr ríkissjóði undanfarin ár.

Tómstunda- og félagsstarf í skólum.

Í upphafi 43. greinar grunnskólalaga segir:

„Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.“

Þá eru einnig í 43. gr. ákvæði um að menntamálaráðuneytið skuli gangast fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, er með þessi mál fara í skólum, og sjá um að gefnar verði út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

Námskeið fyrir kennara.

Frá því í janúar 1974 hefur menntamálaráðuneytið í samvinnu við Æskulýðsráð ríkisins gengist fyrir 9 námskeiðum fyrir kennara þar sem fjallað hefur verið um félagsmálafræðslu og almennt félagsstarf skóla og æskulýðssamtaka.

Námskeið þessi hafa farið fram í öllum landsfjórðungum, en æskulýðsfulltrúi, Reynir G. Karlsson, hefur annast framkvæmd þeirra.

Námskeið fyrir kennaraefni.

Fræðsla og þjálfun í félags- og tómstundastörfum er nú fastur liður í námi kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands.

Fræðslufundir með kennurum.

Nokkrir fræðslufundir hafa verið haldnir með kennurum er annast félags- og tómstundastarfsemi með nemendum, og verða nú í vetur haldnir slíkir fræðslufundir víða um landið.

Nefnd til þess að velja námsefni og gera starfsáætlun að því er tekur til félagsmálafræðslu.

Í mars 1975 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að velja námsefni og gera starfsáætlun fyrir æskulýðsfélög og skóla landsins að því er tekur til félagsmála-

fræðslu. Í nefnd þessa voru skipuð Reynir G. Karlsson, æskulýðsfulltrúi, Pálína Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri, og Guðmundur Guðmundsson, kennari, Selfossi.

Í tillögum nefndarinnar, sem lagðar voru fram í júní 1975 komu m. a. fram hugmyndir um sérstakt námskeið í félagsmálafræðslu fyrir 6. bekk og að nemendur geti í 8. og 9. bekk valið félagsleg leiðbeinendastörf sem sérstaka valgrein. Þá setti nefndin einnig fram tillögur varðandi námsefni og tilhögun félagsmálafræðslu. Hefur síðan verið unnið á vegum menntamálaráðuneytisins og Æskulýðsráðs ríkisins samkvæmt þessum tillögum að námsefnisgerð og félagsmálafræðslu í skólum og félögum.

Útgáfa á leiðbeiningum fyrir byrjendur í félagsstörfum.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið gefið út tilraunanámsefni, sem ætlað er til notkunar við félagsmálanámskeið í 6. bekk og nefnist það „Félagsstörf, leiðbeiningar fyrir byrjendur í félagsstörfum".

Ólafur Oddsson, starfsmaður Félagsmálaskóla UMFÍ, tók hefti þetta saman ásamt æskulýðsfulltrúa, Reyni G. Karlssyni, en efni þess er að verulegu leyti byggt á námsefni er Æskulýðsráð ríkisins hefur gefið út til notkunar við félagsmálanámskeið.

Útgáfa á leiðbeiningum við félagsstörf í skólum.

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út í fjölriti „Félagsstörf í skólum, ýmsar hugmyndir og leiðbeiningar". Í fjölriti þessu er safn leikrita, leikja og ýmissa þátta félags- og tómstundastarfa. Útgáfuna annaðist æskilýðsfulltrúi, Reynir G. Karlsson og Guðbjartur Hannesson, kennari.

Fjölrit þetta hefur verið sent skólum landsins í „lausblaðaformi" og áformað er að halda áfram útgáfu slíkra hugmynda og leiðbeininga í félagsstarfi.

Reglugerð um framkvæmd félagsmála í grunnskólum.

(Sbr. c-lið 77. gr. grunnskólalaga).

Menntamálaráðuneytið skipaði hinn 17. janúar 1975 nefnd til að semja reglugerð um framkvæmd félagsmála í grunnskólum, en í nefndina voru skipaðir:

Reynir G. Karlsson, æskulýðsfulltrúi, form., Einar Kristjánsson, frv. skólastj., Laugum, Dalasýslu og Þórólfur Friðgeirsson, skólastjóri, Búðum í Fáskrúðsfirði.

Nefndin lagði tillögur sínar fyrir menntamálaráðuneytið, og hefur „Reglugerð um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla", verið gefin út.

Í reglugerðinni er m. a. skilgreint hvað átt er við með **„félagsstörf í grunnskóla"** og ákvæði er um félagsmálafræðslu í 6. bekk, en það ákvæði kemur til framkvæmda sem heimild á skólaárinu 1977—78 en að fullu frá upphafi skólaárs 1978—79.

Nefnd til að athuga og gera tillögur um húsnæðisþörf fyrir félagsstörf nemenda í grunnskólum.

Í febrúar 1977 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að athuga og gera tillögur um húsnæðisþörf fyrir félagsstarf nemenda í grunnskólum og öðrum þeim skólum er reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Í nefndina voru skipaðir þeir: Reynir G. Karlsson, æskulýðsfulltrúi, Ölvir Karlsson, oddviti, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, Ragnar Júlíusson, skólastjóri, og Davíð Oddsson, skrifstofustjóri.

Félagsstarf með nemendum hefur frá upphafi skólahalds á Íslandi verið þáttur í skólastarfinu. Þessum þætti hefur þó verið mjög misjafnlega sinnt, og hafa þá oftast ráðið atriði eins og aðstaða á hverjum stað, áhugi og kunnátta leiðbeinendanna, sem aðallega hafa verið kennarar og skólastjórar, og sú staðreynd að starf þetta með nemendunum hefur að mestu verið unnið án þess að fyrir það kæmi greiðsla.

Í grunnskólalögunum er lögð áhersla á breytta kennsluhætti og víðara verðsvið skólans sem uppeldisstofnunar, og er þar m. a. gert ráð fyrir að með skólastarfinu sé leitast við að þjálfa nemendur þannig að þeir geti með eðlilegum hætti tjáð skoðanir sínar og unnið í samstarfi við aðra að þroskandi viðfangsefnum í tómstundunum. Með þessu er að því stefnt að nemendur öðlist félagslegan þroska og verði hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi.

Þegar framansögð atriði eru höfð í huga, er eðlilegt að grunnskólalög kveði á um að nemendur skuli eiga þess kost að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, og að úr ríkissjóði skuli greidd ákveðin fjárhæð vegna starfa að umsjón og leiðbeiningum við skipulagt félagslíf nemenda. Til þess að takast megi að efla félags- og tómstundastörf með nemendum þarf þó m. a.

— að bæta aðstöðu í skólahúsnæðinu til þeirra þátta.
— að auka fræðslu og þjálfun kennaraefna að því er varðar félags- og tómstundastörf,
— að halda námskeið fyrir kennara og fjölga fræðslufundum um þessi mál,
— að endurskoða og gefa út að nýju leiðbeiningar varðandi félags- og tómstundastörf í skólum,
— að auka þær greislur er ríki og einstök sveitarfélög leggja fram vegna starfa við umsjón og leiðbeiningar við félagslíf nemenda.

Þær tilraunir með félagsmálafræðslu sem fram hafa farið í nokkrum skólum undanfarin þrjú ár að tilstuðlan menntamálaráðuneytisins og Æskulýðsráðs ríkisins hafa þótt takast vel.

Nemendur virðast hafa ráðið vel við námsefnið og yfirleitt tekið félagsmálafræðslunni með áhuga og ánægju.

Nauðsynlegt er þó að endurskoða og endurbæta námsefnið og semja leiðbeiningar um notkun þess. Þá þarf einnig að kynna betur námsefnið og tilhögun félagsmálafræðslunnar.

Umferðarfræðsla í skólum.

Rétt er að geta í þessari skýrslu um umferðarfræðslu, sem er þýðingarmikill þáttur í námi barna og fer fram samkvæmt reglugerð nr. 259, sem ráðuneytið gaf út 1975, um umferðarfræðslu í skólum. Þessi reglugerð er að vísu ekki gefin út samkvæmt grunnskólalögum heldur lögum nr. 40/1968, um umferðarfræðslu.

Sumarið 1975 réði menntamálaráðuneytið Guðmund Þorsteinsson, kennara, til þess að annast skipulagningu umferðarfræðslu í skólum og umsjón með henni, en hann hafði þá að undanförnu annast kennslu og leiðbeiningar um umferðarmál m. a. í Kennaraháskóla Íslands.

Fjárveiting til þessarar starfsemi fékkst þó ekki fyrr en í fjárlögum fyrir árið 1977, en sífelld umferðarslys og stöðug hætta fyrir börn í umferðinni er mikið áhyggjuefni og brýn nauðsyn aukinnar umferðarfræðslu í skólum. Í góðu samstarfi við Umferðarráð, þar sem Guðmundur fékk vinnuaðstöðu, var starfinu haldið áfram og með fjárveitingu 1977 og 1978 er væntanlega tryggt, að það þurfi ekki að falla niður. Helstu verkefni kennarans hingað til hafa verið:

Fræðslufundir með kennurum, gerð fræðsluefnis, aðstoð við gerð sérstaks endurskinsmerkis fyrir skóla, kennsluleiðbeiningar og námskeið á vegum K. H. Í. í samvinnu við Umferðarráð. Einnig hefur hann komið af stað ritgerðasamkeppni fyrir 11 ára nemendur, spurningakeppni fyrir 12 ára nemendur og jólagetraun. Þá hefur farið fram vettvangsfræðsla og námskeið hefur verið haldið fyrir 14—16 ára unglinga í umferð og akstri dráttarvéla. Var það á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins og linga í meðferð og akstri dráttarvéla. Var það á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins og Ökukennarafélags Íslands.

Skólasókn 14 og 15 ára unglinga 1971—72 til 1976—77, eftir kynjum.

Í eftirfarandi töflum S.1, S.2 og S.3 eru birtar tölur um skólasókn 14 ára og 15 ára unglinga, þ. e. síðasta aldursárgang skólaskyldu og fyrsta árgang eftir að skólaskyldu lýkur.

Tafla S.1.

	1971/72	1972/73	1973/74	1974/75	1975/76	1976/77
A. Skólasókn 14 ára unglinga						
Á íbúaskrá 1. desember á skólaárinu						
Drengir	2 362	2 247	2 404	2 404	2 263	2 310
Stúlkur	2 172	2 198	2 224	2 258	2 138	2 235
Alls	4 534	4 442	4 628	4 662	4 401	4 545
Í skóla skv. nemendaskrá skólaársins						
Drengir	2 249	2 171	2 302	2 311	2 095	2 155
Stúlkur	2 103	2 140	2 168	2 208	2 062	2 160
Alls	4 352	4 311	4 470	4 519	4 157	4 315
Í skóla sem hundraðshluti af árgangi *						
Drengir	95,2	96,6	95,8	96,1	95,6	96,3
Stúlkur	96,8	97,4	97,5	97,8	98,1	98,2
Alls	96,0	97,0	96,6	96,9	96,9	97,3
B. Skólasókn 15 ára unglinga						
Á íbúaskrá 1. desember á skólaárinu						
Drengir	2 264	2 363	2 246	2 404	2 397	2 261
Stúlkur	2 140	2 178	2 190	2 024	2 262	2 141
Alls	4 404	4 541	4 436	4 628	4 659	4 402
Í skóla skv. nemendaskrá skólaársins						
Drengir	1 955	2 022	1 950	2 085	2 138	1 998
Stúlkur	1 923	1 959	1 974	2 013	2 087	1 952
Alls	3 878	3 981	3 924	4 098	4 225	3 950
Í skóla sem hundraðshluti af árgangi *						
Drengir	86,4	85,6	86,8	86,7	89,3	88,5
Stúlkur	89,9	89,9	90,1	90,5	92,4	91,3
Alls	88,1	87,7	88,5	88,6	90,8	89,8
C. Skólasókn í hundraðshlutum *						
14 ára drengir	95,2	96,6	95,8	96,1	95,6	96,3
15 ára drengir	86,4	85,6	86,8	86,7	89,3	88,5
14 ára stúlkur	96,8	97,4	97,5	97,8	98,1	98,2
15 ára stúlkur	89,9	89,9	90,1	90,5	92,4	91,3
14 ára alls	99,6	97,0	96,6	96,9	96,9	97,3
15 ára alls	88,1	87,7	88,5	88,6	90,8	89,8
D. Mismunur á skólasókn 14 og 15 ára unglinga						
Drengir	8,8	11,0	9,0	9,4	6,3	7,8
Stúlkur	6,2	7,5	7,4	7,3	5,7	6,9
Alls	11,5	9,3	8,1	8,3	6,1	7,5

Heimildir og skýringar: Sjá texta.

* Vegna breytinga á nemendaskrá 1975 koma eftir það 14 ára nemendur sem eru á eftir í námi ekki fram í skránni. Hundraðshlutar eru leiðréttir með tilliti til þessa og þá miðað við það sem var 1974/75.

Tafla S.2.

Unglingar fæddur 1956—1961: Skólasókn 13—16 ára og breytingar á henni milli ára.

Fæðingarár	Í skóla 13 ára	Í skóla 14 ára	Í skóla 15 ára	Í skóla 16 ára
1956			3 878	3 399
1957		4 352	3 981	3 427
1958	4 369	4 311	3 924	3 350
1959	4 563	4 470	4 098	3 535
1960	4 564	4 519	4 225	3 495
1961	4 287	4 157	3 950	

Skólasókn í % af fyrra ári

Fæðingarár	Í skóla 13 ára	Í skóla 14 ára	Í skóla 15 ára	Í skóla 16 ára
1956				87,65
1957			91,48	86,08
1958	–	98,67	91,02	85,37
1959	–	97,96	91,68	86,26
1960	–	99,01	93,49	82,72
1961	–	96,97	95,02	–

Heimildir og skýringar: Sjá texta.

Heimildir eru íbúaskrá Hagstofu Íslands og nemendaskrá Hagstofu Íslands. Við lestur taflnanna þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga: Tilgreindur fjöldi unglinga á íbúaskrá miðast við þá sem áttu lögheimili á Íslandi hverju sinni. Með tilliti til nemendafjölda kemur því fram misvísun vegna þeirra sem ekki hafa skráð lögheimili hérlendis en eru búsettir hér og sækja skóla og þeirra sem hafa skráð lögheimili hér en dveljast erlendis. Einnig veldur það skekkju innan hvers fræðsluumdæmis um sig að skráð lögheimili og raunveruleg búseta fer ekki ætíð saman. Tilgreindur fjöldi nemenda í hverju umdæmi miðast við fjölda nemenda í skólum hvers umdæmis, þ. e. taldir eru með nemendur sem eiga lögheimili utan þess umdæmis sem skóli þeirra er í.

Töflunum og þessum athugasemdum við þær er fyrst og fremst ætlað að sýna hlutfallslega skólasókn með tilliti til skólaskyldu á 9. ári grunnskóla eða ekki.

Í töflu S.1 er sýnd skólasókn 14 og 15 ára unglinga, skipt eftir kynjum. Kemur þar fram að skólasókn stúlkna er meiri en hjá piltum. Hjá 14 ára árganginum er þessi munur að jafnaði 1.7% og nokkuð meiri síðustu tvö árin en hin fyrri. Hjá 15 ára árganginum er munurinn nokkuð meiri eða að jafnaði um 3.4% og er ekki um merkjanlega breytingu að ræða milli fyrri og síðari hluta tímabilsins. Líkleg skýring á mismunandi skólasókn kynjanna er að atvinnutækifæri pilta eru meiri en stúlkna auk þess sem það hefur sýnt sig að stúlkur hafa á þessum aldri yfirleitt jákvæðara viðhorf til skóla en piltar.

Að því er skólasóknina í heild varðar og breytingar á henni á þessu tímabili, sýna töflurnar að hlutfallsleg skólasókn 14 ára unglinga hefur haldist óbreytt. Að því er 15 ára unglinga varðar eru skólasóknartöflurnar nokkuð jafnar allt tímabilið eða frá um 88—90% af árgangi. Virðast þær þó heldur hafa hækkað síðari ár tímabilsins.

Vegna áhrifa breyttrar skráningar er ekki auðvelt að álykta um breytingar á skólasókninni út frá skólasóknartölum hvors árgangs um sig. Hins vegar má gera ráð fyrir að breytt skráning hafi svipuð áhrif á skólasóknartölur beggja árganga

Tafla S.3.

Skólasókn 14 og 15 ára unglinga 1974—75 til 1976—77, eftir umdæmum.

		1972/75			1975/76			1976/77		
		á íbúa-skrá	á nem.-skrá	í %	á íbúa-skrá	á nem.-skrá	í %	á íbúa-skrá	á nem.-skrá	í %
A. Grunnskólar										
Reykjavík	14 ára	1 626	1 569	96,5	1 515	1 465	96,7	1 535	1 455	94,8
	15 ára	1 565	1 418	90,6	1 622	1 433	88,3	1 512	1 337	88,4
Reykjanes	14 ára	1 071	987	92,2	1 021	918	89,9	1 083	999	92,2
	15 ára	1 106	886	80,1	1 084	932	86,0	1 016	853	84,0
Vesturland	14 ára	334	330	98,8	304	287	94,4	300	281	93,7
	15 ára	333	282	84,7	330	313	94,9	304	286	94,1
Vestfirðir	14 ára	248	244	98,4	214	199	93,0	236	206	87,3
	15 ára	241	211	87,6	240	191	79,6	215	160	74,4
Norðurl. vestra	14 ára	221	220	99,5	206	214	103,9	205	209	102,0
	15 ára	231	166	71,9	218	210	96,3	205	191	93,2
Norðurl. eystra	14 ára	504	503	99,8	491	459	93,5	536	522	97,4
	15 ára	509	424	83,3	505	438	86,7	502	440	87,6
Austurland	14 ára	276	261	94,6	256	236	92,2	264	251	95,1
	15 ára	250	197	78,8	271	198	73,1	259	216	83,4
Suðurland	14 ára	382	400	104,7	394	275	95,2	386	389	100,8
	15 ára	393	421	107,1	389	428	110,0	389	398	102,3
Grunnskólar samtals										
	14 ára	4 662	4 514	96,8	4 401	4 153	94,4	4 545	4 312	94,8
	15 ára	4 628	4 005	86,5	4 659	4 143	88,9	4 402	3 881	88,2
B. Aðrir skólar										
	14 ára	(4 662)	5	0,1	(4 401)	4	0,1	(4 545)	3	0,1
	15 ára	(4 628)	93	2,0	(4 659)	82	1,8	(4 402)	69	1,6
Samtals	14 ára	4 662	4 519	96,9	4 401	4 157	94,5	4 545	4 315	94,9
	15 ára	4 628	4 098	88,5	4 659	4 225	90,7	4 402	3 950	89,7

Heimildir og skýringar: Sjá texta.

og að skólasókn 14 ára unglinga hafi í reynd lítið breyst og ætti því mismunur á skólasókn árganganna að gefa allgóða mynd af þeim breytingum í raunverulegri skólasókn 15 ára unglinga sem orðið hafa á tímabilinu. Þessi mismunur er sýndur neðst á töflu S.1 og er greinilegt að hann hefur farið minnkandi á þessu tímabili eða úr um 8—9% í ca. 6—7%. Má því álykta að hlutfallsleg skólasókn 15 ára unglinga hafi vaxið á þessu tímabili þrátt fyrir það að ekki hafi verið um skólaskyldu að ræða. Má telja líklegt að skólaskylda fyrir þennan árgang myndi litlu breyta um skólasókn frá því sem nú er.

Í töflu S.2 er gerð grein fyrir sömu atriðum með því að sýna skólasókn 13 til 16 ára unglinga eftir fæðingarárum og skólasókn hvers árgangs sem % af skólasókn hans árið áður. Kemur þar fram að fyrir 15 ára unglinga hefur þetta hlutfall farið vaxandi úr 91—92% fyrir unglinga sem fæddir eru 1957—59 í 93.5% fyrir þá sem fæddir eru 1960 og í 95% fyrir þá sem fæddir eru 1961.

Í töflu S.3 er gerð grein fyrir skólasókn eftir fræðsluumdæmum. Verður að skoða þær tölur m. t. t. þess að fjöldi nemenda miðast við fjölda í skólum umdæmisins án tillits til lögheimilis nemenda. Hafa því t. d. héraðsskólarnir sem flestir hafa mikið af nemendum sem búsettir eru utan umdæmisins mikil áhrif á skólasóknartölurnar. Samanburður á skólasókn milli umdæma er því varasamur.

Glögglega má þó merkja aukna skólasókn 15 ára unglinga í flestum strjálbýlli umdæmunum sem er athyglisvert ef haft er í huga að sókn í héraðsskóla hefur

minnkað á þessum tíma. Má af þessum tölum ráða, að skortur á námstækifærum, svo sem skólavist innan umdæmisins, er ekki fyrir hendi.

Í töflum S.4—S.7 er gerð grein fyrir skólasókn nemenda í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum, á skólaárunum 1975—76 og 1976—77 með tilliti til búsetu nemenda og hvar þeir sækja skóla. Kemur þar fram, að af um 11500 nemendum sækja um 9300 eða rúm 80% skóla í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili, um 1300 eða rúm 11% sækja skóla utan þess sveitarfélags en innan fræðsluumdæmisins og um 900 eða um 8% sækja skóla í öðru fræðsluumdæmi. Tölur þessar taka einnig til nemenda í framhaldsdeildum en þeir nemendur ásamt nemendum í héraðsskólunum, sem koma víða að, eru meginuppistaðan í þeim fjölda sem sækir skóla út fyrir mörk fræðsluumdæmisins. Þorri þeirra, sem sækja skóla utan sveitarfélagsins en innan fræðsluumdæmis, er annaðhvort í héraðsskólunum eða í skólum sem reknir eru sameiginlega af tveimur eða fleiri sveitarfélögum.

Tafla S.4.

Skólasókn og búseta nemenda í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum.

Búseta nemenda	1975/76 Í fræðsluumdæminu: Í lögheimilis-sveitarfélagi	1975/76 Í fræðsluumdæminu: Í öðru sveitarfélagi	1975/76 Í öðru fræðsluumdæmi	1976/77 Í fræðsluumdæminu: Í lögheimilis-sveitarfélagi	1976/77 Í fræðsluumdæminu: Í öðru sveitarfélagi	1976/77 Í öðru fræðsluumdæmi
Reykjavík	3 756	–	180	3 638	–	179
Reykjanes	2 449	140	289	2 338	117	250
Vesturland	591	148	85	542	170	74
Vestfirðir	332	93	117	319	83	127
Norðurland vestra	299	156	72	308	169	40
Norðurland eystra	914	248	76	988	273	52
Austurland	403	167	94	450	179	67
Suðurland	639	339	76	673	318	61
Samtals	9 383	1 291	989	9 256	1 309	850

Tafla S.5.

Yfirlit yfir nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum 1975—76. — Búseta og skólasókn eftir fræðsluumdæmum.

Skóli, Fræðsluumdæmi	Lögheimili nemenda: Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Erlendis	Nemendur Samtals í skólum, umdæmum
Reykjavík	3 756	148	41	19	33	21	33	51	5	4 107
Reykjanes	30	2 589	9	13	5	6	6	14	4	2 676
Vesturland	12	13	739	31	12	13	8	4	2	834
Vestfirðir	43	39	4	425	3	6	5	–	–	525
Norðurland vestra	16	18	20	26	455	10	2	4	–	551
Norðurland eystra	7	5	1	–	8	1 162	25	2	–	1 210
Austurland	11	5	2	–	2	1	570	1	–	592
Suðurland	61	70	8	28	9	19	15	978	2	1 190
Samtals	3 936	2 887	824	542	527	1 238	664	1 054	13	11 685

Tafla S.6.

Yfirlit yfir nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum 1976—77. — Búseta og skólasókn eftir fræðsluumdæmum.

Skóli, Fræðsluumdæmi	Lögheimili nemenda									Nemendur Samtals í skólum, umdæmum
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Erlendis	
Reykjavík	3 638	134	34	27	12	20	20	42	3	3 930
Reykjanes	35	2 455	8	4	5	3	2	12	5	2 529
Vesturland	17	21	712	27	5	11	13	1	1	808
Vestfirðir	33	33	10	402	1	3	2	–	–	484
Norðurland vestra	14	9	15	39	477	7	3	2	–	566
Norðurland eystra	9	8	1	2	7	1 261	14	2	1	1 305
Austurland	8	6	–	2	1	1	629	2	–	649
Suðurland	61	39	6	26	9	7	13	991	1	1 155
Samtals	3 817	2 705	786	529	517	1 313	696	1 052	11	11 426

Tafla S.7.

Nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum. Tilflutningur nemenda milli fræðsluumdæma.

	Skólaárið 1975/76				Skólaárið 1976/77			
	Nem. úr umdæminu alls	+Nem. úr öðrum umdæmum	÷Nem. í skólum í öðrum umd	Nem. alls í skólum umdæmis	Nem. úr umdæminu alls	+Nem. úr öðrum umdæmum	÷Nem. í skólum í öðrum umd	Nem. alls í skólum umdæmis
Reykjavík	3 936	351	180	4 107	3 817	292	179	3 930
Reykjanes	2 887	78	289	2 676	2 705	74	250	2 529
Vesturland	824	95	85	834	786	96	74	808
Vestfirðir	542	100	117	525	529	82	127	484
Norðurland vestra	527	96	72	551	517	89	40	566
Norðurland eystra	1 238	48	76	1 210	1 313	44	52	1 305
Austurland	664	22	94	592	696	20	67	649
Suðurland	1 054	212	76	1 190	1 052	164	61	1 155
Samtals	11 672	1 002[1])	989[1])	11 685	11 415	861[1])	850[1])	11 426

1) Mismunur þessara talna er fjöldi nemenda með lögheimili erlendis. Þeir voru 13 skólaárið 1975/76 og 11 skólaárið 1976/77.

Ljóst er því að nær allir nemendur á síðustu árum grunnskóla hafa átt þess kost að stunda nám í heimasveitarfélagi sínu, í skóla sem það er aðili að, eða í séraðsskóla.

Ekki er verulegur munur á þessum tölum fyrir einstök fræðsluumdæmi, og þar sem hann kemur fram er hann skýranlegur með staðsetningu héraðsskóla o. þ. h.

Ef litið er á jöfnuð milli aðkomunemenda og þeirra sem sækja skóla utan umdæmis kemur í ljós að í Reykjavík, á Vesturlandi, á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi eru aðkomunemendur fleiri en hinir sem burtu sækja úr umdæminu. Mestur er munurinn hlutfallslega á Suðurlandi þar sem hann var á þessum árum um 13% og 9% af fjölda nemenda. Kemur þar m. a. til að tveir héraðsskólar eru á svæðinu. Í Reykjavík var þessi munur um 170 nemendur eða 5% fyrra árið og um 110 nemendur eða 3% síðara árið.

Mestur munur í hina áttina er á Austurlandi um 11% fyrra árið og 7% síðara árið og á Vestfjörðum um 8.5% síðara árið. Á Austurlandi er sókn nemenda út fyrir umdæmið ekki áberandi meiri en annars staðar, hins vegar sækja þangað fáir úr öðrum umdæmum, en á Vestfjörðum er sókn út fyrir umdæmið meiri en annars staðar en aðstreymi nokkuð mikið líka. Héraðsskólar eiga stærri þátt í skólahaldi fyrir Vestfirði en önnur umdæmi og dreifist sókn þaðan allverulega á nokkra þeirra.

Tafla S.8.

Skólasókn í héraðsskóla.

		1973/74	1975/76	1976/77
Reykholt	Nemendur úr fræðsluumdæminu	38	61	61
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	90	67	70
Núpur	Nemendur úr fræðsluumdæminu	87	60	59
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	43	62	51
Reykjanes	Nemendur úr fræðsluumdæminu	43	44	44
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	30	32	23
Reykir[1])	Nemendur úr fræðsluumdæminu	111	99	105
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	26	40	32
Laugar	Nemendur úr fræðsluumdæminu	67	98	94
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	41	26	23
Eiðar	Nemendur úr fræðsluumdæminu	103	107	106
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	14	10	12
Skógar	Nemendur úr fræðsluumdæminu	98	68	73
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	30	48	46
Laugarvatn	Nemendur úr fræðsluumdæminu	31	21	23
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	77	71	57
Samtals	Nemendur úr fræðsluumdæmum	578	558	565
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	351	356	314
	Alls í skólunum	929	914	879

1) Fyrir Reyki í Hrútafirði er miðað við Norðurland vestra og Vestfirði sem fræðsluumdæmi.

Tafla S.9.

Skólasókn í héraðsskóla eftir búsetu nemenda.

Lögheimili nemenda	1973/74	1975/76	1976/77
Reykjavík	63	92	89
Reykjanes	99	87	84
Vesturland	68	88	85
Vestfirðir	199	177	182
Norðurland vestra	107	98	85
Norðurland eystra	111	133	114
Austurland	144	144	139
Suðurland	138	93	99
Erlendis	–	2	2
Samtals	929	914	879

Í töflum S.8 til S.10 er gerð grein fyrir nemendafjölda í héraðsskólum, og skiptingu hans á fræðsluumdæmi og bekki. Eru þær tölur sýndar sérstaklega vegna þeirrar óvissu sem nú ríkir um stöðu þessara skóla bæði gagnvart grunnskólanum og framhaldsnámi.

Í töflu S.8 kemur fram að þýðing skólanna fyrir viðkomandi fræðsluumdæmi er mjög misjöfn.

Á Laugarvatni er einungis 20—30% nemendanna af Suðurlandi og í Reykholti og á Núpi um og innan við 50%. Hins vegar er þetta hlutfall um 90% á Eiðum og um 80% á Laugum og Reykjum. Þá kemur og fram í töflu S.10 að af um 900 nemendum í þessum skólum hafa á síðustu árum rúm 50% verið í grunnskólabekkjum en tæplega 30% í gagnfræða- og framhaldsdeildum.

Tafla S.10.

Nemendur í héraðsskólum skipt eftir bekkjum.

	1973/74	1975/76	1976/77
1. bekkur (7. ár grunnskóla)	72	41	57
2. bekkur (8. ár grunnskóla)	190	114	157
3. bekkur (9. ár grunnskóla)	394	405	339
4. bekkur (gagnfræðab.)	227	276	223
5. bekkur (framhaldsdeild I)	46	78	121
Samtals grunnskólab.	656	560	553
Samtals framhaldsb.	273	354	344
Alls	929	914	897

Skólarannsóknir.

Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins á rætur að rekja til ársins 1966 en þá var stofnað til vísis að skólarannsóknum á vegum ráðuneytisins og Andri Ísaksson sálfræðingur ráðinn til að veita þeim forstöðu. Jafnframt voru þeir dr. Wolfgang Edelstein, sérfræðingur í Berlín, og Jóhann S. Hannesson, þáverandi skólameistari, ráðnir til ráðgjafarstarfa. Skólarannsóknir voru gerðar að sérstakri deild í ráðuneytinu árið 1968.

Skólarannsóknum, síðar skólarannsóknadeild, var ætlað það hlutverk að vinna að athugunum á skólakerfinu, hafa forgöngu um þróunarverkefni á sviði skólamála og aðstoða skóla við slík verkefni. Á þessum tíma voru að koma upp erlendis mjög sterkar hreyfingar sem höfðu það að markmiði að koma á umbótum í skólastarfinu og hefur það vafalaust átt sinn þátt í því að stofnað var til skólarannsókna.

Þegar í upphafi var hafist handa um að skilgreina verkefni skólarannsókna nánar og var fljótlega tekin sú ákvörðun að beina starfseminni fyrst og fremst að endurskoðun námsefnis í barna- og gagnfræðaskólum, námskrárgerð, endurskoðun á kennsluháttum og tillögugerð um endurmenntun starfandi kennara. Voru aðgerðir á þessu sviði taldar líklegastar til að stuðla að breyttum starfsháttum skóla. Auk þess voru margar þeirra kennslubóka, sem þá voru í notkun, ekki í samræmi við faglega og kennslufræðilega þekkingu manna á þeim tíma.

Ýmis ákvæði í fræðslulögunum frá 1946 höfðu ekki komist að fullu til framkvæmda og það svigrúm, sem lögin veittu til frjálsræðis í skólastarfi, hafði ekki nýst. Orsakir þessa eru vafalaust margar, og verða ekki raktar hér, en setning laga og reglugerða um skóla og skólastarf þarf að fylgja eftir með umbótum á innra starfi þeirra.

Í framhaldi af fyrrnefndri ákvörðun um viðfangsefni skólarannsókna voru gerðar áætlanir um endurskoðun námsefnis og kennsluhátta í einstökum greinum og var eðlisfræði valin fyrsta verkefnið.

Fljótlega komu upp vandamál við framkvæmd áðurnefndra áætlana sem orsökuðust m. a. af því að hérlendis var fátt um fólk sem hafði næga reynslu og þekkingu til að vinna að veerkefnum eins og hér var um að ræða. Þá reyndust þær forsendur, sem áætlanagerðin byggðist á, að ýmsu leyti vafasamur. T. d. kom í ljós að ekki var raunhæft að miða við einstaklingsbundna vinnu nema að takmörkuðu leyti og því var nauðsynlegt að auka mjög samstarf við kennara. Þá reyndist gerð námskrár vandkvæðum bundin nema að undangenginni nokkurri tilraunakennslu. Starfið reyndist því umfangsmeira og tímafrekara en ráðgert var í fyrstu.

Til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem hér hefur verið drepið á, var efnt til þriggja vikunámskeiða að sumarlagi á Laugarvatni 1970 og 1972 og Hrafnagili 1973. Þátttakendur voru annaðhvort starfandi að áætlanagerð um endurskoðun námsefnis í einstökum greinum, námskrár- eða námsefnisgerð, eða voru um það bil að hefja slík störf á vegum ráðuneytisins. Meðal leiðbeinenda á þessum námskeiðum voru tveir erlendis frá.

Fjöldi þeirra, sem starfa hjá skólarannsóknadeild, er breytilegur. Sem stendur er fastráðið starfslið, deildarstjóri, fulltrúi og skrifstofumaður, miðað við heilar stöður. Annað starfsfólk hefur verið ráðið í samræmi við árlegar fjárveitingar til eins árs í senn.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum þáttum starfseminnar.

Endurskoðun námsefnis

Endurskoðun námsefnis í einstökum greinum fer fram með þeim hætti að upphaflega er skipuð 5—6 manna nefnd og er meginviðfangsefni hennar sem hér greinir:

1. Að gera úttekt á stöðu viðkomandi námsgreinar í barna- og gagnfræðaskólum (grunnskóla).
2. Að marka stefnu um breytingar á inntaki greinarinnar og kennsluaðferðir.
3. Að gera tillögur um endurskoðun greinarinnar ásamt ítarlegri framkvæmdaáætlun er taki til samningar námskrár, námsefnis og tilraunakennslu.
4. Að taka saman greinargerð um kennaramenntun, áætla kennaraþörf og skipan endurmenntunar kennara.

Starf með þessu móti hófst með skipun 5 manna nefndar hinn 14. ágúst 1967 er fjalla skyldi um eðlis- og efnafræði. Nefndin skilaði álitsgerð og framkvæmdaáætlun í maí 1968 sem ákveðið var að framkvæma. Þessi álitsgerð varð fyrirmynd að hliðstæðri vinnu í öðrum námsgreinum, sjá eftirfarandi yfirlit:

Námsgrein	Nefnd skipuð	Nefndarálit skilað
Eðlis- og efnafræði	Sumarið 1967	Vorið 1968
Líffræði	Ársbyrjun 1969	Haustið 1969
Danska	Haustið 1969	Haustið 1970
Samfélagsfræði	Haustið 1970	Veturinn 1971
Tónmennt	Haustið 1971	Sumarið 1972
Mynd- og handmennt	Árslok 1971	Haustið 1973
Enska	Vorið 1972	Drög að námskrá f. 6. og 7. bekk 1973
Heimilisfræði	Vorið 1973	Vorið 1976
Kristinfræði	Haustið 1973	Ársbyrjun 1976
Íþróttir	Ársbyrjun 1974	Sumarið 1974

Í íslensku og stærðfræði var ekki um að ræða formlega nefndarskipun. Vinnan í þessum greinum var einstaklingsbundnari en samt unnin að höfðu samráði við ýmsa aðila.

Til þess að skýra hvernig framkvæmdaáætlanir eru gerðar eru á næstu síðu birtar tvær myndir sem eru teknar úr framkvæmdaáætlun fyrir endurskoðun námsefnis í eðlis- og efnafræði. Hver verkþáttur er táknaður með láréttri línu (tímaás).

Hringur táknar skil verkþátta. Áætluð vinnuþörf, í mannmánuðum, við hvern verkþátt er skráð í ferningana. Á myndunum kemur m. a. fram að í upphafi eru verkþættirnir fáir en fjölgar þegar á líður. Síðan fækkar verkþáttum aftur uns framkvæmdum, skv. áætluninni, lýkur. Með þessu móti fæst gott yfirlit yfir verkið í heild.

Til þess að hafa umsjón með framkvæmd endurskoðunar í einstökum greinum hafa verið ráðnir námstjórar. Eru þeir ráðnir til eins árs í senn. Starfstilhögun er svipuð í öllum greinum og eru meginþættir hennar þessir:

1. Almenn skilgreining námsmarkmiða og samning námskrár.
2. Frumsamning tilraunanámsefnis og kennsluleiðbeininga og ódýr frumútgáfa þess. Þjálfun kennara til að kenna hið nýja námsefni. Forprófun þess í 5—10 bekkjardeildum. Efnið metið í því skyni að bæta það.
3. Endurskoðun tilraunanefnisins og ný útgáfa þess. Þjálfun kennara, 2. áfangi, og almenn prófun hins nýja námsefnis í nokkuð fleiri bekkjardeildum en áður og þá metið aftur með tilliti til endurbóta.
4. Endurskoðun tilraunanámsbóka, kennsluhandbóka og hjálpargagna, prentuð útgáfa námsefnis. Þjálfun kennara, 3. áfangi. Almenn notkun hins nýja námsefnis samhliða námstjórn.

Samning námsefnis, svo og námskrárgerð, er unnin af starfshópum, sem skipaðir eru starfandi kennurum, undir stjórn námstjóra sem jafnframt skipuleggur verkið.

Námskrárgerð

Samhliða endurskoðun námsefnis, sem lýst var hér að framan, hefur verið unnið að samningu aðalnámskrár grunnskóla en í 42. gr. grunnskólalaga segir svo:

„Menntamálaráðuneytið hefur námskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár".

Í samræmi við þetta ákvæði laganna hófst útgáfa námskrárinnar í ágúst 1976. Er námskráin gefin út í heftum, eitt hefti fyrir hverja grein auk almenns hluta sem fjallar almennt um skólastarf og forsendur þess.

Af þeim heftum, sem mynda munu aðalnámskrá grunnskóla, eru þessi komin út: Almennur hluti, Móðurmál, Erlend mál — danska og enska, Tónmennt, Kristinfræði, Eðlis- og efnafræði, Skólaíþróttir, Mynd- og handmennt, Samfélagsfræði og Heimilisfræði. Vinnutilhögun við gerð þessara námskráa hefur í megindráttum verið sú sama og lýst er í kaflanum um endurskoðun námsefnis.

Þá hefur menntamálaráðuneytið (skólarannsóknadeild), gefið út fjölmargar aðrar námskrár eða námskrárdrög. Flest námskrárdrögin hafa verið gefin út fyrir gagnfræðastig (landsprófs- og gagnfræðadeildir) og framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Gefnar hafa verið út tvær námskrár fyrir framhaldsskóla, Danska, 1. ár og Drög að námskrá í viðskiptagreinum.

Leiðbeiningarstörf

Eitt meginhlutverk námstjóra er að leiðbeina kennurum um kennslu og ýmsa aðra þætti skólastarfs. Leiðbeiningarstarfið hefur fyrst og fremst beinst að því að aðstoða skóla við að taka upp nýtt námsefni og breytta kennsluhætti. Einnig hafa þeir aðstoðað skóla við að framkvæma eigin hugmyndir um endurbætur í skólastarfi. Leiðbeiningarstarfið verður þeim mun gildari þáttur í starfi námstjóra eftir því sem endurskoðunin kemst lengra áleiðis og nýtt efni er tekið upp í fleiri skólum.

Námstjórnin gegnir mjög mikilvægu hlutverki, einkum í dreifbýli, m. a. vegna tíðra kennaraskipta í ýmsum skólum og er þetta þjónusta sem kennarar notfæra sér mjög mikið.

Leiðbeiningarstarfið fer fyrst og fremst fram með heimsóknum í skóla, ýmiss konar námskeiðum, fræðslufundum og þátttöku í þingum og starfsfundum kennarasamtaka.

Heimsóknir í skóla eru ýmist farnar að ósk skólastjóra, kennara og fræðslustjóra eða að frumkvæði námstjóra. Þessar heimsóknir stuðla að nánara sambandi milli skóla og fræðsluyfirvalda og eru báðum aðilum mjög gagnlegar.

Að ósk kennarafélaga og sambanda í ýmsum landshlutum hafa námstjórar tekið þátt í kennaraþingum og fundum til að undirbúa skólastarfið. Hefur þá ýmist verið fjallað um einstakar greinar eða málefni óbundin greinum.

Menntamálaráðuneytið (skólarannsóknadeild) hefur í nokkrum tilvikum aðstoðað skóla við að taka upp meiriháttar breytingar á starfsháttum. Hér á eftir er greint frá helstu verkefnum af þessu tagi.

Mýrarhúsaskóli

Haustið 1974 hófst í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi tilraun með einsetningu í 4.—6. bekk og að heimavinna þeirra nemenda færi fram í skólanum. Markmiðið var að gera vinnutíma nemenda í skólanum sem samfelldastan og jafna aðstöðu þeirra til náms með því að gera þeim kleift að sinna í skólanum verkefnum sem flokkast hafa undir heimanám.

Reynslan sýndi að með þessu móti er nemendum unnt að skipuleggja starf sitt meira sjálfir og minni hætta er á að þeir fái verkefni sem þeir ráða ekki við. Námið er fjölbreyttara en áður, nemendurnir virkari og fá oftar tækifæri til að tjá sig um viðfangsefnin.

Varmalandsskóli

Nemendur yngri bekkja skólans hafa búið við skerta skólasetu og skólinn byggt starf sitt í 1.—5. bekk á víxlkennslu þannig að nemendur eru t. d. hálfan mánuð í skólanum og hálfan heima.

Skólinn vildi nýta betur þann tíma sem nemendur dvelja heima. Óskað var eftir aðstoð og að fá að ráða kennara til að sjá um heimanám.

Skólaárið 1976—1977 voru nemendur nestaðir verkefnum í einstökum fögum þegar þeir fóru heim. Verkefnin voru unnin af þremur kennurum (2 þeirra bekkjarkennarar viðkomandi nemenda) og síðan yfirfarin í skólanum. Jafnframt var farið heim til nemenda til aðstoðar og eftirlits.

Haustið 1977 var þessu starfi haldið áfram en í nokkuð breyttri mynd. Heimanámið var í höndum eins kennara sem sá um undirbúning, úrvinnslu og heimsóknir. Einnig var reynt að breyta inntaki viðfangsefnanna í átt að sjálfstæðum verkefnum sem tengjast ýmsum hefðbundnum fögum. Áhersla var lögð á að verkefnin tengdust líka daglegu lífi og umhverfi nemenda.

Stórutjarnaskóli

Haustið 1977 hófst í Stórutjarnaskóla tilraun með samkennslu 7., 8. og 9. bekkjar. Markmið tilraunarinnar er að reyna á hvern hátt hægt er að skipuleggja nám og kennslu þessara aldursflokka þannig að starfslið skólans, geta og áhugi nemenda, húsnæði, aðstaða og fjármagn nýtist sem best. Farin var sú leið að losa um bekkjarkerfið og byggja upp ca. 30 stunda einingar í ýmsum fögum. Annars vegar er um að ræða bundnar námsgreinar sem allir nemendur verða að taka, hins vegar eru frjálsar námsgreinar sem nemendur geta valið um misserislega.

Skólinn hefur fengið aðstoð við að skipuleggja námseiningar innan greina og leiðbeiningar um val viðfangsefna handa nemendum.

Kennaranámskeið

Eins og kunnugt er annast Kennaraháskóli Íslands skipulagningu og framkvæmd endurmenntunarnámskeiða fyrir kennara og er þetta verk unnið í samráði við menntamálaráðuneytið. Gert hefur verið ráð fyrir að námstjórar önnuðust undirbúning endurmenntunarnámskeiða hver í sinni grein og eftir því sem umfang endurskoðunar- og þróunarstarfsins hefur vaxið hefur þessi þáttur í starfi námstjóra orðið gildari.

Auk þess hafa margir þeirra notað hluta af sumarleyfi sínu til kennslu á þeim. Samstarf verið mjög gott um skipan þeirra bæði að því er varðar tíma- og staðsetningu, ákvarðanir um inntak, form og leiðbeinendur. Námskeiðin hafa orðið sá vettvangur í starfi KHÍ sem endurskoðun námsefnis og kennslu hafa átt greiðastan aðgang að og skólinn jafnan sóst eftir að fá kennslukrafta á námskeiðin úr röðum starfsliðs skólarannsóknadeildar. Námskeiðin hafa verið ómetanlegur vettvangur til að kynna endurskoðunar- og þróunarstarfið, og hin góða aðsókn sem jafnan hefur verið að þeim hefur auðveldað útbreiðslu nýs efnis, aðferða og hugmynda og átt sinn þátt í þeirri mótun og útbreiðslu nýrra viðhorfa sem vænst er að sigli í kjölfar þess starfs. Námskeiðin hafa einnig orðið sá vettvangur sem skapað hefur hvað traustust kynni milli þeirra, sem vinna að endurskoðun námsefnis, og starfandi kennara.

Námsmat og samræmd próf

Þegar starf skólarannsókna hófst árið 1966 höfðu samræmd próf á vegum menntamálaráðuneytisins verið í nokkuð föstu formi um tveggja áratuga skeið. Við lok barnaskólastigs voru haldin samræmd próf í lestri, stafsetningu, málfræði og reikningi. Í mörgum skólum voru þessi próf einnig lögð fyrir yngri árganga. Í 2. bekk gagnfræðastigs voru haldin samræmd próf í stafsetningu, málfræði og reikningi. Landspróf miðskóla var tekið upp árið 1946. Var þar um að ræða samræmt próf í 8 námsgreinum (9 einkunnir). Landsprófið var eins konar inntökupróf í menntaskóla og hliðstætt nám. Samningu þess og framkvæmd annaðist landsprófsnefnd. Fræðslumálaskrifstofan annaðist samningu og framkvæmd annarra samræmdra prófa en fræðslumáladeild menntamálaráðuneytisins tók svo við því hlutverki.

Þróunin 1967—1977

Laust fyrir 1970 var hafist handa um að vinna námskrár með nákvæmari lýsingu á námskröfum fyrir prófið en áður voru til og allítarlegum leiðbeiningum um kennsluna. Einnig var einkunnastiginn einfaldaður og tekið að gefa í heilum tölum. Þá var þeim sem voru á mörkum þess að ná framhaldseinkunn á landsprófi og samræmdu gagnfræðaprófi gefinn kostur á að endurtaka próf í þeim greinum sem þeir náðu ekki framhaldseinkunn í.

Árið 1968 var tekið upp samræmt gagnfræðapróf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og annaðist þau sérstök nefnd sem starfaði á sviðuðum grundvelli og landsprófsnefnd. Með þessu prófi var ætlunin að skapa jafngilda viðmiðun á færni og kunnáttu nemenda í áðurnefndum greinum. Prófið gaf þeim sem náðu fullnægjandi árangri möguleika á að hefja nám í menntaskóla og veitti rétt til inntöku í framhaldsdeildir gagnfræðaskóla og ýmsa framhaldsskóla. Varð þetta til þess að nám og kennsla í almennum gagnfræðadeildum mótaðist talsvert af kröfum menntaskóla og landsprófskröfum. Lauk þeirri þróun með því að á árunum 1974—1976 voru landspróf og samræmd próf í áðurnefndum 4 greinum næstum eins, námskröfur samræmdar og þeim lýst í námskrá sem gilti fyrir bæði prófin.

Haustið 1973 var prófanefnd menntamálaráðuneytisins skipuð og starfaði samkvæmt sérstakri reglugerð. Tók hún við hlutverki þeirra nefnda er annast höfðu landspróf og samræmt gagnfræðapróf. Einnig var nefndinni ætlað að sjá um samn-

ingu og framkvæmd samræmdra prófa í 3. bekk (lestur), 6. bekk (lestur, stafsetning og reikningur) og í 8. bekk (unglingapróf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði).

Í samræmi við ákvæði grunnskólalaga var stefnt að því að koma á samfelldum níu ára grunnskóla. Til þess að svo mætti verða var m. a. nauðsynlegt að hætta starfrækslu 4. bekkjar gagnfræðastigs, afnema landspróf miðskóla og koma á lokaprófi úr grunnskóla sem allir nemendur tækju við lok 9. bekkjar.

Þá var ákveðið haustið 1977 að fella niður samræmd próf í 3., 6. og 8. bekk. Jafnframt var ákveðið að skólum yrðu send sýnispróf í þeim greinum sem samræmd próf voru áður haldin í og þeim í sjálfsvald sett hvort og að hve miklu leyti þeir notuðu þau.

Landspróf miðskóla var haldið í síðasta sinn vorið 1976 og gagnfræðapróf vorið 1977. Í febrúar 1977 var í fyrsta sinn haldið samræmt grunnskólapróf, þannig að hver nemandi tók 4 slík próf í kjarnagreinum. Áttu nemendur val um hvort þeir auk prófs í íslensku, stærðfræði og erlendu máli tækju próf í raungreinum (eðlisfræði, líffræði) eða samfélagsgreinum (sögu, landafræði). Gefnar voru 5 einkunnir, A, B, C, D og E, miðaðar við normaldreifingu og ákveðið að sömu inntökuskilyrði giltu í alla framhaldsskóla. Skólar skyldu gefa vitnisburð í öllum greinum sem kenndar voru í 9. bekk. Máttu skólarnir byggja hann á vetrarstarfinu, prófum eða hvoru tveggja. Vitnisburður skólanna skyldi vera jafngildur mælikvarði og árangur á samræmdum prófum þegar hæfni nemenda til að hefja framhaldsnám væri metin.

Rannsóknir og kannanir

Eins og áður er vikið að varð endurskoðun námsefnis og kennslu fljótlega meginverkefni skólarannsóknadeildar. Jafnframt hefur meira og minna verið unnið að ýmisskonar rannsóknum og könnunum. Hér á eftir verður getið þeirra helstu sem deildin hefur gert að eigin frumkvæði og í samvinnu við aðra. Einnig er greint frá athugunum eða rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið að fenginni fyrirgreiðslu ráðuneytisins í einu eða öðru formi.

Tilraun með tónmenntarkennslu **1968—1970**

Með tilraun þessari var ætlunin að rannsaka hvort aukin tónmenntarkennsla í neðri bekkjum barnaskóla kunni að hafa áhrif á:

a) Námsárangur nemenda í öðrum námsgreinum en tónmennt,
b) fylgni milli námsárangurs í tónmennt og öðrum greinum,
c) viðhorf nemenda til ýmissa námsgreina og tómstundaþátta,
d) viðhorf bekkjarkennarans til bekkjarins og skólans,
e) viðhorf bekkjarkennarans til tónmenntakennslunnar,
f) viðhorf tónmenntakennarans til starfsins.

Tilraunin tók til fjögurra skóla og alls tóku 33 bekkjardeildir með 778 nemendum þátt í viðfangsefninu.

Stefán Edelstein stjórnaði tilrauninni en frásögn af henni og niðurstöður birtust í tímaritinu **Menntamálum**, 1. hefti 49. árg., 1976.

Fremedsprogs- og modermålsundervisning **1972**

Haustið 1972 veitti skólarannsóknadeild Mogens Jansen, forstöðumanni rannsóknadeildar Danmarks Pædagogiske Institut, fyrirgreiðslu við rannsóknir hans á dönskukennslu hér á landi. Vann Hörður Bergmann þá með honum um skeið.

Rannsóknin beindist aðallega að því að skrá nákvæmlega hvað gerðist í kennslustundum og tók til 100 kennslustunda í 39 mismunandi bekkjardeildum á barna- og gagnfræðastigi.

Niðurstöður og ályktanir birtust í ritinu: **Fremedsprogs- og modermålsundervisning**, Danmarks Pædagogiske Institut, Publikation nr. 79, 1975, útg. Munksgaard.

Samanburðarrannsókn í stærðfræði **1973—1975**

Rannsóknin beindist að því að bera saman námsárangur nemenda í 1., 2. og 3. bekk sem notað höfðu mismunandi námsefni, þ. e.

bækur Jónasar B. Jónssonar,
bækur Agnete Bundgaard,
tilraunaefni frá skólarannsóknadeild.

Rannsókn þessi var að mestu unnin af Margréti Guðjónsdóttur en er enn ólokið; var frestað 1976 vegna fjárskorts.

Könnun á vinnuálagi nemenda í skólum **1974**

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, mag. psych. annaðist þessa rannsókn, en nú hefur Atli Guðmundsson, sálfræðingur, tekið við starfinu. Markmið rannsóknarinnar er að kanna námsálag og námsvenjur nemenda í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla.

Könnunin er í heild yfirgripsmikil og tekur til fjölmargra félagslegra þátta sem beint eða óbeint hafa áhrif á vinnuálag og námsvenjur nemenda.

Tölulegri úrvinnslu er lokið að mestu en eftir er að túlka niðurstöður endanlega og ganga frá lokaskýrslu. — Hluti af niðurstöðum er birtur í **Fréttabréfi frá menntamálaráðuneytinu** nr. 15. (14. apríl 1976).

Könnun þessi var gerð að frumkvæði alþingis, sem samþykkt hafði þingsályktunartillögu um inntak hennar.

Athugun á almennu bóknámi í iðnskólum **1974—1975**

Rannsókn þessa gerði Kristrún Ísaksdóttir stud. paed. og skilaði lokaskýrslu í sept. 1976.

Rannsókn beindist að því að afla upplýsinga í 6 iðnskólum um raunverulega tilhögun náms í bóklegum greinum með viðtölum við skólastjóra, kennara og nemendur. Jafnframt voru sendar skurningaskrár til allra iðnskóla í landinu til þess að fá upplýsingar um námsefni skólanna. Úrvinnsla beindist m. a. að því að kanna hvernig námsefnið samrýmdist markmiðum námsins eins og þau koma fram í lögum og reglugerðum og skörun þess við námsefni gagnfræðaskólanna í sömu greinum.

Skýrslan varpar nokkru ljósi á vissa þætti iðnfræðslunnar í landinu og ber að líta á hana sem lið í heildarathugun og endurskoðun á framhaldsskólastiginu.

Af hálfu skólarannsóknadeildar var einungis um ráðgjöf að ræða í sambandi við þessa rannsókn.

Viðhorf til samfélagsfræði. **1974**

Haustið 1974 var á kennaranámskeiði í samfélagsfræði lagður fram spurningalisti þar sem grennslast var eftir viðhorfum og skoðunum kennara á breyttum kennsluháttum, námsefni og hlutverki kennara.

Til samanburðar var vorið 1975 valið úrtak kennara við skyldunámsskóla á öllu landinu og fyrir þá lagðar sömu spurningar. — Úrvinnslu er ekki lokið.

Guðmundur Ingi Leifsson, námstjóri, hafði umsjón með könnun þessari.

Mat á kennsluefni í samfélagsfræði **1975—1976**

Viðfangsefni var námsefni 4. námsárs í samfélagsfræði. Fjallað er m. a. um uppeldisfræðilegan bakgrunn þess, námsmarkmið, kennsluumhverfi og kennsluaðferðir. Þá er lagt mat á siðfræðilegt og félagslegt gildi námsins fyrir nemendur. Einnig er bent á ýmsa örðugleika við framkvæmd kennslu af þessu tagi.

Ólafur Proppé gerði rannsókn þessa í tengslum við starfshóp skólarannsóknadeildar í samfélagsfræði.

Könnun á húsnæði og tækjakosti til tónmenntanáms í grunnskólum **1975**

Könnunin hófst haustið 1975 og ári síðar höfðu borist skýrslur frá flestum skólum. — Í tengslum við könnunina var og safnað upplýsingum um menntun og starfsréttindi þeirra sem önnuðust tónmenntakennslu í grunnskólum.

Úrvinnslu er ekki lokið. Njáll Sigurðsson námstjóri annaðist framkvæmd þessara kannana.

Könnun á möguleikum til samkennslu í grunnskólum. **1975—1976**

Gerð var könnun á samkennslu árganga með tilliti til meiri hagkvæmni í skólarekstri. Könnunin beindist að eftirtöldum þáttum:

1 Tegund skóla,
2. nemendafjölda, aldursskiptingu, húsnæði, kennaraliði og kennslugögnum,
3. möguleikum á samkennslu árganga, skiptingu í deildir, frávikum frá stundaskrá (viðmiðunarstundaskrá) og hugsanlegum flutningi námsefnis milli ára,
4. uppsetningu vinnuskrár,
5. vinnubrögðum,
6. áætlun skólastjóra, skiptingu í deildir og stundafjölda.

Þessi könnun fór fram í 13 skólum og annaðist hana Kári Arnórsson skólastjóri. Skýrsla um könnunina var gefin út í febrúar 1976.

Könnun á húsnæði og tækjakosti til mynd- og handmenntanáms í grunnskólum **1975—1976**

Könnunin hófst haustið 1975 og lauk haustið 1976 og annaðist Þórir Sigurðsson námstjóri framkvæmd hennar.

Skýrslur bárust frá flestum skólum. Úrvinnslu er ekki að fullu lokið.

Einnig var safnað upplýsingum um menntun og starfsréttindi þeirra kennara sem þá önnuðust mynd- og handmenntakennslu á grunnskólastigi.

Árangursmat og einkunnagjöf í Menntaskólanum við Hamrahlíð **1977**

Í rannsókninni er lögð áhersla á þetta þrennt:

1. að gera tilraun til að fjalla um efnið út frá viðhorfum uppeldis-, sálar- og kennslufræði og taka þá mið af rannsóknum sem gerðar hafa verið hér og erlendis í þeim greinum,
2. að gera könnun á viðhorfum kennara og nemenda í MH til árangursmats og tengdra þátta í skólastarfinu,
3. að gera athugun á hvernig árangursmati hefur verið beitt í MH, dreifingu einkunna frá upphafi áfangakerfis í MH og samanburð á þessum dreifingum.

Að rannsókninni unnu þeir Þorlákur H. Helgason og Örnólfur Thorlacius frá MH og Ólafur Proppé frá skólarannsóknadeild. Lokaskýrsla kom í mars 1977.

Könnun á viðhorfi nemenda til náms í líffræði **1977**

Könnun þessa gerði Reynir Bjarnason námstjóri og var tilgangurinn sá að athuga hvort munur væri á viðhorfum og áhuga nemenda eftir því hvort þeir hefðu numið nýtt námsefni í líffræði eða hið eldra.

Jafnframt var könnuð kennsla og aðstaða til líffræðináms og ýmis atriði varðandi kennara.

Úrvinnsla fer fram fyrri hluta árs 1978.

Könnun á valgreinum í 9. bekk grunnskóla **1977**

Vorið 1977 kannaði skólarannsóknadeild framboð og framkvæmd valgreina í 7.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1976—1977.

Í ljós kom að framboð valgreina (fyrst og fremst í 9. bekk) var fjölbreytt —

Könnun á viðhorfum skólastjóra og málakennara til árangurs af málanámi og æskilegrar skipunar þess **1977**

Skólarannsóknadeild gekkst fyrir þessari könnun vorið 1977. 354 svör bárust. Hörður Bergmann námstjóri samdi greinargerð um könnunina og er ætlunin að birta hana í upplýsingariti frá skólarannsóknadeild.
um 73 valgreinar voru nefndar í könnuninni. Einnig kom fram að meirihluti skólastjóranna taldi að valgreinum væri ætlað hæfilegt rúm með svipaðri skipan og skólaárið 1976—1977.

Hörður Bergmann námstjóri samdi greinargerð um könnunina og er ætlunin að birta hana í upplýsingariti frá skólarannsóknadeild.

Tengsl skólans við umhverfið **1977**

Meginmarkmið þessa verkefnis er að kanna hvaða upplýsingar foreldrar og aðrir þurfa og vilja fá um skólastarfið almennt og árangur nemenda, ásamt því að aðstoða skóla við að afla slíkra upplýsinga og dreifa þeim.

Verkefnið er í meginatriðum þríþætt: **Fyrsti þáttur** er könnun á viðhorfum kennara, nemenda, foreldra og annarra til upplýsingastreymis milli skólans og viðkomandi aðila. **Annar þáttur** einkennist af aðstoð og vinnu með kennurum við að efla og bæta upplýsingastreymið, m. a. á grundvelli fenginna upplýsinga (sbr. 1. þátt). **Þriðji þáttur** verður að mestu fólginn í skýrslugerð um verkefnið í heild og þá m. a. haft í huga að skýrslur verði aðgengilegar öðrum skólum/kennurum.

Fyrsti þáttur verkefnisins var unninn síðara hluta árs 1977 og er áætlað að skýrslugerð ljúki haustið 1978. Ólafur Proppé skipulagði verkefnið og annast framkvæmdir.

Könnun í stærðfræði **1977**

Vorið 1977 voru sendir út spurningalistar til kennara og skyldi aflað upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Gerð viðauka við kennsluleiðbeiningar með valefni handa 9. bekk.
2. Ákvarðanatöku um framhald vals í 9. bekk.
3. Stefnumótun varðandi námsefnisgerð fyrir 7.—9. bekk grunnskóla en endurskoðunarstarfið er komið að þeim bekkjum.
4. Gerð námskrár í stærðfræði handa samfelldum grunnskóla.

Einungis er búið að vinna úr vissum þáttum þessarar könnunar, einkum þeim er lúta að skoðun kennara á valfrelsi í 9. bekk og athugun á því hve margir nemendur í 7.—9. bekk hafi aðgang að reiknivélum til nota í náminu ef þurfa þykir. Anna Kristjánsdóttir námstjóri annast þessa könnun.

Yfirlit yfir fjárveitingar til endurskoðunar námsefnis

Til endurskoðunar námsefnis á grunnskólastigi hefur frá árinu 1967 verið árlega veitt fé á fjárlögum sem eitt af verkefnum yfirstjórnar menntamálaráðuneytisins. Í fjárlögum fyrir 1977 var í fyrsta sinn um að ræða sérstakan fjárlagalið.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallið á milli fjárveitinga til endurskoðunar námsefnis og fjárveitinga til barna- og gagnfræðaskóla með og án stofnkostnaðar árið 1967—1977.

Ár	1 Fjárveiting til endurskoðunar námsefnis	2 Fjárveitingar til barna- og gagnfræðaskóla — laun og rekstrarkostnaður	% 1 af 2	3 Fjárveitingar til barna- og gagnfræðaskóla — laun, rekstrar- og stofnkostn.	% 1 af 3
1967	800 þús	335 159 þús	0,23	453 432 þús	0,18
1968	1 368 –	310 359 –	0,44	439 152 –	0,31
1969	1 790 –	488 648 –	0,37	632 822 –	0,28
1970	2 503 –	547 931 –	0,46	771 491 –	0,32
1971	5 770 –	734 552 –	0,78	1 047 313 –	0,55
1972	6 227 –	1 073 044 –	0,58	1 513 154 –	0,41
1973	11 375 –	1 508 441 –	0,75	1 986 669 –	0,57
1974	16 316 –	1 895 098 –	0,86	2 634 504 –	0,62
1975	24 807 –	2 774 530 –	0,89	3 932 842 –	0,63
1976	34 283 –	3 198 030 –	1,07	4 360 866 –	0,79
1977	52 858 –	4 754 785 –	1,16	6 231 355 –	0,82

Skrá um álitsgerðir og námskrár, sem gefnar hafa verið út á vegum menntamálaráðuneytisins (skólarannsóknadeildar)

Álitsgerðir:

1. Álitsgerð um próf í barna- og gagnfræðaskólum. (1972)
2. Endurmenntun kennara. (1970)
3. Endurskoðun námsefnis og kennslu í dönsku. (1971)
4. Endurskoðun námsefnis og kennslu í eðlis- og efnafræði. (1968)
5. Endurskoðun námsefnis og kennslu í líffræði. (1969)
6. Endurskoðun námsefnis og kennslu í samfélagsfræðum. (1971)
7. Endurskoðun námsefnis og kennslu í tónmennt. (1972)
8. Fjölgun námsbrauta fyrir gagnfræðinga og landsprófsmenn. (1969)
9. Marklýsingar móðurmálsnáms í grunnskóla. (1973)
10. Mynd- og handmenntir í íslenska skólakerfinu. (1973)
11. Samanburður á námi í Tækniskóla Íslands, stærðfræðideild menntaskóla og verkfræðideild H. Í. (1969)
12. Um nám og kennslu móðurmálsins á skyldunámsstigi. (1972)
13. Um námsefni og stundaskrá fjölbrautaskóla. (1973) (I og II)
14. Um nýskipan verk- og tæknimenntunar á Íslandi. (1971)
15. Álit lestrarbókanefndar um efni nýs lestrarbókaflokks á grunnskólastigi (júlí 1974)
16. Samanburður á námi í Stýrimannaskólanum, Iðnskólanum í Reykjavík, Fiskvinnsluskólanum og Tækniskóla Íslands. (júlí 1974)
17. Framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. (maí 1975)
18. Endurskoðun námsefnis og kennslu í íþróttum í grunnskóla. (apríl 1975)
19. Endurskoðun námsefnis og kennslu í kristnum fræðum í grunnskóla. (júní 1976)
20. Endurskoðun námsefnis og kennslu í heimilisfræði í grunnskóla. (júlí 1976)
21. Almennt bóknám í iðnskólum. Athugun á námskrá, námsefni og kennslu 1968—1974. (sept. 1976)
22. Árangursmat og einkunnagjöf í Menntaskólanum við Hamrahlíð. (mars 1977).

Námskrár:

1. Drög að námskrá fyrir bókmenntakennslu og framhaldsþjálfun í lestri í barna- og gagnfræðaskólum. (1969)
2. Drög að námskrá í stærðfræði fyrir barnafræðslustig. (1971)
3. Drög að námskrá í ensku í 1. bekk gagnfræðastigs fyrir skólaárin 1972/73 og 1973/74. (1972)

4. Drög að námskrá í ensku í 6. bekk barnastigs fyrir skólaárin 1973/74, 1974/75, 1975/76. (1973)
5. Drög að námskrá í ensku í 2. bekk gagnfræðastigs fyrir skólaárin 1973/74 og 1974/75. (1973)
6. Drög að námskrá í landsprófsdeildum miðskóla. (1968)
7. Drög að námskrá í landsprófsdeildum miðskóla 1969—1970. (1970)
8. Viðauki og breytingar á „Drög(um) að námskrá í landsprófsdeildum miðskóla skólaárið 1969—1970". (1970)
9. Drög að námskrá í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði fyrir gagnfræðadeildir. (1968)
10. Drög að námskrá í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði fyrir gagnfræðadeildir. (1969)
11. Viðauki og breytingar á „Drögum að námskrá í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði". (1970)
12. Drög að námskrá í íslensku fyrir miðskóla- og gagnfræðadeildir. (1971)
13. Drög að námskrá í dönsku fyrir miðskóla- og gagnfræðadeildir. (1971)
14. Drög að námskrá í ensku fyrir landsprófs- og gagnfræðadeildir. (1971)
15. Drög að námskrá í stærðfræði fyrir miðskóla- og gagnfræðadeildir. (1971)
16. Drög að námskrá í landafræði fyrir landsprófsdeildir miðskóla skólaárið 1971—1972. (1971)
17. Drög að námskrá í sögu fyrir landsprófsdeildir miðskóla skólaárið 1971—1972. (1971)
18. Drög að námskrá í náttúrufræði fyrir landsprófsdeildir miðskóla skólaárið 1971—1972. (1971)
19. Drög að námskrá í eðlisfræði fyrir landsprófsdeildir miðskóla skólaárið 1971—1972. (1971)
20. Breytingar við „Drög að námskrá í íslensku fyrir miðskóla- og gagnfræðadeildir frá 1971", (1972)
21. Drög að námskrá í dönsku fyrir miðskóla- og gagnfræðadeildir. (1972 og 1973, en þá var kaflanum um próf sleppt).
22. Drög að námskrá í stærðfræði fyrir miðskóla- og gagnfræðadeildir (1972 og 1973, en þá var kaflanum um próf sleppt).
23. Drög að námskrá í eðlisfræði fyrir landsprófsdeildir miðskóla skólaárið 1972—1973. (1972)
24. Breytingar við „Drög að námskrá í landafræði fyrir landsprófsdeildir miðskóla skólaárið 1971—1972". (1972)
25. Breytingar við „Breytingar við drög að námskrá í íslensku fyrir miðskóla- og gagnfræðadeildir" frá 1972. (1973)
26. Drög að námskrá í ensku fyrir miðskóla og gagnfræðadeildir. (1973)
27. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, fyrra ár. (1969)
28. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, síðara ár.(1969)
29. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, fyrra ár, íslenska, endurskoðuð. (1970)
30. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, fyrra ár, danska, enska og þýska, endurskoðuð. (1970)
31. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, danska, endurskoðuð. (1970)
32. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, fyrra ár, stærðfræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlisfræði, endurskoðuð. (1970)
33. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, fyrra ár, landafræði, saga og samfélagsfræði, endurskoðuð. (1970)
34. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, fyrra ár, tónlist, myndíð, íþróttir, endurskoðuð. (1970)
35. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldseildir gagnfræðaskóla, fyrra ár, verslunarfræði, vélritun og skjalavarsla og bókfærsla, endurskoðuð. (1970)

36. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, íslenska, endurskoðuð. (1972)
37. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, danska, enska og þýska, endurskoðuð. (1972)
38. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, myndíð, endurskoðuð. (1972)
39. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, fyrra ár, íslenska, endurskoðuð. (1973)
40. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, landafræði, endurskoðuð (1973)
41. Drög að námskrá handa 7., 8. og 9. bekk grunnskóla í íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, náttúrufræði, sögu, félagsfræði og landafræði. (ágúst 1974)
42. Bráðabirgðanámskrá fyrir framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, skólaárið 1974—1975, fyrra og síðara ár. (1974)
43. Drög að námskrá í kristnum fræðum handa 3. bekk grunnskóla, skólaárið 1975—1976. (maí 1975)
44. Námsefni í heimilisfræði. (september 1975)
45. Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna fyrra ár 1976—1977: Skipting kennslustunda milli námsgreina og tillögur um námsefni. (júlí 1976)
46. Drög að námskrá í viðskiptagreinum fyrir viðskiptakjörsvið framhaldsdeildar gagnfræðaskólanna skólaárið 1976—1977, fyrra og síðara ár. (júlí 1976)
47. Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna: Námskrá í íslensku fyrir kjarna, fyrra ár. (júlí 1976)
48. Námskrá fyrir framhaldsskóla: DANSKA, 1. ár. (ágúst 1976)
49. Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna: Námsefni í stærðfræði, fyrra ár, skólaárið 1976—1977. (sept. 1976)
50. Aðalnámskrá grunnskóla:
    - almennur hluti (sept. 1976)
    - móðurmál (ágúst 1976)
    - erlend mál — danska og enska (ágúst 1976)
    - tónmennt (ágúst 1976)
    - kristinfræði (ágúst 1976)
    - eðlis- og efnafræði (sept. 1976)
    - skólaíþróttir (des. 1976)
    - mynd- og handmennt (ágúst 1977)
    - samfélagsfræði (ágúst 1977)
    - heimilisfræði (ágúst 1977)
51. 1. og 2. ár framhaldsnáms skólaárið 1977—78. Skipting kennslustunda milli námsgreina og ábendingar um námsefni. (ágúst 1977)

Bæklingar:

1. Um endurskoðun námsefnis í íslensku nr. 1 (nóv. 1974)
2. Um eðlis- og efnafræði o. fl. nr. 2 (des. 1974)
3. Um tónmennt o. fl. nr. 3 (febr. 1975)
4. Um endurskoðun námsefnis í samfélagsfræði nr. 4 (maí 1975)
5. Um endurskoðun námsefnis í mynd- og handmennt nr. 5 (júní 1975)
6. Nokkrar ábendingar um námsmat nr. 6 (nóv. 1975)
7. Um dönskukennsluna nr. 7 (jan. 1976)
8. Um dönskukennsluna nr. 8 (mars 1976)
9. Um dönskukennsluna nr. 9 (sept. 1976)
10. Um dönskukennsluna nr. 10 (jan. 1977)
11. Um eðlisfræðikennsluna nr. 11 (febr. 1977)
12. Um dönskukennsluna nr. 12 (apr. 1977)

13. Um enskukennsluna nr. 13 (maí 1977)
14. Um dönskukennsluna nr. 14 (sept. 1977)
15. Um lestrarbækur nr. 15 (okt. 1977)

Skrá um námsefni sem gefið hefur verið út af Ríkisútgáfu námsbóka í samvinnu við menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild

Eðlis- og efnafræði:

1969:

1. Eðlis- og efnafræði I eftir Þóri Ólafsson og Örn Helgason, 1. tilr. útg.
2. Kennsluleiðbeiningar með Eðlis- og efnafræði I, 1. tilr. útg.
3. Efnafasar eftir Óskar Maríusson, 1. tilr. útg.
4. Kennsluleiðbeiningar með Efnafösum, 1. tilr. útg.
5. Mál (mælingar) eftir Ólaf Guðmundsson, 1. tilr. útg.
6. Kennsluleiðbeiningar með Mál, 1. tilr. útg. 5 síður.
7. Staða og hreyfing eftir Ólaf Guðmundsson, 1. tilr. útg.
8. Kennsluleiðbeiningar með Stöðu og hreyfingu, 1. tilr. útg.

1970:

1. Eðlis- og efnafræði I, eftir Þóri Ólafsson og Örn Helgason, 2. útg., 175 síður.
2. Kennsluleiðbeiningar með Eðlis- og efnafræði I, 2. útg.
3. Eðlis- og efnafræði II, eftir Þóri Ólafsson og Örn Helgason, 1. tilr. útg.
4. Efnafasar I, eftir Óskar Maríusson, 2. útg. 39 síður.
5. Ljósið eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, 1. tilr. útg.
6. Mælingar, eftir Ólaf Guðmundsson, 2. útg., 13 síður.
7. Staða og hreyfing, eftir Ólaf Guðmundsson, 2. útg., 31 síða.
8. Kennsluleiðbeiningar með Mælingum, Stöðu og hreyfingu og Efnafösum, 2. útg., 64 síður.

1971:

1. Eðlis- og efnafræði II, eftir Þóri Ólafsson og Örn Helgason, 2. útg., 96 síður.
2. Kennsluleiðbeiningar með Eðlis- og efnafræði II, 2. útg.
3. Efnafasar 2. hefti, eftir Óskar Maríusson, 2. útg., 32 síður.
4. Ljósið eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, 2. útg., 36 síður.
5. Kennsluleiðbeiningar með Ljósinu og Efnafösum 2. hefti.
6. Rafmagn eftir Ólaf Guðmundsson, 1. tilr. útg.
7. Rafmagn eftir Ólaf Guðmundsson, 2. útg., 32 síður.
8. Varminn eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, 1. tilr. útg.

1972:

1. Eðlis- og efnafræði III, eftir Ólaf Guðmundsson, Þóri Ólafsson og Örn Helgason, 1. tilr. útg.
2. Eðlis- og efnafræði III, eftir Ólaf Guðmundsson, Þóri Ólafsson og Örn Helgason, 2. útg.
3. Kennsluleiðbeiningar með Eðlis- og efnafræði III, 1. tilr. útg.
4. Sólkerfið eftir Örn Helgason, 1. tilr. útg.
5. Varminn eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, 2. útg., 46 síður.
6. Kennsluleiðbeiningar með Varmanum, 2. útg.

1973:

1. Efnafasar I, eftir Óskar Maríusson, 3. útg.
2. Mælingar eftir Ólaf Guðmundsson, 3. útg.
3. Staða og hreyfing eftir Ólaf Guðmundsson, 3. útg.

1974:

1. Efnafasar II, eftir Óskar Mariusson, 3. útg.
2. Eðlis- og efnafræði I og II, eftir Þóri Ólafsson og Örn Helgason, 3. útg.
3. Ljósið eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, 3. útg.
4. Rafmagn eftir Ólaf Guðmundsson, 3. útg.
5. Sólkerfið eftir Örn Helgason, 2. útg. 44 síður.
6. Kennsluleiðbeiningar með Sólkerfinu, 2. útg.

1975:

1. Eðlis- og efnafræði I, kennsluleiðbeiningar, endurskoðuð útg.
2. Efnafasar 2. hefti e. Óskar Mariusson, endursk. útg.
3. Ljósið, kennsluleiðbeiningar, eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, endurskoðuð útg.
4. Mælingar, kennsluleiðbeiningar eftir Ólaf Guðmundsson, endurskoðuð útg.
5. Rafmagn, kennsluleiðbeiningar, eftir Ólaf Guðmundsson, endurskoðuð útg.
6. Staða og hreyfing, kennsluleiðbeiningar, eftir Ólaf Guðmundsson, endurskoðuð útg.
7. Varminn, kennsluleiðbeiningar, eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, endurútg.

1976:

1. Rafmagnsfræði, eftir Örn Helgason.

1977:

1. Varminn, eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, lokaútg.
2. Varminn, kennsluleiðbeiningar, eftir Loft Magnússon og Sigurð Símonarson, endursk. útg.
3. Eðlis- og efnafræði I—II, kennnsluleiðbeiningar, inngangur eftir Hrólf Kjartansson og Örn Helgason, 1. útg.

Stærðfræði:

1970:

1. Rúmfræði eftir Önnu Kristjánsdóttur, 1. tilr. útg.

1971:

1. Algebra handa unglingaskólum I og II, eftir Hörð Lárusson og Önnu Kristjánsdóttur, 1. tilr. útg.
2. Tilraunanámsefni í stærðfræði fyrir 7. bekk, I og II, eftir Hörð Lárusson.
3. Tilraunanámsefni í stærðfræði fyrir 7. bekk, dæmahefti I og II, eftir Stefán Árnason.
4. Tilraunanámsefni í stærðfræði fyrir 7. bekk, dæmahefti III og IV, eftir Hörð Lárusson.

1972:

1. Stærðfræði handa 7. bekk grunnskóla, dæmahefti I, II, III eftir Hörð Lárusson, 1. tilr. útg.
2. Stærðfræði handa 7. bekk grunnskóla, textahefti A og B, eftir Hörð Lárusson, 1. tilr. útg.
3. Stærðfræði handa 9. bekk grunnskóla, tilraunaverkefni, eftir Hörð Lárusson.
4. Reikningsbók 1. hefti A, eftir Anton Sigurðsson og Hörð Zóphaníasson 1. tilr. útg.
5. Stærðfræði fyrir 8. bekk, I, II, III, eftir Hörð Lárusson, 1. tilr. útg.

1973:

1. Reikningsbók 1. hefti A, eftir Anton Sigurðsson og Hörð Zóphaníasson, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn Arnar Ingólfsson, 1. tilr. útg.

2. Kennsluleiðbeiningar með Reikningsbók 1. hefti B, 1. tilr. útg.
3. Reikningsbók 1. hefti B, eftir Anton Sigurðsson og Hörð Zóphaníasson, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn Arnar Ingólfsson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, 1. tilr. útg.
4. Kennsluleiðbeiningar með Reikningsbók 1. hefti B, 1. tilr. útg.
5. Reikningsbók 2. hefti A, eftir Anton Sigurðsson og Hörð Zóphaníasson, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn Arnar Ingólfsson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, 1. tilr. útg.
6. Stærðfræði handa unglingaskólum, textahefti A og B, eftir Hörð Lárusson, 2. útg.
7. Stærðfræði handa unglingaskólum, dæmahefti I, II, III, eftir Hörð Lárusson, 2. útg.
8. Kennsluleiðbeiningar með Stærðfræði 7. bekkjar A og B, eftir Hörð Lárusson, 1. tilr. útg.
9. Stærðfræði handa unglingaskólum, textahefti C, eftir Hörð Lárusson, 1. tilr. útg.
10. Stærðfræði handa unglingaskólum, dæmahefti IV, eftir Hörð Lárusson, 1. tilr. útg.
11. Stærðfræði handa unglingaskólum, dæmahefti V, eftir Hörð Lárusson, 1. tilr. útg.
12. Stærðfræði fyrir 8. bekk IV og V, eftir Hörð Lárusson, 1. útg.
13. Stærðfræði fyrir 9. bekk, I—V, eftir Hörð Lárusson, 1. útg.

1974:

1. Reikningsbók 1. hefti A, eftir Anton Sigurðsson og Hörð Zóphaníasson, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn Arnar Ingólfsson, 3. útg.
2. Reikningsbók 1. hefti B, eftir Anton Sigurðsson og Hörð Zóphaníasson, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn Arnar Ingólfsson, 2. útg.
3. Reikningsbók 1. hefti C, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ragnhildi Bjarnadóttur og Örn Arnar Ingólfsson, 1. útg.
4. Drög að kennsluleiðbeiningum með Reikningsbók 1. hefti C, 1. útg.
5. Drög að kennsluleiðbeiningum með Reikningsbók 1. hefti A—C, 2. útg.
6. Reikningsbók 2. hefti B, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn Arnar Ingólfsson, 1. tilr. útg.
7. Reikningsbók 2. hefti C, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn Arnar Ingólfsson, 1. tilr. útg.
8. Reikningsbók 2, hefti A, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Örn Arnar Ingólfsson, 2. útg.
9. Reikningsbók 2. hefti B, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn A. Ingólfsson 2. útg.
10. Reikningsbók 2. hefti C, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn A. Ingólfsson, 2. útg.
11. Reikningsbók 3. hefti A, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Ragnhildi Bjarnadóttur, Örn A. Ingólfsson. 1. tilr. útg.
12. Drög að kennsluleiðbeiningum með Reikningsbók 2. h. A, 1. útg.
13. Drög að kennsluleiðbeiningum með Reikningsbók 2. h. B, 1. útg.
14. Drög að kennsluleiðbeiningum með Reikningsbók 2. h. C, 1. útg.
15. Drög að kennsluleiðbeiningum með Reikningsbók 3. h. A, 1. útg.
16. Kennsluleiðbeiningar með Stærðfræði 8. bekkjar C, drög, 1. útg.
17. Stærðfræði handa 9. bekk grunnskóla eftir Hörð Lárusson, 2. útg.
18. Stærðfræði handa 7. bekk grunnskóla, dæmahefti I, eftir Hörð Lárusson, tilr. útg.

1975:

1. Stærðfræði handa 9. bekk grunnskóla, eftir Hörð Lárusson, 3. útg.
2. Reikningsbók 4. h. A, eftir Hönnu Kristínu Stefánsdóttur, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Ragnhildi Bjarnadóttur, 1. útg.
3. Stærðfræði handa 8. bekk grunnskóla, fyrri hluti, eftir Hörð Lárusson, 2. útg.
4. Reikningsbók 3. h. B +viðauki, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ingibjörgu Þorkelsdóttur, Ragnhildi Bjarnadóttur og Örn Arnar Ingólfsson, tilr. útg.

1976:

1. Stærðfræði handa grunnskólum, 1. h. A, eftir Anton Sigurðsson, Hörð Zóphaníasson, Ragnhildi Bjarnadóttur og Örn Arnar Ingólfsson, lokaútg.
2. Stærðfræði handa grunnskólum, 1. h. B., eftir AS, HZ, RB, ÖAI lokaútg.
3. Reikningsbók 4. h. B, eftir IÞ, HKS, RB tilr.útg.
4. Reikningsbók 4. h. C, eftir IÞ, HKS, RB, tilr.útg.
5. Reikningsbók 5. h. A, eftir IÞ, HKS, RB, RÞ tilr.útg.
6. Stærðfræði handa 8. bekk, eftir Hörð Lárusson, lokaútg.
7. Stærðfræði handa 9. bekk, eftir Hörð Lárusson, lokaútg.
8. Vinnuspjöld með Stærðfræði 1. hefti.
9. Vinnuspjöld með Stærðfræði 5. hefti A.
10. Verkefni í rúmfræði handa 9. bekk, eftir Önnu Kristjánsdóttur.
11. Kennsluleiðbeiningar með Verkefni í rúmfræði handa 9. bekk eftir Önnu Kristjánsdóttur.
12. Verkefni í verslunarreikningi handa 9. bekk eftir Rúnar Þorvaldsson og Önnu Kristjánsdóttur.
13. Kennsluleiðbeiningar með Verkefni í verslunarreikningi handa 9. bekk eftir Rúnar Þorvaldsson og Önnu Kristjánsdóttur.

1977:

1. Stærðfræði handa grunnskólum 1. hefti C, eftir AS, HZ, RB, ÖAI.
2. Stærðfræði handa grunnskólum 2. hefti A, eftir AS, HZ, IÞ, RB, ÖAI.
3. Stærðfræði handa grunnskólum 2. hefti B, eftir AS, HZ, IÞ, RB, ÖAI.
4. Stærðfræði handa grunnskólum 2. hefti C, eftir AS, HZ, IÞ, RB, ÖAI.
5. Reikningsbók 5. hefti B, eftir IÞ, HKS, RB, RÞ.
6. Vinnuspjöld með 5. hefti B.
7. Prýstispjöld með 5. hefti A+B.
8. Kennsluleiðbeiningar með Reikningsbók 5. hefti eftir IÞ, HKS, RB, RÞ.
9. Reikningsbók 6. hefti A, eftir IÞ, HKS, RB, RÞ.
10. Reikningsbók 6. hefti B eftir IÞ, HKS, RB, RÞ.
11. Vinnuspjöld með 6. hefti.
12. Kennsluleiðbeiningar með Stærðfræði 1 B og C, eftir ÖAI, RB, IS.
13. Reikningsbók 4. hefti B eftir IÞ, HKS, RB, tilr.útg.

Danska:

1970:

1. Jeg taler dansk, eftir Gurli Doltrup, 1. tilr. útg., 32 síður. Fjölr. — A-4.
2. Kennsluleiðbeiningar með Jeg taler dansk, eftir Gurli Doltrup, 1. tilr. útg., 40 síður + hljómbönd, fjölr. — A-4.

1971:

1. Jeg taler dansk, eftir Gurli Doltrup, 2. tilr. útg., 80 síður, fjölritað — A-4.
2. Kennsluleiðbeiningar með Jeg taler dansk, eftir Gurli Doltrup, 2. tilr. útg., + hljómbönd, fjölr. — A-4.

1972:

1. Den sorte fokevogn — Lærervejledning, arbejdsblade, sange, handa 7. bekk, eftir Stínu Gísladóttur. Gurli Doltrup aðstoðaði við gerð vinnublaða, 1. tilr. útg. — 41 síða, fjölr. — A-4.
2. Hljómbönd með Den sorte folkevogn, 110 mín. Ein rödd. Dönsk upptaka gerð með fyrstu útgáfu bókarinnar.

1973:

1. Dansk i dag — tekster og billeder, handa 8. bekk, eftir Guðrúnu Halldórsdóttur, Hörð Bergmann og Sólveigu Einarsdóttur, 1. tilr. útg. offsetprentað, tvöf. demy.
2. Dansk i dag — ordforklaringer og øvelser handa 8. bekk, eftir Guðrúnu Halldórsdóttur, Hörð Bergmann og Sólveigu Einarsdóttur, 1. tilr. útg., offsetprentað, tvöf. crown.
3. Hljómbönd með „Dansk i dag" handa 8. bekk, 75 mín., 3 raddir, 1. tilr. útg.
4. Dansk i dag — kennsluleiðbeiningar, handa 8. bekk, eftir Sólveigu Einarsdóttur. Ráð og aðstoð, Hörður Bergmann, 1. tilr. útg., 36 síður fjölritað A-4.
5. Den sorte folkevogn, handa 7. bekk, eftir Kirsten Hare og Jytte Jordal. Teikningar eftir Kurt Westergaard. Offsetprentað. 128 síður,
6. Den sorte folkevogn — lærervejledning, arbejdsblade, øvelser, sange, handa 7. bekk, eftir Stínu Gísladóttur. Skriflegar æfingar eftir Hörð Bergmann. Aðstoð við gerð vinnublaða Gurli Dolrup, 2. útg., 40 síður, fjölritað A-4.
7. Jeg taler dansk, eftir Gurli Doltrup, 2. tilr. útg., 48 síður.
8. Kennsluleiðbeiningar með Jeg taler dansk, 2. tilr. útg., 75 síður.
9. Hljómbönd með Børn i Danmark, handa 6. bekk, 1½ st., lokaútgáfa.

1974:

1. Jeg taler dansk I, handa 4. bekk, eftir Gurli Doltrup, lokaútgáfa, 48 síður.
2. Kennsluleiðbeiningar með Jeg taler dansk, eftir Gurli Doltrup, lokaútgáfa, 90 síður.
3. Hljómbönd með Jeg taler dansk I, 3½ st.
4. Arbeidshæfte til Børn i Danmark, handa 6. bekk, eftir Gurli Doltrup, Mogens Jansen og Stellu Guðmundsdóttur, 24 síður, lokaútgáfa.
5. Kennsluleiðbeiningar með Børn i Danmark, handa 6. bekk, eftir Gurli Doltrup, 26 síður, 1. útg.
6. Vi lærer dansk — tekster og billeder, handa 7. bekk, eftir Hörð Bergmann, Sólveigu Einarsdóttur og Stínu Gísladóttur. 1. tilr. útg., 80 síður.
7. Vi lærer dansk ordforklaringer og opgaver, handa 7. bekk, eftir Hörð Bergmann, Sólveigu Einarsdóttur og Stínu Gísladóttur, 1. tilr. útg., 48 síður.
8. Hljómbönd með Vi lærer dansk, 80 mín., 1. tilr. útg.
9. Vi lærer dansk — kennsluleiðbeiningar eftir Hörð Bergmann, 1. tilr. útg., 31 síða A-4.

1975:

1. Jeg taler dansk II, handa 5. bekk, eftir Gurli Doltrup, 64 síður, lokaútgáfa.
2. Kennsluleiðbeiningar með Jeg taler dansk II, eftir Gurli Dolrup, 110 síður, lokaútgáfa.
3. Hljómbönd með Jeg taler dansk II, 3½ st., lokaútgáfa.
4. Kennsluleiðbeiningar með Børn i Danmark, handa 6. bekk, eftir Gurli Doltrup, 86 síður, lokaútgáfa.
5. Dansk i dag — tekster, billeder og orforklaringer, handa 8. bekk, eftir Hörð Bergmann, Sólveigu Einarsdóttur og Guðrúnu Halldórsdóttur. Ráð og aðstoð vegna texta: Mogens Jansen, Peter Søby Kristensen og Hjørdis Varmer. Ljósmyndir eftir John Henrik Piepgrass o. fl. Teikningar eftir Árna Elfar o. fl., 96 síður, lokaútgáfa.
6. Dansk i dag — øvelser og grammatik, handa 8. bekk, eftir Hörð Bergmann. Ráð og aðstoð: Mogens Jansen, Peter Søby Kristensen og Hjørdis Varmer, 70 síður, lokaútgáfa.
7. Hljómbönd með Dansk i dag, 120 mín., lokaútgáfa.
8. Kennsluleiðbeiningar með Dansk i dag, handa 8. bekk, eftir Hörð Bergmann, 42 síður, lokaútgáfa.
9. Den sorte folkevogn — kennsluleiðbeiningar. Viðauki. Eftir Hörð Bergmann, 16 síður.

1976:

1. Kennsluleiðbeiningar með Jeg taler dansk I, eftir Guli Doltrup lokaútg.

1977:

1. Vi lærer dansk, tekster, billeder og ordforklaringer, eftir Hörð Bergmann, Sólveigu Einarsdóttur og Stínu Gísladóttur, lokaútgáfa.
2. Vi lærer dansk, øvelser, eftir Hörð Bergmann, lokaútgáfa.
3. Vi lærer dansk, kennsluleiðbeiningar, eftir Hörð Bergmann, lokaútg.
4. Vi lærer dansk, hljómbönd, eftir Hörð Bergmann, lokaútgáfa.
5. Min danske ordbog eftir Gurli Doltrup og Stellu Guðmundsdóttur.

1978:

1. Framburðardæmi með Min danske ordbog eftir Peter Rasmussen kasetta og bæklingur.

Samfélagsfræði:

1969:

1. Stjórnmál og stjórnmálastefnur eftir Erik Rasmussen og Áróður eftir Jóhann Sæmundsson. Lesefni ætlað fjölfræðideildum veturinn 1969—70/71.

1972:

1. Samfélagsfræði 3. námsár I, Eskimóar og Tanzanir, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur, 1. tilr. útg., 67 síður.
2. Samfélagsfræði, kennsluleiðbeiningar með 3. námsári I, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur, 1. tilr. útg., 52 síður.
3. Samfélagsfræði, vinnubókarblöð með 3. námsári I, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur, 1. tilr. útg., 32 síður.

1973:

1. Samfélagsfræði, Ísland — Við ströndina, (3. námsár) eftir Kristínu H. Tryggvadóttur, 1. tilr. útg., 39 síður.
2. Samfélagsfræði, Ísland — Við ströndina, kennsluleiðbeiningar eftir Kristínu H. Tryggvadóttur, 1. tilr. útg., 32 síður.
3. Samfélagsfræði, Ísland — Við ströndina, vinnubókarblöð, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur, 1. tilr. útg. 32 síður.
4. Samfélagsfræði, Sveitin, handa 3. námsári, eftir Sigurþór Þorgilsson.
5. Haustið, eftir Herdísi Egilsdóttur og Sigríði Soffíu Sandholt, 1. tilr. útg., 47 síður.
6. Haustið — kennsluleiðbeiningar, eftir Herdísi Egilsdóttur og Sigríði Soffíu Sandholt, 1. tilr. útg.
7. Veturinn, eftir Herdísi Egilsdóttur og Sigríði Soffíu Sandholt, 1. tilr. útg., 31 síða.
8. Veturinn, kennsluleiðbeiningar, eftir Herdísi Egilsdóttur og Sigríði Soffíu Sandholt, 1. tilr. útg.
9. Vorið eftir Herdísi Egilsdóttur og Sigríði S. Sandholt, 1. tilr. útg., 39 síður.
10. Vorið — kennsluleiðbeiningar, eftir Herdísi Egilsdóttur, og Sigríði Soffíu Sandholt, 1. tilr. útg., 39 síður.

1974:

1. Komdu í leit um bæ og sveit, samfélagsfræði 2. námsár — 1. eining, tilraunaútgáfa eftir Kristínu H. Tryggvadóttur og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, 30 síður.
2. Komdu í leit um bæ og sveit, kennsluleiðbeiningar, samfélagsfræði 2. námsár — 1. eining, tilr. útg., A, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, 85 síður.

3. Samfélagsfræði 4. námsár, Samskipti:
   a) Samskipti A: Að tjá sig.
   b) " B: Siðir og venjur.
   c) " C: Dýr og menn.
   d) " D: Hegðun.
   e) " E: Skólinn.
   eftir Ingvar Sigurgeirsson, 1. tilr. útg.

1975:

1. Fjölskyldan, kennsluleiðbeiningar, handa 1. námsári, eftir Sigríði Jónsdóttur, 1. tilr. útg.
2. Fjölskyldan, örvunarmyndir og veggspjöld, handa 1. námsári, teiknað af Þórði Hall, 1. tilr. útg.
3. Komdu í leit um bæ og sveit, samfélagsfræði 2. námsár — 2. eining, tilraunaútgáfa A, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur.
4. Við þekkjum þennan heim, sögur um trú og erfðavenjur Netsilikeskimóa. Safnað af Knud Rasmussen. Þýtt af Maríu Steingrímsdóttur og Ernu Björnsdóttur. Ítarefni með samfélagsfræði handa 3. námsári, Eskimóar, 30 síður.
5. Maðurinn með mörgu lífin. Þjóðsögur Netsilik eskimóa. Safnað af Knud Rasmussen. Þýtt af Maríu Steingrímsdóttur og Ernu Björnsdóttur. Ítarefni með samfélagsfræði handa 3. námsári, Eskimóum. 25 síður.
6. Viskubrunnur. Leiðbeiningar handa kennurum með námsefni um eskimóa. María Steingrímsdóttir og Erna Björnsdóttir tóku saman. 62 síður.
7. Eskimóar. Ítarefni fyrir kennara. Lýður Björnsson tók saman. 1. tilr. útg., 23 síður.
8. Samfélagsfræði, 4. námsár, Samskipti:
   a) Samskipti A: Að tjá sig.
   b) " B: Siðir og venjur.
   c) " C: Dýr og menn.
   d) " D: Hegðun.
   e) " E: Skólinn.
   Vinnubókarblöð, 10 síður.
   Ítarefni: Um „úlfabörn" 6 síður.
   Um úlfa, 5 síður.
   Kennsluleiðbeiningar. Eftir Ingvar Sigurgeirsson.
9. Samfélagsfræði, 4. námsár, — 2. eining,
   a) Landnám mannsins.
   b) Steinöld.
   c) Þorpið.
   Eftir Halldóru Magnúsdóttur, 1. tilr. útg.
10. Samfélagsfræði, 7. námsár, Kjör fólks á fyrri öldum, eftir Hauk Sigurðsson, 1. tilr. útg.
11. Samfélagsfræði, 7. námsár, Kjör fólks á fyrri öldum, kennsluleiðbeiningar, eftir Hauk Sigurðsson, 1. tilr. útg.
12. Samfélagsfræði, 7. námsár, Félagsmótun, eftir Dóru S. Bjarnason, 1. tilr. útg.
13. Samfélagsfræði, 7. námsár, Félagsmótun, kennsluleiðbeiningar, eftir Dóru S. Bjarnason, 1. tilr. útg.

1976:

1. Kennsluleiðbeiningar með Komdu í leit II, tilr. útg. eftir Kristínu H. Tryggvadóttur og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur.
2. Landnám mannsins, kennsluleiðbeiningar, eftir Halldóru Magnúsdóttur tilr. útg.
3. Líf á norðurslóðum, 3. námsár, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur lokaútg. nem.bók.
4. Líf á norðurslóðum, 3. námsár, kennsluleiðbeiningar, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur, tilr. útg.

5. Kennsluleiðbeiningar, 1. námsár, eftir Sigríði Jónsdóttur, endurskoðuð útg.
6. Verksmiðjuþorpið Reykjavík, nem. efni, 7. námsár, tilr. útg. eftir Lýð Björnsson.
7. Kennsluleiðbeiningar með Verksmiðjuþorpið Reykjavík, tilr. útg. eftir Lýð Björnsson.
8. Vestlendingar, nem.e., 7. námsár, e. Lýð Björnsson, tilr. útg.
9. Kennsluleiðbeiningar með Vestlendingum, tilr.e. eftir Lýð Björnsson.
10. Veður. Kennsluleiðbeiningar og hugmyndir að vinnublöðum, eftir Ólaf Guðmundsson, tilr. útg.

1977:

1. Komdu í leit I, nem.bók, eftir Kristínu H. Tryggvadóttur og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, endursk. af Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, lokaútg.
2. Komdu í leit I, kennsluleiðbeiningar, eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, lokaútg.
3. Ferð Bjössa, nem.e., 5. námsár, eftir Ragnar Gíslason og Pál Bergsson tilr. útg.
4. Ferð Bjössa, kennsluleiðbeiningar, 5. námsár, eftir EK, HM, PB, RG, tilr. útg.
5. Maðurinn með mörgu lífin, ítarefni með Líf í köldu landi.
6. Við þekkjum þennan heim, ítarefni með Líf í köldu landi.

Enska:

1974:

1. Enska, myndir til glærugerðar I. Teikningar eftir Halldór Þorsteinsson. Leiðbeiningar eftir Jacqueline Hannesson.
2. Enska, vinnublöð, eftir Jacqueline Hannesson. tilr. útg.

1975:

1. Enska. Myndir til glærugerðar II. Teikningar eftir Halldór Þorsteinsson. Leiðbeiningar eftir Jacqueline Hannesson.

Íslenska:

1969:

1. Vinnubók í lestri.

1973:

1. Ljóðasafn í samantekt Finns Torfa Hjörleifssonar, 1. tilr. útg.
2. Foræfingavinnublöð, eftir Þorstein Sigurðsson, 1. tilr. útg., 64 síður.
3. Foræfingavinnublöð, kennsluleiðbeiningar, eftir Þorstein Sigurðsson, 1. tilr. útg., 42 síður.
4. Mál og leikur, eftir Baldur Ragnarsson, handbók handa kennurum og kennaranemum um leikræna tjáningu, tal og framsögn. 1. útg.

1974:

1. Við lesum — Myndlestrarbók eftir Björgvin Jósteinsson, Helgu Magnúsdóttur og Þóru Kristinsdóttur, 1. útg., 30 síður.
2. Við lesum — Myndlestrarbók, Kennsluleiðbeiningar, eftir Björgvin Jósteinsson, Helgu Magnúsdóttur og Þóru Kristinsdóttur. 1. útg., 72 síður.
3. Málvísi handa 7. bekk grunnskóla, eftir Indriða Gíslason, 1. tilr. útg., 103 síður.

1975:

1. Foræfingavinnublöð eftir Þorstein Sigurðsson, 2. útg.
2. Við lesum, Lestrarbók A eftir Björgvin Jósteinsson, Helgu Magnúsdóttur og Þóru Kristinsdóttur, 1. útg.
3. Við lesum — Vinnubók A eftir sömu höf.
4. Við lesum, Lestrarbók A, kennsluleiðbeiningar eftir Björgvin Jósteinsson, Helgu Magnúsdóttur og Þóru Kristinsdóttur, 1. útg.
5. Málvísi handa 8. bekk grunnskóla, eftir Indriða Gíslason, 1. tilr. útg.

1976:

1. Kennsluleiðbeiningar með Málvísi handa 7. og 8. bekk, tilr. útg., eftir Indriða Gíslason.
2. Við lesum, lestrarbók B, eftir Helgu Magnúsdóttur, Björgvin Jósteinsson og Þóru Kristinsdóttur.
3. Við lesum, vinnubók B, eftir HM, BJ, ÞK.
4. Við lesum, kennsluleiðbeiningar B, eftir BJ, HM, ÞK.
5. Við lesum, könnunarpróf B, eftir BJ, HM, ÞK.
6. Málvísi handa 9. bekk, tilr. útg., eftir Indriða Gíslason.
7. Málvísi handa 7. bekk, endursk. tilraunaútg. eftir Indriða Gíslason.

1977:

1. Við lesum, lestrarbók C, eftir BJ, HM, ÞK.
2. Við lesum, vinnubók C, eftir BJ, HM, ÞK.
3. Málvísi handa 8. bekk, endursk. útg., eftir Indriða Gíslason.
4. Kennsluleiðbeiningar með Málvísi 1. og 2. bók, endursk. útg. e. Indriða Gíslason.

Líffræði:

1972:

1. Lífverur. Marklýsingar handa 4. bekk, fjölr.
2. Lífverur, námsefni í líffræði, eftir Örnólf Thorlacius, handa 4. bekk, 1. tilr. útg.

1974:

1. Frá sameind til manns. 6. og 7. kafli, 1. tilr. útr. fjölr.
2. Frá sameind til manns. 1., 2., 3. og 5. kafli, 1. tilr. útg.
3. Lífverur. Námsefni í líffræði handa 4. bekk grunnskóla, eftir Örnólf Thorlacius, 2. tilr. útg., 90 síður.
4. Líf í fersku vatni. Námsefni handa grunnskóla eftir Reyni Bjarnason, 1. tilr. útg. fjölr.

1975:

1. Lífverur. Námsefni í líffræði handa 4. bekk grunnskóla, eftir Örnólf Thorlacius, 2. tilr. útg., endurfjölrituð.
2. Líf í fersku vatni. Námsefni handa grunnskóla eftir Reyni Bjarnason, 2. tilr. útg., 64 síður prentuð.
3. Frá sameind til manns, 6., 8., 20. og 22. kafli, 1. tilr. útg., fjölr.

1976:

1. Frá sameind til manns, 4.—6., 16., 17., 22.—25. kafli tilr. útg.
2. Maðurinn, nem.e., 6. námsár, tilr. útg. 1. hluti.
3. Kennsluleiðbeiningar með Manninum, 6. námsár, 1. hluti.

1977:

1. Frá sameind til manns, 1.—6., 7., 9., 13.—15., 18., 19., 26., 27. kafli, tilr. útg:
2. Maðurinn, nem.e. 6. námsár, tilr. útg., 2. hluti.
3. Maðurinn, kennsluleiðbeiningar, 6. námsár, tilr. útg., 2. hluti.
4. Þörungalykill eftir Guðmund Pál Ólafsson.
5. Veröldin í vatninu eftir Helga Hallgrímsson.

Tónmennt:

1972:

1. Sönglög eftir Stein Stefánsson, raddsett fyrir barnakór. 4 síður.

1973:

1. Tilraunanámsefni í tónmennt fyrir 1. bekk. TIB. Kennarahefti. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð. 62 síður.
2. Hlustunarefni 1. bekkjar (eftir ársyfirliti í kennsluleiðbeiningum).
3. Leiðbeiningar með vinnublöðum TIB, 12 síður.
4. Tilraunanámsefni í tónmennt. Sönglög fyrir 1. bekk, TIB,. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
5. Sönglög fyrir 6 ára börn. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
6. Jólalög. Tekin saman af starfshóp í námsefnisgerð.
7. Tónmennt, lesbók handa unglingaskólum, I. Tilraunaverkefni. Guðmundur Emilsson tók saman. 44 síður.
8. Tónmennt, lesbók handa unglingaskólum II. Tilraunaverkefni. Guðmundur Emilson tók saman. 175 síður.
9. Tónmennt handa unglingaskólum. Vinnubók. Tilraunaverkefni. Guðmundur Emilsson tók saman. 64 síður.
10. Leiðbeiningar með segulbandsspólu 1973-HE-123-1 og 1973-HE-123-2.

1974:

1. Söngæfingar handa 1. og 2. bekk. Guðfinna Dóra Ólafsdóttir. Tilraunaútgáfa.
2. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 1. bekk. Vinnublöð. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð. 22 síður.
3. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 1. bekk. 2. útg. endurskoðuð. 11 TIB. Kennarahefti I. námsefni. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð 59 síður.
4. Kennsluleiðbeiningar með Tilraunanámsefni í tónmennt handa 1. bekk, 2. útg., endurskoðuð TIB. Kennarahefti II. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð. 79 síður.
5. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 2. bekk, 1. útg., T2A — Kennarahefti I. námsefni. 83 síður.
6. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 2. bekk. Vinnublöð, 1. útg. T2A. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
7. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 2. bekk. 1. útg., T2A. Kennarahefti I. námsefni. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
8. Tilraunanámsefni í tónmennt fyrir 2. bekk. 1. útg., T2A. Kennarahefti II. Kennsluleiðbeiningar. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.

1975:

1. Tónmennt. Vinnubók 2. bekkjar. T2B. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð. 61 síða.
2. Tónmennt handa 2. bekk. Kennsluleiðbeiningar. T2B. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð. 97 síður.
3. Tónmennt handa 2. bekk. Námsefni. T2B. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð. 82 síður.
4. Tónmennt. Vinnubók 3. bekkjar. T3A. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð 45 síður.
5. Tónmennt handa 3. bekk. Kennsluleiðbeiningar. T3A. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð.
6. Tónmennt. Námsefni 3. bekkjar. T3A. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð.

1976:

1. Námsefni í tónmennt handa 4. bekk, vinnubók, tilr. útg.
2. Námsefni í tónmennt handa 4. bekk, kennsluleiðbein., tilr. útg.

1977:

1. Námsefni í tónmennt handa 5. bekk, vinnubók, tilr. útg.
2. Námsefni í tónmennt handa 5. bekk, kennsluleiðbein., tilr. útg.

Mynd- og handmennt:

1977:

1. Hannyrðir, handa 3. námsári, eftir Hólmfríði Árnadóttur.

Leiktjáning:

1976:

1. Nafnorð — fram um þrjá reiti, eftir Ingvar Sigurgeirsson.

1977:

1. Að leika og látast, nem.bók, þýtt af Erlu Kristjánsdóttur og Ingvari Sigurgeirssyni.
2. Að leika og látast, kennsluleiðbeiningar, eftir Erlu Kristjánsdóttur og Ingvar Sigurgeirsson.

Húsnæði grunnskóla.

Í meðfylgjandi töflum er gerð grein fyrir húsnæði grunnskóla 1977/78 og skiptingu þess eftir fræðsluumdæmum og notkun. Eru tölurnar unnar eftir teikningum og upplýsingum byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og gögnum frá íþróttafulltrúa að því er íþróttahúsnæði varðar.

Auk eiginlegra skólamannvirkja eru í töflunum taldar með lausar kennslustofur og leiguhúsnæði vegna almennrar kennslu, einnig sundlaugar þótt þær hafi ekki verið byggðar sem skólamannvirki en skólar hafa til afnota í miklum mæli. Annað húsnæði til íþróttakennslu, sem ekki er hreint skólahúsnæði, er ekki talið með nema að því leyti sem eignarhluti skóla segir til um. Húsnæði á leigu til íþróttakennslu er ekki talið með.

Húsnæði grunnskóla 1977/78 er samtals um 336 000 m² og skiptist þannig að um 219 000 m² eða 65% er kennsluhúsnæði, annað en íþróttahúsnæði, sem er um 61 000 m² eða um 18%. Heimavistir og tilheyrandi húsnæði er um 31 000 m² eða um 9% og kennaraíbúðir um 24 000 m² eða um 7%.

Almennt kennsluhúsnæði er að jafnaði tæpir 5 m² á nemanda. Íþróttahúsnæði um 1.4 m² á nemanda og alls er húsnæðið um 7.5 m² á nemanda. Kennslustofur teljast alls 1628 og koma u. þ. b. 27 nemendur á hverja kennslustofu að jafnaði.

Skipting húsnæðisins milli fræðsluumdæma er sýnd í töflu H.4. Kemur þar m. a. fram að kennsluhúsnæði á nemanda er minnst um 4.5 m² á nemanda í Reykjanesumdæmi og mest um 6.5 m² á Norðurlandi vestra. Við samanburð á þessum tölum verður að hafa í huga að rýmisþörf og nýting fer eftir stærð skóla og er hún mismunandi eftir umdæmum. Í öðru skólarými er munur milli umdæma miklu meiri enda eru aðstæður að því er það varðar svo ólíkar að hæpið er að gera samanburð með þeim tölum sem þar koma fram. Ef allt rými er talið, koma á nemanda í Reykjavík og á Reykjanesi um 5.7 m² á nemanda en frá 9.2 m² og upp í 12.7 m² í öðrum umdæmum.

Eins og áður kom fram er heildarhúsnæði grunnskóla um 336 000 m². Ef miðað er við nýbyggingakostnað og um 20% afskrift vegna aldurs að jafnaði má gera ráð fyrir því að hver m² í húsnæði með búnaði, kosti um 130 000 kr. Verðgildi skólahúsnæðis skv. því myndi því losa 40 milljarða kr. eða nálægt 1 millj. kr. á nemanda.

Í töflum H.5, H.6 og H.7 er tekið saman yfirlit yfir þann hluta af skólahúsnæðinu sem byggður hefur verið eftir lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og eru það samtals um 36% af heildarhúsnæðinu.

Þar sem eingöngu er talið það húsnæði sem þegar er tekið í notkun og ekki talið það sem í byggingu var þegar þau lög voru sett má líta á þessa ca. 120 000 m² sem 6—7 ára „framleiðslu“ eða 15—20 000 m² á ári til jafnaðar sem er um 6% aukning skólahúsnæðis ár hvert eins og nú er.

Skipting þessa nýja húsnæðis eftir tegundum er nokkuð frábrugðin skiptingu eldra húsnæðis eins og eftirfarandi tafla sýnir

	Eldra húsnæði m²	%	Nýtt húsnæði m²	%	Aukning %
Kennsluhúsnæði	151 562	70,7	67 750	55,8	44,7
Íþróttahúsnæði	31 649	14,8	29 682	24,5	93,8
Heimavist o. þ. h.	16 153	7,5	15 108	12,5	93,5
Kennaraíbúðir	15 141	7,1	8 769	7,2	57,9
Samtals	214 505	100,0	121 309	100,0	56,6

Hlutur íþróttahúsnæðis hefur aukist verulega á kostnað annars kennsluhúsnæðis og hlutur heimavista einnig.

Að því er íþróttahúsnæðið varðar verður þó að taka fram að verulegur hluti þess er í mjög stórum byggingum á fáum stöðum sem ekki nýtast til kennslu í samræmi við stærðir.

Á því tímabili sem um ræðir voru í byggingu stórir heimavistaskólar sem lokið er við og er þáttur þeirra nú orðinn verulega minni og verður líklega svo áfram.

Skipting hins nýja húsnæðis eftir umdæmum er sýnd í töflu H.8. og hefur hlutfallsleg aukning með tilkomu þess verið sem hér greinir:

	Eldra húsnæði m²	Nýtt húsnæði m²	Aukning %
Reykjavík	58 311	29 608	50,8
Reykjanes	35 258	26 016	73,8
Vesturland	21 163	9 728	46,0
Vestfirðir	15 885	4 604	29,0
Norðurland vestra	15 259	10 294	67,5
Norðurland eystra	25 970	22 495	86,6
Austurland	18 896	5 875	31,1
Suðurland	23 763	12 689	53,4
Samtals	214 505	121 309	56,6

Í töflu H.8. er yfirlit yfir skólahúsnæði sem nú er í byggingu eða ætlað að hafnar verði framkvæmdir við á þessu ári. Er þar um að ræða alls um 73 000 m². Ætla má að húsnæði þetta verði allt komið í notkun eftir 3—4 ár og verður grunnskólahúsnæði í landinu þá um 400 000 m² eða 9—10 m² á nemanda.

Að lokum er í töflum H.9. og H.10. gefið yfirlit yfir greiðslur ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar grunnskóla 1968—1977 og áætlaðar greiðslur 1978. Eru í fyrri töflunni sýndar greiðslur á verðlagi hvers árs en í hinni síðari er miðað við fast verðlag eða vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í árslok 1977. Greiðslur ríkisins á hverju ári voru miðaðar við vísitölu í júlímánuði ár hvert sem áætlað meðaltal og síðan umreiknaðar til vísitölu 159. Fyrir árið 1978 var vísitala í júlí áætluð 205 stig. Eins og tölurnar bera með sér óx framlag ríkissjóðs á föstu verðlagi um 800 millj. kr. 1968 og í um 1500 millj. kr. á árunum 1970—1976 en fer síðan lækkandi frá þeim tíma og er áætlað að það verði tæplega 1100 millj. kr. í ár á því verðlagi, sem við er miðað.

Gera má ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna séu álíka há og ríkisins og hafi því heildarfjárfesting í grunnskólum á árunum 1970 til og með 1976 verið um 3 000 millj. kr. árlega á verðlagi í árslok 1977, sem svarar til um 20 000 m² í fullgerðu skólahúsnæði árlega á þeim árum.

Skipting fjárfestingarinnar milli umdæma hefur verið mismunandi á þessum árum, má t. d. merkja á tölunum þá framkvæmdaöldu sem gengið hefur yfir Norðurland á þessum tíma en er nú í rénum. Á þessum tíma hefur þar verið byggt skólahúsnæði fyrir flestar sveitir frá Hrútafirði til Axarfjarðar auk meiri eða minni framkvæmda í kaupstöðunum í umdæmunum. Af skiptingunni má ráða að áherslan á þessum tíma hefur verið á skólum í dreifbýli og hefur skólaaðstaða þess í heild tekið verulegum breytingum til bóta á síðasta áratugi.

Tafla H.1 Kennsluhúsnæði skóla 1977/78 eftir fræðsluumdæmum.

	Kennsluhúsnæði án íþróttarýmis				Íþróttakennslurými				
	Fjöldi kennslust.	Stærð kennslust. m²	Annað rými m²	Samtals m²	Salur m²	Inni-sundlaug m²	Úti-sundlaug m²	Annað rými m²	Samtals m²
Reykjavík	505	28 609	45 149	73 758	5 030	559	900	6 713	13 202
Reykjanesumdæmi	352	19 991	27 658	47 649	5 060	408	683	7 242	13 393
Vesturland	116	5 693	9 553	15 246	1 943	306	1 143	4 601	7 998
Vestfirðir	95	4 065	7 077	11 142	482	268	1 040	2 089	3 879
Norðurland vestra	85	4 097	9 053	13 150	939	433	1 400	1 237	4 009
Norðurland eystra	192	9 880	15 743	25 623	2 313	75	1 808	4 296	8 492
Austurland	104	5 084	8 623	13 707	1 098	313	432	1 364	3 207
Suðurland	179	8 460	10 577	19 037	1 731	450	1 338	4 632	8 151
Landið samtals	1 628	85 879	133 433	219 312	18 596	2 812	8 744	32 174	62 331

Tafla H.2 Kennsluhúsnæði á nemanda 1977/78 eftir fræðsluumdæmum.

	Fjöldi nemenda á kennslust.	m² í kennslust. á nem.	Annað rými í m² á nem.	Almennt kennsluh. í m²/nem.	m² í sal á nem.	m² í sundlaug á nem.	Annað húsnæði m²/nem.	Samtals íþr.húsnæði í m²/nem.
Reykjavík	30,5	1,86	2,94	4,79	0,33	0,09	0,44	0,86
Reykjanesumdæmi	30,1	1,88	2,61	4,49	0,48	0,10	0,68	1,26
Vesturland	25,6	1,91	3,21	5,13	0,65	0,49	1,55	2,69
Vestfirðir	19,4	2,20	3,84	6,04	0,26	0,71	1,13	2,10
Norðurland vestra	23,7	2,04	4,50	6,54	0,47	0,91	0,62	1,99
Norðurland eystra	27,5	1,87	2,98	4,84	0,44	0,36	0,81	1,61
Austurland	24,5	1,99	3,39	5,38	0,43	0,29	0,54	1,26
Suðurland	22,2	2,13	2,66	4,80	0,44	0,45	1,17	2,05
Samtals	27,4	1,92	2,99	4,92	0,42	0,26	0,72	1,40

Tafla H.3 Heimavistir og íbúðir 1977/78 eftir fræðsluumdæmum og í m² á nemanda.

	Heimavistir		Mötuneyti	Íbúðir starfsfólks					
	Nem. herbergi Fjöldi	Íbúðir starfsf. Fjöldi	Herb. og íbúðir m²	Annað húsnæði m²	Samtals m²	Kennaraíbúðir Fjöldi	Kennaraíbúðir m²	Heimav. og íbúðir starfsf. m²/nem.	Kennaraíbúðir m²/nem.
Reykjavík	–	8	859	–	859	1	100	0,06	0,01
Reykjanesumdæmi	–	3	123	193	316	8	916	0,03	0,08
Vesturland	91	12	1 446	2 659	4 105	30	3 542	1,38	1,19
Vestfirðir	44	6	616	1 683	2 299	30	3 169	1,25	1,72
Norðurland vestra	83	18	1 537	4 504	6 041	24	2 353	3,00	1,17
Norðurland eystra	168	26	2 552	6 541	9 093	47	5 257	1,72	1,00
Austurland	83	14	1 218	3 618	4 836	24	3 021	1,90	1,19
Suðurland	61	16	1 364	2 348	3 712	47	5 552	0,94	1,40
Samtals	530	103	9 715	21 546	31 261	211	23 910	0,70	0,54

Tafla H.4 Skólahúsnæði 1977/78 eftir fræðsluumdæmum.

	Kennsluhúsnæði án íþrh. m²	Íþróttarými m²	Heimav. og íbúðir starfsf. m²	Kennaraíbúðir m²	Samtals m²	Kennsluhúsnæði án íþrh. m²/nem.	Íþróttarými m²/nem.	Heimav. og íbúðir starfsf. m²/nem.	Kennaraíbúðir m²/nem.	Samtals m²/nem.
Reykjavík	73 758	13 202	859	100	87 919	4,79	0,86	0,06	0,01	5,71
Reykjanes	47 649	12 393	316	916	61 274	4,49	1,26	0,03	0,08	5,77
Vesturland	15 246	7 998	4 105	3 542	30 891	5,13	2,69	1,38	1,19	10,39
Vestfirðir	11 142	3 879	2 299	3 169	20 489	6,04	2,10	1,25	1,72	11,11
Norðurland vestra	13 150	4 009	6 041	2 353	25 553	6,54	1,99	3,00	1,17	12,71
Norðurland eystra	25 623	8 492	9 093	5 257	48 465	4,84	1,61	1,72	1,00	9,19
Austurland	13 707	3 207	4 836	3 021	24 771	5,38	1,26	1,90	1,19	9,73
Suðurland	19 037	8 151	3 712	5 552	36 452	4,80	2,05	0,94	1,40	9,18
Landið allt	219 312	61 331	31 261	23 910	335 814	4,92	1,37	0,70	0,54	7,53
Í %	65,3%	18,3%	9,3%	7,1%	100%					

Tafla H.5 Skólahúsnæði byggt skv. skólakostnaðarlögum nr. 49/1967.

	Heimavistir, mötuneyti og íbúðir starfsfólks					Kennaraíbúðir	
	Nemendaherb.fj.	Íbúðir starfsf.fj.	Herb. og íbúðir m²	Annað m²	Samtals	Fjöldi	m²
Reykjavík	–	–	–	–	–	–	–
Reykjanesumdæmi	–	–	–	–	–	–	–
Vesturland	21	7	374	778	1 152	11	1 541
Vestfirðir	12	1	185	916	1 101	8	799
Norðurland vestra	43	12	897	3 545	4 442	10	1 033
Norðurland eystra	112	15	1 698	4 245	5 943	23	2 593
Austurland	23	4	345	982	1 237	4	410
Suðurland	25	3	259	884	1 143	22	2 393
Landið alls	236	42	3 758	11 350	15 108	78	8 769

Tafla H.6 Skólahúsnæði byggt eftir skólakostnaðarlögum nr. 49/1967.

	Kennsluhúsnæði án íþróttarýmis				Íþróttarými				
	Fjöldi kennslust.	Stærð kennslust. m²	Annað rými m²	Samtals m²	Salur m²	Inni-sundlaug m²	Úti-sundlaug m²	Annað rými m²	Samtals m²
Reykjavík	147	9 011	13 273	22 284	2 952	88	–	4 284	7 324
Reykjanesumdæmi	119	7 857	12 192	20 049	2 750	–	–	3 217	5 967
Vesturland	13	868	1 948	2 816	968	–	134	3 117	4 219
Vestfirðir	9	341	771	1 112	–	134	–	1 458	1 592
Norðurland vestra	25	1 348	3 127	4 475	–	134	–	210	344
Norðurland eystra	69	4 128	6 511	10 639	1 123	–	284	1 913	3 320
Austurland	21	1 264	2 874	4 138	–	–	–	–	–
Suðurland	17	883	1 354	2 237	1 471	450	641	4 354	6 916
Landið allt	420	25 700	42 050	67 750	9 264	806	1 059	18 553	29 682

Tafla H.7 Skólahúsnæði byggt skv. skólakostnaðarlögum nr. 49/1967.

	Kennslu-húsnæði án íþrr. m²	Íþrótta-rými m²	Heimav. og íbúðir starfsf. m²	Kennara-íbúðir m²	Samtals m²	Í % af heildarhúsnæði sbr. töflu H.4				
						Kennslu-húsn. án íþr.rým.	Íþrótta-rými	Heimav. og íbúðir starfsf.	Kennara-íbúðir	Samtals
Reykjavík	22 284	7 324	–	–	29 608	30,2	55,5	–	–	33,7
Reykjanes	20 049	5 967	–	–	26 016	42,1	48,1	–	–	42,5
Vesturland	2 816	4 219	1 152	1 541	9 728	18,5	52,8	28,1	43,5	31,5
Vestfirðir	1 112	1 592	1 101	799	4 604	10,0	41,0	47,9	25,2	22,5
Norðurland vestra	4 475	344	4 442	1 033	10 294	34,0	8,6	73,5	43,9	40,3
Norðurland eystra	10 639	3 320	5 943	2 593	22 495	41,5	39,1	65,4	49,3	46,4
Austurland	4 138	–	1 327	410	5 875	30,2	–	27,4	13,6	23,7
Suðurland	2 237	6 916	1 143	2 393	12 689	11,8	84,8	30,8	43,1	34,8
Samtals	67 750	29 682	15 108	8 769	121 309	30,9	48,4	48,3	36,7	36,1
Í %	55,8%	24,5%	12,5%	7,2%	100%					

Tafla H.8 Skólahúsnæði í byggingu og/eða með framkvæmdafjárveitingu 1978.

	Kennsluhúsn. án íþróttar. m²	Íþrótta-húsnæði m²	Heimavistir og íbúðir starfsfólks m²	Kennara-íbúðir m²	Samtals m²
Reykjavík	8 250	1 400	–	–	9 650
Reykjanes	11 550	7 850	–	–	19 400
Vesturland	5 100	4 200	650	–	9 950
Vestfirðir	3 600	650	50	150	4 450
Norðurland vestra	1 450	1 600	400	550	4 000
Norðurland eystra	1 900	5 350	100	150	7 500
Austurland	7 000	4 100	200	100	11 400
Suðurland	3 650	2 600	550	–	6 800
Samtals	42 500	27 750	1 950	950	73 150
Í %	58,1	37,9	2,7	1,3	100

Tafla H.9 Greiðslur ríkissjóðs v/stofnkostnaðar skólamannvirkja á grunnskólastigi árin 1967 til 1977 og fjárveiting 1978.

Á verðlagi hvers árs	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	Fjárveit 1978
0000 Reykjavík	31 200	42 500	47 100	96 900	66 900	57 800	101 100	193 800	243 100	171 700	238 800
2000 Reykjanesumdæmi	10 500	28 400	30 700	42 200	40 200	103 200	178 400	199 400	151 800	179 500	255 800
3000 Vesturlandsumdæmi	7 500	10 100	11 600	22 200	29 600	45 200	74 700	104 600	79 400	101 800	115 900
4000 Vestfjarðaumdæmi	3 200	5 200	10 600	12 200	15 700	18 800	39 600	41 300	59 100	66 100	84 800
5000 Norðurlandsumdæmi vestra	10 000	13 200	19 100	21 600	24 900	46 100	97 300	115 300	122 300	126 200	149 700
6000 Norðurlandsumdæmi eystra	6 500	25 500	49 400	68 800	81 800	71 100	83 300	83 100	139 600	153 100	191 500
7000 Austurland	2 900	4 700	15 600	19 900	23 200	43 300	33 700	54 200	95 000	95 300	160 400
8000 Suðurland	13 700	12 900	18 300	26 900	21 300	19 000	72 000	82 300	102 500	123 700	179 100
Landið allt	85 500	142 500	202 400	310 700	303 600	404 500	680 100	874 000	992 800	1 017 400	1 376 000

Tafla H.10 Greiðslur ríkissjóðs v/stofnkostnaðar skólamannvirkja á grunnskólastigi árin 1967 til 1977 og fjárveiting 1978.

Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í árslok 1977	– þús. kr. –										
	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	Fjárveit. 1978
0000 Reykjavík	295 800	320 100	308 900	570 200	308 300	213 300	246 700	324 300	348 700	197 500	[2])185 200
2000 Reykjanesumdæmi	99 600	213 900	201 300	248 300	185 300	380 900	435 300	333 700	217 700	206 500	198 400
3000 Vesturlandsumdæmi	71 100	76 100	76 100	130 600	136 400	166 800	182 300	175 000	113 900	117 100	89 900
4000 Vestfjarðaumdæmi	30 300	39 200	69 500	71 800	72 400	69 400	96 600	69 100	84 800	76 000	65 800
5000 Norðurlandsumdæmi vestra	94 800	99 400	125 300	127 100	114 800	170 100	237 400	193 000	175 400	145 200	116 100
6000 Norðurlandsumdæmi eystra	61 600	192 000	324 000	404 800	377 000	262 400	203 300	139 100	200 200	176 100	148 500
7000 Austurland	27 500	35 400	102 300	117 100	107 000	159 800	82 200	90 700	136 200	109 700	124 500
8000 Suðurland	129 900	97 200	120 000	158 300	98 200	70 100	175 700	137 800	147 000	142 300	138 900
Landið allt	810 600	1 073 300	1 327 400	1 828 200	1 399 400	1 492 800	1 659 500	1 460 700	1 423 900	1 170 400	1 067 200

SKÓLAÍÞRÓTTIR

Á árunum 1973 og fram á árið 1975 vann nefnd íþróttakennara að endurskoðun námskrár í íþróttum.

Tillaga að námskrá í íþróttum var kynnt á námskeiði íþróttakennara fyrir skólabyrjun 1975.

Haustið 1975 hófu störf tveir námstjórar í íþróttum. Annar annaðist sund en hinn aðrar skólaíþróttir.

Veturinn 1975—76 önnuðust námsstjórarnir athuganir og tilraunir á námsefni ákveðinna aldurshópa.

Sumarið 1976 var enn efnt til námskeiðs með íþróttakennurum til þess að ræða reynslu þeirra af tillögu að námskrá og niðurstöður námstjóra af athugunum og tilraunum.

Haustið 1976 var námskráin gefin út. Námstjórar héldu áfram athugunum og undirbjuggu kennsluleiðbeiningar fyrir 4.—6. bekk. Þessar leiðbeiningar voru lagðar fyrir til kynningar á þrem fræðslufundum með íþróttakennurum síðsumars og haustið 1977.

Námstjórar undirbúa nú meðal annars kennsluleiðbeiningar fyrir 1.—3. bekk og 7.—9. bekk.

Árið 1975 voru í síðasta skipti samræmd próf í leikfimi. 1976 voru þau í 8. og 9. bekk og 1977 aðeins í 9. bekk.

Sami háttur var hafður á sundprófum nema að ákveðið var að hafa einnig samræmt próf í sundi 1978 í 6. bekk (12 ára) vegna sundskylduákvæðisins, sem samkv. lögum kveður svo á að eigi síðar en 12 ára skuli nemendur hafa tekið sundpróf (III. stig) sem skilgreint hefur verið að þeir sem því ná séu syndir.

Sundnám.

Erfitt er að fylgjast með framkvæmd sundskyldu síðan hætt var að afla skýrslna yfir barnaprófs- og unglingaprófsnemendur.

Síðast 1975 þegar unnt var að rannsaka sundfærni 12 ára nemenda, luku 86% þeirra tilskildu sundprófi.

Af fyrrgreindri ástæðu er síðan eigi unnt að birta áreiðanlegar tölur sem sýna niðurstöður framkvæmdarinnar.

Árið 1976 nutu 25 271 nemandi af 30 024 í kaupstöðum sundnáms eða 83% en af 11 645 utan kaupstaða 6 376 eða 55%.

Af öllum nemendum 1976 nutu 75% sundkennslu.

25% skólanna geta veitt nemendum sund í eigin laug.

37% skólanna senda nemendur í sund í laug innan síns bæjar- eða sveitarfélags.

38% skólanna verða að senda nemendur til sundlauga annarra bæja- eða sveitarfélaga.

Leikfiminám.

Árið 1976 veittu 35% skólanna nemendum leikfimi í eigin sölum.
Árið 1976 veittu 17% skólanna nemendum leikfimi í leigusölum.
Árið 1976 veittu 10% skólanna nemendum leikfimi á leikstofu eða gangi.
Árið 1976 veittu 28% skólanna nemendum leikfimi í félagsheimilum.
Árið 1976 gátu 10% skólanna ekki veitt nemendum leikfimi.

Íþróttir sem valgrein.

Í nokkrum skólum á skólaárinu 1977—78 var nemendum gefinn kostur á að velja sér íþróttir sem valgrein.

Unnið er að kennsluleiðbeiningum á þessu sviði.

Vegna væntanlegra áhrifa kennsluhátta í samræmi við nýja námskrá var á skólaárinu 1975—76 efnt til rannsóknar á líkamsfari nemenda í grunnskólum.

Var rannsóknin sniðin eftir rannsókn sem árið 1968 var framkvæmd í Noregi (Akershuskönnunin).

Þátttaka skólanna hér varð minni en vonast var til (8 skólar með um 1000 nemendur).

Unnið var úr gögnum og liggja niðurstöður fyrir í töflum og línuritum. Samanburður var einnig gerður á hinum íslensku og norsku niðurstöðum.

Þegar námskrá verður síðar endurskoðuð og hliðstæð könnun á líkamsfari nemenda grunnskóla framkvæmd, mætti með hliðsjón af samanburði á niðurstöðum móta ákvarðanir um kennsluhætti.

Skólaskipan

Í 16. gr. grunnskólalaga er svo mælt að menntamálaráðuneytið skuli gera tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi.

Í sambandi við ákvæði lagagreinarinnar lagði ráðuneytið fram tillögur sínar með bréfi 22. desember 1975.

Tillögur þessar sem nefnast: „Skipting landsins í skólahverfi. Tillögur skv. 16. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla," voru fjölritaðar í desember 1975 og sendar fræðsluráðum, alþingismönnum o. fl. Þær hafa verið kynntar heima fyrir og ræddar nokkuð og sumar sætt gagnrýni, en þó sjaldan verið bent á aðrar leiðir. Er eðlilegt að sitt sýnist hverjum, því að víða er um vandamál að ræða í þessu sambandi, sem leggja þarf áherslu á að ná sem mestri samstöðu um.

Ráðuneytið hefur nokkuð ýtt á um að fá þessi mál afgreidd, en telur þó að í raun og veru sé ekki brýn ástæða til þess að hraða málinu mjög þar eð taka verður tillit til þess, hvert verður skipulag framhaldsskólastigsins og hvar og hverskonar framhaldsskólar verða á hinum ýmsu stöðum.

Tillögurnar fara hér á eftir (en þó ekki kortin sem fylgdu í upphafi), en hafa verður í huga eins og greinilega er tekið fram í bréfinu frá 22. desember, að hér er einungis um tillögur að ræða, sem eiga eftir að taka breytingum í samstarfi heimaaðila og ráðuneytisins. Bréfið hljóðar þannig:

„Að undanförnu hefur menntamálaráðuneytið haft í undirbúningi tillögur um nýja skiptingu landsins í skólahverfi með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ýmsum þáttum sem skólahald varða og framkvæmd þess, svo sem búsetu og samgöngum, auk breytinga sem orðið hafa eða stefnt er að í skólastarfi.

Undirbúningurinn hófst í sama mund og unnið var að samningu frumvarpa til laga um skólakerfi og grunnskóla og hefur því frá upphafi verið tekið mið af þeirri stefnu sem í þeim lögum er mörkuð.

Á þessu tímabili hefur ráðuneytið lagt fram tillögur til umræðna um skólaskipan í ýmsum héruðum landsins. Voru þær kynntar aðilum og ræddar á fundum. Hafa þær verið hafðar til hliðsjónar þegar teknar hafa verið ákvarðanir um skólabyggingar á ýmsum stöðum. Eru t. d. skólar í Skagafirði byggðir í samræmi við slíkar tillögur.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst af hinni fyrstu tillögugerð fyrir einstök svæði var gerð heildaráætlun um skiptingu alls landsins í skólahverfi með því að endurskoða og fella saman hinar fyrri tillögur og auka við þær vegna þeirra héraða eða landshluta, þar sem ekki höfðu áður verið gerðar tillögur um skipan þessara mála. Árangur þessa starfs felst í þeim heildartillögum og upplýsingum sem hér birtast. Er hér verið að framkvæma ákvæði 16. greinar laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sem þannig hljóðar að því er þetta atriði varðar:

„Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til funda

með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr".

Á þeim tíma, sem unnið var að gerð þessarar áætlunar eða tillagna um nýja skólaskipan leitaði Maggi Jóhann Jónsson arkitekt til ráðuneytisins um upplýsingar vegna doktorsritgerðar sem hann vann þá að og fjallaði um skólabyggingar í dreifbýli á Íslandi og forsendur fyrir hönnun þeirra. Var náin samvinna milli hans og ráðuneytisins um þá þætti sem sameiginlegir voru báðum verkefnum. Annaðist dr. Maggi gerð meðfylgjandi korta og aflaði upplýsinga um vegi, ástand þeirra og staðsetningu býla sem þau sýna. Með hliðsjón af þeim upplýsingum og með tilliti til fjölda nemenda, uppeldis- og kennslufræðilegra forsendna o. fl. voru skólasvæði — staðir og stærðir ákveðin. Þakkar ráðuneytið dr. Magga fyrir starf hans, svo og öðrum aðilum sem fúslega veittu aðstoð við öflun upplýsinga og gagna, svo sem Landmælingum Íslands, Vegamálaskrifstofunni, Landnámi ríkisins o. fl.

Þar sem slík tillögugerð tekur langan tíma eru sumar upplýsingar og tölur eldri en æskilegt hefði verið. Í einstaka tilfelli hafa verið teknar ákvarðanir um aðra skipan skólahverfa en hér birtast tillögur um og er ekki ætlunin að breyta þeim ákvörðunum. Misræmið stafar einungis af því að þessar tillögur höfðu áður verið mótaðar og skipting skólahverfa sett í töflur og prentuð á kort samkvæmt því. Til þess að komast hjá misræmi milli korta, töflu og texta var valin sú leið að birta hinar upphaflegu tillögur óbreyttar þótt í einstaka tilfelli hafi verið horfið að öðru fyrirkomulagi, en allra slíkra breytinga er getið í textanum og gerð grein fyrir þeim þannig að ekki ætti að valda misskilningi.

Innan ráðuneytisins hafa ýmsir unnið að þeim málum, sem tillögurnar fjalla um, en umsjón með gerð þeirrar skýrslu, sem hér birtist, hafði deildarstjóri byggingadeildar, Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur.

Eins og bent er á hér að framan eru tillögurnar gerðar í samræmi við ákvæði 16. gr. grunnskólalaga og sérstök athygli er vakin á því, að hér er einungis um tillögur að ræða, sem ráðuneytið leggur áherslu á að verði kynntar og ræddar á þann hátt sem grunnskólalög ætlast til, þannig að unnt verði að ná samstöðu um þá skólaskipan sem best virðist henta skólastarfinu á hverjum stað.

Leggur ráðuneytið hér með fram tillögur þessar í samræmi við 16. grein grunnskólalaga."

Forsendur og takmarkanir skólaskipunar.

Við gerð áætlunar um skólaskipan verður að taka tillit til fjölmargra þátta, sem hafa áhrif á framkvæmd skólamála. Sumir þessara þátta eru þess eðlis, að breytingar á þeim eru ekki á valdi þeirra, sem annast framkvæmd skólamála og verða því forsendur áætlanagerðarinnar. Þessir þættir eru þó ekki stöðugir, en breytast með ýmsum hætti. Forsendur þessar má flokka eftir breytileika þeirra sem hér greinir:

a. Landshættir og veðurfar eru forsendur sem ekki er gert ráð fyrir að breytist frá því sem nú er.
b. Fólksfjöldi, búseta og atvinnuhættir eru í ákveðinni þróun, sem unnt er að segja fyrir um með nokkurri vissu, a. m. k. ef litið er til 10—15 ára tímabils.
c. Samgöngukerfi, en þróun þess ræðst af breytingum í samgöngu- og vegagerðartækni og ákvörðunum opinberra aðila. Þær ákvarðanir má taka með tilliti til skólahalds þótt önnur sjónarmið ráði tíðum meira þar um. Er unnt að segja fyrir um þessa þróun og móta hana að nokkru.
d. Skólastefna og almenn kennslufræðileg viðhorf, en breytingar á þessu sviði ráðast af pólitískum ákvörðunum og þróun uppeldisvísinda.

Aðrir þættir, sem hafa áhrif á framkvæmd skólahalds, eru þess eðlis að það er á valdi framkvæmdaaðila þ. e. menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga að ákveða

breytingar á þeim til þess að fá sem besta niðurstöðu. Þessir þættir eru aðalviðfangsefni áætlanagerðarinnar og eru fyrst og fremst:

a. Skólahverfi og stærð skóla.
b. Skólastaður.
c. Fyrirkomulag skólasóknar (heimanganga, daglegur skólarekstur, heimavistir).

Að gefnum þeim forsendum, sem nefndar hafa verið, verður við áætlanagerð sem þessa að taka til greina þær takmarkanir af ýmsu tagi, sm þrengja það val sem fyrir hendi er. Til slíkra takmarkana má telja fjárhagsleg hagkvæmnissjónarmið, sem koma m. a. fram í vali heimanaksturs í stað heimavista þar sem því verður við komið, nýtingu eldra skólahúsnæðis í stað nýbygginga á annars hagkvæmari stað og því að mynda skólaeiningar sem hagkvæmar eru með tilliti til kennslukostnaðar. Til takmarkana í þessum skilningi teljast einnig hámarksvegalengdir fyrir akstur, daglegan eða um helgar, félagsleg atriði eins og þau að skólinn rjúfi ekki tengsl barna við heimilin, kennslufræðileg atriði eins og þau að komið verði við æskilegri verkaskiptingu kennara með tilliti til námsefnis.

Út frá þeim forsendum og takmörkunum, sem minnst hefur verið á, eru eftirfarandi viðmiðanir hafðar í huga við ákvörðun skólaskipulagsins.

1. Níu ár grunnskóla sem samfelld heild á hverju skólasvæði, þó svo að nemendur skiptist á tvær eða fleiri skólastofnanir með tilliti til staðhátta, kennslufræðilegra atriða og hagkvæmni.
2. Á áttunda og níunda námsári sé unnt að skipta nemendum á tvær námsbrautir hvort ár með tilliti til getu og áhuga nemenda. Æskilegur fjöldi nemenda í aldursárgangi á 8. og 9. námsári er því að lágmarki 40—50.
3. Fjöldi nemenda á 5., 6. og 7. námsári sé slíkur, að unnt sé að skipta þessum nemendum í námshópa eftir aldri.
4. Skólar með 5.—9. námsár séu það fjölmennir, að þeir geti haft minnst 4—5 kennara.
5. Daglegur akstur sé framkvæmdur þar sem auðið er.
6. Hámarksvegalengd í daglegum akstri frá heimili til skóla sé 25—30 km., og akstur til og frá skóla taki ekki lengri tíma en u. þ. b. 90 mínútur á dag.
7. Fimm daga skólavika og nemendum, sem í heimavist dvelja, verði ekið til heimilis síns um hverja helgi.
8. Nemendur á 1. og 2. skólaári búi ekki í heimavist. Eigi þeir ekki kost á daglegum akstri eða heimangöngu, stundi þeir heimanám undir eftirliti þess skóla, sem þeir sækja síðar.

Í samræmi við þessar viðmiðanir eru tillögur þessar byggðar á þremur aðalflokkum grunnskóla, sem hér segir:

a. **Skóli fyrir 1.—4. námsár:**

Aldur nemenda að jafnaði 7—10 ár. Viðfangsefni almenn skólaþroskun, kennsla undirstöðugreina og byrjað á lesgreinum. Heimanganga og heimanakstur. Skólar þessir geta verið útibú frá stærri skóla eða sjálfstæðar einingar.

b. **Skóli fyrir 1.—7. námsár:**

Aldur nemenda að jafnaði 7—13 ár. Viðfangsefni auk áðurnefnds, erlend tungumál og raungreinar. Blandaðir heimangöngu- aksturs- og heimavistarskólar. Heimavistir einkum fyrir nemendur á 5.—7. námsári, sem koma úr skólum fyrir 1.—4. námsár.

c. **Skóli fyrir 1.—9. námsár:**

Aldur nemenda að jafnaði 7—15 ár. Viðfangsefni, til viðbótar áðurnefndu, fjölbreytt kennsla sem býður nemendum á 8. og 9. námsári upp á val a. m. k. tveggja námsbrauta og val einstakra námsgreina.

Í sumum tilvikum verður að gera ráð fyrir frávikum frá ofangreindri skiptingu þar sem aðstæður eru slíkar, að annað hentar betur. Er við það miðað að náið samstarf verði milli allra skóla á skólasvæðinu hvað varðar skipulagningu skólastarfsins þannig að tilfærsla nemenda úr einum skóla í annan geti orðið sem auðveldust.

II. Skólasvæði.

Landinu, utan Reykjavíkur og nærliggjandi þéttbýlis, og Akureyrar, er í tillögum þessum skipt í 34 skólasvæði. Skiptingin ræðst fyrst og fremst af landfræðilegum atriðum og fólksfjölda þar sem að því var stefnt, að á hverju slíku svæði sé a. m. k. einn skóli með 8. og 9. námsár þó undantekning finnist.

Hvert skólasvæði nær yfir allt frá einu og upp í 18 sveitarfélög, og er íbúafjöldinn allt frá um 1000 upp í um 10 000, og meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda frá u. þ. b. 20 og upp í 220. Í fyrstu töflu hér á eftir er sýnt yfirlit yfir skólasvæðin skv. tillögunum, íbúafjölda þeirra, fjölda í aldursárgangi nemenda, fjölda skóla. Gert er ráð fyrir skólum á 133 stöðum alls, þar af hafi 42 skólastaðir nemendur á 8. og 9. námsári, 79 skólastaðir hafi nemendur á 5.—7. námsári, og flestallir skólastaðir eða 132 hafi nemendur á 1.—4. námsári.

Íbúafjöldi á svæðunum er mjög misjafn, en hann ásamt landsháttum ræður mestu um möguleika á kennslulega og fjárhagslega hagkvæmu skipulagi. Þróun íbúafjölda undangengna áratugi hefur verið misjöfn á hinum ýmsu landssvæðum og innan þeirra er mikill munur í þessu tilliti á dreifbýli og þéttbýli.

Íbúafjöldinn og líklegar breytingar á honum eru veigamiklar forsendur fyrir mati á því, hversu raunhæfar þessar tillögur eru. Eru því í öðrum töflum hér á eftir sýndar breytingar þær sem orðið hafa á íbúafjölda hvers skólasvæðis um sig frá 1956 til 1973. Leiða þær í ljós að í heild má segja, að íbúafjöldi í dreifbýli hafi á þessum árum í besta falli staðið í stað en víðast hefur fækkun íbúa verið allveruleg. Á þéttbýlissvæðunum er þessu öfugt farið, en þar hefur á flestum svæðum orðið íbúafjölgun, þannig að í heild hefur íbúafjöldi svæðanna aukist, þó nokkrar undantekningar séu frá því.

Að lokum koma svo töflur er sýna áætlaðan fjölda nemenda í hverjum skóla, og skiptingu þeirra á námsár.

Skólasvæði nr.	Sveitarfélög nr. og mörk	Íbúafjöldi 1972	Meðalfjöldi í árgöngum fæddum 1962–71	Fjöldi skólastaða skv. tillögum með 1.–4. námsár	5.–7. námsár	8.–9. námsár	alls
1	2602–2604 Mosfellshreppur, Kjósarhreppur	1 580	39,2	2	2	1	2
2	3000 og 3501–3504 Borgarfjörður, suðurhl.	4 913	105,4	2	2	1	2
3	3505–3509, 3601–3608 Borgarfjörður n.hl.	3 050	64,0	4	3	2	5
4	3701–3705, 3710–3712 Snæfellsnes suður og austurhluti	1 882	39,7	3	2	1	3
5	3706–3709 Snæfellsnes norðvesturhluti	2 409	61,9	3	3	1	3
6	3801–3809, 4501–4505 Dalir og A.-Barð.	1 592	34,0	6	3	1	6
7	4504, 4601–4606 V.-Barðastrandarsýsla	1 972	45,5	5	3	1	5
8	4701–4706 V.-Ísafjarðarsýsla	1 678	36,4	4	3	1	4
9	4801 Bolungarvík	1 001	24,3	1	1	1	1
10	4000, 4803 Ísafjörður, Súðavík	3 320	67,4	3	1	1	3
11	4804–4807 Ísafjarðardjúp	312	6,1	1	1	1	1
12	4901–4908 Strandir	1 198	23,1	5	1	–	5
13	5501–5507 V.-Húnavatnssýsla	1 413	26,7	4	2	1	4
14	5601–5610 A.-Húnavatnssýsla	2 357	47,9	5	3	1	5
15	5100, 5701–5714 Sauðárkrókur, Skagafj.s.	4 067	86,0	7	3	2	7
16	5000 Siglufjörður	2 050	37,8	1	1	1	1
17	6200, 6501 Ólafsfjörður, Grímsey	1 167	28,7	2	1	1	2
18	6502–6505 Eyjafjörður norðvesturhluti	2 028	45,2	4	3	1	4
19	6506–6512, 6601–6602 Eyjafjörður miðvestur-, suður- og austurhluti	2 301	50,7	6	3	1	6
20	6100,6604–6611, 6703 Húsavík, S.-Þing.	4 361	95,9	7	4	2	7
21	6701–6708 N.-Þing.	1 721	34,4	5	3	1	5
22	7501–7502 Vopnafj. Skeggjastaðahr.	919	17,2	2	1	1	2
23	7503–7509, 7601–7604 Fljótsdalshérað	2 473	51,9	7	2	2	7
24	7000, 7511 Seyðisfjörður	947	21,4	1	1	1	1
25	7100, 7605, 7606 Norðfjörður	1 774	36,9	1	1	1	1
26	7607–7609 Eskifjörður, Reyðarfjörður	1 612	38,9	2	2	1	2
27	7610–7616 Austfirðir, suðurhluti	2 082	49,0	5	4	1	5
28	7701–7706 Austur-Skaftafellssýsla	1 665	36,2	5	2	1	5
29	8501–8507, 8601, 8602 V.-Skaftafellssýsla Eyjafjöll	1 872	35,2	5	3	1	5
30	8603–8611 Rangárvallasýsla	2 648	58,0	5	3	2	5
31	8701–8718 Árnessýsla	8 559	193,4	12	6	3	12
32	8000 Vestmannaeyjar	5 303	116,4	1	1	1	1
33	2501 Grindavík	1 353	34,7	1	1	1	1
34	2200, 2502–2506 Suðurnes	9 830	219,1	5	4	3	5

Einstök skólasvæði.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir hverju skólasvæði um sig, þeim sveitarfélögum sem það nær yfir, íbúafjölda og helstu forsendum sem ráðið hafa tillögunum, auk hinna almennu atriða sem nefnd hafa verið fyrr. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi taflna og korta, sem nánar skýra þær tillögur, sem fram eru settar.

Töflur um íbúafjölda eru úr þjóðskránni 1. des. 1972 og nemendafjöldi er áætlaður á grundvelli meðalfjölda barna, sem fædd eru 1962—1971 og búsett eru í viðkomandi sveitarfélagi 1. des. 1972.

Skólasvæði 1.

Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur. Íbúafjöldi 1 580, þar af tæplega 1 100 í Mosfellshreppi. Gert er ráð fyrir, að skólinn á Klébergi á Kjalarnesi verði lagður niður, en nemendum á 1.—7. námsári úr Kjósarhreppi og nyrstu bæjum í Kjalarneshreppi verði ekið að Ásgarði í Kjós, en öllum öðrum nemendum verði ekið að skólunum í Mosfellssveit. Vegalengdir eru hóflegar og vegir góðir.

Sveitarfélög:

2602 Mosfellshreppur:
Íbúafjöldi 1 092, þar af búa 785 í þéttbýli. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 25.8. Gera má ráð fyrir verulegri fjölgun íbúa og barna. Miðað er við, að allir nemendur sæki skólana að Varmá og Brúarlandi.

2603 Kjalarneshreppur:
Íbúafjöldi 233. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.2, sem er mjög hátt meðaltal þegar tekið er tillit til íbúafjölda. Mætti því ætla að það muni lækka nokkuð, en hins vegar má gera ráð fyrir að íbúum sveitarfélagsins fjölgi verulega á næstu árum.

Gert er ráð fyrir að nemendum verði ekið daglega til skólanna í Mosfellssveit nema hvað nemendum af nyrstu bæjum í hreppnum verði fyrstu 7 námsárin ekið að Ásgarði í Kjós, enda er sá akstur nokkuð styttri. Með nokkurri íbúafjölgun, einkum ef venjulegur þéttbýliskjarni myndast á Kjalarnesi, kynni að verða hentugt að reka þar skóla fyrir nemendur á 1.—4. námsári.

2604 Kjósarhreppur:
Íbúafjöldi 255. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 6.2, sem er allhátt með tilliti til íbúafjölda. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla með daglegum akstri að Ásgarði í Kjós, en eldri nemendum verði ekið til skóla í Mosfellssveit eins og nú er gert.

Skólar.

Varmá, Brúarland.
1.—4. námsár, nemendur um 127
5.—7. námsár, nemendur um 95
8.—9. námsár, nemendur um 78

Samtals um 300

Þar sem gera má ráð fyrir verulegri íbúafjölgun í Mosfellssveit á næstu árum, er þess að vænta, að nemendur verði fljótlega til muna fleiri en hér er greint.

Skólarnir í Mosfellssveit eru nú tveir og yrði það svo áfram, en verkefnaskiptingu, þ. á m. skiptingu aldursárganga milli þeirra bæri að ákveða hverju sinni með tilliti til húsakosts og fleiri þátta er máli skipta í því sambandi.

Ásgarður í Kjós.
1.—4. námsár, nemendur um 30
5.—7. námsár, nemendur um 23

Samtals um 53

Í Ásgarði hefur starfað barnaskóli (1.—6. námsár) og hluti nemenda verið í heimavist. Verið er að athuga að leggja niður heimavist, svo sem hér er gert ráð fyrir. Með þeirri samvinnu við Kjalarneshrepp, sem hér er gengið út frá, ætti að vera hægt að taka upp í skólanum kennslu nemenda á 7. námsári, en einnig kemur til álita að aka þeim með eldri nemendum til skóla í Mosfellssveit.

Skólasvæði 2.

Á þessu svæði er Akranes og sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar. Íbúafjöldi er 4 913 og nemendur í árgangi til jafnaðar um 105, þar af 557 íbúar og um 10 nemendur í árgangi utan kaupstaðarins.

Barnaskóli og gagnfræðaskóli starfa á Akranesi og barna- og unglingaskóli að Leirá (Heiðarskóli). Hér er gert ráð fyrir þeim breytingum, að skólinn á Akranesi taki við nemendum í tvo síðustu bekki grunnskólans af öllu svæðinu og verði þeim ekið daglega til og frá skóla.

Þá er gert ráð fyrir, að nemendum verði að jafnaði ekið til þess skóla á Akranesi eða Heiðarskóla, sem nær er heimili hans og kennslu hefur fyrir viðkomandi aldursflokk.

Í stórum dráttum er tillaga um skóla og skólasókn á svæði II þessi.

Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Akranes	Akranes	Akranes	Akranes
Strandarhreppur	Heiðarskóli	Heiðarskóli	Akranes
Skilamannahreppur 1	Heiðarskóli	Heiðarskóli	Akranes
Skilamannahreppur 2	Akranes	Akranes	Akranes
Innri-Akraneshreppur	Akranes	Akranes	Akranes
Leirár- og Melahr.	Heiðarskóli	Heiðarskóli	Akranes

Sveitarfélög:

3501 Strandarhreppur:
Íbúafjöldi 179. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3,4. Mesta vegalengd til Heiðarskóla er rúmlega 30 km. og rúmlega 40 km. til Akraness, en allur þorri bæja er innan 20 km. frá Leirá og 30 km. frá Akranesi. Gert er ráð fyrir, að unnt sé að aka nemendum daglega til skólanna á Leirá (1.—7. námsár) og Akranesi (8.—9. námsár).

Fyrir einstaka nemendur kann akstur til Akraness að reynast nokkuð langur. Þeim nemendum yrði þá að útvega vist í skólum, sem heimavistir hafa, svo sem í Reykholti, eða þá þeim yrði komið fyrir á bæjum í akstursleið.

3502 Skilamannahreppur:
Íbúafjöldi 109. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1, 3. Mesta vegalengd til Leirár er um 12 km. og um 17 km. til Akraness. Einsýnt er með akstur á hvorn staðinn sem er, og gert er ráð fyrir, að vegalengd og hagkvæmni í akstri ráði þar um.

3503 Innri Akraneshreppur:
Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi í árgangi 2,7. Vegalengdir að Heiðarskóla innan við 15 km og innan 30 km til Akraness. Gert er ráð fyrir daglegum akstri á báða staðina, eftir því á hvaða aldri nemendur eru.

3000 Akranes:
Íbúafjöldi 4356. Meðalfjöldi í árgangi 95,5. Skólasókn á Akranesi.

Skólar.

Heiðarskóli.
1.—4. námsár, nemendur um 28
5.—7. námsár, nemendur um 21

Samtals um 49

Akranes.
1.—4. námsár, nemendur um 394
5.—7. námsár, nemendur um 295
8.—9. námsár, nemendur um 211

Samtals um 900

Skólasvæði 3.

Á þessu skólasvæði, þ. e. Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar og Mýrasýslu eru íbúar 3050 og um 64 nemendur í hverjum aldursárgangi. Með tilliti til fjöldans væri æskilegast að hafa þessa nemendur í einum skóla. Um 49 þessara nemenda búa í Borgarnesi eða á svæði sem unnt er að aka nemendum daglega af þangað og yrði skólinn því best staðsettur þar. Hér er þó gert ráð fyrir, að Héraðsskólinn í Reykholti verði a. m. k. um sinn nýttur fyrir þá nemendur á 8. og 9. námsári sem búsettir eru utan Borgarnessvæðis.

Fyrir nemendur á 1.—7. námsári er auk skólans í Borgarnesi (1.—9. ár), gert ráð fyrir skólum á Varmalandi, á Kleppjárnsreykjum og á Hvanneyri fyrir nemendur á 1.—4. námsári. Ef til vill væri hentugra að hafa þann skóla ekki á Hvanneyri, heldur þar sem auðveldara væri að aka að nemendum úr Skorradal og Lundarreykjadal. Sá skóli gæti náð til fleiri nemenda, en yrði nokkuð lengra frá hinni þéttu byggð í nágrenni Hvanneyrar og nyti ekki á sama hátt góðs af nábýli við Bændaskólann.

Hraunhreppur er hér talinn með þessu skólasvæði, þó að ýmislegt bendi til þess, að hentugra sé að láta nemendur þaðan sækja skóla að Laugargerði, sem er að jafnaði nokkuð styttra.

Í einstökum atriðum er tillaga um skóla og skólasókn á svæði III þessi.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Andakílshreppur 1	Hvanneyri	Borgarnes	Borgarnes
Andakílshreppur 2	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Skorradalshreppur	Hvanneyri	Borgarnes	Borgarnes
Lundarreykjardalshr.	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Reykholtsdalshreppur	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Hálsahreppur	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Hvítársíðuhreppur	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Þverárhlíðarhreppur	Varmaland	Varmaland	Reykholt
Norðurárdalshreppur	Varmaland	Varmaland	Reykholt
Stafholtstungnahreppur	Varmaland	Varmaland	Reykholt
Borgarhreppur	Borgarnes	Borgarnes	Borgarnes
Borgarneshreppur	Borgarnes	Borgarnes	Borgarnes
Álftaneshreppur	Borgarnes	Borgarnes	Borgarnes
Hraunhreppur I	Varmaland	Borgarnes	Borgarnes
Hraunhreppur 2	Borgarnes	Varmaland	Reykholt

Sveitarfélög:

3505 Andakílshreppur:
Íbúar 255. Meðalfjöldi í aldursárgangi 65. Gert er ráð fyrir, að nemendum af svæðinu sunnan Grímsár verði ekið daglega í skóla að Hvanneyri fyrstu 4 námsárin, en til Borgarness á 5.—9. námsári og er þá miðað við, að brú komi á Borgarfjörð.

Aksturslengd til Hvanneyrar yrði stutt og til Borgarness innan viðunandi marka komi brú yfir Borgarfjörð. Öðrum nemendum úr hreppnum er gert ráð fyrir að verði ekið til Kleppjárnsreykja á 1.—7. námsári og til Reykholts á 8. og 9. námsári. Mesta vegalengd til Kleppjárnsreykja um 20 km og um 25 km að Reykholti.

3506 Skorradalshreppur:
Íbúafjöldi 63. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1,0. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Hvanneyri fyrstu 4 námsárin og síðan til Borgarness. Akstur þangað yrði þó alllangur og kemur þá til greina að nemendur af innstu bæjum verði í heimavistum á Varmalandi og í Reykholti.

3507 Lundarreykjadalshreppur:
Íbúafjöldi 123. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2,7. Gert er ráð fyrir, að nemendum sé ekið að Kleppsjárnsreykjum og að Reykholti.

3508 Reykholtsdalshreppur:
Íbúafjöldi 309. Meðalfjöldi í aldursárgangi 5,9. Gert er ráð fyrir daglegum akstri að Kleppjárnsreykjum fyrstu 7 námsárin og að Reykholti á 8. og 9. námsári. Mesta aksturslengd um 13 km að Kleppjárnsreykjum og um 19 km að Reykholti.

3509 Hálsahreppur:
Íbúafjöldi 107. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2,3. Gert er ráð fyrir daglegum akstri að Kleppjárnsreykjum og Reykholti.

3601 Hvítársíðuhreppur:
Íbúafjöldi 104. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2,0. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið að Kleppjárnsreykjum (1.—7. námsár) og að Reykholti (8. og 9. námsár), þó verði þeir nemendur, sem lengst eiga að sækja, í heimavist á Varmalandi og síðar í Reykholti.

3602 Þverárhlíðarhreppur:
Íbúafjöldi 90. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1,9. Gert er ráð fyrir, að unnt sé að aka öllum nemendum daglega til skóla að Varmalandi (1.—7. námsár), og að Reykholti (8. og 9. námsár). Mestu vegalengdir um 25 km.

3603 Norðurárdalshreppur:
Íbúafjöldi 126. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3,2. Gert er ráð fyrir að unnt sé að aka daglega nemendum úr neðri hluta hreppsins að Varmalandi, en aðrir nemendur verði þar í heimavist. Á 8. og 9. námsári verði nemendur í heimavist í Reykholti.

3604 Stafholtstungnahreppur:
Íbúafjöldi 210. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3,6. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið daglega til skóla að Varmalandi fyrstu 7 námsárin og að Reykholti á 8. og 9. námsári.

3605 Borgarhreppur:
Íbúafjöldi 182. Meðalfjöldi í aldursárgangi 4,3. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið til skóla í Borgarnesi. Mesta vegalengd röskir 20 km.

3606 Borgarneshreppur:
Íbúafjöldi 1243. Meðalfjöldi í aldursárgangi 27,1. Skólasókn í Borgarnesi.

3607 Álftaneshreppur:
Íbúafjöldi 126. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2,4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í Borgarnesi, eftir því sem akstur þangað er mögulegur, ella myndu þeir sækja skólana á Varmalandi og í Reykholti.

3608 Hraunhreppur:
Íbúafjöldi 112. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1,7. Sá hluti nemenda, sem ekki er unnt að aka til Borgarness, yrði í heimavist á Varmalandi og í Reykholti. Til greina kemur einnig að nemendur úr Hraunhreppi sæki skóla að Laugargerði.

Skólar.

Hvanneyri.
1.—4. námsár, nemendur um 22

Borgarnes.
1.—4. námsár, nemendur um 138
5.—7. námsár, nemendur um 119
8.—9. námsár, nemendur um 79
Samtals um 336

Kleppjárnsreykir.
1.—4. námsár, nemendur um 55
5.—7. námsár, nemendur um 41
Samtals um 96

Gert er ráð fyrir, að heimavist við Kleppjárnsreykjaskóla verði lögð niður, en nemendum ekið daglega frá heimili til skóla svo að dagvistunaraðstaða, mötuneyti o. fl. þarf því framvegis að vera fyrir hendi. Öllum nemendum á 1.—7. námsári af svæðinu, sem ekki er unnt að aka daglega til einhvers af skólunum í Borgar-

nesi, á Varmalandi, á Kleppjárnsreykjum og á Hvanneyri, er ætluð dvöl í heimavist á Varmalandi sem yrði eina heimavistin á þessu svæði fyrir nemendur á 1.—7. námsári. Þó er ekki gert ráð fyrir, að nemendur á 1. og 2. námsári (7 og 8 ára) verði í heimavist að staðaldri, heldur í heimanámi undir eftirliti skólans.

Varmaland.
1.—4. námsár, nemendur um 37
5.—7. námsár, nemendur um 32

Samtals um 69

Reykholt.
Nemendur á 8. og 9. námsári af þessu svæði mætti áætla 50 talsins. Til þess að ná hagkvæmum bekkjarstærðum þyrftu að fást um 40 nemendur á þessum námsárum til viðbótar utan svæðisins e. t. v. af sunnanverðu Snæfellsnesi. Miðað við 150 nemenda skóla í Reykholti væri þá pláss fyrir um 50 nemendur í viðbót og eðlilegt að gera ráð fyrir, að þar yrðu framhaldsdeildir grunnskóla.

Þar sem unnt er að aka verulegum hluta nemenda af svæðinu daglega til skólans yrði nægilegt að miða fjölda íbúðarherbergja nemenda við 100—120 nemendur.

Skólasvæði 4.

Á þessu skólasvæði, sem nær yfir sveitarfélögin á sunnanverðu Snæfellsnesi, Stykkishólm, Helgafellssveit og Skógarstrandarhrepp eru íbúar 1882 og 39,7 nemendur í hverjum aldursárgangi. Þar af voru 1154 íbúar búsettir í Stykkishólmi og Helgafellssveit, og nemendur í aldursárgangi þar 23 8.

Í sveitarfélögunum á sunnanverðu nesinu og í Skógarstrandarhreppi voru íbúar 728 og nemendur í árgangi 15,9. Er hér um að ræða einingu, sem er of lítil fyrir síðustu tvo bekki grunnskólans. Er því gert ráð fyrir, að þeir sæki nám sitt þau tvö ár til Stykkishólms og myndi því þurfa heimavist þar. Samgönguleið þangað er allsæmileg með tilliti til þess að keyra þá nemendur heim um helgar, m. a. hafa börn úr Helgafellssveit verið flutt þessa leið til Laugargerðisskóla, svo og til skamms tíma börn úr Skógarstrandarhreppi og þó verulega lengri leið. Eins er hugsanlegt, að nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla að Reykholti eins og áður hefur verið drepið á og teldist sunnanvert Snæfellsnes þá til skólasvæðis 3. Sú flutningsleið nemenda er hins vegar nokkuð lengri en til Stykkishólms, auk þess sem það er hentugt með tilliti til skólastarfs í Stykkishólmi að fá þessa nemendaviðbót. Þá er gert ráð fyrir þeirri breytingu sem nú er orðin, að nemendur úr Helgafellssveit sæki skóla í Stykkishólmi.

Auk skólans í Stykkishólmi, sem vera myndi fyrir 1.—9. námsár, er gert ráð fyrir skóla í Laugargerði fyrir 1.—7. námsár nemenda af sunnanverðu Snæfellsnesi og Skógarströnd, nema nemendur á 1.—4. námsári úr Staðarhreppi og Breiðavíkurhreppi, sem gert er ráð fyrir að sæki skóla að Lýsuhóli.

Í einstökum atriðum er tillaga um skólasókn á svæði 4 þessi.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Kolbeinsstaðahreppur	Laugargerði	Laugargerði	Stykkishólmur
Eyjahreppur	Laugargerði	Laugargerði	Stykkishólmur
Miklaholtshreppur	Laugargerði	Laugargerði	Stykkishólmur
Staðarsveit	Lýsuhóll	Laugargerði	Stykkishólmur
Breiðavíkurhreppur	Lýsuhóll	Laugargerði	Stykkishólmur
Helgafellssveit	Stykkishólmur	Stykkishólmur	Stykkishólmur
Stykkishólmur	Stykkishólmur	Stykkishólmur	Stykkishólmur
Skógarstrandarhreppur	Laugargerði	Laugargerði	Stykkishólmur

Sveitarfélög:

3701 Kolbeinsstaðahreppur:
Íbúafjöldi 150. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3,6. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla að Laugargerði og að unnt sé að aka stórum hluta nemenda í skólann, en aðrir dvelji í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í skóla og heimavist í Stykkishólmi.

3702 Eyjahreppur:
Íbúafjöldi 65. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1,0. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—7. námsári sé ekið daglega til skóla í Laugargerði. Vegalengdir um og innan við 10 km. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í skóla og heimavist í Stykkishólmi.

3703 Miklaholtshreppur:
Íbúafjöldi 159. Meðalfjöldi í aldursárgangi 4,4. Um helmingur býla í hreppnum stendur meðfram og í nánd við þjóðveginn. Gert er ráð fyrir, að með daglegum akstri til Laugargerðis náist til flestra nemenda á 1.—7. námsári, en aðrir dvelji í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í Stykkishólmi í skóla og heimavist.

3704 Staðarsveit:
Íbúafjöldi 151. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3,2. Gert er ráð fyrir, að starfræktur verði skóli að Lýsuhóli fyrir nemendur á 1.—4. námsári úr Staðarsveit og Breiðavíkurhreppi. Flestöll býli í hreppnum standa meðfram þjóðveginum og yrði lengsti akstur úr Staðarsveit 20 km. Nemendur á 5.—7. námsári yrðu í Laugargerði í heimavist og nemendur á 8. og 9. námsári í Stykkishólmi í heimavist.

3705 Breiðavíkurhreppur:
Íbúafjöldi 114. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.8. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—4. námsári verði ekið í skóla að Lýsuhóli, svo sem aðstæður leyfa. Frá Stapa eru þangað um 25 km. Nemendur á 5.—7. námsári, svo og yngri nemendur, sem ekki næst til með akstri, verði í heimavist í Laugargerði, og nemendur á 8. og 9. námsári í skóla og heimavist í Stykkishólmi.

3710 Helgafellssveit:
Íbúafjöldi 109. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.3. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið daglega til Stykkishólms.

3711 Stykkishólmshreppur:
Íbúafjöldi 1 045. Meðalfjöldi í aldursárgangi 22.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—9. námsári sæki skóla á staðnum.

3712 Skógarstrandarhreppur:
Íbúafjöldi 89. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.9. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla að Laugargerði með dvöl í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í skóla og heimavist í Stykkishólmi.

Skólar.

Laugargerði:
1.—4. námsár, nemendur um 40
5.—7. námsár, nemendur um 48

Samtals um 88

Auk þess hefði skólinn umsjón með heimanámi nokkurra 7 og 8 ára barna, á því svæði, sem daglegur akstur nær ekki til.

Lýsuhóll:
1.—4. námsár, nemendur um 20

Stykkishólmur:
1.—4. námsár, nemendur um 95
5.—7. námsár, nemendur um 71
8.—9. námsár, nemendur um 79

Samtals um 245

Skólasvæði 5.

Á skólasvæði 5, sem nær yfir Neshrepp, Ólafsvíkurhrepp, Fróðárhrepp og Eyrarsveit, eru íbúar 2 409 og nemendur í hverjum aldursárgangi til jafnaðar 61.9.

Æskilegt er að hafa alla nemendur á 8.—9. námsári af þessu svæði í einum skóla í Ólafsvík, ef daglegur akstur er framkvæmanlegur. Frá Hellissandi til Ólafsvíkur eru um 9 km og um 28 km til Grundarfjarðar. Þrátt fyrir að samgönguleiðir fyrir Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða kunni að reynast erfiðar, er gert ráð fyrir daglegum akstri til Ólafsvíkur. Annar möguleiki er að byggja í Ólafsvík heimavistir fyrir þessa nemendur og myndi þá þurfa íbúðarherbergi þar fyrir um 70 nemendur. Til athugunar kemur einnig, að hafa 8. og 9. námsárið í skóla á tveim stöðum, en þá með verkaskiptingu á milli þeirra með tilliti til námsbrauta.

Tillaga um skólasókn á svæði 5 er þá þessi.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Neshreppur	Hellissandur	Hellissandur	Ólafsvík
Ólafsvíkurhr.	Ólafsvík	Ólafsvík	Ólafsvík
Fróðárhreppur	Ólafsvík	Ólafsvík	Ólafsvík
Eyrarsveit	Grundarfj.	Grundarfj.	Ólafsvík

Sveitarfélög:

3708 Neshreppur:
Íbúafjöldi 594. Meðalfjöldi í aldursárgangi 16.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á staðnum, nema nemendur á 8. og 9. námsári er sæki skóla til Ólafsvíkur.

3707 Ólafsvíkurhreppur:
Íbúafjöldi 1 057. Meðalfjöldi í aldursárgangi 26.1. Gert er ráð fyrir, að allir nemendur á 1.—9. námsári sæki skóla á staðnum.

3708 Fróðárhreppur:
Íbúafjöldi 34. Meðalfjöldi í aldursárgangi 0.8. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið til Ólafsvíkur, svo sem nú er gert.

3709 Eyrarsveit:
Íbúafjöldi 724. Meðalfjöldi í aldursárgangi 18.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla heima fyrir, en nemendur á 8. og 9. námsári sæki til Ólafsvíkur.

Skólar.

Hellissandur:
1.—4. námsár, nemendur um 66
5.—7. námsár, nemendur um 49

Samtals um 115

Grundarfjörður:
1.—4. námsár, nemendur um 74
5.—7. námsár, nemendur um 56

Samtals um 130

Ólafsvík:
1.—4. námsár, nemendur um 107
5.—7. námsár, nemendur um 81
8.—9. námsár, nemendur um 124

Samtals um 312

Skólasvæði 6.

Á þessu svæði er Dalasýsla með 1 592 íbúa og 25 nemendur í hverjum aldursárgangi og Austur- Barðastrandarsýsla, að frátöldum Múlahreppi með 444 íbúa, með 9 nemendur í hverjum aldursárgangi. Samtals eru íbúar 2 036 og nemendur í hverjum aldursárgangi alls 34.

Gert er ráð fyrir allmiklum breytingum á skólafyrirkomulagi frá því sem nú er. Þar sem nemendafjöldinn er það lítill, að ekki kemur til álita nema einn skóli fyrir nemendur á 8. og 9. námsári, er hér gengið út frá því, að sá skóli verði að Laugum í Dalasýslu, þar sem þegar er mikil heimavistaraðstaða fyrir hendi, sem með þeim breytingum, sem tillögurnar gera ráð fyrir að öðru leyti verður að mestu til ráðstöfunar fyrir þessa aldursflokka.

Í Búðardal er gert ráð fyrir, að skóli verði fyrir nemendur á 1.—7. námsári og þessum aldursflokkum verði ekið þangað úr Hörðudals-, Miðdala-, Haukadals- og Laxárdalshreppi.

Þá er gert ráð fyrir, að í Saurbæjarhreppi verði útibú frá Laugaskóla, skóli fyrir nemendur á 1.—4. námsári og miðað við, að kennsla geti farið fram í félagsheimilinu Tjarnarbúð.

Í Austur- Barðastrandarsýslu er gert ráð fyrir, að skólinn á Reykhólum verði fyrir nemendur á 1.—7. námsári en útibú frá þeim skóla verði í Króksfjarðarnesi fyrir nemendur á 1.—4. námsári, og eins þarf að gera ráð fyrir kennslu yngstu nemenda í Flatey.

Í einstökum atriðum er tillaga um skóla og skólasókn á svæði 6 þessi.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Hörðudalshreppur	Búðardalur	Búðardalur	Laugar
Miðdalahreppur	Búðardalur	Búðardalur	Laugar
Haukadalshreppur	Búðardalur	Búðardalur	Laugar
Laxárdalshreppur	Búðardalur	Búðardalur	Laugar
Hvammshreppur	Laugar	Laugar	Laugar
Fellsstrandarhr.	Laugar	Laugar	Laugar
Klofningshreppur	Laugar	Laugar	Laugar
Skarðshreppur	Tjarnarbúð	Laugar	Laugar
Saurbæjarhreppur	Tjarnarbúð	Laugar	Laugar
Geirdalshreppur	Króksfj.nes	Reykhólar	Laugar
Reykhólahreppur	Reykhólar	Reykhólar	Laugar
Gufudalshreppur	Reykhólar	Reykhólar	Laugar
Múlahreppur	Reykhólar	Reykhólar	Laugar
Flateyjarhreppur	Flatey	Reykhólar	Laugar

Sveitarfélög:

3801 Hörðudalshreppur:
Íbúafjöldi 59. Meðalfjöldi í aldursárgangi 0.6. Vegalengd til Búðardals yfirleitt 20—25 km. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—7. námsári verði ekið þangað daglega, en nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist á Laugum.

3802 Miðdalahreppur:
Íbúafjöldi 176. Meðalfjöldi í aldursárgangi 4.4. Vegalengdir til Búðardals 10—25 km frá flestum bæjum. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—7. námsári verði ekið þangað daglega, en nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist á Laugum.

3803 Haukadalshreppur:
Íbúafjöldi 78. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.8. Vegalengdir til Búðardals 10—25 km frá flestum bæjum. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—7. námsári verði ekið daglega þangað, en nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist á Laugum.

3804 Laxárdalshreppur:
Íbúafjöldi 365. Meðalfjöldi í aldursárgangi 8.7. Meirihluti nemenda er búsettur í Búðardal og mesta vegalengd þangað úr hreppnum er um 25 km. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla í Búðardal, en nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla að Laugum. Frá Búðardal til Lauga eru um 18 km, og má ætla, að unnt verði að aka daglega nemendum úr kauptúninu og nágrenni þess.

3805 Hvammshreppur:
Íbúafjöldi 106. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2.0. Vegalengdir að Laugum eru um og innan við 15 km. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið þangað daglega.

3806 Fellsstrandarhreppur:
Íbúafjöldi 84. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skólann að Laugum og búi þar í heimavist.

3807 Klofningshreppur:
Íbúafjöldi 36. Meðalfjöldi í aldursárgangi 0.4. Skólasókn nemenda yrði með sama hætti og nemenda úr Fellsstrandarhreppi.

3808 Skarðshreppur:
Íbúafjöldi 54. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.3. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið að Tjarnarbúð fyrstu fjögur námsárin, en sæki síðan skóla að Laugum.

3809 Saurbæjarhreppur:
Íbúafjöldi 190. Meðalfjöldi í aldursárgangi 4.4. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—4. námsári verði ekið í skóla í félagsheimilinu Tjarnarbúð, en eldri nemendur verði í heimavist á Laugum.

4501 Geirdalshreppur:
Íbúafjöldi 125. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2.9. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári verði í skóla í Króksfjarðarnesi, nemendur á 5.—7. námsári á Reykhólum með akstri eða í heimavist, og nemendur á 8. og 9. námsári í heimavist á Laugum.

4502 Reykhólahreppur:
Íbúafjöldi 203. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári verði í skóla í Króksfjarðarnesi, nemendur á 5.—7. námsári á Reykhólum með akstri eða í heimavist, og nemendur á 8. og 9. námsári í heimavist á Laugum.

4503 Gufudalshreppur:
Íbúafjöldi 70. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.7. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla að Reykhólum og verði þar í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist á Laugum.

4505 Flateyjarhreppur:
Íbúafjöldi 46. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.0. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—4. námsári verði kennt í eyjunni, en sæki síðar skóla á Reykhólum og Laugum.

Skólar.

Búðardalur:
1.—4. námsár, nemendur um 62
5.—7. námsár, nemendur um 46

Samtals um 108

Laugar:
1.—4. námsár, nemendur um 13
5.—7. námsár, nemendur um 28
8.—9. námsár, nemendur um 68

Samtals um 109

Tjarnarbúð:
1.—4. námsár, nemendur um 22

Króksfjarðarnes:
1.—4. námsár, nemendur um 17

Reykhólar:
1.—4. námsár, nemendur um 12
5.—7. námsár, nemendur um 28

Samtals um 40

Flatey:
1.—4. námsár, nemendur um 4

Skólasvæði 7.

Svæði þetta nær yfir alla V-Ísafjarðarsýslu og auk hennar er Múlahreppur í V-Barðastrandarsýslu talinn með því, þó hann allt að einu geti talist með skólasvæði 6.

Íbúar á þessu skólasvæði eru alls 1 972, þar af býr um helmingur á Patreksfirði eða 983 og alls 613 í kauptúnahreppunum Suðurfjarðarhreppi (355) og Tálknafjarðarhreppi (258). Í öðrum sveitarfélögum eru því alls 376 íbúar.

Meðalfjöldi barna í árgangi í þessum sveitarfélögum er 45.5, þar af 22.5 á Patreksfirði og alls 14.6 í hinum kauptúnahreppunum og 8.4 utan þeirra.

Í tillögunum er gert ráð fyrir, að aðalskólinn á svæðinu verði á Patreksfirði með 1.—9. námsár. Á Bíldudal og í Tálknafirði verði skólar fyrir 1.—7. námsár, þó e. t. v. skemur eða 5.—6. námsár á Tálknafirði og skólar fyrir 1.—4. námsár á Birkimel á Barðaströnd og í Örlygshöfn. Þar sem barnafjöldi er allnokkur í Barðastrandarhreppi og unnt að aka börnum þar daglega til skóla, hefur verið horfið að því að hafa þar skóla fyrir 1.—6. námsár. Kemur þar til m. a. allerfið samgönguleið til Patreksfjarðar og þörf á meiri heimavistum þar.

Sveitarfélög:

4504 Múlahreppur:
Íbúar 26, ekkert barn fætt 1962—71. Skólasókn, ef um börn verður að ræða, er óframkvæmanleg nema með dvöl í heimavist og þá heimanámi fyrir yngstu börnin.

4601 Barðastrandarhreppur:
Íbúafjöldi 194 og meðalfjöldi barna í árgangi 5.4. Í tillögunum er við það miðað, að innan hreppsins verði skóli fyrir nemendur á 1.—4. námsári, en aðrir nemendur sæki skóla á Patreksfirði og dvelji þar í heimavist. Frá þessu hefur þó verið brevtt og gert ráð fyrir skóla fyrir 1.—6. námsár á Birkimel á Barðaströnd.

4602 Rauðasandshreppur:
Íbúar 122 og meðalfjöldi barna í árgangi 2.5. Gert er ráð fyrir, að skóli verði í Örlygshöfn fyrir 1.—4. námsár. Nemendur þar yrðu að vísu mjög fáir og heimavist nauðsynleg fyrir einhvern hluta nemenda, en samvinna við Barðastrandarhrepp er þó ekki talin koma til greina vegna fjarlægðar og samgönguaðstæðna. Nemendur á 5.—9. námsári sæki skóla á Patreksfirði og búi þar í heimavist.

4603 Patrekshreppur:
Íbúar 983 og meðalfjöldi barna í árgangi 22.5. Gert er ráð fyrir, að allir nemendur sæki skóla í kauptúninu.

4606 Tálknafjarðarhreppur:
Íbúar 258, þar af 189 í kauptúninu. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.2, sem er allhátt miðað við íbúafjölda. Gert er ráð fyrir, að skóli í kauptúninu verði fyrir nemendur á 1.—7. námsári, en eldri nemendur sæki skóla á Patreksfirði. Virðist mögulegt, að framkvæma það með daglegum akstri, en ella þarf heimavist fyrir þessa nemendur á Patreksfirði. Ef til vill er æskilegt, að nemendur á 7. námsári sæki einnig skóla á Patreksfirði.

4605 Ketildalahreppur:
Íbúar 34, meðalfjöldi barna í árgangi 0.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur úr þessum hreppi fylgi að öllu nemendum úr Suðurfjarðahreppi.

4606 Suðurfjarðahreppur:
Íbúar 355, þar af 325 í kauptúninu, meðalfjöldi barna í árgangi 7.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Bíldudal fyrstu 7 námsárin, en síðan sæki þeir skóla á Patreksfirði og búi þar í heimavist.

Skólar.

Birkimelur á Barðaströnd:
1.—4. námsár, nemendur um 21
(5.—6. námsár, nemendur um 11)

Samtals um 21 (32)

Örlygshöfn:
1.—4. námsár, nemendur um 8

Patreksfjörður:
1.—4. námsár, nemendur um 90
5.—7. námsár, nemendur um 91 (80)
8.—9. námsár, nemendur um 91

Samtals um 272 (261)

Tölur í svigum eru miðaðar við skóla fyrir 1.—6. námsár á Birkimel.

Tálknafjörður:
1.—4. námsár, nemendur um 29
5.—7. námsár, nemendur um 22

Samtals um 51

Bíldudalur:
1.—4. námsár, nemendur um 32
5.—7. námsár, nemendur um 24

Samtals um 56

Skólasvæði 8.

Á skólasvæði þessu, sem nær yfir V-Ísafjarðarsýslu, eru íbúar 1 678 og nemendur í aldursárgangi að jafnaði 36.4. Flestir íbúanna eða 1 382 eru búsettir í kaup-

túnahreppunum þrem, Þingeyrar-, Flateyrar- og Suðureyrarhreppi. Ekkert kauptúnanna er af þeirri stærð, né þannig í sveit sett, að hentugt geti talist að gera það að skólamiðstöð svæðisins. Hins vegar er Héraðsskólinn á Núpi á þessu svæði, og er hér gert ráð fyrir, að hann annist einn skóla á svæðinu kennslu nemenda á 8. og 9. námsári. Það val styður, auk þess sem greint hefur verið, m. a. þá skoðun að nýta beri héraðsskólana fyrst og fremst fyrir nærliggjandi byggðarlög. Augljóst er, að ekki er hægt að ætla þessum skóla stórt hlutverk á framhaldsskólastigi, þ. e. eftir grunnskóla, nema með því að skerða hlut annarra skóla á því stigi á Vestfjörðum þ. á m. Menntaskólans á Ísafirði. Með tilliti til þess, hve Vestfirðir eru fámennir, væri það óheillavænlegt, að dreifa nemendum á framhaldsskólastigi um of.

Þótt Héraðsskólinn á Núpi gegni því hlutverki sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. kennslu á 8. og 9. námsári grunnskólans fyrir allt svæðið, mun hann rúma 40—50 nemendur til viðbótar, sem annaðhvort geta verið nemendur á grunnskólastigi búsettir utan þessa svæðis, eða að hafðar verði við skólann 1—2 framhaldsdeildir.

Auk Héraðsskólans á Núpi er gert ráð fyrir skólum fyrir nemendur á 1.—7. námsári í kauptúnunum þrem, svo og skóla fyrir nemendur á 1.—4. námsári á Núpi. Eins gæti komið til greina, að sá skóli ásamt Héraðsskólanum spanni allt grunnskólastigið, einkum ef hentugra verður talið, að nemendur úr Mosvallahreppi eða hluta hans og úr Auðkúluhreppi verði þar í skóla í stað þess að sækja til Flateyrar og Þingeyrar eins og hér er gengið út frá.

Í einstökum atriðum er tillaga um skóla og skólasókn á svæði 8 þessi.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Auðkúluhreppur	Þingeyri	Þingeyri	Núpur
Þingeyrarhr.	Þingeyri	Þingeyri	Núpur
Mýrahreppur	Núpur	Þingeyri	Núpur
Mosvallahreppur	Flateyri	Flateyri	Núpur
Flateyrarhreppur	Flateyri	Flateyri	Núpur
Suðureyrarhreppur	Suðureyri	Suðureyri	Núpur

Sveitarfélög:

4701 Auðkúluhreppur:
Íbúafjöldi 38. Meðalfjöldi nemenda í aldursárgangi 0.9. Vegna smæðar hreppsins og legu er mjög erfitt um skólasókn. Er hér gert ráð fyrir, að skólinn á Þingeyri annist kennsluna fyrstu 7 námsárin, að hluta með skipulegu heimanámi og að öðru leyti með skóladvöl nemenda þar. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki að Núpi. Einnig er hugsanlegt, að nemendur sæki allt nám að Núpi sbr. framangreint.

4702 Þingeyrarhreppur:
Íbúafjöldi 431. Meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda 10.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í kauptúninu fyrstu sjö námsárin, en að Núpi á 8. og 9. námsári.

4703 Mýrahreppur:
Íbúafjöldi 167. Meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda 3.7. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki barnaskóla að Núpi fyrstu 4 árin, á Þingeyri á 5.—7. námsári og Héraðsskólann á Núpi 8. og 9. námsárið. Einnig kemur til greina, að skólasókn öll árin verði að Núpi, sbr. hér að framan.

4704 Mosvallahreppur:
Íbúafjöldi 91. Meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda 1.8. Gert er ráð fyrir, að hætt verði starfrækslu skólans að Holti í Önundarfirði, en nemendur sæki skóla að Flateyri fyrstu 7 árin, en Héraðsskólann að Núpi á 8. og 9. námsári. Einnig kemur til greina, að skólasókn verði að Núpi öll skólaárin úr öllum hreppnum eða hluta hans.

4705 Flateyrarhreppur:
Íbúafjöldi 432. Meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda 7.5. Gert er ráð fyrir skólasókn í kauptúninu fyrstu sjö skólaárin, en síðan sæki nemendur Héraðsskólann á Núpi.

4706 Suðureyrarhreppur:
Íbúafjöldi 519. Meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda 12.2. Gert er ráð fyrir skólasókn í kauptúninu fyrstu sjö skólaárin, en síðan sæki nemendur Héraðsskólann á Núpi.

Skólar:

Þingeyri:
1.—4. námsár, nemendur um 43
5.—7. námsár, nemendur um 45

Samtals um 88

Litla heimavist þyrfti að reka í þorpinu vegna nemenda úr Auðkúluhreppi og Mýrahreppi.

Núpur:
1.—4. námsár, nemendur um 15
8.—9. námsár, nemendur um 73

Samtals um 88

Auk þessara nemenda gætu 40—50 nemendur búsettir utan svæðisins sótt Héraðsskólann.

Flateyri:
1.—4. námsár, nemendur um 37
5.—7. námsár, nemendur um 28

Samtals um 65

E. t. v. þarf litla heimavist í kauptúninu fyrir hluta af nemendum úr Mosvallahreppi.

Suðureyri:
1.—4. námsár, nemendur um 49
5.—7. námsár, nemendur um 36

Samtals um 85

Skólasvæði 9.

Á þessu svæði er einungis Bolungarvík. Íbúafjöldi er 1001 og meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda 24.3. Þrátt fyrir, að sá fjöldi nái ekki æskilegu lágmarki sem sett hefur verið fyrir 8. og 9. bekk grunnskóla, er hann þó svo mikill, að hentugra er að halda uppi slíkri kennslu á staðnum en að senda nemendur annað.

Skóli:

Bolungarvík:
1.—4. námsár, nemendur um 97
5.—7. námsár, nemendur um 73
8.—9. námsár, nemendur um 49

Samtals um 219

Skólasvæði 10.

Svæði þetta nær yfir Ísafjarðarkaupstað og Súðavíkurhrepp. Íbúar eru 3320 og nemendur í aldursárgangi að jafnaði 67,4. Miðað er við, að auk skóla fyrir 1.—9. námsár á Ísafirði, verði skóli fyrir 1.—4. námsár í Hnífsdal og í Súðavík.

Sveitarfélög:

4000 Ísafjarðarkaupstaður:
Íbúafjöldi 3061. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 62,2. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Ísafirði, nema hvað nemendur, sem eiga heima í Hnífsdal, sæki þar skóla fyrstu 4 námsárin.

4803 Súðavíkurhreppur:
Íbúafjöldi 259, þar af 213 í kauptúninu. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í Súðavík fyrstu fjögur námsárin, en síðan á Ísafirði. Er þá miðað við, að daglegur flutningur nemenda sé framkvæmanlegur, ella verður að gera ráð fyrir lengri skólavist þar.

Skólar.

Ísafjörður:
1.—4. námsár, nemendur um 222
5.—7. námsár, nemendur um 202
8.—9. námsár, nemendur um 135

Samtals um 559

Hnífsdalur:
1.—4. námsár, nemendur um 27

Súðavík:
1.—4. námsár, nemendur um 20

Skólasvæði 11.

Á skólasvæði 11, sem nær yfir Ögurhrepp, Reykjarfjarðarhrepp, Nauteyrarhrepp og Snæfjallahrepp, eru íbúar 312 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 6.1. Þrátt fyrir fæð íbúa og barna í þessum sveitarfélögum, er litið á þau sem sérstakt skólasvæði, þar sem lega þeirra takmarkar svo mjög samskiptin við önnur sveitarfélög. Eins er og, að í Reykjanesi eru þegar fyrir hendi skólamannvirki, sem nýta þarf. Verður það ekki gert, nema með verulegum fjölda aðkomunemenda. Er hér miðað við, að skólinn í Reykjanesi taki alla nemendur af svæðinu, nema þá yngstu, sem ekki geta verið í heimavist. Heimanám þeirra yrði þá undir leiðsögn og eftirliti skólans. Kort 10, 11, 12, 20, 21 og 22.

Sveitarfélög:

4804 Ögurhreppur:
Íbúafjöldi 69. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.4. Nemendur sæki skóla að Reykjanesi.

4805 Reykjarfjarðarhreppur:
Íbúafjöldi 123. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.6. Nemendur sæki skóla að Reykjanesi.

4806 Nauteyrarhreppur:
Íbúafjöldi 81. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.6. Nemendur sæki skóla að Reykjanesi.

4807 Snæfjallahreppur:
Íbúafjöldi 39. Meðalfjöldi í aldursárgangi 0.5. Nemendur sæki skóla að Reykjanesi.

Skólar.

Reykjanes:
1.—4. námsár, nemendur um 17
5.—7. námsár, nemendur um 18
8.—9. námsár, nemendur um 12

Samtals um 47

Auk þess er gert ráð fyrir, að efstu bekki skólans sæki nemendur utan svæðisins og að skólinn hafi umsjón með heimanámi um 8 barna 7 og 8 ára.

Skólasvæði 12.

Á skólasvæði þessu, sem nær yfir Strandasýslu, eru íbúar 1198 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 23.1. Þar af búa 330 í Hólmavíkurhreppi og meðalfjöldi í aldursárgangi þar er 6.6.

Á svæði þessu eru nú barna- og unglingaskólar á Finnbogastöðum í Árneshreppi, á tveim stöðum í Kaldrananeshreppi, þ. e. á Drangsnesi og á Klúku, á Hólmavík og á Borðeyri. Farskóli hefur verið í Fells- og Óspakseyrarhreppum.

Þó þetta svæði sé hér talið sem sérstakt skólasvæði, er ekki gert ráð fyrir síðustu tveim bekkjum grunnskóla þar, heldur verði þeir sameiginlegir fyrir þetta svæði og skólasvæði 13 í Reykjaskóla í Hrútafirði.

Þessi tvö svæði með samtals um 2600 íbúa og um 50 nemendur í aldursárgangi, eru hvað fjölda snertir heppileg stærð fyrir 8. og 9. námsár, en hvort um sig eru þau of litlar einingar. Varðandi skólasvæði 12, verður að gæta þess, að Bæjarhreppur á legu sinnar vegna fremur samleið með hreppunum austan Hrútafjarðar og að úr Árneshreppi er ekki hægara með skólasókn til Hólmavíkur en annarra staða. Að frátöldum þessum tveim sveitarfélögum er meðalfjöldi barna í árgangi á svæðinu 14.9.

Gert er ráð fyrir, að skólar á svæðinu verði á Hólmavík fyrir 1.—7. námsár og á Finnbogastöðum, Klúku, Drangsnesi og Borðeyri fyrir 1.—4. námsár.

Skólasókn úr einstökum sveitarfélögum er fyrirhuguð sem hér segir: 22, 31, 32, 33 og 34. Sjá athugasemd á bls. 139.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Árneshreppur	Finnbogastaðir	Hólmavík	Reykir
Kaldrananeshreppur	Klúka	Hólmavík	Reykir
Kaldrananeshreppur	Drangsnes	Hólmavík	Reykir
Hrófbergshreppur	Hólmavík	Hólmavík	Reykir
Hólmavíkurhreppur	Hólmavík	Hólmavík	Reykir
Kirkjubólshreppur	Hólmavík	Hólmavík	Reykir
Fellshreppur	Klúka	Hólmavík	Reykir
Óspakseyrarhreppur	Klúka	Hólmavík	Reykir
Bæjarhreppur	Borðeyri	Laugarbakki	Reykir

Sveitarfélög:

4901 Árneshreppur:
Íbúafjöldi 188. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3.0. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Finnbogastöðum fyrstu fjögur námsárin, að Hólmavík á 5.—7. námsári og að Reykjum á 8. og 9. námsári. Vegna legu og erfiðra samgangna kann þó að reynast nauðsynlegt, að hafa skóla á Finnbogastöðum fyrir fleiri árganga en hér er gert ráð fyrir, og aðild hreppsins að skólanum á Hólmavík og á Reykjum af sömu ástæðum vafasöm.

4902 Kaldrananeshreppur:
Íbúafjöldi 180, þar af 84 í kauptúninu á Drangsnesi. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.4. Í hreppunum starfa nú tveir skólar fyrir börn og unglinga. Eru mjög fáir nemendur í þeim báðum. Er hér gert ráð fyrir, að báðir skólarnir starfi áfram, og sæki þá nemendur á 1.—4 námsári, þannig að skólann á Drangsnesi sæki nemendur úr kauptúninu og nemendur af þeim bæjum sem nærri liggja og unnt er að aka daglega til skólans. Aðrir nemendur á þessum aldri sæki skólann að Klúku. Nemendur á 5.—7. námsári sæki skóla að Hólmavík og eldri nemendur að Reykjum.

4903 Hrófbergshreppur:
Íbúafjöldi 47. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 0.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla til Hólmavíkur fyrstu 7 námsárin, en síðan að Reykjum.

4904 Hólmavíkurhreppur:
Íbúafjöldi 330. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 6.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í kauptúninu fyrstu 7 námsárin, en síðan að Reykjum.

4905 Kirkjubólshreppur:
Íbúafjöldi 86. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla til Hólmavíkur fyrstu 7 námsárin, en síðan að Reykjum.

4906 Fellshreppur:
Íbúafjöldi 75. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur úr hreppnum sæki skóla að Klúku í Bjarnarfirði fyrstu 4 námsárin, eða verði í heimanámi í tengslum við þann skóla. Er þessi tilhögun m. a. með tilliti til þess, að húsnæði er fyrir hendi á Klúku, sem ekki nýtist að fullu að öðrum kosti. Hins vegar eru annmarkar á þessu fyrirkomulagi vegna fjarlægðar og samgangna. Annar möguleiki fyrir nemendur á þessu aldursskeiði væri að sækja skóla til Hólmavíkur eða Borðeyrar, með dvöl í heimavist þar. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 5.—7. námsári sæki skóla til Hólmavíkur, en á sama hátt og fyrir yngri nemendur kæmi Borðeyri einnig til greina, og nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla að Reykjum. Sjá athugasemd á bls. 139.

4907 Óspakseyrarhreppur:
Íbúafjöldi 63. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.9. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi skólasóknar og í Fellshreppi.

4908 Bæjarhreppur:
Íbúafjöldi 229, þar af 44 í kauptúninu á Borðeyri. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Borðeyri fyrstu 4 námsárin, að Laugarbakka í Miðfirði á 5.—7. námsári og síðan að Reykjum. Til greina kemur og, að skólinn á Borðeyri verði fyrir fleiri árganga einkum ef til kæmi að þangað sæki nemendur úr Fells- og Óspakseyrarhreppum.

Skólar.

Finnbogastaðir:
1.—4. námsár, nemendur um 11

Klúka:
1.—4. námsár, nemendur um 8

Drangsnes:
1.—4. námsár, nemendur um 8

Hólmavík:
1.—4. námsár, nemendur um 36
5.—7. námsár, nemendur um 54
Samtals um 90

Borðeyri:
1.—4. námsár, nemendur um 21

Á Laugarbakka í Miðfirði er gert ráð fyrir 16 nemendum af þessu svæði á 5.—7. námsári og 46 nemendum á 8. og 9. námsári á Reykjum í Hrútafirði. Þá er gert ráð fyrir um 8 nemendum í heimanámi.

Skólasvæði 13.

Á svæði þessu, sem nær yfir V.-Húnavatnssýslu eru íbúar 1413 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 26.7. Eins og fram kom varðandi skólasvæði 12 er gert ráð fyrir, að nemendur á 8. og 9. námsári af báðum þessum svæðum verði í Reykjaskóla í Hrútafirði. Auk hans er gert ráð fyrir skólum fyrir nemendur á 1.—7. námsári

á Hvammstanga og á Laugarbakka í Miðfirði og fyrir nemendur á 1.—4. námsári á Reykjum og á Þorfinnsstöðum. Skólasókn úr einstökum sveitarfélögum er fyrirhuguð sem hér segir:

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Staðarhreppur	Reykir	Laugarbakki	Reykir
Fremri-Torfustaðahr.	Laugarbakki	Laugarbakki	Reykir
Ytri-Torfustaðahr.	Laugarbakki	Laugarbakki	Reykir
Hvammstangahr.	Hvammstangi	Hvammstangi	Reykir
Kirkjuhvammshreppur	Laugarbakki	Laugarbakki	Reykir
Kirkjuhvammshreppur	Hvammstangi	Hvammstangi	Reykir
Þverárhreppur	Þorfinnsstaðir	Laugarbakki	Reykir
Þorkelshólshreppur	Laugarbakki	Laugarbakki	Reykir

Sveitarfélög:

5501 Staðarhreppur:
Íbúafjöldi 145. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Reykjum fyrstu fjögur námsárin, að Laugarbakka á 5.—7. námsári og síðan að Reykjum. Hefur þegar náðst samkomulag við sveitarfélagið um þetta skipulag og samið við það um byggingu skóla á Reykjum, svo og aðild þeirra að Laugarbakkaskóla.

5502 Fremri-Torfustaðahreppur:
Íbúafjöldi 108. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Laugarbakka fyrstu sjö námsárin, en síðan sæki þeir Reykjaskóla.

5503 Ytri-Torfustaðahreppur:
Íbúafjöldi 251. Meðalfjöldi í aldursárgangi 4.4. Gert er ráð fyrir að skólasókn verði með sama hætti og úr Fremri-Torfustaðahreppi.

5504 Hvammstangahreppur:
Íbúafjöldi 373. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í kauptúninu fyrstu sjö námsárin, en sæki síðan skóla á Reykjum á 8. og 9. námsári.

5505 Kirkjuhvammshreppur:
Íbúafjöldi 165. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.4. Gert er ráð fyrir, að á 1.—7. námsári sæki nemendur skóla á Hvammstanga af því svæði norðan kauptúnsins, þaðan sem unnt er að koma við daglegum akstri, og sömuleiðis af nokkrum næstu bæjum sunnanvert við kauptúnið. Aðrir nemendur á þessum aldri sæki skóla að Laugarbakka. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla að Reykjum.

5506 Þverárhreppur:
Íbúafjöldi 164. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.0. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Þorfinnsstöðum fyrstu 4 námsárin, að Laugarbakka á 5.—7. námsári og að Reykjum á 8. og 9. námsári.

5507 Þorkelshólshreppur:
Íbúafjöldi 207. Meðalfjöldi í aldursárgangi 4.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla að Laugarbakka, en nemendur á 8. og 9. námsári að Reykjum. Þó er gert ráð fyrir, að nemendur af nokkrum bæjum sæki skóla að Flóðvangi á skólasvæði 14 á 1.—4. námsári. Einnig kann, með bættum samgöngum, að koma til álita, að nemendur af þessu svæði sæki skóla að Þorfinnsstöðum, svo og að hafa skóla fyrir 1.—4. námsár eða útibú fyrir færri árganga í Víðihlíð.

Skólar.

Reykir í Hrútafirði:
1.—4. námsár, nemendur um 13
8.—9. námsár, nemendur um 99

Samtals um 112

Meðtaldir eru 46 nemendur á 8. og 9. námsári af skólasvæði 12.

Laugarbakki:
1.—4. námsár, nemendur um 42
5.—7. námsár, nemendur um 70

Samtals um 112

Meðtaldir eru 16 nemendur á 5.—7. námsári úr Bæjarhreppi á skólasvæði 12.

Hvammstangi:
1.—4. námsár, nemendur um 35
5.—7. námsár, nemendur um 26

Samtals um 61

Þorfinnsstaðir:
1.—4. námsár, nemendur um 11.

Skólasvæði 14.

Á skólasvæðinu eru íbúar 2357 og að jafnaði um 48 börn og unglingar í hverjum aldursárgangi. Röskur helmingur þessa fjölda er búsettur í kauptúnunum tveimur, Blönduósi og Höfðakaupstað.

Skólastaðir í A.-Húnavatnssýslu eru nú Blönduós, Skagaströnd og Húnavellir. Farkennsla er í Skagahreppi og Vindhælishreppi.

Af nemendafjöldanum er ljóst, að ekki verður unnt að halda uppi kennslu fyrir 8. og 9. námsár nema á einum stað í sýslunni, ef uppfylla á þær kröfur, sem hér að framan eru gerðar. Vegna stærðar og legu, kemur vart annar staður en Blönduós til greina. Þar er búsettur um þriðjungur barnanna eða um 15 í hverjum aldursárgangi, og þangað er um og innan við 20 km akstur úr öðrum sveitarfélögum með um 25 börn í hverjum aldursárgangi. Sé unnt að halda uppi daglegum akstri til Blönduóss af þessu svæði, eins og hér er gert ráð fyrir, næst á þann hátt til meira en þriggja fjórðu hluta nemenda á 8. og 9. námsári, án þess að til þurfi að koma dvöl í heimavist.

Nemendafjöldinn gefur að vísu sjálfur ekki tilefni til nema tveggja skóla fyrir 5.—7. námsár. En með tilliti til allra staðhátta og þeirra skólamannvirkja, sem fyrir hendi eru þegar, verður gert ráð fyrir þeirri kennslu á þrem stöðum, þ. e. á Blönduósi, á Húnavöllum og á Skagaströnd.

Þessir skólastaðir nægja þó ekki til þess, að unnt sé að tryggja yngstu börnunum skólagöngu án dvalar í heimavist. Einkum eru það tvö svæði, sem þarf að athuga í því sambandi. Annars vegar er það Blöndudalur, Svartárdalur og innsti hluti Langadals, og hins vegar Áshreppur. Á fyrrnefnda svæðinu má gera ráð fyrir að jafnaði um 4 börnum í hverjum aldursárgangi. Hér verður gert ráð fyrir því, að komið verði á fót útibúi frá Húnavallaskóla, og fari sú starfsemi fram í Húnaveri. Þann skóla sæki nemendur af þessu svæði fyrstu 4 námsárin. Í Áshreppi eru nemendur nokkuð færri, eða um 3 í hverjum aldursárgangi. En með því að hafa skóla að Flóðvangi næst allvel til nemenda úr Áshreppi og Sveinsstaðahreppi og er gert ráð fyrir, að hann sæki nemendur á 1.—4. námsári af þessu svæði, svo og frá nokkrum bæjum í Þorkelshólshreppi. Í einstökum atriðum er gert ráð fyrir, að skólasókn af svæðinu verði háttað svo sem hér greinir:

Sveitarfélag	SKÓLI 1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Áshreppur	Flóðvangur	Húnavellir	Blönduós
Sveinsstaðahreppur	Flóðvangur	Húnavellir	Blönduós
Sveinsstaðahreppur	Húnavellir	Húnavellir	Blönduós
Torfalækjarhreppur	Húnavellir	Húnavellir	Blönduós
Torfalækjarhreppur	Blönduós	Blönduós	Blönduós
Blönduóshreppur	Blönduós	Blönduós	Blönduós
Svínavatnshreppur	Húnaver	Húnavellir	Blönduós
Svínavatnshreppur	Húnavellir	Húnavellir	Blönduós
Bólstaðarhlíðarhreppur	Húnaver	Húnavellir	Blönduós
Bólstaðarhlíðarhreppur	Blönduós	Blönduós	Blönduós
Engihlíðarhreppur	Blönduós	Blönduós	Blönduós
Vindhælishreppur	Skagaströnd	Skagaströnd	Blönduós
Höfðahreppur	Skagaströnd	Skagaströnd	Blönduós
Skagahreppur	Skagaströnd	Skagaströnd	Blönduós
Skagahreppur	Húnavellir	Húnavellir	Blönduós

Sveitarfélög:

5601 Áshreppur:
Íbúafjöldi 156. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.9. Hér er gert ráð fyrir að nemendur sæki skóla að Flóðvangi fjögur fyrstu námsárin, en börn á 5.—7. námsári verði í skóla á Húnavöllum. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í skóla á Blönduósi.

5602 Sveinsstaðahreppur:
Íbúafjöldi 125. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.0. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Flóðvangi, nema af nokkrum bæjum er sæki ásamt nemendum á 5.—7. námsári til Húnavalla. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla á Blönduósi.

5603 Torfalækjarhreppur:
Íbúafjöldi 157. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.1. Hér er gert ráð fyrir, að nemendur af bæjum næst Blönduósi sæki skóla þar, en aðrir sæki skóla að Húnavöllum á 1.—7. námsári, en allir nemendur á 8. og 9. námsári sæki til Blönduóss.

5604 Blönduós:
Íbúafjöldi 728. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 15.1. Gert er ráð fyrir skóla-skóla að Blönduósi öll árin.

5605 Svínavatnshreppur:
Íbúafjöldi 160. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Húnavöllum fyrstu 7 námsárin, nema nemendur úr Blöndudal, þeim verði ekið að Húnaveri fyrstu 4 námsárin, en sæki skóla á Húnavöllum á 5.—7. námsári. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skólann á Blönduósi.

5606 Bólstaðarhlíðarhreppur:
Íbúafjöldi 189. Meðalfjöldi í aldursárgangi 4.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári verði í skóla á Húnavöllum. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla á Blönduósi. Þó er miðað við að af nokkrum bæjum sæki nemendur skóla að Blönduósi öll árin.

5607 Engihlíðarhreppur:
Íbúafjöldi 120. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.2. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið daglega til Blönduóss, en slíkur akstur virðist mjög vel framkvæmanlegur, nema ef til vill úr Laxárdal vegna snjóþyngsla á vetrum, en nemendur þaðan yrðu þá í heimavist á Húnavöllum.

5608 Vindhælishreppur:
Íbúafjöldi 79. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.2. Flestöll býli í hreppnum eru meðfram veginum milli Blönduóss og Skagastrandar og er hér gert ráð fyrir, að þeim verði ekið á annan hvorn staðinn, þeim yngri til Skagastrandar, en hinum eldri, þ. e. á 8. og 9. námsári, til Blönduóss, svo og öðrum sem betur liggja við akstri þangað.

5609 Höfðahreppur:
Íbúafjöldi 543. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 11.8. Vegalengd til Blönduóss er um 23 km og er gert ráð fyrir, að nemendum á 8. og 9. námsári verði ekið þangað, en nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla á Skagaströnd.

5610 Skagahreppur:
Íbúafjöldi 100. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.0. Hér er gert ráð fyrir, að nemendum á 1.—7. námsári verði ekið til Skagastrandar svo sem unnt reynist. Önnur börn á þeim aldri yrðu í heimavist á Húnavöllum nema 7 og 8 ára börn, sem yrðu þá í heimanámi undir eftirliti skólans á Skagaströnd, sem er næsti skóli, eða skólans á Húnavöllum, þ. e. þess skóla, sem þau síðar færu í. Nemendur á 8. og 9. námsári myndu sækja skóla á Blönduósi.

Skólar:

Húnavellir:
1.—4. námsár, nemendur um 21
5.—7. námsár, nemendur um 42
Samtals um 63

Þar sem heimavistarrými skólans á Húnavöllum er mun meira en þörf er á með þessu fyrirkomulagi, er hugsanlegt að þar búi þeir nemendur á 8. og 9. námsári, sem ekki geta sótt skóla á Blönduósi með daglegum akstri frá heimilum sínum, og yrði þeim þá ekið daglega þaðan til Blönduóss.

Blönduós:
1.—4. námsár, nemendur um 78
5.—7. námsár, nemendur um 59
8.—9. námsár, nemendur um 96
Samtals um 233

Skagaströnd:
1.—4. námsár, nemendur um 57
5.—7. námsár, nemendur um 43
Samtals um 100

Húnaver:
1.—4. námsár, nemendur um 16

Skólasvæði 15.

Á skólasvæði þessu, sem nær yfir Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrók, eru íbúar 4067 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 86. Af þessum íbúafjölda eru 1669 búsettir á Sauðárkróki og meðalfjöldi barna í aldursárgangi þar er 33.6. Utan Sauðárkróks er þéttbýli á Hofsósi með 272 íbúa og vísir að slíku í Seyluhreppi, þar sem 61 íbúi er búsettur í þéttbýlinu við Varmahlíð.

Á árinu 1971 lagði menntamálaráðuneytið fram tillögur um skólaskipan á þessu svæði og náðist fljótlega samstaða sveitarfélaganna um meginatriði þeirra tillagna og er nú unnið að uppbyggingu skóla í Skagafirði á þeim grundvelli.

Það skipulag, sem hér er lagt fram, er í stórum dráttum hið sama og nú er unnið eftir, en víkur í fáum atriðum frá því. Er þar um að ræða atriði, sem ekki hefur

endanlega verið gengið frá, eða e. t. v. gætu verið á betri veg, þó þau skipti ekki verulegu máli þegar á heildina er litið.

Á svæðinu er gert ráð fyrir að skólar fyrir 1.—9. námsár verði á Sauðárkróki og í Varmahlíð, skóli fyrir 1.—7. námsár verði á Hofsósi og skólar fyrir 1.—4. námsár á Steinsstöðum, Stóru-Ökrum, Hólum og Sólgörðum.

Í einstökum atriðum er gert ráð fyrir að skólasókn verði sem hér greinir:

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Sauðárkrókur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur
Skefilstaðahreppur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur
Skarðshreppur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur
Staðarhreppur	Varmahlíð	Varmahlíð	Varmahlíð
Seyluhreppur	Varmahlíð	Varmahlíð	Varmahlíð
Lýtingsstaðahreppur	Steinsstaðir	Varmahlíð	Varmahlíð
Akrahreppur	Stóru-Akrar	Varmahlíð	Varmahlíð
Ripurhreppur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur	Sauðárkrókur
Viðvíkurhreppur	Hólar	Hofsós	Varmahlíð
Hólahreppur	Hólar	Hofsós	Varmahlíð
Hofshreppur	Hofsós	Hofsós	Varmahlíð
Hofsóshreppur	Hofsós	Hofsós	Varmahlíð
Fellshreppur	Hofsós	Hofsós	Varmahlíð
Haganeshreppur	Sólgarðar	Varmahlíð	Varmahlíð
Holtshreppur	Sólgarðar	Varmahlíð	Varmahlíð

Nokkur frávik frá þessari tilhögun eru hugsanleg og verður getið um þau þegar fjallað verður um einstök sveitarfélög og skóla.

Sveitarfélög:

5700 Sauðárkrókur:
Íbúafjöldi 1669. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 33.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í kaupstaðnum.

5701 Skefilstaðahreppur:
Íbúafjöldi 67. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.3. Gert er ráð fyrir, að skólasókn verði til Sauðárkróks og þarf heimavist fyrir nemendur, svo og skipulegt heimanám fyrir hina yngstu.

5702 Skarðshreppur:
Íbúafjöldi 110. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Sauðárkróki, enda er akstur þangað stuttur. Þó kann að vera, að akstur sé erfiður frá nokkrum bæjum. Nemendur þaðan gætu verið í heimavist á Sauðárkróki eða í Varmahlíð.

5703 Staðarhreppur:
Íbúafjöldi 150. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2.9. Skólasókn er framkvæmanleg með daglegum akstri, hvort heldur er til Sauðárkróks eða Varmahlíðar. Er hér gert ráð fyrir síðarnefnda staðnum. Einnig er hugsanlegt að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Steinsstöðum ásamt nemendum á sama aldri úr Seyluhreppi og Lýtingsstaðahreppi. Einkum kemur þessi möguleiki til greina þegar lokið er vegagerð um Sæmundarhlíð á Norðurlandsveg.

5704 Seyluhreppur:
Íbúafjöldi 243. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.5. Gert er ráð fyrir, að skólasókn verði að Varmahlíð. Einnig er hugsanlegt að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Steinsstöðum.

5705 Lýtingsstaðahreppur:
Íbúafjöldi 326. Meðalfjöldi í aldursárgangi 5.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Steinsstöðum, en eldri nemendur til Varmahlíðar.

5706 **Akrahreppur:**
Íbúafjöldi 346. Meðalfjöldi í aldursárgangi 6.9. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Stóru-Ökrum, en eldri nemendum verði ekið að Varmahlíð. Einnig er hugsanlegt, að allir nemendur sæki skóla að Varmahlíð.

5707 **Rípurhreppur:**
Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Sauðárkróki.

5708 **Viðvíkurhreppur:**
Íbúafjöldi 102. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur syðst úr hreppnum sæki skóla að Stóru-Ökrum fyrstu 4 námsárin, en síðan að Varmahlíð. Aðrir nemendur sæki til Sauðárkróks nema af nokkrum bæjum er verði með skólasókn að Hólum á 1.—4. námsári, að Hofsósi á 5.—7. námsári og síðan að Varmahlíð. Einnig er mögulegt, að í stað skólasóknar að Sauðárkróki, sæki þeir nemendur, sem það er ætlað, skóla að Hólum fyrstu fjögur námsárin og síðan að Hofsósi og Hólum, sbr. framangreint, og hefur verið horfið að því ráði.

5709 **Hólahreppur:**
Íbúafjöldi 165. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Hólum, nema nemendur af nokkrum bæjum nyrst í hreppnum, er sæki skóla að Hofsósi ásamt nemendum á 5.—7. námsári, sem gert er ráð fyrir að þangað sæki. Þó kann vegalengd innst úr Hjaltadal að Hofsósi að vera nokkuð löng. Nemendur af þeim bæjum færu þá til Varmahlíðar við upphaf 5. námsárs og yrðu þar ásamt öllum nemendum á 8. og 9. námsári.

5710 **Hofshreppur:**
Íbúafjöldi 224. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.7. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Hofsósi fyrstu 7 námsárin, en síðan að Varmahlíð á 8. og 9. námsári.

5711 **Hofsóshreppur:**
Íbúafjöldi 272. Meðalfjöldi í aldursárgangi 5.9. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Hofsósi fyrstu 7 námsárin, en síðan að Varmahlíð á 8. og 9. námsári.

5712 **Fellshreppur:**
Íbúafjöldi 42. Meðalfjöldi í aldursárgangi 0.7. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Hofsósi fyrstu 7 námsárin, en síðan að Varmahlíð.

5713 **Haganeshreppur:**
Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Sólgörðum fyrstu 4 námsárin, en síðan að Varmahlíð. Einnig kemur til greina að nemendur sæki skóla að Sólgörðum tveim árum lengur en hér er gert ráð fyrir.

5714 **Holtshreppur:**
Íbúafjöldi 119. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2.5. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi og í Haganeshreppi.

Skólar:

Sauðárkrókur:
1.—4. námsár, nemendur um 168
5.—7. námsár, nemendur um 128
8.—9. námsár, nemendur um 85

Samtals um 381

Varmahlíð:
1.—4. námsár, nemendur um 32
5.—7. námsár, nemendur um 80
8.—9. námsár, nemendur um 87

Samtals um 199

Eins og fram hefur komið, kemur einnig til greina að engir nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla í Varmahlíð og yrði fjöldi nemenda þá annar.

Steinsstaðir:
1.—4. námsár, nemendur um 22

Eins og fram hefur komið, kemur einnig til álita að nemendur á 1.—4. námsári úr Seyluhreppi og Staðarhreppi sæki þennan skóla, og yrðu nemendur þá um 54.

Stóru-Akrar:
1.—4. námsár, nemendur um 28

Hólar:
1.—4. námsár, nemendur um 17

Eins og fram hefur komið, hefur verið horfið að því, að nemendur úr stærri hluta Viðvíkurhrepps sæki þennan skóla og verður nemendafjöldinn því 25—30.

Hofsós:
1.—4. námsár, nemendur um 52
5.—7. námsár, nemendur um 50

Samtals um 102

Sólgarðar:
1.—4. námsár, nemendur um 21

Hugsanlegt er, að skóli þessi hafi nemendur á 5. og 6. námsári og yrðu þeir um 10 talsins.

Skólasvæði 16.

Á skólasvæði þessu er einungis Siglufjarðarkaupstaður. Íbúafjöldi þar er 2050 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 37.8. Fjöldi nemenda á grunnskólastigi er áætlaður sem hér segir:

1.—4. námsár, nemendur um 151
5.—7. námsár, nemendur um 113
8.—9. námsár, nemendur um 76

Samtals um 340

Skólasvæði 17

Á skólasvæði þessu er Ólafsfjörður, en einnig er Grímsey talin með því. Er það gert með tilliti til fjarlægðar, sem þó skiptir ekki verulegu máli fyrir samgöngur þangað. Skólasókn eldri nemenda úr Grímsey gæti allt eins beinst að öðrum skólum sem hafa heimavistir. Auk Ólafsfjarðar, en þar er lítil heimavist, koma til álita Varmahlíð, Sauðárkrókur, Dalvík, Hrafnagil og e. t. v. fleiri.

Á skólasvæðinu eru 1167 íbúar og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 28.7.

Sveitarfélög:

6200 Ólafsfjörður:

Íbúafjöldi 1086. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 26.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í kaupstaðnum.

6501 Grímseyjarhreppur:
Íbúafjöldi 81. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í Grímsey fyrstu 4 námsárin, en síðan á Ólafsfirði. Eins og fram hefur komið, kemur skólasókn á aðra staði allt að einu til álita. Af sömu ástæðum, þ. e. vegna samgönguaðstæðna, kemur sterklega til greina að nemendur verði 2 árum lengur í Grímsey en að framan greinir.

Skólar:

Ólafsfjörður:
1.—4. námsár, nemendur um 106
5.—7. námsár, nemendur um 86
8.—9. námsár, nemendur um 57

Samtals um 249

Grímsey:
1.—4. námsár, nemendur um 9.

Skólasvæði 18.

Á skólasvæði þessu, sem nær yfir Svarfaðardalshrepp, Dalvík, Árskógshrepp og Hrísey eru íbúar 2028 og að jafnaði um 45 börn og unglingar í hverjum aldursárgangi. Rúmur helmingur þessa fjölda er á Dalvík eða um 1100 íbúar og um 24 börn í aldursárgangi. Skólahaldi nú er svo háttað, að barna- og unglingaskólar eru í öllum hreppunum og barna- og gagnfræðaskóli á Dalvík. Er þar og í byggingu heimavist ætluð nemendum úr framangreindum þrem hreppum.

Hér er ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á fyrirkomulagi skólasóknar og miðað við að skóli fyrir 1.—9. námsár verði á Dalvík, skólar fyrir 1.—7. námsár í Hrísey og Árskógshreppi og skóli fyrir 1.—4. námsár í Svarfaðardal eða í einstökum atriðum sem hér segir.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Svarfaðardalshr.	Húsabakki	Dalvík	Dalvík
Dalvík	Dalvík	Dalvík	Dalvík
Árskógshreppur	Árskógur	Árskógur	Dalvík
Hrísey	Hrísey	Hrísey	Dalvík

Sveitarfélög:

6502 Svarfaðardalshreppur:
Íbúafjöldi 317, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.9. Hér er gert ráð fyrir að nemendur sæki skóla að Húsabakka fyrstu fjögur námsárin en síðan til Dalvíkur. Er þá miðað við, að daglegur akstur sé framkvæmanlegur. Vegalengdir eru ekki miklar, en sveðið hins vegar snjóþungt. Með tilliti til þess kemur því til greina, að skólinn á Húsabakka taki einnig nemendur á 5. og 6. námsári, einkum ef þess er gætt, að lægð er í barnafjölda í hreppum og líklegt að þeim fjölgi nokkuð.

6503 Dalvík:
Íbúafjöldi 1093, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 24.4. Miðað er við skólagöngu í kaupstaðnum öll 9 námsárin.

6504 Hrísey:
Íbúafjöldi 288, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.3. Gert er ráð fyrir að skóli í Hrísey taki nemendur fyrstu 7 námsárin, en þeir sæki skóla á Dalvík á 8. og 9. námsári.

6505 Árskógshreppur:
Íbúafjöldi 330, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.6. Gert er ráð fyrir skólasókn innan hreppsins fyrstu 7 námsárin, en til Dalvíkur á 8. og 9. námsári.

Skólar:

Húsabakki.

1.—4. námsár, nemendur um 20

Með 5. og 6. námsári yrðu nemendur um 30. Í báðum tilvikum kynnu nemendur að verða nokkuð fleiri en hér greinir, vegna þess að árgangar eru óeðlilega smáir nú sem stendur.

Dalvík.

1.—4. námsár,	nemendur um	98
5.—7. námsár,	nemendur um	88
8.—9. námsár,	nemendur um	90
	Samtals um	276

Hrísey.

1.—4. námsár,	nemendur um	29
5.—7. námsár,	nemendur um	22
	Samtals um	51

Árskógur.

1.—4. námsár,	nemendur um	34
5.—7. námsár,	nemendur um	26
	Samtals um	60

Skólasvæði 19.

Skólasvæði þetta nær yfir Eyjafjarðarsýslu frá Arnarneshreppi að Öngulsstaðahreppi, svo og Svalbarðsstrandahrepp og Grýtubakkahrepp. Íbúar eru 2301 og að jafnaði um 50 börn og unglingar í aldursárgangi. Skólar á svæðinu eru nú á Hjalteyri barnaskóli, á Laugalandi á Þelamörk barna- og unglingaskóli, á Hrafnagili barnaskóli og gagnfræðaskóli, í Saurbæjarhreppi barnaskóli, á Laugalandi í Öngulstaðahreppi barnaskóli, á Svalbarðseyri barnaskóli og á Grenivík barnaskóli.

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á fyrirkomulagi skólasóknar. Er miðað við það, að nemendur á 8. og 9. námsári sæki allir skóla að Hrafnagili nema þeir sem hægt eiga með skólasókn til Akureyrar. Þá er gert ráð fyrir skólum fyrir 1.—7. námsár á Laugalandi á Þelamörk og á Grenivík, auk skólans á Hrafnagili, sem einnig hefði nemendur á þessum aldri. Á Hjalteyri, í Saurbæjarhreppi og á Svalbarðseyri er gert ráð fyrir skólum með 1.—4. námsári.

Í sveitarfélögum utan Akureyrar, sem nú standa saman að Þelamerkurskóla, er meðalfjöldi barna um 16. Er það of lítill fjöldi til að ástæða sé til að hafa þar kennslu fyrir nemendur á 8. og 9. námsári, einkum þegar haft er í huga að verulegur hluti þessara nemenda á stutta skólasókn til Akureyrar, og fyrir þá sem heimavist þurfa á annað borð, ætti ekki að skipta verulegu máli hvað fjarlægð snertir þó þeir sæki skóla að Hrafnagili. Hins vegar fæst með því fyrirkomulagi, sem tillagan miðast við, á Hrafnagili, skóli sem fullnægir æskilegum kröfum um stærð, deildarskiptingu og kennarafjölda.

Á Hrafnagili er að öðru leyti gert ráð fyrir þeim breytingum að þangað sæki auk nemenda á 8. og 9. námsári af öllu skólasvæðinu, allir nemendur á 5.—7. námsári úr Saurbæjarhreppi og Svalbarðsstrandarhreppi og nemendur á 1.—7. námsári úr Hrafnagilshreppi og Öngulsstaðahreppi. Til þess að gera þessa breytingu raunhæfa, þarf að brúa Eyjafjarðará milli Hrafnagils og Laugalands eins og um hefur verið rætt á öðrum vettvangi. Með því verður örstutt milli þessara staða og ætti daglegur akstur á einn skólastað að verða auðveldari en hann er nú í þessum sveitarfélögum.

Ekki er hér að sinni tekin til þess afstaða, hvort á Hrafnagili skuli vera ein skólastofnun fyrir alla árgangana eða tvær, ein fyrir eldri árganga og önnur fyrir

hina yngri. Margt mælir þó með einni stofnun. M. a. ættu þannig að sparast verulegir fjármunir vegna betri nýtingar á húsnæði og kennslukröftum. Þá hefur og verið hreyft þeirri hugmynd, að skóli yngri árganga verði á Laugalandi, sem komið gæti til álita með tilliti til að nýta þannig skólabyggingar þar.

Grýtubakkahreppur er nú aðili að Stórutjarnaskóla. Er hér gert ráð fyrir að þeirri samvinnu verði slitið og í stað hennar komi þátttaka í Hrafnagilsskóla fyrir 8. og 9. námsár. Einnig er hugsanlegt að þeir nemendur sæki skóla að Laugum í Þingeyjarsýslu og teldist hreppurinn þá til skólasvæðis 20.

Í einstökum atriðum er miðað við skólasókn sem hér greinir:

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Arnarneshreppur	Hjalteyri	Laugaland	Akureyri
Skriðuhreppur	Laugaland	Laugaland	Hrafnagil/Akeyri
Öxnadalshreppur	Laugaland	Laugaland	Hrafnagil
Glæsibæjarhreppur	Laugaland	Laugaland	Akureyri
Hrafnagilshreppur	Hrafnagil	Hrafnagil	Hrafnagil
Saurbæjarhreppur	Saurbæjarhr.	Hrafnagil	Hrafnagil
Öngulsstaðahreppur	Hrafnagil	Hrafnagil	Hrafnagil
Svalbarðsstrhr.	Svalbarðsströnd	Hrafnagil	Hrafnagil
Grýtubakkahreppur	Grenivík	Grenivík	Hrafnagil

Sveitarfélög:

6506 Arnarneshreppur:
Íbúafjöldi 248. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.5. Gert er ráð fyrir skóla í þéttbýlinu á Hjalteyri fyrir nemendur á 1.—4. námsári úr öllum hreppunum nema e. t. v. af nokkrum bæjum næst Laugalandi, er þangað sæki ásamt nemendum á 5.—7. námsári. Gert er ráð fyrir að nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla til Akureyrar. Miðað er við að daglegur akstur sé mögulegur.

6507 Skriðuhreppur
Íbúafjöldi 144. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.4. Gert er ráð fyrir skólasókn að Laugalandi á Þelamörk fyrstu 7 námsárin, en á 8. og 9. námsári sæki nemendur skóla til Akureyrar að því marki sem daglegur akstur leyfir, en að öðrum hluta að Hrafnagili.

6508 Öxnadalshreppur:
Íbúafjöldi 86. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.2. Gert er ráð fyrir skólasókn að Laugalandi fyrstu 7 námsárin en síðan að Hrafnagili.

6509 Glæsibæjarhreppur:
Íbúafjöldi 239. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.9. Gert er ráð fyrir skólasókn að Laugalandi fyrstu 7 námsárin, en síðan til Akureyrar og ætlað er að daglegur akstur sé framkvæmanlegur.

6510 Hrafnagilshreppur:
Íbúafjöldi 291. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.5. Gert er ráð fyrir skólasókn að Hrafnagili öll grunnskólaárin.

6511 Saurbæjarhreppur:
Íbúafjöldi 295. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla innan hreppsins fyrstu 4 námsárin nema hvað börn af nokkrum bæjum sæki á þessum árum skóla að Hrafnagili ásamt nemendum á 5.—9. námsári úr öllum hreppnum.

6512 Öngulsstaðahreppur:
Íbúafjöldi 390. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári skiptist á skólana á Hrafnagili og í Saurbæjarhreppi eftir því sem best hentar í akstri, en eldri nemendur sæki skóla að Hrafnagili.

6601 Svalbarðsstrandarhreppur:
Íbúafjöldi 232. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Svalbarðseyri fyrstu 4 námsárin, en síðan skóla að Hrafnagili.

6602 Grýtubakkahreppur:
Íbúafjöldi 376. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.4. Gert er ráð fyrir skólasókn á Grenivík á 1.—7. námsári og á Hrafnagili á 8. og 9. námsári.

Skólar:

Hjalteyri.
1.—4. námsár, nemendur um 20

Laugaland á Þelamörk.
1.—4. námsár, nemendur um 42
5.—7. námsár, nemendur um 46

Samtals um 88

Saurbæjarhreppur.
1.—4. námsár, nemendur um 24

Hrafnagil.
1.—4. námsár, nemendur um 61
5.—7. námsár, nemendur um 81
8.—9. námsár, nemendur um 77

Samtals um 219

Svalbarðseyri.
1.—4. námsár, nemendur um 22

Grenivík.
1.—4. námsár, nemendur um 34
5.—7. námsár, nemendur um 25

Samtals um 59

Skólasvæði 20.

Svæði þetta nær yfir Húsavík, Suður-Þingeyjarsýslu að frátöldum Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi. Einnig er Fjallahreppur í N-Þingeyjarsýslu talinn til svæðisins.

Íbúafjöldi á svæðinu er 4361, þar af er tæpur helmingur (2053) búsettur á Húsavík. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi er um 96, þar af um 49 á Húsavík.

Skólar eru nú á Stóru-Völlum í Bárðardal barnaskóli, á Stórutjörnum barna- og unglingaskóli, á Laugum í Reykjadal barnaskóli og héraðsskóli, á Skútustöðum í Mývatnssveit barna- og unglingaskóli, í Reynihlíð við Mývatn barnaskóli, á Hafralæk í Aðaldal barna- og unglingaskóli og á Húsavík barnaskóli og gagnfræðaskóli.

Ekki er hér gert ráð fyrir breyttum skólastöðum, en nokkrum breytingum á verkefnum skólanna. Meðalfjöldi í árgangi utan Húsavíkur og þess svæðis, sem átt getur skólasókn þangað, er um 40. Er því æskilegt, að nemendur af þessu svæði verði í einum skóla á 8. og 9. námsári og er gert ráð fyrir að það verði á Laugum í Reykjadal. Mælir margt með því fyrirkomulagi, m. a. sú aðstaða sem fyrir er á staðnum og að ekki verður séð að þetta skólasetur héraðsins um langan aldur notist í þágu þess með öðrum og betri hætti. Skólarnir að Stórutjörnum, Hafralæk og Skútustöðum yrðu þá fyrir nemendur á 1.—7. námsári og skólarnir á Stóru-Völlum, Litlu-Laugum og í Reynihlíð fyrir nemendur á 1.—4. námsári og skólar á Húsavík fyrir 1.—9. námsár.

Gert er ráð fyrir skólasókn úr einstökum sveitarfélögum sem hér segir:

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Hálshreppur	Stórutjarnir	Stórutjarnir	Laugar
Ljósavatnshr. syðri hluti	Stórutjarnir	Stórutjarnir	Laugar
Ljósavatnshr. fremri hl.	Hafralækur	Hafralækur	Laugar
Bárðdælahreppur	Stóru-Vellir	Stórutjarnir	Laugar
Skútustaðahr.	Skútust./Reynihl.	Skútustaðir	Laugar
Reykdælahreppur	Laugar	Hafralækur	Laugar
Aðaldælahreppur	Hafralækur	Hafralækur	Laugar
Reykjahreppur	Húsavík	Húsavík	Húsavík
Tjörneshreppur	Húsavík	Húsavík	Húsavík
Húsavík	Húsavík	Húsavík	Húsavík

Sveitarfélög:

6604 Hálshreppur:
Íbúafjöldi 248. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 6.1. Gert er ráð fyrir að nemendur sæki skóla að Stórutjörnum fyrstu 7 námsárin og verði ekið þangað sem unnt er, en aðrir búi í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist í skólanum á Laugum.

6605 Ljósavatnshreppur:
Íbúafjöldi 307. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.0. Gert er ráð fyrir, að börn úr syðri hluta hreppsins sæki skólann á Stórutjörnum fyrstu 7 námsárin. Börn úr fremri hluta hreppsins sæki hins vegar fyrstu 7 námsárin skólann á Hafralæk, en þeim er nú ekið þangað daglega. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í skóla og heimavist á Laugum.

6606 Bárðdælahreppur:
Íbúafjöldi 192. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.8. Gert er ráð fyrir, að börn á fyrstu fjórum námsárum verði í skóla á Stóru-Völlum. Nemendur á 5.—7. námsári verði í heimavist og skóla á Stórutjörnum, en á Laugum á 8. og 9. námsári.

6607 Skútustaðahreppur:
Íbúafjöldi 491. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla innan hreppsins fyrstu 7 námsárin, með þeim hætti, að skóli verði rekinn í Reynihlíð fyrir nemendur á 1.—4. námsári, en skólinn á Skútustöðum nýttur fyrir syðri hluta sveitarinnar og alla nemendur á 5.—7. námsári. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist og skóla á Laugum.

6608 Reykdælahreppur:
Íbúafjöldi 397. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári verði í skóla á Litlu-Laugum og ekið þangað daglega, en nemendum á 5.—7. námsári verði ekið daglega til Hafralækjar að svo miklu leyti sem unnt er, en aðrir búi þar í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skólann á Laugum.

6609 Aðaldælahreppur:
Íbúafjöldi 420. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla að Hafralæk og unnt sé að aka þeim öllum daglega. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla að Laugum með daglegum akstri eða dvöl í heimavist, eftir því sem betur hentar. Eins mætti aka nemendum nyrst úr hreppnum í skóla á Húsavík á 8. og 9. námsári.

6610 Reykjahreppur:
Íbúafjöldi 111. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.6. Gert er ráð fyrir, að

nemendum verði ekið daglega til Húsavíkur öll 9 námsárin. Akstur þangað er lítið eitt styttri en akstur að Hafralæk, sem þó væri framkvæmanlegur, en nemendur á 8. og 9. námsári yrðu þó annaðhvort á Húsavík eða á Laugum.

6611 Tjörneshreppur:
Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki öll árin skóla á Húsavík og sé þeim ekið daglega. Sé akstur ekki framkvæmanlegur fyrir hluta barnanna, þ. e. þau er lengst eiga til Húsavíkur, yrðu þau í heimavist á Hafralæk, Laugum eða yrði útveguð dvalaraðstaða á Húsavík.

6100 Húsavík:
Íbúafjöldi 2 053. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 48.7. Gert er ráð fyrir skólasókn í kaupstaðnum öll grunnskólaárin.

6703 Fjallahreppur:
Íbúafjöldi 26. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 0.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Skútustöðum og síðan á Laugum.

Skólar

Stórutjarnir.
1.—4. námsár, nemendur um 40
5.—7. námsár, nemendur um 38
Samtals um 78

Stóru-Vellir.
1.—4. námsár, nemendur um 10

Skútustaðir.
1.—4. námsár, nemendur um 14
5.—7. námsár, nemendur um 29
Samtals um 43

Reynihlíð.
1.—4. námsár, nemendur um 24

Litlu-Laugar.
1.—4. námsár, nemendur um 86

Laugaskóli.
8.—9. námsár, nemendur um 86

Hafralækur.
1.—4. námsár, nemendur um 52
5.—7. námsár, nemendur um 62
Samtals um 114

Húsavík.
1.—4. námsár, nemendur um 212
5.—7. námsár, nemendur um 159
8.—9. námsár, nemendur um 106
Samtals um 477

Skólasvæði 21.

Svæði þetta nær yfir Norður-Þingeyjarsýslu að frátöldum Fjallahreppi. Íbúafjöldi á svæðinu er 1721, þar af samtals 864 í kauptúnunum Raufarhöfn og Þórshöfn. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi er um 34, þar af um 19 í kauptúnunum tveim.

Til þess að ná fram æskilegri stærð skóla fyrir 8. og 9. námsár er hér gert ráð fyrir að skóli fyrir þau námsár verði einn í Lundi í Axarfirði. Þeir annmarkar eru þó á, að skólasókn þangað úr mannflestu byggðarlögunum er torveld vegna sam-

gangna. Kemur því einnig til greina að sá skóli verði austan Axarfjarðarheiðar, ef samstaða næst um slíkt. Einnig kemur til álita að nemendur úr sveitarfélögunum vestan Axafjarðarheiðar sæki skóla að Laugum í S-Þingeyjarsýslu. Þá er gert ráð fyrir skólum fyrir 1.—7. námsár í Lundi, á Raufarhöfn og Þórshöfn, og skólum fyrir 1.—4. námsár í Skúlagarði og á Kópaskeri. Einnig kemur til álita að skólinn í Lundi hafi ekki 1.—4. námsár, en nemendur á þeim árum sæki skóla að Skúlagarði í einstökum atriðum er skólasókn ráðgerð svo: Sjá athugasemd á bls. 139.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Kelduneshreppur	Skúlagarður	Lundur	Lundur
Öxarfjarðarhreppur	Lundur	Lundur	Lundur
Presthólahreppur	Kópasker	Lundur	Lundur
Raufarhafnarhreppur	Raufarhöfn	Raufarhöfn	Lundur
Svalbarðshreppur	Þórshöfn	Þórshöfn	Lundur
Þórshafnarhreppur	Þórshöfn	Þórshöfn	Lundur
Sauðaneshreppur	Þórshöfn	Þórshöfn	Lundur

Sveitarfélög:

6701 Kelduneshreppur:
Íbúafjöldi 215. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla að Skúlagarði fyrstu 4 námsárin, en síðan skóla að Lundi á 5.—9. námsári. Þó kann skólasókn annars staðar (á Laugum eða á eystri hluta svæðisins), einnig að koma til álita.

6702 Öxarfjarðarhreppur:
Íbúafjöldi 154. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.2. Gert er ráð fyrir skólasókn að Lundi öll grunnskólaárin, en einnig kemur til álita skólasókn að Skúlagarði á 1.—4. námsári og að Laugum eða á austurhluta svæðisins á 8.—9. námsári.

6704 Presthólahreppur:
Íbúafjöldi 275. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.0. Gert er ráð fyrir skólasókn að Kópaskeri á 1.—4. námsári og síðan að Lundi. Á 8. og 9. námsári kemur og til álita skólasókn að Laugum eða á austurhluta svæðisins.

6705 Raufarhafnarhreppur:
Íbúafjöldi 432. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.6. Gert er ráð fyrir skólasókn á Raufarhöfn fyrstu 7 námsárin, en að Lundi á 8. og 9. námsári. Skólasókn á þeim árum á Raufarhöfn eða annars staðar austan Axarfjarðarheiðar kemur þó einnig til álita, ef um þá bekki næst samstaða fleiri sveitarfélaga en nú er.

6706 Svalbarðshreppur:
Íbúafjöldi 154. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.0. Gert er ráð fyrir skólasókn að Þórshöfn fyrstu 7 námsárin, en síðan að Lundi. Þó koma aðrir kostir til álita varðandi 8. og 9. námsár sbr. framangreint.

6707 Þórshafnarhreppur:
Íbúafjöldi 432. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.0. Gert er ráð fyrir skólagöngu á Þórshöfn fyrstu 7 námsárin, en síðan að Lundi, þó aðrir kostir komi og til álita fyrir þau námsár.

6708 Sauðaneshreppur:
Íbúafjöldi 59. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.0. Gert er ráð fyrir, að skólaganga verði með sama hætti og í tveim síðastnefndu sveitarfélögunum.

Skólar.

Skúlagarður.
1.—4. námsár, nemendur um 14
Lundur.
1.—4. námsár, nemendur um 17
5.—7. námsár, nemendur um 37
8.—9. námsár, nemendur um 69

Samtals um 123

Kópasker.
1.—4. námsár, nemendur um 17
Raufarhöfn.
1.—4. námsár, nemendur um 41
5.—7. námsár, nemendur um 31

Samtals um 72

Þórshöfn.
1.—4. námsár, nemendur um 43
5.—7. námsár, nemendur um 35

Samtals um 78

Skólasvæði 22.

Á þessu svæði eru aðeins tvö sveitarfélög, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur með samtals 919 íbúa og um 17 nemendur í aldursárgangi. Vegna legu er sameining við önnur svæði torveld.

Hér er gert ráð fyrir að skólar verði á Vopnafirði fyrir nemendur á 1.—9. námsári og á Skeggjastöðum fyrir nemendur á 1.—4. námsári. Skólahald á Torfastöðum yrði þá lagt niður, en húsakynni þar kynnu að vera heppileg til að nýta sem heimavist fyrir nemendur úr Skeggjastaðahreppi og sveitum Vopnafjarðar, og yrði nemendum þá ekið daglega til skólans í Vopnafjarðarkauptúni.

Sveitarfélög:

7501 Skeggjastaðahreppur:
Íbúafjöldi 124. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.4. Gert er ráð fyrir skólasókn að Skeggjastöðum fyrstu fjögur námsárin, en til Vopnafjarðar á 5.—9. námsári.

7502 Vopnafjarðarhreppur:
Íbúafjöldi 795. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 15.8. Gert er ráð fyrir skólasókn í Vopnafjarðarkauptún öll 9 skólaárin.

Skólar.

Skeggjastaðir.
1.—4. námsár, nemendur um 6.

Vopnafjörður.
1.—4. námsár, nemendur um 63
5.—7. námsár, nemendur um 52
8.—9. námsár, nemendur um 34

Samtals um 149

Skólasvæði 23.

Svæði þetta nær yfir sveitarfélög á Fljótsdalshéraði og Borgarfjarðarhrepp. Íbúafjöldi er samtals 2473 og að jafnaði um 52 börn í aldursárgangi. Um þriðjungur íbúanna eða 796 eru á Egilsstöðum. Ef meðtalin eru þau sveitarfélög sem að Egilsstaðahreppi liggja og stutt eiga þangað að sækja (Fellahreppur, Vallahreppur og Eiðahreppur), verður íbúafjöldinn 1 342, eða nær 55%. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi í þessum sveitarfélögum er um 31, eða nær 60% af öllu svæðinu.

Skólar á svæðinu eru nú á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal barnaskóli, á Hallormsstað barna- og unglingaskóli, í Borgarfirði barna- og unglingaskóli, á Egilsstöðum barna- og miðskóli og á Eiðum barna- og unglingaskóli og héraðsskóli. Auk þess starfa barnaskólar í Hlíðarhreppi og Hróarstunguhreppi, en skólahúsnæði er á hvorugum staðnum fyrir hendi.

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir, að kennsla fyrir nemendur á 8.—9. námsári verði á Egilsstöðum fyrir það svæði sem haft getur daglegan akstur þangað, en að öðru leyti í Alþýðuskólanum á Eiðum. Auk Egilsstaða hafi skólinn á Hallormsstað kennslu fyrir 1.—7. námsár og kennsla fyrir 1.—4. námsár verði á Skjöldólfsstöðum, í Hlíðarhreppi í nánd við Hrafnabjörg, í Borgarfirði, á Eiðum og í Þingmúla í Skriðdalshreppi.

Í einstökum atriðum gerir tillagan ráð fyrir skólasókn sem hér segir:

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Hlíðarhreppur	Hrafnabjörg	Hallormsstaður	Eiðar
Jökuldalshr.	Skjöldólfsstaðir	Hallormsstaður	Eiðar
Fljótsdalshr.	Hallormsstaður	Hallormsstaður	Eiðar
Fellahreppur	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
Tunguhreppur			
norðurhluti	Hrafnabjörg	Hallormsstaður	Eiðar
suðurhluti	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
Hjaltastaðahr.	Eiðar	Hallormsstaður	Eiðar
Borgarfjarðarhr.	Borgarfjörður	Hallormsstaður	Eiðar
Skriðdalshr.	Þingmúli	Hallormsstaður	Eiðar
Vallahreppur			
norðurhluti	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
suðurhluti	Hallormsstaður	Hallormsstaður	Egilsstaðir
Egilsstaðahr.	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
Eiðahreppur	Eiðar	Egilsstaðir	Eiðar

Sveitarfélög:

7503 **Hlíðarhreppur:**
Íbúafjöldi 135. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.7. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—4. námsári verði ekið til skóla í nánd við Hrafnabjörg, Frá Hrafnabjörgum að Bakkagerði eru um 26 km. Á 5.—7. námsári er gert ráð fyrir að þessir nemendur sæki skólann á Hallormsstað og búi þar í heimavist, og á 8. og 9. námsári verði þeir á Eiðum, einnig í heimavist.

7504 **Jökuldalshreppur:**
Íbúafjöldi 174. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.2. Gert er ráð fyrir, að skólinn á Skjöldólfsstöðum verði framvegis starfræktur eingöngu fyrir nemendur á 1.—4. námsári úr hreppnum, en þó verði nemendum, sem styttra eiga í skóla á Hrafnabjörgum, ekið þangað. Nemendur á 5.—7. námsári verði á Hallormsstað og á 8. og 9. námsári á Eiðum í heimavist. Einnig kemur til álita að leggja niður starfsemi skólans á Skjöldólfsstöðum og nemendur sæki skóla að Hrafnabjörgum í staðinn.

7505 **Fljótsdalshreppur:**
Íbúafjöldi 186. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla að Hallormsstað, svo sem nú er, en með þeirri breytingu, að tekinn verði upp daglegur akstur svo sem unnt er. Nemendur á 8. og 9. námsári verði á Eiðum í heimavist.

7506 **Fellahreppur:**
Íbúafjöldi 202. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur úr þessum hreppi sæki að fullu til Egilsstaða með daglegum akstri. Meginhluti allra nemenda er búsettur um 3 km frá Egilsstöðum, en aðrir í um og innan við 20 km fjarlægð.

7507 **Tunguhreppur:**
Íbúafjöldi 132. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.0. Gert er ráð fyrir, að nemendum af svæði syðst í hreppnum verði öll 9 skólaárin ekið til Egilsstaða. Þá er gert ráð fyrir að nemendum á 1.—4. námsári verði ekið til skólans á Hrafnabjörgum af því svæði sem það er unnt, en aðrir á 3. og 4. námsári ásamt nemendum á 5.—7. námsári utan þess svæðis, sem ekið er af til Egilsstaða, verði á Hallormsstað í heimavist og á Eiðum í heimavist á 8. og 9. námsári.

7508 **Hjaltastaðahreppur:**
Íbúafjöldi 117. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.0. Gert er ráð fyrir, að unnt sé að aka flestum nemendum á 1.—4. námsári til Eiða, og að nemendur á 5.—7. námsári verði á Hallormsstað í heimavist og nemendur á 8. og 9. námsári á Eiðum.

7509 **Borgarfjarðarhreppur:**
Íbúafjöldi 262. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.3. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—4. námsári verði kennt í Borgarfirði, en eldri árgangar verði á Hallormsstað og á Eiðum. Börn eru sem stendur mjög fá, og ætla má með hliðsjón af íbúafjölda, að breyting geti orðið þar á. Með tilliti til þess og vegna langra og erfiðra samgönguleiða kemur mjög til álita að skóli í Borgarfirði verði fyrir 1.—6. eða 1.—7. námsár.

7601 **Skriðdalshreppur:**
Íbúafjöldi 125. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Þingmúla, en á 5.—7. námsári verði þeir í heimavist að Hallormsstað og á 8. og 9. námsári á Eiðum.

7602 **Vallahreppur:**
Íbúafjöldi 182. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.9. Gert er ráð fyrir,að nemendum um það bil frá Grímsárvirkjun og norður þaðan til Egilsstaða verði ekið þangað daglega öll skólaárin, en öðrum nemendum úr hreppnum verði ekið til Hallormsstaðar fyrstu 7 námsárin, en til Egillstaða á 8. og 9. námsári.

7603 **Egilsstaðahreppur:**
Íbúafjöldi 796. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 19.6. Nemendur sæki skóla á Egilsstöðum öll skólaárin.

7604 **Eiðahreppur:**
Íbúafjöldi 162. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla að Eiðum, en sé ekið til Egilsstaða á 5.—7. námsári. Á 8. og 9. námsári sæki þeir skóla á Eiðum.

Skólar:

Hrafnabjörg.
1.—4. námsár, nemendur um 21
Skjöldólfsstaðir.
1.—4. námsár, nemendur um 10
Hallormsstaður.
1.—4. námsár, nemendur um 15
5.—7. námsár, nemendur um 63

Samtals um 78

Borgarfjörður.
1.—4. námsár, nemendur um 13
Þingmúli.
1.—4. námsár, nemendur um 8
Egilsstaðir.
1.—4. námsár, nemendur um 112
5.—7. námsár, nemendur um 93
8.—9. námsár, nemendur um 57

Samtals um 262

Eiðar.
1.—4. námsár, nemendur um 15
8.—9. námsár, nemendur um 63

Samtals um 78

Skólasvæði 24.

Svæði þetta nær yfir Seyðisfjarðarkaupstað og Seyðisfjarðarhrepp. Íbúar eru 946, þar af 906 í kaupstaðnum. Meðalfjöldi í aldursárgangi 21.4. Gert er ráð fyrir skólahaldi í kaupstaðnum fyrir nemendur á 1.—9. námsári.

Skóli:

Seyðisfjörður.
1.—4. námsár, nemendur um 86
5.—7. námsár, nemendur um 64
8.—9. námsár, nemendur um 43

Samtals um 193

Skólasvæði 25.

Svæði þetta nær yfir Neskaupstað, íbúar 1618, Norðfjarðarhrepp 116 íbúar og Mjóafjarðarhrepp 40 íbúar. Meðalfjöldi í aldursárgangi er: Neskaupstaður 35.0, Norðfjarðarhreppur 1.3 og Mjóafjarðarhreppur 0.6. Gert er ráð fyrir að allir nemendur sæki skóla til Neskaupstaðar. Skólahald í Norðfjarðarhreppi yrði lagt niður, mjög stutt er frá flestum býlum í hreppnum í kaupstaðinn. Vegna legu Mjóafjarðar og erfiðra samgangna þangað, verður þó að gera ráð fyrir einhverju skólahaldi þar. Eins er hugsanlegt að nemendur þaðan sæki fremur skóla á Fljótsdalshéraði.

Skóli:

Neskaupstaður.
1.—4. námsár, nemendur um 146
5.—7. námsár, nemendur um 111
8.—9. námsár, nemendur um 74

Samtals um 331

Skólasvæði 26.

Skólasvæði þetta nær yfir Helgustaðahrepp, Eskifjörð og Reyðarfjarðarhrepp. Íbúar eru 1612 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 38.9.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög þessi sameinist um skóla fyrir 8. og 9. námsár grunnskólans og verði það skólahald á Eskifirði þar sem flestir nemendur kæmu þaðan, en skóli fyrir 1.—7. námsár verði á Reyðarfirði. Skólasókn yrði þá sem hér greinir:

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Helgustaðahreppur	Eskifjörður	Eskifjörður	Eskifjörður
Eskifjörður	Eskifjörður	Eskifjörður	Eskifjörður
Reyðarfjarðarhreppur	Reyðarfjörður	Reyðarfjörður	Eskifjörður

Sveitarfélög:

7607 **Helgustaðahreppur:**
Íbúafjöldi 39. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 0.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki grunnskóla til Eskifjarðar eins og nú er.

7608 **Eskifjörður:**
Íbúafjöldi 923. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 22.2. Gert er ráð fyrir skólagöngu í kaupstaðnum öll grunnskólaárin.

7609 **Reyðarfjarðarhreppur:**
Íbúafjöldi 650. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 16.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Reyðarfirði fyrstu sjö ár grunnskólans, en sæki til Eskifjarðar á 8. og 9. námsári, og er þá miðað við daglegan akstur, sem framkvæmanlegur er með tilliti til fjarlægðar.

Skólar:

Eskifjörður.
1.—4. námsár, nemendur um 91
5.—7. námsár, nemendur um 68
8.—9. námsár, nemendur um 78

Samtals um 237

Reyðarfjörður.
1.—4. námsár, nemendur um 65
5.—7. námsár, nemendur um 48

Samtals um 113

Skólasvæði 27.

Svæði þetta nær yfir suðurhluta S.-Múlasýslu, þ. e. sveitarfélögin frá Fáskrúðsfirði til Geithellnahrepps. Íbúafjöldi á svæðinu er 2082, þar af búa 1529 á þéttbýlisstöðunum á Búðum, í Stöðvarfirði, á Breiðdalsvík og á Djúpavogi. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi á svæðinu er 49.

Æskilegast er m. t. t. nemendafjölda, að allir nemendur af svæðinu sæki einn skóla og er gert ráð fyrir að sá skóli verði á Búðum, en sá skóli annist jafnframt kennslu nemenda á 1.—7. námsári úr kauptúninu á Búðum og úr Fáskrúðsfjarðarhreppi, nema af nokkrum syðstu bæjunum, en nemendur þaðan sæki skóla á Stöðvarfirði. Skóli sem nú starfar í Tunguholti í Fáskrúðsfirði yrði þá lagður niður. Þá er gert ráð fyrir skólum fyrir 1.—7. námsár grunnskólans á Stöðvarfirði, fyrir þann hrepp, á Breiðdalsvík fyrir Breiðdalshrepp og norðanverðan Beruneshrepp. Skólahald í Staðarborg í Breiðdal yrði þá lagt niður, en húsakynni þar e. t. v. notuð til heimavistar fyrir þá nemendur sem lengst eiga að sækja, svo sem úr norðanverðum Berufirði. Þá er gert ráð fyrir skóla fyrir 1.—7. námsár á Djúpavogi fyrir nemendur úr

Búlandshreppi, sunnanverðum Beruneshreppi og úr Geithellnahreppi að frátöldum nemendum á 1.—4. námsári er gætu sótt útibú frá þeim skóla að Múla, en einnig kemur til greina að allir nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla á Djúpavogi og verði þar í heimavist eftir því sem þeir hafa aldur til.

Eins og að framan greinir, er hér miðað við, að allir nemendur á 8. og 9. námsári af svæðinu sæki skóla á Búðum. Til þess þyrfti heimavistaraðstöðu þar fyrir alla þessa nemendur nema þá sem koma úr Búðakauptúni, Fáskrúðsfjarðarhreppi og e. t. v. Stöðvarfirði. Með tilliti til þess, kemur einnig til álita að þessi nemendahópur sæki fremur skóla á Eiðum. Skólinn á Búðum myndi þá annast þá nemendur á 8.—9. námsári, sem koma úr kauptúninu eða unnt er að aka daglega þangað. Sú eining er að vísu fremur smá, en á móti kemur betri eining á Eiðum og þar er þegar fyrir hendi aðstaða sem betur nýttist fyrir nemendur af Austfjörðum en ella yrði.

Skólasókn úr einstökum sveitarfélögum yrði sem hér greinir:

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Fáskrúðsfjarðarhreppur	Búðir	Búðir	Búðir
Búðahreppur	Búðir	Búðir	Búðir
Stöðvarhreppur	Stöðvarhreppur	Stöðvarhreppur	Búðir
Breiðdalshreppur	Breiðdalsvík	Breiðdalsvík	Búðir
Beruneshreppur n.h.	Breiðdalsvík	Breiðdalsvík	Búðir
Beruneshreppur s.h.	Djúpivogur	Djúpivogur	Búðir
Geithellnahreppur	Múli	Djúpivogur	Búðir

Sveitarfélög:

7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur:
Íbúafjöldi 154. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.1. Gert er ráð fyrir, að skólinn í Tunguholti verði lagður niður, en nemendum verði ekið daglega til skóla á Búðum, eftir því sem unnt er. Vegalengd frá Vattarnesi annars vegar og Hvammi hins vegar til Búða er innan við 20 km. Þeim nemendum, sem ekki er hægt að aka, verður að ætla heimavistarrými og kemur þá til álita að nýta mannvirki í Tunguholti í því skyni, þótt þeim nemendum verði ekið til kennslu í kauptúnið.

7611 Búðahreppur:
Íbúafjöldi 727. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 19.1. Gert er ráð fyrir skólagöngu í kauptúninu öll 9 námsárin.

7612 Stöðvarhreppur:
Íbúafjöldi 302. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.3. Gert er ráð fyrir, að í hreppnum verði starfræktur skóli fyrir nemendur á 1.—7. námsári, en nemendur á 8. og 9. námsári sæki að Búðum.

7613 Breiðdalshreppur:
Íbúafjöldi 302. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.0. Gert er ráð fyrir, að allir nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla í kauptúninu. Nemendum úr sveitinni verði ekið daglega til Breiðdalsvíkur, en skólinn í Staðarborg lagður niður, þó heimavistir þar verði e. t. v. nýttar fyrir þá nemendur, sem ekki er unnt að ná til með daglegum akstri. Nemendur á 8. og 9. námsári verði á Búðum í heimavist.

7614 Beruneshreppur:
Íbúafjöldi 97. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur úr suðurhluta hreppsins sæki skóla fyrstu 7 námsárin á Djúpavogi, en úr norðurhlutanum til Breiðdalsvíkur og yrðu þar e. t. v. í heimavist að Staðarborg. Nemendur á 8. og 9. námsári verði á Búðum í heimavist.

7615 Búlandshreppur:
Íbúafjöldi 346. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.1. Nemendur sæki skóla á Djúpavogi fyrstu 7 námsárin, en verði síðan á Búðum í heimavist.

7616 Geithellnahreppur:
Íbúafjöldi 114. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki að Múla, en þar verði útibú frá skólanum á Djúpavogi, en þangað sæki nemendur á 5.—7. námsári. Eldri nemendur sæki skóla að Búðum.

Skólar:

Búðir.
1.—4. námsár, nemendur um 85
5.—7. námsár, nemendur um 64
8.—9. námsár, nemendur um 99
Samtals um 248

Stöðvarfjörður.
1.—4. námsár, nemendur um 35
5.—7. námsár, nemendur um 26
Samtals um 61

Breiðdalsvík.
1.—4. námsár, nemendur um 29
5.—7. námsár, nemendur um 24
Samtals um 53

Djúpivogur.
1.—4. námsár, nemendur um 35
5.—7. námsár, nemendur um 32
Samtals um 67

Múli.
1.—4. námsár, nemendur um 8

Skólasvæði 28.

Svæði þetta nær yfir Austur-Skaftafellssýslu. Íbúafjöldi er 1666, þar af búa 1013 á Höfn í Hornafirði, en 653 í sveitahreppunum. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi er 36.2, þar af 25 á Höfn en 11.2 í sveitahreppunum. Skólar eru nú í öllum hreppum sýslunnar. Hafa sveitahrepparnir sameinast um unglingaskóla í Nesjahreppi, en barnaskóli og gagnfræðaskóli eru á Höfn.

Er hér gert ráð fyrir þeim breytingum á skólahaldi að skólar á Höfn annist kennslu allra nemenda á 8. og 9. námsári af svæðinu auk yngri nemenda úr kauptúninu, Nesjaskóli annist kennslu allra nemenda á 5.—7. námsári úr öllum sveitahreppunum auk yngri nemenda úr Nesjahreppi og Mýrahreppi, en í Bæjarhreppi og Hofshreppi verði skólar fyrir nemendur á 1.—4. námsári.

Á Höfn, í Nesjahreppi og Mýrahreppi, þ. e. á því svæði sem unnt ætti að vera að hafa heimangöngu, eða daglegan akstur til skólanna á Höfn og í Nesjum búa nú um 80% af íbúum sýslunnar og 31.4 af 36.2 börnum í meðalárgangi koma þaðan. Utan þessa svæðis eru því aðeins um 5 nemendur í árgangi sem búa myndu í heimavist í Nesjaskóla, bæði þeir sem þar sækja skóla og nemendur á 8. og 9. námsári, sem ekið yrði til skóla á Höfn.

Í einstökum atriðum er skólasókn ætluð sem hér segir:

Sveitarfélag	SKÓLI 1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Bæjarhreppur	Stafafell	Nesjaskóli	Höfn
Nesjahreppur	Nesjaskóli	Nesjaskóli	Höfn
Mýrahreppur	Nesjaskóli	Nesjaskóli	Höfn
Borgarhafnarhreppur	Hrollaugsstaðir	Nesjaskóli	Höfn
Hofshreppur	Fagurhólsmýri	Nesjaskóli	Höfn

Sveitarfélög:

7701 Bæjarhreppur:
Íbúafjöldi 77. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla innan hreppsins á 1.—4. námsári og er Stafafell haft í huga sem skólastaður vegna góðrar legu m. t. t. aksturs. Eldri nemendur yrðu í heimavist í Nesjaskóla og sæktu skóla þar á 5.—7. námsári og á Höfn á 8. og 9. námsári.

7702 Nesjahreppur:
Íbúafjöldi 217. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.6. Gert er ráð fyrir daglegum akstri nemenda á 1.—7. námsári til Nesjaskóla og til Hafnar á 8. og 9. námsári.

7703 Hafnarhreppur:
Íbúafjöldi 1013. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 25. Gert er ráð fyrir skólagöngu í kauptúninu öll grunnskólaárin.

7704 Mýrahreppur:
Íbúafjöldi 104. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.8. Gert er ráð fyrir skólagöngu með sama hætti og úr Nesjahreppi.

7705 Borgarhafnarhreppur:
Íbúafjöldi 132. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.9. Gert er ráð fyrir skóla fyrir 1.—4. námsár að Hrollaugsstöðum, en eldri nemendur verði í heimavist í Nesjaskóla og sæki skóla þar 5.—7. námsár og á Höfn 8. og 9. námsár.

7706 Hofshreppur:
Íbúafjöldi 122. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.4. Gert er ráð fyrir skóla á Fagurhólsmýri fyrir 1.—4. námsár og skólagöngu eldri nemenda með sama hætti og í Borgarhafnarhreppi.

         Tolltaxti í dálkum merktum A verði 30% 1978, 30% 1979 og 30% 1980.

b. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á 3. gr. er gerð eftirfarandi breyting:
   Í stað orðanna „allt að 5000 kr. tollverðmæti“ í 9. tl. komi:
   allt að 10 000 kr. verðmæti.

Nd. 559. Breytingartillögur [245. mál]

við frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Í verðlagsráði eru níu menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess sex menn, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga.
2. Við 4. gr. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

3. Við 6. gr. 2. málsliður 2. mgr. falli niður.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „Nú hefur verðlagning verið gefin frjáls“ í 2. málsl. 1. mgr. komi orðin: Nú er verðlagning frjáls.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar verðlagsákvörðunum er beitt er sala milli heildverslana innbyrðis og smásöluverslana innbyrðis (keðjuverslun) bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða með sanngjarnri álagningu að mati verðlagsráðs.
6. Við 10. gr. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:
   Ákvæði samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 2. mgr. 8. gr. skulu í tilvikum, sem ekki falla undir IV. kafla, gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er.
7. Við 18. gr. Í stað orðsins „hækka“ komi orðið: breyta.
8. Við 19. gr. 3. málsliður 4. mgr. orðist svo:
   Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð að ákvæðum 8. gr. verði beitt.
9. Við 20. gr. Við greinina bætist ný mgr., er verði 3. mgr., svo hljóðandi:
   Mat á því, hvort verð og álagning sé ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 12. gr.
10. Við 21. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimilt, þegar verðlagning er frjáls.
11. Við 22. gr. Í stað orðsins „útboð“ komi orðin: gerð tilboða.
12. Við 25. gr. Við 1. mgr. bætist eftirfarandi:
    Synjun telst óréttmæt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og kaupendur treysta á framboð viðkomandi fyrirtækis, þar sem ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum og kaupandi er reiðubúinn og getur mætt öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn.
13. Við 38. gr. Við greinina bætist:
    Févíti má innheimta með lögtaki.
14. Við 42. gr. Við greinina bætist:
    Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.
15. Við 45. gr. Úr 1. mgr. falli niður orðin „svo og um afborgunarskilmála“.
16. Við 48. gr. 4. málsliður greinarinnar falli niður.
17. Við 49. gr. Greinin orðist svo:
    Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta 5 000—20 000 kr. dagsektum.
    Verðlagsráð ákveður dagsektir og má innheimta þær með lögtaki.
18. Við 50. gr. Við 1. málslið greinarinnar bætist: að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn.
19. Við 54. gr. Greinin orðist svo:

    Lög þessi skulu öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau eru staðfest og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:
    a) Lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, með síðari breytingum.
    b) Lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.
    c) 10. gr. laga nr. 13 23. mai 1975, um launajöfnunarbætur o. fl.
    d) Lög nr. 77 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.
    e) Lög nr. 30 9. janúar 1935, um heimild til handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.
    f) Lög nr. 11 27. júní 1921, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl.
    g) Lög nr. 70 12. júní 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

h) Lög nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.
i) Önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Ed. 560. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Halldór Ásgrímsson.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Jón G. Sólnes, varaform., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Albert Guðmundsson.
Ragnar Arnalds. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 561. Breytingartillögur [226. mál]

við frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:
   1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
   2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
   3. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
   4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskylt ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi.

Nd. 562. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til laga um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur rætt frv. og er sammála um að leggja til að það **verði samþykkt með einni breytingu,** er varðar ákvæði 14. gr. um réttindi þeirra, er lokið hafa B.A.-, B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi.

Nefndin telur að cand. mag.-próf og B.A.-próf verði ekki lagt að jöfnu í öllum greinum, t. a. m. hvað varðar þekkingarkröfur í íslenskum fræðum. Því leggur nefndin til að umsækjandi með cand. mag.-prófi eða öðru prófi hliðstæðu gangi fyrir að öðru jöfnu, þegar velja þarf milli umsækjenda um kennarastöður við framhaldsskóla.

Breytingatillaga nefndarinnar er prentuð á öðru þingskjali. Sigurlaug Bjarnadóttir var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 12. apríl 1978.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson.	Svava Jakobsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Magnús T. Ólafsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 563. Breytingartillaga [202. mál]

við frv. til laga um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Frá menntamálanefnd.

Við 14. gr. bætist:

Þó skal umsækjandi með cand. mag.-próf eða annað hliðstætt því ganga fyrir að öðru jöfnu.

Nd. 564. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum sínum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn, Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Gylfi Þ. Gíslason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi grein er gerð fyrir breytingartillögum meiri hlutar nefndarinnar:

Við 3. gr.

Meiri hl. nefndarinnar telur ekki ástæðu til að fækka verðlagsráðsmönnum úr 9, eins og gildir í núverandi verðlagsnefnd, í 7. Fækkun fulltrúa samtaka atvinnurekenda og launþega verður hvort eð er við það, að tveir verðlagsráðsmanna eru skipaðir af Hæstarétti Íslands. Rétt er einnig að taka fram, hvaða samtök skuli eiga rétt til tilnefningar í verðlagsráð. Annað gæti leitt til ágreinings, sem erfitt væri að greiða úr.

Við 4. gr.

Ekki er eðlilegt, að verðlagsráð geti framselt verðlagsstofnun vald sitt án takmarkana. Er því lagt til, að verðlagsráð skuli setja afmarkaðar reglur við slíkt framsal ákvörðunarvalds síns.

Við 6. gr.

Kveðið er á um það í 2. mgr., að verðlagsstofnun geti í starfi sínu krafist skýrslna frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattyfirvöldum, svo og tollyfirvöldum. Ekki sýnist því ástæða til að taka sérstaklega fram, að önnur stjórnvöld skuli ekki háð venjulegri þagnarskyldu gagnvart verðlagsstofnun.

Við 8. gr.

Hér er um lítils háttar orðalagsbreytingu að ræða.

Við 9. gr.

Hér þykir rétt til skýringarauka að taka fram, að ákvæði greinarinnar gildi því aðeins að verðlagsákvörðunum hafi verið beitt, enda mun hugsunin vera sú.

Við 10. gr.

Í 4. tl. 2. mgr. 8. gr. er verðlagsráði veitt heimild til að setja reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni, þegar skilyrði greinarinnar eru fyrir hendi. Rétt þykir, að þessar reglur skuli gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er, eins og önnur þau úrræði, sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

Við 18. gr.

Hér er lagt til, að í stað þess að tala um **hækkun** verðs og álagningar markaðsráðandi fyrirtækja verði miðað við **breytingu** verðs og álagningar í því skyni að unnt verði að koma í veg fyrir „dumping".

Við 19. gr.

Hér er orðalagi breytt og gert skýrara án þess að stefnt sé að efnisbreytingu.

Við 20. gr.

Í greinina vantar ákvæði um það, við hvað á að miða, þegar metið er, hvort verð og álagning sé ósanngjörn. Er því lagt til, að við þetta mat skuli byggt á ákvæðum 12. gr.

Við 21. gr.

Hér er lagt til, að bannregla greinarinnar gildi því aðeins að verðlagningin sé frjáls, enda hefur verið ætlast til þess.

Við 22. gr.

Gleggra og réttara er að tala í greininni um gerð tilboða heldur en útboð.

Við 25. gr.

Meiri hl. nefndarinnar telur vanta í greinina leiðbeiningar við mat á því, hvenær beri að telja sölusynjun óréttmæta. Hér er því lagt til, að skilgreining verði tekin upp um þetta efni.

Við 38. gr.

Þar sem svo er vandað til hæfis- og hæfnisskilyrða samkeppnisnefndar, þykir vera óhætt og eðlilegt, að févíti verði unnt að innheimta með lögtaki.

Við 42. gr.

Nauðsynlegt er að setja bráðabirgðabanni því, sem greinin fjallar um, einhver tímatakmörk. Er því lagt til, að endanlega ákvörðun verði að taka innan sex vikna frá því, að bráðabirgðabann var lagt á.

Við 45. gr.

Eðlilegt er, að ákvæði um afborgunarskilmála séu sett í sérstaka löggjöf um afborgunarviðskipti almennt. Ákvæði um þetta efni eiga tæpast heima í frumvarpinu.

Við 48. gr.

Eðlilegt er, að allar ákvarðanir samkeppnisnefndar megi bera undir dómstóla, einnig ákvarðanir skv. 18. gr. frumvarpsins.

Við 49. gr.

Hér eru tvær breytingar lagðar til. Annars vegar að fjárhæðum dagsekta séu sett ákveðin mörk, og er miðað við 5 000—20 000 krónur, og hins vegar, að verðlagsráð ákveði dagsektir í stað verðlagsnefndar.

Við 50. gr.

Orðalag er hér gert skýrara. Engin efnisbreyting felst í þessu.

Við 54. gr.

Hér er notað tækifæri til að fella úr gildi ýmis lög, auk núgildandi laga um verðlagsmál og óréttmæta viðskiptahætti. Hér er um að ræða gildandi verðstöðvunarákvæði frá árinu 1975 svo og ýmiss konar einkasölulög, sem eru löngu úrelt orðin og skipta engu máli lengur.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Þórarinn Þórarinsson.	Tómas Árnason.	

Sþ. 565. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um niðurfellingu gjalda af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, svo að niður falli aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskattur af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna (þ. e. framkvæmda að dreifikerfi).

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi, sem nú er endurflutt, var í fyrstu flutt snemma vetrar 1976, en fékk ekki afgreiðslu. Fylgdi tillögunni þá svofelld greinargerð:

„Það mun í flestum tilvikum ríkjandi hefð að fella niður gjöld til ríkisins af innfluttu efni til framkvæmda við raforkuver og hefur þótt fullkomlega réttlætanlegt. Hitt ætti ekki síður að þykja réttmætt, að fella þessi gjöld niður af hitaveituframkvæmdum, sem nú eru ýmist í gangi eða mjög í athugun, til að nota innlendan hitagjafa og láta hann leysa dýran, innfluttan hitagjafa (olíuna) sem víðast og mest af hólmi.

Venjulegast mun sá háttur hafa verið hafður á um raforkuver, að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórn eftirgjöf tiltekinna gjalda á hverri virkjun fyrir sig, enda varla nema 1—2 umtalsverðar virkjanir í gangi hverju sinni. En öðru máli gegnir um hitaveituframkvæmdir nú. Þegar eru í gangi hitaveituframkvæmdir á Suðurnesjum, Suðureyri við Súgandafjörð, á Siglufirði og í þéttbýli Reykjadals í Suður-Þingeyjarsýslu, en fram undan hitaveita til Akureyrar og væntanlega Akraness, Borgarness, Blönduóss og ýmsar fleiri vafalaust innan tíðar. Það gefur því auga leið, að afar mikilsvert er, að Alþingi marki ákveðna heildarstefnu í þessu máli, þegar það liggur í loftinu að hagkvæmni sumra þessara hitaveitna sé undir því komin, hvort framannefnd gjöld eru felld niður eða ekki.

Þegar á það er horft, að verulegur hluti þessara framkvæmda hlýtur að gerast fyrir erlend lán, sem viðkomandi sveitarfélög verða að standa straum af, hafandi bundna tekjustofna, verður það tæpast talið ósanngjarnt, að ríkið rétti þeim hjálparhönd í því formi, sem hér er greint, lítandi á, að engar yrðu ríkistekjur af framkvæmdunum, geti sveitarfélögin ekki ráðist í þær.“

Síðan þessi greinargerð var samin á haustdögum 1976 hefur það gerst varðandi hitaveitu frá Svartsengi og hitaveitu til Akureyrar, að umrædd gjöld hafa með sérstöku ráðherrabréfi ýmist verið felld niður eða lánuð til ákveðins tíma með góðum kjörum. Munu hlutaðeigandi bæjarfélög að sjálfsögðu ekki vanþakka þá fyrirgreiðslu, en um leið og það vekur athygli, að þetta virðist ekki gert samkvæmt sérstökum heimildum í fjárlögum, er ljóst, að undir geðþótta stjórnvalda er hér enn að sækja, en ekki lagaákvæði. Er því óvissan enn fyrir hendi um niðurfellingu þessara gjalda til þeirra hitaveitna, sem nú eru á athugunastigi eða síðar koma til álita. Kunna ýmsar þeirra að vera svo á hagkvæmnismörkum, að úrslitum ráði, hvort þessi gjöld eru lögð á eða ekki. Teljum við flutningsmenn þessarar þáltill. því mikilsvert, að hér verði skarið tekið af.

Nd. 566. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við fræðslustarfsemi MFA og bréfaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. þetta verði samþykkt. Meiri hlutinn leggst hins vegar gegn samþykkt þess.

Í umsögn menntamálaráðuneytisins um frv. er tekið fram, að réttast væri að athuga um skipan fullorðinsfræðslumálsins í heild og „of þröngt að Alþingi taki einungis til afgreiðslu þá fræðslustarfsemi sem Menningar- og fræðslusamband alþýðu stendur fyrir (MFA) og málefni bréfaskóla, þótt hvort tveggja sé góðra gjalda vert".

Minni hlutinn hafnar rökum menntamálaráðuneytisins og telur þau undanbrögð.

Frv. til l. um fullorðinsfræðslu hefur þrisvar verið lagt fyrir Alþingi í tíð þessarar ríkisstjórnar, og erum við þó engu nær markinu að heildarskipulag fullorðinsfræðslu komist á.

Fullorðinsfræðslan sem hér um ræðir, er þess eðlis, að Alþingi ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði að taka afstöðu til hennar sérstaklega, og vart er sæmandi að dragist lengur að binda í lög fjárstuðning ríkisins við fræðslu og menningarstarf þessara stærstu almannasamtaka landsins.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Svava Jakobsdóttir. Magnús T. Ólafsson.

Nd. 567. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Austurlands.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið umsögn aðila, sem málið snertir sérstaklega, m. a. sveitarstjórnasambands Austurlands og Félags ísl. iðnrekenda.

Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Vilborg Harðardóttir vill samþykkja frumvarpið og skilar séráliti.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.

Pétur Sigurðsson. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 568. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. — fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna — vill samþykkja frumvarpið með nokkrum minni háttar breytingum, en ég er andvígur frumvarpinu og legg til að það verði fellt.

Fulltrúi Alþýðuflokksins í n. var ekki mættur við afgreiðslu málsins.

Í frumvarpinu felst sú meginbreyting varðandi skipan verðlagsmála, að gefa á verslunarálagningu frjálsa og um leið verðlagningu á ýmiss konar þjónustu.

Eins og kunnugt er hefur sú skipan verið á þessum málum um alllangt skeið, að sérstök verðlagsnefnd hefur ákveðið hámarksverð á ýmsum vörum og þjónustu, eða hámarksálagningu í hundraðshlutum. Þróun verðlagsmála hefur óefað verið eitt aðalvandamál íslenskra efnahagsmála í mörg ár. Verðlag hefur farið ört hækkandi og hefur þar valdið hvort tveggja erlend og innlend verðbólga.

Við þessar aðstæður hafa flestir þeir, sem haft hafa með höndum sölu á vörum eða selja út þjónustu, krafist sífellt hækkandi söluþóknunar sér til handa. Gegn þessu hafa stjórnvöld reynt að sporna, m. a. með ákvörðunum um verðstöðvun á vissum tímum eða með aðhaldi í verðlagningarmálum, þó að á því hafi að vísu orðið nokkur misbrestur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þannig hefur það verið verkefni verðlagsnefndar og Verðlagsskrifstofunnar að halda verslunarálagningu í skefjum og hafa eftirlit með vöruverði.

Nú þegar sveiflurnar í verðlagsmálum eru meiri en nokkru sinni fyrr og verðbólguvandamálið er talið eitt mesta vandamál þjóðarinnar, þá þykir ríkisstjórninni réttur tími til að gefa upp á bátinn allt verðlagseftirlit og gefa verslunarálagningu frjálsa. Það er líka býsna athyglisvert, að ríkisstjórnin skuli velja þessa leið, á sama tíma og hún neitar að viðurkenna frjálsa launasamninga og á sama tíma og hún boðar að leggja þurfi niður að meira eða minna leyti vísitöluuppbætur á laun.

Þó að sú skipan, sem verið hefur á verðlagningarmálum og verðlagseftirliti, hafi um margt verið ófullkomin og framkvæmd á gildandi lagareglum fremur léleg, þá er þó enginn vafi á, að hún hefur dregið úr verðhækkunum og veitt þeim aðilum, sem með verslun og viðskipti fara, nokkurt aðhald. Það er skoðun mín, að nú hefði þurft að efla verðlagseftirlitið, m. a. með því að gera almenning virkari í að fylgjast með verðbreytingum. Til þess hefðu verðlagsyfirvöld þurft að birta greinargóðar upplýsingar, helst vikulega, um hæsta og lægsta söluverð í einstökum verslunum.

Sú ráðstöfun Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að ætla nú að heimila kaupsýslumönnum sjálfdæmi um verslunarálagningu er satt að segja ótrúleg. Hún mun ábyggilega leiða til hækkandi vöruverðs og stórlega hækkandi verslunarálagningar.

Þó að hægt sé að benda á nokkur dæmi þess, að um geti verið að ræða samkeppni verslana, sem ætti að tryggja aðhald um verslunarálagningu, þá er augljóst að slík samkeppni er alls ekki til staðar víðs vegar á landinu og mjög takmörkuð í mörgum greinum verslunar. Hætt er líka við því, að verslunarfyrirtæki hafi með sér samkomulag um verðlag þrátt fyrir þau málamyndaákvæði, sem um þau mál er að finna í frumvarpinu.

Það, sem er kjarni þess máls, sem hér er um að ræða, er þetta:

Í landinu geisar mikil verðbólga. Verðlag á vörum breytist frá viku til viku. Kaupsýslumenn sækja fast á um að fá meira í sinn hlut í formi verslunarálagningar.

Við þessar aðstæður segir ríkisstjórnin: Það er sjálfsagt, að kaupmenn og viðskiptaaðilar ráði því sjálfir, hvaða verð þeir setji á þá vöru, sem þeir selja. Þeir verða að hafa frelsi til að ákveða sinn tekjuhlut sjálfir.

Hins vegar segir ríkisstjórnin: Við verðum að ákveða laun vinnandi fólks. Um þau mál mega ekki gilda frjálsir samningar, hvað þá að vinnandi fólk megi ákveða sjálft og einhliða launatekjur sínar.

Ríkisstjórnin neitar einnig, að launafólk megi með samningum tryggja sig gegn sívaxandi dýrtíð.

Á hinn bóginn segir ríkisstjórnin: Vextir verða að hækka í hlutfalli við verðbólgu, og tekjur ríkissjóðs verða að hækka í hlutfalli við dýrtíð.

Bændur verða líka að þola, að laun þeirra séu ákveðin af opinberum aðilum, og sjómenn verða að hlíta úrskurði Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Frumvarp þetta sýnir svo skýrt sem verða má stefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í dýrtíðar- og verðlagsmálum. Í þeim málum eru þessir flokkar hjartanlega sammála: Launafólk, bændur og sjómenn verða að vera undir eftirliti. Þeir fá ekki einu sinni frjálsan **samningsrétt.**

Kaupsýslumenn og milliliðir verða hins vegar að hafa rétt til að ákveða verslunarálagningu sjálfir og þar með launakjör sín og gróða.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algjörlega andvígir þessu frumvarpi og munum greiða atkvæði gegn því.

Okkar stefna er, að við núverandi aðstæður þurfi að efla verðlagseftirlit og framfylgja stranglega þeim heimildum, sem eru í gildandi lögum til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt verðlag á vörum og þjónustu.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Lúðvík Jósepsson.

Ed. 569. Frumvarp til þinglýsingalaga. [152. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 313 með þessum breytingum:

Fyrirsögn VI. kafla hljóðar svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir og skrásettar bifreiðar.

43. gr. hljóðar svo:

Skjali, er varðar skrásett, skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, svo og skrásetta bifreið, skal þinglýst þar, sem skipið eða bifreiðin er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, og eignarheimild fyrir bifreið, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá eða bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi eða bifreið skal þinglýsa til þess, að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

44. gr. hljóðar svo:

Veðbréf í skrásettu skráningarskyldu skipi minna en 5 rúmlestir og í bifreið skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi dómaranum ekki borist tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

45. gr. hljóðar svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta eða skrásett bifreið flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um eignir þessar, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók eða bifreiðabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. málsgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips eða bifreiðar.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips eða bifreiðar milli umdæma.

Fyrirsögn VII. kafla hljóðar svo:

Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, svo og skip og bifreiðar, sem ekki hafa verið skrásett.

51. gr. hljóðar svo:

Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráðu skráningarskyldu skipi eða skrásettri bifreið og hefðu réttindi haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá einnig gild með sama hætti framvegis.

Reglum 22. og 24. gr. sbr. 43. og 48. gr. laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstökum ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og skal þá ákvæðum 1. og 3. málsgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 50. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

1. málsgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

Sþ. 570. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um endurskoðun meiðyrðalöggjafar.

Flm.: Vilborg Harðardóttir, Páll Pétursson, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að endurskoða beri löggjöf um ærumeiðingar og samþykkir að kjósa til þess 5 manna nefnd. Nefndin skili niðurstöðum í frumvarpsformi á næsta þingi, fyrir áramót.

Greinargerð.

Allt frá því að núgildandi lög varðandi ærumeiðingar voru sett hafa þau þótt orka tvímælis. Svokölluð VL-málaferli undanfarna mánuði og ár hafa þó beint athygli manna enn meir að göllum laganna og leitt í ljós mögulega misnotkun þeirra í pólitískri baráttu og jafnvel beinlínis í auðgunarskyni.

Lög þau, sem hér um ræðir, eru nr. 19/1940, — almenn hegningarlög XII. kafli gr. 108 og XXV. kafli gr. 234—237 og 241. Er þar m. a. kveðið svo á, að sektum varði bregði maður manni brigslum án tilefnis, **þótt hann segi satt,** og varðandi

opinbera starfsmenn, að aðdróttun, þótt sönn sé, varði sektum sé hún borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

Auk þess sem lögin banna fólki þannig að segja sannleikann er það greinilegt, að ævinlega hlýtur að vera heldur hæpið túlkunaratriði hvenær gefið sé tilefni eða hvað sé ótilhlýðilegt, enda sýnt, að túlkun laganna í ofangreindum málaferlum hefur orðið á annan veg í Hæstarétti en í héraði. Þá hafa enn fremur skv. þessum lögum ummæli verið dæmd dauð og ómerk, að því er virðist hvort sem sönn eru eða eigi, og er næsta erfitt að sjá fyrir sér hvernig þannig sé unnt að ganga frá þegar sögðum eða skrifuðum orðum.

Ed. 571. Lög [219. mál]

um breyting á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 420.

Ed. 572. Lög [220. mál]

um breyting á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sbr. breyting á þeim lögum nr. 10/1971.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 421.

Nd. 573. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. apríl.)

1. gr.

Í stað 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69 23. maí 1974, komi ný grein, svo hljóðandi:

Lagmetisiðnaðurinn telst iðnaður eins og hann er skilgreindur í lögum og greiðir iðnlánasjóðsgjald lögum samkvæmt.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur það hlutverk að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslutækjum eða mannvirkjum þeirra.

Stjórn Sölustofnunar lagmetis ráðstafar fé úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða ⅓ hluta til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

4. gr.

8. gr. laganna verður 9. gr. og 9. gr. laganna verður 10. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fullvinnslugjald samkvæmt lögum þessum skal ekki leggja á, ef sölusamningur um vöruna hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978, og seljandi sótt um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978.

Nd. 574. Breytingartillaga [228. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974 um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

Nd. 575. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 2. umr. Nd., 13. apríl.)

1. gr.

Aftan við síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna, er sjávarútvegsráðherra heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma, erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum

áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað, enda verði leiguskipið með íslenskri áhöfn, búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu. Um heimild til veiða og löndunar fer þá eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum, sem ráðherra er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 576. Breytingartillögur [140. mál]

við till til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m. kr.)

1.1.	**Fastir liðir:**	
1.	Bensíngjald	4 460
2.	Þungaskattur	1 250
3.	Gúmmígjald	90
	Markaðir tekjustofnar	5 800
4.	Ríkisframlag	1 300
1.2.	**Sérstök fjáröflun:**	
1.	NA-vegur lántaka	800
2.	Almenn lántaka	1 400
	Samtals	9 300
	Heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega	400

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

		1978	
2.1.	**Stjórn og undirbúningur:**		
1.	Skrifstofukostnaður	190	
2.	Verkfræðilegur undirbúningur	254	
3.	Umferðartalning og vegaeftirlit	37	
4.	Eftirlaunagreiðslur	29	
			510
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**		
1.	Sumarviðhald		
	1. Viðhald malarvega	1 042	
	2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	179	
	3. Viðhald brúa	120	
	4. Viðhald varnargarða	17	
	5. Heflun vega	483	
	6. Rykbinding	96	
	7. Vinnsla efnis	491	
	8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	132	
	9. Vegmerkingar	40	
		2 600	
2.	Vetrarviðhald	620	
			3 220
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**		
1.	Stofnbrautir	2 951	
2.	Þjóðbrautir	700	
3.	Girðingar og landgræðsla	70	
			3 721
2.4.	**Til fjallvega o. fl.:**		
1.	Aðalfjallvegir	17	
2.	Aðrir fjallvegir	23	
3.	Reiðvegir	2	
4.	Þjóðgarðavegir o. fl.	15	
			57
2.5.	**Til brúagerða:**		
1.	Brýr 10 m og lengri	458	
2.	Smábrýr	105	
			563
2.6.	**Til sýsluvega:**		340
2.7.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:**		706
2.8.	**Til véla og áhaldahúsa:**		
1.	Til véla- og verkfærakaupa	38	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	56	
			94
2.9.	**Til tilrauna:**		29
2.10.	**Til greiðslu halla:**		
1.	Halli í árslok 1976	106	
2.	Halli 1977 áætl.	130	
3.	Yfirfært á næsta ár	176	60
	Samtals		9 300
	Heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega		400

SUNDURLIÐUN:

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.
1	Suðurlandsvegur		
10	Álftaversvegur—Hafursey	1.4	
14	Um Reynisfjall	4	
15	Um Hólsá	2.6	
17	Um Steina	30	
28	Landvegur—Þjórsá	188	40
30	Skeiðavegur		
02	Ólafsvallav.—Skálholtsv.	20	
34	Eyrarbakkavegur		
02–04	Selfoss—Þorlákshafnarvegur	95	20
35	Biskupstungnabraut		
02	Sog—Vaðnes	15	
36	Þingvallavegur		
06	Ristarhlið—Kárastaðir	45	
38	Þorlákshafnarvegur		
02–03	Þrengslav.—Þorlákshöfn	2	
1	Vesturlandsvegur		
16	Dalsmynni—Kiðafell	78	
36	Þingvallavegur		
02	Gljúfrasteinn—Suðurá	45	
40	Hafnarfjarðarvegur		
03–04	Kópavogur—Hafnarfjörður	70	40
45	Garðskagavegur		
03	Garður—Sandgerði	45	
433	Reykjalundarvegur		
01	Að Reykjalundi	5	
1	Vesturlandsvegur		
05	Um Borgarfjörð	600	
51	Akranesvegur		
01	Vesturlandsv.—Akranes	75	15
54	Ólafsvíkurvegur		
02	Um Urriðaá	15	
06	Um Gröf	5	
08	Kirkjuhóll—Ytri-Garðar	20	
55	Heydalsvegur		
01	Styrking	25	10
56	Stykkishólmsvegur		
03	Snæfellsnesv.—Nesvogur	12	
57	Snæfellsnesvegur		
06	Um Álftafjörð	20	5
60	Vestfjarðavegur		
08	Um Jónsvað	30	10
1	Vesturlandsvegur		
01	Sýslumörk—Miklagil	90	30
60	Vestfjarðavegur		
01	Garpsdalur—Gróustaðaá	3	
03	Kambur—Bær	6.5	

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.
03	Skáldstaðir—Bjarkarlundur	2	
09	Utan Eyrar	30	5
14	Fossá—Vatnsdalsá	50	5
23	Hjarðardalsá—Ingjaldssandsv.	8	
25	Yfir Öndunarfjörð	5	
61	Djúpvegur		
01	Þorskafjarðarheiði	4	
10	Strandsel—Ögur	22	5
10–11–12	Skarðshlíð—Eyri, Skötufirði	25	5
14	Hestfjarðará—Eyri	3	
16	Um Vatnshlíð	6	
21	Vestfjarðavegur—Ísafjörður	70	20
63	Bíldudalsvegur		
05	Í Reykjarfjarðarbotni	8	
68	Hólmavíkurvegur		
04	Um Bæ	6	
04	Um Prestsbakka	20	
06	Um Slitrur	28.5	
09	Austan Þorpa	2	
10	Um Heydalsá	4	
1	Norðurlandsvegur		
03	Um Hrútafjarðarháls	60	20
06	Um Víðidalsá	15	
08	Vatnsdalur—Reykjabraut	32	5
13	Í Langadal	32	10
15	Hjá Vatnshlíð	10	
21	Á Öxnadalsheiði	18	
75	Sauðárkróksbraut		
03	Varmahlíð—Sauðárkrókur	30	
05	Austur-Eylendi	40	15
76	Siglufjarðarvegur		
08	Móskógar—Brúnastaðir	25	
10	Almenningsnöf—Gangamunni	5	
82	Ólafsfjarðarvegur		
02	Knappsstaðir—Siglufjarðarv.	10	
1	Norðurlandsvegur		
01	Um Öxnadalsheiði	20	
05	Norðan Akureyrar	66	15
11	Svalbarðsströnd—Víkurskarð	41	12
15	Ljósavatnsskarð	8	
16	Kross—Fosshóll	10	3
20	Brún—Máskot	10	5
20	Vestan Helluvaðs	6	
21	Vindbelgur—Neslandavík	2	
23	Arnarvatn—Námaskarð	80	8
82	Ólafsfjarðarvegur		
01	Hörgárdalsv.—Norðurlandsv.	30	
03	Hagaás—Dalvík	20	12
85	Norðausturvegur		
01–02	Kaldakinn	21	7
07–08	Tjörnes	20	
10	Lón—Víkingavatn	26	5

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.
17	Melrakkaslétta	42	5
25–26	Syðra-Áland—Langanesv.	15	
802	Ólafsfjarðarv. eystri		
02	Ólafsfjörður—Ólafsfj.v.	24	8
901	Austurlandsvegur		
08	Jökuldalsv.eystri—Hvanná	24	10
13	Lagarfljótsbrú—Norðfjarðarvegur	26	
15	Upphéraðsv.—Litla-Sandfell	15	
22	Skrúðskambur—Fossgerði	20	5
30–32	Fyrir Hvalneshorn	30	10
34	Brekka—Þorgeirsstaðir	9	
44–45	Jökulsá—Kvíá	21	5
985	Norðausturvegur		
04	Hafnarvegur—Hundsvatnslækur	13	
09	Vopnafjörður—Hlíðarvegur	20	
12	Teigará—Bæjaröxl	7	
992	Norðfjarðarvegur		
05	Suðurfjarðav.—Reyðarfjörður	47	10
05	Suðurfjarðav.—Reyðarfj. (brú)	25	
09	Eskifjörður—Gangamunni E.	44	
993	Seyðisfjarðarvegur		
03	Sýslumörk—Kaupstaður	39	10
996	Suðurfjarðavegur		
03	Hafranes—Vattarnes	13	
05	Höfðahús—Búðir	39	10
	Samtals	2 951	400

2. Þjóðbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
22	Stórhöfðavegur	
01	Ýmsir staðir	6
26	Landvegur	
04	Galtalækur—Búrfell	14
204	Meðallandsvegur	
02	Um Eldvatn	18
208	Búlandsvegur	
01	Ýmsir staðir	4
252	Landeyjavegur	
01–06	Ýmsir staðir	6
261	Fljótshlíðarvegur	
02	Hvolsvöllur—Hlíðarendi	15
268	Þingskálavegur	
02–03	Þingskálar—Næfurholt	5
275	Ásvegur	
01	Um Skammalæk	14
30	Hrunamannavegur	
04	Um Laxárholt	1.5

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
33	Gaulverjabæjarvegur	
02	Stokkseyri—Baugsstaðir	10
35	Biskupstungnabraut	
05	Austan Brúarár	10
06	Um Litla-Fljót	8.5
37	Laugarvatnsvegur	
02	Um Laugarvatn	18
308	Hamarsvegur	
01	Skógsnes—Sýrlækur	12
44	Hafnavegur	
02	Flugvöllur—Stapafellsvegur	12
416	Álftanesvegur	
01	Að þéttbýli	33
425	Nesvegur	
01	Hafnir—Reykjanesviti	5
503	Akrafjallsvegur	
03	Við Akranes	3
514	Laugarholtsvegur	
01	Bæjarsveitarv.—Laugarholt	10
518	Hálsasveitarvegur	
01	Sturlu-Reykir—Litli-Hvammur	10
523	Hvítársíðuvegur	
01	Um Fróðastaði	10
533	Álftaneshreppsvegur	
01	Tenging við Ólafsvíkurveg	3
535	Grímsstaðavegur	
01	Ólafsvíkurvegur—Vegamót Grenja	7
540	Hraunhreppsvegur	
01	Um Norðlæk	3
559	Laxárdalsvegur	
02	Laxárdalsheiði	13
574	Útnesvegur	
02–04	Styrking	10
576	Framsveitarvegur	
01	Hjá Bár	5
588	Gillastaðavegur	
01	Laxárdalsvegur—Laxá	5
590	Klofningsvegur	
07	Fagridalur—Tjaldanes	30
607	Reykhólasveitarvegur	
01	Um Barmahlíð	14
622	Svalvogavegur	
04	Meðaldalsá—Sveinseyri	14
624	Ingjaldssandsvegur	
01	Gemlufall—Núpur	9
633	Vatnsfjarðarvegur	
01–04	Djúpvegur—Djúpvegur	10
659	Laxárdalsvegur	
02	Sýslumörk—Hólmavíkurv.	5
664	Flateyrarvegur	
01	Sólbakki, Garðar—Hvilft	9

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
665	Súgandafjarðarvegur	
01	Um Botnsheiði	12
704	Miðfjarðarvegur	
03	Bjarg—Laugarbakki	6
711	Vatnsnesvegur	
01	Hvammstangi—Skarð	22
715	Víðidalsvegur vestri	
01	Hvarf—Kolugil	8
717	Borgarvegur	
01	Síðuvegur—Vatnsnesvegur	2
726	Auðkúluvegur	
01	Reykjabraut—Svínvetningabr.	35
734	Svartárdalsvegur	
01	Norðurlandsv.—Bergsstaðir	3
742	Mýravegur	
01	Skagastrandarv.—Laxárdalsv.	5
745	Skagavegur	
06	Keta—Selnes	2
09	Þverárfjallsv.—Sauðárkrókur	11
752	Skagafjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Efribyggðarvegur	5
781	Deildardalsvegur	
01	Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv.	3
786	Sléttuhlíðarvegur	
01	Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv.	2
787	Flókadalsvegur	
01	Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv.	6
789	Sléttuvegur	
01	Siglufjarðarv.—Ólafsfjarðarv.	25
83	Grenivíkurvegur	
02	Fnjóskadalsv.—Grenivík	21
805	Svarfaðardalsvegur	
01–02	Ólafsfjarðarv.—Atlastaðir	22
811	Hjalteyrarvegur	
01	Ólafsfjarðarv.—Hjalteyri	3
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
02	Finnastaðav.—Eyjafjarðarbr. eystri	18
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Norðurlandsv.—Munkaþverá	12
856	Laxárdalsvegur vestri	
01	Staðarbraut—Halldórsst.	3
868	Laxárdalsvegur	
01	Norðausturv.—Holt	8
869	Langanesvegur	
01–03	Þórshöfn—Flugvöllur	13
94	Borgarfjarðarvegur	
01–03	Seyðisfjarðarv.—Steinsvað	26
925	Hróarstunguvegur	
04	Vífilsstaðavegur—Austurlandsv.	2
931	Upphéraðsvegur	
01	Austurlandsvegur—Rauðilækur	22
04	Innan við Gilsá	6

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
938	Múlavegur syðri	
01	Skriðdalsvegur—Birkihlíð	4
953	Mjóafjarðarvegur	
01	Norðfjarðarv.—Háheiði	11
954	Helgustaðavegur	
02	Mjóeyri—Stóra-Breiðavík	1
964	Breiðdalsvegur	
01	Austurlandsv.—Austurlandsv.	6
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
01	Norðausturvegur—Hafnarkauptún	13
	Samtals	700

2.5. Til brúagerða.

1. Til brúa 10 m og lengri

	Fjárv. í m.kr.
Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.)	15
Eldvatn hjá Syðri-Fljótum (204)	52
Svínadalsá á Jónsvaði (60)	43
Prestbakkaá (68)	36
Heydalsá (68)	20
Víðidalsá (1)	88
Grjótá á Öxnadalsheiði (1)	18
Búðarárgil (85)	70
Staðará hjá Ánastöðum (sýsluv.)	7
Njörvadalsá í Reyðarfirði (92)	5
Breiðdalsá í Reyðarfirði (96)	38
Breiðdalsá í Breiðdal (964)	38
Djúpá hjá Holtaseli (sýsluv.)	28
Samtals	458

Ed. 577. Frumvarp til laga [280. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

70. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 24 000 000 fyrir bifreið og kr. 12 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 600 000“ í 2. mgr. komi: kr. 1 200 000.

2. gr.

Í stað „1.25‰“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 11. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, komi: 1‰.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vátryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja voru með lögum nr. 62 31. maí 1976 hækkaðar í 12 millj. kr. fyrir bifreiðar og 6 millj. kr. fyrir önnur ökutæki. Vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem síðan hefur orðið, er lagt til, að vátryggingarfjárhæðirnar verði nú hækkaðar á ný, þannig að aukið verði öryggi þeirra, sem fyrir tjóni kunna að verða, svo og eigenda ökutækjanna. Er gert ráð fyrir því að vátryggingarfjárhæðirnar tvöfaldist og verði þá 24 millj. kr. fyrir bifreiðar og 12 millj. kr. fyrir önnur skráningarskyld ökutæki. Jafnframt hækki vátryggingarfjárhæð vegna bifreiða, sem flytja fleiri en tíu farþega, að sama skapi, og verði 1 200 000 kr. fyrir hvern farþega umfram tíu.

Eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðar, er nú allt að 15 000 krónur, og vegna annarra ökutækja 7 500 krónur. Með hækkun vátryggingarfjárhæða og óbreyttu ákvæði 73. gr. umferðarlaga yrði eigin áhætta allt að 30 000 krónur og 15 000 krónur. Þykir eigi rétt að hækka eigin áhættu svo mjög að krónutölu, og er því lagt til að eigin áhætta verði allt að 24 000 krónum fyrir bifreiðir og 12 000 krónur fyrir önnur ökutæki.

Vátryggingartímabil ábyrgðartrygginga ökutækja hófst 1. mars s. l. Er lagt til að hækkun vátryggingarfjárhæða og eigin áhættu taki gildi 1. maí n. k.

Nd. 578. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Austurlands.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. og leggur meiri hlutinn til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Slíkt telur undirritaður gefast illa og leggur til að málið fái afgreiðslu í deildinni og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Vilborg Harðardóttir.

Sþ. 579. Nefndarálit [140. mál]

um till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu um vegáætlun fyrir árin 1977—1980 til umfjöllunar og hefur unnið að endurskoðun framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1978. Nefndin naut til þess starfs aðstoðar Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar forstjóra tæknideildar og annarra starfsmanna Vegagerðarinnar.

Við gerð fjárlaga á s. l. hausti var ákveðið að auka ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar úr 7 000 millj. kr. í 9 300 millj. kr. og var það gert til samræmis við yfirlýsingu samgönguráðherra um aukið fjármagn til vegamála á árinu 1978.

Endurskoðun nefndarinnar tekur aðeins til ársins 1978 og er því aukaendurskoðun. Að venju hefur nefndin öll unnið að skiptingu viðbótarfjármagnsins til ýmissa þátta áætlunarinnar. Til stjórnar og undirbúnings er lagt til að verja 138 millj. kr., til viðhalds vega 537 millj. kr., til nýrra þjóðvega 1 161 millj. kr., til brúagerða 226 millj. kr. og til vega í kaupstöðum, vélakaupa, fjallvega, sýsluvega o. fl. 238 millj. kr. Þessi skipting á því viðbótarfjármagni, 2 300 millj. kr., sem var til ráðstöfunar, er í samræmi við gildandi vegáætlun og er gerð af nefndinni allri. Einnig gerði nefndin tillögu um fjárveitingar til nokkurra sérverkefna, þ. e. í Borgarfjarðarbrú, Holtavörðuheiði, Vesturlandsveg á Kjalarnesi og í Þingvallaveg. Að öðru leyti hafa þingmannahópar einstakra kjördæma gert tillögur um skiptingu á öllu nýbyggingarfé til vega innan sinna kjördæma.

Í gildandi vegáætlun er heimild til að taka allt að 400 millj. kr. verktakalán eða önnur bráðabirgðalán. Í áætlun fyrir árið 1977 var sú heimild einnig fyrir hendi. Þá námu verktakalánin 232 millj. kr. Að auki voru tekin bráðabirgðalán að upphæð 138 millj. kr. Þau eru tekin fyrir atbeina nokkurra sveitarstjórna og í samráði við þingmenn þess kjördæmis sem málið snerti.

Eins og áður sagði, stendur fjárveitinganefnd sameiginlega að þeim breytingartillögum, sem eru á þingskjali 576.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins vilja taka fram, að þrátt fyrir verulega hækkun bensíngjalds sé um mjög takmarkaða raungildishækkun að ræða í nýframkvæmdum vega og enn langt í land að bætt sé fyrir þá stórlegu skerðingu framkvæmda, sem einkennt hefur vegáætlun síðustu árin. Enn fremur taka þeir fram, að þeir hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Steinþór Gestsson, form., frsm.
Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.
Ingi Tryggvason.
Lárus Jónsson.
Geir Gunnarsson.
Pálmi Jónsson.
Sighvatur Björgvinsson.
Gunnlaugur Finnsson.
Ellert B. Schram.
Helgi F. Seljan.

Ed. 580. Frumvarp til laga [281. mál]

um tannsmiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Stofna skal tannsmiðaskóla sem rekinn skal í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Fjögurra manna skólanefnd, er menntamálaráðherra skipar, skal fara með stjórn skólans og önnur þau störf sem henni eru falin með lögum þessum. Einn skólanefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu háskólaráðs og skal hann vera formaður skólanefndar, annan eftir tilnefningu tannlæknadeildar Háskóla Íslands, þriðja eftir tilnefningu stjórnar Tannsmiðafélags Íslands, fjórða manninn í skólanefnd skulu nemendur kjósa á fundi í lok hvers kennsluárs. Þrír hinir fyrst töldu skulu skipaðir til fjögurra ára, en fulltrúi nemenda til eins árs í senn. Falli atkvæði jöfn í skólanefnd ræður atkvæði formanns. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Allan kostnað af rekstri skólans skal greiða úr ríkissjóði og skal semja sérstaklega við Háskóla Íslands um afnot af húsnæði og aðstöðu þar.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar fasta kennara skólans að fengnum tillögum skólanefndar og skal einn þeirra vera forstöðumaður hans.

Aðra kennara ræður skólanefnd í samráði við forstöðumann skólans.

Forstöðumaður skólans fer með daglega stjórn skólans. Hann skal sitja fundi skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema hann sé einnig skólanefndarmaður.

3. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um tannsmíðaskólann að fengnum tillögum skólanefndar. Skal þar kveðið á um skipulag skólans, inntökuskilyrði, námsefni og próf. Þá skal í reglugerð þessari kveðið á um framhaldsnám og viðhaldsmenntun tannsmiða.

Fyrir upphaf hvers kennsluárs skulu skólanefnd og forstöðumaður skólans semja og birta skýrslu um náms- og kennslutilhögun fyrir næsta kennsluár, svo og um framhaldsnám og viðhaldsmenntun tannsmiða.

4. gr.

Námstími tannsmiða skal vera þrjú ár. Námið skal vera bæði fræðilegt og verklegt. Hið verklega nám skal vera þriðjungur námstímans hið skemmsta. Skal það innt af hendi í tannsmíðaskólanum, á viðurkenndum tannsmíðastofum, sbr. 9. gr., eða hjá tannlækni sem hefur í þjónustu sinni tannsmið er hlotið hefur viðurkenningu skv. 8. gr., allt eftir ákvörðun skólanefndar.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tannsmið og stunda tannsmíðar hér á landi hefur sá einn sem lokið hefur prófi frá tannsmíðaskólanum, sbr. þó 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða I. Ákvæði þetta takmarkar ekki rétt tannlækna til að stunda tannsmíði.

Starf tannsmiða er hvers konar tæknileg framleiðsla og viðgerðir á gervitannbúnaði. Tannsmiðum er þó óheimil hvers konar vinna í munni sjúklings nema undir beinni umsjón tannlæknis og á ábyrgð hans, sbr. lög nr. 62/1947.

6. gr.

Skólanefnd tannsmíðaskólans getur veitt manni, er lokið hefur jafngildu tannsmíðanámi erlendis og að öðru leyti telst hæfur til starfans, starfsheimild er jafngildi prófi samkv. 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

Þeir tannsmiðir, sem lokið hafa prófi, sbr. 1. mgr. 5. gr. eða fengið starfsheimild, sbr. 6. gr., mega stunda starf sitt hjá tannlæknum og á viðurkenndum tannsmíðastofum, sbr. 9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur þó heimilað slíkum tannsmið að starfa einum að fengnum meðmælum skólanefndar. Slíkt starfsleyfi skal vera tímabundið og takmarka má það við ákveðið landsvæði.

8. gr.

Tannsmiður, sem lokið hefur prófi samkv. 5. gr. og starfað að tannsmíðum um þriggja ára skeið hið skemmsta eftir lok náms og lokið framhaldsnámi við tannsmíðaskólann, getur fengið heimild til að veita forstöðu tannsmíðastofu, sbr. 9. gr. Sama rétt hafa tannsmiðir sem fengið hafa starfsheimild samkvæmt 6. gr. Skólanefnd veitir heimildir þessar.

9. gr.

Tannsmíðastofa nefnist það fyrirtæki þar sem unnið er að tannsmíðum og tannsmiður veitir forstöðu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veitir tannsmíðastofum rekstrarheimild að fengnum meðmælum skólanefndar tannsmíðaskólans.

10. gr.

Tannsmiðum ber að halda við þekkingu sinni og kynna sér helstu nýjungar er tannsmíðar varðar.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi. Svipta má mann starfsréttindum vegna brota.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Tannsmiðir þeir, sem lokið hafa námi samkvæmt þeim reglum er gilt hafa fyrir gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða eftir gildistöku þeirra senda skólanefnd tannsmíðaskólans umsókn um starfsréttindi. Umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn um nám þeirra og störf.

Skólanefnd ákveður síðan hverjir skuli fá starfsréttindi samkvæmt 7. gr. og hverjir starfsréttindi samkv. 8. gr. Hafi tannsmiður fengið meistararéttindi fyrir gildistöku laga þessara telst hann fullnægja skilyrðum til að fá starfsréttindi samkvæmt 8. gr.

II.

Tannlæknar og meistarar í tannsmíðaiðn, sem hafa nema í tannsmíði við gildistöku laga þessara, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra tilkynna skólanefnd tannsmíðaskólans um nema sína og gefa upplýsingar um hvar hver nemi sé á vegi staddur í námi og senda skólanefndinni staðfest endurrit af námssamningi.

Nemar þessir mega halda áfram verklegu námi sínu hjá tannlækni eða tannsmíðameistara en skólanefndin skal sjá þeim fyrir fræðslu í bóklegu námi. Að loknum námstíma skulu nemar þessir ganga undir próf eftir ákvörðun skólanefndar.

Þar til tannsmíðaskólinn tekur til starfa er tannlæknum og tannsmíðameisturum einungis heimilt að taka til náms nema að fengnu samþykki skólanefndar. Um þessa nema skulu gilda reglur 2. mgr. eftir því sem við á. Heimilt er þó skólanefnd að slíta námssamningum þessara manna og gefa þeim kost á að setjast í tannsmíðaskólann.

Eftir að tannsmíðaskólinn er tekinn til starfa er tannlæknum og tannsmíðameisturum óheimilt að taka nema til tannsmíðaiðnnáms.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði með bréfi 23. ágúst 1974 til að kanna „hvernig menntunar- og réttindamálum tannsmiða verði skipað með eðlilegustum hætti og semja lagafrumvarp um það efni". Í nefndina voru skipaðir Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari, Eirný Sæmundsdóttir, tannsmiður, Magnús R. Gíslason, tannlæknir, Óskar Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Sigurður Kristinsson, málarameistari, og Örn Pétursson, prófessor.

Nefndin skilaði tillögum sínum. Ráðuneytið sendi síðan tillögurnar til umsagnar eftirtalinna aðila:

Háskóla Íslands, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Iðnfræðsluráðs, Tannlæknafélags Íslands og Tannsmiðafélags Íslands.

Allir aðilar sendu inn umsagnir og athugasemdir nema Tannsmiðafélag Íslands sem hafnar frumvarpstillögunum alveg.

Ráðuneytið hefur gert smávægilegar breytingar á tillögum nefndarinnar að fengnum umsögnum umsagnaraðila. Í athugasemdum við frumvarpið segir nefndin:

„Ekki eru í gildi sérlög um tannsmiði og hafa mál þeirra verið nokkuð á reiki. Fyrr á árum mun hafa verið litið á tannsmíði sem iðngrein en menntun og starfssvið lækningastétta var þá lítt skilgreind. Munu menn hafa lært starf sitt hjá öðrum tannsmiðum eða almennum læknum sem fengust við tannlækningar. Tannlæknaskortur var þá mikill hér á landi. Sett voru lög um tannlækningar, nr. 7/1929, sem enn eru í gildi að stofni til. Með lögum nr. 34/1932 var gerð breyting á 4. gr. laga nr. 7/1929 og segir þar að dómsmálaráðherra sé heimilt „með samþykki landlæknis að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim læknishéruðum sem eru tannlæknislaus". Nokkur leyfi voru veitt samkvæmt lagaheimild þessari og lögum nr. 47/1932 um lækningaleyfi o.fl. Mun svo hafa verið litið á að einungis þyrftu þeir tannsmiðir leyfi sem störfuðu sjálfstætt en ekki þeir sem störfuðu hjá tannlæknum. Lög nr. 34/1932 voru felld úr gildi með lögum nr. 62/1947 sem enn eru í gildi. Segir þar svo: „Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein og ekki til þeirra tannsmiða er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur".

Talið er að hér á landi séu nú um 60 manns með tannsmiðamenntun, þar af um 40 starfandi tannsmiðir. Öruggar tölur um þetta eru ekki fyrir hendi. Tannsmiðir starfa nú bæði hjá tannlæknum og reka sjálfstæðar tannsmíðastofur.

Menntun tannsmiða mun nú vera þannig háttað að tannlæknar taka nema til náms. Yfirleitt mun gerður skriflegur samningur við nemann og námstími vera þrjú ár. Tannlæknar hafa á eigin kostnað haldið uppi skóla til að mennta nemana í bóklegum og verklegum fræðum og hefur sá námstími verið einn mánuður á ári. Lokapróf hefur farið fram frá skóla þessum, bæði verklegt og munnlegt.

Með reglugerð nr. 323/1972 var tannsmíði gerð að iðngrein, sbr. reglugerð nr. 268/1974, 2. gr. og 5. gr. Með reglugerð nr. 92/1974, sem talin er sett samkv. heimild í lögum nr. 64/1971, er það m.a. gert að skilyrði fyrir því að maður megi kalla sig tannsmið og starfa að tannsmíði að hann hafi fengið til þess löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra."

Það er álit menntamálaráðuneytisins að meðan tannsmiðir sinni tannsmíði einvörðungu sé eðlilegt að líta á tannsmíði sem iðngrein, en fari svo að tannsmiðir fái heimild til að móta tennur í munn viðskiptavina að einhverju leyti á eigin ábyrgð, þá falli greinin undir ákvæði um heilbrigðisstéttir.

Um menntun tannsmiða og menntunaraðstöðu segir svo í greinargerð nefndarinnar:

„Það er sameiginlegt álit allra nefndarmanna að stefna verði að bættri menntun tannsmiða. Því marki verði best náð með því að stofna tannsmiðaskóla sem rekinn verði í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Með því myndi verða hægt að nýta þá kennslukrafta sem til eru en þess ber að gæta að skortur er á mönnum til kennslu í þessum fræðum öllum. Skóli þessi myndi ekki verða stór. Gert er ráð fyrir að í hverjum árgangi yrðu 6—8 nemendur. Svo háttar nú að verið er að skipuleggja nýja byggingu fyrir tannlæknadeild. Er þess brýn þörf að þar verði gert ráð fyrir húsnæðisaðstöðu til menntunar tannsmiða."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að settur verði á fót sérstakur skóli til að mennta tannsmiði. Hér að framan hefur því verið lýst að rétt sé að skóli þessi verði í nánum tengslum við tannlæknadeild H.Í. Myndi með því nýtast betur kennslukraftur og auk þess tryggð samhæfð þekking og þjálfun tannsmiða og tannlækna en þessar tvær stéttir verða að starfa saman. Vegna þessa og óhjákvæmilegra tengsla við Háskólann er lagt til að skólanefnd sé að nokkru skipuð eftir tilnefningu háskólaráðs og tannlæknadeildar. Þá er þess að gæta að nú er verið að skipuleggja nýja byggingu fyrir tannlæknadeild og þarf að gera ráð fyrir húsrými og aðstöðu fyrir menntun tannsmiða.

Gert er ráð fyrir að nemar skólans kjósi einn mann úr sínum hópi í skólanefnd.

Skóli þessi myndi ekki verða stór, líklega um 6—8 nemar í hverjum árgangi. Hugsað er að skólinn gæti tekið til starfa síðla árs 1978.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að skólanefnd geri tillögur um allt skipulag skólans. Er ekki rétt að slíkt sé fast skorðað í lögum þar sem um nýmæli er að ræða og vænta má örra breytinga á námsefni og námskröfum fyrstu árin.

Um 4. gr.

Lagt er til, að námstíminn verði þrjú ár og námið verði innt af hendi í skólanum sjálfum. Þó megi skólanefnd ákveða að nemar fái verkþjálfun á tannsmíðastofum og hjá tannlæknum. Skólanefnd verður þá að afla nemunum þjálfunaraðstöðu og semja við þá aðila er hlut eiga að máli um kjör öll.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þeir menn, sem lokið hafa prófi frá tannsmiðaskólanum, mega kalla sig tannsmiði. Starfsheimild þeirra er þó takmörkuð við störf undir stjórn annarra aðilja, annaðhvort tannsmiða, er fengið hafa fyllri réttindi, sbr. 8. gr., eða tannlækna.

Þrátt fyrir þessa takmörkun er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra geti veitt þessum mönnum leyfi til þess að reka tannsmíðastofu að fengnum meðmælum skólanefndar, þó aðeins um takmarkaðan ákveðinn tíma og á tilteknu landsvæði. Er þetta hugsað sem bráðabirgðaráðstöfun í byggðalögum þar sem erfitt er að fá fullhæfa menn til starfa.

Um 8. gr.

Þegar tannsmiður hefur lokið prófi, starfað að tannsmíðum um þriggja ára skeið hjá tannlækni eða á tannsmíðastofu og lokið framhaldsmenntun er lagt til að skólanefnd geti veitt honum heimild til að veita tannsmíðastofu forstöðu, sbr. 9. gr. Skólanefnd mun ákveða námsefni þessara manna.

Um 9. gr.

Tannsmiður, sem lokið hefur framhaldsnámi, getur veitt forstöðu tannsmíðastofu en það er starfsstofa þar sem unnið er að tannsmíðum án tillits til starfs-

mannafjölda. Með hliðsjón af eðli starfs þessa þykir rétt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veiti þessum stofum rekstrarheimild og myndi því setja reglur um búnað og heilbrigðishætti á þeim.

Um 10.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I. Hér er lagt til að skólanefnd taki ákvörðun um starfsréttindi þeirra tannsmiða er nú starfa.

II. Vitað er að nokkrir menn eru í tannsmíðanámi nú. Ekki er ljóst hvað þeir eru margir þar sem engin skráning námssamninga hefur farið fram. Er miðað við að þessir menn haldi áfram verklegu námi sínu hjá tannlæknum en skólanefnd sjái þeim fyrir kennslu í bóklegum fræðum og skipuleggi próf þeirra.

Þar sem miðað er við að tannsmíðaskólinn taki ekki til starfa fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1978 verður að gera ráð fyrir að tannlæknar eða meistarar í tannsmíðaiðn taki nema til þess tíma.

Slíkur námssamningur skal þó því aðeins vera gildur að skólanefnd samþykki hann. Þá er lagt til að eftir að tannsmíðaskólinn er tekinn til starfa geti skólanefnd slitið námssamningi og veitt nemum inngöngu í skólann.

Eftir að tannsmíðaskólinn er tekinn til starfa er öllum óheimilt að taka tannsmíðaiðnnema til iðnnáms. Miðað er við að verið geti að einhverjum tannsmiðum verði veitt meistararéttindi. skv. reglugerð nr. 268/1974, 2. gr. og 5. gr.

Ed. 581. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk Höskuld Jónsson ráðuneytisstjóra á sinn fund. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Bragi Sigurjónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Ed. 582. Breytingartillaga [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. frv. 4. tl. orðist svo:

Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.

Ed. 583. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. — Steinþór Gestsson, fundaskr. — Jón Helgason, frsm.
Bragi Sigurjónsson. — Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 584. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. — Steinþór Gestsson, fundaskr. — Jón Helgason, frsm.
Bragi Sigurjónsson. — Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 585. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. — Steinþór Gestsson, fundaskr. — Jón Helgason, frsm.
Bragi Sigurjónsson. — Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 586. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 12 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr., frsm. Jón Helgason.
Bragi Sigurjónsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 587. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi voru, þegar málið var afgreitt frá nefndinni, Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr., frsm. Jón Helgason.
Bragi Sigurjónsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 588. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er fulltrúum stjórnarflokkanna, vill samþykkja frv. með litlum breytingum. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á frv.

Efni frumvarpsins er nálega eingöngu um tæknilegar breytingar á lögunum um tollskrá. Í því felast ekki breytingar á gildandi tolltöxtum.

Meiri hluti nefndarinnar styður þetta sjónarmið, en getur þó fallist á minni háttar breytingar á tolltöxtum.

Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að gera ýmsar efnisbreytingar sem varða tolltaxta.

Gildandi tollskrá er fyrir löngu orðin óviðunandi vegna misræmis í tolltöxtum. Slíkt misræmi hefur farið stórlega vaxandi síðan EFTA-samkomulagið var gert.

Vegna þess samkomulags, og síðar hliðstæðs samkomulags við Efnahagsbandalagið, hafa tollar á svonefndum EFTA-vörum lækkað mikið og í ýmsum greinum verið felldir niður að fullu. Þetta gildir um þær vörur sem keyptar eru frá EFTA-löndum og Efnahagsbandalagslöndum. Nákvæmlega sams konar vörur, sem keyptar eru frá öðrum löndum, bera hins vegar enn umtalsverðan toll. Misræmi, sem af þessu leiðir, er orðið óviðunandi.

Þá er hitt ekki síður fráleitt, að vörur, sem ekki teljast EFTA-vörur eða samkeppnisvörur, vegna þess að þær eru ekki framleiddar hér á landi, bera enn lítið breyttan toll frá því sem var, áður en EFTA-samkomulagið var gert. Slíkar vörur

eru enn í mörgum tilfellum í 60—80% tollflokki, þó að aðrar vörur, sem áður voru í sama tollflokki, beri nú engan toll.

Í háu tollflokkunum eru ýmsar nauðsynjavörur, eins og heimilistæki og búsáhöld. Þessa tolla verður að lækka, en því miður virðist ekki vera neinn möguleiki á samkomulagi um slíkt af hálfu þeirra sem nú fara með meirihlutavald á Alþingi.

Þá er alkunna, að enn er ríkjandi mikið ósamræmi í tollameðferð á vélum og tækjum til hinna ýmsu atvinnugreina. Þannig eru ýmsar vélar og tæki til landbúnaðar tollaðar hærra en hliðstæðar vélar til iðnaðar. Hið sama má segja um vélar og tæki til fiskiðnaðar og útgerðar.

Ég vil gera tilraun til að koma fram nokkrum leiðréttingum á tollskránni sem að því stefna að lækka tolla á vélum og tækjum til landbúnaðar og fiskiðnaðar, þannig að þessar atvinnugreinar búi við sömu tollakjör og iðnaður.

Ég vil líka gera tilraun til að fá fram stefnumarkandi ákvörðun um að lækka tolla á ýmsum nauðsynjavörum heimilanna, sem nú eru í hæstu tollflokkum, eins og t. d. búsáhöldum og heimilistækjum. Verði tillögur mínar um þær vörutegundir samþykktar þarf síðar að lækka fleiri tollskrárnúmer til samræmis.

Breytingartillögur mínar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 589. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976 um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

		Frá 1/1 1979 %	Frá 1/1 1980 %
	Við 1. gr.		
1.	Við 42. tölulið bætist:		
	6.8.16.01 breytist þannig:		
	01 Búsáhöld	40	20
2.	Nýr töluliður á eftir 42. lið: Á 69. kafla. Eftirtaldir liðir breytist þannig:		
	a) 69.10		
	00 Eldhúsvaskar, handlaugar, salernisskálar, þvagskálar, baðker og þess háttar hreinlætistæki	40	20
	b) 69.11		
	00 Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis, úr postulíni (þar með talið biscuit og parían)	40	20
	c) 09.12		
	00 Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis, úr annars konar leir en postulíni	40	20
3.	Við 51. tölulið bætist:		
	Eftirtalinn liður breytist þannig:		
	82.14		
	00 Skeiðar, gafflar, fiskihnífar, smjörhnífar, sleifar og önnur svipuð áhöld til notkunar í eldhúsi og til að matast með	40	20

4. Við 54. tölulið bætist: Eftirtaldir liðir breytist þannig:	1978	Frá 1/1 1979	Frá 1/1 1980
a) 84.10			
31 Fiskidælur	0	0	0
b) 84.17			
21 Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu	0	0	0
22 Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur)	0	0	0
c) 84.18			
11 Mjólkurskilvindur	0	0	0
d) 84.22			
11 Kraftblokkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta	0	0	0
12 Vindur, þar með taldar akkeris- og skipavindur	0	0	0
21 Lyftikranar	0	0	0
31 Heyblásarar (til að færa hey)	0	0	0
62 Pallalyftur á bifreiðar (sturtur)	0	0	0
e) 84.24			
10 Plógar	0	0	0
20 Vélar til sáningar, plöntunar og umplöntunar; áburður og mykjudreifarar	0	0	0
31 Herfi	0	0	0
41 Áburðardreifarar	0	0	0
f) 84.25			
31 Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar	0	0	0
32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	0	0	0
41 Flokkunarvélar	0	0	0
g) 84.26			
Mjaltavélar	0	0	0
21 Mjólkurvinnsluvélar	0	0	0
h) 84.30			
15 Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	0	0	0
i) 84.59			
83 Stýrivélar til skipa	0	0	0
j) 84.65			
01 Skipsskrúfur, skrúfuásþéttar og skiptiskrúfubúnaður	0	0	0

		Frá 1/1 1979	Frá 1/1 1980
k) 84.15		%	%
10	Kæliskápar, til heimilisnotkunar, með eða án djúpfrystihólfs	40	20
20	Djúpfrystar til heimilisnotkunar	40	20
l) 84.40			
10	Þvottavélar sem taka 6 kg eða minna af þurru líni	40	20
21	Þvottavélar sem taka meira en 6 kg af þurru líni: Til heimilisnotkunar	40	20
61	Strokvélar: Einkum til heimilisnotkunar	40	20

5. Við 55. tölulið:
Eftirtaldir liðir breytast þannig:

85.06			
11	Ryksugur	40	20
31	Hrærivélar	40	20
39	Aðrar	40	20
40	Önnur búsáhöld	40	20

Nd. 590. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til laga um geymslufé.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið á sinn fund Reinhold Kristjánsson lögfræðing hjá Landsbanka Íslands.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt eins og það er komið frá Ed.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 12. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason, frsm.
Þórarinn Þórarinsson.	Lúðvík Jósepsson.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 591. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, og lögum nr. 50 frá 26. maí 1972, um breyt. á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddur við afgreiðslu málsins var Magnús T. Ólafsson.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Ólafur G. Einarsson.	Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Sþ. 592. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1977.

I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðaeftirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1977, sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.		Rauntekjur pr. 31.12'77 m.kr.		Mismunur m.kr.
1.1. Bensíngjald:					
Bruttótekjur	2 430		2 371		
Endurgreiðslur	20		21		
		2 410		2 350	÷60
1.2. Þungaskattur:					
Km-gjald			472		
Árgjöld		780	229		
				701	÷79
1.3. Gúmmígjald		81		95	14
1.4. Ríkisframlag		779		904	125
1.5. Lánsfé		1 600		1 600	0
		5 650		5 650	0

1.0. Bifreiðainnflutningur.

Innflutningur bifreiða á árinu 1977 varð alls 7 776 bifreiðar, og hefur nú náð því marki, sem teljast mætti eðlilegt magn til að standa undir endurnýjun bifreiðaflota landsmanna.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 7 200. Af vörubifreiðum voru alls fluttar inn 284, þar af 60 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 238 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna voru 54.

Áætlað er, að bifreiðaeign hafi í lok árs verið orðin um 78 100 bifreiðar, miðað við, að afskráðar hafi verið rúmlega 3 þús. bifreiðar.

1.1. Bensíngjald.

Nokkur aukning varð á bensínsölu á síðasta ári, en hún hafði nær staðið í stað s. l. þrjú ár. Bensínsalan varð alls 114.4 m. ltr., eða 9.5% meiri en árið áður. Er þetta nokkur aukning umfram fjölgun bifreiða eins og sést á því, að meðaleyðsla á bifreið er áætluð 1 680 ltr. í stað 1 616 ltr. árið 1976. Þrátt fyrir að bensínsala hafi orðið meiri en ráð var fyrir gert í vegáætlun, urðu tekjur 60 m. kr. undir áætlun. Er það vegna þess, að fyrirhugaðar hækkanir á bensíngjaldi komu ekki að fullu til framkvæmda.

Bensínsala og meðaleyðsla á bensínbifreið.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla ltr.
1971	77,5	1 756
1972	84,9	1 745
1973	95,1	1 757
1974	104,4	1 736
1975	103,6	1 623
1976	104,5	1 616
1977	114,4	1 680

1.2. Þungaskattur.

Innheimtar tekjur af þungaskatti urðu 79 m.kr. undir áætlun. Má rekja það að mestu leyti til þess, að fyrirhugaðar hækkanir komu ekki til framkvæmda. Heildartekjur af þungaskatti voru 701 m.kr., sem skiptist þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 472 m.kr. og af árgjaldi 229 m.kr. Þungaskattur dieselbifreiða er nú innheimtur af tæplega 8 000 bifreiðum, þar af er áætlað, að um 4 300 bifreiðar greiði þungaskatt skv. km-gjaldi.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem nú eru 45 kr. á hvert kg. af innfluttu gúmmíi, urðu 95 m.kr., en það er 14 m.kr. umfram áætlun. Mest munar þar um, að innflutningur bifreiða varð mun meiri en gert var ráð fyrir í tekjuspánni.

Alls voru flutt inn 2 110 tonn af hjólbörðum, og eru það 300 tonn umfram áætlun. Áætlað er, að 1 550 tonn séu vegna endurnýjunar og 560 tonn vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarða og árlega meðalnotkun bifreiða af gúmmíi.

Ár	Innfl. vegna nýrra bifr.	Innfl. vegna endurnýjunar	Innfl. alls tonn	Meðalendurnýjun kg/bifr.
1971	590	1 030	1 620	21
1972	540	1 270	1 810	23
1973	610	1 380	1 990	23
1974	810	1 530	2 340	23
1975	270	1 110	1 380	16
1976	340	1 050	1 390	15
1977	560	1 550	2 110	20

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1977 779 m.kr., en er hér hækkað, sem nemur því sem markaðar tekjur voru undir áætlun eða 125 m.kr.

1.5. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán námu 1 600 m.kr. Sjá nánar lið 2.3.0.

II. Skipting útgjalda.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Útgjöld á þessum lið voru áætluð 133 m.kr., en urðu 143 m.kr. Hækkunin stafar af launahækkunum, sem urðu síðari hluta ársins umfram það sem áætlað hafði verið.

Dreifing skrifstofuhalds út um landið og þróun og framkvæmd tölvuvinnslu er nú að mestu leyti komin í fast horf og breytingar í mannahaldi því mjög litlar. Um s. l. áramót unnu alls 36 manns við skrifstofustörf og yfirstjórn á öllu landinu. Skiptust þeir þannig, að 22 störfuðu í Reykjavík, 4 á Vesturlandi og Vestfjörðum, 6 á Norðurlandi og 4 á Austur- og Suðurlandi.

2.1.3. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 142 m.kr., og var henni varið til undirbúningsframkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, korta-

gerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Meðal verka, sem unnið var að undirbúningi við, má nefna:

Suðurlandsveg milli Þjórsár og Hvolsvallar,
Eyrarbakkaveg um Ölfusárós,
Vesturlandsveg um Hvalfjörð, í Norðurárdal og á Holtavörðuheiði,
Vestfjarðaveg í Önundarfirði.
Norðurlandsveg í Langadal, á Öxnadalsheiði og um Víkurskarð,
Austurlandsveg um Egilsstaðanes.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 26.0 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 47 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Suðurlandi og Reykjanesi.

Helstu niðurstöður eru þessar:

Umferð virðist hafa aukist verulega frá árinu áður. Yfir allt landið virðist munurinn vera um 7% á sumarferð og um 13% á ársumferð. Mest er aukning sumarumferðar á Austurlandi um 17%. Ársumferð virðist hins vegar hafa aukist mest á Suðurlandi og Reykjanesi eða um 13—14%.

Á fylgiskjölum 2.1.3. 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B Athugun á umferðarslysum.

Könnuð voru umferðarslys 1973—1976 á vegum þeim, sem töldust hraðbrautir skv. lögum nr. 66/1975. Flest voru slys á vegum þessum 1975, 525, en fæst 1973 329. Þá var staðsetning slysanna einnig skráð og reiknuð slysatíðni miðað við umferð (fjöldi slysa fyrir hverja 1 000 000 ekinna km).

Sá þjóðvegur, sem flest slys verða á, er Hafnarfjarðarvegur, en á árinu 1976, urðu 112 slys og óhöpp á honum á kaflanum frá Fífuhvammsvegi í Kópavogi að Engidal.

Þá er hann einnig meðal hinna hæstu ef miðað er við slysatíðni með 5—6 slys fyrir hverja 1 000 000 ekinna km.

Reiknað er með, að slysaathuganir þessar haldi áfram og verði framvegis skrásett öll slys, sem lögregla hefur afskipti af á þjóðvegakerfinu, að þjóðvegum í þéttbýli undanskyldum.

Niðurstöður þessara athugana verða síðan notaðar til að ákveða þá staði, sem sérstaklega er þörf á að endurbæta.

C. Vegaeftirlit.

Störf vegaeftirlitsins voru með sama hætti og undanfarin ár. Unnið var við eftirlit með öxulþunga bifreiða með líkum hætti og áður. Jafnframt hafði vegaeftirlitið með höndum allar umferðartalningar Vegagerðarinnar, upplýsingamiðlun um færð á vegum, samræmingu á snjómokstri á landinu og vegmerkingar.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og ekkna þeirra, auk nokkurra fyrrv. verkamanna voru áætlaðar 20.0 m.kr., en urðu ekki nema 18.5 m.kr., þar sem þeir, sem eftirlauna nutu, urðu færri en áætlað var. Tveir fyrrv. verkstjórar og ein verkstjóraekkja létust á árinu, en frestað var greiðslu eftirlauna til eins verkstjóra

og þriggja verkamanna. Einn verkstjóri, tvær verkstjóraekkjur og tveir verkamenn öðluðust rétt til eftirlauna á árinu.

Í árslok nutu því alls 13 fyrrv. verkstjórar, 15 verkstjóraekkjur og 10 fyrrv. verkamenn eftirlauna.

2.1.5. Áhrif verðhækkana.

Frá því vegáætlun var samþykkt s. l. vor og fram til sumars, urðu verðhækkanir nokkuð meiri en áætlað hafði verið. Mest munar þar um hækkanir samkvæmt kjarasamningum frá því í júní, en einnig má nefna hækkun á töxtum vinnuvéla. Til að mæta þessum verðhækkunum var dregið úr framkvæmdum í nýbyggingum vega og viðhaldi vega, en óhjákvæmilega var nokkur halli á nýbyggingum brúa (16.0 m.kr.) og á liðnum Stjórn og undirbúningur (10.0 m.kr.).

Framkvæmdavísitölur.

	Vegagerð	Viðhald	Brúargerð
1. Vísitala í vegáætlun (áætl.)	5 800	7 160	8 550
2. Vísitala í ágúst '77	5 960	7 650	9 260
Hækkun 1—2	2,8%	8,3%	6,8%

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA


Fjárveiting til sumarviðhalds var	1 498 m.kr.
Fjárveiting til vetrarviðhalds var	380 m.kr.
Fjárveiting til vegmerkinga var	26 m.kr.
Samtals til viðhalds vega	1 904 m.kr.

2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í eftirfarandi viðhaldsliði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	652
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	100
4. Viðhald brúa	70
3. Viðhald varnargarða	5
5. Heflun vega	300
6. Rykbinding	60
7. Vinnsla efnis	230
8. Vatnaskaðar og ófyrirséð	81
Samtals	1 498

Á meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður á árunum 1965—77 tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags 1977, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1977, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1977, og eru þær tölur einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.




SUMARVIÐHALD Á EKINN KM.
UPPHÆÐIR Í KR Á VERÐLAGI 1977

	Viðhalds-kostnaður m.kr.	Vísi-tala við-halds	Viðhalds-kostnaður miðað við verðlag 1977 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km.	Viðhalds-kostn. á km miðað við verðl. 1977 þús.kr.	Bílafj. í árs-byrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhalds-kostn. á hvern ekinn km miðað við verðl.'77 kr.
1965	87,0	531	1 253,4	8 335	150,4	31 924	226	5,5
1966	108,9	570	1 461,6	8 880	164,6	34 959	241	6,1
1967	129,9	571	1 740,3	8 910	195,3	39 278	256	6,8
1968	149,0	665	1 714,1	8 920	192,2	42 117	272	6,3
1969	150,2	812	1 415,1	8 186	172,9	43 606	290	4,9
1970	179,3	902	1 520,7	8 186	185,8	43 576	308	4,9
1971	218,1	1 046	1 595,1	8 184	194,9	47 011	328	4,9
1972	303,6	1 252	1 855,1	8 164	227,2	52 489	349	5,3
1973	334,0	1 550	1 648,5	8 104	203,4	57 155	371	4,4
1974	680,0	2 339	2 224,0	8 211	270,9	63 189	395	5,6
1975	840,0	3 989	1 610,9	8 336	193,2	71 364	420	3,8
1976	1 172,0	5 302	1 691,0	8 336	202,9	71 459	420	4,0
1977	1 437,0	7 650	1 437,0	8 336	172,4	73 410	449	3,2

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu víða nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um landið.

Kort það sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA Á HELSTU
ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1977
Vegur lokaður eða aðeins opinn jeppum
(v.l. eða o.j.)
5 tonna öxulþungi (5t.)
7 " " (7t.)
Kaflaskipting

Í meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir umferðarþunga. Nær þessi skipting yfir kjördæmi. Einnig er gerður greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi.

Kjördæmi	Gerð slitlags	Sumardagsumferð bílar/dag: Minni en 50	50–100	100–200	200–300	300–500	500–750	750–1 000	1 000–10 000	Meiri en 10 000	Alls	Alls í kjördæmi
		Fjöldi km af vegum í hverjum umferðarflokki										
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km
Suðurland	Malar	631	203	181	231	183	33	39	7	–	1 508	
Suðurland	Bundið	–	–	–	–	–	–	8	48	–	56	1 564
Reykjanes	Malar	88	31	18	23	27	4	–	46	–	240	
Reykjanes	Bundið	–	–	3	3	6	11	22	74	5	121	361
Vesturland	Malar	445	290	246	140	99	55	53	14	–	1 344	1 344
Vestfirðir	Malar	493	564	206	1	27	4	–	2	–	1 295	
Vestfirðir	Bundið	–	–	–	–	–	–	3	–	–	3	1 298
Norðurl. v.	Malar	454	182	127	136	174	25	2	–	–	1 100	1 100
Norðurl. ey.	Malar	452	200	246	162	103	56	7	4	–	1 230	
Norðurl. ey.	Bundið	–	–	–	–	–	–	–	5	–	5	1 235
Austurland	Malar	515	143	374	311	77	6	6	–	–	1 432	
Austurland	Bundið	–	–	–	–	–	–	2	–	–	2	1 434
Samtals	Malar	3 078	1 613	1 398	1 004	690	183	107	73	–	8 146	
Samtals	Bundið			3	3	6	11	35	127	5	190	
	Alls	3 078	1 613	1 401	1 007	696	194	142	200	5	8 336	8 336

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Þessi liður innifelur kostnað við endurnýjun ræsa, skurðgröft, rásagerð, eftirlit, endurnýjun umferðarmerkja og stika, malarburð og fleira.

Til malarburðar var varið 385.0 m.kr., en það gerir um 53% af heildarkostnaði þessa liðar.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarbornir voru 1977, ásamt fjölda rúmmetra, sem ekið var í slitlag vega.

Kjördæmi	Lengd km	Malarmagn m^3	Magn m^3/m
Suðurland	100,4	138 100	1,37
Reykjanes	72,4	32 800	0,45
Vesturland	175,0	119 200	0,68
Vestfirðir	147,5	59 600	0,40
Norðurland vestra	195,2	101 100	0,51
Norðurland eystra	186,9	102 200	0,55
Austurland	82,0	102 000	1,24
Samtals	959,4	655 000	0,68

2.2.1.2. Viðhald vega með bundið slitlag.

Lagt var um 11.0 km af slitlögum, þar af 8.0 km olíumöl og 3.0 km af malbiki.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundinna slitlaga í árslok 1977 eftir kjördæmum.

Kjördæmi	Lengdir í km Steypa	Malbik	Olíumöl	Samtals
Suðurland	–	2,7	52,7	55,4
Reykjanes	46,6	22,2	56,1	124,9
Vestfirðir	–	3,0	–	3,0
Norðurland eystra	–	5,6	–	5,6
Austurland	–	–	1,6	1,6
Samtals	46,6	33,5	110,4	190,5

Í eftirfarandi töflu er sýnd kostnaðarskipting viðhalds vega með bundið slitlag.

Kostnaðarliðir	Kostnaðarskipting í %
Eftirlit og hreinsun	4
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	6
Vegmálun, lýsing	16
Ný slitlög	64
Axlir	1
Viðgerðir á slitlögum	9
Samtals	100

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting á vegáætlun var 70.0 m.kr.

Nauðsynlegt reyndist að takmarka framkvæmdir við allra brýnustu verkefni. Þannig var engin gömul brú máluð og lítið unnið að viðhaldi handriða.

Vegna þess hvað endurbyggingu gamalla brúa miðar hægt, hefur á síðustu árum reynst nauðsynlegt að byggja timburgólf ofan á fjölda gamalla steyptra brúa, þrátt fyrir að margar þessara brúa bera svo mikla umferð, að notkun timburgólfs á þeim væri ella tæknilega og fjárhagslega hæpin.

Á s.l. ári voru sett slík gólf á eftirtaldar brýr:

1. Brunná á Vesturlandsvegi (1).
2. Geiradalsá á Vestfjarðavegi (60).
3. Burstabrekkuá á Ólafsfjarðarvegi eystri (802).
4. Þverá á Fnjóskadalsvegi eystri (835).
5. Neðsta brú á Fagradal á Norðfjarðarvegi (92).
6. Kaldá á Grófarselsvegi (922).

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting á vegáætlun var 5.0 m.kr. Unnið var að viðhaldi varnargarða við brýr, einkum á Suðausturlandi.

Ekki er þó lokið öllum framkvæmdum, sem fyrirhugaðar voru.

2.2.1.5. Heflun vega.

Reynt var að draga úr heflun eins og hægt var, en engu að síður varð kostnaður um 30.0 m.kr. hærri en fjárveitingin, en sú upphæð var tekin af liðnum viðhald malarvega.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega 1977, sem rykbundnir voru með klórkalsíum eða sjó. Einnig eru upplýsingar um lengd malarvega með umferð meiri en 300 bílar á dag. Eins og taflan sýnir, vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með umferð meiri en 300 bílar á dag.

Kjördæmi	Rykbinding 1977 km	Lengd malarvega með umferð meiri en 300 b/d km
Suðurland	46	262
Reykjanes	38	77
Vesturland	54	221
Vestfirðir	8	33
Norðurland vestra	65	201
Norðurland eystra	18	170
Austurland	19	89
Samtals	248	1 053

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Vegagerðin starfrækti tvær mulningsvélasamstæður og einn lítinn malara, sem vinna efni í jöfnunarlag og slitlag. Ennfremur starfrækti Vegagerðin þrjár hörpusamstæður, en þær vinna efni í jöfnunarlag og slitlag í vegi með litla umferð.

Vinnsla efnis 1977, sem fór til viðhalds, var sem hér segir:

Kjördæmi	Mölun m³	Hörpun m³	Samtals m³
Suðurland	29 400	–	29 400
Reykjanes	15 900	1 800	17 700
Vesturland	–	58 100	58 100
Vestfirðir	13 500	7 900	21 400
Norðurland vestra	–	39 700	39 700
Norðurland eystra	57 600	–	57 600
Austurland	11 300	23 500	34 800
Samtals	127 700	131 000	258 700

Meðalkostnaður á rúmmetra við mölun 1 043 kr.
Meðalkostnaður á rúmmetra við hörpun 605 kr.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á árinu 1977 urðu víða verulegar vatnaskemmdir á vegum vegna vatnavaxta. Mestu skemmdirnar urðu á Austurlandi og þá aðallega á Jökuldal og Jökuldalsheiði, Suðurfjarðavegi og í Breiðdal ásamt nokkrum skemmdum á Lónsheiði og við Kolgrímu.

Á Vestfjörðum urðu víða nokkrar skemmdir, en þó aðallega í Álftafirði.

Á Norðurlandi urðu nokkrar skemmdir við Norðurá í Skagafirði.

Á Suðurlandi urðu einnig miklar skemmdir á þjóðvegum við Eyrarbakka og Stokkseyri.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Frá áramótum til vors var óvenju snjólétt á öllu svæðinu frá Höfn í Hornafirði, vestur og norður um land, allt að Norður-Þingeyjarsýslu. Sem dæmi um þetta er, að þessi leið varð aldrei ófær vegna snjóa, þó að nokkrum sinnum væri hreinsaður snjór og svell af veginum milli Hafnar og Reykjavíkur.

Á sama tíma var alltaf fært á Snæfellsnesi, en talsverð svellalög voru þar og kostnaður því nokkur þess vegna.

Holtavörðuheiði lokaðist aðeins tvisvar á þessu tímabili fyrir allri umferð, en nokkrum sinnum varð að hreinsa af veginum minni háttar snjó.

Öxnadalsheiði varð aðeins fimm sinnum alveg ófær, en í sautján skipti þurfti að hreinsa veginn, þótt fært væri þar stórum bílum.

Á Vestfjörðum var snjór einnig með minna móti, og var þess vegna mun meira um snjómokstur á fjallvegum en þegar snjór er meiri, t. d. leið aldrei svo vika að vegurinn um Breiðdalsheiði væri ekki ruddur. Kostnaður við snjómokstur á Vestfjörðum verður alltaf nokkuð mikill, því að þegar snjór er lítill eru heiðarnar mokaðar oftar en þegar snjóalög eru mikil.

Á Austurlandi og á nokkrum hluta Norðausturlands voru snjóalög með mesta móti. Víða blotaði aldrei frá því í nóvember og fram í apríl. Kostnaður við snjómokstur á þessu svæði varð því mjög mikill eða næstum þriðjungur af öllum kostnaði við vetrarviðhald yfir landið allt.

Frá hausti til áramóta var tíð mjög risjótt, og vegir lokuðust því oft víða á landinu. Snjóalög voru ekki að sama skapi mikil og því gekk allvel að halda vegum opnum.

Í ársbyrjun komu til framkvæmda nýjar reglur um snjómokstur, og var gert ráð fyrir um 25% kostnaðaraukningu við þessar breytingar.

Fjárveiting til vetrarviðhalds var skorin niður, og reyndist upphafleg áætlun sist of há, en umframkostnaður, sem varð 120.0 m.kr., kemur fram sem halli.

Hér á eftir fer tafla, sem sýnir hve marga daga ýmsir fjallvegir eru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði árið 1977. Einnig er sýnt hve marga daga unnið hefur verið við snjómokstur á þeim.

	Jan.	Febr.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjómoksturs-dagar
Brattabrekka	2			3							1	4	10	3	14
Hálsar í A.-Barð.	26	28	24	30	1						14	15	138	38	14
Hálfdán	2	2	5	1							1		11	3	30
Dynjandisheiði	31	28	31	30	1						10	15	146	40	5
Hrafnseyrarheiði	31	28	23	25						1	21	17	146	40	12
Breiðadalsheiði	26	10	11	15						3	13	7	85	23	48
Botnsheiði	27	9	13	19						2	12	7	89	24	38
Þorskafjarðarheiði	31	28	31	30	10					3	30	31	194	53	8
Holtavörðuheiði			3								3	1	7	2	28
Siglufj.v.,Fljót-Sigl.	10	7	7	7							11	3	45	12	49
Lágheiði	31	28	31	30	30						20	31	201	55	8
Öxnadalsheiði	3	1	3									1	8	2	49
Ólafsfjarðarmúli	9	6	3	4							10	3	35	10	51
Vaðlaheiði	31	28	31	30	8						19	20	167	46	8
Hólssandur	31	28	31	30	31	3				3	25	31	213	58	2
Axarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	17				14	30	31	243	67	2
Sandvíkurheiði	22	19	21	28	1					1			92	25	16
Vopnafjarðarheiði	31	28	31	30	31	5				9	25	31	221	61	4
Möðrudalsöræfi	31	28	31	30	6						19	11	156	43	6
Vatnsskarð eystra	31	24	24	26						3	15	3	126	35	19
Fjarðarheiði	26	28	23	16	2	1					7	3	106	29	46
Oddsskarð	19	28	15	12						1	9		84	23	39
Breiðdalsheiði	31	28	31	30	6						15	27	168	46	11

Kostnaður við vetrarviðhald nokkurra fjallvega.

Fjallvegir	Lengd kafla km	Kostnaður v/ snjómoksturs m.kr.	Kostn. á km þús.kr.
Reykjavík-Selfoss og Þrengslavegur	64	17,6	274,8
Holtavörðuheiði	38	12,4	327,3
Fróðárheiði	13	1,8	140,2
Svínadalur	21	2,1	100,0
Miklidalur og Hálfdán	29	3,9	135,4
Breiðadalsheiði	16	11,7	730,9
Haganesvík-Siglufjörður	31	15,6	504,3
Öxnadalsheiði	30	9,7	322,9
Ólafsfjarðarmúli	18	16,9	938,4
Fjarðarheiði	25	20,4	816,0
Oddsskarð	22	20,9	947,9

Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1977.

Ár	Jan.—jún. m.kr.	Okt.—des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Á verðl. 1977 m.kr.
1967	17,8	10,9	28,7	571	385
1968	25,5	7,2	32,7	665	376
1969	18,3	15,8	34,1	812	321
1970	34,0	15,9	49,9	902	423
1971	34,0	20,7	54,7	1 046	400
1972	24,4	29,7	54,1	1 252	331
1973	59,0	40,1	99,1	1 550	489
1974	91,6	72,4	164,0	2 339	536
1975	245,4	76,3	324,7	3 989	620
1976	227,4	88,4	315,8	5 302	455
1977	323,0	171,0	500,0	7 653	500

Yfirlit yfir viðhaldskostnað þjóðvega 1967—1977.

Ár	Fjárv. í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostn. m.kr.	Vetrar-viðhald m.kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1967	134,0	158,6	28,7	18,1
1968	139,4	181,7	32,7	18,0
1969	175,0	184,3	34,1	18,5
1970	197,4	229,2	49,9	21,8
1971	250,0	272,8	54,7	20,1
1972	355,0	357,7	54,1	15,1
1973	375,0	433,1	99,1	22,9
1974	716,4	844,0	164,0	19,4
1975	1 048,7	1 161,7	321,7	27,7
1976	1 381,0	1 462,1	315,8	21,6
1977	1 878,0	1 979,8	500,0	25,3

Skipting viðhaldskostnaðar.

Á meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árið 1977. Einnig er tilgreind lengd akfærra vega í hverju kjördæmi og kostnaður við viðhald vega á km.

Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1977.
(Upphæðir í millj. kr.)

Kjördæmi	Vetrar-viðhald	Viðhald malarvega	Viðhald vega með b.slit.	Viðhald brúa og varnarg.	Heflun vega	Ryk-binding	Vinnsla efnis	Vatnask. og ófyrir-séð	Samt.	Lengd akfærra vega í km	Kostn. á km vega í þús.kr.
Suðurland	14,4	137,2	2,8[1])	13,6	74,2	6,4	29,4	7,7	285,7	1 564	182,7
Reykjanes	37,4	35,5	119,0[1])	3,5	29,1	5,2	16,0	1,7	247,4	361	685,3
Vesturland	46,1	119,0	–	12,7	74,2	10,1	34,4	4,2	300,7	1 344	223,7
Vestfirðir	101,0	80,0	0,7	6,1	36,3	2,1	16,4	6,4	249,0	1 298	191,8
Norðurl. v.	46,9	76,6	–	11,4	34,8	3,3	23,0	6,6	202,6	1 100	184,2
Norðurl. e.	106,2	87,6	1,2	17,2	42,7	4,2	42,6	5,1	306,8	1 235	248,4
Austurland	148,0	104,2	0,4	11,0	61,6	2,1	34,7	20,1	382,1	1 434	266,5
Samtals	500,0	640,1	124,1	75,5	352,9	33,4	196,5	51,8	1 974,3	8 336	236,8

1) Kostnaður við viðhald vega með bundnu slitlagi er sameiginlegur fyrir Reykjanes og Suðurland.

2.2.3. Vegmerkingar.

Á árinu var aðallega unnið við endurnýjun aðvörunarmerkja.

Lokið var vinnu við aðvörunarmerkingar í Vestfjarðakjördæmi og einnig á flestum aðalvegum í Vesturlandskjördæmi og í Húnavatnssýslum.

Nokkuð hefur háð þessu starfi, að enn er ókominn ný reglugerð um umferðarmerkingar, sem verið hefur í smíðum í nokkur ár.

Unnið var að ýmsum öðrum verkefnum, t. d. merkingum í Kópavogi o. fl.

Á árinu 1978 verður haldið áfram að endurvinna aðvörunarmerkingar, en lokið er í samvinnu við vegalögreglu að yfirfara og endurmeta flesta aðalvegi landsins, en eftir þessu mati verður síðan unnið að uppsetningu á þessu ári.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

2.3.0. Lán til vegaframkvæmda.

1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Samkvæmt vegáætlun skyldi ríkissjóður afla lánsfjár að upphæð samtals 1 600 m.kr. til að brúa það bil, sem var milli tekjuöflunar annars vegar, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags, og áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun hins vegar. Heimild til lántökunnar var að hluta í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar eða 750 m.kr., en að öðru leyti af lánsfjáröflun til norður- og austurvegar.

Alls þessa lánsfjár var aflað á árinu. Annars vegar með útgáfu spariskírteina að upphæð samtals 1 350 m.kr. og hins vegar með sölu happdrættisskuldabréfa að upphæð 250 m.kr.

Vextir, afborganir og lántökukostnaður vegna þessara lána, svo og allra þeirra lána, sem tekin hafa verið til vegagerðar frá upphafi, var greitt beint úr ríkissjóði utan vegáætlunar, eins og venja hefur verið undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins námu útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu vaxta og verðbóta á s.l. ári 877.6 m.kr., en til greiðslu afborgana fóru 429.3 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir hreyfingar á lánum þessum á árinu:

Lán yfirtekin af ríkissjóði.
(Upphæðir í m.kr.)

Skuldir í árslok 1976		6 706,0
Ný lán á árinu	1 600,0	
Gengistap	629,3	2 229,3
		8 935,3
Afborganir		429,3
Skuldir í árslok samtals		8 506,0

Lán í erlendri mynt miðað við gengi í árslok voru samtals 4 062.3 m.kr. Engin ný erlend lán voru tekin á árinu, en uppfærsla þessara lána vegna óhagstæðrar gengisþróunar nam 629.3 m.kr.

Innlend verðtryggð lán voru í árslok samtals 4 424.1 m.kr. á nafnverði og voru því einungis 19.6 m.kr. af lánum þessum óbundin gengis- og vísitölubreytingum.

2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Í vegáætlun var heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega að upphæð 400 m.kr. Var gert ráð fyrir að afla þessara lána hjá verktökum, vinuvélaeigendum og heimamönnum í viðkomandi héruðum með fyrirheiti um endurgreiðslu á tímabilinu febrúar til mars árið 1978 án vaxta.

Eigi tókst að afla nema 231 m.kr. lánsfjár á þennan hátt, og fór það allt til stofnbrauta.

Auk þessa voru tekin bráðabirgðalán að upphæð samtals 66.8 m.kr. þar sem sérstakar óskir höfðu komið frá heimamönnum um að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum, og fylgdi óskum þessum jafnan tilboð um að leggja fram vaxtalaust lánsfé. Var í þessum tilfellum haft samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma. Af þessum lánum fóru 3.4 m.kr. til stofnbrauta, en 63.4 m.kr. til þjóðbrauta.

Þessu til viðbótar voru tekin bráðabirgðalán til viðhalds þjóðvega að upphæð 5.6 m.kr., aðallega í Vesturlandskjördæmi, og lán frá verktökum til nýrra slitlaga á vegi o. fl. að upphæð 15.2 m.kr.

Loks voru tekin lán að upphæð samtals 50.7 m.kr. til endurlagningar og hækkunar Mývatnssveitarvegar á kaflanum frá Reykjahlíð að Geiteyjarströnd til öryggis íbúum á þessu svæði vegna hættu á eldsumbrotum. Skiptust lán þessi þannig, að Viðlagatrygging Íslands lánaði 25 m.kr. en heimamenn 10.7 m.kr. og 15 m.kr. komu úr ríkissjóði.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 369.3 m.kr. á móti 217.7 m.kr. í árslok 1976 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1977 m.kr.
Til stofnbrauta	234,4
Til þjóðbrauta	114,1
Til viðhalds	5,6
Til nýrra slitlaga o. fl.	15,2
Samtals	369,3

Í greinargerð um framkvæmdir á einstökum vegum hér á eftir er nánar greint frá þessum bráðabirgðalánum.

3. Lán frá Seðlabanka Íslands.

Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók með samþykki samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins lán hjá Seðlabanka Íslands, að upphæð 350 m.kr.

Lánsupphæðinni skyldi að nokkru leyti varið til að bæta greiðslustöðu Vegagerðarinnar, en að mestu leyti til að endurlána í nokkur stór verkefni, þannig að ná mætti í þeim eðlilegum og nauðsynlegum áföngum. Var miðað við, að lánsfé yrði ráðstafað sem hér segir:

Til Þingvallavegar	20 m.kr.
Til Vesturlandsvegar um Borgarfjörð	230 m.kr.
Til Holtavörðuheiðar	70 m.kr.
Til bættrar greiðslustöðu Vegagerðar ríkisins	30 m.kr.
	350 m.kr.

Í reynd var ekki notað eins mikið fjármagn og áætlað hafði verið til Borgarfjarðar og Holtavörðuheiðar, þannig að meira fé varð til umráða til bættrar greiðslustöðu Vegagerðarinnar. Það svigrúm, sem við það skapaðist, var m. a. notað til að fjármagna til bráðabirgða umframkostnað við að ljúka jarðgöngum í Oddsskarði, að því marki að opna mætti þau til umferðar (28 m.kr.), svo og að hluta til vegagerðar um Heydal (11 m.kr.).

Eins og fram kemur í þessum kafla um lán til vegaframkvæmda, hafa allverulegar fjárhæðir verið teknar sem bráðabirgðalán. Svo hefur jafnan verið, þegar þannig hefur staðið á, að hægt hefur verið að ljúka verki eða ná ákveðnum áfanga í því. T. d. var stór fjárhæð tekin að láni til að hraða brúargerðinni á Skeiðarársandi á sínum tíma.

Þeirri reglu hefur verið fylgt af Vegagerðinni og samgönguráðuneytinu, þegar um sérstakar lántökur hefur verið að ræða, að nægi fjárveiting næsta árs til endurgreiðslu lánsins, hefur verið litið á það sem jafngildi lánsheimildar, enda er þá endurgreiðsla tryggð. Hafi hins vegar ekki verið fyrir hendi fjárveiting til þeirrar framkvæmdar, sem lána þarf til, hefur verið leitað eftir skriflegri yfirlýsingu frá þingmönnum viðkomandi kjördæmis um að þeir myndu beita sér fyrir fjárveitingu til greiðslu lánsins. Það var t. d. gert á s.l. ári hjá þingmönnum Reykjaneskjördæmis vegna beiðni þeirra um að aukafjárveiting til Þingvallavegar skyldi lánuð til bráðabirgða til framkvæmda á Vesturlandsvegi um Kiðafell.

Til frekari skýringar á lántökunni hjá Seðlabanka Íslands skal þess getið, að ekki voru nein tök á því, að ríkissjóður leyfði Vegagerð ríkisins að fara fram úr vegáætlun með framkvæmdir að neinu marki, enda hafi ríkissjóður þegar gefið fyrirheit um að greiða það sem á vantaði að tekjur Vegagerðarinnar stæðust áætlun.

Ljóst var að brýna nauðsyn bar til að ljúka vissum áfanga Borgarfjarðarbrúarinnar, m. a. þeirri uppfyllingu, sem gerð var að sunnanverðu við brúna, þar sem tilraun sú sem þar er gerð þurfti að sanna gildi sitt yfir vetrarmánuðina. Ennfremur er meginhluti þeirra starfsmanna sem vinna að brúargerðinni fastir starfsmenn, og Vegagerðin hefði því þurft að halda þeim á launum og sjá þeim fyrir vinnu í áhaldahúsi sínu, en hinsvegar var talið hagkvæmara að láta verkið halda áfram. M. a. af þeirri ástæðu var áhaldahúsið talið lántakandi.

Loks er rétt að taka fram, að vitað var, þegar lánið var tekið hjá Seðlabankanum, að ekki var hægt að ljúka framkvæmdum við Oddsskarð á þann veg, sem að var stefnt, nema útvega til þess fjármagn umfram fjárveitingu. Á sama hátt var ekki hægt að ná verulegum áfanga á Holtavörðuheiði, en báðar þessar framkvæmdir hafa nú þegar sparað verulegar fjárhæðir í snjómokstri.

Það er því ljóst, að Seðlabankalánið, sem er 5 ára lán, þýðir í raun verulega aukið framlag til vegaframkvæmda á síðasta ári.

2.3.1. Til stofnbrauta.

1 Suðurlandsvegur

08 Hemruhamrar—Hrífunesheiði:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Fullgerður var 1.0 km langur kafli undir Hemruhömrum í Skaftártungum.

10 Álftaversvegur—Hafursey:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Hækkaðir voru og endurbættir tveir kaflar á Mýrdalssandi, samtals 4.2 km að lengd.

15 Um Hólsá:
Fjárveiting var 19.0 m.kr. Byggður var 5.7 km langur kafli um Hólsá á Sólheimasandi. Eftir er að aka slitlagi á veginn.

20—28 Akureyjarvegur—Þjórsá:
Fjárveiting var 80.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 56.5 m.kr. (Lánsheimild var 40.0 m.kr.).
Undirbyggður var 5.8 km langur kafli milli Þjóðólfshaga og Kálfholts.
Auk þess var fullgerður með olíumalarslitlagi 2.2 km langur kafli austur frá Þjórsá, sem undirbyggður var 1976. Olíumalarlögnin var unnin af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ h.f.

1 Suðurlandsvegur

02—03 Í Flóa:
Fjárveiting var 71.0 m.kr. og fór að verulegum hluta til greiðslu skulda frá fyrra ári.
Lokið var endanlega öllum frágangi við kaflann Skeiðavegur—Gaulverjabæjarvegur.
Þá var að langmestu leyti lokið frágangi við kaflann Þjórsá—Skeiðavegur, en þar á verktakinn, sem lagt hefur þann kafla, Ýtutækni h.f., eftir að gera nokkrar endurbætur á slitlagi.

30 Skeiðavegur

02 Ólafsvallavegur—Skálholtsvegur:
Fjárveiting var 21.0 m.kr. Fullgerður var 2.7 km langur kafli við Hlemmiskeið.

31 Skálholtsvegur

03 Við Spóastaði:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. og var varið til greiðslu á umframeyðslu frá fyrra ári.

34 Eyrarbakkavegur

02–04 Selfoss—Þorlákshafnarvegur:
Fjárveiting var 35.0 m.kr. Vinulán skv. 2.3.0.2. var 12.0 m.kr. (Lánsheimild var 20.0 m.kr.).
Fullgerður var með olíumalarslitlagi 1.7 km langur kafli við Selfoss, og auk þess var sett malbiksslitlag á 0.3 km langan kafla við Eyrarbakka Olíumalarlögnin var unnin af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ h.f., en malbikslögnin af Gatnamáladeild Reykjavíkurborgar.

38 **Þorlákshafnarvegur**

02—03 Þrengslavegur—Þorlákshöfn:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. og var henni varið til greiðslu skuldar frá 1975.

39 **Þrengslavegur**

01 Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur:
Fjárveiting var 5.0 m.kr., og var henni varið til ýmissa lagfæringa á 8.0 km löngum kafla milli Þorlákshafnarvegar og Sandfells.

1 **Vesturlandsvegur**

16 Tíðaskarð—Kiðafell:
Fjárveiting var 66.0 m.kr., er fór til greiðslu á skuld. Að ósk þingmanna Reykjaneskjördæmis var fjárveiting til Þingvallavegar 50.0 m.kr. notuð til framkvæmda í Vesturlandsvegi. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 14.0 m.kr. frá verktakafyrirtækinu Þórisós h.f., sem framkvæmdi verkið. Lokið var frágangi 3.2 km langs kafla frá Útkoti inn fyrir Kiðafell. Byggður var 1.5 km langur kafli frá Tíðaskarði að Útkoti.

33 **Reykjalundarvegur**

01 Að Reykjalundi:
Fjárveiting var 20.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.). Undirbyggður var að mestu 0.6 km langur kafli um nýja brú á Varmá. Eftir er að ganga frá veginum og leggja olíumöl á kaflann.

36 **Þingvallavegur**

02 Gljúfrasteinn—Suðurá:
Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 26.0 m.kr. (Lánsheimild var 35.0 m.kr.). Aukafjárveiting að upphæð 50.0 m.kr. fékkst til vegarins, en að beiðni þingmanna Reykjaneskjördæmis var hún notuð til framkvæmda á Vesturlandsvegi um Kiðafell. Af láni teknu hjá Seðlabanka Íslands, sbr. 2.3.0.3., voru 20.0 m.kr. notaðar til framkvæmda á Þingvallavegi auk vinnulána. Lagfærður var 4.8 km langur kafli frá Köldukvísl að Vesturlandsvegi og hann lagður olíumalarslitlagi.

40 **Hafnarfjarðarvegur**

02 Um Kópavog:
Fjárveiting var 29.0 m.kr. Lagt var endanlegt slitlag (yfirlag) á austurakbraut vegarins og unnið að lokafrágangi. Eftir er að leggja yfirlag á vesturakbraut og ganga frá svæði milli vegarins og Vogatungu.

03—04 Kópavogur—Hafnarfjörður:
Fjárveiting var 23.0 m.kr. Unnið var að frágangi og greiddar landbætur. Eftir er að setja yfirlag á kafla þann, sem lagður var 1976 og ljúka frágangi á honum.

45 **Garðskagavegur**

01 Reykjanesbraut—Garður:
Fjárveitingin var 14.0 m.kr. og fór að mestu leyti til greiðslu skulda frá fyrra ári. Verktakinn, Hlaðbær h.f., lauk verkinu að fullu.

03 Garður—Sandgerði:
Fjárveitingin var 3.0 m.kr., og var hún notuð til hönnunar verksins, en framkvæmdir hófust ekki.

1 **Vesturlandsvegur**

05 Um Borgarfjörð:

Fjárveitingin var 400 m.kr. Auk þess var unnið fyrir 200 m.kr. af láni frá Seðlabanka Íslands (sbr. 2.3.0.3.).

Lokið var gerð sex síðustu millistöpla Borgarfjarðarbrúarinnar. Byrjað var að steypa langbita brúarinnar og var því verki lokið að tveimur þriðju hlutum. Þá var komið fyrir langbitum í eitt haf brúarinnar og steyptir þverbitar milli þeirra. Gerð voru mót fyrir þverbita og hafin smíði móta og verkpalla fyrir gólfplötu.

Hafin var vinnsla grjótnáms og sprengdir um 6000 m^3.

Gerður var fyrsti hluti vegfyllingar út í Borgarfjörð og voru þar prófuð efni og vinnuaðferðir.

Ýmis konar rannsóknum og athugunum var fram haldið.

Byggð var smábrú á Seleyrargil og að mestu lokið við byggingu á 0.6 km löngum kafla frá Vesturlandsvegi að Seleyrargili.

11 Í Norðurárdal:

Fjárveiting var 5.0 m.kr. Greidd var 3.2 m.kr. skuld frá fyrra ári en eftirstöðvum varið til lokafrágangs á 4.0 km löngum kafla frá Brekku að Klettstíu.

51 **Akranesvegur**

01 Vesturlandsvegur—Akranes:

Fjárveiting var 60.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 12.1 m.kr. (Lánsheimild var 15.0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári.

Lokið var við undirbyggingu og bráðabirgðaslitlag á 4.2 km löngum kafla frá Akranesi að Ósholti.

Einnig var byggð ný brú á Berjadalsá. Eftir er allur frágangur utan vegar.

54 **Ólafsvíkurvegur**

02 Um Urriðaá:

Fjárveiting var 20.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 3.9 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.). Undirbyggður var 1.5 km langur kafli um nýja brú á Urriðaá. Eftir er akstur slitlags og allur frágangur utan vegar ásamt girðingum.

06 Um Gröf og Fáskrúðarbakka:

Fjárveiting var 5.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.). Greidd var 4.5 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við 0.5 km langan kafla við Fáskrúðarbakka, en ólokið er frágangi nýbyggingar frá 1976 við Gröf.

08 Kirkjuhóll — Ytri-Garðar:

Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. fékkst ekki. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).

55 **Heydalsvegur**

01 Ólafsvíkurvegur — Oddastaðir:

Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 5.0 m.kr. Bráðabirgðalán sbr. 2.3.0.3. frá Seðlabanka Íslands var 11.0 m.kr. Styrktur var og lagfærður 6.5 km langur kafli frá Hrauntúni að Heggsstöðum. Ólokið er lagningu jöfnunar- og slitlags í kaflann og frágangi er ekki lokið.

56 **Stykkishólmsvegur**

03 Nesvogur:

Fjárveiting var 15.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 5.6. m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.). Ennfremur var endurgreidd 2.8 m.kr. skuld frá Stykkishólmsvegi 56—01 og 02 frá árinu 1976. Lokið var að mestu við 2.7 km langan kafla frá Snæfellsnesvegi að Vogaskeiði. Frá Vogaskeiði að Arnarstöðum var tekinn í notkun 0.7 km langur kafli, en talsvert vantar á fulla hæð og frágangi er ólokið.

60 **Vestfjarðavegur**

Um Jónsvað:

Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0.7 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).

Unnið var að undirbúningi framkvæmda á næsta ári

1 **Vesturlandsvegur**

01—02 Holtavörðuheiði:

Fjárveiting var 65.0 m.kr. Vinulán skv. 2.3.0.2. var 25.2 m.kr. (Lánsheimild var 25.0 m.kr.).

Af láni teknu hjá Seðlabanka Íslands sbr. 2.3.0.3. voru 40 m.kr. notaðar til framkvæmdarinnar.

Greidd var 8,6 m.kr. skuld frá fyrra ári.

Hækkaður var og að mestu fullgerður 1.4 km langur kafli um Hæðarsteinsbrekku.

Undirbyggður var og gerður vetrarfær 3.0 km langur kafli frá Hæðarsteinsbrekku um Bláhæð að Lægðarlæk, en eftir er að aka burðarlagi að hluta og öllum frágangi og slitlagsakstri er ólokið.

Ennfremur voru undirbyggðir 1.4 km á kaflanum Lægðarlækur — Dæld.

60 **Vestfjarðavegur**

01 Garpsdalur—Gróustaðaá:

Fjárveiting var 15.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 3.0 m.kr. (Lánsheimild var 3.0 m.kr.).

Fullgerður var 1.3 km langur kafli um Gróustaðaá.

03 Kambur—Bær:

Fjárveiting var 10.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.9 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).

Fullgerður var um 1.0 km langur kafli í framhaldi af nýbyggingu frá 1976.

03 Skáldstaðir—Bjarkarlundur:

Fjárveiting var 10.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.0 m.kr. (Lánsheimild var 2.0 m.kr.).

Fullgerður var 2.0 km langur kafli í framhaldi af nýbyggingu frá 1976.

09 Galtará—Eyri:

Fjárveiting var 3.0 m.kr.

Greidd voru vinnulán frá fyrra ári að upphæð 3.0 m.kr.

14 Fossá—Vatnsdalsá:

Fjárveiting var 31.0 m.kr.

Þar af voru greidd vinnulán frá fyrra ári að upphæð 2.8 m.kr., auk þess sem greidd var 5.5 m.kr. skuld til Djúpvegar við Ísafjörð.

Fullgerður var 0.9 km langur kafli við Fossá og unnið við yfirbyggingu á 3.3 km löngum kafla vestan Öskjudalsár.

Ólokið er yfirbyggingu og að hluta undirbyggingu á um 3.5 km löngum kafla í Vatnsfirði auk frágangs á öllum veginum, sem er um 7 km.

23 Hjarðardalsá—Ingjaldssandsvegur:

Fjárveiting var 16.0 m. kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.7 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).

Byggður var 1.4 km langur kafli, en ólokið er við yfirbyggingu og frágang að hluta.

27 Um Breiðadalsheiði:

Fjárveiting var 8.0 m.kr. Byggður var 0.5 km langur nýr kafli í stað snjóþungs vegarkafla rétt neðan Súgandafjarðarvegar. Ekki tókst að ljúka frágangi vegna verkfalls.

61 Djúpvegur

01 Þorskafjarðarheiði:

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Greidd voru lán frá Orkusjóði að upphæð 3.0 m.kr., sem notuð voru til lagfæringa á Djúpvegi, þannig að flytja mætti jarðbora til Bolungarvíkur.

10 Strandsel — Ögur:

Fjárveiting var 6.0 m.kr. Greidd voru vinnulán frá fyrra ári að upphæð 6.0 m.kr.

14 Hestur — Eyri:

Fjárveiting var 18.0 m.kr. Byggður var 1.1 km langur kafli um Eiðið milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar. Sprengdar voru vatnsrásir á um 0.5 km löngum kafla í Hestfirði. Frágangi er ólokið.

18 Um Vatnshlíð:

Fjárveiting var 20.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.1 m.kr. Byggður var 1.7 km langur kafli í fjörunni neðan Vatnshlíðar.

21 Vestfjarðavegur — Ísafjörður:

Fjárveiting var 7.0 m.kr. Innstæða frá fyrra ári var 11.5 m. kr. Greidd var 5.5 m.kr. skuld frá Vestfjarðavegi 60—14. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 6.8 m.kr. (Lánsheimild var 10.0 m. kr.). Unnið var við undirbyggingu vegarins meðfram sjónum frá Tunguá að steypustöð. Framkvæmdir hófust í desember 1977. Heimild fékkst til flutnings á fjármagni í Djúpveg 61—23.

Settur var leiðari á 220 m langan kafla rétt innan við Hnífsdal og framkvæmdir hófust við uppsetningu á veglýsingu á kaflanum milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

25 Kross — Ós:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Hreinsaðir voru og endurbættir stallar ofan vegar í Óshlíð við Skriður. Stöllum þessum er ætlað að safna á sig grjóti, sem hrynur úr fjallinu. Auk þessa voru gerðir nýir stallar við Svuntu.

64 Bíldudalsvegur

04 Um Litlu-Eyrará:

Fjárveiting var 10.0 m.kr. Fullgerður var um 0.7 km langur kafli um nýja brú á Litlu-Eyrará.

05 Í Reykjafjarðarbotni:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna verkfalls.

.68 **Hólmavíkurvegur**

06 Þambárvellir — Tunguá:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2,3 m.kr. (Lánsheimild var 10.0 m.kr.).
Byggður var 1.2 km langur kafli um Slitrur.
Ólokið er byggingu 2.0 km langs kafla út með Bitrufirði.

09 Um Forvaða:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Sprengdur var kletturinn Forvaði og vegurinn lagfærður á slæmum snjóastað í Kollafirði.

09 Austan Þorpa:
Fjárveiting var 12.5 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).
Greitt var 0.8 m.kr. vinnulán frá fyrra ári.
Fullbyggður var um 2.5 km langur kafli austan Þorpa.

1 **Norðurlandsvegur**

02 Um Hrútafjarðarháls:
Fjárveiting var 65.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 14.5 m.kr. (Lánsheimild var 25.0 m.kr.).
Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 11.2 m.kr.
Ekið var jöfnunarlagi í 2.4 km langan kafla frá Reykjaskóla að Heggstaðanesvegi.
Ekið var burðarlagi í 1.9 km langan kafla austan Heggstaðanesvegar og undirbyggður var að mestu 2.3 km langur kafli að Tjarnarkotsvegi.

07 Um Gljúfurá:
Fjárveiting var 25,0 m.kr., þar af var áætlað til brúargerðar allt að 10.0 m.kr.
Tengd var ný brú yfir Gljúfurá með 1.1 km löngum kafla, sem eftir er að ganga frá.

08 Vatnsdalur — Reykjabraut:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 11,3 m.kr. og tekið nýtt bráðabirgðalán að upphæð 5,1 m.kr.
Malarslitlag var sett á 2.2 km langan kafla frá Litlu-Giljá að Öxl og undirbyggður 0.9 km langur kafli á Axlarbölum.

13—14 Í Langadal:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.7 m.kr. (Lánsheimild var 10.0 m.kr.).
Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 4,4 m.kr.
Gengið var frá og ekið slitlagi í 2.7 km langan kafla um Æsustaðaskriður og lagður 0.8 km frá Svínvetningabraut suður fyrir Hólahorn.

15 Hjá Vatnshlíð:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).
Framkvæmdum var frestað til næsta árs af hagkvæmnisástæðum.

17 Um Vallhólma:
Fjárveiting var 16.0 m.kr. Lokið var að mestu við 1.3 km langan kafla frá fyrra ári um Sólvelli.

72 **Hvammstangavegur**

01 Norðurlandsvegur — Hvammstangi:
Fjárveiting var 1.0 m. kr. Fjárveiting rann til frágangs á 0.5 km löngum kafla frá Brekkugötu að olíustöð.

74 **Skagastrandarvegur**

02 Um Hafursstaðaá og Ytri-Ey:

Fjárveiting var 15.0 m.kr. Endurbyggður var 1.5 km langur kafli frá Eyjarkoti að Hafursstöðum, byggt nýtt ræsi á Ytri-Eyjará og tengd ný brú yfir Hafursstaðaá.

75 **Sauðárkróksbraut**

02—03 Varmahlíð — Sauðárkrókur:

Fjárveiting var 8.0 m.kr. Endurbyggður var 0.5 km langur kafli um Ytra-Skörðugil.

05 Austur-Eylendi:

Fjárveiting var 35.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 3.1 m.kr. (Lánsheimild var 15.0 m.kr.).

Lokið var við 5.8 km langan kafla frá Narfastöðum að nýjum vegamótum Hegranesvegar eystri, vestan Litlagarðs, og þar með tengd ný brú yfir Austurós Héraðsvatna.

Hegranesvegur eystri var lengdur 1.4 km norður Garðsás að nýja veginum.

Undirbyggður var 0.9 km langur kafli norðan Utanverðuness.

76 **Siglufjarðarvegur**

04—05 Um Óslandshlíð:

Fjárveiting var 14.0 m.kr. Endurbyggður var 4.1 km langur kafli frá Stóragerði að Marbæli og 0.3 km langur kafli um Miklahólsgil.

10 Almenningsnöf — Siglufjörður:

Fjárveiting var engin, en innstæða að upphæð 1.6 m.kr. var notuð til kortagerðar og forhönnunar.

82 **Ólafsfjarðarvegur**

02 Molastaðir — Reykjarhóll:

Fjárveiting var 6.0 m.kr. Byggður var 0.8 km langur kafli frá Molastöðum að Reykjarhóli.

1 **Norðurlandsvegur**

01 Um Öxnadalsheiði:

Fjárveiting var 25.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 3.3 m.kr. (Lánsheimild var 10.0 m.kr.).

Byggður var 1.5 km langur kafli um Gilsá og ekið malarslitlagi á 8.5 km langan kafla frá Grjótá að Öxnadalsá.

05 Norðan Akureyrar:

Fjárveiting var 40.0 m.kr. (Lánsheimild var 12.0 m.kr.).

Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 7.0 m. kr.

Byggður var 1.0 km langur kafli á Moldhaugnahálsi.

Lagfært var sig á 3.5 km löngum kafla frá Blómsturvöllum að Moldhaugum og ekið var malarslitlagi á 4.6 km langan kafla frá Blómsturvöllum að Moldhaugnahálsi.

11 Um Svalbarðsströnd:

Fjárveiting var 20.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).

Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 1.7 m.kr.

Ekið var burðarlagi í 1.2 km langan kafla frá Sólbergi að Heiðarholti og malarslitlagi í 3,3 km langan kafla frá Sólbergi að Breiðabóli.

12 Víkurskarð:
Fjárveiting var 50.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 3.5 m.kr. (Lánsheimild var 30.0 m.kr.).
Undirbyggður var 2.1 km langur kafli frá Miðvíkurrétt að vesturbrún Hrossadals og 1.9 km langur kafli frá austurbrún Hrossadals að miðju skarði.

15 Ljósavatnsskarð:
Fjárveiting var 6,0 m.kr. (Lánsheimild var 4.0 m.kr.).
Byggður var 1.5 km langur kafli hjá Stórutjarnarskóla.

16 Kross — Fosshóll:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 2.3 m.kr.
Undirbyggður var 1.5 km langur kafli frá Holtakoti að Ljósavatnsá og lokið við 1.7 km langa undirbyggingu frá Skjálfandafljótsbrú að Holtakoti.

20 Brún — Máskot:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2.0 m. kr. (Lánsheimild var 2.0 mkr.).
Undirbyggður var 2.0 km langur kafli á milli Brúnar og Máskots.

20 Vestan Helluvaðs:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 6.0 m.kr. (Lánsheimild var 6.0 m.kr.).
Lagfærð var 1.1 km löng undirbygging við suðurenda Másvatns.
Undirbyggður var og settur hluti af burðarlagi í 0.9 km langan kafla við Brattás og undirbyggður og settur hluti af burðarlagi í 0.8 km langan kafla við Stangarveg.

21 Vindbelgur — Neslandavík:
Fjárveitingv ar 8.0 m.kr. (Lánsheimild var 2.0 m.kr.).
Byggður var 1,4 km langur kafli frá Vindbelg að Neslandaborg.

802 Ólafsfjarðarvegur eystri

02 Ólafsfjörður — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.0 m.kr. (Lánsheimild var 4,0 m.kr.).
Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 5.2 m.kr.
Keypt var efni í ræsi á Burstabrekkuá og ekið burðarlagi í 0.6 km langan kafla frá Gagnfræðaskóla að Ólafsfjarðarvatni.

82 Ólafsfjarðarvegur

03 Hámundarstaðir — Dalvík:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 1.3 m.kr.
Byggður var 1.4 km langur kafli um Hrísatjörn. Eftir er að aka hluta af burðarlagi og slitlagi í kaflann.

85 Norðausturvegur

01—02 Kaldakinn:
Fjárveiting var 12.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 1.5 m. kr.
Lokið var við 2,4 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Fremstafellsvegi.

07—08 Tjörnes:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Byrjað var á sprengingum og lagfæringum á 0.3 km löngum kafla í Gerðibrekku.

12 Sunnan Brunnár:
Fjárveiting var 20.0 m. kr. Byggður var 2.2 km langur kafli sunnan Brunnár.

15 Við Kópasker:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Byggður var 1.3 km langur kafli um Kópasker og lagfærðir tveir snjóþungir staðir norðan Kópaskers.

17 Melrakkaslétta:
Fjárveiting var 18.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).
Vestan Sigurðarstaðavatns var byggður 2.5 km langur kafli, sem eftir er að ganga frá.
Undirbyggður var 0.4 km langur kafli um Sigurðarstaðavatn og gengið frá 5.2 km löngum kafla, sem lagður var árið 1976.

25 Syðra-Áland — Hafralónsá:
Fjárveiting var 12.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 3.7 m.kr.
Byggður var 2.3 km langur kafli frá Hölkná að Laxá.

1 Austurlandsvegur

13 Lagarfljótsbrú — Norðfjarðarvegur:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 4.1 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.). Byggður var 2.2 km langur kafli frá Lagarfljótsbrú að vegamótum Norðfjarðarvegar, auk afleggjara að flugstöðvarbyggingu. Eftir er að leggja jöfnunarlag og bundið slitlag á kaflann.

25 Axarvegur — Urðarteigur:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Byggður var 1.4 km langur kafli innan við Lindarbrekku og byrjað á undirbyggingu vegarins utan við bæinn.

29 Melrakkanes — Hof:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Lagt var slitlag á 9.0 km langan kafla frá Blábjörgum að Hofsá.

30—32 Fyrir Hvalneshorn:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 7.2 m.kr. (Lánsheimild var 10.0 m.kr.). Byggður var 14.5 km langur bráðabirgaðvegur milli Þvottár og Hvalness. Vegurinn fellur að hluta til að endanlegu vegarstæði. Tengdar voru brýr á Þvottá og Hvaldalsá.

34 Brekka — Þorgeirsstaðir:
Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 3.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr..). Undirbyggður var 1.8 km langur kafli milli Karlsár og Hlíðarár.

40 Um Kolgrímu:
Fjárveiting var 16.0 m.kr. Byggður var 2.0 km langur kafli og tengd brú á Kolgrímu.

44—45 Jökulsá—Kvíá:
Fjárveiting var 20.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.3 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.) Lagt var slitlag á 10 km kafla milli Jökulsár og Breiðárfarvegar og lokið við snyrtingu á kaflanum. Undirbyggður var 2.4 km langur kafli frá Breiðárfarvegi að Hrútá. Lagt var slitlag á 4.0 km langan kafla milli Hrútár og Vattarár. Lagt var jöfnunarlag og slitlag á 3.3 km langan kafla milli Vattarár og Kvíár.

85 **Norðausturvegur**

12 Teigará—Bæjaröxl:

Fjárveiting var 20.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4.0 m.kr. (Lánsheimild var 5.0 m.kr.).

Lokið var við 2.0 km kafla meðfram Þuríðarvatni, sem undirbyggður var 1976.

Byggður var 3.0 km langur kafli frá Þuríðarvatni að Burstafellsbrún.

92 **Norðfjarðarvegur**

03 Mjóafjarðarvegur—Neðsta brú:

Fjárveiting var 6.0 m.kr.

Fyllt var ræsi og hækkaður vegur á 0.3 km kafla um Launá.

Vegna hækkunar Neðstu brúar var vegur hækkaður þar á 0.2 km kafla.

10—11 Gangamunni E.—Nesk.:

Fjárveiting var 100.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 15.0 m.kr. (Lánsheimild var 20.0 m.kr.). Bráðabirgðalán sbr. 2.3.0.3 frá Seðlabanka Íslands var 28.0 m.kr.

Steyptur var 65 m langur forskáli Norðfjarðarmegin og fyllt yfir hann með jarðvegi. Lagt var burðarlag í göngin, gengið frá lögnum í gólfi og öryggisnet fest í gangaloft. Lokið var raf- og ljósabúnaði í göngunum.

Steyptir voru stoðveggir og settir upp stálbogar í útskoti til varnar hruni.

Lokið var uppsetningu á hurðum í gangamunnum.

93 **Seyðisfjarðarvegur**

03 Sýslumörk—Kaupstaður:

Fjárveiting var 11.0 m.kr.

Greidd var 3.4 m.kr. skuld frá fyrra ári til Vatnsdalseyrarvegar.

Unnið var við styrkingu og lagfæringar á 4.0 km löngum kafla frá kaupstað að Neðri-Staf.

96 **Suðurfjarðarvegur**

03 Hafranes—Vattarnes:

Fjárveiting var 29.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 5.7 m.kr. (Lánsheimild var 10.0 m.kr.).

Byggður var 2.9 km langur kafli frá Hafranesklifi út fyrir Kolmúla. Ólokið er lagningu á 0.2 km löngum kafla um Torfunesá, og eftir er að leggja slitlag á allan kaflann.

Hluti vinnuláns var notaður til að hækka og styrkja 0.8 km langan kafla frá ristarhliði innan við Búðir að flugvallarvegamótum.

11 Kambsvegur—Breiðdalsvík:

Fjárveiting var 5.0 m.kr.

Unnið var að lagningu ræsa í veginum, en framkvæmdum er ólokið.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

26 **Landvegur**

04 Galtalækur—Búrfell:

Fjárveiting var 5.0 m.kr. Auk þess var tekið 20.0 m.kr. bráðabirgðalán.

Undirbyggður var 18.3 km langur kafli milli Búrfells og Galtalækjar og malborinn að nokkru leyti.

204 Meðallandsvegur

01 Suðurlandsvegur—Fossar:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Vegurinn var endurbættur á tveimur stöðum, samtals 0.7 km að lengd.

206 Holtsvegur

01 Við Suðurlandsveg:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fullgerður var að mestu 0.3 km langur kafli við Suðurlandsveg.

208 Búlandsvegur

01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Fullgerður var 0.5 km langur kafli við Suðurlandsveg.

250 Dímonarvegur

01 Suðurlandsvegur — Rauðuskriður:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna ágreinings við landeigendur og hreppsnefnd V.-Eyjafjallahrepps um legu vegarins.

261 Fljótshlíðarvegur

02 Hvolsvöllur — Hlíðarendi:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Undirbyggður var 2.0 km langur kafli vestan við Breiðabólstað. Einnig var breikkuð brú ofan við Hvolsvöll.

268 Þingskálavegur

02—03 Þingskálar — Næfurholt:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Fullgerður var 2.2 km langur kafli milli Kaldbaks og Bolholts.

286 Hagabraut

01—02 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Undirbyggður var og mölborinn að nokkru 0.5 km langur kafli við Mykjunes.

30 Hrunamannavegur

04 Um Laxárholt:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Fullgerður var um 0.3 km langur kafli um Laxárholt.

32 Þjórsárdalsvegur

01 Hrunamannavegur — Þrándarholt:
Fjárveiting var 5.0 m.kr., og var henni varið til ýmissa lagfæringa á 3.0 km löngum kafla milli Sandlækjarholts og Þrándarholts.

35 Biskupstungnabraut

06 Um Litla-Fljót:
Fjárveiting var 22.0 m.kr. Byggður var 1.5 km langur kafli milli Torfastaða og Brautarholts. Eftir er að mölbera veginn og frágangur er eftir að hluta.

37 Laugarvatnsvegur

02 Um Laugarvatn:
Fjárveiting var 14.0 m.kr. Undirbyggingu er að mestu leyti lokið á 0.9 km löngum kafla um Laugarvatn. Eftir er að leggja slitlag á kaflann og frágangur er að mestu eftir.

302 Urriðafossvegur

01 Egilsstaðir — Villingaholtsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Vegurinn var hækkaður og endurbættur á þrem stöðum, alls um 0.2 km á lengd.

305 Villingaholtsvegur

01 Við Villingavatn:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Hækkaður var og endurbættur 0.2 km langur kafli við Villingavatn.

21 Vogavegur

01 Reykjanesbraut — Vogar:
Fjárveiting var 8.0 m. kr. Lagfærður var 1.5 km langur kafli frá Reykjanesbraut að Vogum og hann lagður olíumalarslitlagi.

22 Njarðvíkurvegur

01 Reykjanesbraut — Innri-Njarðvík:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Lagfærður var 0.6 km langur kafli frá Reykjanesbraut að Innri-Njarðvík og hann lagður olíumalarslitlagi.

44 Hafnarvegur

03 Stapafellsvegur — Hafnir:
Fjárveiting var 13.0 m.kr. og fór til greiðslu skuldar. Tekið var 12.0 m.kr. bráðabirgðalán út á fjárveitingu 1978. Lagt var olíumalarslitlag á 1.7 km langan kafla frá Stapafellsvegi í átt að Höfnum.

461 Meðalfellsvegur

01 Vesturlandsvegur — Kjósarskarðsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Lagfærður var og styrktur um 5.0 km langur kafli um Meðalfellsvatn.

50 Borgarfjarðarbraut

03 Um Fossatún:
Fjárveiting var engin en innstæða frá fyrra ári var 0.5 m.kr., sem notuð var til hækkunar á snjóþungum kafla um Fossatún.

52 Uxahryggjavegur

03 Hjá Þverfelli:
Fjárveiting var 1.0 m.kr., sem notuð var til greiðslu skuldar frá 1976.

56 Stykkishólmsvegur

02 Á Kerlingarskarði:
Fjárveiting var 12.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 9.8 m.kr.
Unnið var við frágang og snyrtingu og lagfærðir snjóastaðir í Seljafelli.

59 Laxárdalsvegur

02 Gröf — Sýslumörk:

Fjárveiting var 8.0 m.kr. Greidd var skuld frá 1976 að upphæð 7.4 m.kr.

Tekið var 5.6 m.kr. lán frá 590—04 Klofningsvegi, og ennfremur bráðabirgðalán að upphæð 13.0 m.kr.

Byggður var 1.2 km langur kafli norðan Hólkotsár, ekið var burðarlagi í 1.9 km langan kafla norðan Sólheima og undirbyggður var 1.5 km langur kafli um Mýrdal.

503 Akrafjallsvegur

02 Við Akranes:

Fjárveiting var 2.0 m.kr., sem varið var til greiðslu á skuld frá 1976 vegna vegagerðar á 0.2 km löngum kafla við bæjarmörkin.

511 Hvanneyrarvegur

01 Vesturlandsvegur — Hvanneyri:

Fjárveiting var 8.0 m.kr. Greidd var 3.5 m.kr. skuld frá fyrra ári.

Ráðstöfunarfé var varið til byggingu á 0.4 km löngum tengivegi að gamla skólahverfinu.

Enn er eftir að ljúka byggingu vegar frá 1976, en þar er vegur ekki kominn í fulla hæð og ólokið er akstri slitlags og frágangi utan vegar.

514 Laugarholtsvegur

01 Bæjarsveitarvegur — Laugarholt:

Fjárveiting var 5.0 m.kr., auk þess fékkst heimild til að taka 11.0 m.kr. bráðabirgðalán.

Notaðar voru 6.5 m.kr. af þeirri heimild á þessu ári.

Lokið var nýbyggingu á 1.5 km löngum kafla norðan við Bæjarhverfið. Frágangi utan vegar er að mestu lokið, eftir er sáning í kanta og uppgjör landbóta.

519 Reykholtsdalsvegur

01 Stóri-Ás — Giljar:

Fjárveiting var 5.0 m.kr., og fór hún til greiðslu bráðabirgðaláns frá 1976.

528 Norðurárdalsvegur

01 Vesturlandsvegur — Skarðshamrar:

Fjárveiting var engin, en 1.0 m.kr. eftirstöðvar frá 1976, voru notaðar til hækkunar á alls 0.2 km köflum um Landamerkjagil og framan Hamars á milli Skarðshamra og Glitstaða.

574 Útnesvegur

Snjóastaðir:

Fjárveiting var 8.0 m. kr. Hækkaður og styrktur var 4.0 km langur kafli frá Öxl að Kambi og 1.0 km langur kafli við Hamraenda.

576 Framsveitarvegur

01 Um Bár (Snjóastaðir):

Fjárveiting var engin, en tekið var 3.5 m.kr. bráðabirgðalán. Hækkaður var um 0.5 km langur kafli við Suður-Bár.

586 Haukadalsvegur

01 Vestfjarðavegur — Smyrlahóll:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. og enn fremur 9.8 m.kr. innstæða frá 1976.
Lokið var við 2.0 km langan kafla frá Haukadalsárbrú hjá Hömrum og Tæpu innan við Núp. Ennfremur endurbyggður um 1.7 km langur kafli frá Tæpu að Smyrlahóli, auk annarra lagfæringa á ýmsum stöðum á Haukadalsvegi.

590 Klofningsvegur

04 Um Klofning
Fjárveiting var 20.0 m.kr. Endurgreidd var 13.5 m.kr. skuld frá 1976. Lánaðar voru 5.6 m.kr. til 59 Laxárdalsvegar og framkvæmdum frestað.

605 Tröllatunguheiðarvegur

01 Svarfhóll — Litla-Brekka:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lagfærður var snjóastaður milli Svarfhóls og Litlu-Brekku.

02 Um Tröllatungu:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Lagfærðir voru snjóastaðir neðan Tröllatungu.

612 Örlygshafnarvegur

03 Um Vörðubrekku:
Fjárveiting var 2.9 m.kr. Lagfærðir voru svellastaðir í Vörðubrekku.

615 Kollsvíkurvegur

01 Örlygshafnarvegur — Sellátranes:
Fjárveiting var 1.7 m.kr. Vegurinn var styrktur á 1.9 km kafla milli Geitagils og Tungu.

619 Ketildalavegur

03 Bíldudalur — Bakkadalsá:
Fjárveiting var 4.3 m.kr. Byggðir voru þrír nýir vegakaflar á svokölluðum Hvilftum, samtals 1.5 km langir.
Tengdust þannig saman nýbyggingar fyrri ára.

624 Ingjaldssandsvegur

01 Gemlufell — Gerðhamrar:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var 1.0 m.kr. bráðabirgðalán frá 1976.

03 Um Sandsheiði:
Fjárveiting var 3.0 m. kr. Fullbyggður var 0.9 km langur kafli á Sandsheiði.

625 Valþjófsdalsvegur

02 Þórustaðir — Grundarendi:
Fjárveiting var 4.4 m.kr. Endurbyggður var 0.7 km langur snjóakafli um Grundarenda. Auk þess voru lagfærðar vegrásir og vegur breikkaður.

633 Vatnsfjarðarvegur

03 Vatnsfjörður — Kelda:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Endurbyggður var 0.6 km langur kafli við Bjarnarskarð. Ennfremur voru lagfærðir tveir svellastaðir við Karlmannaá.

635 Snæfjallastrandarvegur

02 Um Hamar:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Lagfærður var 0.3 km langur snjóakafli við Hamar.

641 Krossárdalsvegur

01 Hólmavíkurvegur — Gröf:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lagfærður var snjóastaður á 0.5 km löngum kafla.

645 Drangsnesvegur

02 Drangsnes:
Fjárveiting var 21.8 m.kr. Fullbyggður var 0.6 km langur kafli í gegnum þéttbýlið á Drangsnesi.

64 Flateyrarvegur

01 Um Breiðadalsá:
Fjárveiting var 3.5 m.kr. Endurbyggður var 0.7 km langur kafli utan Breiðadalsár.

65 Súgandafjarðarvegur

01 Um Botnsheiði:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1.9 m.kr.
Hækkaður var og endurbyggður vegurinn á um 1.2 km löngum mjög snjóþungum kafla á Botnsheiði.

702 Heggstaðanesvegur

01 Norðurlandsvegur — Bessastaðavegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Endurbyggður var 0.3 km langur kafli við Sandá.

704 Miðfjarðarvegur

01 Norðurlandsvegur — Vesturárdalsvegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

03 Bjarg — Laugabakki:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Undirbyggður var 1.7 km langur kafli hjá Bergsstöðum.

711 Vatnsnesvegur

06 Vesturhópshólar — Síðuvegur:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. Byggður var 1.7 km langur kafli sunnan Syðri-Þverár.

726 Auðkúluvegur

01 Reykjabraut — Svínvetningabraut:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Keyrt var malarslitlag í 1.7 km langan kafla frá vegamótum Reykjabrautar að Mosfelli og undirbyggður 0.8 km langur kafli sunnan Mosfells.

734 Svartárdalur

02 Bergsstaðir — Stafn:
Fjárveiting var 11.0 m.kr. Byggður var 3.0 km langur kafli frá Kúlustöðum að Stafni.

741 Neðribyggðarvegur

01 Skagastrandarvegur — Skagastrandarvegur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Byggður var 0.4 km langur kafli við Sölvabakka.

745 Skagavegur

01 Skagastrandarvegur — Hlíð:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Byggður var 1.1 km langur kafli frá Hofsá að Brekknavegi.

03 Krókssel — Hafnaá:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Lokið var við 1.3 km langan kafla frá Laxá að Tjörn.

06 Keta — Selnes:
Fjárveiting var engin, en tekið bráðabirgðalán að upphæð 1.9 m.kr.
Undirbyggður var 1.3 km langur kafli sunnan Ketubjarga.

09 Þverárfjallsvegur — Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 22.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 3.3 m.kr. Unnið var að undirbyggingu á 6.3 km löngum kafla á Laxárdalsheiði.

752 Skagafjarðarvegur

01 Norðurlandsvegur — Efribyggðarvegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Tengd var ný brú yfir Borgará með 0.25 km löngum kafla.

754 Héraðsdalsvegur

01 Skagafjarðarvegur — Kjálkavegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var lán frá fyrra ári.

755 Svartárdalsvegur

01 Skagafjarðarvegur — Ánastaðir:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Byggður var 1.1 km langur kafli norðan Ánastaða.

758 Austurdalsvegur

01 Skagafjarðarvegur — Merkigilsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Ræsi var sett á Einilæk og snjóþungir staðir í grenndinni lagfærðir.

762 Sæmundarhlíðarvegur

01 Sauðárkróksbraut — Fjall:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Greitt var lán frá árinu 1975.

764 Hegranesvegur vestri

01 Hegranesvegur eystri — Helluland:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

786 Sléttuhlíðarvegur

01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 1.5 m.kr. Byggður var 0.7 km langur kafli sunnan við Hraun.

789 Sléttuvegur

01 Siglufjarðarvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 5.2 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 3.0 m.kr.
Ekið var hluta af burðarlagi í tvo 0.2 km langa kafla við Siglufjarðarveg og Stórubrekku.
Byggður var 0.3 km langur kafli við Stóru-Þverá og jafnaður og lagfærður 1.0 km langur kafli meðfram aðveituskurði, sem Rafveita Siglufjarðar byggði, sunnan Stóru-Þverár.

805 Svarfaðardalsvegur

01 Ólafsfjarðarvegur — Tunguvegur:
Fjárveiting var 7.5 m.kr. Byggður var 1.1 km langur kafli frá Ytra-Garðshorni að Bakka.

812 Bakkavegur

01 Ólafsfjarðarvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 4.6 m.kr. Undirbyggður var 0.8 km langur kafli við Hjalteyrarskóla.

815 Hörgárdalsvegur

01 Norðurlandsvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

822 Kristnesvegur

01 Eyjafjarðarbraut v. — Eyjafjarðarbraut v.:
Fjárveiting var 6.4 m.kr. Byggður var 0.6 km langur kafli um Reykhús.

826 Hólavegur

01 Eyjafjarðarbraut v. — Sölvadalsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Byggður var 0.4 km langur kafli um Hóla, en frágangi er ólokið.
Einnig voru lagfærðir tveir snjóþungir staðir, samtals 0.35 km að lengd.

832 Vaðlaheiðarvegur

01 Norðurlandsvegur — Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Lagfærður var 0.5 km langur kafli vestan við gömlu Fnjóskárbrúna.

835 Fnjóskadalsvegur eystri

01 Norðurlandsvegur — Böðvarsnes:
Fjárveiting var 5.0 m. kr. Byggður var 0.3 km langur kafli um Hallgilsstaði.

841 Fremstafellsvegur

01 Norðurlandsvegur — Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 0.8 m.kr. Styrktur var 1.5 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Hriflu.

843 Lundarbrekkuvegur

01 Bárðardalsvegur eystri — Víðiker:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

844 Bárðardalsvegur eystri

02 Arnarstaðir — Bárðardalsvegur vestri:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Byggður var 1.5 km langur kafli við Sunnuhvol.

847 Stafnsvegur

01 Norðurlandsvegur — Stafn:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greidd var 0.4 m.kr. skuld frá fyrra ári.
Vegurinn var styrktur á samtals 2.0 km löngum kafla.

848 Mývatnssveitarvegur

02 Garður — Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var engin, en framkvæmdir fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði, láni úr viðlagasjóði og með vinnulánum.
Byggður var 6.1 km langur kafli frá Norðurlandsvegi suður fyrir Geiteyjarströnd og lagfærðir fjórir snjóþungir staðir, samtals 0.95 km langir.
Kostnaður reyndist tæpar 45 m.kr.

849 Baldursheimsvegur

01 Mývatnssveitarvegur — Litla-Strönd:
Fjárveiting var 2.7 m.kr. Byggður var 0.3 km langur kafli hjá Heiði og lagfærðir snjóþungir staðir á kaflanum Gautlönd — Heiði.

851 Útkinnarvegur

01 Norðausturvegur — Nípá:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Endurbyggður var 1.9 km langur kafli frá Leikskálaá að Ártúni.
Ekið var burðarlagi í 0.7 km langan kafla af vetrarvegi neðan við Geirbjarnarstaði.

852 Sandsvegur

01 Norðausturvegur — Sandur:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Byggður var 2.2 km langur kafli frá Norðausturvegi, og hjá Hraunkoti var endurbyggður 1.7 km langur kafli, sem eftir er að ganga frá.

856 Laxárdalsvegur

01 Staðarbraut — Halldórsstaðir:
Fjárveiting var 4.5 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna anna í Mývatnssveit.

865 Gilsbakkavegur

01 Norðausturvegur — Gilsbakki
Fjárveiting var 8.7 m.kr. Frá Gilsbakka að Gilsbakkaá var byggður 1.4 km langur kafli, sem eftir er að ganga frá, og lagfærð var 2.0 km löng nýbygging frá árinu 1976.

866 Austursandsvegur

01 Norðausturvegur — Skógavegur:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Byggður var 2.2 km langur vegur frá Norðausturvegi að Sandá.

94 Borgarfjarðarvegur

04 Steinsvaðsvegur — Hjaltastaðavegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

917 Hlíðarvegur

02 Hallgeirsstaðir — Eyjavegur:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Lokið við byggingu 1.0 km kafla á Sleðbrjótsmóa sem undirbyggður var 1975.
Lagt slitlag á 4.0 km kafla frá Kaldá að Eyjaselsvegi.

922 Grófarselsvegur

01 Hlíðarvegur — Grófarsel:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Unnið var að endurbótum á 2.0 km löngum kafla, en mölburði var ekki að fullu lokið.

924 Jökuldalsvegur eystri

02 Refshöfði — Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

925 Hróarstunguvegur

04 Vífilsstaðir — Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 14.0 m.kr. Unnið var að gerð grjótvarnar meðfram Urriðavatni á nokkrum stöðum.
Unnið var að styrkingu á 5.5 km löngum kafla frá Austurlandsvegi að Rangá.

926 Húseyjarvegur

01 Tunguvegur — Geirastaðir:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Lokið var við 1.0 km langan kafla sem undirbyggður var 1975 utan við Galtastaði og þaðan byggður 1.5 km langur kafli að Geirastöðum.
Tengd var brú á Galtastaðalæk.

931 Upphéraðsvegur

01 Austurlandsvegur — Rauðilækur:
Fjárveiting var 12.0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 9.1 m.kr.
Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári 2.1 m kr.
Unnið var að byggingu 2.4 km löngum kafla milli Ekkjufells og Setbergs.
Styrktur og endurbættur var 3.0 km langur kafli frá Setbergi og inn fyrir Rauðalæk.

08 Hallormsstaðir — Gunnlaugsstaðir:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

938 Múlavegur syðri

01 Skriðdalsvegur — Birkihlíð:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 2.6 m.kr.
Undirbyggður var 2.5 km langur kafli frá Skriðdalsvegi að Birkihlíð.

951 Vestdalseyrarvegur

03 Vestdalseyri — Sunnuholt:
Innstæða frá fyrra ári var 5.2 m.kr. Greidd var 3.4 m.kr. skuld frá Seyðisfjarðarvegi (sbr. 93—03).
Byggður var 1.5 km langur kafli frá Vestdalseyri og út fyrir Grýtuáreyri.
Að öðru leyti var unnið að endurbótum og styrkingu á öllum veginum.

953 Mjóafjarðarvegur

01 Norðfjarðarvegur — háheiði:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. Bráðabirgðalán 2.5 m.kr.
Greidd var 3 0 m.kr. skuld frá fyrra ári.
Undirbyggður var 2.4 km langur kafli innst á Slenjudal.

962 Norðurdalsvegur

01 Austurlandsvegur — Norðurdalsá:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Byggður var 1.4 km langur kafli frá Tinnu um Háaleiti og 0.7 km langur kafli neðan við Gilsárstekk.
Ennfremur var mölborinn 5.0 km langur kafli á veginum.

2.3.3. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 40.0 m kr., og var varið 26.7 m.kr. til girðinga, en 13.3 m.kr. til landgræðslu. Auk þess var varið til uppgræðslu 36.0 m kr. vegna nýbygginga, sem unnar hafa verið á síðustu árum. Til landgræðslu var því varið 49.3 m.kr.

Eins og á síðustu árum var gerður verksamningur við fyrirtækið Sáning h.f. um sáningu og dreifingu á áburði.

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting milli áburðardreifingar og sáningar í hverju kjördæmi á árinu 1977.

Kjördæmi	Áburðar-dreifing ha	Sáning ha	Samtals ha
Suðurland	102	–	102
Reykjanes	48	10	58
Vesturland	17	119	136
Vestfirðir	13	138	151
Norðurland vestra	85	33	118
Norðurland eystra	78	39	117
Austurland	108	7	115
Samtals	451	346	797

Gerð var úttekt á því hvað eftir er að græða upp marga hektara og sýnir eftirfarandi tafla þá úttekt.

Kjördæmi	Fjöldi hektara
Suðurland	120
Reykjanes	80
Vesturland	600
Vestfirðir	430
Norðurland vestra	140
Norðurland eystra	725
Austurland	300
Samtals	2 395

Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt girðingarlögum um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok var gerð könnun á, hve mikið væri óbætt af slíkum kröfum og kom í ljós, að þær námu 426.0 m.kr. Í árslok 1976 námu kröfur um girðingar 311.5 m.kr. og nemur því hækkunin á eldri kröfum vegna verðbreytinga ásamt nýjum kröfum 114.5 m.kr. þrátt fyrir 26.7 m.kr. fjárveitingu á árinu.

2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

Fjárveiting var 14.0 m. kr.

1. **Kaldadalsvegur:**

   Fjárveiting var 1.6 m.kr., og var henni varið til almenns viðhalds á veginum. Ennfremur var endurbyggt ræsi á Lambá ofan við Húsafell.

2. **Kjalvegur:**

   Fjárveiting var 3.5 m.kr. Mölborinn var stór hluti kaflans frá Eiðstaðavegamótum að Lambasteinsdragi við Sandá og lagfærð úrrennsli og vöð á allri leiðinni. Einnig var öll leiðin hefluð og framkvæmdar ýmsar minni háttar lagfæringar.

3. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

   Fjárveiting var 2.2 m.kr. Leiðin var hefluð og framkvæmdar ýmsar minni háttar lagfæringar. Einnig var mölborinn 1.0 km langur kafli við Frostastaðavatn.

4. Sprengisandsleið:

Fjárveiting var 6.7 m.kr. Greidd var 0.6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Tengd var ný brú yfir Mjóadalsá hjá Mýri og frá Jökulsá eystri að Laugarfelli var vegurinn hreinsaður og mölborinn. Lagfærðir voru sneiðingar ofan Þorljótsstaða og í Hólafjalli. Lagfært var vað á Tungnaá í Jökuldal og gerður við hana varnargarður. Gert var við skemmdir vegna flóða við Köldukvísl. Einnig var mestur hluti leiðarinnar heflaður og framkvæmdar ýmsar minni háttar lagfæringar.

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting til annarra fjallvega var 17.0 m.kr. og var henni skipt, eins og hér greinir:

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús.kr.	
1. Afréttarvegur Hörgslandshrepps	Suðurland	50	
2. Vegur að Laka	—	200	
3. Afréttarvegur Kirkjubæjarhrepps	—	100	
4. Gjátindsleið austan Eldgjár	—	100	
5. Brú á Illagilsá	—	100	
6. Vegur á Sólheimajökli	—	100	
7. Vegur á Fimmvörðuháls	—	200	
8. Afréttarvegur V.-Eyjafjallahrepps	—	80	
9. Afréttarvegur Hvolhrepps	—	200	
10. Fjallabaksvegur syðri	—	250	
11. Vegir í Þjórsárdal	—	150	
12. Afréttarvegur Gnúpverja	—	80	
13. Afréttarvegur Hrunamanna	—	150	
14. Vegur á Haukadalsheiði	—	200	
15. Hlöðuvallavegur	—	200	
16. Afréttarvegur Flóa og Skeiða	—	80	
			2 240
17. Bláfjallavegur	Reykjanes	2 000	
18. Vegur að Hamragili	—	100	
19. Vegur að Djúpavatni	—	100	
20. Gamli Þingvallavegurinn	—	200	
21. Vegur að Skálafelli	—	250	
			2 650
22. Vegur að Langavatni	Vesturland	295	
23. Vegur að Arnarvatnsheiði	—	100	
24. Vegur fram með Kjarrá	—	150	
25. Vegur að Langjökli	—	650	
26. Vegur um Grenjadal	—	40	
27. Vegur að Grettisbæli	—	215	
28. Vegur á Snæfellsjökul	—	400	
29. Vegur um Haukadalsskarð	—	250	
			2 100
30. Afréttarvegur fram Laxárdal	Vestfirðir	100	
31. Vegur að Kópanesvita	—	100	
32. Vegur um Kollafjarðarheiði	—	200	
33. Vegur um Dalsheiði	—	600	
34. Vegur í Skálavík	—	180	
35. Vegur í Nesdal	—	100	
36. Vegur um Steingrímsfjarðarheiði	—	500	
			1 780

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús.kr.	
37. Vegur um Arnarvatnsheiði	Norðurland vestra	250	
38. Vegur um Víðidalstunguheiði	—	250	
39. Vegur yfir Vatnsnesfjall	—	50	
40. Vegur um Grímstunguheiði	—	370	
41. Vegur úr Vatnsdal á Kjalveg	—	50	
42. Vegur um Eyvindarstaðaheiði	—	370	
43. Ýmsir fjallvegir í A.-Húnavatnssýslu	—	100	
44. Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsdal	—	250	
45. Ýmsir fjallvegir í Skagafirði	—	100	
46. Vegur í Lambahraun	—	200	
47. Vegur um Hrollleifsdal	—	250	
			2 240
48. Hörgárdalsheiði	Norðurland eystra	50	
49. Vegur að afrétt Svarfaðardalshrepps	—	50	
50. Vegur um Leirdalsheiði	—	150	
51. Vegur um Flateyjardalsheiði	—	150	
52. Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	—	100	
53. Vegur fram Eyjafjarðardal	—	480	
54. Vegur norður Látraströnd	—	100	
55. Vegur í Fellsskóg	—	50	
56. Vegur í Öskju	—	400	
57. Vegur að Dettifossi (austan)	—	100	
58. Ýmsir fjallvegir í S.-Þingeyjarsýslu	—	230	
59. Vegur um Reykjaheiði og Þeistareyki	—	100	
60. Vegur og brú hjá Svartárkoti	—	100	
61. Vegur um Hólmatungur	—	150	
62. Ýmsir fjallvegir í N.-Þingeyjarsýslu	—	100	
63. Vegur við Hafralónsá	—	200	
			2 510
64. Vegur um Smjörvatnsheiði	Austurland	400	
65. Vegur milli Buðlungavalla og Skjögrastaða	—	300	
66. Vegur að Snæfelli	—	580	
67. Vegur á Þorvaldsstaðaafrétt	—	400	
68. Vegur í Kollumúla	—	400	
69. Vegur um Stuðlaheiði	—	300	
			2 380
70. Ferðafélag Íslands (sæluhús)		300	
71. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)		200	
72. Sæluhús á Norður- og Austurlandi		200	
73. Óskipt		400	
			1 100
	Alls		17 000

2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 1.0 m.kr. og inneign frá fyrra ári nam 240 þús.kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

1.	Hestamannafélagið	Geysir, Rangárvöllum	75 þús. kr.
2.	—	Sleipnir, Selfossi	150 — —
3.	—	Máni, Suðurnesjum	75 — —
4.	—	Sörli, Hafnarfirði	100 — —
5.	—	Gustur, Kópavogi	75 — —
6.	—	Fákur, Reykjavík	100 — —
7.	—	Hörður, Kjósarsýslu	100 — —
8.	—	Dreyri, Akranesi	75 — —
9.	—	Snæfellingur, Snæfellsnesi .	50 — —
10.	—	Glaður, Dalasýslu	50 — —
11.	—	Þytur, V.-Húnavatnssýslu	50 — —
12.	—	Funi, Eyjafirði	40 — —
13.	—	Léttir, Akureyri	100 — —
14.	—	Hornfirðingur, Hornafirði .	200 — —
		Alls	1 240 þús. kr.

2.4.4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Fjárveiting var 12.0 m.kr.
Í samráði við Náttúruverndarráð var fjárveitingu skipt eins og hér segir:

1.	Þórsmörk		0,3 m.kr.
2.	Sprengisandur, Kiðagilshnúkur		0,2 —
3.	Dómadalsleið		0,2 —
4.	Þjórsárdalur (Gjá, Þjófafoss, Hjálparfoss o. fl.)		0,3 —
5.	Þingvellir		1,5 —
6.	Þjófadalir		0,3 —
7.	Bláfjöll		1,0 —
8.	Steðji		0,1 —
9.	Látrabjarg		1,7 —
10.	Jökulsárgljúfur (Vesturdalur, Dettifoss)		3,0 —
11.	Skaftafell		0,9 —
12.	Bílastæði:		
	Eyvindarkofaver	0,2	
	Hvítárnes	0,4	
	Hraunfossar	0,1	
	Hólahólar, Snæfellsnes	0,2	
	Vatnsfjörður	0,2	
	Dimmuborgir	0,2	
	Askja	0,3	
	Ásbyrgi	0,2	
	Þórisdalur	0,1	
			1,9 —
13.	Aðrir staðir		0,6 —
		Alls	12,0 m.kr.

2.5 TIL BRÚAGERÐA.

2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

Hólsá á Sólheimasandi (1)

Byggð var 14 m löng steypt brú í einu hafi. Kom hún í stað gamallar brúar. Kostnaður var áætlaður 12 m.kr.

Urriðaá á Mýrum (54):

Byggð var 10 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Brúin kom í stað gamallar mjórrar brúar. Var þar með úr sögunni síðasta brúin á Ólafsvíkurvegi, sem ekki náði 2.5 m breidd. Áætlaður kostnaður var 12 m.kr.

Litlueyrará hjá Bíldudal (63):

Byggð var 10 m löng steypt plötubrú í einu hafi með tvöfaldri akbraut. Kom hún í stað ónýtrar gamallar brúar með vonda aðkeyrslu. Kostnaður var áætlaður 13 m. kr.

Keldudalsá í Dýrafirði (622):

Byggð var 10 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Áætlaður kostnaður var 5 m.kr.

Gljúfurá (1):

Byggð var 59 m löng bitabrú úr spenntri steinsteypu í þremur höfum. Kom hún í stað gamallar brúar með vonda aðkeyrslu. Áætlaður kostnaður var 45 m.kr.

Laxá hjá Hvammi (sýsluv.):

Byggð var 23 m löng stálbitabrú með timburgólfi í tveimur höfum. Áætlaður kostnaður var 14 m.kr.

Austurós Héraðsvatna (75):

Lokið var að mestu frágangi brúarinnar, sem byggð var 1976. Þó er ólokið ryðvörn stálbita. Brúin var tekin í notkun og kemur hún í stað gömlu brúarinnar á Austurós, sem byggð var 1918, auk fleiri smærri brúa á Austur-Eylendi. Áætlaður heildarkostnaður var 94 m.kr.

Mjóadalsá hjá Mýri (aðalfjallv.):

Byggð var 45 m löng stálbitabrú með timburgólfi í þremur höfum. Var þar með úr sögunni einn erfiðasti farartálmi fyrir minni bíla á Sprengisandsleið. Áætlaður kostnaður var 34 m.kr.

Hvaldalsá (1):

Byggð var 20 m steypt bitabrú í einu hafi. Brúin er hluti nýs kafla hringvegarins fyrir Hvalneshorn. Áætlaður kostnaður var 20 m.kr.

Kolgríma (1):

Byggð var 77 m steypt plötubrú í fimm höfum. Sprengt var fyrir undirstöðum árið 1976. Brúin kom í stað 19 m langrar brúar, sem byggð var 1939. Vegna breytinga á jöklum hefur vatn aukist í Kolgrímu og hafa hlaup, sem koma í hana hér um bil árlega, jafnan rofið veginn við gömlu brúna. Er nýju brúnni ætlað að bæta úr þessu. Áætlaður heildarkostnaður var 57 m.kr.

Skeiðará (1):

Lokið var ryðvörn og málun brúar á Skeiðará. Lauk þar með frágangi brúa á Skeiðarársandi.

Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.):

Byggðar voru undirstöður 60 m stálbitabrúar með timburgólfi í þrem höfum. Áætlaður kostnaður var 10 m.kr. Fjárveiting á vegáætlun var 1 m.kr. Framlag af þjóðargjöf til landgræðslu 1974 var 6 m.kr. Gert var ráð fyrir, að sveitarsjóður Hvolhrepps lánaði það, sem á vantaði.

2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 43 m.kr. og skiptist hún þannig:

	Vegur nr.	Lengd m	Áætlaður kostn. m.kr.	Þar af fjárv. til smábrúa m.kr.	Aths.
Varmá	433	6	14,0	6,0	Endurbygging
Gróustaðaá	60	4	15,0	15,0	—
Hafursstaðaá	74	6	10,0	10,0	—
Borgará	752	4	7,0	7,0	Breikkun
Galtastaðalækur	926	8	8,0	8,0	Nýbygging
Þvottá	1	8	9,0	9,0	—
Laundalsá	92	6	4,0	4,0	Endurbygging
Grýta	Sýsluv.	4	4,0	1,0	—
		Alls	71,0	60,0	

Aðrar brúagerðarframkvæmdir.

Byggð var brú á Berjadalsá á Akranesvegi (51). Brúin er gerð sem fjögurra metra breiður stokkur undir veginn, sem heldur óskertu tveggja akgreina þversniði. Áætlaður kostnaður 9 m.kr. var greiddur af fjárveitingu til vegarins.

Grundvöllur kostnaðaráætlana.

Allar tölur um áætlaðan kostnað við brúargerð eru miðaðar við vísitölu brúagerðar 8550, en það er sú vísitala, sem áætluð var fyrir árið 1977 í núgildandi áætlun. Vísitala brúargerðar reyndist hins vegar 9260, og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi farið fram úr áætlun, sem því nemur.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Fjárveiting til sýsluvegasjóða á árinu 1977 var 154.2 m.kr. og skiptist hún milli sýslna samkv. reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1976 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga áætlaðar alls 60.8 m.kr., en urðu 61.5 m.kr., en þar af var aukaframlag samkv. 21. gr. 2. mgr. 19.4 m.kr. Tekjur samkv. 23. gr. vegalaga voru áætlaðar 1.194 þús. kr., en urðu 1.354 þús. kr. Heildartekjur samkv. þessum þremur greinum urðu þannig 62.8 m.kr. eða 0.8 m.kr. hærri en áætlað var.

Á árinu 1977 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1976, sem var 380 kr. á klst., og er það 30% hækkun frá kaupgjaldi 1. des. 1975. Samkv. því voru áætlaðar tekjur samkv. 21. og 26. gr. 112.2 m.kr. og þar af aukaframlag 17.3 m.kr.

Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1976.
(Upphæðir í þús. kr.)

	Framlög hreppsfélaga samkvæmt vegalögum		Vegaskattur af fasteignum samkv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag samkvæmt vegalögum		Samtals
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.		Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	
Gullbringusýsla	1 307	0	0	586	0	1 893
Kjósarsýsla	2 222	698	411	2 153	1 396	6 880
Borgarfjarðarsýsla	1 271	0	437	1 928	0	3 636
Mýrasýsla	1 431	0	82	3 214	0	4 727
Snæf.- og Hnappadalssýsla	2 684	0	0	3 402	0	6 086
Dalasýsla	1 012	862	0	2 139	1 725	5 738
A.-Barðastrandarsýsla	363	0	0	988	0	1 351
V.-Barðastrandarsýsla	1 297	0	0	1 386	0	2 683
V.-Ísafjarðarsýsla	1 417	583	0	1 561	1 166	4 727
N.-Ísafjarðarsýsla	515	0	0	1 264	0	1 779
Strandasýsla	883	0	112	1 642	0	2 637
V.-Húnavatnssýsla	1 080	899	0	2 848	1 798	6 625
A.-Húnavatnssýsla	1 539	915	0	2 513	1 830	6 797
Skagafjarðarsýsla	1 950	1 835	113	5 053	3 468	12 419
Eyjafjarðarsýsla	2 363	2 363	0	2 892	4 726	12 344
S.-Þingeyjarsýsla	2 590	2 590	115	5 716	5 166	16 177
N.-Þingeyjarsýsla	1 183	132	36	5 118	796	7 265
N.-Múlasýsla	1 924	1 713	48	5 352	3 426	12 463
S.-Múlasýsla	2 798	1 534	0	4 034	3 069	11 435
A.-Skaftafellssýsla	1 534	0	0	1 870	0	3 404
V.-Skaftafellssýsla	1 195	1 195	0	3 187	2 390	7 967
Rangárvallasýsla	3 217	2 650	0	5 357	5 300	16 524
Árnessýsla	6 292	1 420	0	6 197	2 840	16 749
Samtals	42 067	19 389	1 354	70 400	39 096	172 306

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1977.
(Upphæðir í þús. kr.)

	Framlög hreppsfélaga samkvæmt vegalögum		Vegaskattur af fasteignum samkv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag samkvæmt vegalögum		
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.		Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	2 342	0	450	777	0	3 569
Kjósarsýsla	6 274	418	400	3 727	1 045	11 864
Borgarfjarðarsýsla	3 300	0	2 114	3 186	0	8 600
Mýrasýsla	2 870	0	1 600	5 090	0	9 560
Snæf.- og Hnappadalssýsla	3 923	501	0	4 928	1 252	10 604
Dalasýsla	2 590	864	0	3 508	2 159	9 121
A.-Barðastrandarsýsla	933	0	0	1 603	0	2 536
V.-Barðastrandarsýsla	2 721	0	0	2 109	0	4 830
V.-Ísafjarðarsýsla	3 786	0	0	2 606	0	6 392
N.-Ísafjarðarsýsla	1 306	0	0	2 018	0	3 324
Strandasýsla	2 043	131	112	2 697	327	5 310
V.-Húnavatnssýsla	2 616	786	450	4 296	1 965	10 113
A.-Húnavatnssýsla	3 170	784	650	3 909	1 960	10 473
Skagafjarðarsýsla	5 316	1 575	1 011	8 321	3 937	20 160
Eyjafjarðarsýsla	5 370	1 724	0	4 289	4 310	15 693
S.-Þingeyjarsýsla	6 659	2 131	400	9 251	5 328	23 769
N.-Þingeyjarsýsla	2 476	472	150	7 965	1 180	12 243
N.-Múlasýsla	5 064	1 372	0	8 685	3 430	18 551
S.-Múlasýsla	4 872	935	0	5 843	2 338	13 988
A.-Skaftafellssýsla	2 217	497	0	2 924	1 243	6 881
V.-Skaftafellssýsla	3 093	1 031	0	4 824	2 577	11 525
Rangárvallasýsla	8 127	2 476	630	8 545	6 190	25 968
Árnessýsla	13 896	1 570	0	9 899	3 925	29 290
Samtals	94 964	17 267	7 967	111 000	43 166	274 364

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM.

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúum og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. des. 1976, útgefnum af Hagstofu Íslands 22. júní 1977:

Kaupstaðir		163 801	
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúum o. fl.		28 808	
Samtals		192 609	
Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:			
12 ½% af áætluðum mörkuðum tekjum samkv. vegáætlun 1977			Kr. 408 875 000
12 ½% af endanl. mörkuðum tekjum árið 1976 kr. 2 394 643 886	Kr.	299 930 486	
Tekið til skipta 1976	Kr.	310 500 000	Kr. ÷11 169 514
			Kr. 397 705 486
Leiðrétting 1976 vegna íbúa í Rifi			Kr. ÷116 953
			Kr. 397 588 533
25% sjóður skv. 34. gr. vegalaga			Kr. 99 397 133
		Til skipta 1977	Kr. 298 191 400

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{298\,191\,400}{192\,609} = \textbf{Kr. 1 548,17}$$

Þéttbýlissvæði með 200 íbúum og fleiri þann 1. desember 1976 skv. töflu frá Hagstofu Íslands.

	Íbúar	Framlag 1977
Reykjavík	84 493	130 809 494
Kópavogur	12 848	19 890 883
Seltjarnarnes	2 630	4 071 686
Garðabær	4 241	6 565 787
Hafnarfjörður	11 739	18 173 963
Grindavík	1 723	2 667 496
Keflavík	6 313	9 773 594
Njarðvíkur	1 750	2 709 297
Akranes	4 654	7 205 181
Bolungarvík	1 134	1 755 625
Ísafjörður	3 136	4 855 060
Sauðárkrókur	1 898	2 938 426
Siglufjörður	2 067	3 200 066
Ólafsfjörður	1 143	1 769 558
Dalvík	1 207	1 868 641
Akureyri	12 299	19 040 938
Húsavík	2 282	3 532 923
Seyðisfjörður	959	1 484 695
Neskaupstaður	1 684	2 607 118
Eskifjörður	1 033	1 599 259
Vestmannaeyjar	4 568	7 072 038
Sandgerði (Miðneshreppur)	1 089	1 685 957
Gerðar (Gerðahreppur)	741	1 147 194
Vogar (Vatnsleysustrandarhreppur)	344	532 570
Þéttbýli Mosfellshrepps	1 732	2 681 429
Borgarnes	1 433	2 218 527
Hellissandur og Rif (Neshreppur)	602	931 998
Ólafsvík	1 123	1 738 595
Grundarfjörður	660	1 021 792
Stykkishólmur	1 144	1 771 106
Búðardalur	287	444 325
Patreksfjörður	1 032	1 597 711
Tálknafjörður	213	329 760
Bíldudalur (Suðurfjarðarhreppur)	323	500 059
Þingeyri	381	589 853
Flateyri	427	661 068
Suðureyri	494	764 796
Súðavík	226	349 886
Hólmavík	371	574 371
Hvammstangi	454	702 869
Blönduós	818	1 266 403
Skagaströnd (Höfðahreppur)	610	944 384
Hofsós	262	405 620
Hrísey	294	455 162
Grenivík (Grýtubakkahreppur)	225	348 338
Raufarhöfn	499	772 537
Þórshöfn	460	712 158
Vopnafjörður	604	935 095
Egilsstaðir	965	1 493 984
Reyðarfjörður	686	1 062 045
Fáskrúðsfjörður (Búðahreppur)	764	1 182 802
Stöðvarfjörður	325	503 155
Breiðdalsvík	220	340 597
Djúpivogur (Búlandshreppur)	344	532 570
Höfn í Hornafirði	1 252	1 938 308
Vík í Mýrdal (Hvammshreppur)	364	563 534
Hvolsvöllur	470	727 640
Hella (Rangárvallahreppur)	496	767 892
Stokkseyri	462	715 254
Eyrarbakki	584	904 131
Selfoss	3 038	4 703 339
Hveragerði	1 094	1 693 698
Þorlákshöfn (Ölfushreppur)	896	1 387 160
	192 609	298 191 400

Úthlutun úr sjóði þéttbýlisfjár árið 1977 samkv. bréfi fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 16. maí 1977.

Óráðstafað frá 1976	Kr.	404 385
Framlag 1977	Kr.	99 397 133
	Kr.	99 801 518

Úthlutun 1977:

1. Akranes	Kr.	8 300 000		
2. Ólafsvík	Kr.	1 600 000		
3. Búðardalur	Kr.	1 300 000		
4. Patreksfjörður	Kr.	3 400 000		
5. Tálknafjörður	Kr.	2 900 000		
6. Hólmavík	Kr.	2 300 000		
7. Skagaströnd	Kr.	500 000		
8. Sauðárkrókur	Kr.	6 000 000		
9. Ólafsfjörður	Kr.	8 400 000		
10. Dalvík	Kr.	2 000 000		
11. Húsavík	Kr.	1 000 000		
12. Raufarhöfn	Kr.	5 800 000		
13. Þórshöfn	Kr.	6 100 000		
14. Vopnafjörður	Kr.	3 200 000		
15. Reyðarfjörður	Kr.	2 500 000		
16. Fáskrúðsfjörður	Kr.	6 500 000		
17. Stöðvarfjörður	Kr.	1 800 000		
18. Hvolsvöllur	Kr.	2 500 000		
19. Hella	Kr.	3 500 000		
20. Vestmannaeyjar	Kr.	8 000 000		
21. Stokkseyri	Kr.	6 700 000		
22. Eyrarbakki	Kr.	3 300 000		
23. Selfoss	Kr.	2 100 000		
24. Þorlákshöfn	Kr.	7 600 000		
25. Vegagerð ríkisins	Kr.	1 700 000	Kr.	99 000 000
Óráðstafað til 1978			Kr.	801 518

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1978.

	Bundið slitlag m	Án slitlags m	Samtals m
Suðurlandskjördæmi	8 180	4 775	12 955
Reykjaneskjördæmi	38 145	15 130	53 275
Vesturlandskjördæmi	5 398	4 349	9 747
Vestfjarðakjördæmi	7 472	8 209	15 681
Norðurlandskjördæmi vestra	6 775	3 590	10 365
Norðurlandskjördæmi eystra	5 307	7 870	13 177
Austurlandskjördæmi	15 327	5 110	20 437
	86 604	49 033	135 637

2.8. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA.

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 30.0 m.kr.

Alls var greitt vegna vélakaupa 133.4 m.kr., en undanfarin ár hafa orðið verulegar hækkanir á innkaupsverði véla.

Helstu vélar sem keyptar voru:

2 vörubifreiðar,
3 dráttarbifreiðar,
7 fólksbifreiðar (þar af ein 22 manna),
2 jeppar,
1 viðgerðabifreið,
2 sand- og saltdreifarar,
10 veghefilgreiður,
1 snjótönn
1 festivagn,
2 tengivagnar,
3 dráttarvélar m/fylgitækjum.

Auk þess, sem að ofan er talið, voru keypt sérhæfð tæki vegna brúargerðar í Borgarfirði og einnig vegna brúarsmíði almennt, svo og ýmis minni tæki til almennra nota. Hér má nefna: Véldælur (vatnsdælur), steypuþjöppur, rafstöðvar, sagir, rafsuðuvélar, tæki vegna járnabindinga o. fl.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 50.0 m.kr.

1. Á Reyðarfirði var að mestu lokið við að gera fokhelda viðbyggingu á skrifstofuhúsnæði Vegagerðarinnar.
2. Á Ísafirði var gengið frá lóð og lokið við steypuvinnu á skrifstofuhúsi. Hafin var smíði eininga í útveggi.
3. Á Sauðárkróki var byrjað á undirstöðum undir nýja skrifstofubyggingu.
4. Í Ólafsvík fékk Vegagerðin nýja lóð undir áhaldahús, en fyrirhugað er að selja hús Vegagerðarinnar á Vegamótum.
5. Á Patreksfirði var unnið að lagfæringum áhaldahússins, en það skemmdist af eldi árið áður.
6. Minni háttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Unnið var að eftirtöldum rannsóknarverkefnum:

1. **Slitþol steinefna:**

   Rannsókn þessi hófst á árinu 1976 og lýkur væntanlega 1978. Rannsóknin er gerð í samvinnu við gatnadeild Reykjavíkurborgar og framkvæmd af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

2. **Viðloðun steinefna:**

   Haldið var áfram rannsókn, sem hófst 1976. Rannsóknin er gerð í samvinnu við gatnadeild Reykjavíkurborgar og framkvæmd af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

3. **Olíumöl:**

Hafin var rannsókn á olíumalarslitlögum. Í því sambandi voru lagðir tilraunakaflar úr mismunandi steinefnum á Reykjanesbraut á Miðnesheiði. Rannsóknin er gerð í samvinnu við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Olíuföl h. f.

4. **Athugun á sandi:**

Unnið hefur verið að athugunum á því hvernig efniseiginleikar sands eru háðir spennu og þjöppun. Hefur verið valið að athuga sérstaklega sand úr Borgarfirði og vikursand frá Eyrarbakka.

5. **Athugun á malarslitlögum:**

Kannað var hvort hægt væri að fá samsvarandi breytingu á kornasamsetningu malarslitlaga í vegum og á tilraunastofu. Voru valdir nokkrir vegakaflar á Suðurlandi til rannsókna og samskonar efni og var í slitlagi þeirra athugað í sérstökum hamri á Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

6. **Könnun á öxulþunga:**

Hafin var könnun á öxulþunga bifreiða þyngri en tvö tonn og samanburði við öxulþunga erlendis með hjálp hliðstæðra athugana, sem gerðar hafa verið erlendis.

7. **Snjóskermar:**

Haldið var áfram tilraunum með snjóskerma við Vestfjarðaveg á Breiðadalsheiði.

8. **Samnorrænt rannsóknaverkefni:**

Í framhaldi af norrænu rannsóknaverkefni, sem lauk 1976 var tekið fyrir nýtt verkefni. Var að þessu sinni kannað hvaða þættir í uppbyggingu vega hafa mest áhrif við hönnun þeirra. Var hér bæði um að ræða kostnaðar- og tæknileg atriði fyrir margar gerðir af vegum.

2.10. GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN


Nokkur halli varð á vegáætlun 1977. Auk verðhækkana sbr. lið 2.1.5, varð hann mestur í snjómokstri, 120 m.kr., en Alþingi hafði skorið niður fjárveitingu til vetrarviðhalds við afgreiðslu vegáætlunar 1977, án þess að á móti kæmi breyting á snjómokstursreglum. Að öðru leyti er halli á vegáætlun 1977 þessi:

Vetrarviðhald umfram fjárveitingu	120	millj. kr.
Stjórn og undirbúningur	10	millj. kr.
Hækkun kostn. við brúargerð v/verðhækkana umf. vísit.	16	millj. kr.
Hækkað mótframlag vegna aukins heimaframl. sýsluvegasj.	7	millj. kr.
Aukning framlags til þéttbýlisstaða	2	millj. kr.
Samtals halli 1977	155	millj. kr.


Halli á tekjuáætlun kemur ekki fram sem halli á vegáætlun, þar sem fjármálaráðuneytið hefur skuldbundið sig til að mæta halla á tekjuáætlun með hækkun á ríkisframlagi.

Vegna tiltölulega góðrar afkomu B-hlutans, reyndist unnt að greiða 25 m.kr. af hallanum, og verður endanlegur halli 1977 130 m.kr. Halli frá 1976 var 106 m.kr. og er því ógreiddur halli í árslok 1977 samtals 236 m.kr.


Fskj. 2.1.3—1


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1977
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1978
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní - sept., föst talning
400 " " " skyndiталning
2000 " " árs talning
220 10%) Hlutfallstala í svigа á eftir umferðartölu
Aðrar samsvarandi hlutfalli þungra bíla af viðkomandi umferð sama ethugun
STAPI
HELLNAR
AKRANES
BORGARNES
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJ
KEFLAVÍK
VOGAR
GERÐAR
SANDGERÐI
NJARÐV
HAFNIR
GRINDAVÍK
ÞORLÁKSHÖFN
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
RYKKVIBER
VESTMANNAEYJAR
VÍK


Fskj. 2.1.3—2


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1977
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1978.
Skýringar:
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
BAKKAFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
BAKKAGERÐI
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
BÚÐIR
EGILSSTAÐIR
BÚÐAREYRI
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
HJALTEYRI
AKUREYRI
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK

Fskj. 2.1.3—3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1977
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1978.
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag júní - sept. fast talning
400 " " "
300 " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í svigá eftir umferðartölu táknar samanlagt hlutfall þungra bíla af vélknúnum umferð samkv athugun
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORGARNES
BÚÐARDALUR
HÓLMAVÍK
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BOLUNGARVÍK
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
SUÐAVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
ÞINGEYRI
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI

Fskj. 2.1.3—4


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1977
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1978.
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní – sept., fást talning
400 " " " , skynditalning
300 " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í sviga á eftir umferðartölu táknar sennilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-KLAUSTUR

Fskj. 2.3—1

Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun 1977.

1. Stofnbrautir	
a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar	121,4 km
b) Lagning malarslitlags	141,5 km
c) Lagning bundins slitlags	9,0 km
d) Brýr, 10 m og lengri, 7 brýr	190 m
e) Smábrýr, 6 brýr	48 m
2. Þjóðbrautir	
a) Undirbyggður vegur	89,1 km
b) Lagning burðarlags og malarslitlags	71,9 km
c) Lagning bundins slitlags	3,8 km
d) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú	10 m
e) Smábrýr, 2 brýr	12 m
3. Sýsluvegir	
a) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú	23 m
b) Smábrýr, 1 brú	4 m
4. Fjallvegir	
a) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú	45 m

Sþ.

593. Skýrsla

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1977.

INNGANGUR.

Á fjárlögum ársins 1977 var veitt 931.6 millj. kr. til framkvæmda í almennum höfnum, auk 150.0 millj. kr. til Grundartangahafnar, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en er nokkuð sérstaks eðlis. Til landshafna var veitt 195.0 millj. kr., og til ferjuhafna 17.0 millj. kr. Fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerða voru þannig alls 1 293.6 millj. kr.

Framkvæmdir á árinu urðu í almennum höfnum samtals 1 278.8 millj. kr., á Grundartanga 391.3 millj. kr., í landshöfnum 174.0 millj. kr. og í ferjuhöfnum 6.0 millj. kr. Í Reykjavíkurhöfn, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en nýtur ekki fjárveitingar úr ríkissjóði, námu framkvæmdirnar 328.0 millj. kr.

Heildarframkvæmdir í hafnargerðum á landinu urðu því á árinu 2 178.1 millj. kr., en urðu árið áður 1 882.1 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð og rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru töflur um fjárveitingar og framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum, fjárveitingar til sjóvarnargarða og gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán.

ALMENNAR HAFNIR.

Hér fer á eftir lýsing framkvæmda í hverri höfn fyrir sig.

Akranes.

Haldið var áfram byggingu grjótvarnar utan á aðalhafnargarðinn. Grjótmagnið, sem unnið var, nam 84 000 m³, og varð meðalverð um 1 320 kr/m³, sem er mun minni hækkun frá árinu áður en búast mátti við.

Þegar þessu verki var hætt, náði grjótvörnin tæplega út á enda gamla hafnargarðsins og var þar breiðust eða um 35 m. Vinna hófst 15. mars og lauk 10. okt.

Sett var upp hafnarvog í gryfju og hús, sem steypt var árið áður. Var vogin tekin í notkun um vorið. Byggt var líkan af Akraneshöfn í hafnalíkanstöð Hafnamálastofnunarinnar. Hófust tilraunir með það í september og stóðu enn um áramót.

Gert var við þekju á hluta aðalhafnargarðs, um 500 m². Var það verk unnið frá miðjum okt. þar til um miðjan desember. Grettir, hinn nýi grófuprammi Hafnamálastofnunar, gróf upp með sementsbryggjunni, alls 1 200 m³. Dýpi, sem náðist, var um 4.5 m. Grettir kom til Akraness 22. sept. 1977 og fór 4. okt. 1977.

Framkvæmdakostnaður: 151.1 millj. kr.

Borgarnes.

Mælt var upp hafnarstæði.

Kostnaður: 1.0 millj. kr.

Arnarstapi.

Verklok grjótgarðs.

Framkvæmdakostnaður: 980 þús. kr.

Hellnar.

Verklok, löndunarkrani og fleira.
Framkvæmdakostnaður: 400 þús. kr.

Ólafsvík.

Verklok, mælingar o. fl.
Framkvæmdakostnaður: 4.3 millj. kr.

Grundarfjörður.

Dæluprammin Hákur kom til Grundarfjarðar 5. febr. og dældi upp úr nýju höfninni. Gekk verkið vel, og var alls dælt upp 19 400 m³ af möl og sandi. Verkinu lauk 24. febr. Byggð var upp gamla löndunarbryggjan. Hafði hún verið byggð úr forspenntum berandi einingum, sem ekki höfðu reynst vel við þessar aðstæður og voru stálstrengir í bitum farnir að tærast.

Þetta var leyst með því að steypa nýja berandi þekju yfir alla bryggjuna. Verkið hófst 23. sept. 1977 og lauk 29. október. Gengið var frá kanti á nýja stálþilinu í janúar 1978.

Framkvæmdakostnaður: 26.0 millj. kr.

Stykkishólmur.

Unnið var að endurbótum í dráttarbraut. Vinna hófst 15. nóv. 1977 og var ekki lokið um áramót. Er hér um að ræða brú og útbúnað, sem auðvelda á að setja báta í vagn dráttarbrautarinnar.

Vinna hófst við byggingu húss og gryfju bílavogar og keypt var bílavog, sem sett verður upp á árinu 1978.

Framkvæmdakostnaður: 24.9 millj. kr.

Patreksfjörður.

Hönnunarkostnaður og fl.
Framkvæmdakostnaður: 290 þús. kr.

Tálknafjörður.

Mælingar og rannsóknir á hafnarstæði.
Framkvæmdakostnaður: 1.2 millj. kr.

Bíldudalur.

Unnið var að rekstri stálþils við innri hluta aðalhafnargarðsins. Stálþilið er 48.5 m langt, og verður þar besti viðlegukantur hafnarinnar. Fyllt var í þilið, steyptur kantur og gengið frá vatnslögn. Grafið var frá þilinu með krana um 3 000 m³.

Verkið hófst 15. ágúst og var enn unnið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 44.0 millj. kr.

Þingeyri.

Vinnu var haldið áfram við stálþilið, sem byrjað var á 1976. Lokið var við að reka þilið niður, alls 108 m. Steyptur var á það kantur og hús undir ljósamastur. Lokið var við lagnir, en eftir er að steypa þekju.

Verkið hófst 7. janúar og lauk 8. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 72.340 þús. kr.

Flateyri.

Dælupramminn Hákur dældi frá nýja stálþilinu. Dælt var upp 19 500m³ af sandi í uppfyllingu meðfram hafnargötunni.

Verkið hófst 8. nóvember 1977 og lauk 12. desember.

Framkvæmdakostnaður: 13.5 millj. kr.

Suðureyri.

Settur var niður löndunarkrani og lýsing lagfærð við frystihús. Byrjað var á undirbúningi fyrir hafnarvog. Einnig var unnið að mælingum.

Framkvæmdakostnaður: 1 720 þús. kr.

Ísafjörður.

Rekið var niður 65 m stálþil í framhaldi af aðalvörukanti og togarakanti hafnarinnar. Fyllt var að þilinu og settir niður bráðabirgðapollar.

Verkið hófst 23. maí og lauk 31. október.

Framkvæmdakostnaður: 42.0 millj. kr.

Súðavík.

Byrjað var á grjótgarði, sem mynda á skjólhöfn fyrir báta innan við núverandi hafnargarð. Núverandi hafnargarður er viðlegu- og löndunarkantur togarans, en viðlegukant hefur vantað fyrir minni báta.

Keyrður var út 165 m langur grjótgarður eða 18 500 m³ af grjóti. Eftir er 115 m langur garður eða 17 000 m³ af grjóti.

Verkið hófst 19. ágúst og lauk 1. desember.

Framkvæmdakostnaður: 48 255 þús.kr.

Drangsnes.

Sett voru upp innsiglingarmerki við viðleguhöfnina í Kokkálsvík.

Framkvæmdakostnaður: 540 þús.kr.

Hólmavík.

Sett var grjótvörn sunnan á hafnargarðinn. Endurnýjuð var vatnslögn, raflögn og lýsing á hafnargarðinum.

Vinnu var hætt 19. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 9.5 millj. kr.

Hvammstangi.

Byggð var létt viðlegubryggja úr timbri innan á nýja grjótgarðinn 54 m löng.

Verkið hófst 5. maí og lauk 6. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 17 565 þús.kr.

Blönduós.

Athuganir á hafnarstæði.

Framkvæmdakostnaður: 20 þús. kr.

Skagaströnd.

Haldið var áfram hafnarframkvæmdum á Skagaströnd. Dæluprammin Hákur kom þangað 19. sept. og dældi 18 300 m³ úr innri höfninni. Hluti hins uppdælda efnis var settur í uppfyllingu framan við bræðsluna, þar sem nýja stálþilið á að koma. Verkinu lauk 29. okt. Hákur dældi einungis efstu 2 metrunum af sandi úr höfninni. Undir var seigur leir, sem ekki var hægt að dæla. Í það verk fór nýi gröfupramminn Grettir 18. nóv. 1977. Komið hafði til greina að grafa höfnina á þurru með því að stífla fyrir framan hana, en þegar ljóst var að Grettir var væntanlegur til landsins, var hætt við þá fyrirætlun. Þegar Grettir hóf gröftinn kom í ljós, að honum gekk vel að grafa upp leirinn og hafði hann grafið upp tæpa 14 000 m³ um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 47.0 millj. kr.

Sauðárkrókur.

Gengið var frá þekju við nýja stálþilskantinn. Þekjan var steypt að hluta, 1 600 m², og malbikuð að hluta 1 400 m². Hafði bæjarsjóður Sauðárkróks umsjón með framkvæmdum og var verkið boðið út. Brúnás h.f. vann verkið. Þekjusteypu var lokið í ágúst og malbikun í september.

Framkvæmdakostnaður: 15.5 millj. kr.

Siglufjörður.

Unnið var að undirbúningi nýs stálþilsgarðs fyrir togara til löndunar og viðlegu. Þessi nýi stálþilsgarður verður um 50 m langur með viðlegu báðum megin fyrir togara og verður út af væntanlegu frystihúsi Þormóðs ramma h.f. Byrjað var á verkinu með uppgreftri lélegs undirstöðuefnis, alls tæp 20 000 m³, úr garðstæðinu. Þessi uppgröftur var unninn af grafprammanum Birninum samkvæmt samningi. Unnið var við þetta verk frá ársbyrjun 1977 og fram í nóvember, en árið 1976 höfðu verið grafnir 5 000 m³. Í nóvember var tekið til við að aka fyllingarefni í garðstæðið. Vörubílstjórar á Siglufirði tóku að sér þetta verk samkvæmt tilboði. Þessu verki var ólokið um áramót, þegar eftir var tveggja vikna vinna.

Framkvæmdakostnaður: 29.0 millj. kr.

Ólafsfjörður.

Unnið var við grjótvörn og styrkingu skjólgarða hafnarinnar. Norðurgarður var breikkaður og styrktur með grjóti, en hann er aðalathafnakantur hafnarinnar og viðlega togara. Um 15 000 m³ af grjóti fóru á norðurgarðinn, og er nú horfin sú ágjöf, sem olli vandræðum áður. Ennfremur var hækkaður og styrktur skjólgarðurinn utan við bátahöfnina. Hafði hann sigið nokkuð niður í sandinn á undanförnum árum. Voru keyrðir á hann 5 800 m³ af grjóti.

Verkið hófst í seinni hluta júní 1977 og lauk í miðjum september.

Framkvæmdakostnaður: 37.5 millj. kr.

Dalvík.

Rekið var niður 33 m stálþil á enda Austurgarðs, sem er innri skjólgarður Dalvíkurhafnar. Hafði það lengi verið ósk heimamanna að rekið væri niður stálþil frá innsiglingarbrúsa að enda viðlegubryggju innan á Austurgarði, þar sem skipstjórar óttuðust grjótfláann þar á milli.

Steyptur var kantur á þilið og fyllt í það.

Verkið hófst í ágúst og lauk um miðjan október.

Framkvæmdakostnaður: 23.0 millj. kr.

Hrísey.

Byggð var viðlegubryggja innst innan á Norðurgarð. Þar munu bátar geta haft viðlegu, en þrengst hafði mjög um þá innan á aðalhafnargarðinum eftir komu skuttogarans. Þarna verður 50 m langur viðlegukantur úr timbri og 3 m dýpi.

Verkið hófst 1. nóvember og var ekki lokið um áramót. Var þá eftir frágangur dekks og þybba, eða mánaðarvinna.

Framkvæmdakostnaður: 17 680 þús.kr.

Hauganes.

Verklok grjótvarnar.

Framkvæmdakostnaður: 60 þús. kr.

Hjalteyri.

Haldið var áfram byggingu bátahafnar. Á árinu 1976 hafði verið keyrður út grjótgarður, og var nú byggð 32 m löng grjótkista á enda hans. Verður þar kantur bæði utan og innan á.

Verkið hófst 21. ágúst 1977 og lauk 15. nóvember. Var þá búið að fylla með grjóti í kistuna, en ekki hafði verið steypt þekja og lagnir og lýsingu vantar.

Framkvæmdakostnaður: 35 630 þús. kr.

Akureyri.

Unnið var við frágang í hinni nýju vöruhöfn. Malbikaður var fremri hluti þekju, alls 2 300 m^2. Settar voru þybbur á 240 m. Sett var vatns- og raflögn í vörukantinn. Dýpkað var fyrir framan og austan kantinn með krana. Spor dráttarbrautar voru lengd um 24 m út á meira dýpi. Dýpkað var þar einnig. Dýpkað var við viðgerðarkant Slippstöðvarinnar.

Unnið var við þetta verk með hléum á tímabilinu frá mars til des.

Framkvæmdakostnaður: 72 130 þús. kr.

Grenivík.

Athugun hafnarstæðis.

Kostnaður: 60 þús. kr.

Grímsey.

Mælingar hafnarstæðis.

Kostnaður: 600 þús. kr.

Húsavík.

Hafin var bygging smábátahafnar innan hafnarinnar. Keyrður var út grjótgarður, um 8 000 m^3, og innan við hann fyrirstöðugarður væntanlegrar uppfyllingar.

Verkið hófst í aprílbyrjun og lauk 30. júní.

Framkvæmdakostnaður: 31.0 millj. kr.

Raufarhöfn.

Hafin var bygging bátahafnar innan hafnar. Keyrður var út grjótgarður, um 260 metra langur. Í hann fóru um 2 000 m^3 af grjóti og 18 000 m^3 af kjarnaefni.

Verkið hófst 16. ágúst 1977, og lauk 7. nóv.

Framkvæmdakostnaður: 30.5 millj. kr.

Þórshöfn.

Byrjað var á byggingu skjólgarðs úr grjóti, sem mun skýla allri höfninni í norðlægum áttum. Var brotið skarð á steyptan skjólvegg og keyrður út garðstubbur, tæplega 50 m langur. Magnið, sem keyrt var í garðinn, var um 5 000 m³.

Verkið hófst 4. júlí og lauk 1. september.

Framkvæmdakostnaður: 17.7 millj. kr.

Bakkafjörður.

Framkvæmdar voru dýptarmælingar inn með landinu fyrir innan þorpið í þeim tilgangi að finna stað fyrir viðleguhöfn báta.

Kostnaður: 660 þús.kr.

Vopnafjörður.

Hafin var bygging nýs hafnargarðs í skjóli við brimvarnargarðinn. Hafði hafnarstæðið verið rannsakað árið áður og í lok apríl 1977 var hafin bygging líkans af Vopnafjarðarhöfn í hafnalíkanstöð Hafnamálastofnunar. Líkanið var svo prófað í júní og júlí. Þegar niðurstaða lá fyrir um hagstæðustu stefnu nýja hafnargarðsins í lok júlí, hófst útkeyrsla hans. Gekk það verk mjög vel. Í grjótnámunni frá byggingu brimvarnargarðsins var til það grjót, sem ekki hafði náð þeirri stærð að vera nothæft í brimvarnargarðinn. Þetta grjót mátti nú nota í ytrihluta og kápu nýja garðsins. Kjarnaefni fannst stutt frá, malarlag, sem auðvelt var að moka upp. Upp af hafnarstæðinu voru sprengdir um 5 000 m³ af grjóti, sem notaðir voru innan á garðinn og myndað með því um leið athafnastæði fyrir höfnina. Alls er hafnargarðurinn um 250 m langur, og í hann fóru um 55 000 m³ af grjóti og möl.

Í október var útkeyrslu garðsins að mestu lokið, og hófst þá undirbúningur þilreksturs. Stálþilsefnið kom til Vopnafjarðar í byrjun nóvember og var þá tekið til við að reka það niður. Þegar vinnu var hætt fyrir áramót, var búið að reka niður þilið, en eftir var að ganga frá festingum.

Stálþilið er rúmlega 120 m langt og eru við það tveir viðlegukantar, annar 65 m langur og hinn 25 m.

Framkvæmdakostnaður: 125.0 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Haldið var áfram byggingu viðleguhafnar við Hafnarhólma.

Lagfærður var vegurinn niður að hafnarsvæðinu. Hafin var bygging viðlegubryggju, 34 m langrar og 6 m breiðrar grjótkistu. Þetta verk var komið langt áleiðis, þegar óveðrið 12. nóv. 1977 skall á. Skemmdist bryggjan þá nokkuð og athafnasvæðið spilltist. Grjótgarðurinn úr hólmanum raskaðist og þarfnast nú viðgerðar og styrkingar.

Eftir þetta áfall var ákveðið að fresta framkvæmdum til vorsins 1978.

Verkið hófst um miðjan júlí og lauk um 20. nóv.

Framkvæmdakostnaður: 38 290 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Athuganir á löndunarkanti o. fl.

Kostnaður: 800 þús. kr.

Eskifjörður.

Unnið var að undirbúningi og efni keypt vegna stækkunar löndunarbryggju loðnubræðslu.

Kostnaður: 12 010 þús. kr.

Reyðarfjörður.

Gengið var frá nýja stálþilskantinum, sem rekinn var niður árið 1975. Steyptur var hluti þekjunnar. Lagðar voru lagnir og gengið frá lýsingu. Auk þessa var unnið að viðgerð skemmda.

Verkið hófst um 20. júní og lauk um mánaðarmót okt. — nóv.

Framkvæmdakostnaður: 16.0 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Byrjað var á nýjum stálþilsbakka, sem mun verða aðalflutninga- og athafnakantur hafnarinnar. Keyrður var út garður innan við gömlu bæjarbryggjuna framan við díselrafstöðina. Garðurinn er 150 m langur og 12 000 m³. Framan á þennan garð var svo rekið stálþil, 90 m langt, og verður á því 60 m viðlegukantur. Gengið var frá þybbum, bráðabirgðapollum og lýsingu.

Verkið hófst í byrjun ágúst og lauk í byrjun september. Selt var af efni því sem keypt hafði verið til dráttarbrautarinnar fyrir 9 925 þús. kr. Voru það þybbustaurar, sem fóru til Breiðdalsvíkur og staurar í grjótkistu á Borgarfjörð eystra.

Framkvæmdakostnaður: 42 819 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Gert var við skemmdir á aðalhafnargarðinum, sem er úr steyptum kerjum. Brotinn var upp og steyptur 16 m kafli í úthlið hafnargarðsins. Fyllt var innan þessa veggs og steypt þekja. Gert var við undirstöðu fremsta kersins.

Verkið hófst 21. maí og lauk um 18. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 6.7 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Haldið var áfram frágangi við nýja hafnargarðinn, sem er ker á enda grjótgarðs. Steyptur var kantur á kerið og berandi þekja. Gengið var frá raflögn og lýsingu. Byggð var þybba framan á innenda kersins, sem er innspennt þekja. Reknir voru niður 24 harðviðarstaurar á um 20 m kafla. Settar voru þybbur á um 40 m kafla. Verkið hófst um mánaðarmótin maí —júní og lauk í byrjun nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 25 950 þús. kr.

Djúpivogur.

Athugun hafnarstæðis o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 640 þús. kr.

Höfn, Hornafirði.

Hákur, dæluprammi Hafnamálastofnunar var á Hornafirði í ársbyrjun 1977. Dældi hann úr höfn og innsiglingu 26 500 m³ af sandi og leir á 12 verkdögum.

Framkvæmdakostnaður: 17 710 þús. kr.

Dyrhólaey.

Sprengt var skarð eða niðurkeyrsla í fjöruna, Kirkjufjöru, sunnan Dyrhólaeyjar. Er nú hægt að komast með báta á vagni þarna niður. Heimamenn unnu verkið og höfðu þar frumkvæði án samráðs við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 2 680 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Haldið var áfram endurbótum á hafnarsvæðinu. Lagðar voru lagnir í Friðarhafnarbryggju og kringum Friðarhöfn. Þekja var malbikuð við Friðarhafnarbryggju.

Hafnarstjórn Vestmannaeyja sá um þessar framkvæmdir að mestu.

Verkið var unnið síðari hluta ársins 1977.

Framkvæmdakostnaður: 30.0 millj. kr.

Stokkseyri.

Verklok hækkunar og breikkunar bryggju. Þó bryggja væri hækkuð í þessu verki um einn metra, kom það ekki í veg fyrir að 4 bátar fóru yfir bryggjuna í flóðinu 14. desember 1977 og skemmdust eða eyðilögðust.

Framkvæmdakostnaður: 5 580 þús. kr.

Eyrarbakki.

Byggður var kantur inn í dokkina, sem grafinn var árið 1976. Nýja bryggjan er 30 metra löng og dýpi 2.5 m — 3 m. Hún er byggð á sama hátt og sú, sem fyrir var. Sett var upp eitt ljósamastur og vatnslögn bætt. Verk þetta hófst í marsbyrjun og lauk síðast í júlí. Í fyrri hluta desember var byrjað á fender nýju bryggjunnar, sem er úr timbri. Var efnið komið á staðinn, þegar flóðið og brimið 14. desember sundraði því um allar fjörur. Náðist efnið að mestu aftur, en þetta seinkaði verkinu til ársbyrjunar 1978.

Framkvæmdakostnaður 25.0 millj. kr.

Grindavík.

Unnið var við lýsingu og fleira.

Framkvæmdakostnaður: 2.0 millj. kr.

Hafnir í Höfnum.

Dýpkað var upp með bryggjunni. Borað, sprengt og grafið með krana, alls um 800 m^3.

Verkið hófst 24. jan. og lauk 18. mars.

Geta nú minni bátar haft viðlegu upp með bryggjunni, en það var ekki hægt áður vegna takmarkaðs dýpis.

Framkvæmdakostnaður: 10.5 millj. kr.

Sandgerði.

Dýpkað var með sprengingum við ysta hluta aðalhafnarbakkans, svo að nú er þar 6.5 — 7.0 m dýpi. Magn sprengds og uppgrafins efnis var tæplega 2 000 m^3 alls. Unnið var við þetta verk í janúar, en á því hafði verið byrjað á árinu 1976 og var búið að sprengja 800 m^3 fyrir áramót.

Dæluprammin Hákur dældi úr hafnarstæðinu 43 000 m^3 af leir, sandi og möl. Uppdælt efni var sett í uppfyllingu sunnan nýja grjótgarðsins og framan aðalgötunnar í Sandgerði.

Hákur var í Sandgerði frá 3. mars til 18. maí 1977.

Grettir, hinn nýi gröfuprammi Hafnamálastofnunar, kom til Sandgerðis 17. október 1977, og gróf úr væntanlegu stálþilsgarðstæði. Gróf Grettir niður á fast berg, sem síðar verður borað í og sprengdur skurður fyrir þilið. Magn uppgraftrar var 6 300 m^3 af möl og grjóti.

Verkinu lauk 5. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 52.3 millj. kr.

Gerðar.

Verklok við grjótvörn.
Framkvæmdakostnaður: 750 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Haldið var áfram á nýju Óseyrarbryggjunni. Gengið var frá vatnslögn og úttökum rafmagns. Steypt var þekja á hluta garðsins, alls 2 000 m² og hinn hlutinn malbikaður eða 1 200 m². Settar voru þybbur á allan garðinn. Krani gróf frá þilinu alls um 6 000 m³. Garðurinn er nú fullfrágenginn.

Verkið var unnið að hluta til samkvæmt útboði og var unnið í áföngum á árinu 1977.

Framkvæmdakostnaður: 40.0 millj. kr.

Grundartangi.

Hafin var bygging hafnarbakka fyrir vöruflutninga málmblendiverksmiðjunnar. Byrjað var á byggingu vinnubúða í maí 1977. Í júní var opnað grjótnám og útkeyrsla garðs hófst. Lögð var út malarmotta í garðstæðið með dælingu. Það verk var boðið út og lægsta tilboð fékkst frá dæluskipinu Perlunni, sem svo vann það verk. Malarmagnið í mottunni var alls um 45 000 m³ og meðalverð um 400 kr/m³. Þessari dælingu lauk um miðjan ágúst. Á meðan var stöðugt unnið við útkeyrslu garðsins. Grjót var tekið í námu við Galtalæk og möl úr námu við Stóru-Fellsöxl. Útkeyrslu garðsins lauk í ágúst, magn kjarna, malar og grjóts varð um 95 000 m³ til viðbótar því efni, sem var dælt. Vinna við stálþilsbakkann hófst í september og var búið að reka niður rúmlega 100 m um áramót, og voru þá eftir 120 m. Fyrsta stóra verk nýja gröfuprammans, Grettis, var að grafa fyrir þilinu. Var það 80 m langur og 2 m djúpur skurður, sprengdur niður á klapparbotn. Unnið var enn um áramót að rekstri stálþils.

Framkvæmdakostnaður: 391 310 þús. kr.

LANDSHAFNIR.

Landshöfnin Rifi.

Gengið var frá timburkistunni frá fyrra ári. Gengið var frá lýsingu og lögð var olíuöl, alls 2 000 m², frá hafnarköntum að vegi niður á hafnarsvæðið. Unnið var frá 24. jan. og fram til 6. maí.

Dælupramminn Hákur dældi úr innsiglingu frá 18. júlí til 1. september, alls 23 000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 43.7 millj. kr.

Landshöfnin Keflavík — Njarðvík.

Lögð var vatnslögn í bryggjur í Keflavíkurhöfn. Sett var upp lýsing, þrjú möstur ásamt tilheyrandi húsum og lögnum.

Framkvæmdakostnaður: 34.7 millj. kr.

Landshöfnin Þorlákshöfn.

Hafnarbyggingu í Þorlákshöfn samkvæmt upphaflegum samningi við verktaka var lokið í desember 1976. Í þeim samningi var ekki innifalið að grjótverja innri og upphaflegan hluta Suðurvarargarðs. Ekki var talið, að hjá því yrði komist að vinna þetta verk, þar sem eftir framlengingu Suðurvarargarðs jókst ágjöf yfir garðinn á þessum kafla í slæmum veðrum. Verksamningur var gerður við Ístak, sem var nokkurs konar framlenging fyrra samnings um byggingu grjótvarnar á Suðurvarargarð. Verkið hófst með því að taka þurfti upp dolosa af innri enda nýja grjótgarðsins. Þessi dolosar voru síðar settir utan á nýju grjótfyllinguna, alls um 370 dolosar.

Magn grjótvarnar var alls 42 000 m³.

Verkið hófst um áramót og lauk í lok apríl 1977. Þessi grjótvörn reyndist mjög þýðingarmikil í flóðinu 14. des. 1977. Malbikuð var tengibraut hafnarsvæðis, alls um 6 500 m².

Framkvæmdakostnaður: 95.6 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR.

Framkvæmdir við ferjubryggjur urðu á árinu 6 010 þús. kr. og voru notaðar til viðgerða á tveimur stöðum, Bæjum á Snæfjallaströnd og Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

REYKJAVÍKURHÖFN.

Framkvæmdir Reykjavíkurhafnar á árinu 1977 námu samtals 328.0 millj. kr. en auk þess var varið um 55 millj. kr. til endurbyggingar á Ægisgarði, en það er talið viðhald. Engin ríkisstyrkur hefur verið veittur til þessara framkvæmda.

Nánar tiltekið var á árinu bætt aðstaða fyrir fiskiðnað og útgerðaraðila í Vesturhöfninni, svo og sett upp rafdreifikerfi vegna tengingar skipa við rafmagn úr landi. Samtals kostuðu þessar framkvæmdir 78.1 millj. kr. Í Austurhöfn var gerður 65 m hafnarbakki og 8000 m² landauki með fyllingu vegna aðstöðu fyrir Skipaútgerð ríkisins, alls 42.9 millj. kr. Í Sundahöfn — Vatnagörðum voru tveir hafnarbakkar lengdir, samtals um 100 m og unnið að landfyllinga. Þessar framkvæmdir námu 133.6 millj. kr. Í Sundahöfn — Kleppsvík var unnið fyrir 47.8 millj. kr. að landfyllingu. Aðrar framkvæmdir voru 25.6 millj. kr., þar af rannsóknir 9.2 millj. kr.

ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR.

Á árinu 1977 var unnið við rannsóknir hafnarstæða sem fyrr. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Akranes — Kannaður botn við skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts í Krókalóni og við Sementsverksmiðju ríkisins.
Grundartangi — Kannað hafnarstæði.
Stykkishólmur — Könnuð undirstaða viðgerðarbryggju í Skipavík.
Tálknafjörður — Kannað hafnarstæðir fyrir framan frystihús.
Bolungarvík — Könnuð undirstaða vegna löndunarkants loðnubræðslu.
Húsavík — Kannaðir möguleikar á vöruhöfn.
Þórshöfn — Könnun vegna viðlegukants togara og hafnarstæði.
Vopnafjörður — Jarðvegskönnun vegna stálþilkants innan brimvarnargarðs.
Fáskrúðsfjörður — Könnun vegna nýs vörukants.
Sandgerði — Könnun hafnarstæðis.
Bátalón, Hafnarfirði — Kannaðir möguleikar til dýpkunar.
Landhelgisgæslan, Skerjafirði — Könnun bryggjustæðis við aðsetur Landhelgisgæslu í Skerjafirði.

Mælingar á höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirtöldum stöðum: Grímsey, Húsavík, Þórshöfn, Bakkafirði og Þorlákshöfn.

Sandburðarmælingar voru gerðar á Ólafsfirði og Eyrarbakka.

Mældar voru hafnir í Hrísey, Súgandafirði, Siglufirði, Höfn í Hornafirði og Flatey.

Unnið var að lausn hafnarstæða í samvinnu við heimamenn á Vopnafirði, Bolungarvík, Ólafsfirði, Raufarhöfn, Þórshöfn, Akranesi, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum og Ólafsvík.

Fylgst var með sandflutningi í Hornafjarðarós og Eyrarbakkahöfn.

Unnið var við athuganir á hafnarstæði við Dyrhólaey.

Unnið var við athuganir á skipasmíðaiðnaði og dráttarbrautum í samvinnu við Iðnþróunarstofnun og nefnd þá, sem iðnaðarráðherra hefur skipað í þeim tilgangi.

Gerðar voru úthafsöldumælingar með ölduduflum út af mynni Vopnafjarðar og mynni Eyjafjarðar.

Gerðar voru öldumælingar með ölduduflum út af eftirtöldum höfnum: Grundartanga, Akranesi, Ólafsvík, Dalvík og Vopnafirði.

Mælingar með þrýstimælum inni í höfnum voru gerðar í þessum höfnum: Grundartanga, Akranesi, Ólafsvík, Ólafsfirði, Dalvík og Vopnafirði.

Hafnarmálastofnunin tók á leigu húsnæði við Funahöfða 13 undir líkantilraunir. Hófust þær þar í apríl 1977, þegar byggt var líkan af Vopnafjarðarhöfn. Lokið var við líkantilraunir á Vopnafjarðarhöfn í lok júlí. Var þar endanlega ákveðin lega og stefna nýja hafnargarðsins, sem byrjað var á á sama tíma.

Síðan var byggt líkan af Akraneshöfn, og var unnið við tilraunir með það enn um áramót. Voru í þessu líkani reyndar mismunandi stefnur og lengdir nýja grjótgarðsins, sem nú er í byggingu, og framtíðarlausnir hafnarinnar.

Sjávarfallamælingar voru gerðar í eftirtöldum höfnum: Bolungarvík, Ísafirði, Súðavík, Skagaströnd, Kópaskeri, Raufarhöfn, Vopnafirði og Grundartanga. Auk þess var fastur mælir á Siglufirði, og á Djúpavogi var settur upp sjávarfallamælir af I.O.S. Bidston Observatory í Englandi.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR.

Gretti, hinu gamla grafskipi Hafnamálastofnunar, var lagt á árinu 1976. Var hann þá orðinn útslitinn og ekki hagkvæmt að gera hann út lengur. Á fjárlögum ársins 1977 voru veittar 30 m.kr. til kaupa á nýjum dýpkunartækjum. Hafnamálastofnun hafði bæði árin 1975 og 1976 gert nokkra könnun á því hvers konar tæki væri heppilegast í stað gamla Grettis. Niðurstaða hennar var, að það væri gröfupramm, sem norskur verktaki, Selmer A/S, hafði þróað. Var gerður samningur við Selmer A/S um smíði slíks pramma strax í ársbyrjun 1977. Einnig var boðin út smíði tveggja efnisflutningapramma og síðan samið við lægstbjóðanda, Vélsmiðjuna Stál, Seyðisfirði, um smíði þeirra.

Hinn nýi gröfuprammi, sem einnig hlaut nafnið Grettir, kom til landsins seinni hluta júní 1977 og tók um 3 vikur að setja í hann og tengja hinn vökvaknúna búnað. Það eru fætur, sem hann styðst við, og grafa, sem var keypt frá Warner Swasey í Bandaríkjunum.

Nánari lýsing á hinum nýja Gretti er: lengd 35.5 m, breidd: 10 m, dýpt 2.5 m. Flekinn styðst við 2 fætur, sem hver um sig vegur 11 tonn, og þrýsta á botninn með 50 tonna þunga. Þriðji fóturinn er 15 tonn og hvílir á botni af eigin þunga eingöngu. Öllum fótunum er stýrt úr gröfunni með vökvaknúnu kerfi. Undir dekki eru tvær 40 kW ljósavélar, sem sjá fyrir raforku til ljósa og fleira. Allur vegur pramminn án gröfunnar 260 tonn, en grafan vegur 50 tonn.

Grafan stendur aftast á flekanum. Það er stærsta vökvaknúna grafa hér á landi, knúin tveim 308 hestafla dísilvélum. Vökvakerfi gröfunnar er tengt vökvakerfi fóta flekans. Keypt voru með gröfunni tvö sett grafarma, annað fyrir allt að 10 m dýpi, en hitt fyrir allt að 12 m dýpi. Einnig voru keyptar tvær skóflur. Önnur 3.1 m^3 og hin 2.3 m^3. Miðað við fengnar upplýsingar á grafan að geta grafið 2—400 m^3 á klukkustund við góðar aðstæður.

Efnisflutningaprammar þeir, sem keyptir voru, taka 150 m^3 hvor og eru þannig útbúnir, að þeir opnast að endilöngu. Annar þeirra verður knúinn eigin vélarafli, en hinn ekki. Var hann afhentur í lok september 1977, en vélknúni pramminn verður afhentar vorið 1978. Mun hann einnig geta lagt út grjót undir grjótgarða, og í samvinnu við Gretti ættu þeir að geta lagt grjót í skörð í grjótgörðum.

Verkefni nýja Grettis voru við hafnargerðir á eftirtöldum fimm stöðum, en frekari upplýsingar um framkvæmdirnar og framkvæmdatíma á hverjum stað er að finna hér að framan.

	Gröftur í m³
Hafnarfjörður	3 000
Grundartangi	3 800
Akranes	1 250
Sandgerði	1 200
Skagaströnd	14 000

Hákur, dæluprammi Hafnarmálastofnunarinnar, var á árinu við dælingu á eftirtöldum stöðum:

	Dælt magn í m³
Höfn í Hornafirði	26 500
Grundarfjörður	19 500
Sandgerði	43 000
Rifshöfn	23 000
Skagaströnd	18 500
Flateyri	19 500

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1977
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Grjótgarður (85 086 m³)	75%	104 800		
	Rannsóknir (módel)	75%	17 500		
	Bílavog	40%	16 600		
	Dýpkun Grettis (1 235 m³)	75%	5 400		
	Þekja	75%	5 300		
	Ljósamöstur o. fl.	75%	1 500		
				151 100	107 515
Borgarnes	Mælingar	75%		1 000	750
Arnarstapi	Grjótgarður - verklok	75%		980	735
Hellnar	Grjótgarður - verklok	75%		400	300
Ólafsvík	Mælingar o. fl.	75%	3 300		
	Verklok frá 1976	75%	1 000		
				4 300	3 225
Grundarfjörður	Dýpkun Háks (19 390 m³)	75%	16 000		
	Endurbygging bátabryggju	75%	7 000		
	Verklok frá 1976 (stálþil)	75%	3 000		
				26 000	19 500
Stykkishólmur	Hafnarvog	40%	16 500		
	Dráttarbraut	40%	6 800		
	Mælingar o. fl.	75%	1 600		
				24 900	10 520
Patreksfjörður	Verkfræðikostnaður o. fl.	75%		290	220
Tálknafjörður	Mælingar og verkfræðikostnaður	75%		1 200	900
Bíldudalur	Stálþil	75%		44 000	33 000
Þingeyri	Stálþil	75%	71 140		
	Undirbúningur dýpkunar Háks	75%	1 200		
				72 340	54 255
Flateyri	Dýpkun Háks (19 388 m³)	75%		13 500	10 125
Suðureyri	Hafnarvog	40%	4 000		
	Mælingar og verklok 1976	75%	2 500		
				6 500	3 480
Bolungarvík	Mælingar, verklok	75%		1 720	1 290
Ísafjörður	Stálþil o. fl.	75%	30 000		
	Lóðsbátur	40%	12 000		
				42 000	27 295
Súðavík	Grjótgarður	75%		48 255	36 190
Hólmavík	Vatns- og raflögn, lýsing	75%		9 500	7 125
Drangsnes	Verklok	75%		540	405
Hvammstangi	Trébryggja	75%		17 565	13 170
Blönduós	Verkfræðikostnaður	75%		20	15
Skagaströnd	Dýpkun Grettis (13 650 m³)	75%	20 000		
	Dýpkun Háks (18 271 m³)	75%	19 000		
	Bryggja	75%	8 000		
				47 000	35 250
Sauðárkrókur	Malbikuð þekja o. fl.	75%		15 500	11 625
Siglufjörður	Dýpkun með Birninum	75%	12 800		
	Uppfylling v/togarabryggju	75%	16 200		
				29 000	21 750
Ólafsfjörður	Grjótgarður o. fl. (24 280 m³)	75%		37 500	28 125
Dalvík	Stálþil	75%	22 500		
	Hafnarvog	40%	500		
				23 000	17 075

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1977
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Hrísey	Trébryggja	75%		17 680	13 260
Hauganes	Verklok	75%		60	45
Hjalteyri	Smábátabryggja	75%		35 630	26 720
Akureyri	Vöruhöfn	75%	40 280		
	Slippkantur	75%	5 275		
	Dráttarbraut	40%	26 575		
				72 130	47 340
Grenivík	Verkfræðikostnaður	75%		60	45
Grímsey	Mælingar	75%		600	450
Húsavík	Grjótgarður í smábátahöfn	75%	27 000		
	Rannsóknir og mælingar	75%	4 000		
				31 000	23 250
Raufarhöfn	Grjótgarður	75%		30 500	22 875
Þórshöfn	Grjótgarður	75%		17 700	13 270
Bakkafjörður	Raflögn	75%		660	495
Vopnafjörður	Grjótgarður og stálþil	75%	113 000		
	Líkantilraun og mælingar	75%	12 000		
				125 000	93 750
Borgarfjörður eystri	Grjótgarður og trébryggja	75%		38 290	28 715
Seyðisfjörður	Verkfræðikostnaður o. fl.	75%		800	600
Eskifjörður	Efni í trébryggju	75%		12 010	9 005
Reyðarfjörður	Þekja, raflögn og vatnslögn	75%		16 000	12 000
Búðir, Fáskrúðsfirði	Stálþil hafskipabryggju	75%		42 820	32 145
Stöðvarfjörður	Frágangur þekju	75%	3 850		
	Viðgerð Hafnabótasjóðs		2 850		
				6 700	2 890
Breiðdalsvík	Frágangur, lagnir, fender	75%		25 950	19 460
Djúpivogur	Verkfræðikostnaður o. fl.	75%		640	480
Höfn, Hornafirði	Dýpkun Háks	75%		17 710	13 285
Dyrhólaey				2 680	2 000
Vestmannaeyjar	Þekjur, lagnir o. fl.	75%		30 000	22 500
Stokkseyri	Verklok v/lagfæringa á bryggju	75%		5 580	4 185
Eyrarbakki	Viðlegukantur	75%		25 000	18 750
Grindavík	Lýsing o. fl.	75%		2 000	1 500
Hafnir í Höfnum	Dýpkun	75%		10 500	7 875
Gerðar	Verklok v/grjótvarnar	75%		750	565
Sandgerði	Dýpkun í janúar, verklok	75%	5 500		
	Dýpkun Háks (42 800 m³)	75%	26 500		
	Dýpkun Grettis (6 240 m³)	75%	14 500		
	Kostnaður v/borpramma	75%	3 200		
	Hönnun þils, mælingar o. fl.	75%	2 600		
				52 300	39 225
Vogar	Ýmislegt	75%		30	20
Hafnarfjörður	Þekja o. fl.	75%		40 000	30 000
	Samtals			1 278 790	930 540

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1977.
(Fjárhæðir í þús.kr.)

II. Sérstakar framkvæmdir:				
Grundartangi	Bygging hafnarbakka	75%	391 310	293 482
III. Landshafnir:				
Keflavík-Njarðvík	Vatnslögn og raflýsing		34 700	
Rif	Dýpkun, lögð olíuöl, raflýsing		43 700	
Þorlákshöfn	Grjótvörn, malbik, lokafrágangur samkvæmt verksamningi		95 600	
		Samtals	174 000	
IV. Ferjuhafnir:				
Bæir á Snæfjallastr.	Viðgerð		2 500	
Reykjan. við Ísafj.dj.	Viðgerð		3 510	
		Samtals	6 010	
V. Reykjavíkurhöfn:				
	Bækistöð, tæki o. fl.		16 405	
	Vesturhöfn – gatnagerð, fylling o. fl. .		45 961	
	Vesturhöfn – rafdreifikerfi		8 189	
	Vesturhöfn – húseignir		23 933	
	Austurhöfn – Grófarbakki		42 925	
	Sundahöfn – Vatnagarðar		133 555	
	Sundahöfn – Kleppsvík		47 840	
	Rannsóknir		9 215	
		Samtals	328 023	
	Framkvæmdir alls 1977		2 178 133	

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1977.
(Fjárhæðir í þús.kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1976		Ríkishluti framkv. 1977	Fjárveiting 1977	Staða við ríkissjóð í árslok 1977	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
Hafnir						
1. Akranes		13 700	107 515	76 500	17 315	
2. Borgarnes	550		750	0	1 300	
3. Arnarstapi	16 765		735	15 700	1 800	
4. Hellnar	780		300	0	1 080	
5. Ólafsvík	16 515		3 225	20 100		360
6. Grundarfjörður	10 725		19 500	29 900	325	
7. Stykkishólmur	7 920		10 520	20 200		1 760
8. Patreksfjörður	1 380		220		1 600	
9. Tálknafjörður	700		900	600	1 000	
10. Bíldudalur		11 540	33 000	24 200		2 740
11. Þingeyri		4 855	54 255	54 200		4 800
12. Flateyri		4 125	10 125	2 300	3 700	
13. Suðureyri	22 420		3 480	24 700	1 200	
14. Bolungarvík	2 910		1 290	1 400	2 800	
15. Ísafjörður		45	27 295	23 200	4 050	
16. Súðavík		5 220	36 190	22 000	8 970	
17. Hólmavík			7 125	7 500		375
18. Drangsnes	1 555		405	0	1 960	
19. Hvammstangi	4 320		13 170	16 400	1 090	
20. Blönduós	705		15	1 000		280
21. Skagaströnd	13 250		35 250	63 100		14 600
22. Sauðárkrókur	7 540		11 625	18 800	365	
23. Hofsós		850				850
24. Siglufjörður		15 910	21 750	12 000		6 160
25. Ólafsfjörður	6 700		28 125	31 700	3 125	
26. Dalvík	1 375		17 075	12 000	6 450	
27. Hrísey	2 260		13 260	17 200		1 680
28. Árskógssandur	175				175	
29. Hauganes	3 380		45	3 300	125	
30. Hjalteyri	5 715		26 720	11 300	21 135	
31. Akureyri	46 640		47 340	22 500	71 480	
32. Grenivík	180		45	0	225	
33. Grímsey		1 265	450	7 500		8 315
34. Húsavík	7 170		23 250	27 000	3 420	
35. Raufarhöfn		9 890	22 875	8 900	4 085	
36. Þórshöfn	30		13 270	11 300	2 000	
37. Bakkafjörður	20		495	0	515	
38. Vopnafjörður		15 650	93 750	20 700	57 400	
39. Borgarfjörður eystri	7 270		28 715	15 000	20 985	
40. Seyðisfjörður	675		600	0	1 275	
41. Neskaupstaður	63 220			57 000	6 220	
42. Eskifjörður	995		9 005	0	10 000	
43. Reyðarfjörður	2 250		12 000	12 700	1 550	
44. Búðir, Fáskrúðsfirði		14 810	32 145	15 500	1 835	
45. Stöðvarfjörður	870		2 890	3 800		40
46. Breiðdalsvík	35 100		19 460	48 900	5 660	
47. Djúpivogur	1 590		480	0	2 070	
48. Höfn, Hornafirði	1 380		13 285	11 300	3 365	
49. Dyrhólaey			2 000	2 000		
50. Vestmannaeyjar	9 300		22 500	39 400		7 600
51. Stokkseyri		5 485	4 185	0		1 300
52. Eyrarbakki	2 650		18 750	26 700		5 300
53. Grindavík		2 200	1 500	0		700
54. Hafnir í Höfnum		6 430	7 875	3 000		1 555
55. Gerðar		665	565	0		100
56. Sandgerði		12 995	39 225	37 500		11 270
57. Vogar	880		20		900	
58. Hafnarfjörður	32 680		30 000	51 600	11 080	
Samtals	340 540	125 635	930 540	931 600	283 630	69 785

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1977

		Þús. kr.
Almennar hafnir samkv. töflu 2		931 600
Landshafnir:		
Keflavík-Njarðvík	65 000	
Rif	35 000	
Þorlákshöfn	95 000	
		195 000
Ferjuhafnir:		
Flatey á Breiðafirði	5 000	
Bæir	2 000	
Æðey	7 500	
Vigur	500	
Viðhald	2 000	
		17 000
Grundartangi:		
Fjárveiting 1977	150 000	
Fjárveiting frá Iðnaðarráðun. '76	20 000	
		170 000
Samtals		1 313 600

Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða 1977

	Þús. kr.	
Akranes	800	
Álftanes	1 500	
Bessastaðir	500	
Eyrarbakki	15 000	
Flateyri	4 000	
Garðskagi	700	
Gerðar	800	
Grótta	500	
Innri Akraneshreppur	200	
Miðneshreppur	2 000	
Seltjarnarnes	2 000	
Selvogur	2 000	
Stokkseyri	1 500	
Vogar	1 500	
Patreksfjörður	2 000	
Samtals		35 000

Tafla 5. Gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán árið 1977
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Akureyri	155	Mjóifjörður	37
Árskógssandur	70	Neskaupstaður	338
Bíldudalur	406	Ólafsfjörður	120
Bolungarvík	703	Ólafsvík	97
Borgarfjörður eystri	86	Patreksfjörður	543
Búðardalur	94	Reyðarfjörður	141
Dalvík	84	Sandgerði	200
Eskifjörður	150	Sauðárkrókur	136
Eyrarbakki	306	Seyðisfjörður	459
Flatey á Skjálfanda	400	Skagaströnd	35
Flateyri	444	Stykkishólmur	86
Grenivík	40	Súðavík	86
Grindavík	302	Suðureyri	419
Grundarfjörður	58	Tálknafjörður	100
Hafnarfjörður	376	Vestmannaeyjar	218
Hólmavík	36	Vopnafjörður	260
Hrísey	70	Þingeyri	333
Húsavík	320	Þórshöfn	255
Ísafjörður	37		
		Samtals	8 000

Sþ. 594. Nefndarálit [39. mál]

um till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefur borist eftirfarandi umsögn frá flugmálastjóra, dags. 31.3. 1978:

„Bréf yðar varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, 39. mál, var lagt fyrir 931. fund flugráðs, og samþykkt að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn um þær úrbætur, sem getið er um í tillögunni. Verður væntanlega unnið að þeirri umsögn n. k. sumar með það fyrir augum, að hún liggi fyrir n. k. haust fyrir fjárlagaumræður."

Með vísan til þessarar umsagnar leggur nefndin til, að þáltill. verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fram kemur í umsögn frá flugmálastjóra, að þegar hefur verið ákveðið, að fram fari sú athugun, sem þingsályktunartillagan fjallar um, tekur sameinað Alþingi fyrir næstu mál á dagskrá.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. — Jón Helgason, fundaskr. — Lárus Jónsson.
Magnús T. Ólafsson. — Jónas Árnason. — Jón Skaftason.
Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 595. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um skipulag sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er efnislega sammála þessari tillögu, en með vísan til þess, að nú hefur verið lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem fjallað er um heilsugæslu og skipulag hennar, leggur allsherjarnefnd til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem lagt hefur verið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, sem fjallar m. a. um efni þingsályktunartillögunnar, tekur sameinað Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Lárus Jónsson.
Magnús T. Ólafsson.
Jónas Árnason.
Jón Skaftason.
Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 596. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um öryggisbúnað smábáta.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hafa borist umsagnir frá Sjóslysanefnd, Slysavarnarfélagi Íslands og siglingamálastjóra.

Tveir fyrstnefndu aðilarnir mæla eindregið með samþykkt tillögunnar, og siglingamálstjóri tekur undir nauðsyn þess, að slíkar reglur verði settar, og bendir á að nú þegar liggi fyrir drög að reglugerð um öryggisbúnað og eftirlit með bátum allt að 12 metrum að lengd, sem bíður samþykktar. Hins vegar telur hann að lagaheimildir skorti til að reglugerð verði sett um báta 6 metra og styttri.

Nefndin er eindregið meðmælt því, að umræddar reglur nái og yfir smábáta, eins og tillagan gerir ráð fyrir, og með vísan til umsagnar siglingamálastjóra leggur nefndin til, að tillagan verði samþ. svo

BREYTT:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um eftirlit með opnum smábátum og öryggisbúnaði þeirra.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Lárus Jónsson.
Magnús T. Ólafsson.
Jónas Árnason.
Jón Skaftason.
Ólafur G. Einarsson.

Ed. 597. Frumvarp til laga [228. mál]

Ríkisskattstjóri skal auk þeirra starfa, sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Hann skal setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkisskattstjóri skal gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað framtöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um skatta og gjöld sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., sbr. einnig 106. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra eftir reglum 99. og 100. gr. þessara laga.

Skattrannsóknarstjóri, skatteftirlit

102. gr.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild er hafi með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri stýrir starfsemi deildarinnar.

Skattrannsóknarstjóri skal hafa með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum. Hann skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. mgr. 96. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari málsgrein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

Vanhæfi skattyfirvalda

103. gr.

Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

Gerðabækur

104. gr.

Skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur um þau atriði og í því formi, er fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um.

Eftirlit fjármálaráðherra

105. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar skattframtöl og gögn varðandi þau og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

XII KAFLI
VIÐURLÖG OG MÁLSMEÐFERÐ

Álag

106. gr.

Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Berist framtal, sem álagning verður byggð á, eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu skattstjóra er lokið, má þó aðeins bæta 1% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil hafa dregist fram yfir frestinn, þó ekki hærra álagi en 15%.

Séu annmarkar á framtali, sbr. 96. gr., eða einstakir liðir ranglega fram taldir, má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna. Bæti skattaðili úr annmörkum eða leiðrétti einstaka liði á framtali áður en álagning fer fram, má skattstjóri þó eigi beita hærra álagi en 15%.

Fella skal niður álag samkvæmt grein þessari ef skattaðili færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á framtali eða vanskil þess, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að hann skilaði framtali á réttum tíma, bætti úr annmörkum á framtali eða leiðrétti einstaka liði þess.

Um kæru til skattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir ákvæðum 99. og 100. gr. laganna.

Refsingar

107. gr.

Skýri skattaðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Einnig má, að fullnægðum sömu saknæmisskilyrðum, sekta skattaðila, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem áætlun reyndist of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 96. gr. Álag skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Skýri framteljandi rangt eða villandi frá einhverjum atriðum er varða framtal hans, má gera honum sekt allt að 1 000 000 kr., enda þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða sekt allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt allt að 500 000 kr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi skattframtöl annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 92. gr., skal greiða sekt allt að jafnhárri þeirri fjárhæð er undan skyldi dregin með upplýsingunum eða vanrækt var að gefa upplýsingar um. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Að öðru leyti skal hver sá sem vísvitandi vanrækir skyldu sína samkvæmt ákvæðum 91. og 94. gr. greiða sekt allt að 1 000 000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum geta eigi orðið hærri en 20 000 000 kr. Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila framið brot, sem refsivert er skv. 4. mgr. þessarar greinar, má einnig gera lögaðila þeim sem í hlut á sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti varðar brot auk sektar varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 1 000 000 kr. nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

Málsmeðferð og fyrning

108. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 107. gr. nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess að máli verði vísað til dómstóla. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr., eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar. Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður.

Sektir, sem ríkisskattanefnd úrskurðar, renna í ríkissjóð. Gilda sömu reglur að því er innheimtu þeirra varðar og um skatta samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt.

Mál út af brotum, sem koma til meðferðar dómstóla, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Sök samkvæmt 107. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XIII KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

109. gr.

Skattar, álagðir samkvæmt lögum þessum, renna í ríkissjóð. Um innheimtu þeirra, vexti og ábyrgð á greiðslu þeirra fer eftir ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

110. gr.

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og ríkisskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þó menn þessir láti af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

111. gr.

Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

112. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu opinberra gjalda við önnur ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. eða 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum og eignum sem skattskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila eða ábendingu skattstjóra, að lækka tekjuskatt og eignarskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

113. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum sem um ræðir í 93., 98., 99. og 100. gr. ef brýna nauðsyn ber til.

114. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar.

Ráðherra getur kveðið á í reglugerð um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

115. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

116. gr.

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 3. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 40. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1980.

117. gr.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum og skulu þá skattstjórar leysa þau störf af hendi uns öðruvísi verður ákveðið.

118. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 89. gr. um ríkisskattanefnd skulu koma til framkvæmda 1. janúar 1980 og fellur niður frá sama tíma umboð ríkisskattanefndar sem skipuð er skv. 32. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 13. gr. laga nr. 7/1972. Frá sama tíma fellur niður umboð nefndar sem um ræðir í 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, svo og lög nr. 7 22. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I kafli laga nr. 10 22. mars 1974, II kafli laga nr. 11 28. apríl 1975, II kafli laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977, lög nr. 63 28. desember 1977 og III kafli laga nr. 3 17. febrúar 1978 um breyting á þeim lögum. Þó skulu ákvæði framangreindra

laga gilda um álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1979 vegna tekna á árinu 1978 og eigna í lok þess árs.

Þá falla niður lög nr. 22 9. mars 1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda sem eru á förum úr landi o. fl. frá og með 1. janúar 1979 og gilda ákvæði laga þessara frá þeim tíma.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

I

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og verið hafa sjálfstæðir skattaðilar en fullnægja ekki skilyrðum 3. tl. 1. mgr. 2. gr., skulu eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1980 senda skattstjóra þar tilgreind gögn um að skilyrðum hafi verið fullnægt, æski þau þess að teljast áfram sjálfstæðir skattaðilar.

II

Úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978 að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári, er ávallt heimil án þess að hún teljist til arðs, sbr. 9. gr. Til hreinnar eignar félags í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum, sbr. einnig 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Skattfrelsi slíkrar úthlutunar er því skilyrði bundið að hún hafi ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareigenda eða hluthafa í hlutafélagi.

Um úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á breytingu hreinnar eignar eftir árslok 1978, fer eftir ákvæðum 9. gr.

III

Yfirfæranleg rekstrartöp í árslok 1978, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr. laga nr. 68/1971, er heimilt að flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum uns þau hafa verið jöfnuð skv. 6. tl. 1. mgr. 31. gr. þessara laga.

IV

Á árinu 1979 skal framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. þessara laga og 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs. Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) og fengnum fyrningum samkvæmt skattalögum skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1979. Mismunur þessa fyrningargrunns og framreiknaðra fyrninga telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 1979 reikna og birta verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast á árunum 1964 til 1978 og skal stuðullinn fyrir árið 1964 einnig gilda um eignir sem skattaðili eignaðist fyrir þann tíma. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. nú lög nr. 93/1975.

Kostnaðarverð (stofnverð) eigna, sem skattaðili á og eignaðist á einhverju framangreindra ára, skal margfalda með stuðli viðkomandi árs. Hafi stofnverð eigna hækkað eftir kaupár skal hækkunin margfölduð með stuðli þess árs þegar hækkun varð.

Á sama hátt skulu fengnar fyrningar samtals til ársloka 1978 vegna þessara eigna margfaldaðar með stuðli kaupárs. Fyrning þannig framreiknuð telst fengin heildarfyrning. Til fenginna fyrninga í þessu sambandi telst þó ekki verðstuðulsfyrning samkvæmt 6. mgr. C-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972. Kostnaðarverð einstakra eigna og fengnar fyrningar samtals vegna þeirra skulu

þannig margfaldaðar með sama stuðli og hækka því eftirstöðvar fyrningarverðs samkvæmt þeim stuðli.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati 1. janúar 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs, þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga þannig framreiknaðra telst fengin heildarfyrning. Áður fengnar fyrningar samkvæmt C-lið 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs þegar fasteignamatið er notað sem endurmatsverð samkvæmt þessari málsgrein.

Þegar um er að ræða eignir þær sem um getur í 3. tl. 38. gr., er skattaðila heimilt að nota sama verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem hann hefur eignast fyrir árið 1973 í stað stuðuls hvers árs fyrir þann tíma. Stuðullinn skal vera jafn stuðli ársins 1971 eins og hann verður ákveðinn skv. 2. mgr. og skal upphaflegt kostnaðarverð og fengnar fyrningar samtals til ársloka 1978 margfaldaðar með þessum stuðli. Ekki skiptir máli á hvaða árum fyrir 1973 skattaðili eignaðist umræddar eignir.

Ef skattaðili hefur eignast fyrnanlega eign fyrir árið 1964 getur hann sótt um heimild til ríkisskattstjóra til að nota annan stuðul en þann sem ákveðinn er fyrir árið 1964, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, enda leggi hann fram fullnægjandi upplýsingar um upphaflegt kostnaðarverð og fengnar fyrningar. Ríkisskattstjóri reiknar þá verðstuðul viðkomandi ára eftir breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar eða hliðstæðum upplýsingum og hafa skal hann samráð við Hagstofu Íslands ef byggingarvísitala liggur ekki fyrir.

Skattaðilar sem eiga fyrnanlegar eignir í ársbyrjun 1979 skulu senda skattstjóra eigi síðar en með skattframtali 1980 greinargerð um matið ásamt skrá um hinar endurmetnu eignir, aldur þeirra, upphaflegt kostnaðarverð og notaðar fyrningar. Skattstjóri úrskurðar um matið og má skjóta úrskurði hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Sé skilyrðum þessarar málsgreinar eigi fullnægt af hálfu skattaðila kemur ekki til endurmats á fyrnanlegum eignum eldri ára.

Á árinu 1979 skal tillag í mótreikning fyrninga, sbr. 44. gr., reiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli þess árs, en það skal vera sami stuðull og notaður er til framreiknings á eignum sem aflað er á árinu 1978.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

V

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir árið 1979, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og um er rætt í ákvæði til bráðabirgða IV eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fenginna fyrninga umræddra eigna.

VI

Komi í ljós á skattframtali fyrir tekjuárið 1979 að skattaðili hafi ekki talið fram til skatts á liðnum árum eignir sem um ræðir í 78. gr. eða tekjur af þeim, sem skattfrjálsar hafa verið við viss skilyrði, skal eigi lagður eignarskattur vegna fyrri ára á hinar óframtöldu fjárhæðir né tekjuskattur á tekjur af fjármunum þessum, enda hafi eignir þessar myndast fyrir ársbyrjun 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er lagt fyrir Alþingi, var boðað í stefnuræðu forsætisráðherra og framsögu fjármálaráðherra fyrir fjárlagafrumvarpi í upphafi þings. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og hefur það frumvarp nokkur áhrif á efni frumvarps þess er hér liggur fyrir. Frumvarp þetta er hvað efnisskipan snertir byggt á frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem flutt var á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt. Eru mörg efnisatriði frumvarps þessa tekin nær óbreytt úr fyrrgreindu frumvarpi en tillögur eru gerðar um breytingar á öðrum atriðum á grundvelli þeirra umræðna sem urðu um þessi mál, bæði innan þings og utan, á fyrri hluta síðastliðins árs. Frumvarp þetta er liður í heildarendurskoðun á tekjuöflun ríkisins og á sér langan aðdraganda. Um þessi atriði verður ekki fjölyrt hér en vísast til inngangs að almennum athugasemdum með tekjuskattsfrumvarpi því sem flutt var á síðasta þingi.

Frumvarpi þessu er ætlað að öðlast gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu á tekjur og eignir þess árs á árinu 1980. Þykir ekki við hæfi að breyttar reglur um skattlagningu hafi afturvirk áhrif, einkanlega að því leyti sem hin ráðgerða breyting kann í einstökum tilvikum að verða til aukningar skattbyrði. Ákvæði frumvarpsins hefðu því ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs 1978.

Helstu stefnubreytingar frá gildandi tekjuskattslögum, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Frádráttarliðum frá tekjum manna utan atvinnurekstrar er fækkað verulega og skattaðilum heimilað að eigin vali að nota fastan frádrátt, sem er ákveðinn hundraðshluti af launatekjum, í stað frádráttar vegna iðgjalda af lífeyri, iðgjalda til stéttarfélaga, vaxtagjalda og gjafa til menningarmála. Að þessu leyti er frumvarp þetta því verulega frábrugðið frumvarpinu í fyrra en þar var lagt til að flestir frádráttarliðir væru felldir niður með öllu eða þeim breytt í afslátt frá skatti.
2. Aðferð við skattlagningu hjóna er breytt. Tekin er upp takmörkuð sérsköttun hjóna með heimild til millifærslu þess hluta persónuafsláttar sem öðru hjóna nýtist ekki yfir til hins hjóna. Sérstakur frádráttur gildandi laga vegna launatekna giftrar konu er felldur niður. Skattstigi og persónuafsláttur er hinn sami fyrir alla menn án tillits til hjúskaparstöðu þeirra. Barnabótum er skipt til helminga milli hjóna.
3. Skattmeðferð einstaklinga, sem fást við atvinnurekstur, er breytt verulega. Rekstrarútgjöld atvinnurekstrar og þar með tap af slíkum rekstri yrði samkvæmt frumvarpinu ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum mannsins. Hann gæti þannig t.d. ekki nýtt fyrningar í atvinnurekstri sínum til að firra sig skattgreiðslu af launatekjum sem hann kann að hafa.

   Að auki gerir frumvarpið ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi lögum að maður, sem stundar atvinnurekstur í eigin nafni eða sjálfstæða starfsemi, verði án tillits til afkomu rekstrarins skattlagður eins og honum væru greidd frá öðrum. Er með þessum hætti stigið skref til aðgreiningar á atvinnurekstrinum sjálfum og þeim sem hann rekur.
4. Veruleg breyting er ráðgerð á fyrningarreglum og reglum um skattlagningu söluhagnaðar.

   Að því er varðar fyrningar munar mest um þá ráðgerðu breytingu að reikna fyrningar af endurmatsverði með lægri hundraðshlutum en samkvæmt gildandi lögum. Endurmatið er byggt á breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar og reiknast eins fyrir allar eignir. Fyrningarákvæðum frumvarpsins er ætlað að koma í stað fjölmargra fyrningarákvæða gildandi laga, þ. á m. verðstuðuls-

fyrninga. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um skerðingu fyrninga þegar fjármögnun fyrnanlegra eigna byggist að nokkru eða öllu á lánsfé.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að söluhagnaður verði alltaf skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma, en við ákvörðun söluhagnaðar er upphaflegt kaup- eða kostnaðarverð framreiknað til söluárs eftir verðbreytingarstuðli. Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis verður þó áfram skattfrjáls eftir ákveðinn eignarhaldstíma. Söluhagnaður samkvæmt gildandi lögum er yfirleitt skattfrjáls eftir tiltekinn eignarhaldstíma.

Breytingum á fyrninga- og söluhagnaðarreglum er m. a. ætlað að koma í veg fyrir að unnt sé að skapa nýjan fyrningargrunn með kaupum og skattfrjálsri sölu eigna eftir tiltekinn tíma með málamyndagerningum milli aðila.

5. Í þeim köflum laganna sem fjalla um framkvæmd skattlagningar og viðurlög eru gerðar nokkrar veigamiklar breytingar. Framlagningu skattskrár er seinkað þar til meginhluti úrskurða skattstjóra um kærur hefur farið fram, þannig að skattskrá verði réttari en sú frumskattskrá sem lögð er fram samkvæmt gildandi lögum.

Ríkisskattanefnd er breytt samkvæmt frumvarpinu í fastan úrskurðaraðila, eins konar skattadómstól þriggja manna sem ætlað er að hafa setu í nefndinni að aðalstarfi.

Loks eru viðurlög við skattsvikum samkvæmt frumvarpinu verulega þyngd, t.d. ákveðin há sektamörk. Veigamesta stefnubreytingin í þessu efni er þó að heimilað er, við ítrekuð brot eða miklar sakir, að dæma auk sektar varðhald eða fangelsi allt að 6 árum eins og nú gildir um þjófnað, fjárdrátt og önnur auðgunarbrot samkvæmt almennum hegningarlögum.

Hér á eftir fara nánari lýsingar á breytingum sem í frumvarpi þessu felast, skipt í eftirfarandi meginþætti:

I Breyting á reglum um skattlagningu einstaklinga.
II Breyting á reglum um skattlagningu atvinnurekstrar.
III Breytingar á reglum um framkvæmd, úrskurði og eftirlit.
IV Breyting á viðurlagaákvæðum.

I Breyting á reglum um skattlagningu einstaklinga

Skattlagning hjóna

Lagt er til að í stað núgildandi reglna um hjónasköttun verði tekin upp takmörkuð sérsköttun hjóna. Er hér um verulega breytingu að ræða frá ákvæðum gildandi laga þar sem samsköttun hjóna er meginreglan og sömuleiðis frávik frá ákvæðum tekjuskattsfrumvarps þess sem flutt var á fyrra þingi þar sem gert var ráð fyrir því að tekjur hjóna væru lagðar saman og þeim síðan skipt í tvo jafna hluta til skattlagningar hjá hvoru hjóna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjum hjóna sé skipt upp í þrjá flokka. Þær tekjur sem falla undir A-lið 7. gr., en þar vega launatekjur þyngst, skal hvort hjóna um sig telja fram og frá þeim draga þá frádráttarliði sem tengjast þessum tekjum, þ. e. þá liði er um ræðir í A, C og D-liðum 30. gr. Þær tekjur hjóna sem um ræðir í C-lið 7. gr., en hér er fyrst og fremst um eignatekjur að ræða, skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar launatekjur eða skyldar tekjur. Frá þessum tekjum má draga heimilaða frádráttarliði skv. B og E-lið 30. gr. Loks skulu tekjur af atvinnurekstri teljast hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum. Hvort hjóna um sig skal síðan skattlagt eftir sama skattstiga og einstaklingur og persónuafsláttur hvors hjóna er hinn sami og persónuafsláttur einstaklings. Sá hluti persónuafsláttar sem öðru hjóna nýtist ekki á móti reiknuðum skatti eða útsvari færist yfir til hins hjóna og gengur til frádráttar skatti þess meðan til endist og síðan til frádráttar útsvari þess. Eignir hjóna eru lagðar saman og síðan skipt í tvo jafna hluta sem skattlagðir eru hjá hvoru hjóna um sig. Sá

greinarmunur sem gerður er á hjónum eftir kyni í gildandi lögum er afnuminn svo og heimild til 50% frádráttar af launatekjum eiginkonu.

Með þessum reglum er gengið eins langt til sérsköttunar hjóna og fært er eins og nú er ástatt. Ekki þykir mögulegt að skipta eignum eða tekjum af þeim milli hjóna eftir því hvort hjóna telst eigandi þeirra. Kemur þar bæði til að í flestum hjónaböndum er töluverður vafi á til hjúskapareignar hvors hjóna á að telja verulegan hluta eignaheildarinnar og eins hitt að alger sérsköttun eigna og eignatekna opnar hjónum möguleika á að skipta þessum tekjum og eignum á milli sín til skattlagningar á þann hátt sem þeim væri hagkvæmastur án þess að skattyfirvöld hefðu möguleika til vefengingar á þeim skiptum. Heimildin til millifærslu ónýtts persónuafsláttar hefur þann ótvíræða kost umfram algera sérsköttun að með henni er við skattlagningu tekið tillit til þess að tveir eiga að lifa af tekjum þess hjóna sem vinnur utan heimilis í þeim fjölmörgu hjónaböndum þar sem hinn makinn aflar heimilinu ekki utanaðkomandi tekna.

Frádráttarheimildir

Frádrætti frá tekjum einstaklinga er fyrir komið með hliðstæðum hætti og í gildandi lögum nema hvað frádráttarliðum er nokkuð fækkað. Hins vegar er ekki gengið eins langt í því efni og gert var í frumvarpi því er lá fyrir síðasta þingi. Þannig er haldið frádrætti á lífeyrissjóðsiðgjöldum, stéttarfélagsgjöldum, gjöfum til líknar- og menningarmála og námsfrádrætti, svo dæmi séu nefnd. Þó er í frumvarpinu það nýmæli að mönnum gefst kostur á að nota fastan frádrátt, sem er ákveðinn hundraðshluti af launum, í stað frádráttar iðgjalda af lífeyri, stéttarfélagsgjalda, vaxtagjalda og gjafa til menningarmála. Með þessu móti ætti framtalsgerð að geta orðið einfaldari hjá allmörgum skattaðilum og einnig ætti að nást meiri nákvæmni í staðgreiðslu opinberra gjalda.

Íbúðarhúsnæði

Tekjur og gjöld af eigin íbúðarhúsnæði verða tekin út bæði tekjumegin og gjaldamegin. Er um að ræða annars vegar eigin húsaleigu en hins vegar fasteignagjöld, fyrningu og viðhaldskostnað. Við álagningu 1975 voru bæði tekjur og gjöld íbúðarhúsnæðis reiknuð sem hlutfall af fasteignamati. Við álagningu 1976 var frádrætti breytt með reglugerð þar sem einungis fyrning er ákveðið hlutfall af fasteignamati en fasteignagjöld og viðhaldskostnaður frádráttarbær samkvæmt reikningi. Sé litið á eigin húsaleigu í heild annars vegar og heildargjöld af íbúðarhúsnæði hins vegar vógu þessir liðir nokkurn veginn salt við álagningu 1975. Sú tilhögun sem síðan hefur ríkt við álagningu hefur ekki gefið eins góða raun varðandi betra framtal viðhaldsvinnu og vonir stóðu til, auk þess sem afar erfitt er að draga skýr mörk milli viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði.

Skattlagning barna

Gert er ráð fyrir að launatekjur barns innan 16 ára aldurs verði skattlagðar hjá barninu sjálfu með föstu hlutfalli sem er tiltölulega lágt. Aðrar tekjur barns skulu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur launatekjur og skyldar tekjur sbr. 1. mgr. 65. gr. Eignir barns skulu skattlagðar með eignum foreldra eða eignum þess manns sem nýtur barnabóta vegna barnsins.

Önnur atriði varðandi skattlagningu einstaklinga

Ákvæði um tekjuskattsfrelsi vaxtatekna eru nú miðuð við vaxtagjöld í stað skulda samkvæmt gildandi lögum. Arður er gerður frádráttarbær hjá móttakanda að vissu marki. Framtalsskylda er útvíkkuð, t. d. á sparifé. Ýmsar aðrar tillögur eru gerðar um breytingu á einstökum atriðum og vísast um þær til athugasemda við einstakar greinar.

II Breytingar á skattlagningu atvinnurekstrar

Einstaklingar í atvinnurekstri

Í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru engar heimildir til ákvörðunar launa af eigin atvinnurekstri manns eða sjálfstæðri starfsemi, umfram þær sem almennt gerist um einstaklinga. Í lögunum eru ekki sérstök ákvæði sem takmarka frádráttarbærni taps frá öðrum tekjum en af rekstrinum sjálfum. Sé rekstur-inn hins vegar í félagsformi kemur tap af rekstri ekki til frádráttar tekjum utan rekstrarins.

Í frumvarpinu er lagt til að maður sem atvinnurekstur stundar í eigin nafni eða sjálfstæða starfsemi sitji við sama borð og eigandi félags af starfslaunum sínum frá félaginu. Er miðað við að maður skuli telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt starfið af hendi fyrir óskyldan aðila, hvort sem hann vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða þá hjá félagi sem honum er tengt. Endurgjald þetta yrði frádráttarbært sem kostnaður í atvinnurekstrinum en ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum. Við ákvörðun endurgjaldsins yrði tekið tillit til aðstöðu aðila, aldurs, heilsufars og annarra atriða sem máli skipta. Með þessu móti reiknar maður sér tekjur af atvinnurekstrinum óháð sveiflum á afkomu rekstrarins frá einu ári til annars.

Fyrningar og söluhagnaður

Í gildandi lögum fer um fyrningar skv. 15. gr. en þær teljast til rekstrarkostnaðar skv. A-lið 11. gr. Í A-lið 15. gr. laganna er fyrnanlegum eignum skipt í fimm flokka og í 1. mgr. C-liðs sömu greinar er fyrning ákveðin sem fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði eigna, sem þar eru upp taldar, og innan vissra marka að því er fyrningarhlutfall varðar.

Í aðalatriðum er árlegt fyrningarhlutfall lausafjár 8—15%, bygginga og annarra mannvirkja en íbúðarhúsnæðis 1—10% eftir gerð og byggingarefni, en keypts eignarréttar að verðmætum hugverkum og auðkennum svo og sérstaks stofnkostnaðar 5—20%. Þá eru ýmis önnur ákvæði um fyrningu, þar á meðal þess efnis að yfirleitt skuli standa eftir niðurlagsverð eignanna 10% af heildarfyrningarverði þeirra.

Auk þeirra föstu fyrninga, sem hér hafa verið taldar eru í lögunum ákvæði um tvenns konar heimildarfyrningar til viðbótar. Annars vegar er heimild í D-lið 15. gr. til að fyrna lausafé og mannvirki, önnur en íbúðar- og skrifstofuhúsnæði, með sérstakri fyrningu er nemi 30% af heildarfyrningarverði. Þessi sérstaka fyrning má ekki mynda rekstrarhalla eða notast til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

Í 6. mgr. C-liðs 15. gr. er veitt heimild til svonefndrar „stuðulsfyrningar“ af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði. Miðast verðhækkunarstuðullinn við almenna verðbreytingar á árinu og hefur hann reiknast af fyrningu ársins en ekki fyrningargrunni.

Í stað þeirra fyrninga, sem hér hefur verið lýst, er í frumvarpinu gert ráð fyrir einni árlegri fyrningu. Ekkert árlegt lágmarkshlutfall fyrningar er tiltekið en hins vegar árlegt hámarkshlutfall.

Gert er ráð fyrir að fyrningar verði reiknaðar af endurmatsverði með lægri hundraðshlutum heldur en samkvæmt gildandi lögum. Endurmatið miðast við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Í árslok á hverju ári skal ríkisskattstjóri birta verðbreytingarstuðul er miðist við þá hækkun sem orðið hefur á meðaltali gildandi byggingarvísitölu frá árinu á undan og skal þessi stuðull gilda fyrir allar eignir. Fengnar fyrningar skulu hækkaðar á sama hátt. Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir endurmati á þeim eignum sem skattaðili hefur eignast fyrir gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir skerðingu frádráttar vegna fyrninga þegar fyrnanlegar eignir eru að einhverju eða öllu leyti fjármagnaðar með lánsfé.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að íbúðarhúsnæði verði fyrnanlegt. Fasteignir, sem heimilt er að fyrna, verða samkvæmt frumvarpinu fyrndar af framreiknuðu kostnaðarverði (stofnverði) að hámarki 10% á ári, en fjármálaráðherra

getur með reglugerð ákveðið þetta hámark hærra fyrir einstaka flokka mannvirkja eftir notkun, gerð og byggingarefni. Heimilt er að færa að fullu til gjalda eignir sem kosta minna en tiltekna fjárhæð.

Andstætt því sem er í gildandi lögum er engin lágmarksfyrning tiltekin og heimilt er að nota árlega fyrningu til fulls á kaupári en enga á söluári eignar. Gert er ráð fyrir 10% niðurlagsverði lausafjár og mannvirkja eins og verið hefur.

Töp yrði heimilt að færa milli ára án tímatakmörkunar.

Samkvæmt gildandi lögum má flytja tap á atvinnurekstri milli ára um fimm áramót, en þann hluta rekstrartapa sem myndast hefur vegna fyrninga, annarra en flýtifyrninga, má flytja milli ára uns hann er að fullu jafnaður.

Í frumvarpinu eru ýmis önnur ákvæði um fyrningar, bæði til skýringar á hugtökum, hvað teljast fyrnanlegar eignir, um upphaf og lok fyrningartíma, fyrningargrunn o. fl. Ennfremur um makaskipti, arftöku, eignir sem eru einungis að hluta til nýttar til öflunar tekna, um niðurlag rekstrar, skyldu til að halda skrá yfir eignir og um heimild ríkisskattstjóra til að víkja frá reglum um fyrningarhlutfall.

Söluhagnaður af þeim eignum í atvinnurekstri, sem heimilt yrði að fyrna, verður að fullu skattskyldur á söluári, óháð eignarhaldstíma. Samkvæmt gildandi lögum er skattskyldan hins vegar bundin eignarhaldstíma, en mismunandi er eftir tegundum eigna hvenær hann leysir aðila undan skattskyldu að einhverju eða öllu leyti, sbr. E-lið 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna verður samkvæmt ákvæðum frumvarpsins þannig að fullu skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Hagnaðurinn telst mismunur á söluverði annars vegar og stofnverði (kostnaðarverði) þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum, framreiknuðu með verðbreytingarstuðli, hins vegar. Sá munur, sem þá stendur eftir sem söluhagnaður, ætti að svara til hagnaðar sem myndast hefur, t. d. vegna þjóðfélagslegra aðgerða eða breytinga, svo sem vegna fenginna fyrninga umfram slit eignar við öflun tekna. Heimild er til að því er fasteignamat varðar að nota gildandi fasteignamat í ársbyrjun 1978 í stað stofnverðs, hafi aðilar eignast hið selda fyrir þann tíma. Heimild er til frestunar skattgreiðslu enda sé söluhagnaðurinn notaður til fyrningar annarra fyrnanlegra eigna. Með þessu ákvæði, er leitast við að hafa flutning eigna milli atvinnugreina sem greiðastan, t. d. milli fiskveiða og fiskvinnslu, eða úr útgerð í vefjariðnað, ef svo ber undir. Þá felur ákvæði 2. mgr. 45. gr. í sér nokkurs konar óbeina skattlagningu söluhagnaðar, en samkvæmt því skal tekjufæra mismun mótreiknings fyrninga og samanlagðra eftirstöðva fyrningarverðs allra fyrnanlegra eigna á því ári sem eftirstöðvar fyrningarverðs verða lægri en mótreikningurinn.

Svipað ákvæði gildir um söluhagnað af ófyrnanlegum fasteignum, þ. m. t. lönd, lóðir og ófyrnanleg náttúruauðæfi, og um söluhagnað af fyrnanlegum fasteignum. Þó er skattaðila jafnan heimilt að telja helming söluverðs ófyrnanlegrar fasteignar til tekna sem söluhagnað, enda getur viðmiðun við fasteignamat 1979 eða framreikningur á gömlu stofnverði reynst erfiður í sumum tilvikum. Þetta þýðir í reynd að heildarskattur af söluhagnaðinum yrði rúm 25% hið mesta (í stað skattfrelsis eftir sex ára eða lengri eignarhaldstíma). Flutningur söluhagnaðar til lækkunar stofnverðs annarra eigna er einungis heimilaður vegna sölu á landi bújarða og er sú heimild bundin allströngum skilyrðum.

Hagnaður af sölu ófyrnanlegs lausafjár, svo sem einkabíla telst að fullu skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma en við ákvörðun söluhagnaðar skal hækka (eða lækka) stofnverð lausafjárins með tilliti til verðbreytinga frá kaupári.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, hvorki í eigu lögaðila né manna. Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi maður átt það skemur en fimm ár, en sé skattfrjáls eftir fimm ára eða lengri eignarhaldstíma. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði í eigu lögaðila svo og þeirra manna, sem eiga íbúðir yfir tilteknum stærðarmörkum, fer eins og um söluhagnað af öðrum ófyrnanlegum mannvirkjum. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um flutning söluhagnaðar af seldu íbúðarhúsnæði á það, sem aflað er í staðinn.

Samkvæmt gildandi lögum telst ágóði af sölu hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum og samlögum að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi aðili átt hið selda skemur en tvö ár, að hálfu eftir tveggja ára eignarhaldstíma en skemur en fjögur ár en eftir fjögur ár telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Samkvæmt frumvarpinu er full skattskylda söluhagnaður af þessum eignum án tillits til eignarhaldstíma.

Ýmis ákvæði önnur eru í frumvarpinu um söluhagnað, svo sem af eignum sem einungis eru notaðar að hluta í atvinnurekstri, um altjón og eignarnám, arftöku, tap af sölu, makaskipti, um sölu fasteignar sem er seld í heild eða að hluta og sala hennar fellur undir mismunandi ákvæði, um ákvörðun verðbreytingarstuðuls við ákvörðun söluhagnaðar o. fl.

Önnur atriði varðandi atvinnurekstur

Ýmsum öðrum atriðum varðandi skattlagningu atvinnurekstrar er ætlað að breyta með frumvarpi þessu. Má þar nefna frádráttarbærni arðs og opinberra gjalda á því ári sem þau varða og yfirfærslu rekstrartapa án tímatakmörkunar. Nýtt ákvæði er í frumvarpinu um heimild til sérstakrar 5% niðurfærslu á útistandandi kröfum í lok reikningsárs. Þá er gert ráð fyrir því að skylt sé að nota varasjóð til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi og lögboðið að mæta skuli tapi áður en fé er lagt í varasjóð.

III Framkvæmd, úrskurðir og eftirlit

Frumvarpið gerir ráð fyrir að álagning skv. framtölum manna fari fram fyrir mailok á grundvelli lítt endurskoðaðra framtala og frekari endurskoðun þeirra verði látin bíða þar til eftir álagningu. Framtöl lögaðila verði hins vegar fullskoðuð áður en skattur er á þá lagður og álagningin birt þeim jafnharðan og henni lýkur. Skattskráin mun ekki koma út fyrr en í árslok þegar skattstjórar hafa úrskurðað flestar kærur.

Í stað gildandi ákvæðis um skipan ríkisskattanefndar skal hún samkvæmt frumvarpinu skipuð þremur mönnum sem hafa setu í nefndinni að aðalstarfi. Þá eru í frumvarpinu víðtækari ákvæði en í gildandi lögum um skatteftirlit og rannsóknir og verkefni skattrannsóknarstjóra í því sambandi.

IV Viðurlög

Allmiklar breytingar eru gerðar á viðurlagaákvæðum. Eftir sem áður er meginreglan sú, að viðurlög eru ekki ákveðin af dómstólum nema sökunautur eða ríkisskattstjóri óski þess sérstaklega. Samkvæmt gildandi lögum eru sektir í málum, sem ekki fara fyrir dómstóla. úrskurðaðar af sérstakri skattsektanefnd. Hér er lagt til að þetta úrskurðavald verði í höndum ríkisskattanefndar. Ætti þessi breyting að horfa til einföldunar enda gerir hin breytta skipan ríkisskattanefndar henni mögulegt að taka við auknum verkefnum.

Þá eru refsingar við brotum á lögunum verulega þyngdar frá því sem er í gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ákvæði um skattskyldu eru gerð afdráttarlausari. Ákvæði eru sett um lengd dvalartíma, sem leiðir til fullrar skattskyldu, um lengd skattskyldutíma eftir brottför úr landi, svo og um skattskyldu þeirra sem starfa um borð í loftfari eða skipi, skráðu hér á landi. Ákvæði frumvarpsins eru að þessu leyti svipuð þeim reglum sem í gildi eru annars staðar á Norðurlöndum.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 1. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt og að hluta í stað 1. mgr. 2. gr. sömu laga.

Meðal þeirra sem teljast heimilisfastir hér á landi skv. 1. tl. eru þeir íslenskir ríkisborgarar sem starfa erlendis á vegum íslenska ríkisins eða á vegum alþjóðastofnana í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. lögheimilislaga eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 42/1966. Skv. 2. tl. gildir skattskylda í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag ef maður bregður heimilisfesti og sannar ekki skattskyldu sína annars staðar. Eftir gildandi lögum getur svo farið að maður, sem flytur úr landi, verði hvergi skattskyldur, a. m. k. um stundarsakir.

Í 3. tl. er mælt fyrir um að sá er dvelst hér á landi lengur en í 183 daga á sama almanaksári, að meðtalinni eðlilegri fjarveru (t. d. vegna sumarleyfa), sé að fullu skattskyldur hér á landi af öllum tekjum sínum og eignum. Eðlilegt virðist að setja skýrari reglur að þessu leyti, en í reynd yrði jafnframt tekið tillit til tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki við skattlagningu aðila sem þar eiga heimilisfesti. Eigi í hlut aðili frá ríki sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við má beita ákvæðum 3. mgr. 112. gr. frumvarpsins, sbr. nú 52. gr. gildandi laga, þess efnis að lækka megi tekjuskatt og eignarskatt slíks aðila með hliðsjón af skattgreiðslum hans annars staðar. Í 4. tl. er sams konar ákvæði og í 3. tl. um þá er starfa lengur en 183 daga á sama almanaksári um borð í loftfari eða skipi skráðu hér á landi.

Þar sem heimilisfesti samkvæmt þessari grein fellur ekki að öllu leyti saman við lagareglur um lögheimili er ríkisskattstjóra veitt úrskurðarvald um hverjir skulu teljast heimilisfastir hér á landi í skilningi skattalaga, en úrskurði hans má skjóta til dómstóla.

Um 2. gr.

Með lögaðila samkvæmt þessari grein og öðrum er átt við ópersónulegan aðila.

Ákvæði þessarar greinar koma í aðalatriðum í stað 5. gr. gildandi laga. Þeirri stefnu er fylgt að skilgreina skattskyldu fyrst en síðan undanþágur sérstaklega, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 3. tl. eru nokkuð hert skilyrði þess að sameignarfélag sé sjálfstæður skattaðili. Ákvæði um frest til að fullnægja þessum skilyrðum er að finna í bráðabirgðaákvæðum I. Þá er tekið fram í niðurlagi greinarinnar að fullnægi lögaðili ekki settum skilyrðum til að teljast sjálfstæður skattaðili skuli skipta tekjum og eignum milli eignaraðila.

Um 3. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvaða aðilar, menn og ópersónulegir aðilar, bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Eru þessi ákvæði fyllri og víðtækari en í gildandi lögum, sbr. 1.—3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 5. gr. og 6. gr. gildandi laga. Undanþágur frá skattskyldu er að finna í 4. gr. frumvarpsins.

Þá eru í frumvarp þetta felld inn atriði úr lögum nr. 22/1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi o. fl.

Í 1. tl. er m. a. ákveðin tekjuskattsskylda þeirra sem starfa um borð í loftfari eða skipi skráðu hér á landi eigi lengur en 183 daga á sama almanaksári.

Í 2.—8. tl. er kveðið á um rýmkun skattskyldu vegna hvers konar launagreiðslna, leigugjalds eða arðs til aðila er ekki hafa heimilisfesti hér á landi og í 9. tl. er kveðið á um af hvaða eignum þessir aðilar skuli greiða eignarskatt hér á landi.

Um 4. gr.

Grein þessi er í meginatriðum hliðstæð 6. gr. gildandi laga, sbr. einnig A-lið 5. gr. laganna.

Í 1. tl. eru tekjur maka forseta Íslands lagðar að jöfnu við tekjur hans. Upptalning á kirkjusjóðum og sparisjóðum er sleppt þar sem þeir falla undir 6.tl. (þeir sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum).

5. tl. er efnislega hinn sami og 2. málsl. A-liðs 5. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um þá meginreglu, að hjón skulu sérsköttuð. Hjón sem ekki eru samvistum skulu skattlögð sem tveir einstaklingar, en um hjón sem eru samvistum er að finna nánari ákvæði í 63. og 81. gr. frumvarpsins.

Jafnframt því sem lagt er til að samsköttun hjóna falli niður fellur niður núgildandi heimild til frádráttar á 50% launatekna eiginkonu.

Um 6. gr.

Lagt er til að tekjur barna sem eru innan 16 ára aldurs á tekjuárinu aðrar en launatekjur skuli skattlagðar með tekjum foreldris sbr. nánari ákvæði 1. mgr. 65. gr. frumvarpsins. Börn eru því almennt ekki sjálfstæðir skattaðilar og heimild sú til sérsköttunar á tekjum barns sem er að finna í 4. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1975 er felld niður.

Hins vegar er lagt til að tekjur barns skv. 1. tl. A-liðs 7. gr., þ. e. launatekjur þess skuli ávallt skattlagðar sérstaklega sbr. 2. mgr. 65. gr. frumvarpsins. Er lagt til að þessar tekjur verði skattlagðar með lágri fastri prósentu sbr. 2. mgr. 67. gr., en börn njóti ekki persónuafsláttar við skattlagningu þessara tekna.

Um. 7. gr.

Í þessari grein eru í dæmaskyni taldar upp helstu tegundir skattskyldra tekna. Þessi upptalning getur aldrei orðið tæmandi og verður ekki gagnályktað frá þessari upptalningu eins og berlega má sjá af 9. tl. C-liðs. Tekjunum er skipt upp í þrjá stafliði og er það gert til hægðarauka einkum vegna ákvæða 63. gr. um skattlagningu hjóna.

Í 1. mgr. 1. tl. A-liðs er fyllri upptalning en í A- og B-lið 7. gr. gildandi laga á því hvaða launagreiðslur og starfstengd fríðindi og hlunnindi teljast til tekna.

2. mgr. 1. tl. er nýmæli. Mælt er fyrir um að maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan og ótengdan aðila, eins og nú gildir um mann sem vinnur hjá félagi í atvinnurekstri.

2. tl. A-liðs felur í sér skýrari ákvæði en gildandi lög. Meðlagsgreiðslur með börnum eru gerðar skattfrjálsar hjá móttakanda í ríkara mæli en nú er skv. 16. gr. gildandi laga, sbr. 8. gr. laga nr. 11/1975 og er sú meginregla er nú gildir um einstæð foreldri gerð almenn. Þá er ákvæði um skattfrelsi móttekins framfærslueyris úr hendi maka eða fyrrverandi maka. Hvers konar bótagreiðslur eru skattskyldar en þetta ákvæði verður að skoða með hliðsjón af því hvað ekki telst til tekna skv. 2. tl. 28. gr. frumvarpsins, svo og með tilliti til ákvæða 43. gr.

Í 2. mgr. 2. tl. C-liðs er kveðið á um, að ekki skuli reikna tekjur af íbúðarhúsnæði því sem skattaðili á og notar til eigin þarfa. Fellur svonefnd eigin húsaleiga af íbúð, sem eigandi notar sjálfur, þar með niður svo og frádráttarbærni gjalda af þeirri íbúð.

Í 3. tl. C-liðs eru taldar vaxtatekjur, afföll og gengismunur, sem nánar er skilgreint í 8. gr. frumvarpsins. Vísast í þessu sambandi til 1. og 3. mgr. D-liðs 7. gr. gildandi laga varðandi vexti og afföll en til 4. mgr. D-liðs 15. gr. laganna varðandi gengishagnað og til 2. mgr. B-liðs og 5. mgr. C-liðs 15. gr. sömu laga um gengistöp.

4. tl. C-liðs, ásamt 9. gr. frumvarpsins, kemur í stað 2. mgr. D-liðs 7. gr. gildandi laga. Um frádrátt sem heimilaður er af tekjum skv. 3. og 4. tl. C-liðs fer samkvæmt ákvæðum 30. og 31. gr. frumvarpsins. Eins og þar kemur fram er frádráttarheimild arðs samkvæmt nánari skilmálum flutt að hluta frá félagi því er úthlutar og til móttakanda.

Í 5. tl. C-liðs er tekið fram að fé sem kaupfélög, samvinnufélög o. fl. færa félagsaðilum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra teljist til tekna en á móti kemur frádráttur skv. 5. tl. B-liðs 30. gr.

Í 6. tl. C-liðs er kveðið á um að sé fé af viðskiptum félagsaðila í umræddum félögum greitt út teljist það einnig til tekna, séu viðskiptin í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi félagsaðilans.

Í 7. tl. C-liðs eru hliðstæð ákvæði og í 5.—6. tl. að því er varðar samlög og innkaupasamtök.

Um 8. gr.

Þessi grein hefur að geyma ákvæði um vaxtatekjur, afföll sem tekjur og gengishagnað.

Í 1. tl. er fjallað um vexti af innstæðum í peningastofnunum og vexti af og verðhækkun á sérstökum verðbréfum, sem undanþegin eru tekju- og eignarskatti í vissum tilvikum svo sem spariskírteini ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir því að eigendur spariskírteina telji vexti og verðbætur fram til tekna þegar það er til útborgunar. Skattskylda höfuðstólsins svo og vaxta og verðbóta ræðst síðan af skuldastöðu skattaðila og vaxtagjöldum, sbr. 1. tl. B-liðs 30. gr. og 78. gr.

Vextir skv. 1., 2. og 3. tl. eru aðgreindir vegna mismunandi ákvæða um frádrátt frá tekjum, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

4. tl. er hliðstæður síðustu mgr. D-liðs 7. gr. gildandi laga. Einnig er tekið fram hvernig með afföll skuli fara sem tekjur ef krafa er seld eða látin af hendi.

Í 5. tl. er fjallað um gengishagnað, hvenær og hvernig skuli reikna hann. Eru þetta skýrari ákvæði og efnisbreyting frá 4. mgr. D-liðs 15. gr. laganna að því er tekur til tímalengdar tekjufærslu. Þá er í lokamálslið 5. tl. brugðið út af þeirri meginreglu að tekjur og gjöld skuli færð sérstaklega hvort um sig, þar sem heimilað er að færa jákvæðan gengismun til tekna, þ. e. gengishagnað ársins að frádregnu gengistapi. Á hinn bóginn er einnig heimilt að færa neikvæðan gengismun til gjalda, sbr. 4. tl. 51. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur að efni til í stað 2. mgr. D-liðs 7. gr. gildandi laga. Tímaviðmiðun eignarverðmætis þess sem útgáfa jöfnunarhlutabréfa skal byggð á skal vera lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári og tekið skal tillit til opinberra gjalda á því ári við ákvörðunina. Þá er tekið fram að til hreinnar eignar, sem útgáfa bréfanna skal miðast við, teljist ekki varasjóður, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins. Ríkisskattstjóra er falið að ákveða hvernig reikna skuli þá almennu verðhækkun sem verðmæti jöfnunarhlutabréfa skal samsvara.

Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við þær reglur sem gilt hafa um skattskyldu úthlutaðs arðs umfram hlutafé við félagsslit.

Um 10. gr.

Í þessari grein er söluhagnaður skilgreindur svo og hvað telst stofnverð eigna. 10.—27. gr. koma í aðalatriðum í stað E-liðs 7. gr. gildandi laga.

Um 11.—13. gr.

Í sambandi við þessar og aðrar greinar um söluhagnað vísast jafnframt til almennra athugasemda hér að framan.

Í 11. gr. er kveðið á um það hvernig söluhagnaður af fyrnanlegum eignum ákvarðast. Sömu meginreglur gilda um allar fyrnanlegar eignir, en söluhagnaður, þ. e. mismunur á söluverði og bókfærðu verði þessara eigna, þegar tekið hefur verið tillit til verðbreytinga, telst alltaf til skattskyldra tekna óháð eignarhaldstíma.

Í 12. gr. er veitt heimild til að nota fasteignamat í ársbyrjun 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs til þess tíma.

Í 13. gr. er kveðið á um heimild til að fyrna aðrar eignir um sem nemur skattskyldum söluhagnaði eða fresta skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót eigi skattaðili ekki fyrnanlegar eignir í lok söluárs. Frestun er því skilyrði bundin að

skattaðili afli sér fyrnanlegra eigna innan frestsins og fyrni þær. Þegar heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar er notuð er hann hækkaður eða lækkaður samkvæmt verðbreytingarstuðli og tekjufærður þannig framreiknaður.

Um 14.—15. gr.

Skv. 14. gr. er hagnaður af sölu fasteigna, sem eigi er heimilt að fyrna, þ. m. t. ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir og ófyrnanleg náttúruauðæfi, að fullu talinn til skattskyldra tekna á söluári.

Eins og um fyrnanlegar fasteignir skal við útreikning á söluhagnaði tekinn mismunur söluverðs og framreiknaðs stofnverðs samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. frumvarpsins. Skattaðila er heimilt að nota fasteignamat 1979 í stað stofnverðs hafi hann eignast hið selda fyrir þann tíma. Jafnan er honum heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna sem söluhagnað. Þetta ákvæði setur í reynd efri mörk á skattlagningu, enda er um miklar breytingar frá gildandi lögum að ræða.

Frestun á skattlagningu söluhagnaðar af sölu ófyrnanlegra eigna er almennt ekki heimil. Undantekning er þó gerð um bújarðir að vissum skilyrðum fullnægðum.

Í 15. gr. er kveðið á um, að hagnaður af sölu lausafjár sem eigi er heimilt að fyrna, t. d. einkabíla, annars en hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum og samlögum, teljist alltaf til skattskyldra tekna án tillits til eignarhaldstíma en heimilaður er framreikningur stofnverðs samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Um 16. gr.

Í greininni eru ákvæði um skattskyldu hagnaðar af sölu íbúðarhúsnæðis sem er í eigu manna, sem eiga ekki yfir 750 m³ íbúðarhúsnæði á söludegi ef um einstakling er að ræða, og 1 500 m³ ef hjón eiga í hlut. Um hagnað af sölu annars íbúðarhúsnæðis vísast til 14. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 16. gr. telst hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt það skemur en fimm ár, en eftir þann eignarhaldstíma er söluhagnaður skattfrjáls. Heimilt er að fresta skattlagningu um tvenn áramót eða færa söluhagnaðinn til lækkunar stofnverðs íbúðarhúsnæðis sem aflað er í staðinn, fullgerðs eða í byggingu.

Við ákvörðun söluhagnaðar er stofnverðinu breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Þá er mælt fyrir um hvernig reikna skuli söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem selt er í byggingu, en söluhagnaðurinn er skattskyldur hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma.

Ákvæði þessi fela í sér breytingu og skýrari reglur en eru í gildandi lögum, sbr. 4. mgr. E-liðs 7. gr. Þar miðast skattfrelsi söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði við briggja ára eignarhaldstíma í stað fimm ára samkvæmt frumvarpinu. Á móti þessari lengingu eignarhaldstíma vegur öllu frjálsari heimild til endurfjárfestingar, þar sem endurkaup eru hvorki háð því skilyrði að hið keypta íbúðarhúsnæði sé jafnstórt eða stærra að rúmmáli en hið selda, né heldur að hús sem byggt er í staðinn sé íbúðarhæft innan þriggja ára. Ákvæði um íbúðarhæfi hafa reynst erfið í framkvæmd. Þá er ekki skilgreint í gildandi lögum hvernig reikna skuli söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem byggt er á lengri tíma en einu ári og verðlag er breytilegt milli ára.

Í 5. mgr. er tekið fram hvernig með skuli fara þegar sala íbúðarhúsnæðis fellur bæði undir ákvæði 14. og 16. gr.

Ákvæði 7. mgr. um skattskyldu eigin vinnu eru efnislega hin sömu og í gildandi lögum, sbr. niðurlag 4. mgr. E-liðs 7. gr.

Um 17. gr.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst til skattskyldra tekna á söluári án tillits til eignarhaldstíma, en samkvæmt frumvarpinu er opnuð heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa umfram þá sem er í gildandi lögum.

Í gildandi lögum, sbr. 1. mgr. E-liðs 7. gr., fer með skattskyldan söluhagnað af sölu hlutabréfa eins og af lausafé, þ. e. full skattskylda er ef selt er innan tveggja ára, að hálfu sé selt á 3. og 4. ári, en eftir lengri eignarhaldstíma telst söluhagnaður ekki til skattskyldra tekna.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um hagnað af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum til samræmis við ákvæði 17. gr. um sölu hlutabréfa.

2. mgr. er til skýringar á hvernig ákvarða skuli hagnað af sölu eignarhluta.

Um 19. gr.

Í þessari grein er skilgreining á því hvað telst vera söluverð eigna.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar eru um að hagnaður af sölu eigna í atvinnurekstrartilgangi eða sölu í tekjuöflunarskyni skuli að fullu teljast til skattskyldra tekna á söluári og eru þau hliðstæð ákvæði í 9. mgr. E-liðs 7. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin er hliðstæð 10.—11. mgr. E-liðs 7. gr. gilandi laga og kveður á um að bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljist jafngilda söluverði og að heimilt sé að jafna skattskyldu á allt að fimm ár. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna má verja hagnaðinum til öflunar sams konar eignar innan þriggja ára og færa söluhagnaðinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar, en þetta ákvæði er nýmæli.

Um 22. gr.

Greinin kveður á um ákvörðun eignarhaldstíma íbúðarhúsnæðis hafi eign fengist í arf, sbr. 12. mgr. E-liðs 7. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Grein þessi er efnislega hin sama og ákvæði sem að þessum eignum lúta í E-lið 7. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um hvað teljist stofnverð við makaskipti eigna. Ákvæði þess efnis er ekki í gildandi lögum.

Um 25. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um skiptingu söluverðs, þegar mannvirki ásamt lóð eða landi er selt í heild eða að hluta, sbr. 7. mgr. E-liðs 7. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um árlegan útreikning verðbreytingarstuðuls til framreiknings á stofnverði (eða fasteignamati) eigna við ákvörðun á söluhagnaði. Sami verðbreytingarstuðull er notaður til framreiknings á stofnverði eigna til fyrninga og á fengnum fyrningum. Einnig er stuðullinn notaður við framreikning söluhagnaðar þegar skattlagningu söluhagnaðar er frestað.

Verðbreytingarstuðullinn er sá sami fyrir allar eignir og miðast við breytingar á byggingarvísitölu, sbr. lög nr. 93/1975. Útreikningurinn fer þannig fram að reiknað er meðaltal þeirrar vísitölu sem í gildi hefur verið útreikningsárið (ársfjórðungsleg vísitala) og á verðbreytingarstuðullinn að sýna hækkun sem orðið hefur á sömu meðaltalsvísitölu frá árinu áður.

Ákvæðum þessarar greinar er ekki beitt fyrr en við útreikning verðbreytingarstuðuls í árslok 1980, en varðandi framreikning eigna og fenginna fyrninga fyrir þann tíma vísast til ákvæðis til bráðabirgða IV.

Um 27. gr.

Heimild er veitt með vissum skilyrðum til að dreifa tekjufærslu söluhagnaðar af seldri eign á sjö ár. Ákvæði þessarar greinar er nýmæli.

Um 28. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 10. gr. gildandi laga. Hins vegar hefur efnisröðun verið breytt að nokkru.

1. málsl. A-liðs 10. gr. laganna þess efnis að eignarauki, sem stafar af því að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, teljist ekki til tekna, er felldur niður enda álitinn óþarfur. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum, en skattlagning á verðmætishækkun eigna kemur ekki til fyrr en við eigendaskipti frekar en verið hefur.

1. tl. þessarar greinar er hliðstæður B-lið 10. gr. laganna að því er eignarauka vegna arftöku varðar.

2. tl. felur í sér skýrari ákvæði en B-liður 10. gr. laganna, um skilyrði þess að greiðslur líftryggingafjár, dánarbóta, miskabóta, og bóta fyrir varanlega örorku teljist ekki til tekna, séu þær ákveðnar til greiðslu í einu lagi. Með því er átt við að greiðslur þessar séu ekki tímabilsgreiðslur um ótakmarkaðan tíma, heldur ákveðnar að fjárhæð í eitt skipti fyrir öll, enda þótt útborgun sé skipt í nokkrar greiðslur, verðtryggðar eða óverðtryggðar. Þá er í 2. tl. tekið fram að skaðabætur og vátryggingabætur fyrir tjón á eignum utan atvinnurekstrar teljist ekki til tekna. Um þess háttar bætur fyrir eignir í atvinnurekstri fer hins vegar samkvæmt ákvæðum 10.—27. gr. frumvarpsins, eftir því sem við á.

Ákvæði hliðstæð 3. tl. eru í C-lið 10. gr. laganna og hliðstæð 4. tl. í E-lið sömu greinar. Um 5. tl. vísast til G-liðs 10. gr. laganna.

Í 6. tl. er kveðið á um að staðaruppbót sem greidd er þeim starfsmönnum utanríkisþjónustunnar er starfa erlendis skuli ekki teljast til tekna. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því að föst laun þessara aðila verði skattlögð eftir almennum reglum en þau eru skv. 2. mgr. 6. gr. gildandi laga undanþegin tekjuskatti. Hliðstæðar breytingar hafa verið gerðar í grannlöndum okkar á undanförnum árum.

7. tl. svarar til I-liðs 10. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 11/1975.

Um 29. gr.

Ákvæði þetta er eins konar stefnumörkun um hvað sé frádráttarbært frá tekjum. Þeirri almennu reglu skal fylgt að frá tekjum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er einungis heimilt að draga gjöld sem sérstaklega er kveðið á um í frumvarpinu. Frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Í frumvarpi því um tekjuskatt og eignarskatt sem flutt var á síðasta þingi var þetta orðað þannig að frá tekjum af atvinnurekstri væri heimilt að draga þann rekstrarkostnað sem nauðsynlegur væri til að afla teknanna og halda þeim við. Þótt með þessari grein sé snúið aftur til hefðbundins orðalags við skýrgreiningu á rekstrarkostnaði felst engan veginn í þeirri orðalagsbreytingu að óþörf eða ónauðsynleg útgjöld skuli teljast til rekstrarkostnaðar.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru taldar upp tekjur, hlunnindi og kostnaður sem mönnum er heimilt að draga frá þeim tekjum sínum sem ekki stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Ýmsir af þeim frádráttarliðum sem nú gilda eru felldir niður. Má meðal þeirra nefna kostnað við öflun bóka o. fl., verkfærakostnað, flugfreyjufrádrátt, sjúkra- og slysadagpeninga, björgunarlaun, frádrátt að námi loknu vegna námskostnaðar sem stofnað var til eftir 20 ára aldur, messusöngsfrádrátt, leikarafrádrátt o. fl. Heimiluðum frádráttarliðum er skipt upp í fimm stafliði en það er gert til hægðarauka fyrst og fremst vegna reglna 63. gr. um hjónasköttun.

Í 2. mgr. er það nýmæli að skattaðilum gefst kostur á að velja milli fasts frádráttar í formi ákveðins hundraðshluta af launatekjum og frádráttar samkvæmt einstökum liðum D- og E-liðs greinarinnar. Með þessu er stefnt að því að einfalda framtöl og koma jafnframt að nokkru til móts við þá sem greiða húsaleigu sem ekki er frádráttarbær.

1. tl. A-liðs þessarar greinar um skyldusparnað felur ekki í sér breytingu frá gildandi lögum.

2. tl. A-liðs er í samræmi við C-lið 12. gr. gildandi laga.

Í 3. tl. A-liðs eru útgjöld vegna móttekins risnufjár og ökutækjastyrkja heimiluð til frádráttar eins og verið hefur í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

Í 4. tl. A-liðs er veitt heimild til að draga frá tekjum hlunnindi sem veitt eru í fatnaði, fæði, húsnæði o. fl. sem eigi er viðtakanda til hagsbóta að mati ríkisskattstjóra með hliðstæðum hætti og verið hefur. Er þetta í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur í þessum efnum.

5. tl. A-liðs. Þessi töluliður svarar til H-liðs 10. gr. gildandi laga. Frádráttarbærnin er hér bundin því skilyrði að kveðið sé á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.

6. tl. A-liðs þarfnast ekki skýringa og 7. tl. samsvarar 16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 11/1975.

Í 1. tl. B-liðs er kveðið á um frádráttarbærni vaxtatekna af innstæðum í innlendum bönkum og sparisjóðum, sbr. 1. tl. 8. gr. frumvarpsins, en með 3. tl. C-liðs 7. gr. eru allir mótteknir vextir gerðir framtalsskyldir. Þann hluta vaxtatekna sem er umfram vaxtagjöld og verðbætur má draga frá tekjum. Í þessu sambandi telst þó ekki hjá hjónum til vaxtagjalda eða verðbóta fjárhæð er svarar til hæstu lögleyfðra fasteignaveðlánsvaxta reiknuðum af hámarksláni Húsnæðismálastofnunar ríkisins í árslok. Hjá einstaklingi skal hámark þetta vera helmingi lægra en hjá hjónum. Hér er horfið frá því að tengja skattfrelsi vaxta skuldum í árslok en þess í stað miðað við vaxtagjöld á árinu.

2. tl. B-liðs kveður á um að börn skuli talin sérstaklega þegar ákvæðum 1. tl. þessa stafliðs er beitt.

3. tl. B-liðs kveður á um frádráttarbærni fengins arðs. Hliðstæður frádráttur er ekki í gildandi lögum.

4. tl. B-liðs kveður á um að vextir af stofnsjóðseign félagsmanns í samvinnufélagi séu skattfrjálsir. Í gildandi lögum eru vextir af þessu tagi einnig skattfrjálsir án hámarks, sbr. 1. mgr. D-liðs 7. gr. laganna.

5. tl. þessa stafliðs kemur í stað 3. mgr. 17. gr. gildandi laga um skattfrelsi fjár sem félagsmanni er fært til séreignar í stofnsjóð hans á árinu og skal vera að hámarki 5% af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar.

Í 1. tl. C-liðs er ákvæði um sjómannafrádrátt er kemur í stað 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 60/1973. Eru þeir sjómannafrádrættir sem farið hafa eftir vikufjölda á sjó sameinaðir í einn frádrátt.

Í 2. tl. C-liðs er ákvæði er samsvarar 5. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972 og 2. gr. laga nr. 60/1973.

Í 3. tl. C-liðs eru ákvæði um frádrátt vegna námskostnaðar og er lagt til að frádráttur þessi verði helmingur af launatekjum námsmanns allt að vissu hámarki í stað námskostnaðar að mati ríkisskattstjóra skv. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 11/1975.

4. tl. C-liðs samsvarar A-lið 13. gr. gildandi laga.

Í 1. tl. D-liðs er kveðið á um frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda en hliðstæð ákvæði eru nú í D-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 og í 2. tl. D-liðs er ákvæði um frádráttarbærni stéttarfélagsiðgjalda o. fl. en samsvarandi ákvæði er í C-lið 13. gr. gildandi laga.

1. tl. E-liðs samsvarar A-lið 12. gr. gildandi laga og er með þessum tölulið lagt til að vaxtagjöld verði frádráttarbær án takmörkunar á svipaðan hátt og verið hefur. 2. tl. E-liðs er nánast óbreyttur frá ákvæði D-liðs 12. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvað draga megi frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna er stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Vísast í þessu sambandi til ákvæða 11. gr. gildandi laga um frádrátt frá tekjum.

Efnisbreytingar frá gildandi lögum eru aðallega þessar:

Atvinnurekanda, sem rekur eigið fyrirtæki, er gert að reikna sér laun sem eru frádráttarbær frá tekjum af rekstrinum.

Kveðið er skýrt á um að aðstöðugjald og landsútsvör séu frádráttarbær frá tekjum þess rekstrarárs er þau reiknast af.

Heimiluð er niðurfærsla útistandandi viðskiptaskulda um 5%.

Yfirfærsla rekstrartapa frá fyrri árum, sem eigi hafa verið jöfnuð með færslu úr varasjóði, er skv. 6. tl. ekki lengur háð tímatakmörkunum þeim sem nú gilda skv. B-lið 11. gr. gildandi laga.

Frádráttarbærni arðs er færð frá félagi til móttakanda að nokkru leyti, sbr. 3. tl. B-liðs 30. gr. Er félagi heimilað að draga frá tekjum helming útborgaðs arðs, þó eigi hærri fjárhæð en nemur 5% af nafnverði hlutafjár, sbr. 9. tl.

Ákvæði 10. tl. um frádráttarbærni þeirra fjárhæða sem samvinnufélög greiða félagsaðilum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði eru svipuð ákvæðum í 17. gr. gildandi laga en eru þó að ýmsu leyti skýrari.

Um 32. gr.

Skilgreint er í greininni hvað teljist fyrnanlegar eignir og þær flokkaðar. Ákvæðin eru sama efnis og A-liður 15. gr. gildandi laga. Beinlínis er tekið fram um að ræktun á bújörðum sé fyrnanleg og sú breyting á gerð að ekki er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði.

Um 33. gr.

Fyrningartími eignar hefst við byrjun þess árs, þegar hún er fyrst nýtt til öflunar tekna.

Um 34. gr.

Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar hún er seld eða tekin úr notkun. Í gildandi lögum eru upphaf og lok fyrningartíma hins vegar miðuð við brot úr ári, ef svo ber undir.

Í greininni er veitt heimild til að gjaldfæra mismun sem myndast þegar söluverð er lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, sbr. hliðstætt ákvæði 7. mgr. C-liðs 15. gr. gildandi laga.

Um 35. gr.

Skilgreint er í þessari grein hvað teljist fyrningargrunnur eigna. Hér er gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu frá gildandi lögum að fyrningargrunni skuli árlega breytt eftir verðbreytingarstuðli, sbr. athugasemdir við 26. gr.

Um 36. gr.

Hér er kveðið nánar á um breytingar á fyrningargrunni samkvæmt verðbreytingarstuðli og skal stofnverði breytt þótt ekki sé hafin nýting eignar og hún því ekki orðin fyrnanleg.

Greinin kveður einnig á um breytingar á áður fengnum fyrningum eftir verðbreytingarstuðli.

Um 37. gr.

Verðbreytingar á fyrningargrunni og fengnum fyrningum færast til breytingar á verði viðkomandi eigna annars vegar og á sérstakan reikning, endurmatsreikning, hins vegar. Endurmatsreikningur telst til hreinnar eignar skattaðila.

Um 38. gr.

Grein þessi kveður á um hámarkshlutfall árlegra fyrninga hinna ýmsu tegunda fyrnanlegra eigna. Þessum fyrningum er ætlað að koma í stað þrenns konar fyrninga gildandi laga, en þær eru föst árleg fyrning, verðstuðulsfyrning og flýtifyrning.

Um 39. gr.

Hliðstæð ákvæði hafa verið í reglugerð að því er mannvirki varðar, en eðlilegt þykir að þau gildi um allar eignir og séu ákveðin með lögum.

Um 40. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilað að færa eignir, sem hafa styttri endingartíma en þrjú ár, til gjalda á kaupári. Á sama hátt er heimilað að gjaldfæra þegar í stað eignir sem kosta minna en tiltekna fjárhæð, óháð endingartíma þeirra. Hins vegar telst söluverð eigna, sem færðar hafa verið til gjalda, til tekna á söluári.

Um 41. gr.

Kveðið er á um, að gjaldfæra megi kostnað vegna viðgerða eða endurbygginga fyrnanlegra eigna á sama ári og til hans er stofnað, að því marki sem hann fer fram úr tjónbótum.

Um 42. gr.

Hliðstætt ákvæði er að finna í lokamálsgrein D-liðs 15. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Hliðstæð ákvæði um 10% niðurlagsverð eru í 15. gr. gildandi laga.

Um 44. og 45. gr.

Eins og þegar er komið fram gerir frumvarpið ráð fyrir því að stofnverð eigna sé árlega endurmetið til fyrninga. Ekki hefur þótt rétt að heimila fulla fyrningu af endurmetnu stofnverði í þeim tilvikum sem fyrnanlegar eignir eru fjármagnaðar að einhverju eða öllu leyti með lánsfé, en frumvarpið gerir ráð fyrir því að fjármagnskostnaður, þar með taldar verðbætur og gengistap af lánum, sé gjaldfært óháð fyrningum. Ótakmarkaðar endurmatsfyrningar samhliða gjaldfærslu alls fjármagnskostnaðar mundi í reynd auka mismunun milli þess atvinnurekstrar sem fjármagnar fyrnanlegar eignir með eigin fé og hins sem fjármagnar þær með lánsfé.

Í þessum greinum eru sett fram skerðingarákvæði til að draga úr þessari mismunun. Í þeim tilvikum sem skuldir skattaðila í heild fara fram úr eignum hans, að undanskildum fyrnanlegum eignum, er gert ráð fyrir því að fyrnanlegar eignir séu að hluta til fjármagnaðar með lánsfé. Skerðing á fyrningum er síðan reiknuð út frá þessum mismun eigna og skulda. Reiknað er árlega tillag í sérstakan reikning, mótreikning fyrninga, sem er ákveðið hlutfall af þeirri fjárhæð sem skuldir eru umfram þessar eignir, þ. e. eignir í atvinnurekstri, aðrar en fyrnanlegar eignir. Hlutfallið miðast við sama verðstuðul og endurmat eigna, og er mótreikningurinn eða eftirstöðvar hans síðan framreiknaður árlega með árlegum verðbreytingarstuðli. Í lok hvers árs er síðan reiknuð fyrning af mótreikningum, nokkurs konar neikvæð fyrning, sem er tekjufærð á móti almennum fyrningum.

Við ákvörðun eignarskattsstofns er mótreikningur fyrninga dreginn frá eftirstöðvum fyrningarverðs eigna í heild.

Um 46. gr.

Við ákvörðun fyrningargrunns yfirtekinna eigna í makaskiptum skal miða við ákvæði makaskiptasamnings nema kaupverð sé óeðlilegt en þá geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt verð.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 49. gr.

Ákvæði þessarar greinar heimilar ríkisskattstjóra að ákveða að framtalsskyldir aðilar haldi skrá yfir fyrnanlegar eignir með tilteknum hætti. Hér er þó fyrst og fremst átt við helstu flokka eigna og meiri háttar eignir.

Um 50. gr.

Grein þessi er efnislega svipuð 7. mgr. C-liðs 15. gr. gildandi laga. Leyft er að víkja frá aðalreglu frumvarpsins um hámark hundraðshluta fyrninga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ríkisskattstjóri veitir undanþágurnar.

Um 51. gr.

Vaxtagjöld eru í 1. tl. skilgreind nákvæmar en í gildandi lögum. Er lántökukostnaður, þóknanir og stimpilgjöld af víxlum o. fl. talið til vaxta í þessu sambandi, svo og áfallnar verðbætur.

2. tl. fjallar um afföll af seldum verðbréfum, víxlum og öðrum skuldarviðurkenningum, sbr. A-lið 12. gr. gildandi laga. Skulu afföllin reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma eins og gert hefur verið. Þá er til skýringar sagt hvernig með skuli fara ef skuld er yfirtekin af öðrum eða greiðsluskylda fellur niður áður en afborgunartíma er lokið. Teljast eftirstöðvar affalla þá ekki til frádráttar tekjum, en þetta hefur ekki verið ljóst í lögum. Einnig er nýtt ákvæði þess efnis að yfirtaki kaupandi skuld í sambandi við eignasölu sé seljanda heimilt að lækka söluverð eignarinnar sem eftirstöðvum affallanna nemur, enda hafi seljandi verið upphaflegur skuldari þeirrar skuldar, sem kaupandi yfirtekur.

Í 4. tl. eru hliðstæð ákvæði um gengistap og um gengishagnað í 8. gr. frumvarpsins, þ. e. að gengistap skuli færa til gjalda á því ári sem það myndast. Gengistap af verðbréfum og öðrum langtímakröfum ber þó að færa til gjalda með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert miðað við afborgunartíma. Reikna skal út mismun gengishagnaðar og gengistaps og færa hinn reiknaða mismun til gjalda. Ákvæði þessi koma í stað ákvæða 2. mgr. B-liðs 15. gr., sbr. 5. mgr. C-liðs 15. gr. gildandi laga. Eðlilegra þykir, eins og hér er lagt til, að gengismunurinn fylgi hinum erlendu skuldum fremur en eignunum.

Um 52. gr.

Í greininni eru greind útgjöld sem ekki teljast til rekstrarkostnaðar og er því eigi heimilt að draga þau frá skattskyldum tekjum. Hliðstæð grein er ekki til í gildandi lögum en ákvæðin eru í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Um 53.—55. gr.

Þessi ákvæði samsvara 9. gr. gildandi laga. Skýrt er tekið fram að ef tap myndast af atvinnurekstri skattaðila skuli það jafnað með ráðstöfun varasjóðs, þannig að ekki er unnt að flytja tap milli ára meðan skattaðili hefur varasjóð sem ekki hefur verið ráðstafað. Álag vegna óheimilaðrar ráðstöfunar varasjóðs er hækkuð úr 20% í 25%.

Um 56. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Grein þessi fjallar um sameiningu samvinnufélaga og er nýmæli en er hliðstæð ákvæðum 56. gr. um samruna hlutafélaga.

Um 58. gr.

1. mgr. er samhljóða 3. mgr. 18. gr. gildandi laga.

2. mgr. tekur til kaupa á eign við óeðlilega háu eða lágu verði. Skal þá metið af skattyfirvöldum hvert sé eðlilegt kaup- eða söluverð.

Um 59. gr.

Grein þessi, sem er nýmæli, er nátengd ákvæðum 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. Mælt er fyrir um, að telji maður sér til tekna lægra endurgjald fyrir starf við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið fyrir sams konar starf sem launþegi hjá öðrum, skuli ákvarða honum tekjur af starfinu. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur í þessu efni. Skattstjóri ákveður síðan tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglum og að teknu tilliti til aðstöðu hlutaðeigandi, aldurs, heilsu, starfstíma o. fl. Með þessum hætti er hverjum atvinnurekanda og þeim sem stunda sjálfstæða starfsemi ætlað að greiða til hinna sameiginlegu þarfa, jafnvel þótt rekstur hans skili ekki hagnaði.

Um 60. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Um 61. gr.

Greinin er nýmæli. 1. málsl. er þess efnis að heimilt sé að miða við mótteknar fremur en áunnar tekjur í atvinnugreinum þar sem uppistaða seldrar þjónustu er laun. 2. málsl. er einnig nýmæli en þar er listamönnum o. fl., sem hafa ójafnar tekjur milli ára af eigin verkum, veitt heimild til að jafna tekjum á fleiri ár, að fengnu samþykki ríkisskattstjóra. Hið sama gildir um björgunarlaun sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta. Jafnframt er B-liður 13. gr. gildandi laga um helmingsfrádrátt björgunarlauna felldur niður.

Um 62. gr.

Hugtakið tekjuskattsstofn kemur í stað skattgjaldstekna eða hreinna tekna til skatts í gildandi lögum.

Gerður er greinarmunur á þrenns konar tekjuskattsstofnum. Í 1. tl. er skilgreindur tekjuskattsstofn manna sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Í 2. tl. er samsvarandi stofn lögaðila skilgreindur og í 3. tl. er tekjuskattsstofn manna sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Nauðsynlegt er að gera þennan mun vegna meðferðar taps af atvinnurekstri í eigin nafni eða sjálfstæðri starfsemi, sem ekki er lengur heimilt að draga frá öðrum tekjum en af rekstrinum sjálfum, sbr. 2. og 3. mgr. 3. tl. greinarinnar. Hins vegar er heimilt að draga tap frá tekjum sem síðar verða af rekstrinum án tímatakmörkunar.

Um 63. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er meginreglan sú að hjón skuli sérsköttuð. Í grein þessari er kveðið á um hvernig fara skuli með tekjur hjóna sem samvistum eru.

Skv. 1. tl. skal hvort hjóna telja sér til tekna þær tekjur sínar er um ræðir í A-lið 7. gr. Eru þar mikilvægastar launatekjur. Frá þessum tekjum má hvort hjóna síðan draga þá frádráttarliði sem tengdir eru þessum tekjum. Velji hjónin fastan frádrátt skv. 2. mgr. 30. gr. dregst hann frá þessum tekjum þeirra.

Skv. 2. tl. skulu allar tekjur beggja hjóna skv. C-lið 7. gr. taldar saman og skattlagðar með tekjum þess hjóna er hærri hefur nettótekjur skv. 1. tl. og heimilast því hjóna einnig allur frádráttur sem er eðlisskyldur tekjum þessum. Ástæðan fyrir þessari meðferð er sú að örðugt mun reynast í framkvæmd að skipta eignatekjum milli hjóna eftir því hvort telst eiga af eignaheildinni og slík heimild mundi opna hjónum sem hafa verulegar tekjur af því tagi sem hér um ræðir auðvelda leið til tekjudreifingar.

Í 3. tl. er ákvæði um meðferð atvinnurekstrartekna. Er leitast við að koma í veg fyrir möguleika hjóna til að dreifa þessum tekjum á milli sín í þeim tilvikum sem aðeins annað þeirra stendur að rekstrinum.

Í 2. mgr. er sambúðarfólki veittur réttur til að vera skattlagt sem hjón ef það uppfyllir þargreind skilyrði. Hliðstætt ákvæði er í 5. mgr. B-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975. Skilyrðum samsköttunar er þó breytt og eru þau líkari skilyrðum 51. gr. almannatryggingarlaga en ákvæði núgildandi laga.

Um 64. gr.

Í þessari grein eru sett ákvæði um skattlagningu hjóna á því ári sem hjúskapur stofnast eða honum lýkur. Þá eru sett ákvæði um skattlagningu annars hjóna í þeim tilvikum sem hitt hjónanna ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Skýr ákvæði skortir um þessi atriði í gildandi lögum.

Um 65. gr.

Greinin er nýmæli til samræmis við breytingu á skattlagningu tekna barna skv. 6. gr. frumvarpsins. Lagt er til að allar tekjur barns aðrar en þær sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr., séu skattlagðar með tekjum foreldris.

Um 66. gr.

Greinin samsvarar 52. gr. gildandi laga. 5. tl. er nýmæli sem inn kemur vegna þess að í 3. tl. C-liðs 30. gr. er námsfrádráttur bundinn við menn á aldrinum 16—26 ára. 7. tl. 52. gr. gildandi laga er felldur niður enda er hans ekki þörf við staðgreiðslufyrirkomulag skatta.

Um 67. gr.

Lagt er til að allir menn sem náð hafa 16 ára aldri séu skattlagðir eftir sama skattstiga án tillits til hjúskaparstöðu. Skv. A-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 63/1977, gildir ekki sami skattstigi fyrir samsköttuð hjón og einstaklinga.

Um 68. gr.

Lagt er til að allir menn, sem náð hafa 16 ára aldri, njóti sama persónuafsláttar án tillits til hjúskaparstöðu. Er þetta veruleg breyting frá B-lið 25. gr. gildandi laga en þar er persónuafsláttur einstaklinga annar en persónuafsláttur hjóna og einstæðra foreldra. Þá er lagt til að sá hluti persónuafsláttar sem eftir stendur þegar tekjuskattur hefur verið jafnaður gangi til greiðslu útsvars viðkomandi árs og ónýttur hluti persónuafsláttar hjóna sé millifæranlegur til greiðslu skatta og útsvars hins.

Um 69. gr.

Grein þessi svarar að mestu til C-liðs 25. gr. gildandi laga. Kveðið er á um að annist hjón framfærslu barns skuli barnabætur skiptast á milli þeirra til helminga. Í greininni er það nýmæli að barnabætur með börnum innan sjö ára aldurs eru nokkru hærri en barnabætur með eldri börnum. Þá er gert ráð fyrir að einstæðir foreldrar njóti 40% hærri barnabóta en aðrir.

Um 70. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lög nr. 22/1956 verði felld niður en þessi grein frumvarpsins er svipuð að efni og 4. gr. þeirra laga.

Um 71. gr.

Greinin kveður á um útreikning tekjuskatts af tekjuskattsstofni þeirra aðila sem bera takmarkaða skattskyldu. Er þetta efnisbreyting frá gildandi lögum, jafnframt því sem skattskylda er gerð víðtækari.

Um 72. gr.

Greinin er sama efnis og D-liður 25. gr. gildandi laga um hundraðshluta tekjuskatts hjá lögaðilum.

Um 73. gr.

Greinin er sama efnis og fyrsti og síðasti málsl. 19. gr. gildandi laga.

Um 74. gr.

Greinin fjallar um mat skattskyldra eigna og felur í sér nokkrar efnisbreytingar frá 22. gr. gildandi laga.

Í 3. tl. er kveðið á um að við mat á lausafé til eignarskatts skuli tekið tillit til verðbreytinga á hliðstæðan hátt og gert skal við ákvörðun fyrninga og söluhagnaðar.

Í 4. tl. er getið um mat vörubirgða en frá matsverði þeirra eins og þær eru í lok hvers árs er heimilt að draga 30% sem sérstaka niðurfærslu. Í gildandi lögum er hliðstætt ákvæði en ekki er þó heimilt að hækka niðurfærsluna meira árlega en svo að 30% hámarkið náist í fjórum jöfnum áföngum.

Til vörubirgða teljast hvers konar birgðir verslana og framleiðsluaðila af endursöluvörum og framleiðsluvörum svo og birgðir af rekstrarvörum. Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að færa niður þær vörubirgðir skattaðila sem komnar eru í hans ábyrgð þótt þær séu ekki komnar í vörugeymslur hans.

Til vörubirgða teljast hins vegar ekki verkhlutar eða fullbúin verk sem unnið er að samkvæmt verksamningum. Sem dæmi má nefna skip, sem smíðað er samkvæmt verksamningi. Fasteignir teljast ekki til vörubirgða þótt þær séu keyptar eða byggðar til sölu.

Í 5. tl. er það nýmæli að stofnfjáreignir í sameignarfélögum skuli teljast til eignar hjá eigendum en venja hefur verið að telja stofnfé þessara félaga til hreinnar eignar félaganna við skattlagningu.

Í 5. tl. er einnig það nýmæli að heimilt er að lækka nafnverð áhvílandi skulda í lok hvers reikningsárs um 5% og mynda mótreikning til að mæta töpum á útistandandi skuldum. Niðurfærslan færist til lækkunar á skattskyldum tekjum og hefur þannig hliðstæð áhrif og niðurfærsla vörubirgða. Þegar heimild þessi er notuð í fyrsta sinn færist niðurfærslan öll til frádráttar tekjum en síðan færist aðeins árleg breyting niðurfærslunnar til lækkunar eða hækkunar skattskyldum tekjum eftir því sem við á.

Um 75. gr.

Fjórir fyrstu töluliðir eru nær orðrétt eins og ákvæði sama efnis í 20. gr. gildandi laga. Til skýringar er tekið fram í 5. tl. að eigin hlutabréf hlutafélags teljist ekki til eignar.

Um 76. gr.

Greinin fjallar um þau atriði 19. gr. gildandi laga sem ekki eru í 73. gr. frumvarpsins. Í lokamálslið 1. mgr. er það nýmæli að öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár skuli teljast til skulda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að frá eignum þeirra sem reka fasta starfsstöð hér á landi, sbr. 4. tl. 3. gr., megi einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi.

Um 77. gr.

Greinin er hliðstæð 23. gr. gildandi laga.

Um 78. gr.

Grein þessi samsvarar 21. gr. gildandi laga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessar eignir verði framtalsskyldar að fullu. Frádráttarbærni þessara eigna til eignarskatts er látin ná bæði til manna og lögaðila.

Um 79. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð 1. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 80. gr.

Í 1. mgr. er eignarskattsstofn skilgreindur. 2. mgr. er hliðstæð 2. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 81. gr.

Hér er gerð sú efnisbreyting frá 3. gr. gildandi laga að eignarskattsstofni skal skipt að jöfnu milli hjóna.

Um 82. gr.

Kveðið er á um að eignir barns skuli teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins. Heimild til handa skattstjóra að ákveða börnum eignarskatt sem sjálfstæðum skattaðilum skv. 4. gr. gildandi laga er felld niður.

Um 83. gr.

Hér er lagt til að sömu reglur um álagningu eignarskatts gildi um alla menn sem geta verið sjálfstæðir eignarskattsaðilar án tillits til hjúskaparstöðu þeirra, en skv. gildandi lögum er skattfrjáls eign einstaklinga 8 000 000 kr. en skattfrjáls eign hjóna 50% hærri, eða 12 000 000. Lagt er til að hundraðshluti eignarskatts verði hinn sami hjá mönnum og nú er skv. lögum nr. 63/1977, eða 0.8%.

Um 84. gr.

Greinin er hliðstæð gildandi ákvæði um eignarskatt lögaðila í 2. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 63/1977.

Um 85. gr.

Grein þessi er samhljóða 28. gr. gildandi laga með þeim breytingum er leiða af fjölgun kaupstaða.

Um 86. gr.

27. gr. og 1. mgr. 29. gr. gildandi laga eru hér sameinaðar í eina grein, nær óbreyttar.

Um 87. gr.

Ákvæði svipaðs efnis er að finna í 2. mgr. 29. gr. og 30. gr. gildandi laga. Þær efnisbreytingar eru gerðar að ekki er lengur skylt að hafa umboðsmenn skattstjóra í öllum sveitarfélögum utan aðseturs þeirra enda er ekki þörf á umboðsmönnum í þeim sveitarfélögum er næst eru skattstofu. Þá er horfið frá því að lögbinda starfsvið umboðsmanna og er til þess ætlast að fjármálaráðherra setji þeim erindisbréf sem getur verið misvíðtækt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Um 88. gr.

Grein þessi er sama efnis og 31. gr. gildandi laga og samhljóða henni, nema hvað hliðstæð ákvæði eru sett um skattrannsóknarstjóra og gilda um vararíkisskattstjóra í 2. mgr.

Um 89. gr.

Hér er gert ráð fyrir nýskipan ríkisskattanefndar frá því sem nú er, sbr. 32. gr. gildandi laga. Í stað þess að seta í ríkisskattanefnd sé aukastarf sex manna er gert ráð fyrir að nefndin verði skipuð þremur mönnum, er hafi nefndarstarfið að aðalstarfi, og skipun fastra varamanna verði felld niður. Starf ríkisskattanefndar er orðið það umfangsmikið að fyllsta ástæða er til þess að styrkja hana með því að gera setu í nefndinni að föstu starfi þriggja manna. Ætti tilhögun þessi jafnframt að flýta úrskurðum.

Skipunartími nefndarmanna er lengdur úr fjórum árum í sex og skilyrði um embættisgengi hert frá því sem nú er.

Um 90. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru mun ítarlegri en samsvarandi ákvæði 34. gr. gildandi laga.

Um 91. gr.

Greinin svarar til 35. gr. gildandi laga og fjallar um hverjir séu framtalsskyldir og á hverjum ábyrgð á framtali hvílir.

Kveðið er skýrar á um hvaða gögn skuli fylgja framtali bókhaldsskyldra aðila og hverjir skuli undirrita skattframtöl. Er með síðargreinda atriðinu ætlað að kveða skýrt á um hver ábyrgð ber á framtali og er þá gert ráð fyrir að skattstjórar taki ekki gild framtöl sem ekki eru staðfest á lögmæltan hátt og að þeir sem undirrita framtal, þ. á m. stjórnarmenn, verði sóttir til saka ef framtöl reynast röng.

Í síðustu málsgrein eru skilyrði fyrir framtalsaðstoð þrengd nokkuð frá því sem nú er enda hefur þessi þjónusta verið misnotuð víða hin síðari ár og hefur það skapað mjög mikið vinnuálag fyrir skattstofurnar.

Um 92. gr.

Greinin svarar til 2. mgr. 36. gr. gildandi laga og að nokkru til 1. mgr. þeirrar greinar. Hér er um að ræða upplýsingar sem allir þeir sem í hlut eiga skulu senda skattyfirvöldum án þess að beiðast þurfi sérstaklega upplýsinga af hverjum og einum.

1. mgr. fjallar um svonefnda launamiða en með 2. og 4. mgr. er skylda til upplýsingagjafar aukin nokkuð og gert ótvírætt að ríkisskattstjóri getur krafið um almenn skil á öðrum gögnum en lögin ákveða beinlínis. Slík heimild hefur reyndar hingað til verið leidd af 1. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Um 93. gr.

Ákvæðin eru svipuð gildandi ákvæðum í 35. gr. laganna. Framtalsfrestur manna, sem ekki hafa atvinnurekstur með höndum, er lengdur um 10 daga og framtalsfrestur manna er atvinnurekstur stunda um hálfan mánuð. Frestur lögaðila til að skila framtali er lengdur til 31. maí. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að hingað til hefur mjög mikið kveðið að því að einstökum framtalsskyldum aðilum væri veittur viðbótarfrestur. Er ætlast til að slíkur frestur verði nú einungis veittur í algerum undantekningartilvikum.

Um 94. gr.

Hér er fjallað um skyldu til að gefa skattyfirvöldum upplýsingar um atriði sem þau beiðast sérstaklega. Greinin svarar til 1., 3. og 4. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Eftirlitsheimildir skattstjóra gagnvart framtalsskyldum aðilum eru rýmkaðar nokkuð. Gert er ráð fyrir að einungis ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri geti krafist framlagningar bókhaldsgagna og aðgangs að starfsstöðvum aðila sem ekki eru framtalsskyldir, t. d. lánastofnana.

4. mgr. greinarinnar svarar til 3. mgr. 50. gr. í gildandi lögum.

5. mgr. hefur að geyma nýmæli í skattalögum. Í 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, eins og þeirri grein hefur verið breytt með lögum nr. 107/1976, er áréttað að rannsókn út af skattalagabrotum heyri ekki undir lögregluna. Í 4. mgr. þessarar greinar er fjallað um tiltekin úrræði til handa ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra til þess að knýja fram gögn og upplýsingar, sem eigi hefur verið unnt að afla með heimildum í öðrum ákvæðum. 4. mgr. heimilar þessum aðilum þannig beinan aðgang að sakadómara að þargreindum skilyrðum fullnægðum. Hins vegar geta við eftirlit eða frumrannsókn komið upp þær aðstæður að nauðsyn sé á fljótvirkum aðgerðum til öflunar sönnunargagna og til þess að koma í veg fyrir að þau fari forgörðum.

Um 95. gr.

Greinin fjallar um lágmarksskoðun skattstjóra á framtali áður en hann leggur á skatt og svarar hún til upphafs 1. og 2. mgr. 37. gr. gildandi laga.

Um 96. gr.

Grein þessi svarar til síðari hluta 1. mgr. 37. gr. og 38. gr. gildandi laga og fjallar um heimildir og starfsaðferðir skattstjóra ef í ljós kemur, fyrir eða eftir frumálagningu, að framtal er tortryggilegt eða ófullnægjandi eða frumálagning er röng. Tekin eru af öll tvímæli um heimild til áætlunar ef framtal styðst ekki við fullnægjandi bókhald eða gögn, svo og að skattstjóra sé heimilt að endurskoða frumálagningu ef í ljós kemur að hún er röng enda þótt engar nýjar upplýsingar hafi komið fram.

Um 97. gr.

Hliðstæð ákvæði eru nú í 1. og 2. mgr. 38. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er það nýmæli að frestur til endurupptöku er styttur ef ástæðan fyrir henni er ófullnægjandi skoðun skattstjóra á framtali og fylgigögnum þess en ekki ófullnægjandi upplýsingar skattaðila. Þessi málsgrein á aðeins við ef upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, koma beinlínis fram í framtali eða fylgigögnum þess, en 1. mgr. gildir ef þessi gögn eru ófullnægjandi enda þótt skattstjóra hefði mátt vera ljóst fyrr að eitthvað var athugavert við framtalið.

Um 98. gr.

Hér er lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á hlutverki og þýðingu skattskrár og jafnframt skapaður grundvöllur til virkari vinnutilhögunar á skattstofum. Núgildandi lög gera ráð fyrir að skattskrá komi út fyrir 20. júní ár hvert. Þetta þýðir að skattstofurnar hafa þurft að fara yfir öll framtöl fyrir útkomu skrárinnar. Vegna hins stutta tíma frá lokum framtalsfrests til útkomu skattskrár hefur þessi yfirferð framtala víða verið ófullnægjandi og afleiðingin orðið sú að þurft hefur að fara aftur yfir mikinn hluta framtala eftir útkomu skattskrár. Af þessum sökum hefur skattskráin alls ekki gefið rétta mynd af gjöldum, sem endanlega eru lögð á, og hefur þessi vinnutilhögun haft í för með sér tvíverknað á skattstofunum.

Er því lagt til að álagning samkvæmt framtölum manna fari fram þegar fyrir mailok og frekari skoðun þeirra verði látin bíða þar til eftir álagningu. Hins vegar verði framtöl lögaðila fullskoðuð áður en á þá er lagt og álagningin verði birt viðkomandi aðilum jafnharðan og henni lýkur. Skattskráin komi hins vegar ekki út fyrr en í árslok þegar skattstjórar hafa úrskurðað meginhluta af kærum. Með þessum hætti ætti skráin að geta gefið mun réttari upplýsingar en nú er um endanlega fjárhæð álagðra gjalda.

Um 99. gr.

Grein þessi samsvarar 40. gr. gildandi laga. Kærufrestur er lengdur úr 14 dögum í 30 daga.

Um 100. gr.

Grein þessi svarar til 41. gr. gildandi laga og er að mestu óbreytt efnislega. Kærufrestur er lengdur úr 21 degi í 30 daga.

Um 101. gr.

Greinin svarar til 42. gr. gildandi laga og fjallar um verksvið ríkisskattstjóra. Efnislega eru ekki gerðar tillögur um breytingar að öðru leyti en því að ákvæðið um framkvæmd tvísköttunarsamninga er fellt niður. Þykir eðlilegra að það vald sé formlega hjá fjármálaráðherra en hann geti falið ríkisskattstjóra framkvæmd þessara mála, að því marki sem ástæða er til á hverjum tíma.

Um 102. gr.

Greinin svarar til 3. mgr. 42. gr. gildandi laga. Er verksvið skattrannsóknarstjóra hér nánar skilgreint en í gildandi lögum og aukin áhersla lögð á það hlutverk hans að fylgjast með og samhæfa eftirlitsstörf skattstjóra.

Um 103. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga.

Um 104. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. ml. 1. mgr. 44. gr. gildandi laga.

Um 105. gr.

Greinin samsvarar 45. gr. gildandi laga. Með því að fjalla sérstaklega um ríkisskattanefnd í 2. mgr. er lögð áhersla á sjálfstæði ríkisskattanefndar gagnvart ráðherra við úrlausnir einstakra mála.

Um 106. gr.

Greinin kemur í stað 47. gr. gildandi laga og fjallar um refsikennd viðurlög (refsiskatt) þegar framtalsskyldur aðili telur ekki fram innan tilskilins frests, telur ranglega fram eða aðrir ágallar eu á framtalinu, vantar t. d. nauðsynleg fylgigögn. Greinin er ekki mikið breytt efnislega en framsetning hennar er til muna einfölduð.

Aðalbreytingin frá gildandi lögum og fyrri gerð frumvarpsins er sú að skyldu-ákvæðum er breytt í heimildarákvæði. Er það gert bæði vegna almennrar þróunar í þá átt í viðurlagakerfinu, t. d. varðandi upptöku eigna, og eins til þess að bæta réttarstöðu skattaðila lítið eitt. Álagi verður beitt án tillits til sakar og hefur skattaðili sönnunarbyrðina fyrir því, að honum verði ekki um kennt. Þykir því óeðlilegt að heimilt geti verið þrátt fyrir slíka sönnun að beita álagi. Er því fortakslaust tekið fyrir beitingu álags þegar svo stendur á, sbr. 3. mgr.

Sé álagsheimildar 1. og 2. mgr. neytt ber hins vegar að miða við þær hundraðstölur sem nefndar eru í ákvæðinu.

Tekið er fram til öryggis, að um kæru vegna álags fari eftir almennum reglum um kæru vegna skattálagningar.

Um 107. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 48. gr. gildandi laga. Fyrningarreglan er þó flutt í 108. gr. Bætt er við orðinu „villandi“ í verknaðarlýsingu ákvæðisins. Í því felst engin efnisbreyting þar sem orðið „rangt“ á sennilega að skýra þannig að það taki til ófullnægjandi og á annan hátt villandi upplýsinga. Í þessari gerð frumvarpsins er aftur horfið að skipan gildandi laga varðandi saknæmisskilyrði (ásetningur eða stórkostlegt hirðuleysi). Í fyrri gerð þess var ekki vikið að saknæmi og hefði orðið að skýra ákvæðið með gagnályktun frá 18. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, þannig, að ásetningur eða hvers konar gáleysi væri nægilegt. Æskilegt er að viðhalda nokkurri takmörkun á gáleysisábyrgðinni vegna ótraustari réttarfarsstöðu skattaðila og óvandaðri meðferð hjá stjórnsýsluaðilum en sakborningar í venjulegum refsimálum njóta fyrir dómstólum. Vafasamt hefur þótt hvort beita megi saman viðurlögum 47. og 48. gr. gildandi laga. Hér eru tekin af öll tvímæli um þetta atriði. Ósanngjarnt þykir að bæta álagi við skattstofn áður en sekt er reiknuð út með margfeldisreglu. Slík uppsöfnun (kumulation) viðurlaga er almennt talin varhugaverð nú á dögum.

2. mgr. er nýmæli. Vegna tengsla hennar við 1. mgr. verður að gera sömu saknæmiskröfur sem þar. Eini munurinn er sá að hinar röngu upplýsingar eru ekki jafnalvarlegt brot þar sem þær hafa ekki áhrif á skattskyldu eða skattgreiðslur upplýsingagjafa.

3. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 48. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hér er veitt svigrúm til sektarákvörðunar eftir aðstæðum en í gildandi lögum er sekt bundin við tvöfalda þá fjárhæð er á vantar. Þá er bætt við nýju ákvæði er svarar til 2. mgr.

4. mgr. felur í sér sérstakar hlutdeildarreglur er koma í stað 3. og 4. mgr. 48. gr. gildandi laga. Auk þess er gert ráð fyrir því nýmæli í 7. mgr. greinarinnar að lögfest verði almennt hlutdeildarákvæði með sérstökum refsimörkum. Hlutdeildarákvæði 22. gr. alm. hgl. er bundið við þau lög og ekki er treystandi á að því yrði beitt með lögjöfnun ef tilefni gæfist. Af sömu ástæðum er lagt til að í 7. mgr. verði lögfest ótvírætt ákvæði um tilraunabrot. Horfið er hér aftur að saknæmisskilyrðum gildandi laga en í fyrri gerð frumvarpsins var refsiábyrgð takmörkuð við ásetning. Sektahámark er tvöfaldað frá því sem nú er. Aðstoð við ranga skýrslugjöf er hér ekki bundin við að hún sé veitt í atvinnuskyni. Loks er kveðið á um sektir fyrir tiltekin athafnaleysisbrot og er ásetningur þá áskilinn.

Sektir geta skv. 5. mgr. hæstar orðið 20 milljónir króna, jafnvel þótt margfeldisregla sé notuð. Það nýmæli er hér að sekta má félög, stofnanir, samtök og aðra lögaðila. Til þess er ekki heimild í gildandi lögum ef frá er skilið ákvæðið um ábyrgð dánarbús. Svipuð regla kom í söluskattslögin með 14. gr. laga nr. 10/1974. Heimild til sektarákvörðunar og réttindasviptingar gagnvart lögaðila, sem nýtur hagnaðar af broti fyrirsvarsmanns, er hliðstætt 3. mgr. 26. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, sbr. 15. gr. laga nr. 10/1974.

Um meiri háttar brot er ákvæði í 6. mgr. hliðstætt 5. mgr. 48. gr. gildandi laga. Refsimörk eru hér verulega þyngd, þ. e. hámark refsingar er hækkað úr 2 ára varðhaldi í 6 ára fangelsi. Gæsluvarðhaldi má því beita við rannsókn á skattalagabrotum einum sér, sbr. 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 7. mgr. var fjallað í athugasemdum við 4. mgr. greinarinnar.

Um 108. gr.

Í 1. mgr. er ríkisskattanefnd falið að úrskurða sektir þessar í stað þess að sérstök skattsektanefnd annist það verk, sbr. nú 6. mgr. 48. gr. Horfir þetta til einföldunar auk þess sem breytt skipan ríkisskattanefndar gerir henni fært að takast á við aukin verkefni. Lögð er áhersla á það í ákvæðinu að málsmeðferð verði sem vönduðust og að sökunautur fái næg tækifæri til varna. Tekið er fram að vararefsing fylgi ekki úrskurðum nefndarinnar og felst engin efnisbreyting í því.

2. og 3. mgr. eru að mestu sama efnis og 51. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er ákvæði um fyrningu sakar án tillits til þess hver refsing liggur við broti. Fyrningarfrestur er óbreyttur. Ákvæðið er skýrara en gildandi ákvæði í 1. mgr. 48. gr. Fyrningarfrestur stöðvast við upphaf rannsóknar og mun eðlilegast að miða við rannsókn á vegum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, sjá til samanburðar 4. mgr. 25. gr. söluskattslaga, sbr. 14. gr. laga nr. 10/1974. Ekki mun stætt á því að sekta fyrir brot lengra aftur í tímann en 6 ár þótt skattaðili hafi árlega brotið af sér með framtali sínu í lengri tíma. Nýr er einnig sá fyrirvari að ekki verði óeðlilegar tafir á rannsókn eða ákvörðun refsingar. Er hann í samræmi við almennar fyrningarreglur, sbr. 2. mgr. 82. gr. alm. hgl.

Um 109. gr.

Í frumvarpi þessu eru ekki tekin upp ákvæði um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts eða ábyrgð á greiðslu þeirra, enda eru ákvæði um þetta efni í frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 110. gr.

1. mgr. greinarinnar svarar til 49. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.
Í 2. mgr. eru tekin upp ákvæði 44. gr. gildandi laga um upplýsingaskyldu skattyfirvalda gagnvart Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun veitt sama réttarstaða. Síðari málsliður 2. mgr. er samhljóða 3. gr. laga nr. 63/1977.

Um 111. gr.

Með þessari grein er ríkisskattstjóra fengin heimild til mats á ýmsum hlunnindum, öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs. Efnislega felur hún ekki í sér nýmæli.

Um 112. gr.

1. mgr. greinarinnar samsvarar 4. mgr. 2. gr. gildandi laga. 2. mgr. er nýmæli en ákvæðum samnings um slíka aðstoð í skattamálum milli þjóða Norðurlanda hefur verið veitt lagagildi með sérstökum lögum.
3. mgr. samsvarar 3. mgr. 52. gr. gildandi laga.

Um 113. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. gildandi laga.

Um 114. gr.

Greinin samsvarar 55. gr. gildandi laga, að því viðbættu að ráðherra er hér heimilað að kveða á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og gagna sem varða skattframtöl.

Um 115. gr.

Grein þessi samsvarar F-lið 7. gr. gildandi laga.

Um 116. gr.

Greinin svarar til 53. gr. gildandi laga. Hér er lagt til að eignarskattsstiginn breytist eftir skattvísitölu en það gerir hann ekki samkvæmt gildandi lögum. Telja verður þörf á slíkum ákvæðum ekki síst með tilliti til þess að framvegis verður fasteignamat framreiknað árlega.

Um 117. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 118. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda við álagningu skatta árið 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs og hin nýja ríkisskattanefnd taki til starfa 1. janúar 1980.
Skattlagning á útlendinga og aðra þá, sem falla undir lög nr. 22/1956 mun fara eftir núgildandi skattalögum fram til ársloka 1978.

Um ákvæði til bráðabirgða I

Ákvæði þetta er nauðsynlegt vegna þess að hert eru skilyrði þess að sameignarfélag geti verið sjálfstæður skattaðili. Er félögum sem verið hafa sjálfstæðir skattaðilar gefinn kostur á að fullnægja skilyrðum 3. tl. 2. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II

Hér er hliðstæð heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa og veitt var með lögum nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972. Úthlutunin skal byggð á raunverulegri hreinni eign félags í árslok 1978, óháð vísitölu liðinna ára, en úthlutun eftir það verður bæði bundin hreinni eign og vísitölu eins og í gildandi lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða III

Hér er þeim félögum sem myndað hafa yfirfæranleg rekstrartöp samkvæmt ákvæðum gildandi laga heimilað að yfirfæra þau án tímatakmörkunar, enda þótt um sé að ræða töp sem einungis eru yfirfæranleg um fimm áramót samkvæmt gildandi lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða IV

Ákvæði þetta fjallar um endurmat á eignum í eigu skattaðila við gildistöku laganna eða í ársbyrjun 1979. Um endurmat eftir það fer eftir ákvæðum 26. gr.

Gert er ráð fyrir því að verði allra fyrnanlegra eigna sé breytt á árinu 1979 samkvæmt tilteknum verðbreytingarstuðli. Upphaflegt kostnaðarverð eða stofnverð, sbr. 2. mgr. 10. gr., er hækkað samkvæmt stuðlinum og myndar stofnverðið þannig framreiknað nýjan fyrningargrunn. Áður fengnar fyrningar, aðrar en fengnar verðstuðulsfyrningar, eru einnig endurmetnar með því að beita sama stuðli á fengnar fyrningar samtals og beitt er á viðkomandi eign. Stofnverðið hækkar hlutfallslega jafn mikið og fengnar fyrningar. Hafi fyrnanleg eign verið fyrnd niður í niðurlagsverð fyrir gildistöku laganna hækkar bókfærða verðið samkvæmt stuðlinum, en eignin stendur áfram í niðurlagsverði (10%) og fæst því ekki frekari fyrning hennar vegna. Í slíkum tilvikum skiptir endurmatið hins vegar máli ef eignin er seld.

Verðbreytingarstuðull fyrir eignir, sem skattaðili á í ársbyrjun 1979 skal fundinn fyrir hvert ár með því að deila með ársmeðaltali vísitölu byggingarkostnaðar fyrir árið þegar eignanna var aflað í ársmeðaltal vísitölu byggingarkostnaðar ársins 1979.

Samkvæmt 5. mgr. ákvæðisins er heimilt að telja endurmat mannvirkja jafnt fasteignamati þeirra í ársbyrjun 1979 í stað upphaflegs kostnaðarverðs. Aðalreglan er sú að mannvirki eru endurmetin með sama hætti og aðrar fyrnanlegar eignir, þ. e. upphaflegt kostnaðarverð og fengnar fyrningar samtals eru hækkaðar samkvæmt verðbreytingarstuðli. Ef farin er sú leið, sem heimiluð er í 5. mgr. til notkunar á fasteignamati, endurmetast áður fengnar fyrningar ekki með sama hætti og ef kostnaðarverðið er framreiknað. Almennar fyrningar samkvæmt C-lið 15. gr. skattalaga eru þá ekki endurmetnar og koma því ekki til frádráttar fasteignamatinu. Hins vegar eru fyrningar sem notaðar hafa verið á árunum 1971 til 1978 samkvæmt D-lið 15. gr. endurmetnar, en það eru sérstakar flýtifyrningar (30%), fyrningar vegna söluhagnaðar o. fl. Fyrningar þessar eru endurmetnar þannig að fyrning hvers árs er margfölduð með verðbreytingarstuðli þess árs og skal samtala fyrninganna þannig framreiknaðra teljast fengin heildarfyrning.

Í 6. mgr. er heimilað að nota einn verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aflað er fyrir árið 1973 í stað stuðuls hvers árs.

Samkvæmt ákvæðinu ber að hækka allar eignir og fyrningar samkvæmt verðbreytingarstuðli og myndar endurmatsverðið eignarskattstofn. Fasteignamat mannvirkja verður þó áfram mælikvarði við álagningu eignarskatts hvort sem endurmat þessara eigna byggist á framreiknuðu kostnaðarverði eða fasteignamati.

Um ákvæði til bráðabirgða V

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að söluhagnaður verði skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði verður þó skattfrjáls eftir 5 ára eignarhaldstíma.

Við ákvörðun á söluhagnaði er upphaflegt kostnaðarverð (stofnverð) og fengnar fyrningar endurmetnar með sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og um er rætt í næsta ákvæði á undan, sbr. einnig 26. gr. Gilda þessar reglur bæði um fyrnanlegar eignir og ófyrnanlegar. Varðandi fyrnanleg mannvirki geta skattaðilar valið milli notkunar á framreiknuðu kostnaðarverði og fasteignamati miðað við ársbyrjun 1979, sbr. það sem sagt hefur verið um fyrningargrunn. Ef skattaðili velur t. d. að endurmeta mannvirki til fyrninga á árinu 1979 samkvæmt fasteignamatsaðferðinni skal sú aðferð einnig notuð við ákvörðun söluhagnaðar. Við ákvörðun söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði skal þó alltaf miðað við framreiknað stofnverð, sbr. 16. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða VI

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að sparifé verði undantekningarlaust framtalsskylt að fullu en hins vegar verða ekki verulegar breytingar á ákvæðum um skattfrelsi þess. Ákvæði þetta er sett til þess að auðvelda þau umskipti sem hin almenna framtalsskylda hefur í för með sér. Það felur í sér að eignarskattur verður ekki lagður á innstæður þessar og verðbréf aftur í tímann né heldur tekjuskattur á vexti af þeim eða verðbætur fyrir liðinn tíma. Hins vegar felst ekki í ákvæðinu nein sakaruppgjöf að því er varðar tilurð þessara eigna. Skattyfirvöld gætu þannig endurákvarðað skattaðila tekjuskatt ef í ljós kemur að hann hefur vanframtalið tekjur fyrri ára, enda þótt hann hafi komið hinum vantöldu tekjum fyrir í formi hér um ræddra eigna.

Fylgiskjal.

Um breytingu á skattbyrði manna

Á grundvelli viðamikils úrtaks úr skattframtölum ársins 1977 hefur verið kannað hver breyting yrði á skattbyrði manna ef frumvarp þetta yrði að lögum. Tekjur og eignir til skatts voru færðar til verðlags á árinu 1978 með jafnri hlutfallslegri hækkun þannig að dreifing helst óbreytt frá 1977.

Gögn um eignarskattsstofninn eru ófullkomnari en um tekjuskattsstofninn, en samkvæmt fyrirliggjandi áætlun hefðu ákvæði frumvarpsins haft í för með sér nokkra lækkun á álögðum eignarskatti í heild á árinu 1978 vegna þess að skattskyldumörkin hækka fyrir hjón.

Áformað er að taka upp staðgreiðslu beinna skatta á árinu 1979 eins og kunnugt er. Af þessum sökum þótti rétt að miða tillögur frumvarpsins um skattstiga o. fl. við þessa tilhögun. Jafnframt er þá nauðsynlegt að áætla hækkun tekna til skatts milli áranna 1976, 1977 og 1978 til þess að bera réttilega saman skatta sem lagðir væru á og greiddir á árinu 1978 og skatta samkvæmt gildandi lögum sem lagðir eru á tekjur ársins 1977. Í þessu skyni hefur verið reiknað með 43% meðalhækkun tekna til skatts milli áranna 1976 og 1977 og 35% milli áranna 1977 og 1978, og er seinni talan vitaskuld óvissari en hin fyrri. Á þessum forsendum er áætlað að álagður tekjuskattur að frádregnum barnabótum og afslætti sem nýtist til greiðslu útsvars (hreinn tekjuskattur) yrði um 1 000 m.kr. lægri en samkvæmt gildandi lögum á árinu 1978.

Hér á eftir er gerð í fjórum töflum grein fyrir því hvernig byrðin af hreinum tekjuskatti breytist frá gildandi lögum með þessu frumvarpi fyrir einstaka hópa skattþegna með ólíkar fjölskyldu- og framfærsluaðstæður.

Í töflu 1 kemur fram heildaryfirlit yfir breytingar á hreinum tekjuskatti eftir fjölskylduhögum manna. Þar kemur fram að meðalbreyting tekjuskatts samkvæmt frumvarpinu er lækkun um 7% af álögðum skatti. Skattar hjóna lækka þó nokkru minna, eða um tæplega 5%, en einhleypra um meira, eða um 11%. Skattar einstæðra foreldra lækka um 7% samkvæmt þessari áætlun.

Sé hjónum skipt niður eftir barnafjölda er skattbreytingin barnmörgum hjónum almennt í vil. Þetta má enn sjá úr töflu 2.

Sé hjónum skipt eftir tekjuöflun eiginkonunnar sést umtalsverð endurdreifing á skattbyrði hjóna, enda koma þá skýrast fram áhrifin af hinni breyttu skattameðferð hjóna samkvæmt frumvarpinu, þ. e. upptöku sérsköttunar hjóna og þar með niðurfellingu 50% frádráttar af launatekjum eiginkonu.

Í stórum dráttum má segja að hjón, þar sem eiginkonan aflar engra tekna, hagnist á skattbreytingunni allt þar til eiginmaðurinn hefur u. þ. b. 6 millj. kr. tekjur (1978). Afli konan á hinn bóginn tekna umfram 2 millj. kr., þá skerðist hlutur hjónanna strax við u. þ. b. 2 millj. kr. tekjur hjá eiginmanninum.

Í töflu 3 er hjónum skipt eftir tekjum eiginkonunnar og sýnt, hvernig hjónin dreifast eftir umfangi skattbyrðisbreytingarinnar.

Eins og fram kemur í töflu 1 fá einhleypingar heldur meiri skattalækkun samkvæmt frumvarpinu en aðrir. Lækkunin dreifist nokkuð jafnt á milli þeirra, enda þótt nokkur frávik séu þar frá. Í töflu 2 má sjá hvernig einhleypingar skiptast eftir umfangi skattbyrðisbreytingarinnar.

Í heild fá einstæðir foreldrar skattalækkun á við aðra, en á hinn bóginn er endurdreifing í skattbyrði innan hópsins. Lækkun verður veruleg hjá tekjulágum og barnmörgum einstæðum foreldrum en hækkun hjá sumum hinna í þessum hópi.

Tafla 4 sýnir að lokum hversu mörgum framteljendum væri fremur í hag að nota fasta frádráttinn skv. 2. mgr. 30. gr. en að sundurliða frádrátt sinn, miðað við áætlun um hækkun frádráttarliða frá árinu 1977.

Tafla 1
Breyting á hreinum tekjuskatti manna á verðlagi 1978.

	Skv. gildandi lögum (Millj. kr.)	Lækkun (÷) eða hækkun (+) skv. frv. (Millj. kr.)	Meðalbreyting á skattgreiðslum	Hlutfallsleg skipting framteljenda
Hjón án barna	3 350	÷150	÷ 4,5%	13%
Hjón með 1 barn	3 000	+ 70	+ 2,3%	9%
Hjón með 2 börn	2 150	÷ 50	÷ 2,3%	11%
Hjón með 3 börn	800	÷200	÷ 25 %	6%
Hjón með 4 börn eða fleiri	120	÷130	÷108 %	2%
Hjón alls	9 400	÷450	÷ 4,8%	41%
Einhleypingar	4 200	÷450	÷ 11 %	54%
Einstæð foreldri	÷470	÷ 35	÷ 7 %	5%
Framteljendur samtals	13 100	÷950	÷ 7 %	100%

Tafla 2
Dreifing manna eftir umfangi skattbyrðisbreytingar.

	Lækkun (a. m. k. 1% af vergum tekjum)	Standa í stað (breyting minni en 1% af vergum tekjum)	Hækkun (a. m. k. 1% af vergum tekjum)
Hjón án barna	41%	41%	18%
Hjón með 1 barn	32%	43%	25%
Hjón með 2 börn	41%	39%	20%
Hjón með 3 börn	48%	39%	13%
Hjón með 4 börn eða fleiri	70%	22%	8%
Hjón alls	41%	40%	19%
Einhleypingar	28%	67%	5%
Einstæð foreldri	47%	16%	37%
Framteljendur samtals	35%	53%	12%

Tafla 3
Dreifing hjóna, — flokkuðum eftir tekjum eiginkonu, — eftir umfangi skattbyrðisbreytingar.

Tekjur eiginkonu á verðlagi 1978	Lækkun (a. m. k. 1% af vergum tekjum beggja)	Standa í stað (breyting minni en 1% af vergum tekjum beggja)	Hækkun (a. m. k. 1% af vergum tekjum beggja)	Hlutfallsleg skipting hjóna
0	60%	30%	10%	26%
Undir 500 þús. kr.	65%	27%	8%	18%
500 til 1 000 þús. kr.	44%	42%	14%	20%
1 000 til 1 500 þús. kr.	23%	61%	16%	14%
1 500 til 2 000 þús. kr.	12%	63%	25%	11%
Yfir 2 000 þús. kr.	4%	31%	65%	11%
Hjón alls	41%	40%	19%	100%

Tafla 4
Hlutfallslegur fjöldi framteljenda, sem hefðu fremur hag af föstum en sundurliðuðum frádrætti, sbr. 2. mgr. 30. gr.

Hjón	65%
Einhleypingar	90%
Einstæð foreldri	75%
Framteljendur alls	75%

Nd. 601. Frumvarp til laga [283. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

I KAFLI
Gildissvið

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um eftirtalin gjöld:

1. Tekjuskatt samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Álag á tekjuskatt samkvæmt ákvæðum laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
3. Útsvar samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
4. Kirkjugarðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um kirkjugarða.
5. Sóknargjald samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld.
6. Launaskatt samkvæmt ákvæðum laga um launaskatt.
7. Lífeyris- og slysatryggingagjöld samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
8. Atvinnuleysistryggingagjald samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.
9. Iðnaðargjald samkvæmt ákvæðum laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
10. Aðstöðugjald samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
11. Iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um iðnlánasjóð.
12. Iðnaðarmálagjald samkvæmt ákvæðum laga um iðnaðarmálagjald.
13. Landsútsvar samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
14. Orlofsfé samkvæmt ákvæðum laga um orlof.
15. Skyldusparnað samkvæmt ákvæðum laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

2. gr.

Verði síðar sett lög, hvort heldur tímabundin eða ótímabundin, um gjöld sem ákvarðast af sömu eða svipuðum gjaldstofnum og þau sem upp eru talin í 1. gr. skulu um þau gjöld gilda ákvæði laga þessara.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem gjaldskyldir eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1. gr. eða kunna að verða gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum 2. gr. nema gjaldskyldan falli á þá aðila sem um ræðir í 4. gr.

4. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem annast milligöngu á greiðslum sem gjaldskyldar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1. gr. eða kunna að verða gjaldskyldar samkvæmt ákvæðum 2. gr.

II KAFLI
Meginreglur staðgreiðslu

5. gr.

Staðgreiðsla samkvæmt lögum þessum er bráðabirgðagreiðsla opinberra gjalda, greiðsla orlofsfjár, svo og innheimta eða greiðsla skyldusparnaðar á tekjuári.

6. gr.

Launþegi samkvæmt lögum þessum telst hver sá maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur teljast launþegar samkvæmt lögum þessum þeir menn sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 7. gr.

7. gr.

Staðgreiðsla launþega af endurgjaldi skv. 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal ná til þeirra gjalda sem greinir í 1., 2., 3., 4., 5., 14. og 15. tl. 1. gr., sbr. 2. gr. eftir því sem við á.

Staðgreiðsla þessi skal enn fremur taka til umræddra gjalda af endurgjaldi sem reikna skal skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Lágmark reiknaðs endurgjalds ákveður ríkisskattstjóri í viðmiðunarreglum.

Staðgreiðsla þessi tekur einnig til umræddra gjalda af öllum skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta sem um er rætt í 2. og 3. tl., svo og í 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Staðgreiðslu fyrir hönd launþega skal launagreiðandi sjá um samkvæmt ákvæðum III kafla laga þessara.

8. gr.

Hugtakið laun í lögum þessum merkir hvers konar endurgjald, greiðslur eða afhendingu verðmæta, sbr. ákvæði þessarar greinar, svo og 6. og 7. gr.

Launagreiðandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim endurgjald fyrir starfa sem inntur er af hendi fyrir hann eða á hans vegum, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr., eða sem ber að reikna sér endurgjald, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr. Enn fremur aðili sem greiðir þær greiðslur eða afhendir þau verðmæti sem um ræðir í 3. mgr. 7. gr. Ef milligöngumaður, sbr. 4. gr., greiðir endurgjaldið telst hann launagreiðandi sem skila- og greiðsluaðili samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Staðgreiðsla allra annarra gjaldskyldra aðila skal ná til allra þeirra gjalda sem greinir í 1. gr., sbr. 2. gr. laga þessara eftir því sem við á. Staðgreiðsla þessi skal fara fram samkvæmt III kafla laga þessara.

10. gr.

Atvinnurekandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem hefur með höndum atvinnurekstur, stundar sjálfstæða starfsemi eða telst launagreiðandi skv. 8. gr.

11. gr.

Að tekjuári loknu skal fram fara ákvörðun og álagning þeirra gjalda sem um ræðir í 1. gr., sbr. 2. gr. eftir því sem við á, á þá aðila sem gjaldskyldir eru samkvæmt þeim lögum. Enn fremur álagning eignarskatts samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, ásamt álagi á eignarskatt samkvæmt ákvæðum laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Mismun sem fram kann að koma milli staðgreiðslu og álagningar skal krefja eða endurgreiða, eftir því sem við á, samkvæmt ákvæðum VIII kafla laga þessara.

III KAFLI
Tilhögun staðgreiðslu

A-hluti
Launþegar og launagreiðendur

12. gr.

Gjaldskyldu launþega á staðgreiðsluári skal miða við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Launþegi sem nær 16 ára aldri á staðgreiðsluári skal þó í þessu sambandi talinn gjaldskyldur í lok næstliðins almanaksárs.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skattkort fyrir hvern launþega þar sem fram komi þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár þann 1. desember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Strax við móttöku skattkorts ber launþega að kanna þær upplýsingar sem fram koma á því. Telji launþegi þær ekki réttar miðað við fjölskyldu hans í lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári, eða upphaf eða lok skyldu til skyldusparnaðar, ber honum strax að endursenda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um nýtt skattkort. Reynist krafa launþega réttmæt ber skattstjóra að láta honum strax í té nýtt skattkort. Telji skattstjóri beiðni launþega að hluta til réttmæta ber honum að láta launþeganum strax í té nýtt skattkort ásamt rökstuðningi fyrir synjun að hluta. Synji skattstjóri beiðni launþega að öllu leyti ber honum strax að endursenda launþeganum skattkortið ásamt rökstuðningi fyrir synjun.

13. gr.

Breytist aðstæður launþega á staðgreiðsluári á þann veg að hann sé ekki lengur háður ákvæðum laga um skyldusparnað, sbr. 15. tl. 1. gr., skal hann senda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um leiðréttingu. Sé krafa launþega á rökum reist skal skattstjóri strax gefa út nýtt skattkort til launþegans. Synji skattstjóri kröfu launþega ber honum strax að endursenda skattkortið óbreytt til launþegans ásamt rökstuðningi fyrir synjun sinni.

14. gr.

Telji launþegi sig eiga rétt til hærri frádráttar skv. D-lið og 1. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en fastafrádráttur skv. 2. mgr. 30. gr. greindra laga mundi nema á hann rétt til að krefjast breytingar á skattkorti sínu á þann veg að hann njóti þessa mismunar sem viðbótarfrádráttar við ákvörðun á staðgreiðslu hans.

Í skriflegri kröfu til skattstjóra ber launþega að gera nákvæma grein fyrir eftirfarandi:

1. Væntanlegum tekjum sínum á tekjuárinu samkvæmt ákvæðum 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, að teknu tilliti til ákvæða 1.—5. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
2. Væntanlegum frádrætti sínum á tekjuárinu samkvæmt ákvæðum D-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
3. Væntanlegum gjaldföllnum frádrætti sínum á tekjuárinu skv. 1. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
4. Væntanlegum tekjum sínum samkvæmt ákvæðum C-liðar 7. gr. og frádrætti skv. B-lið 1. mgr. 30. gr. greindra laga.

Nemi frádráttur skv. 2. og 3. tl. 2. mgr. að frádregnum hreinum tekjum skv. 4. tl. 2. mgr. a. m. k. 20% hærri fjárhæð en fastafrádráttur mundi nema af tekjum skv. 1. tl. 2. mgr. ber skattstjóra að verða við kröfu launþegans og leyfa því sem næst þennan mismun sem viðbótarfrádrátt umfram fastafrádrátt við ákvörðun staðgreiðslu hans á tekjuárinu.

Giftur eða kvæntur launþegi sem er samvistum við maka sinn á því aðeins rétt til frádráttar skv. 3. mgr. að hann og maki hans geri sameiginlega kröfu skv. 1. mgr., sem undirrituð skal af báðum hjónunum, og að veittar séu sömu upplýsingar um makann og krafist er af honum sjálfum skv. 2. mgr. Upplýsingar skv. 1. og 2. tl. 2. mgr. skal veita fyrir hvort hjónanna um sig. Upplýsingar skv. 3. og 4. tl. 2. mgr. skal veita fyrir hjónin sameiginlega og hafa þær eingöngu áhrif varðandi það hjónanna sem hefur hærri hreinar tekjur skv. 1. og 2. tl. 2. mgr. Nemi heildarfrádráttur skv. 2. og 3. tl. 2. mgr. að frádregnum hreinum tekjum skv. 4. tl. 2. mgr. a. m. k. 20% hærri fjárhæð en sameiginlegur fastafrádráttur hjónanna mundi nema af tekjum þeirra skv. 1. tl. 2. mgr. ber skattstjóra að verða við kröfu launþegans og leyfa því sem næst þennan mismun sem viðbótarfrádrátt umfram fastafrádrátt við ákvörðun staðgreiðslu hans á tekjuárinu. Fastafrádráttur þess maka sem lægri hefur tekjurnar skv. 1. tl. 2. mgr. skal standa óbreyttur en viðbótarfrádrátturinn veittur þeim maka sem hærri hefur tekjurnar skv. 1. tl. 2. mgr. Sama gildir um karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru.

15. gr.

Við upphaf staðgreiðsluárs ber launþega að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans. Aðallaunagreiðandi ber ábyrgð á vörslu skattkorts launþegans meðan hann er í þjónustu hans eða þar til launþegi krefst skila á því. Skipti launþegi um starfa eða velji sér annan aðallaunagreiðanda á staðgreiðsluárinu ber fyrri aðallaunagreiðanda hans að skila launþeganum skattkorti hans en launþega ber hins vegar að afhenda það þeim launagreiðanda sem hann hefur hjá hið nýja starf sitt eða hefur valið sér í stað fyrri launagreiðanda sem aðallaunagreiðanda.

Nú hefur launþegi starfa með höndum hjá eða á vegum fleiri en eins launagreiðanda og ber launþega þá að velja sér aðallaunagreiðanda sem hann afhendir skattkort sitt. Skattkortið verður þá í vörslu þessa aðallaunagreiðanda. Sama skal gilda um launþega sem hefur einn starfa með höndum en launagreiðendur hans vegna starfans eru tveir eða fleiri.

Telji launþegi að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar leiði til þess að staðgreiðsla hans verði verulega hærri en orðið hefði ef einungis væri um einn launagreiðanda að ræða, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launþega réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal ákveðinn hundraðshluta sem aukalaunagreiðanda ber að halda eftir af launum hans í stað hámarkshundraðshluta.

16. gr.

Hafi annað hjóna sem samvistum eru engar tekjur á staðgreiðsluári skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt hafa hjónin rétt til þess að afhenda skattkort tekjulausa makans aðallaunagreiðanda þess maka sem tekjur hefur. Staðgreiðsla þess maka sem tekjurnar hefur skal þá ákvörðuð með hliðsjón af því að hann sem launþegi hefur afhent aðallaunagreiðanda sínum skattkort beggja. Sama gildir um karl og konu sem búa í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru.

Hefji tekjulausi makinn starf hjá launagreiðanda á staðgreiðsluári á hann rétt til skattkorts síns og má afhenda það aðallaunagreiðanda sínum og breytist þá staða hins makans hjá aðallaunagreiðanda hans samkvæmt því. Maki sem haft hefur tekjur hjá launagreiðanda á staðgreiðsluári en lætur af starfi sem launþegi á því ári hefur hins vegar rétt til þess að afhenda skattkort sitt til aðallaunagreiðanda hins makans og breytist þá staða þess maka samkvæmt því.

17. gr.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skatttöflur fyrir launagreiðendur, byggðar á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í I kafla eftir því sem við á. Við gerð skatttaflna skal þó ávallt reiknað með hámarkshundraðshluta af útsvarsskyldum tekjum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Enn fremur skal við gerð skatttaflna reikna kirkjugarðsgjald og sóknargjald sem álag á útsvar með sama hundraðshluta og notaður var við álagningu þessara gjalda í Reykjavík á því álagningarári sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Við gerð skatttaflna skal reiknað með þeim fastafrádrætti frá tekjum sem um ræðir í 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur skal við gerð þeirra tekið tillit til réttar launþega vegna ráðstöfunar ónýtts persónuafsláttar hans til greiðslu reiknaðs útsvars, kirkjugarðsgjalds og sóknargjalds og réttar hans til greiðslu barnabóta úr ríkissjóði, sbr. ákvæði 68. og 69. gr. greindra laga.

Fjármálaráðherra skal ákveða vísitölu staðgreiðsluársins eigi síðar en 15. nóvember á því almanaksári sem næst fer á undan staðgreiðsluárinu og skal við þá vísitölu miðað við gerð skatttaflna.

Skatttöflur skulu gerðar fyrir ákveðin greiðslutímabil launa til launþega á þann veg að sem mestri nákvæmni verði náð í staðgreiðslu launþegans með hliðsjón af fjölskyldu hans og skyldu til skyldusparnaðar.

Greiðslutímabil launa til launþega ákvarðast með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga eða hefð um greiðslu launa í starfsstétt launþegans eftir því sem við á. Laun teljast greidd á greiðslutímabilinu hvort sem útborgun þeirra á sér stað á sama tíma og ákvæði kjarasamninga eða hefð kveða á um eða síðar.

18. gr.

Þegar ákvörðun launa launþega fyrir ákveðið greiðslutímabil er lokið ber aðallaunagreiðanda hans

1. að reikna út orlofsfé af orlofsskyldum launum launþegans og standa skil á því;
2. að hækka ákvörðuð laun launþegans um orlofsfé skv. 1. tl.;
3. að bæta við ákvörðuð laun launþegans skattskyldum hlunnindum að mati ríkisskattstjóra skv. 111. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
4. að draga frá ákvörðuðum launum launþegans þann hluta launa hans sem honum er heimilt að draga frá tekjum sínum að mati ríkisskattstjóra samkvæmt ákvæðum 2., 3., 4. og 5. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
5. að draga frá ákvörðuðum launum launþegans, að teknu tilliti til 2. og 4. tl., skyldusparnað launþegans ef við á samkvæmt skattkorti hans og standa skil á þeim skyldusparnaði;
6. að draga frá ákvörðuðum launum launþegans, að teknu tilliti til 2., 3. og 4. tl., sjómanna- og fiskimannafrádrátt eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum 1. og 2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
7. að ákvarða þau laun sem staðgreiðsla þeirra opinberu gjalda sem um ræðir í 1.—5. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., reiknast af en það eru ákvörðuð laun greiðslutímabilsins að viðbættri fjárhæð orlofsfjár skv. 1. tl. og metnum skattskyldum hlunnindum skv. 3. tl. að frádregnum fjárhæðum skv. 4., 5. og 6. tl. eftir því sem við á;
8. að halda eftir af ákvörðuðum launum launþegans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem fram kemur á skatttöflu greiðslutímabilsins með hliðsjón af launum hans skv. 7. tl. annars vegar og skattkorti launþegans hins vegar eða endurgreiða launþeganum, fyrir hönd ríkissjóðs, þá fjárhæð barnabóta sem fram kemur á skatttöflu greiðslutímabilsins með hliðsjón af launum hans skv. 7. tl. annars vegar og skattkorti launþegans hins vegar.

19. gr.

Nú leiða ákvæði kjarasamninga eða hefð til þess að ekki fara saman á sama greiðslutímabili hjá aðallaunagreiðanda

1. annars vegar greiðslur fastra launa eða samningsbundinna eða hefðbundinna greiðslna upp í laun launþegans og
2. hins vegar greiðslur til launþegans fyrir hvers konar yfirvinnuálag og ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, þótt krafa til þessara launa hafi myndast að fullu eða að hluta á greiðslutímbilinu.

Í slíkum tilvikum skal launagreiðslum skv. 2. tl. 1. mgr. bætt við launagreiðslur næsta ákveðins greiðslutímabils launa skv. 1. tl. 1. mgr. og þessar greiðslur sameiginlega teljast ákvörðuð laun launþegans á síðara greiðslutímabilinu og með þær farið skv. 17. gr.

Fari launagreiðslur skv. 2. tl. 1. mgr. eigi fram á því staðgreiðsluári þegar krafa til þeirra myndaðist skal þeim bætt við launagreiðslur síðasta greiðslutímabils á staðgreiðsluárinu og viðbótarstaðgreiðsla ákvörðuð með hliðsjón af því.

Hafi launþegi látið af starfi hjá aðallaunagreiðanda sínum eða tekið skattkort sitt frá honum áður en laun hans fyrir hvers konar yfirvinnuálag og ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun eru greidd, en krafa til þessara launagreiðslna myndaðist á síðasta greiðslutímabili launa hans hjá aðallaunagreiðanda, skal þessum greiðslum bætt við launagreiðslur hans fyrir síðasta greiðslutímabil hans og viðbótarstaðgreiðsla hans ákvörðuð af þannig ákvörðuðum launum.

20. gr.

Greiði aðallaunagreiðandi launþega laun sem miðast við ákveðin liðin greiðslutímabil á staðgreiðsluárinu ber að jafna þessari launagreiðslu á þessi liðnu greiðslutímabil staðgreiðsluársins og hækka reiknuð laun hvers liðins greiðslutímabils með hliðsjón af því. Staðgreiðsla samkvæmt ákvæðum 18. gr. ákvarðast þá að nýju af þannig breyttum ákvörðuðum launum. Frá heildarfjárhæð þannig reiknaðrar staðgreiðslu ber að draga áður greidda staðgreiðslu vegna þessara greiðslutímabila á staðgreiðsluárinu og halda eftir mismun sem viðbótarstaðgreiðslu.

Greiði aðallaunagreiðandi launþega laun án viðmiðunar við ákveðið greiðslutímabil á staðgreiðsluári ber honum að halda eftir upp í greiðslu opinberra gjalda launþegans á staðgreiðsluárinu hámarkshundraðshluta af þessum launum samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga þessara.

21. gr.

Hefji launþegi starf hjá aðallaunagreiðanda eða flytji skattkort sitt til hans eftir upphaf greiðslutímabils eða láti hann af starfi hjá aðallaunagreiðanda eða flytji skattkort sitt frá honum áður en staðgreiðslutímabili lýkur skal fara með launagreiðslur til launþegans og ákvörðun staðgreiðslu af launum hans innan þessa greiðslutímabils sem hér segir:

1. Deila skal í fjárhæð launa, sbr. 7. tl. 18. gr., með dagafjölda innan greiðslutímabilsins og
2. margfalda þannig niðurjafnaða dagsfjárhæð launa með dagafjölda fulls greiðslutímabils og
3. reikna út staðgreiðslu eða endurgreiðslu, sbr. 8. tl. 18. gr., miðaða við þannig margfaldaða launafjárhæð, deila í þá staðgreiðslu- eða endurgreiðslufjárhæð með dagafjölda fulls greiðslutímabils, sbr. 2. tl., og margfalda þá niðurstöðu með dagafjölda, sbr. 1. tl. Halda ber síðan eftir staðgreiðslu eða endurgreiða barnabætur í samræmi við þannig fengna niðurstöðu.

Með dagafjölda starfs skv. 1. tl. 1. mgr. skal telja alla virka daga, frídaga og helgidaga frá og með fyrsta starfsdegi til loka greiðslutímabilsins eða frá upphafi greiðslutímabils til og með síðasta starfsdags. Dagafjöldi vikulegs greiðslutímabils skv. 1. mgr. telst 7 dagar og mánaðarlegs greiðslutímabils 30 dagar.

22. gr.

Afhendi launþegi ekki skattkort sitt til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr., sbr. 15. gr., sama dag og hann hefur starf sitt hjá honum ber launagreiðanda að krefja launþegann um nafnskírteini hans til öflunar réttra og staðfestra upplýsinga um nafnnúmer og aldur hans. Þessi launagreiðandi telst þá ekki aðallaunagreiðandi launþegans.

Að lokinni ákvörðun launa þessa launþega, sbr. 1. mgr., fyrir ákveðið greiðslutímabil ber launagreiðanda hans

1. að reikna út orlofsfé af orlofsskyldum launum launþegans og standa skil á því;
2. að draga frá ákvörðuðum launum launþegans skyldusparnað hans, miðað við aldur hans samkvæmt nafnskírteini, og standa skil á þeim skyldusparnaði;
3. að halda eftir af ákvörðuðum launum launþegans upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu hámarkshundraðshluta samkvæmt ákvæðum 25. gr. af launum, ákvörðuðum í samræmi við ákvæði 7. tl. 18. gr.

Nú ber nafnskírteini launþega eða önnur gögn það með sér að hann nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluárinu og ber þá að halda eftir af ákvörðuðum launum launþegans upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu sjö hundraðshlutum (7%) af launum, ákvörðuðum í samræmi við ákvæði 7. tl. 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga jafnframt við um launagreiðslur þær er um ræðir í 19. og 20. gr.

23. gr.

Afhendi launþegi ekki skattkort sitt til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., sbr. 15. gr., fyrir upphaf greiðslutímabils eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta sem skattskyld eru samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsl. 2. tl., 3. tl. og 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ber launagreiðanda að krefja launþegann um nafnskírteini hans til öflunar réttra og staðfestra upplýsinga um nafnnúmer hans og aldur. Launagreiðandi þessi telst ekki aðallaunagreiðandi launþegans.

Að lokinni ákvörðun launa þessa launþega, sbr. 1. mgr., fyrir ákveðið greiðslutímabil eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta ber launagreiðanda hans að halda eftir af ákvörðuðum launum launþegans upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu sem hér segir:

1. Af bótagreiðslum samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar átján hundraðshlutum (18%).
2. Af hvers konar öðrum greiðslum eða afhendingu verðmæta en þeim er um ræðir í 1. tl. þrjátíu hundraðshlutum (30%).

Nú ber nafnskírteini launþega eða önnur gögn það með sér að hann nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluárinu og ber þá að halda eftir af ákvörðuðum launum launþegans upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu sjö hundraðshlutum (7%) af launum.

24. gr.

Því aðeins er heimilt að styðjast við matsreglur ríkisskattstjóra að því er tekur til frádráttar skv. 3. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. tl. 18. gr., að launagreiðandi hafi fyrir upphaf staðgreiðsluárs aflað skriflegrar heimildar skattstjóra til greiðslu risnufjár og ökutækjastyrkja til launþega sem gætu notið umræddS frádráttar.

25. gr.

Hámarkshundraðshluti sá er um ræðir í 2. mgr. 20. gr. og 3. tl. 2. mgr. 22. gr. skal ákveðinn af ríkisskattstjóra fyrir upphaf staðgreiðsluárs með hliðsjón af hámarksgjaldstigum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1—5. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., að teknu tilliti til fastafrádráttar frá tekjum skv. 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

26. gr.

Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina skriflega umsókn launþega um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef veikindi, slys, mannslát eða starfsbreyting vegna þessa eða aldurs hans mun skerða tekjur hans verulega á þeim hluta staðgreiðsluársins sem eftir er á þann veg að staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu, önnur en skyldusparnaður, sbr. 15. tl. 1. gr., muni leiða til a. m. k. 20% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld tekjuársins samkvæmt ákvæðum 1.—5. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., muni nema.

Með skriflegri umsókn launþega, sbr 1. mgr., skulu fylgja fullnægjandi gögn til stuðnings kröfu hans, svo og rökstuðningur fyrir kröfunni sem settur skal fram á sérstöku eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera.

Að móttekinni umsókn launþega skal ríkisskattstjóri úrskurða málið og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

27. gr.

Hver launagreiðandi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. skal eigi síðar en 10 desember á því almanaksári sem næst fer á undan staðgreiðsluári, senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans.

Undanþegnir þessari tilkynningarskyldu eru þó þeir launagreiðendur sem áætla að launagreiðslur þeirra, sbr. 1. mgr. 8. gr., muni nema lægri fjárhæð en 120 000 kr. á næsta staðgreiðsluári.

Launagreiðandi sem vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt þessari grein skal sæta viðurlögum skv. 50. gr.

28. gr.

Hver sá aðili sem hefur greiðslur til launþega á staðgreiðsluári og verður þar með launagreiðandi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. skal þegar í stað senda tilkynningu um starfsemi sína, sbr. 1. mgr. 27. gr., til ríkisskattstjóra.

Undanþegnir þessari tilkynningarskyldu eru þó þeir launagreiðendur sem áætla að launagreiðslur þeirra, sbr. 1. mgr. 8. gr., muni nema lægri fjárhæð en 12 000 kr. í hverjum einstökum almanaksmánuði staðgreiðsluársins.

Launagreiðandi sem vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt þessari grein skal sæta viðurlögum skv. 50. gr.

29. gr.

Launagreiðandi sem sent hefur tilkynningu samkvæmt ákvæðum 27. eða 28. gr., en hættir launagreiðslum á staðgreiðsluári, skal þegar í stað senda ríkisskattstjóra tilkynningu um það efni.

B-hluti

Atvinnurekendur

30. gr.

Allir atvinnurekendur, sbr. 10. gr., skulu eigi síðar en 31. október á því almanaksári sem næst fer á undan staðgreiðsluári senda skattstjóra rökstudda áætlun um gjaldstofna þeirra skatta og gjalda á komandi staðgreiðsluári sem um ræðir í 1.—5. tl. og 10.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., að teknu tilliti til ákvæða 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á. Þar skal einnig koma fram rökstudd áætlun um það endurgjald sem atvinnurekandinn ætlar að telja sjálfum sér til tekna eða reikna maka sínum eða barni til tekna á staðgreiðsluárinu, sbr. ákvæði greindrar 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr., eftir því sem við á.

Hefji atvinnurekandi eigi gjaldskylda starfsemi sína fyrr en eftir 21. október á því almanaksári sem næst fer á undan staðgreiðsluári eða eigi fyrr en á staðgreiðsluárinu sjálfu ber honum að senda skattstjóra áætlun þá er um ræðir í 1. mgr. innan 10 daga frá því að hann hóf starfsemi sína.

31. gr.

Innan 30 daga frá því að áætlun skv. 30. gr. barst skattstjóra skal hann hafa endurskoðað hana og tilkynnt atvinnurekandanum niðurstöðu sína um áætlun gjaldstofna og endurgjalds, sbr. 1. mgr. 30. gr., svo og upphæð áætlaðra skatta og gjalda skv. 1.—5. tl. og 10.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., sem atvinnurekandanum ber að greiða á staðgreiðsluárinu. Ákvarðað endurgjald myndar stofn að staðgreiðslu atvinnurekandans sem launþega, sbr. 2. mgr. 7. gr. Sömu tímamörk um áætlanir gilda að því er varðar þá atvinnurekendur sem um ræðir í 2. mgr. 30. gr. og miðast þau við lok skilafrests eða þann dag er skattstjóri kemst að raun um að atvinnurekandinn hafi hafið gjaldskylda starfsemi.

Við endurskoðun á áætlun atvinnurekandans og úrskurðun um niðurstöðu hennar, sbr. 1. og 2. málsl. 1. mgr., ber skattstjóra að styðjast við þá gjaldstofna sem fram koma í framtalsgögnum atvinnurekandans á næstliðnu tekjuári hans, að teknu tilliti til rökstuðnings í áætlun hans og væntanlegra afkomuhorfa í atvinnugrein hans á staðgreiðsluárinu. Á sama hátt skal stuðst við rökstuðning í áætlun þeirra atvinnurekenda sem um ræðir í 3. málsl. 1. mgr., þó með hliðsjón af væntanlegum afkomuhorfum í atvinnugreinum þeirra á staðgreiðsluárinu.

Hafi engin áætlun borist frá atvinnurekanda fyrir skilafrest hennar, sbr. 30. gr., ber skattstjóra að áætla gjaldstofna og endurgjald eftir því sem við á, svo og upphæð áætlaðra skatta og gjalda skv. 1.—5. tl. og 10.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., sem atvinnurekandanum ber þá að greiða á staðgreiðsluárinu og tilkynna atvinnurekandanum þessar niðurstöður. Ákvarðað endurgjald myndar stofn að staðgreiðslu atvinnurekandans sem launþega, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Við ákvörðun áætlaðra skatta og gjalda af gjaldstofnum staðgreiðsluársins samkvæmt þessari grein skal byggja á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1.—5. tl. og 10.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., eftir því sem við á. Þó skal útsvar, kirkjugarðsgjald og sóknargjald reiknað með sömu hundraðshlutum af gjaldstofnum og nota skal við gerð skatttaflna, sbr. 2. og 3. málsl. 1. mgr. 17. gr., og skal stuðst við vísitölu staðgreiðsluársins, sbr. 3. mgr. 17. gr., eftir því sem við á.

32. gr.

Nú telur atvinnurekandi að gjaldstofnar eða skattar og gjöld samkvæmt þeim séu eigi rétt ákvarðaðir og getur hann þá sent skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra innan 7 daga frá dagsetningu tilkynningar skattstjóra skv. 31. gr. Innan 15 daga frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kæruna. Úrskurður skattstjóra skal rökstuddur.

Innan 7 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra má atvinnurekandinn skjóta úrskurðinum til ríkisskattstjóra sem fellir endanlegan úrskurð.

33. gr.

Atvinnurekendur, sbr. 10. gr., sem gjaldskyldir eru á staðgreiðsluári samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 6.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., skulu þegar eftir lok hvers almanaksmánaðar reikna út umrædda skatta og gjöld af lögmæltum gjaldstofnum sem til útborgunar féllu á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar.

34. gr.

Atvinnurekandi skv. 10. gr. skal, eigi síðar en 10. desember á því almanaksári sem næst fer á undan staðgreiðsluári, senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starf-

semi sína þar sem tilgreina skal nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer atvinnurekandans.

Atvinnurekandi sem vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt þessari grein skal sæta viðurlögum skv. 50. gr.

35. gr.

Hver sá aðili sem hefur atvinnurekstur á staðgreiðsluári og verður þar með atvinnurekandi skv. 10. gr. skal þegar í stað senda tilkynningu um starfsemi sína, sbr. 1. mgr. 34. gr., til ríkisskattstjóra.

Atvinnurekandi sem vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt þessari grein skal sæta viðurlögum skv. 50. gr.

36. gr.

Atvinnurekandi sem sent hefur tilkynningu samkvæmt ákvæðum 34. gr. eða 35. gr., en hættir atvinnurekstri sínum á staðgreiðsluári, skal þegar í stað senda ríkisskattstjóra tilkynningu um það efni.

IV KAFLI
Skil á staðgreiðslu

37. gr.

Launagreiðandi, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir í greiðslutímabilum næstliðins mánaðar samkvæmt ákvæðum 18.—23. gr. ásamt orlofsfé af orlofsskyldum launum þessara greiðslutímabila, en að frádregnum endurgreiðslum barnabóta sem launagreiðandi hefur innt af hendi fyrir ríkissjóð í þessum greiðslutímabilum. Viðbótarstaðgreiðsla, sbr. ákvæði 2. mgr. 19. gr. og 20. gr., sem eigi er innt af hendi fyrr en eftir lok staðgreiðsluárs telst mynda sérstakt greiðslutímabil og ber að greiða hana 1. febrúar næstan eftir lok staðgreiðsluársins.

Greiðsla skv. 1. mgr. skal innt af hendi til innheimtumanns ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. lög nr. 68, 27. apríl 1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í umdæmi því þar sem launagreiðandi er heimilisfastur. Heimilt er þó launagreiðanda að inna greiðslu skv. 1. mgr af hendi í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á reikning staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Á greiðsluskjali skal koma fram nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðanda ásamt greiðslufjárhæð.

Með greiðslu, sbr. 2. mgr., skal fylgja skilagrein í tvíriti frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði þar sem greint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans, svo og nafn og nafnnúmer launþegans. Í skilagreininni skal fram tekið hvað greitt er fyrir hvern launþega og sundurliðað í orlofsfé, skyldusparnað og opinber gjöld eftir því sem við á. Hafi launagreiðandi greitt launþega barnabætur fyrir hönd ríkissjóðs skal þess getið. Þá skal og þess getið hvort launþegi hafi afhent skattkort sitt til launagreiðandans og, ef svo er, hvort því fylgdi skattkort maka hans. Samtala orlofsfjár, skyldusparnaðar og opinberra gjalda að frádregnum endurgreiðslum barnabóta skal tilgreind.

Heimilt er þó launagreiðanda að senda skilagrein þá er um ræðir í 3. mgr. til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hverrar greiðslu, sbr. 5. mgr. Skilagreinin skal þá bera með sér, auk þess sem um ræðir í 3. mgr., upplýsingar um fjárhæð þá sem greidd var skv. 1. mgr., hverjum hún var greidd, sbr. 2. mgr., og hvenær.

Gjalddagi greiðslu skv. 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal beita hann viðurlögum skv. 52. gr.

Hafi launagreiðandi eigi skilað skilagrein með greiðslu sinni, sbr. 3. mgr., eða innan tímamarka skv. 4. mgr. skal hann sæta viðurlögum skv. 51. gr. frá því er skilafrestur rann út skv. 4. mgr.

38. gr.

Skattstjóri skal rannsaka skilagreinar launagreiðenda, sbr. 37. gr., og leiðrétta rangar niðurstöður. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka skv. 37. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

39. gr.

Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum og skyldusparnaði sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt ákvæðum 18.—23. gr. Launþegi ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda og skyldusparnaðar sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launagreiðandi og launþegi bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum og skyldusparnaði.

40. gr.

Atvinnurekandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega einn tólfta hluta (1/12) þeirra áætluðu skatta og gjalda sem honum ber að greiða á staðgreiðsluárinu skv. 31. gr., enda hafi hann gjaldskylda starfsemi með höndum allt staðgreiðsluárið eða hætti henni ekki fyrr en í síðasta almanaksmánuði þess. Gjalddagar eru 1. hvers mánaðar, sá fyrsti hinn 1. febrúar á staðgreiðsluárinu og sá síðasti hinn 1. janúar næstan eftir lok staðgreiðsluársins.

Atvinnurekandi, sem hafði gjaldskylda starfsemi með höndum við upphaf staðgreiðsluárs en hættir gjaldskyldri starfsemi sinni á staðgreiðsluárinu, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega einn tólfta hluta (1/12) þeirra áætluðu skatta og gjalda sem honum ber að greiða á staðgreiðsluárinu skv. 31. gr. Gjalddagar eru 1. hvers mánaðar, sá fyrsti hinn 1. febrúar á staðgreiðsluári og sá síðasti hinn 1. þess mánaðar sem næstur fer eftir móttöku ríkisskattstjóra á tilkynningu þeirri sem um ræðir í 36. gr.

Atvinnurekandi, sem hefur gjaldskylda starfsemi á staðgreiðsluárinu, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega hluta áætlaðra skatta og gjalda sem honum ber að greiða á staðgreiðsluárinu skv. 31. gr. Mánaðarlegur hluti skal fundinn með því að deila í áætlaða skatta og gjöld skv. 31. gr. með þeim mánaðafjölda sem eftir er af staðgreiðsluárinu, töldum frá og með þeim mánuði sem hin gjaldskylda starfsemi hófst. Gjalddagar eru 1. hvers mánaðar, sá fyrsti hinn 1. þess mánaðar sem næstur fer á eftir upphafi gjaldskyldrar starfsemi og sá síðasti hinn 1. janúar á því almanaksári sem næst fer eftir lok staðgreiðsluársins eða hinn 1. þess mánaðar sem næstur fer eftir móttöku ríkisskattstjóra á tilkynningu þeirri sem um ræðir í 36. gr.

Verði breyting á áætlaðri fjárhæð skatta og gjalda á staðgreiðsluárinu ber að deila fjárhæð þeirrar breytingar á þau greiðslutímabil sem eftir eru af því á sama hátt og um ræðir í 3. mgr. og hækka eða lækka greiðslur skv. 1.—3. mgr. samkvæmt því.

Greiðsla skv. 1.—3. mgr. skal innt af hendi til innheimtumanns ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. lög nr. 68, 27. apríl 1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í umdæmi því þar sem atvinnurekandi er heimilisfastur. Heimilt er þó atvinnurekanda að inna greiðslu skv. 1.—3. mgr. af hendi í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á reikning staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Á greiðsluskjali skal koma fram nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer atvinnurekandans ásamt greiðslufjárhæð.

Greiðslur samkvæmt 1.—3. mgr. falla í eindaga 15. dag hvers mánaðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Hafi atvinnurekandi eigi greitt á eindaga skal beita hann viðurlögum skv. 53. gr.

41. gr.

Atvinnurekandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega þau gjöld sem honum ber að reikna út skv. 33. gr.

Greiðsla skv. 1. mgr. skal innt af hendi til innheimtumanns ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. lög nr. 68, 27. apríl 1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í umdæmi því þar sem atvinnurekandi er heimilisfastur. Heimilt er þó atvinnurekanda að inna greiðslu skv. 1. mgr. af hendi í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á reikning staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Á greiðsluskjali skal koma fram nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer atvinnurekandans ásamt greiðslufjárhæð.

Með greiðslu, sbr. 2. mgr., skal fylgja skilagrein í tvíriti frá atvinnurekanda þar sem greint er nafn hans, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer. Í skilagreininni skal koma fram stofn þeirra gjalda sem um ræðir í 6.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og útreikningur á hverjum einstökum skatti eða gjaldi. Samtala allra umræddra skatta og gjalda skal tilgreind.

Heimilt er þó atvinnurekanda að senda skilagrein þá er um ræðir í 3. mgr. til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hverrar greiðslu, sbr. 5. mgr. Skilagreinin skal þá bera með sér, auk þess sem um ræðir í 3. mgr., upplýsingar um fjárhæð þá sem greidd var skv. 1. mgr., hverjum hún var greidd sbr. 2. mgr., og hvenær.

Gjalddagi greiðslu skv. 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Hafi atvinnurekandi eigi greitt á eindaga skal beita hann viðurlögum skv. 54. gr.

Hafi atvinnurekandi eigi skilað skilagrein með greiðslu sinni, sbr. 3. mgr., eða innan tímamarka skv. 4. mgr. skal hann sæta viðurlögum skv. 51. gr. frá því er skilafrestur rann út skv. 4. mgr.

42. gr.

Skattstjóri skal rannsaka skilagreinar atvinnurekandans skv. 41. gr. og leiðrétta rangar niðurstöður. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra atvinnurekenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka skv. 41. gr. og tilkynna atvinnurekanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

43. gr.

Sá aðili sem tekur við greiðslum skv. 2. mgr. 37. gr., skv. 1.—3. mgr. 40. gr. og skv. 2. mgr. 41. gr. skal senda það fé sem hann hefur móttekið til innleggs á reikning staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands ásamt afriti af greiðslukvittun til greiðandans innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagreinar frá launagreiðendum og atvinnurekendum skv. 37. gr. og 41. gr., sem þessir aðilar hafa móttekið, skulu sendar til skattstjóra innan sömu tímamarka. Verði dráttur á innborgunum þessum og skilum skilagreina varðar það viðurlögum skv. 55. gr. og 51. gr.

V KAFLI
Stjórnun staðgreiðslu

44. gr.

Ríkisskattstjóri hefur á hendi framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Ríkisskattstjóra ber m. a.:

1. að láta gera skattkort skv. 2. mgr. 12. gr.,
2. að láta gera skatttöflur skv. 17. gr.,
3. að gefa út mat, sem stuðst skal við á staðgreiðsluári, á þeim hlunnindum, öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs,
4. að ákvarða hámarkshundraðshluta skv. 25. gr.,
5. að úrskurða mál skv. 26. gr. og 2. mgr. 32. gr.,
6. að halda skrá um launagreiðendur skv. 27.—29. gr.,
7. að gefa út reglur um ákvörðun gjaldstofna og gjaldskrár vegna þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 6.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og atvinnurekanda ber að reikna út skv. 33. gr.,
8. að halda skrá um atvinnurekendur skv. 34.—36. gr.,
9. að gera skrá yfir áætlaða skatta og gjöld skv. 31. gr., sbr. 40. gr.,
10. að gera skrá að lokinni álagningu þeirra gjalda sem um ræðir í 1. gr., sbr. 2. gr., þar sem fram komi greiðslustaða hvers gjaldanda með hliðsjón af staðgreiðslu eða skuldajöfnun hans á gjöldum þessum, sbr. ákvæði VIII kafla,
11. að gefa út hvers konar reglur og leiðbeiningar fyrir launþega, launagreiðendur og atvinnurekendur um notkun gagna og eyðublaða vegna staðgreiðslu opinberra gjalda,
12. að láta gera öll eyðublöð, sem nauðsyn er á, fyrir launagreiðendur og atvinnurekendur. Eyðublöð þessi skulu fást hjá skattyfirvöldum og hjá þeim aðilum sem heimild hafa til móttöku greiðslna skv. IV kafla.

Allar tilkynningar, skilagreinar og skýrslur samkvæmt lögum þessum skulu gerðar ókeypis á þau eyðublöð er ríkisskattstjóri hefur látið gera.

Ríkisskattstjóri skal setja skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum eftir því sem þörf krefur.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða gjald- eða skilaskyldu og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá, m. a. frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum og póststöðvum, svo og þeim aðilum sem um ræðir í 47. gr.

46. gr.

Skattstjórum ber m. a.:

1. að gefa út ný skattkort ef tilefni er til þess, sbr. 3. mgr. 12. gr., 13. gr. og 3. og 4. mgr. 14. gr., svo og að gefa út aukaskattkort skv. 3. mgr. 15. gr.,
2. að veita heimildir skv. 24. gr.,
3. að ákvarða gjaldstofna og endurgjald og áætla skatta og gjöld, sbr. 31. gr., og tilkynna ríkisskattstjóra niðurstöður sínar,
4. að úrskurða kærur skv. 1. mgr. 32. gr.,
5. að rannsaka og leiðrétta skilagreinar, svo og áætla greiðsluskylda fjárhæð skv. 38. gr. og 42. gr. Greiðsluskylda fjárhæð skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 37. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 41. gr.

47. gr.

Vegna eftirlits og rannsókna samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela eftirlits- og rannsóknarstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða rekstur þeirra, þar með talin bréf og samninga. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 1. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt en eru gjaldskyldir skv. I kafla.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein eða skorast undan að láta áðurnefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi og geta þá ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri vísað sökinni til sakadómara til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála og er ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra rétt að vera viðstaddur þá rannsókn eða láta fulltrúa sinn vera þar. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkissaksóknara og þess aðila sem um rannsókn bað. Ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri hlutast síðan til um meðferð hins skattalega þáttar málsins að lögum.

Lögreglu er skylt, innan starfsmarka sinna, að veita ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar samkvæmt þessari grein.

48. gr.

Skattrannsóknarstjóri skal í samráði við ríkisskattstjóra fylgjast með eftirlits- og rannsóknarstörfum skattstjóra skv. 5. tl. 46. gr. og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlits- og rannsóknaraðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjalda- og skilaskyldur samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað af skattstjórum nema hann í samráði við ríkisskattstjóra feli skattstjóra rannsóknina. Ríkisskattstjóri getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- eða skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

49. gr.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt launabókhald atvinnurekenda.

VI KAFLI
Viðurlög

50. gr.

Hver sá aðili sem vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 27. gr., 28. gr., 34. gr. og 35. gr. skal sæta viðurlögum er nemi 3 000 kr. fyrir hvern dag sem hann vanrækir tilkynningarskyldu sína, talið frá og með 1. degi eftir að tilkynning skyldi send.

Ríkisskattstjóri ákveður viðurlög samkvæmt þessari grein og tilkynnir fjárhæð þeirra innheimtumanni ríkissjóðs eða gjaldheimtu eftir því sem við á.

Fella má niður viðurlög samkvæmt þessari grein ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur ríkisskattstjóri það í hverju einstöku tilfelli hvað telja skuli gildar ástæður.

51. gr.

Hver sá aðili sem vanrækir skil á skilagreinum skv. 37. gr., 41. gr. og 2. málsl. 43. gr. skal sæta viðurlögum er nemi 5 000 kr. fyrir hvern dag sem hann vanrækir skil á þeim, talið frá og með 1. degi eftir að skilafrestur rann út skv. 4. mgr., sbr. 6. mgr. 37. gr., skv. 4. mgr., sbr. 6. mgr. 41. gr., og skv. 2. málsl. 43. gr.

Skattstjóri ákveður viðurlög samkvæmt þessari grein og tilkynnir fjárhæð þeirra innheimtumanni ríkissjóðs eða gjaldheimtu eftir því sem við á.

Fella má niður viðurlög samkvæmt þessari grein ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 7 daga frá dagsetningu ákvörðunar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

52. gr.

Séu greiðslur launagreiðanda skv. 37. gr. eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skv. 5. mgr. 37. gr. skal hann sæta viðurlögum til viðbótar upphæð skilafjárins. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 38. gr., nema launagreiðandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

Viðurlög á vanskilafé skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög að upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 28%.
2. 5% viðurlög til viðbótar af upphæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Við útreikning á viðurlögum á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um viðurlög á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

Sendi launagreiðandi fullnægjandi skilagrein innan 10 virkra daga frá tilkynningu skattstjóra skv. 38. gr. skal hann greiða upphæð skilafjár samkvæmt skilagreininni ásamt viðurlögum skv. 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Komi í ljós að launagreiðanda, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð, eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða, skal hann greiða hið gjaldskylda skilafé auk viðurlaga skv. 2. mgr.

Fella má niður viðurlög skv. 2. mgr. ef launagreiðandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 7 daga frá dagsetningu ákvörðunar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að skilagrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 49. gr. Jafnframt er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi, eða aðrir þeir þættir sem skilagrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna skv. 49. gr. mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilagrein verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á skilagreinum, sbr. 47. gr. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

53. gr.

Hafi greiðsla atvinnurekanda skv. 40. gr. eigi borist á tilskildum tíma skv. 6. mgr. 40. gr. skal hann sæta viðurlögum af vanskilafé er nemi 5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir lok eindaga.

Komi í ljós að atvinnurekanda, sem greiða átti skv. 40. gr., hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð, eða að áætlun á henni hafi verið of lág, skal hann greiða það sem honum bar auk viðurlaga skv. 1. mgr.

54. gr.

Hafi greiðsla atvinnurekanda skv. 41. gr. eigi borist á tilskildum tíma skv. 5. mgr. 41. gr. skal hann sæta viðurlögum af vanskilafé er nemi 5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir lok eindaga. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 42. gr., nema atvinnurekandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

Við útreikning á viðurlögum á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um viðurlög á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

Sendi atvinnurekandi fullnægjandi skilagrein innan 10 virkra daga frá tilkynningu skattstjóra skv. 42. gr. skal hann greiða samkvæmt skilagreininni ásamt viðurlögum skv. 1. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Komi í ljós að atvinnurekanda, sem greiða átti skv. 41. gr., hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð, eða að áætlunin hafi verið of lág, skal hann greiða það sem honum bar auk viðurlaga skv. 1. mgr.

Fella má niður viðurlög skv. 1. mgr. ef atvinnurekandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 7 daga frá dagsetningu ákvörðunar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð atvinnurekanda ef í ljós kemur að skilagrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 49. gr. Jafnframt er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð atvinnurekanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi, eða aðrir þeir þættir sem skilagrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna skv. 49. gr. mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilagrein verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð atvinnurekanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á skilagreinum, sbr. 47. gr. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

55. gr.

Hafi greiðsla aðila sem um ræðir í 43. gr. eigi borist innan tilskilinna tímamarka skal hann sæta viðurlögum af vanskilafé er nemi 0,3% fyrir hvern dag sem hann hefur vanrækt greiðsluskil sín um, talið frá og með 1. degi eftir að greiðslufrestur rann út. Sömu viðurlög skulu gilda að því er varðar vanskil innheimtuaðila á innheimtu fé skv. 56. gr.

Ríkisskattstjóri ákveður viðurlög samkvæmt þessari grein og tilkynnir fjárhæð þeirra innheimtumanni ríkissjóðs eða gjaldheimtu eftir því sem við á.

Fella má niður viðurlög samkvæmt þessari grein ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur ríkisskattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður.

56. gr.

Vanskilafé og viðurlög samkvæmt þessum kafla laganna skulu innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, eða gjaldheimtur sbr. lög nr. 68, 27. apríl 1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í því umdæmi þar sem skuldari þeirra er heimilisfastur.

Vanskilafé og viðurlög njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og viðurlög, sbr. 52. gr., skal vera utan skuldaraðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Innheimtuaðili skal láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðenda, sem ekki gera fullnægjandi skil á skilafé eða viðurlögum skv. 52. gr., innan 15 daga talið frá eindaga eða frá því er honum barst tilkynning frá skattyfirvaldi um vanskil og viðurlög, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Röng skýrslugjöf samkvæmt lögum þessum varðar refsingu samkvæmt ákvæðum 145. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 14. gr. laga nr. 101/1976.

Skili launagreiðandi eigi fé er hann hefur haldið eftir af launþega, sbr. 37. gr., varðar það hann refsingu samkvæmt ákvæðum 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Innheimtuaðili skal senda fé, er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla, til innleggs á reikning staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagrein um innheimtu skal senda innan sömu tímamarka til ríkisskattstjóra.

VII KAFLI

Skipting á innheimtufé staðgreiðslu

57. gr.

Síðasta dag febrúarmánaðar á staðgreiðsluári, en frá því á síðasta degi hvers mánaðar, að 31. janúar næstum á eftir staðgreiðsluári meðtöldum, skal ríkisskattstjóri greiða rétthöfum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1. gr., sbr. 2. gr., sem bráðabirgðagreiðslu, áætlaðan hluta þeirra í þeirri staðgreiðslu sem innborguð var á reikning staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands, miðað við eindaga greiðslu þess mánaðar, ásamt þeim innborgunum sem borist hafa frá síðasta uppgjörstímabili fram til eindaga uppgjörsmánaðar.

Ætíð skal þó ríkisskattstjóri halda eftir 3% af innborguðu fé skv. 1.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., til að standa undir kostnaði við innheimtu og álagningu þeirra skatta og gjalda sem þar um ræðir og 1% af innborguðu fé skv. 14. og 15. tl. 1. gr. til að standa undir innheimtukostnaði þeirra.

VIII KAFLI

Álagning skatta og gjalda og uppgjör staðgreiðslu

58. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt ákvæðum þeirra laga er um ræðir í 1.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., svo og eignarskatt samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, ásamt álagi á eignarskatt samkvæmt ákvæðum laga um Húsnæðismálasofnun ríkisins, skulu skattstjórar ákveða.

Um framtöl og skýrslugjafir skulu ákvæði IX kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda að því er varðar þá skatta og gjöld sem um er rætt í 1. mgr., eftir því sem við á, og einnig um alla þá aðila sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr. og 4. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að mæla fyrir um sérstök framtöl eða skilagreinar fyrir hvern einstakan skatt eða gjald skv. 1. gr., sbr. 2. gr., til viðbótar framtali til tekju- og eignarskatts eða ársreikningum og gilda ákvæði IX kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt um gögn þessi eftir því sem við á.

Ákvæði X—XII kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu, eftir því sem við á, gilda um alla þá skatta og gjöld sem um ræðir í 1. mgr., sbr. 1.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og 2. málsl. 1. mgr. 11. gr.

59. gr.

Þegar skattstjórar hafa lokið ákvörðun og álagningu þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1. mgr. 58. gr., sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þeir senda ríkisskattstjóra skrá um þessa álögðu skatta og gjöld sem nefnd skal skattskrá.

Að móttekinni skattskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á skattskrá og staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu.

60. gr.

Yfir þá gjaldendur sem reynast skulda skatta og gjöld, sbr. 2. mgr. 59. gr., skal ríkisskattstjóri gera innheimtuskrá sem sýni vangoldna skatta þeirra og gjöld.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn ríkissjóðs skal taka til skatta og gjalda skv. 1. tl., 2. tl., 4.—9. tl. og 11.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., svo og 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. Skattar þessir og gjöld skulu nefnast þinggjöld einu nafni.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn sveitarsjóða skal taka til skatta og gjalda skv. 3. tl. og 10. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og skulu þau nefnd einu nafni sveitarsjóðsgjöld.

Þar sem um er að ræða sameiginlega gjaldheimtu skal innheimtuskráin bæði ná til þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda.

61. gr.

Yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu skal ríkisskattstjóri gera endurgreiðsluskrá er sýni þær.

Áður en til endurgreiðslu eftirstöðva til gjaldanda kemur skal ríkisskattstjóri senda endurgreiðsluskrána til innheimtumanns ríkissjóðs til stuðnings kröfu hans um skuldajöfnun móti ógoldnum eftirstöðvum þinggjalda fyrri ára eða til stuðnings kröfu um skuldajöfnun slíkra eftirstöðva milli hjóna. Reynist krafa innheimtumanns ríkissjóðs rétt skal ríkisskattstjóri annast greiðslu skuldajöfnunarkröfunnar. Verði enn inneign hjá gjaldanda skal ríkisskattstjóri senda nýja eftirstöðvaskrá til innheimtumanna sveitarsjóða þeim til stuðnings við kröfu um skuldajöfnun móti ógoldnum eftirstöðvum sveitarsjóðsgjalda fyrri ára eða til stuðnings kröfu um skuldajöfnun slíkra eftirstöðva milli hjóna. Reynist krafa innheimtumanns sveitarsjóðs rétt skal ríkisskattstjóri annast greiðslu skuldajöfnunarkröfunnar. Verði inneign hjá gjaldanda að svo búnu skal ríkisskattstjóri annast endurgreiðslu á inneign hans.

Við kröfugerð innheimtumanna skv. 2. mgr. skal einungis reikna dráttarvexti til loka næsta árs á undan endurgreiðslu. Endurgreiðsla sem ríkisskattstjóri skal annast samkvæmt síðasta málsl. 2. mgr. skal greidd ásamt 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar á endurgreiðsluári.

62. gr.

Að lokinni gerð innheimtuskráa, sbr. 60. gr., skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu rétthafa þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1.—13. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., svo og 2. málsl. 1. mgr. 11. gr., með hliðsjón af bráðabirgðagreiðslum til þessara aðila, sbr. 57. gr. Að því loknu skal hann greiða þeim það innheimtufé sem þeir eiga tilkall til eða krefja þá um það innheimtufé sem þeim ber að standa skil á.

IX KAFLI

Um innheimtu og ábyrgð

63. gr.

Þinggjöld samkvæmt innheimtuskrá, sem gerð er skv. 2. mgr. 60. gr., renna til rétthafa þeirra skatta og gjalda sem í skránni greinir og hafa lögreglustjórar eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, á hendi innheimtu þeirra.

Nú er þinggjöldum breytt til hækkunar samkvæmt ákvæðum 97. gr., sbr. 96. gr., 99. gr., 100. gr. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. mgr. 58. gr., og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að hafa á hendi innheimtu þessara hækkana og standa skil á þeim til réttháfa þeirra. Nú er þinggjöldum breytt til lækkunar samkvæmt greindum ákvæðum og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að annast endurgreiðslu.

64. gr.

Sveitarsjóðsgjöld samkvæmt innheimtuskrá, sem gerð er skv. 3. mgr. 60. gr., renna til viðkomandi sveitarsjóðs og hafa innheimtumenn sveitarsjóða eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, á hendi innheimtu þeirra.

Nú er sveitarsjóðsgjöldum breytt til hækkunar samkvæmt ákvæðum 97. gr., sbr. 96. gr., 99. gr., 100. gr. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. mgr. 58. gr., og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að hafa á hendi innheimtu þessara hækkana og standa skil á þeim til réttháfa. Nú er sveitarsjóðsgjöldum breytt til lækkunar samkvæmt greindum ákvæðum og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að annast endurgreiðslu.

65. gr.

Gjalddagi þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem um ræðir í 1. mgr. 63. gr. og 1. mgr. 64. gr., skal vera 1. dagur næsta mánaðar eftir gerð innheimtuskráa skv. 60. gr.

Gjalddagi þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem um ræðir í 2. mgr. 63. gr. og 2. mgr. 64. gr., skal vera 1. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar um breytingu gjaldanna.

Áfrýjun skatt- eða gjaldaákvörðunar eða deila um skatt- eða gjaldskyldu frestar hvorki gjalddaga þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu. Víkja má frá ákvæði þessu að ákvörðun ríkisskattstjóra ef sérstaklega stendur á.

66. gr.

Séu þinggjöld eða sveitarsjóðsgjöld ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú er þinggjöldum eða sveitarsjóðsgjöldum breytt til lækkunar, sbr. 2. mgr. 63. gr. og 2. mgr. 64. gr., og í ljós kemur að gjaldandi hefur greitt meira en honum bar og skal þá endurgreiða honum það sem ofgreitt var ásamt 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

67. gr.

Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr. og 1. mgr. 63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda sem á þau eru lögð og getur innheimtumaður krafið hvort um sig um greiðslu á þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum þeirra beggja. Sama gildir um ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda hjá karli og konu sem búa í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru, sbr. 2. mgr. 63. gr. greindra laga. Þeir sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þeirra. Eigendur sameignarfélags sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þess. Erfingjar í dánarbúi sem skipt er einkaskiptum bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr., laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þessara lögaðila.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- og dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þeirra. Þeir sem greiða aðilum sem ekki eru heimilisfastir hér á landi gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda viðtakenda þessara greiðslna.

Óheimilt er að slíta félagi fyrr en öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld hafa verið greidd að fullu fyrir allan starfstíma þess.

Gera má lögtak hjá þeim sem ábyrgð ber á þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum til tryggingar þeim þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt setji tryggingu fyrir væntanlegum þinggjöldum sínum og sveitarsjóðsgjöldum, svo og fyrir greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir, sbr. 2. mgr.

X KAFLI
Ýmis ákvæði

68. gr.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að breyta vísitölu staðgreiðsluársins, sbr. 3. mgr. 17. gr., hvenær sem er á sjálfu staðgreiðsluárinu.

69. gr.

Taki gildi á staðgreiðsluárinu lög sem falla innan ákvæða 2. gr. eða fjármálaráðherra beitir heimild sinni skv. 68. gr. ber ríkisskattstjóra að gera nýjar skatttöflur fyrir launagreiðendur, sbr. 17. gr., og skattstjórum að gera nýja skrá yfir áætlaða skatta og gjöld, sbr. 31. gr., eftir því sem við á.

70. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Ákvæði til bráðabirgða

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem á voru lögð fyrir gildistöku þessara laga, skulu gilda innheimtuákvæði laga nr. 68, 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum, svo og innheimtuákvæði þeirra annarra laga sem um ræðir í 1. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem hér er lagt fyrir Alþingi, var boðað í stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi þann 3. nóv. 1977. Við 1. umr. um fjárlög 1978 á Alþingi 8. nóv. 1977 sagði fjármálaráðherra svo:

„Helsta nýmæli er, eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra, að komið verði á staðgreiðslu skatta sem geti komið til framkvæmda frá og með 1. jan. 1979. Að vísu er nokkuð skammur tími til stefnu til slíks, þar sem upptaka staðgreiðslu skatta hefur óhjákvæmilega í för með sér miklar breytingar á öllum störfum við

álagningu og innheimtu og krefst því mikillar vinnu við endurskipulagningu skattakerfisins og breytingar á fjölmörgum lögum. Eigi að síður tel ég að þetta ætti að vera mögulegt. Um nánari útfærslu kerfisins er ýmislegt ómótað. Ljóst virðist þó, að stefna beri að upptöku staðgreiðslu skatta að þýskri fyrirmynd, í megindráttum með sama sniði og lýst er í skýrslu ríkisskattstjóra um staðgreiðslu skatta sem út kom í maímánuði 1975."

Frv. þetta er samið með hliðsjón af ákvæðum frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem lagt er fram samhliða frv. þessu, af frv. til laga um br. á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sem lagt hefur verið fram, svo og væntanlegu frv. til laga um atvinnuleysistryggingar. Þá er við það miðað að lögum nr. 36/1948 um sóknargjöld verði breytt á þann veg að sóknargjald reiknist sem hundraðshluti af álögðum útsvörum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I kafli

Um 1. gr.

Hér eru taldir upp í fyrstu 13 töluliðunum þeir skattar og gjöld sem staðgreiða skal, auk staðgreiðslu orlofsfjár og skyldusparnaðar, sbr tl. 14 og 15.

Sköttum og gjöldum skv. tl. 1—5 má gefa samnefnið „tekjuskattar" þar sem grunnur þeirra er í reynd byggður á skattskyldum tekjum (tl. 1—2) og útsvarsskyldum tekjum (tl. 3—5).

Sköttum og gjöldum skv. tl. 6—9 má gefa samnefnið „launatengd gjöld" þar sem grunnur þeirra er byggður á launagreiðslum launagreiðenda þótt í mismunandi mæli sé hvaða laun eða hluti launa sé skatt- eða gjaldskyld. Samræma þarf þau lög sem varða þessa skatta og gjöld á þann veg að sami grunnur sé að útreikningi þessara skatta og gjalda, þ. e. a. s. að hugtakið „laun" eða „launagreiðslur" merki það sama í viðkomandi lögum.

Gjöldum skv. tl. 10—12 má gefa samnefnið „gjöld tengd rekstrargjöldum" þar sem grunnur þeirra er byggður á rekstrargjöldum þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Innan þessa samnefnis fellur og hluti kirkjugarðsgjalds (sbr. tl. 4) að því marki sem það reiknast af aðstöðugjaldi en ekki útsvari.

Grunnur landsútsvara, sbr. tl. 13, er ýmist hagnaður (2 ríkisfyrirtæki), heildarsala (2 ríkisfyrirtæki og olíufélög), tekjur ákvarðaðar á sama hátt og útsvarsskyldar tekjur (3 ríkisfyrirtæki) eða mismunur heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka.

Samkvæmt tl. 14 og 15 falla skil orlofsfjár og skyldusparnaðar innan gildissviðs staðgreiðslu. Ákvörðun fjárhæðar orlofsfjár er í beinum tengslum við útreikning á launum launþega og greiðsla þess í beinum tengslum við launagreiðslurnar sjálfar. Orlofsfé launþega myndar auk þess hluta af skatt- og útsvarsskyldum tekjum hans. Ákvörðun fjárhæðar skyldusparnaðar er einnig í beinum tengslum við launatekjur þeirra launþega sem skyldir eru til að spara og er í reynd afdráttur af launum þeirra. Skyldusparnaður launþega myndar auk þess hluta af skatt- og útsvarsfrjálsum tekjum hans. Auk þess hagræðis sem ljóst er að leiðir af skilum orlofsfjár og skyldusparnaðar, sérstaklega þó skyldusparnaðar, samhliða skilum staðgreiðslu opinberra gjalda í stað skila þessa fjár samkvæmt gildandi lagaákvæðum, er þess að gæta að orlofsfé og skyldusparnaður hefur veruleg áhrif á grunn þann sem tekjuskattar reiknast af.

Um 2.—4. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

II kafli

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er skilgreint hverjir teljist launþegar samkvæmt lögum þessum, sbr. nánar í athugasemdum um 7. gr.

Um 7. gr.

Staðgreiðsla fyrir hönd launþega, sem launagreiðendur skulu sjá um, skiptist í meginatriðum í þrjá þætti.

Samkvæmt 1. mgr. er um að ræða launþega sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð eða á vegum launagreiðanda og skattskylt er hjá launþega samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt úrtaki úr framtölum ársins 1977 var fjöldi launþega án tengsla við atvinnurekstur rúmlega 104 þús., en fjöldi manna, sem höfðu með höndum einhvern atvinnurekstur en voru jafnframt launþegar, var tæplega 14 þús. Innan ramma þessarar málsgreinar hefðu því fallið 118 þús. manns á tekjuárinu 1976 sem launþegar á einn eða annan hátt.

Samkvæmt 2. mgr. er um að ræða menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem ber að telja sér til tekna endurgjald fyrir starf sitt samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og teljast því launþegar að því marki sem reiknuðu endurgjaldi nemur. Enn fremur er hér um að ræða tekjur sem maka eða barni atvinnurekanda skv. 2. mgr. ber að telja sér til tekna sem endurgjald samkvæmt sömu ákvæðum fyrir starf sem innt er af hendi fyrir þennan aðila og telst makinn eða barnið launþegi að því marki sem reiknuðu endurgjaldi nemur. Samkvæmt áður greindu úrtaki var fjöldi atvinnurekenda án launatekna rúmlega 7 þús. en fjöldi þeirra sem einhver laun höfðu sem launþegar tæp 14 þús. Fjöldi eiginkvenna, sem störfuðu að fullu eða að hluta við atvinnurekstur eiginmanna þeirra, var rúm 5 þús. Um fjölda barna eru engar upplýsingar fyrir hendi. Innan ramma þessarar málsgreinar hefðu því fallið rúmlega 26 þús. manns á tekjuárinu 1976 sem launþegar, auk óþekkts fjölda barna.

Samkvæmt 3. mgr. er um að ræða menn sem hafa skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 2. og 3. tl., svo og 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Launþegar í þessu sambandi teljast allir þeir sem fá greiddar skattskyldar tryggingabætur, lífeyri, styrki, skaðabætur og vátryggingabætur, sbr. greindan 2. tl., eða fá greitt endurgjald fyrir afnot eða sölu hvers konar hugverka, bókmennta og lista eða listaverka, sbr. greindan 3. tl., svo og þeir sem hljóta verðlaun, heiðurslaun eða skattskylda vinninga í happdrætti, veðmáli eða keppni, sbr. greindan 1. málsl. 4. tl. Samkvæmt áður greindu úrtaki var fjöldi þeirra sem nutu bóta frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum á tekjuárinu 1976 rúmlega 30 þús. Áætla má að fjöldi launþega, sem hefði fallið innan þessarar málsgreinar á tekjuárinu 1976, nemi 32—34 þús. Má því áætla að fjöldi launþega samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hefði numið 176—178 þús. á tekjuárinu 1976.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó má geta þess að fjöldi launagreiðenda verður á bilinu 28—30 þús. Er þá tekið mið af útkomu úrtaks úr framtölum manna 1977, sbr. um 2. mgr. 7. gr., og fjölda félaga, sjóða og stofnana samkvæmt skattskrá 1977.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Eins og fram kemur í 5. gr. frv. þessa er staðgreiðsla bráðabirgðagreiðsla á tekjuárinu. Um nánari skýringar á þessari grein vísast til skýringa við VIII kafla.

III kafli

Um 12. gr.

Gerð skattkorta og útsendingu þeirra til launþega þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs svo að launþegi hafi skattkort sitt handbært til afhendingar hjá launagreiðanda sínum strax við upphaf þess. Til þess að unnt sé að ná þessu tímamarki verður að byggja á frumgerð þjóðskrár þann 1. des. þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Frá gerð þjóðskrár til loka ársins má vænta ýmissa breytinga á fjölskyldum sumra launþega vegna giftingar, skilnaðar, barnsfæðinga eða dauðsfalla. Í 3. mgr. er rætt um hvernig þessum leiðréttingum verði fyrir komið þannig að skattkort launþegans beri með sér réttar upplýsingar um fjölskyldu hans við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Á sjálfu staðgreiðsluárinu verður hins vegar engin breyting gerð á skattkorti launþega vegna breytinga á fjölskyldu hans á því ári. Fæðing barns á staðgreiðsluárinu myndi því ekki veita launþega rétt til barnabóta vegna barnsins á staðgreiðsluárinu sjálfu. Aftur á móti mun hann fá barnabætur greiddar fyrir barnið á því ári sem það verður 16 ára.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Við gerð skatttaflna, sbr. 17. gr., verður reiknað með svonefndum fastafrádrætti, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Sumir launþegar gætu talið sig eiga rétt til hærri frádráttar en umrædds fastafrádráttar fyrst og fremst vegna vaxtabyrði þeirra á staðgreiðsluárinu. Í þessari grein eru því ákvæði er heimila frávik frá fastafrádrætti með viðbótarfrádrætti fyrir þá launþega sem af þessum ástæðum sæta sannanlega hærri staðgreiðslu skv. skatttöflum en eðlilegt má teljast.

Um 15. og 16. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Gerð skatttaflna og útsendingu þeirra til launagreiðenda þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs svo að þær séu handbærar fyrir lok fyrsta greiðslutímabils á staðgreiðsluári.

Skatttöflurnar myndu byggja á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1.—5. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., þ. e. um tekjuskatta, þó með ákveðnum frávikum að því er varðar útsvar, kirkjugarðsgjald og sóknargjald. Við athugun á álagningu útsvara 1977 kemur í ljós að 164 sveitarfélög af 224, eða 73,21%, notuðu álagningarhundraðshluta 10%, 10,5% eða 11%. Þessir álagningarhundraðshlutar útsvara náðu til 95,77% af fjölda útsvarsgjaldenda og til 97,68% af fjárhæð álagðra útsvara á gjaldárinu 1977 sem nam samtals 13 789 m.kr. Til þess að unnt sé að komast af með eina skatttöflu fyrir hvern einstakan fjölskyldukjarna og hvert einstakt greiðslutímabil er ráðgert að í skatttöflum verði ávallt reiknað með hámarkshundraðshluta af útsvarsskyldum tekjum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, þ. e. 10%.

Til þess að ná því markmiði að nota sem fæstar skatttöflur og haga staðgreiðslu launþega á sem einfaldastan hátt er gert ráð fyrir að í skatttöflum verði notað

sama álag á útsvör við ákvörðun á staðgreiðslu kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda og beitt er við álagningu þessara gjalda í Reykjavík á því álagningarári sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Skatttöflur þyrftu að vera tvær fyrir hvert einstakt greiðslutímabil, annars vegar tafla fyrir einstaklinga með eða án barna, en til einstaklinga í þessu sambandi telst hvort hjóna um sig, og hins vegar tafla fyrir einstaklinga, með eða án barna, sem leggja skattkort maka sinna inn til launagreiðenda sinna.

Í fskj., merktum 1 og 2, sem fylgja athugasemdum þessum, kemur fram hugmynd að gerð skatttaflna fyrir mánaðargreiðslutímabil hvors hópsins um sig.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Til frekari glöggvunar á 8. tl. er vísað til fskj., merktra 1 og 2, sem fylgja athugasemdum þessum. Eiga þau að skýra notkun skatttaflna með tilliti til fjölskyldukjarnamerkingar á skattkorti launþegans.

Um 19.—21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó skal vakin athygli á því að skylda til skyldusparnaðar ræðst hér af aldri launþega samkvæmt nafnskírteini hans án tillits til þess hvort hann gæti af öðrum orsökum en aldursmörkum verið undanþeginn þessari skyldu. Enn fremur er hér kveðið á um ákveðinn hundraðshluta af launum barna sem halda skal eftir sem staðgreiðslu.

Um 23. gr.

Hér er um að ræða þá launþega sem um ræðir í 3. mgr. 7. gr., sbr. 4. mgr. athugasemda við 7. gr. Gera má ráð fyrir að skattkort þessara launþega séu yfirleitt bundin hjá öðrum launagreiðanda en þeim er hér um ræðir. Rétt virðist þó að hafa hundraðshluta staðgreiðslu af þessum greiðslum eða af afhendingu verðmæta lægri en af þeim launagreiðslum sem hámarkshundraðshluta ber að reikna af.

Um 24.—29. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 30. og 31. gr.

Ákvörðun um staðgreiðslu tekjuskatta atvinnurekenda og gjalda sem tengd eru rekstrargjöldum þeirra, svo og landsútsvar á staðgreiðsluári, verður að byggjast á áætlun sem gerð er fyrir upphaf staðgreiðsluárs eða á staðgreiðsluárinu sjálfu hefji atvinnurekandi ekki starfsemi sína fyrr en á því.

Um leið og áðurnefnd áætlun er gerð þarf að áætla endurgjald sem atvinnurekendum ber að telja sér, mökum sínum og börnum til tekna, en um staðgreiðslu af því endurgjaldi fer eftir ákvæðum 2. mgr. 7. gr., sbr. 3. mgr. athugasemda við 7. gr.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Ákvörðun um staðgreiðslu atvinnurekenda á launatengdum gjöldum staðgreiðsluárs er mjög auðveld þar sem stofn gjaldanna á að vera þekktur í lok hvers almanaksmánaðar og skattstigar eða gjaldskrár eru þá fyrir hendi.

Um 34.—36. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

IV kafli

Um 37. gr.

Hér kemur tvímælalaust fram að launagreiðendur skuli ótilkvaddir greiða það fé sem þeir hafa haldið eftir eða bar að halda eftir af launum launþega þeirra ásamt orlofsfé. Nýmæli þessarar greinar eru þau að launagreiðandi á val um það hvort hann standi skil á greiðsluskyldri fjárhæð hjá innheimtumönnum ríkissjóðs eða gjaldheimtum eða hvort hann velji banka, sparisjóði eða póststöðvar sem móttökuaðila á greiðslu sinni. Enn fremur hefur hann rétt til að velja milli þessara aðila og skattstjóra er hann skilar skilagrein sinni.

Um 38. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Í þessari grein frv. er að finna ákvæði um ábyrgð launagreiðanda annars vegar og ábyrgð launþega hins vegar.

Um 40. og 41. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa. Athugasemdir við 37. gr. eiga hér einnig við.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Til þess að leggja áherslu á að nauðsynlegt sé að þeir aðilar sem taka á móti greiðsluskyldum fjárhæðum og skilagreinum hraði skilum eru þeim sett ákveðin skilamörk og dráttur á skilum þessara aðila, eins og launagreiðenda og atvinnurekenda, getur varðað viðurlögum.

V kafli.

Um 44.—49. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

VI kafli

Um 50.—55. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Grein þessi fjallar um hverjir skuli innheimta vanskilafé og viðurlög skv. 50.—55. gr. Í þessari grein frv. er að finna ákvæði um lögtaksrétt vegna vanskilafjár og viðurlaga, svo og um að skilafé og viðurlög skv. 52. gr. skuli vera utan skuldaraðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum. Enn fremur eru ákvæði um heimild til stöðvunar á atvinnurekstri launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé og viðurlögum skv. 52. gr.

Í greininni eru einnig ákvæði um beitingu refsinga skv. 145. gr. laga nr. 19/1940 vegna rangra skýrslugjafa, svo og um beitingu refsingar skv. 247. gr. greindra laga vegna vanskila á fé sem launagreiðandi hefur haldið eftir af launum launþega.

VII kafli

Um 57. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjallar um skiptingu á fé sem innheimt hefur verið sem bráðabirgðagreiðsla á staðgreiðsluári, til réttbafa þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1. gr., sbr. 2. gr.

Með hliðsjón af skilagreinum launagreiðenda á að liggja ljóst fyrir hverjar fjárhæðir innkomins orlofsfjár og skyldusparnaðar séu. Skil þessa innheimtufjár til réttra aðila eiga því ekki að valda erfiðleikum. Þess má geta að á árinu 1977 nam innborgun orlofsfjár 3 285 m.kr. og skyldusparnaðar 2 763 m.kr.

Skil tekjuskatta koma fram sem ósundurliðuð heildarstaðgreiðsla opinberra gjalda á þessum skilagreinum launagreiðenda og þarf að áætla skiptingu þeirra milli rétthafa. Til fróðleiks má geta þess að á gjaldárinu 1977 nam fjárhæð álagðra tekjuskatta 26 578 m.kr. (kirkjugarðsgjald og sóknargjald áætluð). Þegar tillit hefur verið tekið til greiðslu barnabóta af álögðum tekjuskatti (4 154 m.kr.), þátttöku ríkissjóðs í greiðslu útsvara (1 000 m.kr.) og áætlaðrar þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda, miðað við að ákvæði um þátttöku hans hefðu verið í gildi á gjaldárinu 1977 (60 m.kr.), var skipting tekjuskattanna þessi: Tekjuskattur til ríkissjóðs 6 938 m.kr., Byggingarsjóður ríkisins 122 m.kr., útsvör til sveitarfélaga 13 789 m.kr., kirkjugarðsgjöld 290 m.kr. og sóknargjöld 225 m.kr.

Áætluð gjaldskyld fjárhæð tekjuskatta atvinnurekenda, sundurliðuð á einstaka tekjuskatta, verður fyrir hendi. Sama gildir um áætlaða gjaldskylda fjárhæð gjalda, sem tengd eru rekstrargjöldum atvinnurekenda, þ. e. fyrir hendi verður sundurliðun á þeim. Fjárhæð gjaldskyldra landsútsvara verður einnig þekkt. Skipting launatengdra gjalda mun einnig koma fram í skilagreinum atvinnurekenda. Skipting á innheimtufé frá þessum aðilum til réttbafa fjárins á því að verða auðveld. Til fróðleiks má geta þess að tekjuskattur félaga á gjaldárinu 1977 nam um 2 900 m.kr., en tekjuskattar einstaklinga í atvinnurekstri voru meðtaldir í áðurgreindum 26 578 m.kr. Álögð gjöld tengd rekstrargjöldum atvinnurekenda á gjaldárinu 1977 námu 3 578 m.kr., landsútsvör 714 m.kr. og launatengd gjöld 6 427 m.kr.

VIII kafli

Um 58. gr.

Í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði þess efnis að skattstjórar skuli ákveða tekjuskatt og eignarskatt. Rétt þykir að mæla svo fyrir í þessu frv. að skattstjórar skuli einnig annast ákvörðun þeirra annarra skatta og gjalda sem um er rætt í 1. gr., sbr. 2. gr.

Í 2. mgr. er svo fyrir mælt að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um framtöl og skýrslugjafir skulu ná til allra þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1. gr., sbr. 2. gr., svo og til allra þeirra aðila sem um ræðir í 3. gr. og 4. gr. og skipti þá eigi máli hvort þeir aðilar eru skattskyldir skv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða ekki.

Í 3. mgr. er ríkisskattstjóra veitt heimild til að mæla fyrir um sérstök framtöl eða skilagreinar fyrir hvern einstakan skatt eða gjald skv. 1. gr., sbr. 2. gr., til viðbótar skattframtali eða ársreikningum.

Í 4. mgr. eru ákvæði þess efnis að ákvæði X—XII kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt skuli gilda um alla skatta og gjöld skv. 1. gr., sbr. 2. gr. Í X kafla þeirra laga eru ákvæði um álagningu, kærur o. fl. Í XI kafla eru ýmis ákvæði um skattyfirvöld og í XII kafla eru ákvæði um viðurlög og málsmeðferð.

Um 59. og 60. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 61. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um ráðstöfun á eftirstöðvum af staðgreiðslu sem í ljós koma við ákvörðun greiðslustöðu gjaldenda, sbr. 2. mgr. 59. gr., þ. e. a. s. í ljós kemur að innborguð staðgreiðsla gjaldenda er hærri en álögð gjöld þeirra samkvæmt skattskrá.

Áður en til endurgreiðslu kemur til gjaldandans sjálfs þykir rétt að heimila innheimtumönnum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda skuldajöfnun hjá gjaldanda á móti ógoldnum eftirstöðvum gjalda hans frá fyrri árum ef þær eru fyrir hendi. Enn fremur að heimiluð verði slík skuldajöfnun eftirstöðva gjaldanna milli hjóna. Telja verður að skuldajöfnun milli hjóna sé eðlileg í þessu sambandi, m. a. vegna ákvæða um millifærslu á ónýttum persónuafslætti milli hjóna sem getur valdið vangreiðslu á staðgreiðslu annars hjóna og ofgreiðslu á staðgreiðslu hins, svo og vegna ráðstöfunar barnabóta, sérstaklega þegar annað hjóna er tekjulaust og skattkort beggja liggur inni hjá launagreiðanda þess sem hefur tekjur, sbr. 16. gr.

Um 62. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

IX kafli

Um 63.—66. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 67. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ábyrgðir á greiðslu þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda. Þrátt fyrir ákvæði skattalaganna um sérsköttun hjóna þykir verða að halda ákvæðum um óskipta ábyrgð hjóna á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda sem á þau eru lögð. Í þessu sambandi vísast til athugasemda við 61. gr.

X kafli

Um 68.—70. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Skatttafla. Mánaðargreiðslur: Fylgiskjal 1.

Mánaðargreiðslur:	Fjölskyldukjarnamerking á skattkorti:										
Upphæð nemur frá og með til og með	Eins; Mkah; Mkoh; Skah; Skoh; Skae eða Skoe og að auki:										
	00	05	10	15	20	25	30	35	40	45	50
....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
Fyrst er fundin í mánaðargreiðsludálki sú lína sem upphæð launa fellur innan og þar næst sá reitur í línunni sem er í sama fjölskyldukjarnadálki og auðkennið á skattkorti launþega. Í þeim reit kemur fram sú upphæð endurgreiðslu (barnabætur) sem launagreiðanda ber að greiða launþega ásamt launum eða sú upphæð opinberra gjalda sem launþega ber að staðgreiða og launagreiðanda ber að halda eftir af launum launþega.											
Dæmi 1) Upphæð launa er í 3. línu mánaðargreiðsludálks. Skattkort launþega auðkennt Eins 20. Í reit, merktum 20, línu 3, kemur fram sú upphæð sem launagreiðanda ber að greiða launþega ásamt launum hans.											
Dæmi 2) Upphæð launa er í 15. línu mánaðargreiðsludálks. Skattkort launþega auðkennt Mkah 10. Í reit, merktum 10, línu 15, kemur fram sú upphæð opinberra gjalda launþega sem launagreiðanda ber að halda eftir af launum hans.											

Skatttafla. Mánaðargreiðslur:

Mánaðargreiðslur:	Fjölskyldukjarnamerking á skattkorti - skattkort beggja maka hjá sama launagreiðanda vegna eins launþega:										
Upphæð nemur frá og með til og með	Mkah og Mkoh eða Skah og Skoh og að auki:										
	00	05	10	15	20	25	30	35	40	45	50
....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....

Fyrst er fundin í mánaðargreiðsludálki sú lína sem upphæð launa fellur innan og þar næst sá reitur í línunni sem er í sama fjölskyldukjarnadálki og auðkennið á skattkorti launþega. Í þeim reit kemur fram sú upphæð endurgreiðslu (barnabætur) sem launagreiðanda ber að greiða launþega ásamt launum eða sú upphæð opinberra gjalda sem launþega ber að staðgreiða og launagreiðanda ber að halda eftir af launum launþega.

Dæmi 1) Upphæð launa er í 3. línu mánaðargreiðsludálks. Skattkort launþega auðkennt Skoh 20. Í reit, merktum 20, línu 3, kemur fram sú upphæð sem launagreiðanda ber að greiða launþega ásamt launum hans.

Dæmi 2) Upphæð launa er í 15. línu mánaðargreiðsludálks. Skattkort launþega auðkennt Mkah 15. Í reit, merktum 15, línu 15, kemur fram sú upphæð opinberra gjalda launþega sem launagreiðanda ber að halda eftir af launum hans.

Nd. 602. Frumvarp til laga [226. mál]

um stimpilgjald.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 435 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

4. gr. hljóðar svo:
Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskylt ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi.

38. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Skulu skjöl sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald og lög nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 80/1953, nr. 24/1971 og nr. 104/1976 um breytingu á þeim lögum, lög nr. 62 28. des. 1977 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu sérákvæði um stimpilfrelsi í einstökum lögum halda gildi sínu.

Ed. 603. Frumvarp til laga [284. mál]

um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

Flm.: Albert Guðmundsson, Axel Jónsson.

1. gr.

Vesturmörk lögsagnarumdæmis Reykjavíkur á Seltjarnarnesi skulu ákveðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

1. Bein lína úr punkti 77 í stórstraumsfjöruborði við Eiði í punkt 70.
2. Þaðan bein lína í punkt 73.
3. Þaðan bein lína í punkt 75.
4. Þaðan bein lína í punkt 93.
5. Þaðan bein lína í punkt 78 í stórstraumsfjöruborði við Faxaskjól.

2. gr.

Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

3. gr.

Frá gildistöku laga þessara tekur Seltjarnarneskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða kunna þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Reykjavík, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem til Seltjarnarneskaupstaðar fellur með lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samningi frá 20. febrúar 1976 milli borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar, sbr. fskj., voru gerðar breytingar á lögsögumörkum, sem fela í aðalatriðum í sér, að um 40 þús. fermetrum af landi Reykjavíkur við vesturmörk borgarinnar verður afsalað til eignar og lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar, en eyjarnar Engey, Viðey og Akurey, sem verið hafa í lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar, verða lagðar undir lögsögu Reykjavíkur. Aðilar voru ásáttir um breytingar þessar miðað við forsendur að skipulagsvinnu á Eiðsgrandasvæðinu svo og landfræðilega legu eyjanna þriggja.

Með frumvarpi þessu er leitað staðfestingar Alþingis á ofangreindum samningsákvæðum að því er tekur til breytinga á lögsögumörkum, sbr. 8. gr. samningsins á fskj.

Einstakar greinar frv. þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar gera með sér eftirfarandi samning um breytingu á lögsögumörkum o. fl.

1. gr.

Reykjavíkurborg afsalar til Seltjarnarneskaupstaðar um 40 000 ferm. landi innan svæðis merktu A—B—C á meðfylgjandi uppdrætti, dags. 10. þ.m. Þar af eru um 17 900 ferm. norðan Suðurbrautar og vestan Nesvegar, um 8400 ferm. í vegstæðum og um 14 000 ferm. austan Nesvegar og sunnan Suðurbrautar, en mörk þess landsvæðis (lína A — C) verða nánar ákveðin síðar í samræmi við skipulag á Eiðsgrandasvæðinu. Tekið er fram, að samningurinn er gerður með hliðsjón af framangreindum uppdrætti, enda þótt mælingar og stærðarákvarðanir séu ekki nákvæmar — og aðilar taka áhættu samkvæmt því, hvor að sínu leyti.

2. gr.

Seltjarnarneskaupstaður mun fá lögsögu yfir landi sem afsalað er samkv. 1. gr. samningsins.

3. gr.

Á framangreindu landi standa eftirtalin hús:

Eiði;	skv. erfðafestusamningi frá 14. sept. 1942.
Eiði II;	byggt án leyfis, en með takmörkuðum réttindum til 1. maí 1990.
Vindás;	hafði takmörkuð réttindi til 18. apríl 1973.
Minni-Bakki;	hefur takmörkuð réttindi til 26. sept. 1988.
Baldursheimar;	hefur ekki lóðarréttindi.
Hæðarendi;	3 hús án lóðarréttinda.

Seltjarnarneskaupstaður tekur að sér allar kvaðir um uppgjör við eigendur ofangreindra húseigna svo og kaup á mannvirkjum, ef þau þarf að fjarlægja af skipulagsástæðum. Mun kaupstaðurinn í þessu sambandi tryggja, að eigendur mannvirkja og erfðafestuhafar fái sambærileg kjör og Reykjavíkurborg myndi þá hafa boðið.

Krafa um endurgjald fyrir hús í eigu borgarsjóðs Reykjavíkur verður ekki gerð. Borgarsjóður mun rýma hús í sinni eigu innan eins árs eftir að ósk um það kemur frá Seltjarnarneskaupstað.

Seltjarnarneskaupstað er kunnugt um, að erfðafestuhafi að Eiði hefur óskað eftir að ljúka uppgjöri á erfðafestunni, áður en formleg breyting verður gerð á lögsögumörkum. Fulltrúar borgarinnar munu annast uppgjörið með hliðsjón af venjum,

sem skapast hafa um uppgjör á erfðafestulöndum í borginni, en bæjarsjóður Seltjarnarneskaupstaðar tekur að sér allar fjárskuldbindingar í sambandi við uppgjörið, þ. á m. varðandi gatnagerðargjald, ef til lóðaúthlutunar kemur í uppgjörinu. Um samningsgerð við erfðafestuhafann verður haft samráð við fulltrúa kaupstaðarins.

Í landi Eiðis stendur spennistöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Verður hún lögð niður og hús fjarlægt eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar, þegar Seltjarnarneskaupstaður óskar.

4. gr.

Seltjarnarneskaupstaður tekur við öllum skuldbindingum sveitarfélags, þ. á m. framfærsluskyldum, við þá íbúa Reykjavíkur, sem samkvæmt samningi þessum munu flytja lögheimili sitt í Seltjarnarneskaupstað. Gildir þetta frá þeim tíma, er lögsögubreyting hefur hlotið formlega staðfestingu, sbr. 8. gr.

5. gr.

Á landssvæði í Seltjarnarneskaupstað norðan Nesvegar og að Eiðsgranda er fyrirhugað að reisa íbúðabyggð. Seltjarnarneskaupstaður mun ákveða skipulag svæðisins þannig, að byggingar verði ekki hærri en 1—3 hæðir og meðalhæð húsa ekki yfir 2 hæðir. Verði nauðsynlegt af skipulagsástæðum að hnika til lögsögumörkum á þessu svæði munu samningsaðilar beita sér fyrir lausn á því.

6. gr.

Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey, sem nú eru innan lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar, verða í lögsögu Reykjavíkur.

7. gr.

Seltjarnarneskaupstaður afsalar borgarsjóði til kvaðalausrar eignar og án endurgjalds skólahúsi Seltjarnarneshrepps hins forna í Viðey ásamt tilheyrandi lóð að stærð um 600—700 ferm.

8. gr.

Í framhaldi af samningi þessum og þegar mörk skv. 1. gr. hafa endanlega verið ákveðin munu aðilar sameiginlega óska eftir staðfestingu Alþingis á breytingu á lögsögumörkum. Þá verða einnig gefin út afsöl í samræmi við ákvæði 1. og 7. gr. samningsins.

9. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 20. febrúar 1976.

F. h. Borgarstjórnar Reykjavíkur,
Birgir Ísl. Gunnarsson.

F. h. Bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar,
Sigurgeir Sigurðsson.

Vottar:

Albert Guðmundsson.
Karl B. Guðmundsson.

Ed. **604. Frumvarp til laga** [285. mál]

um sáttastörf í vinnudeilum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn.

Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt, að afstaða hans sé slík, að telja megi hann óvilhallan í málum launþega og vinnuveitenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara, þegar hann er forfallaður, og er honum til aðstoðar, þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu, eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf, en undanþegnir henni eru þó ráðherrar og hæstaréttardómarar.

Vararíkissáttasemjari og aðstoðarsáttasemjarar hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður hins vegar laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara.

2. gr.

Ríkissáttasemjari skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Hann ræður sér starfslið.

3. gr.

Ef sýnt þykir, að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar, getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðilja, áður en sáttanefnd er skipuð. Sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, meðan þeir eru að störfum.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun sáttanefndarmanna.

4. gr.

Ríkissáttasemjari skal hafa með höndum sáttastörf í vinnudeilum og önnur þau störf, sem honum eru falin með lögum þessum og öðrum lögum.

Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Sérstaklega skal hann gefa gaum öllu, sem gerist í kjaramálum, einkum því sem gæti valdið vinnudeilum.

Samtökum launþega, vinnuveitenda, og ófélagsbundnum vinnuveitendum, sem sjálfir semja um kjör starfsmanna sinna, ber að senda ríkissáttasemjara samrit allra kjarasamninga, jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir, svo og allar síðari breytingar á þeim.

Sömu aðiljar skulu senda ríkissáttasemjara allar kaupgjaldsskrár og önnur ákvæði um starfskjör.

Aðiljum þeim, sem ræðir um í 3. mgr., er einnig skylt að senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga og kröfugerð, jafnskjótt og send eru gagnaðilja.

5. gr.

Samningsaðiljum er skylt að gefa ríkissáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum, hvenær sem hann óskar þess.

Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna, ef hann telur það heppilegt.

Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðilja eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum, getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til ríkissáttasemjara. Þegar ríkissáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis, er honum skylt að kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum, meðan von er til þess að þær beri árangur.

Ef tilkynning berst um vinnustöðvun samkvæmt 16. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, er ríkissáttasemjara skylt að kveðja deiluaðilja þegar í stað til samningaviðræðna, þótt þeir hafi þá ekki vísað deilunni til hans.

Samningsaðiljum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund, sem sáttasemjari kveður þá til.

6. gr.

Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala, sem farið hafa milli aðilja í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur, sem fram kunna að hafa verið bornar, nema með samþykki beggja samningsaðilja.

7. gr.

Sáttasemjari getur krafið aðilja að vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar, sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafið allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur, sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

8. gr.

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launþega og vinnuveitenda eða einstakan vinnuveitanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðilja, áður en hann ber fram miðlunartillögu.

9. gr.

Sáttasemjari ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands, getur sáttasemjari ákveðið, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar.

Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri en eins deiluaðilja eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum, sem miðlunartillaga nær til, þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 3. mgr. eftir því sem við á.

Áður en atkvæðagreiðsla hefst skal afhenda sáttasemjara kjörskrá. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

Sáttasemjara eða fulltrúum hans er heimilt að vera viðstaddir kjörfundi.

10. gr.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

Aðiljar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Eigi má birta miðlunartillögu öðrum en þeim, sem hlut eiga að máli, án samþykkis sáttasemjara, fyrr en greidd hafa verið atkvæði um hana.

11. gr.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðilja heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

12. gr.

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

Sáttasemjari sker úr öllum vafaatriðum, sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur, sbr. þó 5. mgr. 9. gr. Er úrskurður hans endanlegur.

13. gr.

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þurfa þykir.

14. gr.

Ef sáttatilraunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álítur heppilegast til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

15. gr.

Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðilja vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um, að aðiljar gangi frá samningum sín á milli.

16. gr.

Nú hafa sáttaumleitanir sáttasemjara hætt án árangurs, og ber honum þá að hefja þær á ný, ef annar hvor aðili óskar þess, eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðiljum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti seinustu samningatilraunum sínum.

17. gr.

Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðilja eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og þess hins helsta, sem fram fer.

18. gr.

Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1978. Fellur þá úr gildi III. kafli (19.—37. gr.) laga nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sáttasemjara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Engum blandast hugur um að stofnun starfs sáttasemjara í vinnudeilum hafi verið heillaspor. Árið 1925 voru fyrst sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum, en núgildandi ákvæði eru í III. kafla laga nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Síðan hefur margt breyst í þjóðfélagi voru. Starfsemi sáttasemjara ríkisins hefur margfaldast, ný verkefni hafa verið til hans lögð og verkefnaaukning í framtíðinni blasir við. Með þetta í huga er hér lagt til að breytt verði lagaákvæðum um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Megin breytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði eru þær:

Að starf sáttasemjara verði aðalstarf, að á hann verði lögð miklu ríkari skylda en nú er til að hefjast handa um sáttastörf, og honum fengið starfslið.

Að sáttasemjara verði veittur víðtækari réttur til afskipta af vinnudeilum en er í gildandi lögum og jafnframt lögð á hann ríkari skylda til að hefjast handa um sáttastörf en nú er, sbr. 5.—6. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Grein þessi svarar til ákvæða 19.—21. gr. og 23. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Lagt er til að gerð sé gagnger breyting á skipan sáttasemjara í vinnudeilum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að felld verði niður skipting landsins í sáttaumdæmi svo sem nú er. Virðist skipting þessi hafa harla litinn tilgang með hliðsjón af samgönguháttum þeim, sem nú eru. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stofnað verði embætti ríkissáttasemjara, er félagsmálaráðherra skipi mann í til 4 ára í senn. Miðað er við að hér verði um fullt starf manns að ræða, enda störf ríkissáttasemjara aukin mjög samkv. frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir, að félagsmálaráðherra skipi einnig vararíkissáttasemjara til sama tíma. Starf hans verði aukastarf, enda fari hann með störf ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og verði honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að ríkissáttasemjari geti hvatt menn sér til aðstoðar bæði við lausn vinnudeilu eða til að vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Ekkert er því til fyrirstöðu, að aðstoðarsáttasemjari geti verið búsettur úti á landi og vinni að lausn deilu í tilteknu umdæmi.

Gert er ráð fyrir, að laun ríkissáttasemjara verði ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara og hann verði utan venjulegrar launaraðar enda ófært að hann standi í samningum eða deilum um laun sín. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að félagsmálaráðherra ákveði laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara, enda mundi vera hér um aukastörf að ræða.

Markmiðið með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði, er það, að efla embætti ríkissáttasemjara, gera það að föstu embætti og gefa ríkissáttasemjara, kost á að gefa sig óskiptan að starfinu. Verður slíkt að teljast nauðsyn eins og málum er nú háttað í þessum efnum.

Um 2. gr.

Eðlilegt þykir, að sáttasemjari ráði sjálfur starfsfólk sitt. Um laun þess og stöðu fer eftir almennum reglum.

Um 3. gr.

Samsvarar 22. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 4. gr.

Grein þessi svarar efnislega til 24. og 25. gr. 1. og 2. mgr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvæði eru þó gerð nokkru skýrari.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til ákvæða 25. gr. 3. mgr., 26. og 27. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Störf sáttasemjara eru hér nokkuð skilgreind.

Meginákvæði greinarinnar eru þessi:

Gefa skal ríkissáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaviðræðum hvenær sem hann óskar þess. Sáttasemjara er heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna þegar hann telur það heppilegt. Slitni upp úr samningaviðræðum eða annar hvor aðilja telji vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum geta þeir hvor um sig eða báðir vísað deilunni til sáttasemjara. Þegar deilu hefur verið vísað til sáttasemjara skal hann kveðja aðilja til fundar svo skjótt sem kostur er og halda áfram sáttatilraununum. Hafi borist tilkynning um vinnustöðvun er sáttasemjara skylt að kveðja deiluaðilja þegar í stað til viðræðna enda þótt deilunni hafi ekki verið vísað til hans. Samningsaðiljum er skylt að sækja eða láta sækja sáttafundi er sáttasemjari kveður til.

Um 6. gr.

Ákvæði greinar þessarar svara til ákvæða 28. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Grein þessi svarar efnislega til 29. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar svarar til ákvæða 1. mgr. 30. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 9. gr.

Grein þessi svarar til 2. mgr. 30. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Hér er um nokkrar efnisbreytingar að ræða, og ákvæði öll gerð skýrari. Rétt er að benda á þrjú atriði í sambandi við atkvæðagreiðslur um miðlunartillögur. Ef ágreiningur varðar aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands, þá getur sáttasemjari ákveðið, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar. Ef fleiri aðiljar eiga saman í deilu, þá getur sáttasemjari ákveðið að bera fram eina miðlunartillögu er taki til fleiri en eins aðilja. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fari þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum sem miðlunartillagan nær til, þannig að samtalið atkvæðamagn ráði úrslitum um samþykkt eða synjun. Enn er sáttasemjara heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu þótt deila taki til margra aðilja og þá það þó hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Sameiginlegt atkvæðamagn ráði þá einnig úrslitum um samþykkt eða synjun.

Þá er hér ákvæði um það, að áður en atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu hefst skuli stjórn eða samninganefnd aðilja afhenda sáttasemjara kjörskrá. Deilur geta risið upp um hvort kjörskrá sé rétt. Skal Félagsdómur dæma um þau atriði.

Um 10. gr.

Grein þessi samsvarar 3. mgr. 30. gr. og 31. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 11. gr.

Grein þessi svarar til 1. mgr. 32. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 12. gr.

Fyrri málsgrein er samhljóða 3. mgr. 32. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Í síðari málsgreininni er ákvæði um það, að sáttasemjari skeri úr öllum vafaatriðum, sem rísa kunna í sambandi við atkvæðagreiðslur og sé úrskurður hans endanlegur.

Um 13.—16. gr.

Svara til ákvæða 33.—36. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 17. og 18. gr.

Samsvara lokaákvæði 24. gr. og 3. mgr. 28. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ed. 605. Frumvarp til laga [286. mál]

um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði, og sáðvörum og verslun með þær vörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum þeirra vöruflokka, sem lögin ná til, góða og óskemmda vöru, sem uppfyllir í öllum meginatriðum þær upplýsingar um vöruna, sem seljanda er skylt að gefa.

2. gr.

Eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal starfrækja Fóðureftirlit ríkisins (FR), Áburðareftirlit ríkisins (ÁR) og Sáðvörueftirlit ríkisins (SR).

Deildarstjóri eftirlitsdeildarinnar sér um daglega framkvæmd eftirlitsins og rekstur undir stjórn forstjóra Rala.

3. gr.

Til aðstoðar eftirlitsdeildinni eru þrjár ólaunaðar nefndir:

1. Fóðurnefnd þannig skipuð:
   Búfjárræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, fóðursérfræðingur tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralæknir tilnefndur af yfirdýralækni.
2. Áburðarnefnd þannig skipuð:
   Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.
3. Sáðvörunefnd þannig skipuð:
   Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.

4. gr.

Starfssvið nefndanna skal vera:

1. Gefa sérfræðilegar álitsgerðir í tjónamálum um þau efni, sem lög þessi taka til, sbr. 26. gr.
2. Vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlitsins í heild.
3. Gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingar á reglugerð um eftirlitið þegar ástæða þykir til.

5. gr.

Nefndarmenn og starfsmenn eftirlitsdeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir aðilum, sem eftirlitsskylda nær til, né sitja í stjórn eftirlitsskyldra fyrirtækja.

6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur hvenær sem er bannað innflutning einstakra vörutegunda, sem lögin ná til, ef þær að dómi eftirlitsdeildar eru skaðlegar eða með öllu gagnslausar við íslenskar aðstæður. Einnig getur landbúnaðarráðuneytið bannað eða takmarkað innflutning á eftirlitsskyldum vörum til verndunar íslenskrar framleiðslu.

7. gr.

Skylt er þeim, sem versla með vörur, sem lögin ná til, að láta fylgja vörum sínum þær upplýsingar, sem eftirlitsdeild (ED) ákveður hverju sinni eða ákveðnar eru í reglugerðum. ED gefur út staðla um eftirlitsskyldar vörutegundir í samráði við sérfræðinga Rala og Búnaðarfélags Íslands, þar sem því verður við komið, og getur landbúnaðarráðuneytið bannað framleiðslu og verslun með vörutegundir, sem ekki eru innan staðals.

8. gr.

ED Rala skal taka sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir. Starfsmenn ED skulu hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum, hvar og hvenær sem þeir óska þess.

9. gr.

Eftirlitsdeild skal nota almennt viðurkenndar rannsóknaraðferðir við rannsóknir sínar. Þegar sýni hefur verið rannsakað samkv. 8. gr. skulu hlutaðeigandi aðila tilkynntar niðurstöðurnar skriflega.

10. gr.

Eftirlitsdeild skal birta opinberlega niðurstöður tekinna sýna eins oft og þurfa þykir. Víki niðurstöður rannsókna meira frá tilgreindum mörkum en leyft er samkvæmt reglugerð, er eftirlitsdeildinni heimilt að stöðva sölu á vörunni og grípa til þeirra ráða, sem að hennar dómi koma í veg fyrir tjón.

11. gr.

Seljanda eftirlitsskyldrar vöru er skylt að bæta kaupendum það tjón, sem þeir hafa sannanlega orðið fyrir vegna þess að varan hefur ekki verið í samræmi við upplýsingar og ábyrgð seljanda og reglur eftirlitsdeildarinnar.

Í reglugerð skulu vera nánari reglur um bótaskyldu, einnig um bótaskyldu vegna geymsluskemmda er fram kunna að koma.

12. gr.

Óheimilt er að versla með fóðurvöru og sáðvöru nema með leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Innflytjandi fóðurvöru og sáðvöru skal í hvert sinn er hann hefur ákveðið innflutning á eftirlitsskyldri vöru tilkynna eftirlitsdeildinni:

1. Nafn framleiðanda/seljanda ásamt þeim upplýsingum sem hann kann að hafa um vöruna.
2. Heildarmagn sendingar og magn hverrar einstakrar tegundar og hlutfallslega samsetningu ef um blandaða vöru er að ræða.
3. Uppskipun er því aðeins heimil að innflytjandi hafi fullnægt fyrrgreindri tilkynningaskyldu til eftirlitsdeildarinnar.

II. KAFLI
Um fóðureftirlit.

13. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eða bjóða til sölu fóðurvörur sem óhollar geta talist fyrir búfé. Skal við sölu ætíð ábyrgst af hálfu seljanda ákveðið fóðurgildi, prótein- og steinefnainnihald o. fl. sem FR krefst. Einnig er óheimilt að flytja inn eða selja fóður sem blandað er ákveðnum efnum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

14. gr.

Rannsóknaniðurstöður á sýnum, sem Fóðureftirlitið tekur, skulu birtar eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, svo að bændur hafi ávallt sem besta vitneskju um gæði og eiginleika þeirrar fóðurvöru, sem á markaði er á hverjum tíma.

15. gr.

FR gefur út staðla yfir einstakar fóðurblöndur ætlaðar einstökum búfjártegundum og getur bannað framleiðslu og sölu á fóðurblöndum, sem ekki eru innan staðla, sbr. 7. gr.

16. gr.

FR skal hafa eftirlit með aðstöðu sölufyrirtækja, sem versla með fóðurvörur og framleiða þær, hvað varðar húsnæði, hreinlætisaðstöðu og blöndunartæki fóðurblöndunarstöðva. Skylt er söluaðilum að hlíta fyrirmælum FR um úrbætur, ef þeirra er talin þörf til tryggingar vörugæðum.

III. KAFLI
Um áburðareftirlit.

17. gr.

ÁR hefur eftirlit með því, að tilbúinn áburður innihaldi þau efni og það magn, sem framleiðandi gefur til kynna og ábyrgist í samræmi við stöðlun hverrar áburðartegundar.

Ávallt skal tilgreint og ábyrgst magn N, P og K svo og annarra efna eða efnasambanda, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

18. gr.

ÁR taki sýni til rannsóknar úr vörugeymslum sölu- og dreifingaraðila, hjá bændum og úr flutningatækjum eftir því, sem ástæður þykja til.

19. gr.

Komi í ljós við athugun að verulegur munur sé á uppgefnu og raunverulegu magni af áburðartegund sem Áburðarverksmiðjan hefur dreift til kaupenda, skal áburðareftirlitinu skylt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo kaupendur fái vitneskju um raunverulegt efnismagn áburðarins.

IV. KAFLI
Um sáðvörueftirlit.

20. gr.

SR hefur eftirlit með spírunarhæfni, hreinleika og öðrum eiginleikum sáðvöru sem ástæða þykir til, gefur út staðla um samsetningu fræblandna og hefur eftirlit með að blöndunarhlutföll séu í samræmi við þá.

Í gæðavottorði SR skal gildistími þess tiltekinn.

Sala er óheimil að liðnum gildistíma vottorðs, nema með nýju vottorði.

21. gr.

Sáðvörunefnd skal árlega semja og birta skrá yfir þær tegundir og stofna sem leyfilegt er að selja. Nefndin getur veitt undanþágur vegna sölu á tegundum og stofnum sem ekki eru á skrá.

22. gr.

SR skal hafa eftirlit með aðstöðu söluaðila hvað varðar geymslu, húsnæði, tækniútbúnað til blöndunar fræblandna og öðru er þýðingu hefur varðandi gæði sáðvöru.

V. KAFLI
Um eftirlitssjóð.

23. gr.

Þeir sem flytja inn vörur sem eru eftirlitsskyldar samkv. lögum þessum eða framleiða þær til sölu innanlands eru gjaldskyldir til eftirlitssjóðs Rala, sem er í vörslu stofnunarinnar, og skal um hann fært sérstakt bókhald.

24. gr.

Eftirlitsgjaldið og innheimta þess skal ákveðið í reglugerð í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og miðast gjaldið við að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði við framkvæmd eftirlitsins.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Í reglugerð þessari skal tekið mið af gildandi reglum um hliðstæða starfsemi á Norðurlöndum, alþjóðasamþykktum um þessa starfsemi sem í gildi eru og Ísland er eða kann að verða aðili að.

26. gr.

Ágreiningi, sem kann að rísa vegna laga þessara eða reglugerðar sem við þau verður sett, má skjóta til landbúnaðarráðherra.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvöru nr. 32 20. apríl 1968.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði til að endurskoða lög nr. 32, 20. apríl 1968 um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvörur, og fella inn í þau ákvæði um eftirlit með áburði og sáðvörum.

Óskir höfðu borist frá ýmsum félagssamtökum bænda um lagasetningu þessa efnis.

Búnaðarþing er sat í vetur fjallaði um frumvarpið og gerði á því nokkrar breytingartillögur, sem í aðalatriðum voru teknar til greina og eru í núverandi mynd frumvarpsins.

1. Eðlilegt þótti að um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru séu gildandi ein lög en ekki þrenn. Margt er sameiginlegt með þessum rekstrarvörum landbúnaðarins, og með einum lögum eru líkur á, að eftirlitið geti orðið ódýrara, en þó virkara en það yrði í þrennu lagi (með þreföldu kerfi).
2. Aðalsjónarmið hefur verið að semja frumvarp, sem myndaði nauðsynlegan lagaramma um eftirlit með vörum þeim, sem hér um ræðir, en ítarlegri ákvæði um framkvæmdaratriði yrðu sett í reglugerð.
3. Sú reynsla, sem fengist hefur með starfi Fóðureftirlits ríkisins sýnir, að full ástæða er til eftirlits á þessu sviði og jafnframt að þörf er á að breyta núgildandi lögum og reglugerð um Fóðureftirlitið.
4. Áhersla er lögð á upplýsingaskyldu eftirlitsins bæði til framleiðenda, verslunaraðila og bænda eða annarra kaupenda. Á þann hátt má ætla að eftirlitið komi að mestu gagni fyrir alla og líkur verði á að koma megi í veg fyrir tjón af völdum vanþekkingar, mistaka eða annarra atvika.
5. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um einstakar greinar frumvarpsins.

Ed. 606. Nefndarálit [162. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr., frsm. Jón Helgason.

Helgi F. Seljan. Axel Jónsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Bragi Sigurjónsson.

Ed. 607. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason, frsm.
Helgi F. Seljan. Axel Jónsson. Ólafur Þ. Þórðarson.
Bragi Sigurjónsson.

Ed. 608. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason, frsm.
Helgi F. Seljan. Axel Jónsson. Ólafur Þ. Þórðarson.
Bragi Sigurjónsson.

Nd. 609. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1978.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Vilborg Harðardóttir.
Karvel Pálmason. Sigurlaug Bjarnadóttir. Guðm. H. Garðarson.
Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. **610. Tillaga til þingsályktunar** [287. mál]

um stofnun sjóðs til stuðnings íslensks ullar- og skinnaiðnaðar.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að útbúa frumvarp til laga um stofnun sjóðs til eflingar framleiðslu og útflutnings fullunninnar vöru úr íslenskri ull og gærum.

Framlögum úr sjóðnum skal varið m. a. til styrktar framleiðendum fullunninnar ullar- og skinnavöru hér innanlands, skipulegri markaðsöflun erlendis og sölu og dreifingu vörunnar.

Sjóðnum skal aflað tekna með sérstöku útflutningsgjaldi sem lagt verði á óunna ull og gærur, lopa og band sem flutt er út.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að stuðla að því, að gerðar verði markvissar ráðstafanir til þess að tryggja að fullvinnsla ullar og gæra fari eingöngu fram hér innanlands svo unnt verði með öllu að hætta útflutningi á óunninni og hálfunninni vöru.

Vart þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að mál þetta verði tekið föstum tökum án tafar. Það er ljóst að útflutningur óunninnar ullar, lopa og bands til annarra landa, þar sem fullvinnsla þess fer fram, er þegar farin að ógna atvinnu þeirra sem vinna við ullariðnað hér innanlands og ógna markaðshorfum fyrir fullunna íslenska vöru. Prjónastofur og saumastofur, sem hafa risið víðs vegar um land á undanförnum árum og veitt mörgum atvinnu, berjast nú í bökkum, en samtímis er flutt út óunnin ull, lopi og band, m. a. til landa þar sem vinnuafl er ódýrt og því vandinn hægur fyrir erlenda framdleiðendur að ná undirtökum í samkeppni um markaði. Erlendir framleiðendur, sumir hverjir, stæla bæði meðferð ullarinnar og munstur og selja sem íslenskt væri.

Hér er því ekki einungis um að ræða atvinnu- og viðskiptahagsmuni. Íslensk ull hefur fágæta eiginleika, sem gengnar kynslóðir kunnu að meta. Í meðferð efnis og sérstæðum munstrum sameinuðu þær notagildi og list. Þær mótuðu hefð sem okkur ber skylda til að varðveita.

Ekki má lengur dragast að stjórnvöld komi þeim aðilum til aðstoðar sem fullvinna ull og gærur hér heima, en hliðstæð vandamál þeim, sem hér hafa verið rakin um ullina, hafa hvað eftir annað komið upp varðandi útflutning á hálfunnum gærum.

Flm. leggur til að sérstakt gjald verði lagt á óunna eða hálfunna vöru úr ull og gærum, sem flutt er út, og lagt í sérstakan sjóð til uppbyggingar þessa atvinnuvegar og markaðsöflunar. Þessar aðgerðir eru í eðli sínu hliðstæðar þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til varðandi útflutning á lagmeti.

Nánar í framsögu.

Nd. 611. Frumvarp til laga [288. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Stað í Suðureyrarhreppi.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Þórði Ágústi Ólafssyni jörðina Stað í Suðureyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu á því verði, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal það metið af dómkvöddum mönnum. Andvirði hennar skal varið til að reisa eða kaupa embættisbústað fyrir prest á Suðureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Staður í Suðureyrarhreppi í Súgandafirði er prestssetursjörð, en þar hefur þó ekki setið prestur nú um nokkurra ára skeið. Þeir prestar, sem gegnt hafa þjónustu í Staðarprestakalli að undanförnu, hafa setið á Suðureyri, hafi prestakallinu ekki verið þjónað af presti nærliggjandi prestakalls.

Árið 1938 hóf Þórður Ágúst Ólafsson búskap á jörðinni hálfri, en frá 1940 hefur hann nytjað jörðina að heita má að fullu þar sem hlutaðeigandi sóknarprestur stundaði ekki búskap að heitið getur.

Enda þótt Þórður Ágúst hafi setið jörðina svo lengi hefur honum aldrei verið byggð jörðin né hann fengið tryggingu fyrir áframhaldandi búsetu.

Um og fyrir 1965 þótti brýna nauðsyn til bera að endurnýja embættisbústaðinn og var nýr bústaður þá reistur á Stað. Sat þáverandi sóknarprestur í þeim bústað þar til hann lét af þjónustu í Staðarprestakalli.

Í ársbyrjun 1975 brann eldra íbúðarhúsið, en síðan hefur embættisbústaðurinn verið íbúðarhús bóndans á jörðinni, Þórðar Ágústs Ólafssonar, enda eins og fyrr segir enginn prestur setið á Stað síðan.

Tilmæli hafa komið úr héraði um að aðsetur prests verði formlega flutt að Suðureyri. Sú er og skoðun kirkjuyfirvalda.

Undirtektir hafa ekki fengist fyrir fjárveitingu í nýjan embættisbústað á Suðureyri nema þeim eldri á Stað verði komið í verð.

Ekki virðist eðlilegt að aðskilja eignarhald á íbúðarhúsi annars vegar og peningshúsum og jörð hins vegar. Þórður Ágúst Ólafsson hefur tjáð sig reiðubúinn til að kaupa jörðina ásamt húsakosti, ef um semst.

Flutningur þessa frv. hefur tvíþættan tilgang: Annars vegar að greiða fyrir því, að orðið verði við óskum heimamanna um flutning á prestssetri, og hins vegar að tryggja áframhaldandi búsetu á jörðinni.

Það skal tekið fram, að Þórður Ágúst Ólafsson hefur gert víðtækar umbætur á jörðinni, þrátt fyrir hina ótryggu búsetu, og ekki er hægt við því að búast að svo geti fram haldið.

Ed. **612. Frumvarp til laga** [289. mál]

um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði en sveitarfélögin 10%.

3. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

4. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið gerir tillögur um einn mann, Tryggingastofnun ríkisins um einn, Samband ísl. sveitarfélaga um einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og Heyrnarhjálp einn sameiginlega, Sérkennarafélag Íslands, talkennaradeild einn og Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn.

5. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutunar heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, að því er tekur til heyrnartækjameðferðar og heyrnarrannsókna.

6. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls-nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

7. gr.

Stofnunin hefur umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeinir um meðferð þeirra. Skal þetta gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Sama gildir um

sérdeildir heyrnardaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk.

8. gr.

Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Slíkar deildir skulu starfa í samráði við stofnunina í Reykjavík.

9. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að á ofanverðum sl. vetri skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd, sem fékk það hlutverk að gera tillögur um skipulagt samstarf háls-nef- og eyrnardeildar Borgarspítala, heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og félagsins Heyrnarhjálpar. Í nefndinni áttu sæti: Björn Önundarson, tryggingayfirlæknir, sem var formaður, Stefán Skaftason, yfirlæknir, Erlingur Þorsteinsson, yfirlæknir, Birgir Ás Guðmundsson, forstöðumaður, og Hallgrímur Sæmundsson, yfirkennari.

Nefndinni var ennfremur falið að gera heildartillögur um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna hér á landi.

Nefndin skilaði ítarlegu áliti á öndverðu síðastliðnu sumri í formi tillagna um heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Er frumvarp það, sem hér er lagt fram að miklu leyti byggt á tillögum nefndarinnar.

Það er álit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að ekki sé annað fært en að skipa fyrir um þessi mál með lögum, bæði vegna þeirrar samræmingar, sem þeim er ætlað að hafa í för með sér og þess kostnaðar, sem af þeim mun leiða.

Forsaga þessa máls er í raun orðin nokkuð löng. Árið 1937 var félagið Heyrnarhjálp stofnað. Markmið þess félags var í öndverðu og er enn að bæta úr höli þeirra, sem þjást af heyrnardeyfu. Hefur félagið m. a. séð um innflutning og sölu á heyrnartækjum ásamt tilheyrandi leiðbeininga- og viðgerðarþjónustu.

Félagið hefur notið nokkurs styrks frá ríkinu og hefur styrknum verið varið til þess að kosta ferðir sérþjálfaðs starfsmanns út á land á sumrin. Hefur félagið þannig haldið uppi bráðnauðsynlegri þjónustu, sem ekki er hægt að gera kröfu til að félagasamtök annist. Ber því brýna nauðsyn til, að mati ráðuneytisins, að hið opinbera taki að sér jafnsjálfsagða þjónustu.

Árið 1962 var komið á fót vísi að heyrnarstöð á Íslandi. Var hún til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og rekin á vegum borgarinnar. Störfuðu þar aðeins einn heyrnarritari og læknir. Árið 1966 fékk heyrnarstöðin stærra húsnæði og aukið starfslið. Var nafninu þá breytt í Heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og starfsemin stóraukin. Starfssemi, sem farið hefur fram á vegum Heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, er heyrnarmælingar á skólabörnum, almennar heyrnarmælingar inni á deildinni og úthlutun heyrnartækja og heyrnarmælingar á vinnustöðum, auk hjálfunar hópa og einstaklinga.

Við Borgarspítalann í Reykjavík var um áramótin 1969—1970 sett á stofn fyrsta og eina háls- nef- og eyrnadeildin á Íslandi. Starfsemi deildarinnar er fyrst og fremst fólgin í skurðaraðgerðum, m. a. heyrnabætandi aðgerðum, sem ekki eru framkvæmdar á öðrum sjúkrahúsum hér á landi. Auk þess er þar rekin umfangsmikil göngudeildarstarfsemi.

Vísir er að heyrnardeild við Heilsuverndarstöð Akureyrar. Nýtur hún faglegrar fyrirgreiðslu Heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Með stofnun heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands er ráð fyrir því gert að starfsemi félagsins Heyrnarhjálpar og heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur verði sameinuð og rekstur háls- nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans haldi áfram. Ennfremur er gert ráð fyrir því að stofnunin kaupi þau tæki og þann búnað sem félagið Heyrnarhjálp og eyrnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur hafa undir höndum allt eftir nánari samkomulagi við þá aðila.

Eitt af markmiðum stofnunarinnar verður að tryggja það, að ávallt sé hér á boðstólum fullkomnustu tegundir heyrnartækja og annarra hjálpartækja. Einnig þarf að tryggja að viðgerðarþjónusta verði sem best verður á kosið. Innan stofnunarinnar verður að starfa sérþjálfað fólk til að leiðbeina sjúklingum og þjálfa þá svo að fullkomin nýting náist út úr hjálpartækjunum. Á það má minna að meiri hluti þeirra, sem hafa skerta heyrn eru ellilífeyrisþegar. Þarf að kappkosta að ná til sem flestra þeirra m. a. með ferðalögum út á land. Á árinu 1976 leituðu 652 aðilar aðstoðar til starfshóps félagsins Heyrnarhjálpar en í þeim starfshópi voru læknir, sérmenntaður í heyrnarfræði, fulltrúi með þekkingu og áratugareynslu í meðferð heyrnartækja svo og maður sem aðallega annaðist heyrnarmælingar og smíði á eyrnartöppum auk margs annars. Hefur orðið mikil aukning á tölu þeirra, sem leita til félagsins hin síðustu ár. Er því auðsýnt að þörfin er mikil og vaxandi á þessum vettvangi. Má hér benda á, að fræðsla á þessu sviði hefur ekki verið mikil þannig að víst er að margir þeirra, sem þurfa á slíkri þjónustu að halda hafa ekki notið hennar.

Með hliðsjón af framanrituðu er umrætt frumvarp fram borið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því að ríkið starfræki stofnunina og að hún verði í eigu þess algjörlega. Hér er kveðið á um nafngift stofnunarinnar, starfslið og menntun þess. Til þess að stofnunin þjóni tilgangi sínum þarf að starfa þar yfirlæknir í fullu starfi og þarf slíkur læknir að vera sérmenntaður í heyrnarfræði. Yrði hann yfirmaður allrar sérfræðivinnu stofnunarinnar. Ennfremur þurfa að vera við stofnunina starfandi heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki svo sem ritara. Yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur mundi sjá um skipulagningu á heyrnar- og taluppeldisfræði í samráði við yfirlækni.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um rekstur stofnunarinnar og er gert ráð fyrir því að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði í samræmi við þær reglur, sem sjúkratryggingadeildin greiðir eftir til sjúkrahúsa og að sveitarfélögin greiði 10% af kostnaði. Skipting greiðslna á milli sveitarfélaga færi þá eftir nánara samkomulagi þeirra á milli.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um skipun yfirlæknis í embætti og fer um þá skipun samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Greinin kveður einnig á um skipun yfirheyrnar- og taluppeldisfræðings. Aðrir starfsmenn en yfirlæknir og yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur skulu ráðnir beint af stjórn stöðvarinnar.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um stjórnlega yfirstjórn stöðvarinnar og um það að henni skuli skipuð sérstök stjórn. Gert er ráð fyrir því að þeir aðilar, sem mest koma

nærri þessum málum hafi tilnefningarrétt í stjórn stöðvarinnar, sem skipuð skal 7 mönnum.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk stofnunarinnar, sem er fyrst og fremst að skipuleggja og sjá um allt er við kemur heyrnaruppeldisfræði svo og kennslu í heyrnartækjameðferð og ýmis námskeið fyrir heyrnardaufa, einstaklinga eða hópa t. d. þjálfun í varalestri, heyrnarþjálfunarkennslu, þar sem tekin eru fyrir ýmis vandamál heyrnardaufra, svo sem eðli heyrnardeyfu, samskipti við annað fólk, fjölskyldu, á vinnustað og í skóla. Gert er ráð fyrir að stofnunin haldi skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Ennfremur að stofnunin annist mælingar fólks í fyrirbyggjandi tilgangi, svo sem fólks, sem vinnur í hávaða eða við eiturefni, sem ætla má að valdið geti skertri heyrn, einnig þess fólks, sem notar lyf, sem valdið getur heyrnartjóni. Í því tilviki verður stofnunin að hafa samvinnu við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og jafnframt að sjá um heyrnarfræðilegar rannsóknir fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins svo sem hóprannsóknir og hávaðamælingar á vinnustöðum eftir því sem nauðsyn kann að þykja. Samvinnu við Öryggiseftirlit ríkisins yrði jafnframt hagað á svipaðan hátt. Þannig væri æskilegt að stöðin héldi námskeið í undirstöðuatriðum heyrnarmælinga og heyrnartækjameðferðar fyrir fólk, sem starfar á sviði heilsugæslu og kennslu.

Um 6. gr.

Stofnunin skal skipuleggja ferðir sérfræðinga, þ. e. a. s. lækna og heyrnaruppeldisfræðinga ásamt aðstoðarfólki til þess að aðstoða heyrnardaufa úti á landsbyggðinni. Slíkar ferðir skulu farnar árlega og oftar ef þurfa þykir. Heyrnar- og taluppeldisfræðingur færi árlega eftirlitsferð ásamt aðstoðarmanni í þá landshluta, sem fullskipaður vinnuhópur fer ekki í, þannig að árlega sé farið frá stofnuninni í alla landshluta. Stofnuninni ber að kappkosta að hafa sem best samstarf við Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Í skýrslu fyrirtækisins Mac Ractor AB frá október 1972 um hönnun Háls- nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, er fullhannað húsrými fyrir Heyrnar- og talmeinastöð ætlað öllu Íslandi. Er hún á sömu hæð og Háls- nef- og eyrnadeildarmóttöku spítalans er ætlaður staður, enda nauðsyn á náinni samvinnu þessara tveggja deilda. Stærð þessarar Heyrnar- og talmeinastöðvar er 358.5 m^2. Frá þjóðhagslegu og læknisfræðilegu sjónarmiði séð, er algjörlega óraunhæft að hafa fleiri en eina háls- nef- og eyrnadeild og eina heyrnar- og talmeinastöð á landinu. Sérmenntað starfslið er eins og er langt frá því nægilegt í landinu til að manna eina deild hvorrar tegundar, hvað þá fleiri.

Um 7. gr.

Til þess að sem best samræming náist á þessum málefnum er gert ráð fyrir að stofnunin hafi umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeini um meðferð þeirra. Hið sama gildi og svo um sérdeildir fyrir heyrnardaufa í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk. Slíkt verður að sjálfsögðu að gerast í fullu samráði við fræðsluyfirvöld, þ. e. a. s. skólastjóra og kennara viðkomandi skóla.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 613. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Baldur Möller ráðuneytisstjóri mætti á fundi hjá nefndinni. Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingu, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form. Oddur Ólafsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson. Þorv. Garðar Kristjánsson. Jón G. Sólnes.
Bragi Sigurjónsson.

Nd. 614. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.
Pétur Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 18. apríl 1978.

Jón Skaftason, varaform. Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. Garðar Sigurðsson.
Tómas Árnason. Guðl. Gíslason.

Sþ. 615. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um íslenzka stafsetningu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndinni hafa borizt tvær umsagnir um tillöguna. Önnur er frá nýstofnuðum „Samtökum móðurmálskennara“ og lýsa þau sig andstæð tillögunni sem að líkum lætur, þar sem formaður þeirra samtaka er forvígismaður nýbreytninnar frá 1973 og 1974. Aðalröksemd Samtaka móðurmálskennara er sú, að tíðar breytingar á löggiltri stafsetningu séu óheppilegar, ef samræmd og skipuleg stafsetning íslenzkrar tungu þykir æskileg, og að ekki megi hrapa að nýrri breytingu.

Hin umsögnin er frá „Íslenzkri málnefnd“ og er hún mjög ítarleg og merkileg. Í inngangsorðum umsagnarinnar segir svo:

„Íslenzk málnefnd telur mestu varða að koma á „festu í stafsetningu íslenzkrar tungu“, eins og segir í greinargerð með tillögunni. Djúpstæður ágreiningur um stafsetningu er hættulegur til lengdar. Brýnast af öllu nú er að leita leiða til sátta. Réttritun er, hvort eð er, umfram allt samkomulagsatriði.

Eins og fram kemur í greinargerðinni, ber að líta á þessa tillögu sem tilraun til samkomulags um það atriði íslenzkrar stafsetningar, sem mestur styr hefir staðið um. Tillaga af því tagi er góðra gjalda verð og því full ástæða til að íhuga hana vandlega. Aðalstefnan er greinilega sú að fara bil beggja um notkun z, hafna henni ekki alls staðar eins og gert var 1973—1974 (nema í sérnöfnum), heldur halda henni að mestu samkvæmt eldri venju í orðstofnum, en sleppa henni víðast hvar í þeim beygingarendingum sagnorða, sem helst hafa valdið erfiðleikum.“

Frá upphafi var ljóst, að þingsályktunartillagan felur aðeins í sér rúman ramma að reglum um ritun z, sem fylla þarf út í af sérfróðum mönnum. Þetta hefur Íslenzk málnefnd gert að verulegu leyti á mjög athyglisverðan hátt. Þess vegna leggur meiri hluti nefndarinnar til, að verði tillaga þessi samþykkt, þá verði henni vísað til Íslenskrar málnefndar til nákvæmrar útlistunar og til setningar reglna um ritun z, sem farið verði eftir.

Meiri hluti n. telur að umsögn „Íslenzkrar málnefndar“ taki af tvímæli um, að málamiðlunartillaga þessi er til lausnar á illvígum deilum, sem nauðsynlegt er að setja niður. Þess vegna hefur umsögn málnefndar verið prentuð með sem fylgiskjal til þess að öllum þingmönnum gefist kostur á að kynna sér hana.

Hér verður vísað til niðurlagsorða í umsögn málnefndar:

„Þeir sem fastheldnastir eru, vilja óbreytta stafsetningu frá 1929. Aðrir vilja óbreytta stafsetninguna frá 1974 og 1977. Enn aðrir gætu hugsað sér einhverja millileið. Að öllu óbreyttu næst ekki samkomulag, nema einhverju verði hnikað til. Með þingsályktunartillögunni er reynt að vísa á leið til sátta, og er því mikill fengur að henni. Hefir það verið haft í huga í athugasemdum þeim, sem hér hafa verið gerðar. En málnefndin leggur áherzlu á, að það, sem hér hefir verið sagt, ber ekki að líta á sem tillögur hennar um íslenzka stafsetningu, einungis sem umsögn um hugmyndir annarra eins og um var beðið.

Allt er þetta mál þannig vaxið, að það þyrfti rannsóknar við, a. m. k. vandlegri athugunar en hér um ræðir. Margt af því, sem menn hafa deilt um af kappi undanfarin ár, hefði líklega aldrei þurft að verða misklíðarefni, ef málið hefði verið rannsakað.

Nú þykir ekki lengur góður siður að raska náttúru landsins eða ganga á auðlindir hafsins án þess að afla sér þekkingar vísindamanna og efna jafnvel til sérstakra vísindarannsókna á tilteknum atriðum, ef því er að skipta. En hvað þá um íslenska tungu, „sem er og verður hin dýrsta þjóðlega eign vor“, eins og forseti Íslands komst að orði í nýársávarpi sínu fyrir rúmu ári?

Hafa ber hugfast, að öll opinber afskipti af tungu þjóðarinnar — stafsetningu sem öðru, er að málinu lýtur — verða að styðjast við eins trausta þekkingu og unnt er að afla hverju sinni með rannsóknum hæfustu manna í íslenzkri málfræði og málsögu.“

Hér er lögð áherzla á þau orð málnefndar, að, „að öllu óbreyttu næst ekki samkomulag, nema einhverju verði hnikað til“. Og enn fremur þar sem segir, að „með þáltill. er reynt að vísa á leið til sátta, og er því mikill fengur að henni.“

Með vísun til þess, sem málnefndin segir, er það till. okkar meiri hl. n. að till. verði, ef samþykki hlýtur, vísað til „Íslenzkrar málnefndar“ til enn vandlegri athugunar og að niðurstaða hennar verði sú regla um z, sem farið verður eftir.

Niðurstaða okkar er því sú að mæla með samþykkt tillögunnar með þeirri breytingu sem tillaga er um á sérstöku þingskjali.

Með nefndaráliti þessu fylgja umsagnir Íslenzkrar málnefndar og Samtaka móðurmálskennara.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Lárus Jónsson. Jónas Árnason.

Ólafur G. Einarsson.

Fylgiskjal I.

Allsherjarnefnd Sameinaðs þings
hr. Ellert B. Schram formaður
Alþingi
Reykjavík

Reykjavík 20. janúar 1978

Íslenzkri málnefnd hefir borizt bréf yðar, dagsett 8. des. 1977, og vill leitast við að verða við tilmælum þess með umsögn þeirri, sem hér fylgir, um þingsályktunartillögu Sverris Hermannssonar o. fl. um íslenzka stafsetningu.

Nefndin vill þó taka fram, að hún á fyrir margra hluta sakir óhægt um vik að svara málaleitan yðar með svo stuttum fyrirvara. Breyting varð á skipan nefndarinnar um áramót og jafnframt formannsskipti, og hefir hún aðeins getað komið saman þrívegis til að ræða þetta margslungna mál. Nefndin er skipuð þremur önnum köfnum embættismönnum, á sér engan fastan samastað og hefir engu starfsliði á að skipa. Álits hennar á íslenzkri stafsetningu hefir aldrei verið leitað fyrr, svo að hún býr ekki að neinum gögnum um þau efni, sem ekki eru hverjum manni tiltæk. Ekki er heldur til í landinu nein alhliða rannsóknarstofnun í íslensku máli til að styðjast við, þótt ótrúlegt sé.

Vegna ókunnugleika, sem fram kemur í bréfi allsherjarnefndar, er rétt að láta þess getið hér, að Halldór Halldórsson prófessor hefir ekki átt sæti í Íslenzkri málnefnd í 12 ár.

Með vinsemd og virðingu

Baldur Jónsson
formaður Íslenzkrar málnefndar

Um „Tillögu til þingsályktunar um íslenzka stafsetningu" nr. 64/1977.

Inngangsorð

Íslenzk málnefnd telur mestu varða að koma á „festu í stafsetningu íslenzkrar tungu", eins og segir í greinargerð með tillögunni. Djúpstæður ágreiningur um stafsetningu er hættulegur til lengdar. Brýnast af öllu nú er því að leita leiða til sátta. Réttritun er, hvort eð er, umfram allt samkomulagsatriði.

Eins og fram kemur í greinargerðinni, ber að líta á þessa tillögu sem tilraun til samkomulags um það atriði íslenzkrar stafsetningar, sem mestur styr hefir staðið um. Tillaga af því tagi er góðra gjalda verð og því full ástæða til að íhuga hana vandlega. Aðalstefnan er greinilega sú að fara bil beggja um notkun z, hafna henni ekki alls staðar eins og gert var 1973—74 (nema í sérnöfnum), heldur halda henni að mestu samkvæmt eldri venju í orðstofnum, en sleppa henni víðast hvar í þeim beygingarendingum sagnorða, sem helzt hafa valdið erfiðleikum.

Þessi málamiðlunarhugmynd er, eins og hver önnur, því aðeins vænleg, að unnt sé að koma saman skaplegum stafsetningarreglum í anda hennar. Það mál þarf rækilegri athugunar við en hér verður við komið. En reynt verður hér á eftir að glöggva sig á þessari hugmynd, eftir því sem aðstæður leyfa.

Fyrsta málsgreinin

Í inngangsgrein fyrstu málsgreinar er ályktað, að miða skuli við auglýsingu um íslenzka stafsetningu frá 1929 með þeim frávikum, sem síðan eru talin. Málnefndin telur hins vegar heppilegra, að frávik til málamiðlunar séu miðuð við „Auglýsingu um íslenska stafsetningu" nr. 132/1974 með breytingu þeirri, sem gerð var 28. júní 1977, m. ö. o., að miðað verði við gildandi stafsetningu. Hafa ber í huga, að auglýsingin

frá 1974 er miklu fyllri en auglýsingin frá 1929. Í hinni síðarnefndu eru t. d. engin skýr ákvæði um y, ý og ey.

Þau stafsetningarákvæði þingsályktunartillögunnar, sem síðan eru talin upp í sex tölusettum liðum, eiga ýmislegt sameiginlegt með stafsetningunni frá 1929 („gömlu stafsetningunni“) og stafsetningunni frá 1974 („nýju stafsetningunni“), annarri hvorri eða hvorri tveggja. En hér eru ýmsir agnúar á. Undirrót þeirra er líklegast sú, að aldrei hefir farið fram gagnger fræðileg rannsókn á þeim vanda, sem hér er við að glíma, og því ekki til nein skýrsla um tiltæka úrkosti ásamt rökstuddri greinargerð um mat á þeim. Meðan slíka yfirsýn vantar, má búast við nýjum og nýjum tillögum, sem allar yrðu reistar á sama sandi og endalaust yrði karpað um. Með þessu er ekki sagt, að vönduð rannsókn ein saman geri alla sátta, ekki heldur, að samkomulag sé óhugsandi án hennar, heldur hitt, að hún ein gæti lagt traustan sáttagrundvöll.

Aðalgalli tillagnanna er sá, að málfræðilegum meginreglum er ekki nógu dyggilega fylgt frá upphafi til enda og ekki fyllilega ljóst í öllum atriðum, hvernig stafsetja skuli. Eigi að síður má lesa út úr þessum ákvæðum nokkrar meginreglur, sem eru vel þess virði, að þeim sé gaumur gefinn sem málamiðlunarhugmyndum.

Mikilvægustu reglurnar eru þessar:

1) að skrifa z fyrir d+s, ð+s eða t+s á mörkum orðhluta:
   a) í stofni á mótum rótar og afleiðsluviðskeytis (orðmyndunarviðskeytis) í hvaða orðflokki, sem er (**hanzki, józkur, anza, unz**),
   b) á mótum stofns og hástigsviðskeytis lýsingarorða og atviksorða (**nyrztur, helzt**),
   c) í eintölumyndum af persónuháttum sagnorða, þar sem stofn endar á **d-i** eða **t-i** og beygingarendingin **-st** bætist við, enn fremur ef sagnstofninn endar á **ð-i**, sem heyrist ekki í skýrum framburði á undan **-st** (þú **stenzt, sezt, bregzt**),
   d) í sagnbót miðmyndar, ef sagnstofninn endar á tannhljóði og næst á undan fer samhljóð, sem er hvorki s né t (**henzt** (af **hendast**), **virzt** (af **virðast**), **birzt** (af **birtast**)).
2) að láta ð í beygingarendingum 2. p. ft. falla bótalaust á undan miðmyndarendingunni **-st** (þið **komist, komust**).
3) að láta tannhljóðsstaf sagnbótarviðskeytis (ð eða t) falla bótalaust, nema hann sé greinilega borin fram (**náðst**) eða unnt sé að bera hann fram til að taka af tvímæli, þ. e., þar sem sagnstofninn endar á **s-i** (**læstst, hresstst**).

Verður nú vikið að hverri reglu um sig.

1a. Fyrsta meginreglan, sem fram kemur í 1. tölulið þingsályktunartillögunnar, er gamalkunn. En þó að hún eigi sér áratugahefð, eru auðvitað álitamál um ritun stöku orða. Minna má t. d. á orðin **beiskur** og **breyskur**, sem yfirleitt var ekki talið rétt að skrifa með z á árunum 1929—73, þótt eðlileg samtímaleg greining þessara orðmynda sé **beit+sk+ur** og **breyt+sk+ur**, enda einnig í samræmi við málsöguleg rök. Áhöld geta verið um ýmis önnur orð að þessu leyti, og verður þá að taka af skarið með eins konar salómonsdómi, svo sem algengt er í allri stafsetningu. Þrátt fyrir slík álitamál taldi stafsetningarnefndin frá 1973 „oftast auðvelt að rita z rétt í stofni orða“ (Um afnám z. Rök stafsetningarnefndar. **Heimili og skóli** 1974, bls. 47).

1b. Þessi regla, sem lesa má út úr 2. tölulið þingsályktunartillögunnar, er einnig gamalkunn. Hún er ekki frábrugðin reglunni á undan að öðru leyti en því, að hástigsviðskeytið er beygingarlegs eðlis.

1c. Af 2. tölulið tillögunnar má einnig ráða, að z er ætlað að gegna sams konar hlutverki á mótum sagnstofns og beygingarendingar í eintölumyndum persónuhátta. Þessi regla — svo langt sem hún nær — er í samræmi við gömlu stafsetninguna. Svo vill til, að reglan nær ekki til sambandsins ð+s nema í einni sögn, þ. e. **bregða**, þar sem hið stofnlæga ð er ekki borið fram á undan **-st** (bregð+st því ritað **bregzt**).

Í öllum öðrum sagnstofnum, sem enda á ð-i, er ð-ið borið fram á undan -st í persónuháttum og skrifað samkvæmt því bæði eftir reglunum frá 1929 og 1974 (**biðst, gleðst, ræðst, varðst** o. s. frv.).

1d. Þessi regla um sagnbót miðmyndar kemur hvergi berlega fram í tillögunni, en leynist þar þó. Ef sagnirnar **henda, virða, birta** og aðrar með sams konar hljóðafari og beygingu eru athugaðar með hliðsjón af 5. tölulið ákvæðanna og 3. meginreglunni hér að framan, verður niðurstaðan sú, að rita skuli **henzt, virzt** og **birzt** í sagnbót miðmyndar eins og tíðkaðist í gömlu stafsetningunni.

Er þá upp talið, hvenær rita skal z samkvæmt þingsályktunartillögunni. En í 6. tölulið er veitt heimild til að rita z í orðum, sem eru erlend að uppruna. Slík heimild er umdeilanleg, og kæmi ekki síður til álita að binda hana við sérnöfn á sama hátt og gert er í „Auglýsingu um íslenska stafsetningu“ nr. 132/1974 (sjá tvo síðustu liði (e og f) 3. greinar 2. kafla). Sumir telja ástæðulaust að rita t. d. tökuorðin **bensín** og **nasisti** með z, þótt það hafi stundum verið gert. Á ferli þessara orða í íslenzku hafa þau aldrei haft tannhljóð, sem fallið hefir brott á undan s-i. Með sömu rökum mætti segja, að aldrei hafi verið tilefni til að skrifa orðin **gasella, sebrahestur** ellegar bókstafsheitið **seta** með z, þótt einhverjar aðrar þjóðir hafi þann hátt á.

Með þeim tveimur meginreglum, sem eftir eru (2 og 3), er vikið frá gömlu z-reglunum í veigamiklum atriðum. Í báðum tilvikum er um það að ræða, hvernig bregðast skuli við, þegar miðmyndarendingu (-st) er skeytt við germyndarstofn, sem endar á **d**-i, ð-i eða **t**-i. Nú ætti öllum að vera orðið ljóst, að sá stafsetningarvandi, sem venjulega er kenndur við z, leysist ekki af sjálfu sér, þótt hún sé niður lögð. Vandinn, sem alltaf hefir þótt mestur í miðmynd sagna, er auðvitað áfram á sínum stað, því að miðmyndarendingarnar hlaupa ekki burtu, þó að z hverfi. En lítum nánar á þessar reglur.

2. Fyrri reglan er í samræmi við stafsetningarákvæðin frá 1974. Með því að láta ð í endingum 2. p. ft. falla bótalaust á undan miðmyndarendingunni -st, er ekki lengur haldið aðgreindum í ritmáli fremur en talmáli fjöldamörgum beygingarmyndum sagnorða, sem áður voru rituð á mismunandi vegu (þið **komizt**, þeir **komist** o. s. frv.). En á hitt er að líta, að þessi regla er í góðu samræmi við málamiðlunarhugmyndirnar að öðru leyti.

Hér er einnig vert að benda á atriði, sem styrkir óneitanlega regluna um bótalaust brottfall. Ef að er gáð, kemur í ljós, að persónuendingar sagnorða í eintölu hverfa ævinlega óbættar á undan miðmyndarendingunni -st. Þær endingar, sem til greina koma, eru: **-ur, -r, -rð, -ð** og **-st**, eins og þær birtast í nútímamáli, sem hér er ætlið miðað við. Dæmi: þú **tel+ur, taldi+r, sé+rð, fer+ð** og **fór+st**. Í miðmynd er bæði samkvæmt gömlu og nýju stafsetningunni ritað: **telst, taldist, sést, ferst, fórst** (en ekki ***telurst, *taldirst, *sérðst** (eða ***sérzt**), ***ferðst** (eða ***ferzt**) og ***fórstst**). Athuga ber, að í fornmáli, sem gömlu z-reglurnar tóku mið af, voru þessar beygingarmyndir flestar með öðrum hætti (**telr, sér, ferr** og **fórt**).

Í fleirtölu er þessu að vísu annan veg farið. Ending 1. persónu (**-um**) og endingar 3. persónu (**-a, -i, -u**) haldast alltaf á undan **-st**. Dæmi: við **komumst**, þeir **komast, komist, komust**. Í endingum 2. persónu (**-ið, uð**), eins og t. d. í **þið farið, fóruð**, hverfur ð-ið ætíð í framburði á undan -st eins og persónuendingin **-r** í eintölunni (**taldist**). Þess vegna má segja, að reglan um bótalaust brottfall ð-s í 2. p. ft. á undan **-st** sé aðeins hluti af enn víðtækari reglu um bótalaust brottfall allra stafa úr persónuendingum sagna, sem ekki eru bornir fram á undan miðmyndarendingunni **-st**.

3. Síðasta meginreglan lýtur að stafsetningu sagnbótar í miðmynd, sem líklega hefir reynzt torveldasta og jafnframt umdeildasta atriði íslenzkrar stafsetningar. Telja má, að viðskeyti sagnbótar séu **-að, -ið, -ð** og **-t** (miðað við samtímalega greiningu), en vandinn er, hvernig með þau skuli fara, þegar miðmyndarendingunni **-st** er skeytt við. Tannhljóð sagnbótarviðskeytisins er sjaldan borið fram á undan henni.

Í stafsetningunni frá 1929 var sá kostur valinn að skrifa sagnbótartannhljóðið, þegar það var greinilega borið fram (**náðst**) og þegar s fór næst á undan því (**kysstst**),

og láta það að öðrum kosti aldrei falla bótalaust, heldur skrifa z í stað þess og s-ins, sem á eftir fór (**farizt, glaðzt, breytzt**).

Í stafsetningunni frá 1974 var blaðinu snúið við. Þar er meginreglan sú að láta tannhljóð sagnbótar ávallt falla óbætt nema það sé borið fram (**náðst**). Og gengið var enn lengra: Ef sagnstofn endar á **-t, -tt** eða **-d** og sagnbótarviðskeytið ætti samkvæmt sagnbeygingunni að vera **-t**, falla einnig stofnlægu stafirnir bótalaust í sagnbót miðmyndar. Sama gildir um ð aftast í stofni, ef r fer næst á undan. Þess vegna er ritað samkvæmt nýju stafsetningunni **bæst** (af **bæta**), **birst** (af **birta**), **flest** (af **fletta**), **henst** (af **henda**) og **virst** (af **virða**) í stað **bætzt, birzt, fletzt, henzt** og **virzt** áður. Enn fremur var sett sú regla 1974, að aldrei skyldi skrifa **-stst** né **-sstst**, þess vegna **fest** og **kysst** fyrir eldra **festst** og **kysstst**.

Óhætt mun að segja, að margir hafi átt einna erfiðast með að sætta sig við þessi síðastnefndu atriði nýju stafsetningarinnar, þótt þeim væri að öðru leyti lítil eftirsjá að z.

Í þingsályktunartillögunni er fylgt sömu meginreglu og 1974, að láta ð og t sagnbótar falla óbætt á undan **-st**. Hér er einnig gerð sama undantekning og 1974, að skrifa ð, þar sem það er borið fram (**náðst**). Auk þess er sú undantekning gerð, að t sagnbótar skuli haldast, þegar sagnstofninn endar á s-i, og skuli því skrifa **hresstst** (af **hressast**) og **læstst** (af **læsast**), þótt síðara dæmið sé að vísu ekki í tillögunni. (Ritháttúrinn **festst** (af **festast**)fylgir að sjálfsögðu meginreglunni um bótalaust brottfall sagnbótartannhljóðs.)

Áður en skilizt er við sagnbót miðmyndar, er rétt að minna á, að lýsingarháttur þátíðar er einnig til í miðmynd, þótt fágætt sé. Venjulega eru dæmin talin tvö, **lagztur** og **setztur**, en **áminnztur** mætti fljóta hér með. Samkvæmt þingsályktunartillögunni ætti líklega að stafsetja þessi orð **lagstur, setstur** og **áminnstur**, þótt ekki sé samkvæmni í því. En það mál skýrist hér á eftir.

Athugasemdir við 3. tölulið

Í 3. tölulið ákvæðanna eru tínd til ýmis dæmi, sem eru mjög ósambærileg með hliðsjón af þeim meginreglum, sem hér að framan hefir verið reynt að lesa út úr ákvæðunum. Ástæðan er greinilega sú, að ætlunin hefir verið að forðast stafasambandið **tz**, þótt það sé ekki sagt berum orðum. Í 3. tölulið er því í rauninni sett öflug stafskipunarregla, sem tekur aðrar reglur af, ef svo ber undir, og er hún á þá leið, að fyrir tt+s skuli ætíð rita **tts**, en ekki tz, þó að svo ætti að vera, ef reglunum í 1a—c og 3 væri stranglega fylgt. Um þetta sjónarmið má auðvitað deila, en telja má líklegt, að erfiðleikar við stafsetningu sumra sagna í sagnbót miðmyndar hafi ráðið einna mestu um þessa ákvörðun. Þeir erfiðleikar kunna þó að eiga rætur að rekja til annarrar túlkunar á myndun sagnbótar en hér kemur fram. Þetta skýrist betur, þegar vikið verður að þessu sérstaka vandamáli hér á eftir. En lítum fyrst á einstök dæmi í 3. tölulið, og göngum á röðina.

Fyrsta dæmið, **kletts**, hefir hér algera sérstöðu og er hið eina, sem án allra tvímæla ber að skrifa með tts. Þar sem saman koma **tt** úr stofni fallorðs og eignarfalls-s, hefir alltaf verið skrifað **tts**, enda svo borið fram. Sem dæmi má nefna nafnorðin **hattur, klettur, pottur, skattur** og **spott** og lýsingarorðin **brattur, fattur, grýttur, stuttur** og **þreyttur**. Í stofninum er aðblásið t, sem heldur áfram að vera aðblásið, þó að eignarfalls-s bætist við. Einritað t á undan **s-i** er borið fram á annan veg, sbr. t. d. **fats** (af **fat**, hk.) og **fatts** (af **fattur**, lo.).

Í þremur næstu dæmum, **spottskur, styttstur** og **battst**, er hins vegar vikið frá meginreglunum í 1a—c. Samkvæmt þeim ætti að rita **spotzkur** (1a), **stytztur** (1b) og **batzt** (1c), en því er sem sé hafnað, af því að ekki má rita **tz**.

Þá er komið að erfiðasta atriðinu, hvernig rita skal sagnbót miðmyndar af sögnunum **setja, hitta** og öðrum slíkum, sem hafa t eða tt í stofni og beygjast eins og þær. Í þingsályktunartillögunni eru tekin dæmin **settst, fluttst, hittst** og **rættst** til að sýna, að ekki skuli rita z (úr t+s) á eftir t-i. En dæmin eru ekki alls kostar sambærileg og þurfa nánari athugunar við.

Samkvæmt 3. meginreglunni (hér að framan), sem ráðin var af 4. og 5. tölulið þingsályktunartillögunnar, skal sagnbótarviðskeytið -t falla óbætt, nema sagnstofninn endi á **s-i** (**læstst, hresstst**). Frá samtímalegu sjónarmiði séð er sagnbót mynduð af sagnstofni (sbr. 5. tölulið ákvæðanna) og sagnbótarendingu eða -viðskeyti, sem í þessu dæmi er *-t*. Sagnbót germyndar af **setja** og **flytja** greinist því í set+t og flut+t, sem við stafsetjum **sett** og **flutt**, en sagnbót miðmyndar í set+t+st og flut+t+st og sagnbót af **rætast** í ræt+t+st. Ef reglan um bótalaust brottfall sagnbótartannhljóðs er látin verka á þessar myndir, breytast þær í set+st, flut+st og ræt+st. Eðlilegast væri því að spyrja, hvernig stafsetja skuli þessar myndir, þar sem brottfallið hefir orðið til þess, að saman koma stofnlægt t og s úr beygingarendingu. En eftir 3. tölulið að dæma er ekki gert ráð fyrir, að þessi staða komi upp. Eigi að síður nær ákvæði 5. töluliðar eftir orðanna hljóðan til slíkra dæma (þótt ekki sé gert ráð fyrir því í 1d). Ef því ákvæði er beitt, verður niðurstaðan sú, að rita skal **sezt** (fyrir set+st), **fluzt** (fyrir flut+st) og **ræzt** (fyrir ræt+st). Með því að beita sömu aðferð á **hitta** ætti að rita **hizt** í sagnbót miðmyndar. Í sumum sögnum verður því **zt**, en í öðrum **tzt**.

En þessi lausn er sem sé ekki valin (enda leiðir hún til hins forboðna stafasambands **tz**), heldur sýna dæmin í 3. tölulið, að sagnbótarviðskeytinu er haldið í sögnum, sem hafa einfalt t í stofni á eftir sérhljóði (**setja, flytja, ræta(st)**), gagnstætt meginreglunni. Fyrir vikið kemur **ttst** ekki aðeins upp í þeim sögnum, sem hafa **tt** í stofni (**bretta, fletta, frétta, hitta, skvetta, slétta, stytta, þétta** o. fl.), heldur einnig í sögnum með einföldu **t**-i, svo sem **setja, breyta** o. s. frv.

Hér er því ósamræmi á ferðinni, sem virðist ekki auðvelt að losna við. En einhverjum kynni að þykja girnilegra að fá að skrifa t. d. **setst, flutst, breytst** og hins vegar **hittst, skvettst, styttst** o. s. frv. í stað þess að hafa **ttst** í öllum slíkum dæmum eins og lagt er til. Því væri ómaksins vert að kanna, hvort ekki mætti fá þá niðurstöðu án árekstra við meginreglur. Skólareglan um þetta tiltekna atriði yrði mjög einföld. Rita bæri stofn sagnarinnar (óhljóðverptan, ef svo ber undir) og bæta miðmyndarendingunni -st við. Með þessu fengist ágætt samræmi við ýmis undirstöðuatriði íslenzkrar stafsetningar. Sem dæmi má nefna, að í framburði er enginn munur á **pt** og **ppt**, en þó er ritað **glapti** af **glepja** og **keppti** af **keppa**. Ekki er heldur framburðarmunur á **gt, kt, ggt** og **kkt**, en ritað er **ragt** af **ragur, rakt** af **rakur, glöggt** af **glöggur** og **klökkt** af **klökkur**.

Loks skal á það bent, áður en skilizt er við 3. tölulið, að hvergi kemur fram í tillögunni, hvernig fara skuli með sagnbót miðmyndar af sögnunum **sækja, yrkja** og **þykja**, en vegna stofnbrigða þeirra er nauðsynlegt að hafa þær í huga, þegar heildarlausnar er leitað.

Aðrar málsgreinar

Málnefndinni hefir ekki gefizt tækifæri til að ræða efni þessara greina, svo að heitið geti, og er hún því ekki reiðubúin til að láta í ljós álit sitt á þeim. Um 2. mgr., sem er að mestu samhljóða hinu almenna ákvæði stafsetningarauglýsingarinnar frá 1974 (1. gr.), getur þó naumast verið neinn ágreiningur.

Þriðju málsgrein þarf eflaust að lagfæra eitthvað, þar sem nú hafa verið stofnuð Samtök móðurmálskennara. Einnig má geta þess, að hugmyndir um stækkun Íslenzkrar málnefndar hafa lengi verið uppi og eru nú til athugunar í nefndinni. Ef málnefndin yrði stækkuð, gæti það haft einhver áhrif á stærð og skipan stafsetningarnefndar. — Ekki kemur fram í málsgreininni, hver eigi að skipa þessa nefnd eða kveðja hana saman, en einhvers staðar þarf það að koma fram.

Niðurlagsorð

Eins og ljóst má vera af því, sem sagt hefir verið hér á undan, telur nefndin, að sumt þurfi að vera fyllra í stafsetningarákvæðum tillögunnar og sumt orki tvímælis. Eigi að síður fela þau í sér ýmis meginatriði, sem virðast ekki óheilbrigður efniviður í tillögu, sem hefir það markmið að binda enda á stafsetningardeilur landsmanna.

Þeir, sem fastheldnastir eru, vilja óbreytta stafsetninguna frá 1929. Aðrir vilja óbreytta stafsetninguna frá 1974 og 1977. Enn aðrir gætu hugsað sér einhverja millileið. Að öllu óbreyttu næst ekki samkomulag, nema einhverju verði hnikað til. Með þingsályktunartillögunni er reynt að vísa á leið til sátta, og er því mikill fengur að henni. Hefir það verið haft í huga í athugasemdum þeim, sem hér hafa verið gerðar. En málnefndin leggur áherzlu á, að það, sem hér hefir verið sagt, ber ekki að líta á sem tillögur hennar um íslenzka stafsetningu, einungis sem umsögn um hugmyndir annarra eins og um var beðið.

Allt er þetta mál þannig vaxið, að það þyrfti rannsóknar við, a. m. k. vandlegri athugunar en hér um ræðir. Margt af því, sem menn hafa deilt um af kappi undanfarin ár, hefði líklega aldrei þurft að verða miskliðarefni, ef málið hefði verið rannsakað.

Nú þykir ekki lengur góður siður að raska náttúru landsins eða ganga á auðlindir hafsins án þess að afla sér þekkingar vísindamanna og efna jafnvel til sérstakra vísindarannsókna á tilteknum atriðum, ef því er að skipta. En hvað þá um íslenzka tungu, „sem er og verður hin dýrsta þjóðlega eign vor“, eins og forseti Íslands komst að orði í nýársávarpi sínu fyrir rúmu ári?

Hafa ber hugfast, að öll opinber afskipti af tungu þjóðarinnar — stafsetningu sem öðru, er að málinu lýtur — verða að styðjast við eins trausta þekkingu og unnt er að afla hverju sinni með rannsóknum hæfustu manna í íslenzkri málfræði og málsögu.

Reykjavík 20. janúar 1978.

Baldur Jónsson	Bjarni Vilhjálmsson	Þórhallur Vilmundarson (með fyrirvara um nokkur minni háttar atriði; sjá eftirfarandi athugasemd hans)

Ég vil taka fram, að ég tel það æskilegasta lausn á stafsetningarvandamálinu að hverfa aftur til stafsetningarinnar frá 1929, í fyrsta lagi vegna skýrleika og rökvísleika þeirrar stafsetningar og í öðru lagi vegna þeirrar hefðar, sem hún hefur hlotið í íslenzku ritmáli, en yfirgnæfandi meiri hluti íslenzks prentmáls er með þeirri stafsetningu. Að þessari lausn frágenginni tel ég næstbezta kostinn vera að miðla málum samkvæmt þeirri meginstefnu, sem mörkuð er í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér liggur fyrir til álits. Ef reynt er að fylgja þeirri stefnu, koma að vísu upp nokkur álitamál, eins og rakið er í undanfarandi álitsgerð, en í slíkum tilvikum verður að sjálfsögðu að höggva á hnútinn, eins og jafnan verður að gera, þegar stafsetningarreglur eru settar. Ég vil að lokum benda á, að telja má það til kosta þessarar síðari lausnar, að annars vegar kemur það sér vel fyrir fræðistofnanir, bókasöfn, bókaútgáfu og marga aðra aðilja, að z helzt í stofni orða, og hins vegar ætti að falla burt helzta umkvörtunarefni kennara á lægri skólastigum, sem talið hafa z-reglur í sagnendingum ofviða skólanemendum. Ókostur þessarar lausnar er hins vegar sá, að ýmsar beygingarmyndir sagnorða, sem áður voru greindar sundur í rithætti, falla nú saman, og verður ritmál við það í ýmsum tilvikum óskýrara.

Þórhallur Vilmundarson

Fylgiskjal II.

SAMTÖK MÓÐURMÁLSKENNARA

Til allsherjarnefndar Sameinaðs alþingis. Reykjavík, 20. jan. 1978.

Stjórn Samtaka móðurmálskennara leyfir sér hér með að svara bréfi yðar frá 8. des. 1977 þar sem þér farið þess á leit að samtökin láti í té umsögn um tillögu til þingsályktunar um íslenska stafsetningu (58. mál á 99. löggjafarþingi).

Stjórnin ræddi erindi yðar og fól síðan nefnd kennara af öllum skólastigum að semja álitsgerð um þingsályktunartillöguna. Þessir móðurmálskennarar, allir við skóla í Reykjavík, áttu sæti í nefndinni:

Árni Böðvarsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Bjarni Fr. Karlsson, Hagaskóla, Guðmundur B. Kristmundsson, Æfingaskóla KHÍ, Ingi Kristinsson, skólastjóri Melaskóla, Jón S. Guðmundsson, Menntaskólanum í Reykjavík og Þóra Kristinsdóttir, Æfingaskóla KHÍ.

Formaður samtakanna stjórnaði fundum nefndarinnar en auk þeirra, sem þar áttu sæti, sóttu nokkrir fleiri kennarar fundina eða samband var við þá haft. Var á allan hátt leitast við að fá fram sem flest sjónarmið.

Stjórnin sendir hér með álitsgerð nefndarinnar og er hún henni að öllu leyti samþykk. Telur hún að hér komi fram skoðun yfirgnæfandi meirihluta allra móðurmálskennara. Stjórnin leyfir sér enn fremur að benda á að þann 21. apríl 1977 sendu 225 grunnskólakennarar í Reykjavík og nágrenni hinu háa alþingi ályktun um stafsetningarmál sem mjög hnígur í sömu átt.

Stjórnin þakkar það traust sem þér hafið sýnt félagsskap móðurmálskennara, nýlega stofnuðum.

Virðingarfyllst

f. h. stjórnar Samtaka móðurmálskennara
Indriði Gíslason (form.).

SAMTÖK MÓÐURMÁLSKENNARA

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um íslenska stafsetningu (58. mál á 99. löggjafarþingi).

Við undirritaðir höfum orðið sammála um að skila eftirfarandi áliti á þingsályktunartillögu um íslenska stafsetningu (58. mál á 99. löggjafarþingi):

1. Tíðar breytingar á löggiltri stafsetningu eru óheppilegar ef samræmd og skipuleg stafsetning íslenskrar tungu er talin æskileg svo sem sjálfsagt þykir um aðrar tungur menningarþjóða nú á dögum fyrir margra hluta sakir. Í annan stað er óskynsamlegt að ákveða stafsetningarbreytingar án undangenginna rannsókna á þeim þáttum málsins sem snerta stafsetningu. Má í því sambandi nefna könnun á tengslum stafsetningarnáms og lestrarnáms, tíðni orða í málinu, tíðni ýmissa stafsetningaratriða o. fl. — Nú væri full þörf að rannsaka hvaða árangur eða afleiðingar stafsetningarbreytingarnar 1973—74 hafa haft á þeim 3—4 árum sem síðan eru liðin áður en hrapað er að nýrri breytingu.
2. Ofannefnd þingsályktunartillaga er meingölluð að áliti okkar nefndarmanna, bæði þeirra sem vilja z aftur inn í ritmálið og hinna sem vilja ekki hverfa frá breytingunni 1973—1974. Rök okkar eru einkum þessi:
   a) Reglur þær, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru flóknar og til þess fallnar að stórauka á glundroða í stafsetningu.

b) Innbyrðis misræmi er í reglunum þar sem ætlast er til að stafsett sé „ég leit, þú leizt," en hins vegar: „ég batt, þú battst; getur sést, getur settst; nyrzt, innst." Venjulegum nemendum er vart ætlandi slík aðgreining, auk þess sem stafsetning með ttst hefur aldrei fest rætur í íslensku.

c) Af kennslufræðilegum ástæðum er brýn þörf að ein og sama stafsetning sé kennd á öllum skólastigum, en reyndin var sú að z var ekki kennd fyrr en á gagnfræðastigi. (Oft var hinum lakari nemendum alveg sleppt við þennan staf). Var þessari venju fylgt lengst af frá 1929—1973 en til þess horfs vill þingsályktunartillagan nú færa stafsetninguna.

d) Með afnámi reglnanna frá 1974 myndu og falla úr gildi öll fyrirmæli um að rita skuli y, ý og ey í íslensku ritmáli, greina sundur hv og kv, hvenær rita skal stóran staf og hvenær lítinn, hvenær eitt orð og hvenær tvö o. s. frv., en um mörg slík atriði voru engar reglur formlega í gildi af hálfu hins opinbera fyrr en reglugerðin frá 3. maí 1974 öðlaðist gildi. Til þess tíma var aðeins stuðst við venjur sem hætt er við að grundvellinum þætti undan kippt ef einu reglurnar um þær yrðu afnumdar.

e) Af þessum sökum er ljóst að samþykkt og framkvæmd þingsályktunartillögunnar legði móðurmálskennurum nær óframkvæmanlega og mjög óljúfa skyldu á herðar og yrði því til að valda verulegum glundroða í stafsetningarmálum.

3. Við lítum svo á að eðlilegt sé að Alþingi ákveði hvernig staðið skuli að breytingum á löggiltri stafsetningu og hverjir skuli um slíkt fjalla, á sama hátt og það ákveður hvaða aðilar skuli ákveða gerð skólahúss eftir að það hefur ákveðið byggingu þess. Hins vegar teljum við óeðlilegt að Alþingi ákveði um einstök atriði stafsetningar, hvaða lestrarkennsluaðferð skuli notuð í barnaskólum eða hvaða málfræðistefna skuli ríkja í móðurmálskennslu, á sama hátt og það er óeðlilegt að Alþingi ákveði veggjaþykkt og burðarþol skólahúsa.

Reykjavík, 19. janúar 1978.

Bjarni Fr. Karlsson. Árni Böðvarsson. Guðmundur B. Kristmundsson.
Ingi Kristinsson. Þóra Kristinsdóttir.

Jón S. Guðmundsson,
með eftirfarandi aths.: Ég tel, að breyting sú, sem gerð var á ísl. stafsetn. 1973, hafi ekki aðeins verið óþörf með öllu, heldur til skaða og til þess fallin að auka á glundroða, eins og reyndin hefur orðið. Kysi ég því helzt, að aftur yrði horfið til stafsetningarinnar frá 1929.

Sþ. 616. Breytingartillaga [58. mál]

við till. til þál. um íslenzka stafsetningu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Á eftir 2. málsgr. tillögugreinarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Jafnframt ályktar Alþingi að fela íslenzkri málnefnd að semja reglugerð um ritun z samkvæmt framangreindum ákvæðum. Þó skal nefndinni heimilt að breyta einstökum atriðum, ef það er einróma álit hennar, að betur fari og vænlegra sé til sátta. Samningu reglugerðarinnar skal lokið eigi síðar en 1. júlí n. k. og skal reglugerðin þá birt almenningi.

Sþ. 617. Nefndarálit [44. mál]

um till. til þál. um upplýsinga- og fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leitað umsagna Þjóðhagsstofnunar, viðskiptadeildar Háskóla Íslands og frétta- og fræðsludeildar sjónvarps.

Nefndin er sammála um nauðsyn slíkar fræðslu, enda er það og álit umsagnaraðila. Í umsögn framkvæmdastjóra frétta- og fræðsludeildar sjónvarps kemur fram, að lengi hefur verið í undirbúningi að efna til efnahagsmálafræðslu í sjónvarpi. Þar er upplýst, að slíkir þættir, samtals sex að tölu, verði í dagskrá sjónvarps innan skamms í umsjón dr. Þráins Eggertssonar og Ásmundar Stefánssonar.

Með vísan til þessara upplýsinga leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem upplýst er, að þegar hefur verið ákveðið að umrædd efnahagsmálafræðsla verði á dagskrá sjónvarpsins á þessu sumri, tekur sameinað Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Magnús T. Ólafsson.
Jón Skaftason.	Jónas Árnason.	Lárus Jónsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 618. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 1. maí 1968, um áskorunarmál.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu í Ed.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Páll Pétursson.
Ingólfur Jónsson.	Friðjón Þórðarson.	Sighvatur Björgvinsson.
	Svava Jakobsdóttir.	

Sþ. 619. Fyrirspurn [290. mál]

til iðnaðarráðherra um vinnslu málma í Víðidalsfjalli.

Frá Ólafi Óskarssyni.

Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma eða gert áætlun um rannsóknir á vinnslu málma úr Víðidalsfjalli?

Ef rannsóknir hafa verið gerðar, hverjar eru þá niðurstöður þeirra og hver eru áform ríkisstjórnarinnar í framhaldi af þeim?

Ed. 620. Frumvarp til laga [291. mál]

um umhverfismál.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

I. Inngangur.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að efla alhliða umhverfisvernd, varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að varðveislu náttúrugæða landsins. Lögunum er ætlað að stuðla að sem bestri sambúð lands og þjóðar með því að vernda þau lífsgæði, sem felast í óspilltri náttúru landsins, hreinu lofti og tæru vatni.

Að þessum markmiðum skal unnið með samræmdri yfirstjórn umhverfismála og skipulagsbundnu samstarfi þeirra, sem starfa samkvæmt þessum lögum, og annarra aðila, sem fjalla um náttúruvernd, mengunarmál og aðra þætti umhverfismála.

2. gr.

Öllum er skylt að forðast allt það, sem valdið getur mengun og öðrum umhverfisspjöllum í byggð sem óbyggð, og gera það sem þeim er unnt til að vernda náttúrugæði landsins.

Sérstakrar varúðar skal gætt við alla þá starfsemi og framkvæmdir, er spillt geta umhverfi.

Við ákvörðun um landnýtingu, skipulagningu byggðar og val staða til atvinnurekstrar og mannvirkjagerðar, svo sem vega, hafna og flugvalla, skal þess jafnan gætt, að mengun og önnur umhverfisröskun verði sem minnst. Í landnýtingar- og skipulagsáætlunum skal að því stefnt að samræma nýtingu og vernd náttúrugæða landsins.

3. gr.

Þess skal ætíð gætt að veita auðlindum landsins vernd gegn ofnýtingu og hvers konar skaðlegum umhverfisáhrifum.

II. Gildissvið.

4. gr.

Gildissvið laga þessara er landið, landhelgin og lofthelgin. Lögin taka einnig til fiskveiðilögsögu landsins eftir því sem við getur átt.

Lög þessi taka til allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér mengun eða önnur skaðleg áhrif á loft, láð eða lög að því leyti sem slíkt er ekki háð sérlögum.

Með sama hætti taka lögin til meðferðar allra efna sem haft geta skaðleg áhrif, hvort sem þau eru föst, fljótandi eða loftkennd, svo og til hávaða og annars þess sem valdið getur skaða eða röskun á umhverfinu.

III. Stjórn umhverfismála.

5. gr.

Með umhverfismál skal farið í sérstakri stjórnardeild í Stjórnarráði Íslands. Í þeirri deild er yfirstjórn mála þeirra, sem hér segir:

Náttúruverndar- og útivistarmál, mengunarvarnir á sjó, sbr. 2. gr. laga 51/1970, á landi og í lofti, friðun fugla og dýra skv. sérlögum, dýraverndunarmál, framkvæmd alþjóðasamninga um mengunar- og önnur umhverfismál, meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna, skipulags- og byggingarmál, mál er lúta að frárennsli og vatni að því er umhverfisþátt varðar, svo og sorpi og hreinlæti utanhúss, svo og önnur mál eftir því sem ákveðið er í reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Ráðherra sá, sem fer með umhverfismál, kveður saman samstarfsnefnd, sem skipuð er fulltrúum ráðuneyta, er framkvæmd laganna varðar, og skal á fundum hennar ræða meginatriði um framkvæmd og einstök málefni, ef sérstök ástæða þykir til. Ráðuneyti það, sem með umhverfismál fer, hér eftir nefnt „ráðuneytið", hefur um framkvæmd þessara laga samráð við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir eftir því sem þessir aðilar eiga hlut að máli.

Þegar áformaður er eða hafinn undirbúningur að framkvæmdum eða starfsemi, sem ákvæði laga þessara kunna að taka til, og slíkt gerist á vegum annarra ráðuneyta, skulu þau láta ráðuneytinu í té upplýsingar um slíkt.

6. gr.

Löggæsluyfirvöld og heilbrigðisnefndir á hverjum stað skulu hafa eftirlit með því, undir umsjón ráðuneytisins, að framfylgt sé fyrirmælum laga þessara og reglugerða, sem settar eru með stoð í þeim.

IV. Varnir gegn mengun o. fl.

7. gr.

Ef talið er að rekstur verksmiðju, iðjuvers, atvinnufyrirtækis eða önnur starfsemi brjóti í bága við lög eða reglugerðir um umhverfisvernd og mengunarvarnir skal heilbrigðisnefnd veita forráðamönnum þeirra hæfilegan frest til úrbóta. Við ákvörðun ráðstafana til úrbóta skal m. a. taka tillit til þess, hver áhrif mengunin hefur á umhverfið, hver efnahagsleg og félagsleg þýðing hlutaðeigandi atvinnustarfsemi er, hverjir eru tæknilegir möguleikar til úrbóta, og hvern kostnað úrbætur hafa í för með sér fyrir aðila. Vísa má slíkum ákvörðunum til úrskurðar ráðuneytisins.

Ef fullnægjandi úrbætur hafa ekki verið framkvæmdar innan tilskilins frests getur ráðuneytið og/eða heilbrigðisnefnd látið stöðva með lögregluvaldi rekstur þann eða starfsemi, sem brýtur í bága við hlutaðeigandi laga- eða reglugerðarákvæði. Jafnan er unnt að höfða mál fyrir dómstólum til vefengingar slíkrar ákvörðunar, en málshöfðun frestar þó ekki framkvæmd ákvörðunar.

Nú telur heilbrigðisnefnd að svo alvarleg mengunarhætta stafi af rekstri skv. 1. mgr. að aðgerðir þoli ekki bið, og er nefndinni þá heimilt að stöðva hann til bráðabirgða með lögregluvaldi. Skýrslu um þessar aðgerðir ásamt nauðsynlegum gögnum skal heilbrigðisnefnd þegar í stað senda ráðuneytinu, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu án allrar ástæðulausrar tafar að fenginni greinargerð bannþola.

8. gr.

Þegar nauðsynlegt er talið vegna mengunarhættu, getur ráðuneytið sett reglur um bann eða takmörkun á innflutningi, framleiðslu, meðferð og notkun efna, sem skaðleg eru talin umhverfinu. Sama gildir um umbúðir, sem valdið geta umhverfisspjöllum.

9. gr.

Óheimilt er að losa úrgangsefni svo og hluti og skaðleg efni á landi, í vötn eða sjó á þeim stöðum og á þann hátt að valdið geti mengun og öðrum umhverfisspjöllum. Ráðherra setur nánari reglur um varúðarráðstafanir við losun úrgangsefna og skaðlegra efna á landi, í vötn og sjó.

10. gr.

Óheimilt er að spilla vatnsbólum, vötnum og grunnvatni. Ekki má veita frárennslisvatni eða skólpi frá bústöðum, byggð eða atvinnufyrirtækjum nema samkvæmt þeim reglum sem ráðherra setur, auk þeirra fyrirmæla, sem þegar eru í lögum og reglugerðum um þetta atriði.

11. gr.

Um meðferð eiturefna, og annarra hættulegra efna fer skv. lögum nr. 85/1968 með síðari breytingum. Ráðherra getur sett frekari reglur um meðferð slíkra efna og mengunarvarnir á þessu sviði.

12. gr.

Þess skal gætt við allan atvinnurekstur, umferð og aðra starfsemi að hávaði og titringur sé sem minnstur. Ráðherra setur nánari reglur um mörk slíkrar mengunar.

13. gr.

Þess skal gætt að loftmengun sé haldið í lágmarki. Sama gildir um geislun og ljósmengun. Ráðherra setur nánari reglur um mörk loft-, geisla- og ljósmengunar, sbr. og lög nr. 95/1962.

14. gr.

Ráðuneytið fer með öll þau atriði, sem varða umhverfis- og mengunarmál, m. a. vegna iðjureksturs þess, sem eftirtalin lög fjalla um: Lög nr. 35/1948 um sementsverksmiðju, lög nr. 76/1966 um álbræðslu við Straumsvík, lög nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, lög nr. 21/1971 um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, lög nr. 43/1971 um Áburðarverksmiðju ríkisins, lög nr. 107/1972 um þörungavinnslu að Reykhólum, lög nr. 10/1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Jafnframt fer ráðuneytið með fyrrgreind mál varðandi annan iðjurekstur, sem lög kunna að verða sett um.

V. Starfsleyfi.

15. gr.

Ekki er heimilt að hefja neinn þann atvinnurekstur, starfsemi eða framkvæmdir, sem sérstaka hættu geta haft í för með sér fyrir umhverfið, eða valdið geta alvarlegri mengun, nema með leyfi ráðuneytisins og að fengnum umsögnum þeirra aðila, sem eiga sérstaklega hlut að máli. Fullnaðarstarfsleyfi skal ekki veitt fyrr en að lokinni rannsókn skv. 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka m. a. til eftirfarandi atvinnureksturs og starfsemi:

1. Orkuver stærri en 10 MW.
2. Sementsverksmiðjur og glerverksmiðjur.
3. Pappírs- og tréniverksmiðjur.
4. Efnaverksmiðjur, þar með taldar áburðarverksmiðjur, málningarverksmiðjur og hreinlætisefnaverksmiðjur.
5. Málmbræðslur, málmvinnslur og málmsteypur.
6. Olíubrunnar og dælistöðvar.
7. Olíu- og fituhreinsunarstöðvar.

8. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur.
9. Starfsemi þar sem brennsla á kolum, koksi eða olíum fer fram í öðrum tilgangi en til húshitunar og heimilishalds, svo sem nánar kann að vera ákveðið í reglugerð.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að ákvæði þessarar greinar skuli taka til annarrar starfsemi eða atvinnureksturs en um ræðir í 2. mgr.

Atvinnufyrirtæki, sem starfa við gildistöku þessara laga og 1. og 2. mgr. þessarar greinar taka til og ekki hafa þegar hlotið starfsleyfi skv. reglugerð nr. 164/1972, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda ráðuneytinu umsókn um starfsleyfi ásamt viðhlítandi gögnum. Áður en starfsleyfi er veitt skal leita umsagnar, sbr. 1. mgr.

16. gr.

Ef reisa á verksmiðju eða iðjuver, sem ætla má að falli undir ákvæði 15. gr., má eigi ákveða henni stað, fyrr en að fengnu leyfi ráðuneytisins.

Eigi má stækka eða breyta verksmiðju eða iðjuveri, sem veitt hefur verið starfsleyfi, sbr. 15. gr., nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

17. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta hvern þann aðila starfsleyfi, sem brotlegur hefur gerst gegn ákvæðum þessa kafla laganna.

18. gr.

Áður en efnt er til starfsemi eða framkvæmda þeirra, sem getið er um í 15. gr., skal fram fara rannsókn til þess að kanna hver áhrif slíks muni verða á umhverfið, nema ráðuneytið telji ónauðsynlegt að slík rannsókn fari fram. Rannsókn skal kostuð af framkvæmdaaðila, nema ráðuneytið ákveði annað, og fara fram samkvæmt áætlun, sem ráðuneytið samþykkir og þeir aðilar framkvæma, sem það tilnefnir.

VI. Umhverfisvernd, rannsóknir o. fl.

19. gr.

Ráðuneytinu er heimilt, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 5. gr., að setja reglur þess efnis að áætlanir um stórframkvæmdir á vegum ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila, svo sem raforku-, stóriðju- og vegaframkvæmdir, skuli lagðar fyrir ráðuneytið til umsagnar.

Ráðuneytið hefur frumkvæði að almennum umhverfisrannsóknum, forgangsröðun og samræmingu þeirra eftir því sem þörf krefur í samráði og samvinnu við önnur ráðuneyti, hlutaðeigandi sveitarfélag og rannsóknastofnanir. Kostnaður við slíkar rannsóknir greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Ráðuneytið skal stuðla að gerð áætlana um skipulega landnotkun og landnýtingu er taki til eins eða fleiri sveitar- eða sýslufélaga, í samráði við Landgræðslu ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins, sveitarfélög og samtök þeirra eftir því sem við á.

21. gr.

Ef líklegt er að jarðrask eða brottnám jarðefna geti leitt til gróðureyðingar, varanlegra lýta eða mengunar, getur ráðuneytið eða aðili í umboði þess bannað slíkar athafnir. Jafnframt getur ráðuneytið sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni að landsvæði það, sem efni er tekið úr eða raskað á annan hátt, verði að framkvæmdum loknum lagfært svo sem þurfa þykir og hæfilegar tryggingar settar fyrir efndum.

22. gr.

Ráðuneytið skal reglubundið afla vitneskju um ástand auðlinda Íslands og gerir tillögur um verndun þeirra, eftir því sem ástæða þykir til.

VII. Bóta- og refsiábyrgð.

23. gr.

Hver sá sem veldur tjóni á umhverfinu með mengun eða öðrum umhverfisspjöllum skal bæta slíkt tjón eftir almennum skaðabótareglum.

24. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum skal refsa með sektum, varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári ef sakir eru miklar. Heimilt er að refsa samkvæmt þessum lögum fyrir tilraun eða hlutdeild í broti, sbr. III. kafla laga nr. 19/1940.

Ákvarða má félagi eða fyrirtæki sekt fyrir brot gegn lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn. Sektir skv. 1. og 2. mgr. renna í ríkissjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að kr. 100 000, þar til úr er bætt. Renna þær í sveitarsjóð. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt lögum þessum, eða reglugerðum samkvæmt þeim, er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verkið á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi.

Þá hefur ráðuneytið rétt til að leggja á dagsektir allt að kr. 100 000 og láta vinna verk á kostnað aðila ef ekki er sinnt fyrirmælum þess, svo og að breyta ákvörðun heilbrigðisnefndar. Dagsektir renna í ríkissjóð, og úr honum skal greiða til bráðabirgða kostnað við að vinna verk, sbr. niðurlag 3. mgr.

Kostnað og dagsektir, samkvæmt 3. og 4. mgr., má innheimta með lögtaki.

25. gr.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. Ýmis ákvæði.

26. gr.

Ráðuneytið setur reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara. Kostnaður við framkvæmd þeirra greiðist úr ríkissjóði, nema þar sem annað er ákveðið í lögunum.

27. gr.

Ákvæði, sem eru í lögum varðandi umhverfismál, þegar þessi lög taka gildi, skulu halda gildi sínu að því leyti, sem ákvæði þeirra brjóta ekki í bága við ákvæði þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 4. mars 1975 skipaði ríkisstjórnin nefnd til að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál í því skyni að sett yrði heildarlöggjöf um þau efni og kveðið á um, hvernig stjórnarfyrirkomulagi skuli háttað á þessu sviði.

Í nefndina voru skipaðir Gunnar G. Schram, prófessor, formaður, Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, varaformaður, Árni Reynisson, framkvæmdastjóri, Edgar Guð-

mundsson, verkfræðingur, Hjálmar R. Bárðarson, siglingamálastjóri, Páll Líndal, borgarlögmaður, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri, og Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri.

Nefndin lauk samningu frumvarps og gerð tillagna um stjórnsýsluþátt umhverfismála í apríl 1976 og sendi það ríkisstjórninni með ósk um að frumvarpið yrði borið undir þá aðila til umsagnar, sem ríkisstjórnin teldi æskilegt. Var frumvarpið sent allmörgum stofnunum og félagasamtökum, og bárust umsagnir frá fimmtán þeirra. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnuninni, Iðnþróunarstofnun Íslands, Landvernd, Rafmagnsveitum ríkisins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins og Vegagerð ríkisins. Í ljósi umsagnanna tók nefndin frumvarpið síðan til endurskoðunar og er það hér lagt fram í lokagerð.

Við upphaf starfs síns kannaði nefndin lagaákvæði þau sem til eru í íslenskum rétti um umhverfis- og mengunarmál. Í ljós kom það, sem raunar var vitað fyrir, að heildarákvæði skortir í íslenskri löggjöf á þessu mikilvæga sviði. Einu lögin, sem alfarið lúta að þessum málum í dag, eru lögin um náttúruvernd nr. 47/1971. Önnur lög taka að nokkru til þeirra vandkvæða og hættu, sem umhverfinu stafar af mengun og hættulegum efnum, svo sem ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969 og lög um eiturefni og önnur hættuleg efni nr. 85/1968. Var hér því við brýnt verkefni að fást — að semja frumvarp til laga um almenna umhverfisvernd, sem tæki til vettvangsins alls og fyllti upp í þær eyður, sem nú eru í löggjöf hér á landi í þessum efnum. Á grundvelli slíkra heildarlaga er síðan unnt að setja reglugerðir um einstök framkvæmdaatriði, eftir því sem sérstök þörf er talin hverju sinni í samræmi við þróun búsetu, iðnaðar og annarrar starfsemi. Er það slíkt frumvarp að heildarlögum um umhverfið og varnir gegn mengun, sem hér liggur fyrir.

Í þessu sambandi skal það tekið fram, að í frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um hið svonefnda ytra umhverfi og því ætlað að reisa skorður við skaðlegum áhrifum á það. Er þar átt við náttúru landsins og þá starfsemi, sem áhrif hefur utan dyra. Var það talin eðlileg takmörkun á gildissviði laganna, og tekur því frumvarpið ekki nema að litlu leyti til hins innra umhverfis, t. d. matvælaeftirlits og öryggis á vinnustöðvum, svo tvö atriði séu talin.

Meginverkefni frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi er þar að finna ýmis ákvæði um umhverfis- og mengunarvarnir, m. a. ákvæði sem áskilja starfsleyfi til atvinnu- og iðjureksturs, sem telja má hættulegan umhverfinu. Í öðru lagi er yfirstjórn umhverfismála sameinuð í höndum eins stjórnsýsluaðila. Er gert ráð fyrir því að þar verði um sérstaka nýja stjórnardeild að ræða, sem með þau mál fari, umhverfismáladeild. Ljóst er að brýna nauðsyn ber til þess að samræma reglur íslenskra laga um umhverfis- og mengunarmál og setja nýjar. Hér er um málefni að ræða, sem æ þýðingarmeira verður eftir því sem iðnþróun í landinu vex og þéttbýli eykst. Er markmið frumvarpsins að stemma á að ósi í þessum efnum, efla alhliða umhverfisvernd og koma á virkum vörnum gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum. Varðveisla og viðgangur náttúrugæða landsins er það grundvallaratriði, sem leitast er við að tryggja með ákvæðum frumvarpsins og jafnframt sem besta sambúð lands og þjóðar.

Veruleg spjöll hafa átt sér stað á náttúru og umhverfi nálægra iðnríkja sökum þess að umhverfissjónarmiðum var þar ekki nægur gaumur gefinn á liðnum árum. Af reynslu þeirra þjóða er ljóst mikilvægi þess að festa nú þegar í lög hér á landi réttarreglur, sem vernda þau lífsgæði, sem felast í óspilltri náttúru landsins, og hindra mengun og önnur umhverfisspjöll eftir því sem föng eru á. Á miklu ríður að slíkar ráðstafanir séu gerðar í tíma, áður en umhverfisröskun og annað tjón er orðið verulegt, því margfaldur kostnaður er við framkvæmd úrbóta, þegar röskunin hefur átt sér stað, svo sem reynsla annarra þjóða sýnir. Hér er þess að gæta að ís-

lensk náttúra og lífríki hennar er mjög viðkvæm fyrir umhverfisáhrifum sökum landfræðilegrar legu landsins og loftslags. Er því sérstök nauðsyn á að vera jafnan á varðbergi í þessum efnum og haga búsetu og atvinnustarfsemi ætíð á þann veg að fyllsta tillit sé tekið til umhverfisverndar.

Við gerð frumvarpsins var um tvær leiðir að velja. Annars vegar að semja heildstæðan lagabálk, er tæki yfir allt réttarsvið umhverfismála, og fella inn í hann þau sérlög, sem nú eru í gildi um þessi efni. Hinn kosturinn var sá að semja frumvarp, sem hefði að geyma nýjar meginreglur og réttarheimildir í umhverfismálum ásamt ákvæðum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag á þessum vettvangi. Yrðu þá flest ákvæði sérlaga látin haldast óbreytt, a. m. k. fyrst um sinn, þar til reynsla væri fengin af hinum nýju lögum í framkvæmd. Nefndin var einhuga um að velja síðari kostinn, svo sem frumvarpið ber vott um. Hefðu og verið á því vandkvæði, ef fyrri kosturinn hefði verið valinn, að draga mörkin milli þeirra ákvæða, sem nauðsyn bar að lögfesta þar, og annarra í skyldum lögum, auk þess sem slíkur háttur hefði valdið verulegri umbyltingu í framkvæmd þessara mála á lægri stjórnsýslustigum.

Er þetta einmitt sú leið, sem farin hefur verið við setningu löggjafar um umhverfismál á hinum Norðurlöndunum. Í Svíþjóð og Danmörku hefur nýlega verið sett heildarlöggjöf um umhverfismál (Svíþjóð 1969, Danmörk 1973) og er frumvarpið að nokkru sniðið eftir þeirri löggjöf, einkum hinni dönsku.

Er því gert ráð fyrir að þau lög, sem nú eru í gildi um náttúruvernd og umhverfismál, haldi áfram gildi sínu við hlið hinna nýju heildarlaga, a. m. k. þar til nokkur reynsla hefur fengist í lagaframkvæmd á þessum grundvelli. Helst þeirra ákvæða eru lög um náttúruvernd nr. 47/1971, lög um eiturefni og önnur hættuleg efni nr. 85/1968, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum nr. 95/1962, lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966, ákvæði 10. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og ýmis lög, er staðfesta alþjóðasamninga um mengun sjávar, sem Ísland hefur gerst aðili að.

Er í frumvarpinu gert ráð fyrir víðtækum heimildum til þess að setja reglur á grundvelli laga um umhverfisvernd á öllum þessum sviðum, auk annarra, sem enn eru ekki lögfest í íslenskum rétti, en ákvæði frumvarpsins taka til. Að því er annan meginþátt frumvarpsins varðar, stjórnsýsluþáttinn, er ljóst að mikil þörf er á að sameina yfirstjórn umhverfismála á einum stað í stjórnkerfi landsins. Nú heyra mál þessi undir a. m. k. sjö ráðuneyti og gefur auga leið að slíkt leiðir til seinvirkari stjórnsýslu en ella væri og skörunar valdmarka, sem æskilegt er að gera breytingu á.

Nefnd sú, sem frumvarp þetta samdi, lagði til að komið yrði á sameiginlegri yfirstjórn umhverfismála í sérstöku nýju ráðuneyti. Jafnframt benti nefndin þó á að ekki þyrfti þar að vera um sjálfstætt ráðuneyti að ræða, heldur mætti vista umhverfismálin í einhverju þeirra ráðuneyta, sem fyrir eru, sem þá yrði ráðuneyti umhverfismála jafnframt núverandi verkefnum. Er það sú leið, sem valin hefur verið, og ákvæðum frumvarpsins verið breytt til samræmis við það frá upphaflegri gerð. Meginatriði málsins er tvímælalaust það að yfirstjórn umhverfismála verði á einum stað í stjórnarkerfinu. Í samræmi við það er síðan lagt til að einstakir þættir umhverfismála, sem nú eru dreifðir um mörg ráðuneyti, verði fluttir, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Er þess að vænta að með slíkri samræmdri heildarstjórn og þeim nýju réttarheimildum á sviði umhverfismála, sem frumvarpið geymir, verði kleift að koma fram þeim markmiðum, sem liggja til grundvallar virkri umhverfismálastefnu á komandi árum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lýst með almennum orðum meginmarkmiði laganna, sem er að stuðla að alhliða umhverfisvernd. Greinin gengur mjög í sömu átt og 1. mgr. 1. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, en er víðtækari eins og skiljanlegt er.

Í 2. mgr. er gerð grein fyrir einu helsta nýmæli frv., en það er, að yfirstjórn umhverfismála verði samræmd og komið á skipulagsbundnu samstarfi þeirra, sem að umhverfismálum vinna. Tilhögun þessa er nánar lýst í 5. gr. frv., svo og í inngangi hér að framan.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldur manna til að stuðla að verndun náttúrugæða landsins. Í 2. og 3. mgr. er sérstaklega vikið að ýmsum mannlegum athöfnum, sem valdið geta umhverfisröskun.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en rétt er að vekja athygli á 22. gr. í þessu sambandi.

Um 4. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um mörk laganna. Taka þau, auk landsins, til landhelginnar, lofthelginnar og til fiskveiðilögsögunnar, svo sem hún er ákvörðuð á hverjum tíma. Nú er þar í gildi reglugerð nr. 299/1975 um 200 mílna fiskveiðilögsögu landsins. Í 1. mgr. er fram tekið að ákvæði laganna taki þó aðeins til fiskveiðilögsögunnar eftir því sem við getur átt, þar sem mengunarlögsaga strandríkja markast einnig af reglum þjóðaréttarins, sem enn eru í mótun og fjallað er nú um á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Er enn ekki vitað hver verður þjóðaréttur á þessu sviði.

Á það er og hér lögð áhersla að lögin taki til allrar starfsemi og framkvæmda, sem hafa í för með sér mengun eða önnur skaðleg umhverfisáhrif, og einnig til allra efna, sem svo er farið. Sérstaklega er hér vikið að umhverfisröskun vegna hávaða, en um það atriði hafa ekki fyrr verið lögfestar beinar lagareglur hér á landi.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að yfirstjórn umhverfismála verði í höndum eins stjórnsýsluaðila og að stofnuð verði sérstök stjórnardeild umhverfismála til þess að annast það verkefni. Rök að þeirri tillögu hafa þegar verið rakin í athugasemdum. Upp eru taldir þeir málaflokkar, sem lagt er til að færist til hinnar nýju stjórnardeildar. Meðal þeirra eru skipulags- og byggingarmál. Þau mál lúta að vísu ekki í jafnmiklum mæli að umhverfisvernd og þeir aðrir málaflokkar, sem í greininni eru taldir, en engu að síður skipta skipulags- og byggingarmál svo miklu varðandi umhverfi landsins að ekki er áhorfsmál að þessir málaflokkar eigi undir ráðuneyti umhverfismála. Bæði í Noregi og Danmörku heyra skipulagsmál undir umhverfismálaráðuneyti og sá háttur er nú ráðgerður í Svíþjóð.

Með því að skipa helstu umhverfismálum saman í hinni nýju stjórnardeild er þó ekki ætlunin að færa öll afskipti af umhverfis- og mengunarmálum úr höndum hinna einstöku ráðuneyta og stofnana. Eðli máls samkvæmt hljóta þau eftir sem áður að annast afskipti af þessum málaflokkum hvert á sínu sérsviði. Utanríkisráðuneytið mun, svo dæmi sé tekið, annast eftir sem áður gerð alþjóðasamninga fyrir Íslands hönd um mengun hafsins. Að því er framkvæmd slíkra samninga varðar er ekki gert ráð fyrir að nein breyting eigi sér stað í þeim efnum, heldur annist Siglingamálastofnun ríkisins áfram þau verkefni, sem henni hafa verið falin á þessu sviði með ákvæðum laga nr. 51/1970. Hins vegar er hér um það að ræða að flytja yfirstjórn, stefnumótun og samræmingu framkvæmda á hendur eins aðila, sem sé þá jafnframt ábyrgur fyrir þessum málaflokki í heild sinni. Hér er ekki tekin afstaða til þess hverju af núverandi ráðuneytum skuli falið að fara með umhverfismál. Miðað við þau verkefni, sem þau fara með í umhverfismálum í dag, virðast í því efni helst koma til greina félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið. Þá hefur og verið bent á þann möguleika að tengja þennan málaflokk forsætisráðuneytinu.

Með ákvæði greinarinnar um sérstaka samstarfsnefnd, sem ráðherra umhverfismála kveður saman og skipuð er fulltrúum annarra ráðuneyta, er miðað að því að samvinna stjórnsýsluaðila á vettvangi umhverfismála verði sem snurðulausust og greiðust. Er slíkt ákvæði nýmæli í lögum.

Auk þeirra verkefna, sem alfarið er gert ráð fyrir að komi undir ráðuneytið, er ljóst að ýmsir aðrir málaflokkar, sem áfram heyra undir önnur ráðuneyti, varða miklu á sviði umhverfismála og því nauðsynlegt að ráðuneytið eigi aðild að meðferð þeirra að því er umhverfisþáttinn snertir. Má þar m. a. nefna landgræðslu og skógræktarmál, rannsóknir á náttúru landsins, orkumál, veiðimál, undirbúning vegagerðar, hafnargerðar, flugvallagerðar o. fl. slíkar stórframkvæmdir, ferðamál og húsafriðunarmál.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að framkvæmd laganna, undir yfirumsjón ráðuneytisins, annist löggæsluyfirvöld og heilbrigðisnefndir á hverjum stað. Óhjákvæmilegt er að hér verði fengið fulltingi staðbundinna yfirvalda um lagaframkvæmd. Ekki þótti ástæða til þess að stofna stöður sérstakra umhverfisfulltrúa til þess að annast þessi verkefni eða fela þau náttúruverndarnefndum, þar sem það þykir ekki henta af stjórnsýsluástæðum. Í Danmörku er heilbrigðisnefndum falin framkvæmd umhverfismálalaganna og hefur sá háttur þar gefist vel. Í Noregi eru það einnig sveitarstjórnaryfirvöld, sem annast þessi verkefni.

Um 7. gr.

Fjórði kafli frumvarpsins fjallar um mengun o. fl. Er þar heilbrigðisnefnd eða ráðuneyti heimilað að krefjast úrbóta, ef atvinnustarfsemi eða iðjurekstur er talinn brjóta í bága við ákvæði laganna eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, jafnframt að láta stöðva þann rekstur ef ekki er orðið við slíkum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur hér jafnan endanlegt úrskurðarvald, en ætíð er heimilt að leita til dómstóla um vefengingu lögmætis slíkra ákvarðana. Eru í 1. mgr. rakin ýmis atriði, er taka ber tillit til við ákvarðanatöku um úrbætur, og veita þau eigendum atvinnufyrirtækja nokkra tryggingu fyrir því að ákvarðanataka hvíli á efnislegum rökum hverju sinni. Þá er og veitt heimild til þess að stöðva rekstur án tafar, ef alvarleg mengunarhætta er talin af honum stafa.

Um 8. gr.

Hér er veitt lagaheimild til þess að setja reglur um bann eða takmörkun á innflutningi og notkun efna, sem skaðleg eru talin umhverfinu. Slíka víðtæka heimild skortir í núgildandi lög, en ákvæði laga nr. 85/1968 taka einungis til eiturefna og hættulegra efna. Þá er alkunna að umbúðir, ekki síst þær sem gerðar eru úr gerviefnum sem seint eyðast, hafa á síðari árum orðið æ meira til umhverfislýta um land allt. Lokamálsgrein greinarinnar höfðar til þessa vanda og veitir heimild til úrbóta.

Um 9. gr.

Fullnægjandi heimild skortir í lög til þess að setja megi reglur um losun úrgangsefna, hluta og skaðlegra efna á landi og í vötn, utan jafnt sem innan skipulagsskyldra svæða, til þess að hindra mengun og önnur umhverfisspjöll. Er hér slík heimild veitt ráðherra umhverfismála. Að því er losun úrgangsefna og annarra efna í sjó varðar, gildir alþjóðasamþykkt um þau efni hér á landi, sbr. augl. nr. 5/1974, lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972, sbr. og lög nr. 77/1966, lög nr. 20/1973 og lög nr. 53/1973.

Um 10. gr.

Hér er lögfest almennt bann við mengun vatns og er ákvæði þetta víðtækara en ákvæði IX. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Veruleg mengun stafar frá skólpi og öðru frárennslisvatni og nauðsyn á að þeirri mengun sé ætíð haldið í lágmarki. Er hér lögfest heimild til þess að setja um þetta efni ítarlegri reglur en nú eru í lögum, sem taki þá jafnframt til óskipulagsskyldra svæða sem skipulagsskyldra.

Um 11. gr.

Samkvæmt lögum nr. 85/1968 heyrir meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna undir heilbrigðisráðuneytið. Gert er ráð fyrir því að málaflokkur þessi færist í heild til ráðuneytisins.

Um 12. gr.

Umhverfisröskun vegna hávaða og titrings er vaxandi vandamál, ekki síst sú röskun, sem stafar frá umferð. Ekki eru í lögum nein ákvæði, sem lúta að þessum atriðum, og því æskilegt að lögfesta slíka almenna heimild. Í reglugerð verður síðan nánar mælt fyrir um mörk leyfilegrar hávaðamengunar og önnur atriði, sem máli skipta, á þeim sviðum þar sem slík ákvæði nú skortir.

Um 13. gr.

Í 12. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni er ráðherra veitt heimild til þess að setja nánari ákvæði um notkun hættulegra lofttegunda, er ekki hafa lækningagildi og tilgreindar eru á sérstökum lista, er lögunum fylgir. Almenn ákvæði um varnir gegn loftmengun hefur til þessa hins vegar ekki verið að finna í lögum. Að því er geislun varðar eru í lögum ákvæði um eina tegund geislunar, þ. e. lög nr. 95/1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum. Í greininni er einnig vikið að ljósmengun, t. d. frá auglýsingaskiltum, og ráðherra veitt heimild til þess að setja frekari reglur um loft-, geisla- og ljósmengun, eftir því sem þörf krefur.

Um 14. gr.

Öll efnisrök mæla með því að ráðuneytið fari með öll þau atriði, sem varða umhverfis- og mengunarmál og lúta að stóriðju í landinu, bæði að þeim stóriðjufyrirtækjum, sem þegar hafa byrjað starfsemi, og eins hinum, sem síðar kunna að verða stofnuð. Sérstök lög hafa verið sett um hin nýju stóriðjufyrirtæki og annan iðnað og eru þau talin upp í greininni. Af eðlilegum ástæðum geyma þau ekki sérákvæði um mengun og aðra umhverfisröskun, en með þessu ákvæði frumvarpsins er ráðuneytinu fengin heimild til meðferðar umhverfismála að því er þennan iðnað varðar sérstaklega. Má og telja að meiri líkur séu á umhverfisröskun frá stóriðju, sem sérlög eru um sett, en frá öðrum iðnaði í landinu.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um þann atvinnurekstur, sem vegna eðlis síns er talinn sérstaklega hættulegur fyrir umhverfið. Er þar áskilið að engum sé heimilt að hefja slíkan atvinnurekstur, nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins, starfsleyfi. Þetta er undantekningarregla. Að jafnaði þarf ekkert slíkt leyfi til atvinnu- eða iðjureksturs eða annarrar starfsemi samkvæmt frumvarpinu. Í greininni eru upp taldar 9 atvinnugreinar, er falla undir starfsleyfisákvæðið. Er þar um að ræða hinar sömu greinar, sem taldar eru í reglugerð nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og starfræksla á sviði þeirra bundin leyfi heilbrigðisráðherra. Við hefur þó verið aukið orkuverum, sem stærri eru en 10 MW. Þótt hér sé upp talinn sá atvinnurekstur, sem sérstaklega hættulegur má teljast fyrir umhverfið, getur síðar þótt ástæða til að auka við listann og er því ráðherra veitt heimild til þess að

ákveða með reglugerð að starfsleyfisskilyrðið skuli ná til annarrar starfsemi eða atvinnureksturs.

Við veitingu starfsleyfa samkv. 1. mgr. ber að leita umsagnar þeirra aðila, sem eiga sérstaklega hlut að máli. Eru þeir ekki taldir upp í greininni, þar sem það hlýtur að fara eftir eðli atvinnurekstursins til hvaða umsagnaraðila er leitað hverju sinni. Meðal þeirra má nefna Heilbrigðieftirlit ríkisins, Eiturefnanefnd, Náttúruverndarráð, Öryggiseftirlit ríkisins og Siglingamálastofnun ríkisins.

Um veitingu starfsleyfa vegna iðnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi, sem alvarleg mengunarhætta og önnur umhverfisröskun getur stafað af, eru nú engin ákvæði í lögum. Er hins vegar Heilbrigðiseftirliti ríkisins falin meðferð umsókna um starfsleyfi og heilbrigðisráðherra veiting þeirra, skv. reglugerð nr. 164/1972.

Hér er þó um svo mikilvæg atriði að ræða að rétt þykir að lögbinda starfsleyfisákvæði, svo sem gert er í greininni.

Um 16. gr.

Staðarval iðju- og atvinnureksturs, sem veruleg mengunarhætta stafar af, skiptir miklu varðandi mengunarvarnir. Þykir því rétt að fram sé tekið í lögunum að ráðherra verði að samþykkja staðarval fyrir slíka starfsemi. Sömu rök lúta að ákvæði 2. mgr. 16. gr. varðandi breytingu eða stækkun verksmiðju eða iðjuvers, sem starfsleyfi þarf.

Um 17. gr.

Um refsiákvæði fyrir brot á lögum þessum er fjallað í VII. kafla laganna. Hér er sérstaklega fjallað um afleiðingar þess, ef aðili brýtur gegn starfsleyfakafla laganna. Þegar haft er í huga hvert eðli þeirrar starfsemi eða atvinnureksturs er, sem ákvæði kaflans taka til, þykir rétt að ráðherra hafi ótvíræða heimild til sviptingar starfsleyfis, þegar svo stendur á.

Um 18. gr.

Hér er lögbundið að áður en efnt er til starfsemi eða framkvæmda, sem starfsleyfi þarf til, skuli fara fram rannsókn til þess að kanna hver áhrif slíks muni verða á umhverfið. Almenn rannsóknarskylda hefur ekki verið lögbundin fram til þessa, en telja verður tvímælalaust æskilegt að þessa skilyrðis til öflunar starfsleyfis sé getið í lögum. Vera má að þegar liggi fyrir niðurstöður rannsókna um áhrif slíkrar starfsemi eða framkvæmda á hlutaðeigandi stað og er ráðuneytinu í slíkum tilvikum þá heimilt að falla frá hinu almenna rannsóknarskilyrði, jafnframt, ef rannsókn er talin óþörf. Hlýtur þó jafnan þar að vera um undantekningartilvik að ræða. Eðlilegt er að kostnað af rannsókn beri sá aðili, sem starfsleyfis óskar, og skoðast sá kostnaður sem liður í frumfjárfestingu fyrirtækisins á staðnum. Mikilvægt er hins vegar að það sé ekki leyfisumsækjandi, sem sjálfur velur þá aðila sem rannsóknina framkvæma, heldur ráðuneytið, og að þeir starfi eftir áætlun sem það hefur samþykkt. Yrði þar umfang rannsóknarinnar m. a. ákvarðað, en fram skal tekið að grein þessi tekur ekki til grundvallarrannsókna, sem geta verið mjög umfangsmiklar og langvinnar, heldur einungis til rannsókna á beinum áhrifum hinnar væntanlegu starfsemi eða framkvæmda á umhverfið.

Um 19. gr.

Hér eru lögbundin ákvæði um almennar umhverfisrannsóknir og heimild ráðuneytisins til þess að ákvarða framkvæmd þeirra, eftir því sem það telur nauðsyn á. Yrði hér fyrst og fremst um grundvallarrannsóknir á náttúru landsins að ræða með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmda og búsetu. Gætu slíkar rannsóknir tekið til stórra landsvæða, en ekki verið afmarkaðar við umhverfisáhrif frá einu iðjuveri eða verksmiðju, sbr. ákvæði 18. gr. Þar sem hér er um öflun almennrar undirstöðu-

þekkingar á náttúru og umhverfi landsins að ræða er svo fyrir mælt að kostnaður við slíkar grundvallarrannsóknir skuli greiðast úr ríkissjóði. Ekki er hér til þess ætlast að ráðuneytið sé framkvæmdaaðili í þessu efni, heldur hafi um rannsóknir þessar samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti, rannsóknastofnanir hverja á sínu sviði og hlutaðeigandi sveitarfélög. Hins vegar liggur samræming rannsóknanna og forgangsröðun verkefna innan verkahrings þess.

Þá er hér lögbundið að ráðuneytið getur óskað þess að til þess verði leitað sem umsagnaraðila varðandi fyrirhugaðar stórframkvæmdir á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila. Umhverfisáhrif slíkra framkvæmda geta verið veruleg, þótt ekki sé þar þörf starfsleyfis, og því æskilegt og eðlilegt að ráðuneytinu sé gefinn kostur á að fylgjast með þeim frá upphafi og láta í ljós skoðun sína á umhverfisþættinum. Í lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd er að finna, í 17., 21. og 29. grein, ákvæði um það, að umsagnar Náttúruverndarráðs skuli leitað í ákveðnum tilvikum, en í 19. gr. þessa frumvarps er um miklum mun víðtækari umsagnarrétt að ræða.

Um 20. gr.

Skipulag er fyrst og fremst ráðstöfun lands. Í skipulagsvinnu eru ýmsar afdrifaríkar ákvarðanir teknar, sem snerta umhverfið. Á þessu stigi má oft sjá fyrir og leysa árekstra milli ýmissa sjónarmiða og hagsmuna, svo sem mannvirkjagerðar, nýtingar gróðurs og umhverfisverndar. Því er það mikils virði fyrir umhverfisvernd, að vel sé vandað til skipulagsvinnu og þar tekin til meðferðar ráðstöfun lands í ljósi þess, til hvers það hentar best á hverjum stað frá sjónarmiði þjóðfélagsins, hversu mikla nýtingu það þolir, og hvernig tryggja megi sem flestum landrými til athafna. Umhverfisráðuneytum erlendis eru víða falin víðtæk afskipti af skipulags- og landnýtingarmálum. Hér er lagt til að ráðuneytið hvetji til og stuðli að æskilegum vinnubrögðum á þessu sviði. Miðstöð slíks starfs yrði eftir sem áður Skipulagsstjórn ríkisins, sem hefur þegar ráðist í fyrsta verkefnið á sviði landskipulags.

Um 21. gr.

Reynsla sú, sem fengin er af núgildandi náttúruverndarlögum, bendir til þess, að ganga þurfi skrefi lengra en gert var í vörnum gegn jarðraski, enda meðal algengustu umhverfisspjalla. Hér er lagt til að ráðuneytið geti bannað jarðrask, ef sýnt þykir að það muni leiða til verulegra eða varanlegra spjalla. Jafnframt er kveðið á um skilyrði fyrir leyfðu jarðraski, þ. á m. tryggingar fyrir lagfæringum við verklok. Fordæmi fyrir slíku ákvæði er í lögum nr. 25/1972, en bundið við skipulagsskyld svæði og kemur því að takmörkuðum notum.

Um 22. gr.

Auðlindir landsins eru einn hinna mikilvægu umhverfisþátta. Er því ráðuneytinu falið í þessari grein frumvarpsins að afla reglubundið vitneskju um ástand auðlinda Íslands og gera tillögur um verndun þeirra eftir því sem ástæða þykir til. Engum aðila er nú falið með lögum að annast slíka heildstæða upplýsingaöflun, þótt hin ýmsu ráðuneyti fari hins vegar með þetta verkefni hvert á sínu sviði, en þó í mismunandi miklum mæli. Þykir því ástæða til þess að ráðuneytinu sé falin slík almenn upplýsingaöflun, svo þeir aðilar, sem á slíkri vitneskju þurfa að halda, geti jafnan aflað hennar á einum stað í stjórnkerfi landsins. Ráðuneytinu er hins vegar ekki fengin nein heimild til þess að fjalla um á hvern hátt nýta beri auðlindir landsins, heldur er það hlutverk annarra viðkomandi ráðuneyta og stofnana. Verksvið ráðuneytisins í þessu efni takmarkast við það eitt að gera tillögur um verndun auðlinda, þegar ástæða er talin til, í samræmi við hið almenna umhverfismálahlutverk, sem ráðuneytinu er falið með lögum. Um framkvæmd slíkra tillagna og ákvörðunartöku í því efni fjalla önnur stjórnvöld, sem hlut eiga að máli. Þess

má geta í þessu sambandi, að auðlindamál heyra undir umhverfismálaráðuneytið í Noregi.

Um 23. gr.

Hér er fjallað um skaðabótaskyldu þeirra, sem valda tjóni á umhverfinu með mengun eða öðrum umhverfisspjöllum.

Ekki þykir ástæða til að setja neinar sérstakar reglur um skaðabótaábyrgð vegna tjóns, sem hlýst á því sviði, sem frumvarpið nær til. Í greininni er fram tekið, að sá sem tjóni veldur skuli bæta tjónið eftir almennum skaðabótareglum.

Um 24. gr.

Fjallað er í greininni um refsiábyrgð vegna brota á lögunum. Ef sakir eru miklar þykir rétt að heimila beitingu fangelsis allt að einu ári. Önnur viðurlög eru sektir og varðhald. Refsiheimild er einnig að finna í greininni fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í broti, sbr. III. kafla laga nr. 19/1940.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hlutræna refsiábyrgð, sem er undantekning frá meginreglunni um sök (ásetning eða gáleysi) sem refsiskilyrði, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þess að slíkri refsiábyrgð verði komið fram, þarf ótvíræða heimild í lögum, svo sem hér er að finna. Rétt þykir að setja slíkt undanþáguákvæði hér vegna þeirra stórfelldu hagsmuna, sem í húfi geta verið, og vegna hættunnar á því, að ekki takist að upplýsa hvaða aðilar fyrirtækis — fyrirsvarsmenn eða aðrir starfsmenn — séu brotlegir, þannig að refsingu verði ekki fram komið gegn þeim af þeirri ástæðu. Þá skal og á það minnt í þessu sambandi, að fyrirtæki eða stofnun verður ekki sektuð, nema á hlutrænum grundvelli.

Þá er í greininni að finna heimildir fyrir bæði heilbrigðisnefndir og ráðuneytið til að leggja á dagsektir, ef aðili vanrækir að vinna verk, sem fyrirskipað hefur verið samkvæmt lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða ef löglega gefnum fyrirmælum er ekki sinnt. Rétt þykir að láta dagsektir þær, sem heilbrigðisnefnd leggur á, renna í sveitarsjóð, en ella renna þær í ríkissjóð.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 27. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 621. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Albert Guðmundsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Axel Jónsson.	Ragnar Arnalds.
	Jón G. Sólnes.	

Ed. **622. Frumvarp til laga** [292. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1976 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	355 064	547 525
01	Forsætisráðuneytið	1 200 225	1 225 911
02	Menntamálaráðuneytið	9 282 787	11 392 165
03	Utanríkisráðuneytið	732 716	917 106
04	Landbúnaðarráðuneytið	2 867 507	3 725 084
05	Sjávarútvegsráðuneytið	1 366 523	2 057 318
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	3 131 121	4 535 108
07	Félagsmálaráðuneytið	2 636 435	3 227 321
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	19 544 304	22 632 976
09	Fjármálaráðuneytið	2 768 888	2 901 382
10	Samgönguráðuneytið	6 367 505	7 945 139
11	Iðnaðarráðuneytið	1 760 895	1 638 046
12	Viðskiptaráðuneytið	5 041 055	5 241 558
13	Hagstofa Íslands	53 017	55 379
14	Ríkisendurskoðun	61 138	63 808
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1 688 071	2 401 940
	Mismunur	1 485 139	816 085
	Samtals	60 342 390	71 323 851

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	59 627 686	70 164 826
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	198 464	245 509
13	Ýmsar tekjur	516 240	913 516
	Mismunur		
	Samtals	60 342 390	71 323 851

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1976, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 623. Frumvarp til fjáraukalaga [293. mál]

fyrir árið 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1976 er veitt:

		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	34 381
01	Forsætisráðuneytið	25 686
02	Menntamálaráðuneytið	2 109 378
03	Utanríkisráðuneytið	184 390
04	Landbúnaðarráðuneytið	857 577
05	Sjávarútvegsráðuneytið	690 795
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 403 987
07	Félagsmálaráðuneytið	590 886
08	Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið	3 088 672
09	Fjármálaráðuneytið	132 494
10	Samgönguráðuneytið	1 577 634
12	Viðskiptaráðuneytið	200 503
13	Hagstofa Íslands	2 362
14	Ríkisendurskoðun	2 670
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	713 869
	Samtals	11 615 284

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1976. Þeir leggja til að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1976 sýnir, að undanskildum alþingiskostnaði.

Sþ. 624. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um íslenska stafsetningu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Undirritaðir geta ekki mælt með samþykkt hennar.

Umsagnir um tillöguna bárust frá Íslenskri málnefnd og Samtökum móðurmálskennara. Leggjast Samtök móðurmálskennara gegn samþykkt tillögunnar og er umsögn þeirra ásamt bréfi sem fylgdi birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Íslensk málnefnd gerir margs konar athugasemdir við meginefni tillögunnar. Málnefndin hafnar þeirri meginstefnu tillögumanna að fella úr gildi „Auglýsingu um íslenska stafsetningu“ nr. 132/1974 með breytingu frá 28. júní 1977, og bendir á að þar er kveðið á um fjölda stafsetningaratriða, sem engin skil eru gerð í auglýsingunni frá 1929, en í tillögunni er lagt til að hún taki gildi á ný, að undanteknum reglunum um ritun z, sem gerðar eru á breytingar.

Í greinargerð með tillögunni er látið í veðri vaka að með breytingunum á reglum um ritun z frá 1929 sé gengið til sátta í stafsetningarmálum. Það fær ekki staðist, þegar jafnframt er lagt til að nema úr gildi reglur um fjölmörg stafsetningaratriði,

sem hvergi hefur komið fram að séu ágreiningsmál. Slík afstaða víkkar ágreiningssviðið í staðinn fyrir að þrengja það.

Þá sannast af athugasemdum Íslenskrar málnefndar við reglur tillögugreinarinnar um ritun z, hversu ófallið er að Alþingi taki að setja reglur um einstök atriði stafsetningar. Rennir sú reynsla frekari stoðum undir þá afstöðu, að affarasælla sé að taka þann hátt upp sem lagt er til í frumvarpi menntamálaráðherra á þingskjali þrjú á þá leið að lög verði sett um meðferð stafsetningarmála í heild.

Því leggjum við til að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir Alþingi liggur á þingskjali þrjú frumvarp menntamálaráðherra um setningu reglna um íslenska stafsetningu, þar sem fjallað er um undirbúning stafsetningarreglna í heild og hlutdeild Alþingis í setningu þeirra, telur sameinað Alþingi ekki ástæðu til að taka eina stafsetningarreglu af mörgum út úr og láta hana sérstaklega til sín taka með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. apríl 1978.

Jón Helgason, fundaskr.	Magnús T. Ólafsson, frsm.	Jón Skaftason.

Fylgiskjal.

BRÉF OG UMSÖGN SAMTAKA MÓÐURMÁLSKENNARA.

Til alsherjarnefndar Sameinaðs alþingis. Reykjavík, 20. jan. 1978.

Stjórn Samtaka móðurmálskennara leyfir sér hér með að svara bréfi yðar frá 8. des. 1977 þar sem þér farið þess á leit að samtökin láti í té umsögn um tillögu til þingsályktunar um íslenska stafsetningu (58. mál. á 99. löggjafarþingi).

Stjórnin ræddi erindi yðar og fól síðan nefnd kennara af öllum skólastigum að semja álitsgerð um þingsályktunartillöguna. Þessir móðurmálskennarar, allir við skóla í Reykjavík, áttu sæti í nefndinni:

Árni Böðvarsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Bjarni Fr. Karlsson, Hagaskóla. Guðmundur B. Kristmundsson, Æfingaskóla KHÍ, Ingi Kristinsson, skólastjóri Melaskóla, Jón S. Guðmundsson, Menntaskólanum í Reykjavík og Þóra Kristinsdóttir, Æfingskóla KHÍ.

Formaður samtakanna stjórnaði fundum nefndarinnar og auk þeirra, sem þar áttu sæti, sóttu nokkrir fleiri kennarara fundina eða samband var við þá haft. Var á allan hátt leitast við að fá fram sem flest sjónarmið.

Stjórnin sendir hér með álitsgerð nefndarinnar og er hún henni að öllu leyti samþykk. Telur hún að hér komi fram skoðun yfirgnæfandi meirihluta allra móðurmálskennara. Stjórnin leyfir sér enn fremur að benda á að þann 21. apríl 1977 sendu 225 grunnskólakennarar í Reykjavík og nágrenni hinu háa alþingi ályktun um stafsetningarmál sem mjög hnígur í sömu átt.

Stjórnin þakkar það traust sem þér hafið sýnt félagsskap móðurmálskennara, nýlega stofnuðum.

Virðingarfyllst

f. h. stjórnar Samtaka móðurmálskennara

Indriði Gíslason (form.).

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um íslenska stafsetningu (58. mál á 99. löggjafarþingi).

Við undirrituð höfun orðið sammála um að skila eftirfarandi áliti á þingsályktunartillögu um íslenska stafsetningu (58. mál. á 99. löggjafarþingi):

1. Tíðar breytingar á löggiltri stafsetningu eru óheppilegar ef samræmd og skipuleg stafsetning íslenskrar tungu er talin æskileg svo sem sjálfsagt þykir um aðrar tungur menningarþjóða nú á dögum fyrir margra hluta sakir. Í annan stað er óskynsamlegt að ákveða stafsetningarbreytingar án undangenginna rannsókna á þeim þáttum málsins sem snerta stafsetningu. Má í því sambandi nefna könnun á tengslum stafsetningarnáms og lestrarnáms, tíðni orða í málinu, tíðni ýmissa stafsetningaratriða o. fl. — Nú væri full þörf að rannsaka hvaða árangur eða afleiðingar stafsetningarbreytingar 1973—74 hafa haft á þeim 3—4 árum sem síðan eru liðin áður en hrapað er að nýrri breytingu.
2. Ofannefnd þingsályktunartillaga er meingölluð að áliti okkar nefndarmanna, bæði þeirra sem vilja z aftur inn í ritmálið og hinna sem vilja ekki hverfa frá breytingunni 1973—1974. Rök okkar eru einkum þessi:
   a) Reglur þær, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru flóknar og til þess fallnar að stórauka á glundroða í stafsetningu.
   b) Innbyrðis misræmi er í reglunum þar sem ætlast er til að stafsett sé „ég leit, þú leizt," en hins vegar: „ég batt, þú battst; getur sést, getur settst; nyrzt, innst." Venjulegum nemendum er vart ætlandi slík aðgreining, auk þess sem stafsetning með ttst hefur aldrei fest rætur í íslensku.
   c) Af kennslufræðilegum ástæðum er brýn þörf að ein og sama stafsetning sé kennd á öllum skólastigum, en reyndin var sú að z var ekki kennd fyrr en á gagnfræðastigi. (Oft var hinum lakari nemendum alveg sleppt við þennan staf). Var þessari venju fylgt lengst af frá 1929—1973 en til þess horfs vill þingsályktunartillagan nú færa stafsetninguna.
   d) Með afnámi reglnanna frá 1974 myndu og falla úr gildi öll fyrirmæli um að rita skuli y, ý, og ey í íslensku ritmáli, greina sundur hv og kv, hvenær rita skal stóran staf og hvenær lítinn, hvenær eitt orð og hvenær tvö o. s. frv., en um mörg slík atriði voru engar reglur formlega í gildi af hálfu hins opinbera fyrr en reglugerðin frá 3. maí 1974 öðlast gildi. Til þess tíma var aðeins stuðst við venjur sem hætt er við að grundvellinum þætti undan kippt ef einu reglurnar um þær yrðu afnumdar.
   e) Af þessum sökum er ljóst að samþykkt og framkvæmd þingsályktunartillögunnar legði móðurmálskennurum nær óframkvæmanlega og mjög óljúfa skyldu á herðar og yrði því til að valda verulegum glundroða í stafsetningarmálum.
3. Við lítum svo á að eðlilegt sé að Alþingi ákveði hvernig staðið skuli að breytingum á löggiltri stafsetnngu og hverjr skuli um slíkt fjalla, á sama hátt og það ákveður hvaða aðilar skuli ákveða gerð skólabúss eftir að það hefur ákveðið byggingu þess. Hins vegar teljum við óeðlilegt að Alþingi ákveði einstök atriði stafsetningar, hvaða lestrarkennsluaðferð skuli notuð í barnaskólum eða hvaða málfræðistefna skuli ríkja í móðurmálskennslu, á sama hátt og það er óeðlilegt að Alþingi ákveði veggjaþykkt og burðarþol skólahúsa.

Reykjavík, 19. janúar 1978.

Bjarni Fr. Karlsson. Árni Böðvarsson. Guðmundur B. Kristmundsson.
Ingi Kristinsson. Þóra Kristinsdóttir.

Jón S. Guðmundsson,
með eftirfarandi aths.: Ég tel, að breyting sú, sem gerð var á ísl. stafsetn. 1973, hafi ekki aðeins verið

óþörf með öllu, heldur til skaða og til þess fallin að auka á glundroða, eins og reyndin hefur orðið. Kysi ég því helzt, að aftur yrði horfið til stafsetningarinnar frá 1929.

Nd. 625. Frumvarp til laga [202. mál]

um embættisgengi kennara og skólastjóra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 397 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:
Kennarar, sem hafa lokið B.A.- B.S.- eða cand. mag.- prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 4. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar. Þó skal umsækjandi með cand. mag.- próf eða annað hliðstætt því ganga fyrir að öðru jöfnu.

Ed. 626. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til laga um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og leggur einróma til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Bragi Sigurjónsson.
Ásgeir Bjarnason.
Helgi F. Seljan.
Steinþór Gestsson.

Ed. 627. Breytingartillaga [234. mál]

við frv. til laga um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

7. gr. frumvarpsins orðist svo:
Stefnt skal að því að ráða ekki starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun ellegar gangist undir sérstaka ónæmisbólusetningu áður en það hefur störf.

Ed. 628. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til laga um lyfjafræðinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Bragi Sigurjónsson.
Ásgeir Bjarnason.
Helgi F. Seljan.
Steinþór Gestsson.

Ed. 629. Breytingartillaga [52. mál]

við frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 12. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki samkvæmt 7. sbr. 10. gr., aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefur verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

Ed. 630. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til laga um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd mælir með samþykkt frv.

Ragnar Arnalds áskilur sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Axel Jónsson, form., frsm.
Steinþór Gestsson, fundaskr.
Jón Árm. Héðinsson.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Jón Helgason.

Ed. 631. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um Þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið nokkra aðila til viðræðna um málið.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Ragnar Arnalds áskilur sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.

Ragnar Arnalds, með fyrirvara. Jón Helgason.

Nd. 632. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., og leggur meiri hl. til að **því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.** Svava Jakobsdóttir er samþykk frv. og skilar séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar bendir á að lögin um fuglaveiðar og fuglafriðun hafa verið til sérstakrar endurskoðunar, og liggja tillögur endurskoðunarnefndarinnar þegar fyrir hjá menntamálaráðuneytinu. Þykir meiri hl. rétt að bíða með breytingar í nefndum lögum þar til álit endurskoðunarnefndarinnar hefur verið kynnt opinberlega og um það fjallað af menntamálaráðherra og öðrum þar til bærum aðilum. Þykir eftir atvikum rétt að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Gunnlaugur Finnsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Ingvar Gíslason, form., frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ólafur B. Óskarsson.

Magnús T. Ólafsson. Ellert B. Schram.

Nd. 633. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur áður fjallað um frv. sama efnis og lagði þá til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Nefndin er enn sama sinnis, að eftir atvikum sé rétt að mæla með **því að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Gunnlaugur Finnsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Ingvar Gíslason, form., frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ólafur B. Óskarsson.
Magnús T. Ólafsson. Ellert B. Schram.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 634. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fundum sínum og m. a. fengið um það álit prófessors Arnþórs Garðarssonar. Eftir atvikum leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Gunnlaugur Finnsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Ingvar Gíslason, form., frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ólafur B. Óskarsson.
Magnús T. Ólafsson. Ellert B. Schram.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 635. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Stefán Valgeirsson.
Eðvarð Sigurðsson. Geirþrúður Hildur Bernhöft. Ólafur G. Einarsson.

Nd. **636. Frumvarp til laga** [294. mál]

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Orðið „fæðingarstyrks“ í 10. gr. falli niður.
16. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Í stað b-liðar 1. málsgr. 39. gr. laganna komi þrír stafliðir, er orðist svo:

b. Að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.
c. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
d. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun.

Stafliðir c-f í málsgr. 39. gr. verði stafliðir e-h, og aftan við málsgreinina bætist: Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja, samkv. stafliðum b-d. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrirfram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

3. gr.

Aftan við 1. málsgr. 40. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo: Sá sem tekur sér búsetu í landinu verður sjúkratryggður 6 vikum eftir að búsetan hefst, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Nauðsynleg þjónusta í skyndilegum sjúkdómstilfellum, sem upp koma, skal greidd, þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

Samlagsmaður, sem flytur af landi brott er hann hefur verið búsettur í landinu a. m. k. 2 næstliðin ár, heldur sjúkratryggingu sinni í 6 mánuði, frá brottförinni nema annað leiði af milliríkjasamningum.

4. gr.

Á eftir orðinu „sjúkrahúsi“ í 1. málsgr. 42. gr. laganna komi „þ. á m. fæðingarstofnun“.

5. gr.

Í stað stafliða f-h í 1. málsgr. 43. gr. laganna komi stafliðirnir f-i, er orðist svo:

f. Við fæðingu í heimahúsum, kostnaðar vegna aðstoðar ljósmóður, ákveðinn með þeim hætti, sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.
g. Tannlækningar samkvæmt 44. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns ef um lengri vegalengd en 10 km. er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að ¾ hlutum.

i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast ¾ af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Sama gildir um sjúkraflutning með sjúkrabíl fyrst eftir slys, þótt ekki komi til sjúkrahúsvistar, svo og um flutning slasaðs manns með skipi, þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað, eftir reglum er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.

Í stað 3. og 4. málsgr. 43. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin eru í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða, með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar, hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

6. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, veitta af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum, eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins hefir samning við, greiða sjúkrasamlög svo sem hér segir:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6—15 ára 50% af kostnaði við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerðir og tannréttingar en 37.5% af þessum aðgerðum. Sveitarfélögum skal skylt að leggja fram jafn mikið á móti. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.
3. Fyrir 16 ára unglinga 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
4. Fyrir unglinga þótt eldri séu en 16 ára skal greiða 75% kostnaðar við tannréttingarmeðferð, sem hafin hefir verið áður en þeir urðu 16 ára, þar til meðferð er lokið.

   Heimilt er að greiða 75% aðgerðar á 17—18 ára unglingi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda sé trúnaðartannlækni gerð grein fyrir því, þegar þörfin kemur upp eða a. m. k. áður en unglingurinn verður 17 ára, að rétt sé að fresta aðgerðinni og trúnaðartannlæknir samþykki það.
5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur né brýr.

   Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingarráð setur, í 75%, eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%.

   Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar.

7. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrasamlag greiðir sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem orðinn er 15 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur, sé um þær að ræða, falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verði að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr. skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en 3 mánuði.

Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. í 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, er óvinnuhæfni er staðreynd af lækni.

Fullir dagpeningar nema kr. 2 084 á hvern dag fyrir einstakling og kr. 448 fyrir hvert barn á framfæri innan 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiði með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Ekki skal þó telja með barn, er sjálft nýtur dagpeninga.

Fullra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður heilsdags launaða vinnu, Hálfra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður launaða vinnu, sem nemur minna en heilsdags vinnu, en a. m. k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna, sem nemur minna en hálfs dags starfi, greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dgpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema fjórðungi fullra dagpeninga, að viðbættum ¾ hlutum sannaðra greiðslna fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp ½ dag í viku allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum, er tilgreini vinnutíma, greidd laun og nafnnúmer viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags, teljast ekki með. — Umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki fjórðung dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda, samkvæmt framanskráðu.

Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu samkv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem hefur unnið heilsdags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í 3 mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða, hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu 2 mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti, sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót, sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

Um dagpeninga vegna fæðingar í heimahúsum fer skv. 43. gr., f-lið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 27. október 1975, skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að fjalla um sameiningu slysatrygginga og annarra greina almannatrygginga og skilaði hún greinargerð um það mál ásamt lagafrumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi skömmu fyrir árslok 1977.

Með lagafrumvarpi því, sem hér er lagt fram, er lokið öðrum þætti starfs nefndarinnar, en hann hefur fyrst og fremst snúist um ýmis bótaákvæði sjúkratryggingakafla almannatryggingalaga. Við þetta starf hefur nefndin verið þannig skipuð:

Bragi Guðmundsson, læknir, samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokks, Guðrún Helgadóttir, deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu Alþýðubandalagsins, Jón Abraham Ólafsson, sakadómari, samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins, Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður, samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins, Steinunn Finnbogadóttir, ljósm., samkvæmt tilnefningu Samtaka frjálslyndra, Oddur Ólafsson, alþingismaður, Sigurður Ingimundarson, forstjóri, Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóri og Gunnar J. Möller hrl., og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri, hefur verið ritari nefndarinnar, og enn fremur hefur Guðjón Hansen, tryggingafræðingur verið henni til aðstoðar.

Helstu breytingar frá gildandi lögum, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Gert er ráð fyrir, að tekin verði upp greiðsla ferðakostnaðar sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar við sjúkrahús.
2. Ákvæðum um greiðslur vegna tannlækninga er að ýmsu leyti breytt, m. a. með tilliti til fenginnar reynslu.
3. Gert er ráð fyrir breyttum ákvæðum um sjúkradagpeninga. Að nokkru leyti miðast þau við þá forsendu, að áðurnefndar breytingar á slysatryggingum verði samþykktar, en auk þess má nefna breytt ákvæði um dagpeninga húsmæðra og dagpeninga til manna, sem taka upp vinnu að hluta eftir veikindaforföll.
4. Lagt er til, að fæðingastyrkur falli niður, sjúkrasamlög greiði vist á fæðingastofnun og konur, sem fæða í heimahúsum, fái greiddan ljósmóðurkostnað ásamt dagpeningum.
5. Sett eru ákvæði um upphaf og lok sjúkratryggingar í sambandi við búferlaflutning til landsins og frá.
6. Gert er ráð fyrir, að sett verði reglugerð um sjúkrahjálp, er veitt verði umfram það, sem lögboðið er, í stað þess, að slík ákvæði séu í samþykktum einstakra samlaga.
7. Nokkur ákvæði núgildandi laga eru gerð skýrari og færð til samræmis við núverandi framkvæmd.

Í athugasemdum við slysatryggingafrumvarpið var gerð grein fyrir áætlaðri aukningu útgjalda til sjúkradagpeninga vegna þeirra breytinga, er í því frumvarpi fólust. Hin nýju ákvæði meðfylgjandi frumvarps um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga munu að sjálfsögðu hafa í för með sér aukin útgjöld, en nefndin treystir sér ekki til að áætla þá útgjaldaaukningu. Enn fremur má gera ráð fyrir nokkurri hreinni útgjaldaaukningu vegna tannlækninga, þótt óvissa sé um hvern lið fyrir sig, er þar breytist ýmist til hækkunar eða lækkunar. Fullyrða má, að útgjaldaaukning samkvæmt frumvarpinu verði mjög lítil í hlutfalli við heildarútgjöld sjúkratrygginga. Þá er um að ræða nokkra tilfærslu útgjalda frá lífeyristryggingum til sjúkratrygginga, er fæðingarstyrkur fellur niður sem sjálfstæð bótategund.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þjóðfélagsháttum er þar komið, að fæðingar fara fram, með fáum undantekningum, fram í fæðingarstofnunum en núgildandi reglur eru miðaðar við að heimafæðingar séu almennar. Er löngu tímabært að aðhæfa reglur breyttum tímum. Er því lagt til að greitt verði fyrir fæðingarvist á stofnunum eftir sömu reglum og sjúkrahúsvist, en fæðingarstyrkur verði þá ekki greiddur. Hins vegar verði greidd ljósmóðurhjálp við heimafæðingar og að auki styrkur er nemur fjárhæð sjúkradagpeninga í 10 daga, með hliðsjón af þörf fyrir aukna heimilisaðstoð þann tíma. Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessi komi í f-lið 43. gr. laganna, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í núgildandi 39. gr. er í staflið b heimiluð greiðsla styrkja af hálfu sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja og æfingarmeðferðar. Hér eru settir þrír stafliðir, b c og d í stað nefnds stafliðar og eru þeir í samræmi við þá framkvæmd sem tryggingaráð hefur myndað.

Í lok greinarinnar er ákvæði um, að greiðsluheimildar skuli aflað fyrirfram, þegar sótt er um styrki samkvæmt 39. gr. laganna. Við ferðir sjúklinga til útlanda hljóta þó að koma fyrir svo brýnt tilvik, að þessu verði ekki við komið og greiðsla styrks þá ekki útilokuð þrátt fyrir nefnt ákvæði.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að stuttur biðtími (6 vikur) fyirir réttindi hjá sjúkrasamlögum verði tekinn upp við flutning til landsins. Biðtíminn nái þó ekki til þjónustu í skyndilegum veikindatilfellum. Núgildandi reglur veita of auðveldan aðgang til misnotkunar.

Á hinn bóginn er lagt til að maður sem flytur af landi brott, eftir a. m. k. 2 ára dvöl, haldi sjúkratryggingu sinni í 6 mánuði. Er þetta gert til þess að umþóttunartími gefist til að kynnast reglum og afla sér tryggingar á nýjum búsetustað. Á það ber einnig að líta að margt fólk fer af landi brott, án þess að tilkynna búferlaflutning og að það hefir í raun verið betur sett en þeir, sem rækja tilkynningarskylduna.

Í sambandi við flutning til Norðurlanda og frá þeim hafa ráðgerðar breytinga engin áhrif.

Um 4. gr.

Um grein þessa skírskotast til athugasemda við 1. gr. Ekki hefur þótt ástæða til að breyta orðalagi 42. gr. að öðru leyti til samræmis við ákvæði laga um heilbrigðisstofnanir, en ljóst er, að hugtakið „sjúkrahús“ hefur ekki sömu merkingu í þeim lögum og almannatryggingalögum.

Um 5. gr.

Um breytingar á f-lið 43. gr. skírskotast til athugasemda við 1. gr.

Í g-lið er einungis um tilvísun til 44. gr. að ræða, sbr. athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins. Í h-lið felst engin breyting.

Reglur i-liðar eru að mestu í samræmi við núgildandi reglur. Tekinn er af vafi, sem valdið hefur mismunandi framkvæmd, og ákveðið að sjúkraflutningur innanbæjar skuli ekki greiddur. Ágreiningur hefur verið uppi um það, hvort greiddur skuli flutningur af einu sjúkrahúsi á annað. Talið er eðlilegt að ákvörðun um slíkan flutning og kostnaðinn af honum verði á einum og sama stað. Oftast mun það vera sjúkrahúsið, sem sendir sjúkling frá sér — eftir atvikum í samráði við sjúklinginn, sem ákvörðun tekur. Ekki fer vel á því að í almannatryggingalögum sé kveðið á um skyldur sjúkrahúsa og því er látið nægja að vísa greininni til þess, sem ákveðið kunni að verða í lögum um heilbrigðisþjónustu. Í i-lið er enn fremur tekið inn ákvæði slysatryggingafrumvarpsins um flutning á slösuðum mönnum.

Gert er ráð fyrir nýjum staflið, er verði j-liður 43. gr. og fjalli um ferðakostnað sjúklinga. Til þessa hefur verið óheimilt að greiða annan ferðakostnað sjúklinga en „sjúkraflutning“ til innlagningar í sjúkrahús í nánar afmörkuðum, bráðum tilfellum. Ætlast er til að þetta verði áfram aðalreglan, vegna óljósra erfiðleika á að halda skýrum mörkum milli ferða, sem eru nauðsynlegar vegna þarfa fyrir sjúkrahjálp, og annarra, sem farnar eru meðfram og jafnvel aðallega í öðrum erindum. Einn hópur sjúklinga hefur þó sérstöðu, að því leyti að þörf fyrir ferð til lækninga verður hvað eftir annað og jafnframt óumdeilanlega brýn, svo að vart er undanfæri, hver sem kostnaðurinn er. Er þá yfirleitt um langvinna, stundum alvarlega sjúkdóma er að ræða. Er hér valin sú aðferð að tryggingaráð setji reglur um greiðslu slíks ferðakostnaðar sem ráðherra staðfestir.

Loks er lagt til að ákvæði um frekari bætur en hinar lögákveðnu megi setja í reglugerð í stað samþykkta samlaga. Er það eðlilegt, á meðan fjármögnun sjúkratrygginga er ekki gjörbreytt í áttina við það, sem áður var. Þá er sleppt ákvæði, sem undanþiggur samlög greiðslu sjúkrakostnaðar, er greiða beri samkvæmt sóttvarnarlögum, og hefur naumast þýðingu lengur.

Um 6. gr.

Í eftirfarandi sex liðum eru taldar þær aðalbreytingar, sem í frv. greininni felast:

1. Neðra aldursmark barna (3 ár) er fellt niður, en það hefir reynst óheppilegt án þess að ætla megi að það spari mikinn kostnað. Ennfremur er þátttaka í tannlækningum barna, 5 ára og yngri hækkuð úr 50% í 75%. Það er eindregið álit tannlækna, þ. á m. trúnaðartannlæknis trygginganna, að hinn mikli munur á

greiðslum vegna 6 ára barna og yngri hafa valdið skaðlegum drætti á tannlækningum yngstu barnanna. Þessvegna þykir rétt að minnka þennan mun.

2. Fyrir börn og unglinga, 6—15 ára, hafa hverskonar tannlækningar verið greiddar að fullu, að hálfu af sjúkrasamlögum en að hálfu af sveitarfélögum. Er þetta eini hópurinn, sem rétt hefur átt til nokkurrar þátttöku í hinum dýrustu tannaðgerðum (krónum, brúm og gullfyllingum). Þetta hefur í allmörgum tilfellum leitt til geysilegs kostnaðar og eru dæmi um kostnað allt upp í 2 millj.kr. fyrir einstakling. Þykir ekki viðunandi, að ákvarðanir um slíka fjárfestingu séu teknar án nokkurrar íhlutunar greiðsluaðila. Valkostir voru þá, annaðhvort að áskilja samþykki tryggingarinnar (trúnaðartannlæknis) fyrirfram eða láta hina tryggðu sjálfa taka þátt í kostnaðinum. Varð síðarnefnda aðferðin fyrir valinu, enda augljósir erfiðleikar á framkvæmd hinnar fyrri. Verður þátttaka hinna tryggðu samkvæmt frumvarpsgreininni 25% kostnaðarins.
3. Tannréttingar skal eftir gildandi lögum greiða að fullu að 16 ára aldri, að hálfu fyrir 16 ára, en ekki fyrir eldra fólk. Þessi ákvæði hafa að mestu verið óvirk, þar sem sérfræðingar í tannréttingum hafa verið ófáanlegir til að starfa á samningi. Sú ástæða hefur helst verið tilfærð að kostnaðarþátttaka sjúklings sé mikilvæg til þess að hann fáist til nægilegrar góðrar samvinnu um meðferðina. Sömuleiðis hafa sérfræðingarnir með miklum rétti talið það geta haft óheppileg áhrif, að greiðslur breytist eða falli niður á tilteknum afmælisdögum, án tillits til þess hvað meðferðinni líður, en hún stendur ósjaldan meira en eitt og jafnvel tvö ár. Af þesum sökum er lagt til að tannréttingar greiðist að ¾ og greiðist til loka meðferðarinnar, enda hafi hún hafist áður en sjúklingurinn varð 17 ára. Með því er gengið til móts við nefndar mótbárur og vonast til að það verði til að ákvæðin verði virk.
4. Minni háttar breytingu, en heppilega, má það telja, að heimilað er að taka þátt í tannlæknakostnaði 17—18 ára unglinga, samkvæmt fyrirfram gefnu samþykki, þegar rétt er talið að fresta nauðsynlegri aðgerð, þar til fullum vexti er náð.
5. Þá er lagt til að heimilt verði, skv. reglum, settum af tryggingaráði, að hækka greiðslur vegna elli- og örorkulífeyrisþega svo og fyrir vangefna. Fyrir þetta fólk getur eigin þátttaka í kostnaði valdið vanda.
6. Loks er lagt til að felld sé niður greiðsla tannlækninga fyrir vanfærar konur. Má það heita ágreiningslítið álit tannlækna, að ekk séu nægileg rök til slíkra greiðslna og að þær geti jafnvel haft óæskilegar verkanir.

Ekki er auðvelt að áætla hverjum breytingum á kostnaði tillögur þessar valda, þar sem samningar náðust ekki við tannlækna um viðunandi sundurliðun reikninga. Tillögurnar fela í sér bæði hækkanir greiðslna og lækkanir. Er ekki ólíklegt að þær jafni sig nokkuð upp, nema hvað tannréttingarnar munu valda kostnaðarauka, ef breytingarnar verða til þess að sérfræðingar í tannréttingum fari að starfa samkvæmt samningi og samlögin því að greiða þær.

Um 7. gr.

Greinin gerir allverulegar breytingar á reglunum um sjúkradagpeninga. Núgildandi dagpeningareglur hafa reynst erfiðar í framkvæmd og hefur þar miklu valdið, að fjárhæð dagpeninga hefur verið jafnhá (í aðalatriðum) hvort sem hinn sjúki hefir misst tekjur af fullu starfi, af minna starfi, eða ekki orðið fyrir neinum beinum tekjumissi, af því að niðurfellt starf var ólaunað (störf að heimilishaldi). Í síðast nefnda fallinu hafa dagpeningar í raun oftlega verið eins konar óþægindabætur fyrir þá fjölskyldumeðlimi, sem hafa þurft að bæta á sig heimilisstörfum að meira eða minna leyti, fremur en að bæta fyrir tekjutap eða bein útgjöld. Það hefur svo verið rökrétt afleiðing af þessum reglum, að þau störf sem eru grundvöllur fulls dagpeningaréttar útiloka dagpeningarétt ef þau eru unnin. Nú er það algengt að sami aðilinn (venjulegast húsmóðir) vinni bæði heimilisstörf og launað starf utan heimilis. Hafa þá reglurnar leitt til þess, að ekki hefur átt að greiða bætur, þótt annað starfið hafi

fallið niður vegna veikinda, ef hlutaðeigandi hefur áfram getað sinnt hinu (sem venjulega er heimilisstarfið).

Hér er lögð til sú aðalbreyting, að meira samband en áður verði á milli þess vinnumagns, sem niður er fellt, sem og þess hvort niðurfellingin hefur bein áhrif á tekjur eða gjöld, annarsvegar, og dagpeningaréttar hinsvegar. Þannig er gerður munur á niðurfellingu á fullu starfi og hálfu, og um fulla niðurfellingu á heimilisstörfum er lagt til að hún veiti rétt til fjórðungs fullra dagpeninga auk viðbótar vegna sannaðra greiðslna fyrir heimilishjálp. Að gert er ráð fyrir fjórðungi dagpeninga, þótt enginn beinn kostnaður verði, stafar m. a. af því, að einatt leiðir einhverskonar óbeinan kostnað af veikindum húsmóður. Á móti skerðingu dagpeninga heimavinnandi aðila kemur, að það á ekki lengur að tálma dagpeningum vegna niðurfelldrar launavinnu, þótt hlutaðeigandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nýmæli er það, að heimilt verður að greiða sjúklingi í afturbata hluta dagpeninga um tíma, þótt hann taki upp allt að hálfu starfi.

Gert er ráð fyrir að dagpeningareglur samkvæmt greininni komi betur til móts við raunverulegar þarfir og stuðli að meira samræmi í framkvæmd, heldur en hefur verið að heilsa til þessa. Nær alls staðar í Vestur- og Norður-Evrópu hefur verið gengið mun lengra í átt til að samræma dagpeningagreiðslur raunverulegu tekjutapi. — Koma þar yfirleitt sérstakar iðgjaldagreiðslur frá tryggðum og/eða vinnuveitendum til þess að bera uppi dagpeningaréttinn. Má segja að nú þegar sé ástæða til iðgjalda hér fyrir þessi réttindi og þá þeim mun fremur ef lengra verður haldið í átt til nefndra norðurlandareglna, en telja má líklegt, að í þá átt verði stefnt.

Felldar hafa verið inn í greinina þær breytingar á dagpeningaákvæðum, sem felast í slysatryggingafrumvarpinu. Hinar tilgreindu dagpeningafjárhæðir eru jafnar slysadagpeningum, eins og þeir eru í marsmánuði 1978.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir gildistöku samtímis gildistöku áðurnefnds slysatryggingafrumvarps, enda eru frumvörp þessi að ýmsu leyti nátengd.

Ed. 637. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til gjaldþrotalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fjallaði um málið á mörgum fundum, þar af nokkrum sameiginlega með allsherjarnefnd Nd. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form. Oddur Ólafsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson, frsm.

Þorv. Garðar Kristjánsson. Geir Gunnarsson. Jón G. Sólnes.

Ed. 638. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til laga um manneldisráð.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og leggur einróma til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Bragi Sigurjónsson.
Ásgeir Bjarnason.
Helgi F. Seljan.
Steinþór Gestsson.

Ed. 639. Breytingartillaga [241. mál]

við frv. til laga um manneldisráð.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

3. gr. orðist svo:

Í manneldisráði eiga sæti fimm menn er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal fimm varamenn með sama hætti.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu í manneldismálum.

Ráðherra skipar einn ráðsmanna formann manneldisráðs.

Ed. 640. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 641. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar, að umboð núverandi stjórnarskrárnefndar falli niður nú þegar, en skipuð verði ný nefnd 7 manna, eftir tilnefningu þingflokka, tveir frá tveim stærstu þingflokkunum, hvorum um sig, og einn frá hverjum hinna, til að endurskoða stjórnarskrána, til að gera tillögur um breytingar og þá sérstaklega á kjördæmaskipan og enn fremur á ákvörðun stjórnarskrár og lögum um Alþingi og á kosningalögum.

Nefndin skili tillögum sínum í tæka tíð, svo unnt sé að leggja þær fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Fyrir allsherjarnefnd Sþ. hafa legið á þessu þingi ýmsar tillögur er varða kjördæmaskipan, kosningar til Alþingis og starfshætti Alþingis. Enn fremur hafa verið lögð fram mörg frumvörp sama efnis.

Árið 1972 var skipuð stjórnarskrárnefnd og hafa menn lengi beðið eftir tillögum þeirrar nefndar, og hefur því öllum tillögum og þingmálum, sem snerta stjórnarskrá, Alþingi og kosningalög, verið slegið á frest.

Í upphafi þings lýsti ríkisstjórnin yfir þeim vilja sínum að efna til viðræðna þingflokka um ofangreind mál. Einhverjar viðræður munu hafa farið fram, en þær hafa engan árangur borið, m. a. vegna þess að stjórnarskrárnefnd hefur engum tillögum skilað og virðist að mestu óstarfhæf.

Af þessum ástæðum telur allsherjarnefnd rétt að núverandi stjórnarskrárnefnd verði leyst frá störfum og skipuð verði ný nefnd með ákveðnara verksvið, eins og tekið er fram í tillögugreininni.

Sþ. 642. Nefndarálit [4. mál]

um till. til þál. um breytingu á kosningalögum.

Frá allsherjarnefnd.

Með vísan til þess, að allsherjarnefnd hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar, sem geri tillögur um breytingar á stjórnarskrá, og þá sérstaklega á kjördæmaskipan, á ákvæðum um Alþingi og kosningalögum, og með skírskotun til greinargerðar með þeirri tillögu leggur nefndin til að þáltill. verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem allsherjarnefnd hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem m. a. skal fjalla um það mál, sem hér um ræðir, tekur sameinað Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson.
Lárus Jónsson.
Jónas Árnason.
Jón Skaftason.

Sþ. 643. Nefndarálit [6. mál]

um till. til þál. um bætta starfshætti Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Með vísan til þess, að allsherjarnefnd hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar, sem geri tillögur um breytingar á stjórnarskrá, og þá sérstaklega á kjördæmaskipan, á ákvæðum um Alþingi og kosningalögum, og með skírskotun til greinargerðar með þeirri tillögu leggur nefndin til að þáltill. verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem allsherjarnefnd hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem m. a. skal fjalla um það mál, sem hér um ræðir, tekur sameinað Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. Lárus Jónsson. Jónas Árnason.
Jón Skaftason.

Sþ. 644. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um sama kjördag fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Með vísan til þess, að allsherjarnefnd hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar, sem geri tillögur um breytingar á stjórnarskrá, og þá sérstaklega á kjördæmaskipan, enn fremur á lögum um Alþingi og kosningalögum, og með skírskotun til greinargerðar með þeirri tillögu leggur nefndin til að þáltill. verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem allsherjarnefnd hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem m. a. skal fjalla um það mál, sem hér um ræðir, tekur sameinað Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. Lárus Jónsson. Jónas Árnason.
Jón Skaftason.

Sþ. 645. Skýrsla

um störf Norðurlandaráðs árið 1977.

Íslandsdeildin og verkaskipting hennar.

Hinn 20. desember 1976 voru fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs kosnir í sameinuðu Alþingi. Þessir alþingismenn hlutu kosningu: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Sverrir Hermannsson, Magnús Kjartansson, Ásgeir Bjarnason og Gylfi Þ. Gíslason. Varamenn voru kjörnir: Axel Jónsson, Jón Helgason, Sigurlaug Bjarnadóttir, Gils Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson.

Verkefnum var skipt á þennan hátt á fundi 5. janúar 1977: Formaður Jón Skaftason, varaformaður Ragnhildur Helgadóttir, í vinnunefnd Jón Skaftason, Ragnhildur Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason, í laganefnd Ásgeir Bjarnason, í meninngarmálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, í félags- og umhverfismálanefnd Ragnhildur Helgadóttir, í samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson, í efnahagsmálanefnd Sverrir Hermannsson og Jón Skaftason.

Á fyrsta fundi 25. þings Norðurlandaráðs var Jón Skaftason kjörinn í forsætisnefnd ráðsins og Ragnhildur Helgadóttir kjörin varamaður hans í nefndinni. Í efnahagsmálanefnd voru kjörnir Jón Skaftason og Sverrir Hermannsson, í menningarmálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, félags- og umhverfismálanefnd Ragnhildur Helgadóttir, samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson og í laganefnd Ásgeir Bjarnason. Á sama fundi voru voru Ragnhildur Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason kjörin í upplýsingamálanefnd og jafnframt ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Gylfi Þ. Gíslason og Gils Guðmundsson voru kjörnir í fjárlaganefnd. Jón Skaftason var kjörinn í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans. Í nefnd til að taka til athugunar stjórn Norræna menningarmálasjóðsins var kjörinn Gylfi Þ. Gíslason og til vara Ragnhildur Helgadóttir.

Fulltrúar Íslands á 25. þingi Norðurlandaráðs.

Þing Norðurlandaráðs var upphaflega kvatt saman 19. febrúar, en vegna þingkosninga í Danmörku um það leyti var þinginu frestað til 31. mars. Þingið var haldið í Ríkisþingshúsinu í Helsingfors og var því slitið 3. apríl, á pálmasunnudag. Í forföllum Ásgeirs Bjarnasonar og Magnúsar Kjartanssonar sátu þingið varafulltrúarnir Halldór Ásgrímsson og Gils Guðmundsson. Af ríkisstjórnarinnar hálfu sátu þingið Geir Hallgrímsson, Einar Ágústsson, Matthías Á. Mathiesen og Vilhjálmur Hjálmarsson. Ritari Íslandsdeildarinnar var Friðjón Sigurðsson.

25 ára afmælis ráðsins var minnst á hátíðarsamkomu í Finlandiahúsinu föstudaginn 1. apríl. Einn af heiðursgestum á þinginu, Bertil Ohlin frá Svíþjóð, flutti afmælisræðu. Aðrir boðsgestir ráðsins í tilefni afmælisins voru Jens Otto Krag og Knud Thestrup frá Danmörku, K.-A. Fagerholm frá Finnlandi, Sigurður Bjarnason frá Íslandi, Nils Herlitz frá Svíþjóð og Einar Gerhardsen og John Lyng frá Noregi. Höfðu þeir allir gegnt forustuhlutverki á þingum ráðsins og í öðrum störfum þess á liðnum aldarfjórðungi. Auk þessara manna voru fimm boðsgestir sem höfðu lengi gegnt ritarastörfum fyrir Norðurlandaráð.

Málaskrá.

Á málaskrá 25. þings Norðurlandaráðs voru 30 þingfulltrúatillögur (A-mál), 4 ráðherranefndartillögur (B-mál), 4 skýrslur frá samstarfssamtökum Norðurlanda (C-mál) og 50 umsagnir frá ráðherranefnd Norðurlanda (D-mál). Auk þess voru bornar fram á þingfundum og svarað 17 fyrirspurnum (E-mál).

Á þinginu voru 18 fulltrúatillögur samþykktar sem ályktanir. Enn fremur voru samþykktar 5 yfirlýsingar byggðar á skýrslu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf. Almennu umræðurnar fjölluðu um skýrslu ráðherranefndarinnar og skýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Almennar umræður.

Af Íslands hálfu tóku þátt í almennu umræðunum Geir Hallgrímsson, Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Einar Ágústsson og Halldór Ásgrímsson. Geir Hallgrímsson ræddi m. a. um árangur af starfi Norðurlandaráðs og samstarfi Norðurlandaþjóðanna í aldarfjórðung og gildi þess fyrir Ísland, minntist á aðstoð Norðurlandaþjóðanna við Íslendinga eftir eldgosið í Vestmannaeyjum. Ragnhildur Helgadóttir gat m. a. um sérstöðu tungumála Finna og Íslendinga í samskiptum Norðurlanda, fiskveiðilögsögu Íslands og friðsamlega lausn á deilu Íslendinga og Breta skömmu eftir yfirlýsingu forsætisnefndar Norðurlandaráðs um það mál á þinginu í Kaupmannahöfn 1976. Jón Skaftason ræddi m. a. um hlutverk Norðurlanda og Norðurlandaráðs á alþjóðavettvangi og æskilega leið til að framleiða á Norðurlöndum matvæli handa sveltandi þjóðum. Einar Ágústsson talaði einkum um árangur og gildi norræns samstarfs á ýmsum sviðum og þátttöku Norðurlanda í alþjóðasamstarfi. Halldór Ásgrímsson ræddi m. a. um efnahagsmál, verslunarviðskipti Íslands og ananrra Norðurlanda, lýðfrelsi og náttúruvernd.

Laganefnd.

Laganefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í sérstakri yfirlýsingu var mælst til þess, að ráðherranefndin hefði frumkvæði að samræmingu nýrra lagafyrirmæla um fjárhagsleg réttaráhrif hjónabands, bæði efni þeirra og gildistöku. Jafnframt var mælst til að samræmdar yrðu réttarreglur um fjármál sambúðarfólks utan hjónabands.

Í sömu yfirlýsingu var ráðherranefndin hvött til að gefa sérstakan gaum að friðhelgi einstaklinga gagnvart tölvuskrám.

Fjallað var um tillögu um að halda nefndarfundi Norðurlandsráðs meir fyrir opnum tjöldum en verið hefur, svo að fjölmiðlar gætu fylgst betur með störfum ráðsins. Laganefndin féllst á, að æskilegt væri að auka almennan áhuga á starfi Norðurlandaráðs. Hins vegar taldi hann aðrar leiðir henta betur en hér var lagt til. Menn óttuðust að umræður á nefndarfundum yrði ekki eins opinskáar og ella og gæti það leitt til lakari undirbúnings mála undir opinberar umræður á þingi Norðurlandaráðs.

Í tillögun þingfulltrúa var lagt til að ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar flyttu árlega á löggjafarþingum landanna skýrslu um norrænt samstarf. Var vísað til þeirrar venju, sem komin væri á í Noregi. Nefndin taldi sig ekki geta mælt með samþykkt þessarar tillögu. Meginástæðan var sú, að dómi nefndarinnar, að þingvenjur væru mismunandi í löndunum og fleiri leiðir gætu verið til að veita vitneskju um samstarf Norðurlanda.

Tillaga var um sjálfstæða aðild Færeyinga að Norðurlandaráði. Samþykkt var bæði í nefnd og í þinginu að fresta meðferð þess máls.

Menningarmálanefnd.

Menningarmálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar og var formaður nefndarinnar, Gylfi Þ. Gíslason, framsögumaður hennar. Álit nefndarinnar og tillaga um yfirlýsingu var samþykkt einróma á þinginu. Í yfirlýsingunni var látið í ljós, að auka bæri verulega fjárráð Menningarmálasjóðs Norðurlanda og Norðurlandaráð ætti að fá heildargreinargerð um fé á fjárlögum þjóðanna, sem veitt væri til starfsemi á sviði menningarsáttmála Norðurlanda.

Tillaga var um að skora á ráðherranefndina að gera grein fyrir því, hvernig mætti skipuleggja og efla kennslu Norðurlandamála í háskólum og öðrum menntastofnunum utan Norðurlanda. Í áliti nefndarinnar var hvatt til, að þjóðirnar legðust á eitt um að efla kennslu Norðurlandamála í öðrum löndum.

Samþykkt var tillaga um að kannað yrði, hvort tök væru á að auka samstarf hljóðritasafna á Norðurlöndum og setja á stofn samnorræna skráningu hljóðritaðs efnis.

Samþykkt var tillaga um að koma í veg fyrir útflutning forngripa og annarra safnmuna og samræma löggjöf þjóðanna um það efni.

Þingið samþykkti enn fremur ályktun til ráðherranefndarinnar um að kanna og leggja fram tillögu um varanlegt samstarf í því skyni að auka útbreiðslu norrænna kvikmynda á Norðurlöndum.

Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í greinargerð nefndarinnar er mælst til, að ráðherranefndin geri sem allra fyrst ráðstafanir til að vinna gegn notkun sterkra deyfilyfja, svo sem morfíns og heróíns. Mælst er til, að fljótlega komi til framkvæmda sameiginlegar reglur um sérfræðiviðurkenningu lækna og sameiginlegt gildi lyfseðla alls staðar á Norðurlöndum. Lögð var áhersla á að gerður yrði Norðurlandasamningur um umhverfi á vinnustað, komið yrði á fót deildarskiptum norrænum samtökum til rannsókna á starfsumhverfi, könnuð yrðu skilyrði til að stofna sjóð til að standa undir rannsókn umhverfis á vinnustöðum og aflað yrði nákvæmara yfirlits um atvinnusjúkdóma en verið hefur.

Þingið samþykkti að tillögu nefndarinnar ályktun um, að ráðherranefndin kannaði þjóðhagslegar og félagslegar afleiðingar af styttingu vinnutíma.

Nefndin lagði til með hliðsjón af tillögu þingfulltrúa, að kannaðir yrðu möguleikar á að koma á fót norrænni vinnumarkaðsstofnun.

Mælst var til, að samin yrði framkvæmdaáætlun um samstarf Norðurlanda í jafnréttismálum og lögð fyrir 26. þing ráðsins.

Nefndin lagði fyrir þingið álit um tillögu ráðherranefndarinnar um samvinnu Norðurlanda í félags- og heilbrigðismálum. Tillagan var samþykkt á þinginu.

Ályktað var, að vinna bæri að eflingu samstarfs um verndun votlendis, sem hefði verulegt vistfræðilegt gildi.

Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var ráðherranefndin hvött til að hraða afgreiðslu ýmissa mála, sem vörðuðu samgöngur milli landanna, og var gert ráð fyrir, að ráðherranefndin flytti á næsta þingi Norðurlandaráðs tillögu um samstarf að ferðamálum.

Samþykkt var ályktun um að auka vernd barna í umferðinni og efla skólakennslu um umferðarmál.

Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var m. a. fjallað um samstarf í olíu- og gasmálum landanna við Norðursjó.

Þingið samþykkti áskorun á ráðherranefndina, að fylgst yrði nákvæmlega með meðferð og geymslu geislavirks úrgangs. Nefndin lagði á það áherslu í áliti sínu, að ekki fælist í þessu afstaða til notkunar kjarnorku á Norðurlöndum.

Nefndin skilaði áliti um fjórar tillögur um norrænt samstarf til aðstoðar við þróunarlöndin. Í samþykkt þingsins var mælst til að haldið yrði áfram í auknum mæli

sameiginlegri aðstoð Norðurlanda við þróunarlöndin innan marka Oslóarsamkomulagsins.

Þingið samþykkti að tillögu nefndarinanr að fela ráðherranefndinni að beita sér fyrir því, að Norðurlandaþjóðirnar vinni að því á alþjóðavettvangi að varðveita siglingafrelsi.

Nokkrar ályktanir.

Á 25. þingi Norðurlanda voru samþykktar m. a. ályktanir um:

1) meðferð og geymslu geislavirks úrgangs,
2) frjálsar siglingar,
3) aðstoð við þróunarlöndin,
4) styttingu vinnutíma,
5) vinnumarkaðsmál,
6) félags- og heilbrigðismál,
7) akstur undir áhrifum áfengis,
8) vernd barna í umferðinni,
9) kennslu Norðurlandamála utan Norðurlanda,
10) útflutning forngripa frá Norðurlöndum,
11) landbúnaðarrannsóknir,
12) samskipti hljóðritasafna,
13) dreifingu norrænna kvikmynda.

Ráðstefnur og kynningarstarfsemi.

7. janúar hélt Íslandsdeild Norðurlandaráðs fund með fulltrúum frá stjórnmálaflokkunum um upplýsingaþjónustu Norðurlandaráðs.

12. og 13. maí var haldin á vegum menningarmálanefndar Norðurlandráðs ráðstefna um hugsanlega notkun gervihnatta til dreifingar á sjónvarps- og útvarpsefni í hverju landi um sig og um Norðurlönd öll sameiginlega. Ráðstefnunni stýrði Gylfi Þ. Gíslason, formaður menningarmálanefndarinnar. Var málið rætt frá ýmsum hliðum og mismunandi sjónarmið sett fram. Varaformaður nefndarinar, Per Olof Sundman, dró saman í lok ráðstefnunnar helstu efnisatriði, sem fram komu í umræðunum. Hann taldi enn mörgum spurningum ósvarað í sambandi við þessi mál og hefði þeim fremur fjölgað en fækkað við umræðurnar. Flestir, jafnvel þeir sem neikvæða afstöðu hafi til málsins, muni þó búast við að samnorrænni dreifistöð fyrir útvarp og sjónvarp verði skotið á loft áður en mjög langt um líður. Honum virtist flest benda til, að dagskrám Norðurlanda mundi dreift um löndin öll, a. m. k. er frá liði, þótt önnur leið yrði ef til vill valin í upphafi. En mjög margt krefðist nánari athugunar varðandi málið allt.

Dagana 22.—24. maí gekkst forsætisnefnd Norðurlandaráðs fyrir ráðstefnu um refsiviðurlög á Norðurlöndum, og var hún haldin á Fjóni. Meginviðfangsefni ráðstefnunnar var að fjalla um valkosti um refsiviðurlög og félagslega endurhæfingu.

Í tilefni af 25 ára afmæli Norðurlandaráðs gengust Norræna félagið og Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir kynningu á starfi ráðsins og norrænni samvinnu. Voru haldnir fundir víða um land í þessu skyni.

Reykjavík, apríl 1978.

Jón Skaftason.

Ed. 646. Lög [205. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 494.

Ed. **647. Lög** [206. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 495.

Ed. **648. Lög** [207. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 496.

Ed. **649. Lög** [192. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 531.

Ed. **650. Lög** [193. mál]

um breyting á lögum um sveitarsjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 381.

Ed. **651. Lög** [162. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 323.

Sþ. **652. Breytingartillaga** [140. mál]

við till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

Frá Karvel Pálmsyni, Helga F. Seljan, Sighvati Björgvinssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Aftan við tillögugreinina bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Alþingi felur samgönguráðherra að láta framkvæma á komandi sumri athugun á því, hvaða leiðir sé heppilegast að fara til innheimtu veggjalds.

Vegagerðinni skal falið að framkvæma athugun þessa, og skulu niðurstöður athugunarinnar svo og tillögur vegagerðarinnar um leiðir liggja fyrir Alþingi við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Nd. 653. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir atkvgr. í Ed.

Alþingi, 19. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Ingvar Gíslason.	Svava Jakobsdóttir.
Friðjón Þórðarson.	Sighvatur Björgvinsson.	Ingólfur Jónsson.
	Páll Pétursson.	

Nd. 654. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til laga um Tæknistofnun Íslands.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að það verði samþykkt, með fyrirvara um að flytja eða fylgja breytingartillögum. Benedikt Gröndal mun skila séráliti.

Alþingi, 21. apríl 1978.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Vilborg Harðardóttir.
Sverrir Bergmann.	Kristján Ármannsson.	Gunnar J. Friðriksson.

Nd. 655. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt. Meiri hlutinn leggur til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Efni frv. er í samræmi við Alþjóðasamþykkt um verndun fugla sem Íslendingar gerðust aðilar að fyrir rúmum 20 árum, og því algerlega óþarft að bíða heildarendurskoðunar á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Alþingi, 21. apríl 1978.

Svava Jakobsdóttir.

Sþ. 656. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um notkun raforku í atvinnufyrirtækjum.

Flm.: Ólafur Óskarsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að nýta raforku til atvinnufyrirtækja í stað olíu þar sem því verður við komið af tæknilegum ástæðum.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er, eins og fram kemur í tillögugreininni, að stuðla að því, að notuð verði innlend orka í sem ríkustum mæli í stað olíu.

Eins og kunnugt er hafa á undanförnum árum verið gerðar stórframkvæmdir á sviði raforkuframleiðslu og aðrar standa fyrir dyrum.

Það verður því að álíta að innan tíðar verði fyrir hendi nægilegt framboð á raforku, auk þess sem framleiðsla raforku með olíu verður þá úr sögunni.

Með tilliti til þess, að flestar spár um þróun orkumála í heiminum benda til þess, að skortur verði á olíu jafnvel á næstu tveim áratugum, auk þess sem stórfelldar hækkanir geta dunið yfir hvenær sem er, eins og dæmin sanna, verður að telja fyllilega tímabært að stefnt verði ákveðið að því, að notuð verði innlend orka í atvinnurekstri landsmanna eins og mögulegt er.

Til þess að sem bestur árangur náist í þessum efnum þarf að koma til samstarf margra aðila og því verður að telja eðlilegt að ríkisvaldið hafi forustu í þessu máli.

Nd. 657. Lög [218. mál]

um breytingu á lögum nr. 49 1. maí 1968, um áskorunarmál.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 418.

Nd. 658. Lög [167. mál]

um afnám laga nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 331.

Nd. 659. Lög [142. mál]

um geymslufé.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 404 (sbr. 302).

Nd. 660. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 10. gr. komi ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.

Alþingi, 22. apríl 1978.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Pálmi Jónsson.	Eðvarð Sigurðsson.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 661. Frumvarp til laga [234. mál]

um ónæmisaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 448 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Stefnt skal að því að ráða ekki starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun ellegar gangist undir sérstaka ónæmisbólusetningu áður en það hefur störf.

Ed. 662. Frumvarp til laga [241. mál]

um manneldisráð

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 456 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Í manneldisráði eiga sæti fimm menn er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal fimm varamenn með sama hætti.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu í manneldismálum.

Ráðherra skipar einn ráðsmanna formann manneldisráðs.

Ed. 663. Frumvarp til ættleiðingarlaga. [52. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 56 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

12. gr. hljóðar svo:
Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki samkvæmt 7. sbr. 10. gr., aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefur verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.
Nú fæst ekki samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. og 10. gr., og er þá, ef alveg sérstaklega stendur á, heimilt að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála.
Nú hefur barni verið ráðstafað af barnaverndarnefnd, og má þá samkvæmt ósk nefndar og að fengnum meðmælum barnaverndarráðs leyfa ættleiðingu á barni, þótt samþykki samkvæmt 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilmálum 2. málsgr.
Áður en máli er ráðið til lykta samkv. 1.—3. málsgr., skal leita umsagnar foreldra, sem láta skyldu uppi samþykki samkvæmt 7. gr. Einnig skal leita umsagnar foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að slíkt sé til tjóns fyrir barnið eða valdi varhugaverðum drætti á úrlausn máls.

15. gr. hljóðar svo:
Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli á annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.
Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.
Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldri óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Þó getur kjörbarn, sem náð hefur 12 ára aldri, ráðið því sjálft, hvort það haldi kenningarnafni sínu eða taki upp kenningarnafn annars kjörforeldris. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

26. gr. hljóðar svo:
Lög þessi taka gildi 1. janúar 1979.
Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953, um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975, um breytingu á þeim.

Ed. 664. Gjaldþrotalög. [103. mál]

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 474.

Ed. 665. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 7. gr. Eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndahúsum. Nemur gjald þetta 10% af brúttóverði og rennur í Kvikmyndasjóð.
2. Eftir 12. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Þrátt fyrir ákvæði laga um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjöld af kvikmyndasýningum samkvæmt 2. og 7. gr. þessara laga úr 16.5% í 6.5%, en hækka aðgöngugjald að vínveitingahúsum samkvæmt 5. flokki 2. gr. sömu laga að því marki, að tekjur félagsheimilasjóðs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands skerðist ekki.

Ed. 666. Breytingartillögur [170. mál]

við frv. til l. um Þjóðleikhús.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperur og söngleiki og sýna listdans.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar fimm menn í þjóðleikhúsráð til tveggja ára í senn, þar af þrjá samkvæmt tilnefningu Starfsmannafélags Þjóðleikhússins og skulu tveir þeirra vera úr hópi fastráðinna leikara og leikstjóra. Þjóðleikhússtjóri á ávallt sæti í þjóðleikhúsráði með atkvæðisrétti. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í ráðinu ræður atkvæði þjóðleikhússtjóra.
   Ráðherra skipar einnig þrjá varamenn í þjóðleikhúsráð til tveggja ára í senn og skulu tveir þeirra tilnefndir af Starfsmannafélagi Þjóðleikhússins, þar af annar úr hópi fastráðinna leikara og leikstjóra.
   Þjóðleikhúsráð ber ábyrgð á rekstri leikhússins ásamt þjóðleikhússtjóra. Ráðið fjallar um starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins og tekur allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða. Fjármálafulltrúi leikhússins á sæti á fundum ráðsins án atkvæðisréttar.
3. Við 12. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Þjóðleikhúsinu er heimilt að ráða til starfa leikritahöfund, tónskáld eða aðra höfunda til allt að eins árs í senn. Skal að því stefnt, að a. m. k. einn höfundur sé starfandi við leikhúsið á hverjum tíma.

b. Við 12. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Starfsmenn Þjóðleikhússins skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma samkvæmt ákvörðun stjórnar lífeyrissjóðsins og að fenginni umsögn viðkomandi stéttarfélags.

Nd. 667. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til laga um Tæknistofnun Íslands.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ég er sammála meginefni og tilgangi þessa frumvarps í þeirri von, að öflug tæknistofnun verði íslenskum iðnaði stoð og stytta.

Eitt atriði í frumvarpinu veldur þó að ég get að svo komnu ekki stutt það. Fjallað er um tekjustofna tæknistofnunarinnar, og þar er gert ráð fyrir **jöfnunargjaldi**. Þetta gjald er ekki til í dag og frumvarp um það hefur ekki komið fram á Alþingi. Stjórnarandstæðingar hafa enga vitneskju um, hvers kyns þetta gjald verður, hve hátt það kann að verða né hvernig verja á því í heild.

Verður að átelja þau vinnubrögð að ætla Alþingi að samþykkja sem tekjustofn fyrir mikilvæga stofnun skatt, sem ekki er til og engar opinberar upplýsingar liggja fyrir **um.**

Alþingi, 22. apríl 1978.

Benedikt Gröndal.

Nd. 668. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, **um breyting á þeim lögum.**

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er nú rekin með halla, þar eð fjármagnskostnaður hennar er meiri en tekjur. Þetta verður að sjálfsögðu að leiðrétta og tryggja framtíð deildarinnar.

Sams konar vandamál hafa í öðrum atvinnugreinum og almennum viðskiptum verið leyst með vaxtahækkunum. Hefur óðaverðbólga síðustu ára leitt til hinna háu vaxta, sem nú tíðkast. Hlutverk þeirra er að draga úr óarðbærri fjárfestingu og verðbólgugróða, en óneitanlega leggst vaxtabyrðin mjög þungt á allan rekstur, svo og á íbúðabyggjendur.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að vextir á útlánum Stofnlánadeildarinnar, sem nýlega hafa verið hækkaðir, verði ekki hækkaðir á ný eins og efni standa til, heldur verði lagt 1% gjald á heildsöluverð allrar búvöru og komi tekjur af því í stað vaxtahækkunar. Sagt er, að þetta komi í einn stað fyrir neytendur, þar sem hærri vextir mundu hafa hækkunaráhrif á verðgrundvöll búvöru.

Þessi aðgerð mun valda því, að atvinnuvegir sitja ekki við sama borð í vaxtamálum. Mætti ekki eins leggja gjald á alla íslenska iðnaðarvöru til að greiða niður vexti Iðnlánasjóðs? Eða leggja gjald ofan á fasteignaskatt til að lækka vexti Húsnæðismálastofnunar ríkisins? Raunar mismunar gjaldið bændum sjálfum. Það styður þá, sem eru skuldugir, á kostnað hinna, sem lítið skulda.

Jöfnunargjaldið leggur þunga hárra vaxta á neytendur, en þurrkar út þau áhrif (sem eru tilgangur hávaxtastefnunnar) að draga úr framkvæmdum og þar með hugsanlega aukinni framleiðslu á sama tíma sem offramleiðsla í landbúnaði er vandamál.

Með því að leggja jöfnunargjald á heildsöluverð búvöru hækkar að krónutölu álagning smásölu á þessar vörur. Við það hækkar verðið til neytenda um meira en gjaldinu nemur.

Annað meginatriði þessa frumvarps er að flytja allar lánveitingar til íbúðarhúsa í sveitum til Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Er það skipulagslega skynsamlegt, enda þótt aðrar reglur þurfi að gilda t. d. um stærð íbúða í sveitum en í þéttbýli. Hins vegar er ekki orð um það í frumvarpinu eða greinargerð þess, hvar Húsnæðismálastofnunin á að fá fé til að standa undir þessum lánveitingum. Er gert ráð fyrir, að í sveitum séu byggðar um 100 íbúðir á ári, en lán til þeirra mundu við núverandi aðstæður nema 360 milljónum króna.

Fram kom á nefndarfundum, að Húsnæðismálastofnun ríkisins er því hlynnt, að allar lánveitingar til íbúðarbygginga séu á einum stað, og er því reiðubúin til að taka að sér umrætt verkefni, en með því skilyrði, að henni verði séð fyrir fé til að geta veitt bændum jafngóða þjónustu og Stofnlánadeildin hefur gert til þessa.

Einn af tekjustofnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins er skyldusparnaður, nema hvað í sveitum rennur hann til Stofnlánadeildar. Ekki er gert ráð fyrir því að breyta þessu, þótt lánveitingar til íbúðarhúsa í sveitum verði fluttar.

Allt stuðlar þetta að því, að undirritaður getur ekki stutt frumvarpið.

Alþingi, 22. apríl 1978.

Benedikt Gröndal.

Ed. 669. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til laga um búnaðarfræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og mælir með samþykkt þess með breytingu sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Ragnar Arnalds áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. apríl 1978.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Ragnar Arnalds.	Axel Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Ingiberg J. Hannesson.	

Ed. 670. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til laga um búnaðarfræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjög-

urra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu. Nefndarmenn starfi á kostnað þeirrar stofnunar sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

2. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar, og samkvæmt lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nr. 97/1974. Skólastjóri ræður stundakennara.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

Ed. 671. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþ. með breytingu, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson.
Geir Gunnarsson.	Jón G. Sólnes.	Halldór Ásgrímsson.

Ed. 672. Breytingartillaga [280. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

c. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er dómsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar.

Ed. 673. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til laga um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1978.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Ragnar Arnalds.	Axel Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Ingiberg J. Hannesson.	

Nd. 674. Breytingartillaga [274. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972.

Frá Karli G. Sigurbergssyni og Garðari Sigurðssyni.

3. málsgrein 1. gr. orðist svo:
Einstök stéttarfélög og samtök stéttarfélaga hafa þó óskoraðan rétt til að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir.

Nd. 675. Frumvarp til laga [245. mál]

um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 462 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar.
Í verðlagsráði eru níu menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess sex menn, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga.
Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í verðlagsráð. Skulu þeir vera óháðir fyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til, og hafa þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði.
Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.
Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal viðskiptaráðherra þá skipa í þess stað án tilnefningar.

4. gr. hljóðar svo:
Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál, sem lög þessi taka til. Ákvörðunarvald í málum samkvæmt IV. kafla og 26. og 27. gr., sbr. 38. gr., V. kafla laga þessara er í höndum samkeppnisnefndar, sem í eiga sæti formaður verðlagsráðs og þeir tveir verðlagsráðsmenn, sem Hæstiréttur skipar. Ákvörðunarvald í öðrum málum er í höndum verðlagsráðs. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

Enginn maður í verðlagsráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið úrskurðar, hvort ráðsmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í meðferð máls.

Verðlagsráð getur ákveðið, að aðilar, sem fara með verðákvarðanir samkvæmt sérstökum lögum, sbr. 2. málsgr. 2. gr., tilkynni því verðákvarðanir sínar.

6. gr. hljóðar svo:

Verðlagsstofnun getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Ennfremur hefur verðlagsstofnun rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

Verðlagsstofnun getur í starfi sínu krafist skýrslna frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattyfirvöldum svo og tollyfirvöldum.

8. gr. hljóðar svo:

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

9. gr. hljóðar svo:

Þegar verðlagsákvörðunum er beitt er sala milli heildverslana innbyrðis og smásöluverslana innbyrðis (keðjuverslun) bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða með sanngjarni álagningu að mati verðlagsráðs.

10. gr. hljóðar svo:

Þegar ákvæði eru sett samkvæmt 8. gr., skal áður að því gætt, hvort önnur tiltæk ráð henti betur gagnvart þeim samkeppnishömlum, sem um er fjallað, sbr. 13. og 19. gr.

Ákvæði samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 2. mgr. 8. gr. skulu í tilvikum, sem ekki falla undir IV. kafla, gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er.

18. gr. hljóðar svo:

Samkeppnisnefnd getur ákveðið, að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis verðlagsráðs.

19. gr. hljóðar svo:

Verðlagsstofnun skal sjá um, að reglum um tilkynningu samkvæmt 14. gr. og reglugerð samkvæmt 17. gr. sé fylgt. Ennfremur skal verðlagsstofnun kanna áhrif samkeppnishamla.

Skýrslur stofnunarinnar um samkeppnishætti skal leggja fyrir samkeppnisnefnd.

Nú telur samkeppnisnefnd, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.

Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá samkeppnisnefnd nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði

breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð að ákvæðum 8. gr. verði beitt.

Í fyrirmælum, sem gefin eru samkvæmt 4. mgr., skal tilgreina frá hvaða tíma þau skuli gilda.

20. gr. hljóðar svo:

Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum.

Mat á því, hvort verð og álagning sé ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 12. gr.

21. gr. hljóðar svo:

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimil, þegar verðlagning er frjáls.

Nú er undanþága veitt frá ákvæðum 1. mgr., sbr. 24. gr., og getur þá verðlagsráð bannað, að verð og álagning hækki nema með samþykki þess.

22. gr. hljóðar svo:

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við gerð tilboða er óheimilt.

25. gr. hljóðar svo:

Samkeppnisnefnd getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 20. gr. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir synjun. Synjun telst óréttmæt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og kaupendur treysta á framboð viðkomandi fyrirtækis, þar sem ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum og kaupandi er reiðubúinn og getur mætt öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn.

Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal verðlagsstofnun athuga nánar málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni.

Komist samkeppnisnefnd að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölusynjunina. Takist það ekki, skal samkeppnisnefnd gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum fara fram. Seljandi getur þó alltaf krafist staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu.

38. gr. hljóðar svo:

Samkeppnisnefnd getur bannað athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um févíti, sem kemur til framkvæmda, ef bannið er brotið. Févíti má innheimta með lögtaki.

42. gr. hljóðar svo:

Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða, sem gildir til þess tíma, er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

45. gr. hljóðar svo:

Verðlagsstofnun setur reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið, að tilteknar vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Ennfremur getur

verðlagsstofnun sett reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verslunum.

Verðlagsstofnun getur sett reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

48. gr. hljóðar svo:

Nú vill aðili ekki una ákvörðun samkeppnisnefndar og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar.

49. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta 5 000—20 000 kr. dagsektum.

Verðlagsráð ákveður dagsektir og má innheimta þær með lögtaki.

50. gr. hljóðar svo:

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

54. gr. hljóðar svo:

Lög þessi skulu öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau eru staðfest og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a) Lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, með síðari breytingum.
b) Lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.
c) 10. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur o. fl.
d) Lög nr. 77 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.
e) Lög nr. 30 9. janúar 1935, um heimild til handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.
f) Lög nr. 11 27. júní 1921, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl.
g) Lög nr. 70 12. júní 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.
h) Lög nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.
i) Önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Nd. 676. Ættleiðingarlög. [52. mál]

(Afgreitt frá Nd. 24. apríl).

Samhljóða þskj. 663 (sbr. 56).

Nd. 677. Lög [134. mál]

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

(Afgreitt frá Nd. 24. apríl).

Samhljóða þskj. 640.

Ed. 678. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til laga um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum. Hún varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu er hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi. Bragi Sigurjónsson og Jón G. Sólnes munu skila séráliti.

Alþingi, 24. apríl 1978.

Ingi Tryggvason, form.	Oddur Ólafsson, fundaskr., frsm.	Geir Gunnarsson.
	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 679. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til laga um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 5. gr. Fyrri málsl. greinarinnar hljóði svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10 milljónum króna.

Ed. 680. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt, en undirritaður leggur til, að málinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Starfandi er 7 manna milliþinganefnd til að undirbúa frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Nefndinni hefur verið falið að hraða störfum. Efri deild telur að ekki sé óeðlilegt, að um bann gegn fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og ýmis félög, stofnanir og samtök

á þeirra vegum, hverju nafni sem nefnast, verði fjallað af fyrrgreindri milliþinganefnd, og telur deildin því ekki ástæðu til þess að samþykkja nú frv., sem að mjög takmörkuðu leyti kveður á um þau málefni sem snerta starfsemi stjórnmálaflokka almennt, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1978.

Jón G. Sólnes.

Ed. 681. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til laga um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Við flýtisathugun finnst sjálfsagt mörgum, að einhlítt sé að banna stjórnmálaflokkum að taka við og njóta fjárstuðnings erlendis frá. Slíkt kunni að geta leitt til óeðlilegrar fylgispektar við hugsanlega hagsmuni fjárveitandans og ef til vill hafa áhrif á skoðanamyndun meðal ýmissa í landinu.

En við umhugsun vakna ýmsar spurningar:

Er hægt að framfylgja slíku banni, svo öruggt verði og til hlítar sé? Hver á að fylgjast með þessu og hvernig? Hvar á að draga mörk? Á að binda þetta bann við stjórnmálaflokka eingöngu eða ber að láta það ná yfir ýmis önnur pólitísk samtök, þótt ekki séu bundin við flokka, en vitað er að vinna m. a. að skoðanamyndun meðal landsmanna og hljóta fjárstuðning beint eða óbeint erlendis frá til starfsemi sinnar?

Á þetta bann að ná til samhjálpar verkalýðssamtaka, sem við höfum oft hlotið fjárhagsstuðning af langt fram yfir framlög okkar?

Hvað t. d. um starfsemi Varðbergs?

Eigum við af hreinlífissökum að neita ýmissi norrænni samhjálp, af því að þar erum við þiggjendur fjármuna m. a.?

Eigum við að banna blaðaútgáfu erlendra sendiráða hér, sem augljóslega gera það í áhrifaskyni og fyrir erlent fé?

Ber að banna starfsemi MÍR, sem allir sjá að notar erlent fé að meginmagni til að glæða áhuga á Sovétríkjunum og auka álit þeirra hér?

Eiga boð á Eystrasaltsvikuna að vera bannvara, af því þau eru greidd af erlendum aðilum, eða þá boð erlendra ríkja til ýmissa sendinefndahópa héðan og allt fyrir erlent fé? Í mörgum þessum tilvikum er um stórkostlega fjármuni að ræða, og hægt væri að láta sér detta í hug, að tilgangurinn væri ekki gestrisnin einber, heldur væri bakþanki um áhrif á skoðanamyndun einhvers staðar á næstu grösum.

Ég er ekki fylgismaður banna og boða. Sjálfur hef ég þegið hin ágætustu boð til Bandaríkjanna, Kína og Rússlands og talið mig hafa gagn af. En því er þessi upptalning gerð, að augljóst má vera, að bannmörkin hljóta að verða umdeilanleg, ef á að setja þau, og óframkvæmanleg gagnvart hverjum sem vill ekki hlíta þeim.

Enn getum við spurt: Á ekki að banna stjórnmálablöðum að njóta auglýsinga frá erlendum fjölþjóðafyrirtækjum, sem Morgunblaðið virðist helst njóta góðs af?

Stjórnmálaflokkar þurfa mikið fjármagn til starfsemi sinnar. Þar er blaðaútgáfa til að túlka málstað þeirra vísast fjármagnsfrekust. Hvaðan fá flokkarnir fjármagn sitt? Að hluta sem bein framlög stuðningsmanna sinna, að hluta sem hagnað af happdrættum, að hluta til og að verulegu magni af auglýsingamarkaðinum. Þetta er það sem blasir við. Hinn almenni blaðalesandi sér, að svonefnd kaupsýslustétt og iðnrekendur moka auglýsingum í blöð Sjálfstæðisflokksins, Sambandið og kaupfélögin í blöð Framsóknarflokksins, umboð fyrir svonefnd austantjaldsviðskipti og

verslanir með vörur þaðan virðast sérlega örlát við Þjóðviljann og fyrirtæki á snærum Alþýðubandalagsins, og flestir Íslendingar eru þess fullvissir, að eftir þessum viðskiptaleiðum fljóti ómælt fjármagn til þess flokks. Alþýðuflokkurinn einn hefur við fáa eða enga viðskiptajöfra að styðjast, en hann hefur nokkrum sinnum notið ókeypis blaðapappírs til útgáfu Alþýðublaðsins í takmörkuðum mæli frá bræðraflokkum sínum á Norðurlöndum, einnig ókeypis ráðgjafar varðandi útgáfustarfsemi sína oftar en einu sinni. En nokkuð er augljóst, að beinna og stöðugra fjárgjafar til útgáfu sinnar nýtur flokkurinn ekki frá bræðraflokkum sínum. Annars væri Alþýðublaðið tæpast í þeirri sífelldu fjárþröng, sem gerir því svo þungt fyrir fæti.

Velta mætti því fyrir sér, þótt slíkt verði ekki gert hér, hvort aðgangsharðari kunni að vera til þrýstings um fylgi við hagsmuni sína innlendur eða erlendur fjárveitandi. Hefur t. d. Alþýðuflokkurinn gengið sérstakra erinda Norðmanna, Svía eða Dana hér á landi, þar sem bræðraflokkar hans hafa löngum ráðið? Þarf þess vegna nú að banna flokknum að njóta tíma og tíma ókeypis blaðapappírs þaðan?

Væri þá ekki líka ástæða til að spyrja, hvort það þjónaði alfarið vexti og viðgangi samvinnuhreyfingarinnar hér í landi að hafa blöðin Tímann og Dag á jötu sinni, eða leysti tortryggnis- og grunsemdarfjötra af iðnaði og verslun að gefa Morgunblaðinu og Vísi daglega úr lófa?

Hér hefur ýmsum spurningum verið varpað fram til að vekja athygli á, að mál það, er hér um ræðir, er ekki eins einfalt og við fyrstu sýn gæti virst. Það þarf betri yfirsýnar en það hefur hlotið og þarf að athugast í sambandi við ýmis önnur atriði varðandi starfsemi stjórnmálaflokkanna en frumvarpið víkur að.

Þar sem í ráði er að undirbúa og setja rammalöggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna, virðist einsýnt að þetta mál eigi erindi inn í þann undirbúning og athugun, og er því hér með lagt til, að frumvarpi þessu **verði vísað til ríkisstjórnarinnar** til athugunar í sambandi við fyrrgreinda fyrirhugaða rammalöggjöf.

Alþingi, 24. apríl 1978.

Bragi Sigurjónsson.

Sþ. 682. Fyrirspurnir. [297. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmdir að Hólum í Hjaltadal.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvaða áform eru uppi um eflingu búnaðarfræðslu og framkvæmdir að Hólum í Hjaltadal í tilefni af aldarafmæli bændaskólans?

Hvað veldur því, að nú er það látið ganga fyrir öðru að byggja hesthús að Hólum fyrir Hrossakynbótabú ríkisins, sem er önnur stofnun til húsa á sama stað.

Hver er áætlaður byggingarkostnaður umræddss hesthúss og hvernig er fjármögnun háttað?

II. Til samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir í Landshöfn Keflavík—Njarðvík.

Frá Karli G. Sigurbergssyni.

1. Voru framkvæmdir í Landshöfn Keflavík—Njarðvík, sem getið er í nýlegri skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir árið 1977, unnar samkvæmt útboði?

2. Hvaða aðili eða aðilar sáu um framkvæmdirnar?
3. Hver hafði eftirlit með framkvæmdunum?
4. Er fjármagnið, 34.7 milljónir króna, sem fóru til verksins, í samræmi við áætlun hafnamálaskrifstofunnar um þessar tilteknu framkvæmdir?

Nd. 683. Frumvarp til laga [298. mál]

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. ÞÁTTUR
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hverskonar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni, þ. á m. fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt er og eðlilegt, að leynt fari. Lögin taka bæði til skráningar af hálfu fyrirtækja, félaga og stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni, er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri eða skráningarauðkenni, sem unnt er að persónugreina fyrir þá, sem búa yfir greiningarlykli.

2. gr.

Með opinberum aðilum er í lögum þessum átt við ríki og sveitarfélög og einstakar stofnanir þeirra.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tölvunefndar, að ákvæði laga þessara um opinbera aðila taki einnig til félaga, fyrirtækja eða stofnana, sem ekki teljast til stjórnsýslusviðs, ef framlög ríkis eða sveitarfélaga til rekstrar, sem þau hafa um hönd, fela í sér verulegan hluta af rekstrarútgjöldum.

3. gr.

Skráning á upplýsingum um einkamálefni samkv. 1. gr. er því aðeins heimil af hálfu fyrirtækja, félaga og stofnana, sem ekki eru opinberir aðilar, að gætt sé reglnanna í II. þætti hér á eftir, sbr. þó 4. gr.

Skráning á upplýsingum um einkamálefni samkv. 1. gr. er eigi heimil af hálfu opinberra aðila, nema gætt sé ákvæða III. þáttar, sbr. þó 4. og 51. gr.

4. gr.

Lög þessi ná ekki til skráningar, sem stofnað er til einvörðungu í vísindalegu skyni eða vegna tölfræðiskýrslna opinberra stofnana, sem semja tölfræðiskýrslur samkvæmt lögum eða stjórnvaldsreglum. Gæta skal þó meginreglna 36. gr. 3. og 4. málsgr. og 39. gr.

Manntalsskráning og æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956 fellur utan marka laga þessara, svo og skipulagsbundin skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita.

Um þjóðskrá og sakaskrá fer eftir því sem segir í 51. gr.

II. ÞÁTTUR

Skráning af hálfu einstaklinga, fyrirtækja, félaga og stofnana, sem eigi eru opinberir aðilar.

I. KAFLI

Upplýsingaskráning í þágu atvinnufyrirtækja, félaga og stofnana.

5. gr.

Atvinnufyrirtæki, atvinnurekendur, stofnanir og félög og sambærilegir aðilar mega því aðeins koma við kerfisbundinni skráningu upplýsinga, er 1. gr. tekur til, að skráning sé eðlilegur þáttur í starfsemi, sem slíkir aðilar hafa um hönd, sbr. þó ákvæði II. og III. kafla.

Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðerni manna, þjóðflokk, kynþátt og litarhátt, svo og skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum og á trúmálum, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Skráning er þó heimil, ef hinn skráði hefur látið í té upplýsingar eða þeirra er aflað með samþykki hans og við þær aðstæður, að honum getur eigi dulist, að ætlunin er að skrá þær með þeim hætti, er greinir í 1. málsgr. Það er fremur skilyrði, að aðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við um upplýsingar varðandi brotaferil manna, kynræna hagi þeirra og heilsuhagi, notkun þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum og svipuð einkalífsatriði.

Skráningu samkv. 2. málsgr. má eigi koma við, nema með samþykki tölvunefndar, ef ætlunin er að veita öðrum aðgang að upplýsingum þessum án samþykkis viðkomandi manns. Sama máli gegnir um skrár, sem ætlað er að veita upplýsingar, er vara við fjárskiptum við tiltekinn aðila.

Samþykki samkvæmt 3. málsgr. má vera bundið því skilyrði, að nánar tilteknar upplýsingar verði eigi skráðar og að skráningin hlíti reglum þeim, sem greinir í II. kafla laga þessara.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að fengnum tillögum tölvunefndar, að tilteknar skrár skuli að nokkru leyti eða öllu lúta ákvæðum II. kafla, og að nánar tilteknar upplýsingar megi eigi greina í skrám þessum.

6. gr.

Eigi má skýra frá upplýsingum, sem greindar eru í skrám samkv. 1. málsgr. 5. gr., nema með samþykki hins skráða aðila. Þetta er þó heimilt, ef frásögn af upplýsingum eða aðgangur að þeim er eðlilegur þáttur í starfsemi þess, er stofnað hefur til skráningarinnar.

Eigi má skýra frá upplýsingum um atriði, sem greinir í 2. málsgr. 5. gr. án samþykkis viðkomandi eða þess, sem lögbær er að veita samþykki hans vegna, nema slíkt leiði af öðrum lögum.

Upplýsingar um skráð atriði, sem gerst hafa fyrir meira en 5 árum, má eigi veita öðrum, nema tvímælalaust sé, að aðgangur að upplýsingunum hafi úrslitagildi um mat á því atriði, sem ætlunin er að kanna, eða slíkt leiði af öðrum lögum.

Ákvæði 1.—3. málsgr. gilda ekki um það, er upplýsingar eru veittar eingöngu í þarfir vísindalegra rannsókna eða í þágu tölfræðiskýrslna. Sama er, ef upplýsinga er leitað vegna læknisrannsókna eða aðgerða á hinum skráða.

7. gr.

Nú telur skráður aðili, að upplýsingar um hann samkv. 5. gr. séu efnislega rangar eða villandi, og getur hann þá krafist þess, að sá, sem ábyrgur er fyrir skráningu, færi þær í rétt horf eða afmái þær, og á hið síðastnefnda einnig við um atriði, sem eigi má skrá.

Nú neitar sá, sem ábyrgur er fyrir skrá, að fallast á kröfu samkv. 1. málsgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan 4 vikna, og getur aðili þá krafist þess, að

tölvunefnd kveði á um, hvort kröfu um afmáningu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra beri að taka til greina.

Tölvunefnd veitir þeim, er ábyrgð ber á skráningu, kost á að tjá sig um kæruefnið. Skráningaraðilanum er skylt að kröfu tölvunefndar að gera henni grein fyrir, hverjum skýrt hafi verið frá þeim upplýsingum, sem leiðréttingar er óskað á.

Nú fellst tölvunefnd á kröfu manns um leiðréttingu eða afmáningu, og leggur hún þá fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar eða afmá þær. Enn fremur getur nefndin lagt fyrir sama aðila að koma á framfæri leiðréttingu til allra þeirra, sem skýrt hefur verið frá upplýsingum á síðustu 6 mánuðum, áður en réttur aðili kvartaði um efni þeirra. Hinn ábyrgi skráningaraðili skal og gera þeim, sem upplýsingarnar fjalla um, grein fyrir nöfnum allra þeirra, sem skýrt hefur verið frá upplýsingum þessum á greindu tímabili.

II. KAFLI

Upplýsingar um fjárhag manna og önnur atriði, er varða lánstraust manna.

8. gr.

Nú óskar aðili að hefja starfsemi, sem varðar skráningar á upplýsingum um fjárhag manna og lögpersóna og lánstraust, og er ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni. Skal hann þá áður en starfsemin hefst, skila sérstakri tilkynningu um það til tölvunefndar. Má mæla fyrir um eyðublöð undir slíkar tilkynningar.

9. gr.

Aðili samkv. 8. gr. má því aðeins skrá upplýsingar og veita öðrum aðgang að þeim, að þær eftir eðli sínu hafi gildi um mat á fjárhag manns og lánstrausti.

Óheimilt er að skrá upplýsingar samkv. 1. málsgr. og veita öðrum fræðslu um þær, ef þær varða þjóðerni manna, kynþátt, trúarbrögð og litarhátt og um skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum atriðum, svo og um kynræna hagi þeirra, einstaka sjúkdóma, sem þeir kunna að vera haldnir, og notkun þeirra á áfengi eða öðrum vímugjöfum eða á vanalyfjum.

Upplýsingar um brotaferil manna, svo og upplýsingar um atriði, sem eru eldri en 5 ára og veikja kunna lánstraust, má ekki skrá eða veita öðrum fræðslu um, nema ótvírætt sé í einstöku tilviki, að atriði þetta hafi úrslitagildi um mat á fjárhag eða lánstrausti.

10. gr.

Aðili, sem hefur um hönd starfsemi samkv. 8. gr., má taka á skrá upplýsingar um nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrám, án þess að skýra viðkomanda frá þessu. Ef önnur atriði eru tekin á skrá, ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá þessu innan 4 vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fleiri atriði en þau, sem getur í 1. málsgr., megi taka á skrá án þess að skráningaraðila sé skylt að skýra viðkomandi frá því.

11. gr.

Aðila, sem greinir í 8. gr., er skylt án ástæðulausrar tafar að skýra þeim, sem skráning tekur til, að beiðni hans, frá efni þeirra upplýsinga og þess mats, sem aðilinn hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hagi beiðanda. Aðilanum er einnig skylt að greina hinum skráða frá því, hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Nú hefur aðili samkv. 8. gr. í vörslum sínum frekari gögn um skráðan mann eða stofnun en þau, sem beiðni lýtur að, og er honum þá skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim.

Hinn skráði aðili á eigi kröfu til þess, að honum sé skýrt frá því, hvaðan upplýsingarnar stafa.

Hinn skráði getur krafist þess, að aðili samkv. 8. gr. láti honum í té skriflega skýrslu um allar skráðar upplýsingar, er hann varða, og honum eru kræfar samkv. grein þessari.

12. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega, sbr. þó 1. og 2. málsgr. 11. gr. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut, má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilsfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. 6 mánuði.

Upplýsingarit frá aðila, sem rekur starfsemi samkv. 8. gr., varðandi fjárhag og atriði, er varða lánstraust þeirra, mega aðeins vera almenns efnis og má aðeins senda þau til áskrifenda.

13. gr.

Upplýsingar um fjárhag eða mat á fjárhag og lánstrausti, sem eru rangar eða villandi, skal tafarlaust afmá úr skrá eða færa í rétt horf.

14. gr.

Nú hafa upplýsingar eða mat varðandi fjárhag og lánstraust verið látnar í té til annarra, og þær reynast rangar eða villandi. Er ábyrgum aðila samkv. 8. gr. þá skylt að senda án tafar öllum þeim, sem fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu 6 mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá aðila um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

15. gr.

Nú óskar sá, sem tekinn hefur verið á skrá, að aðili samkv. 8. gr. afmái eða leiðrétti atriði, er varða fjárhag hans eða mat á lánstrausti hans, og er aðila þá skylt að svara því án ástæðulausrar tafar og í síðasta lagi innan 4 vikna frá því, að tilmæli bárust.

Nú synjar aðili, sem ábyrgur er fyrir skráningu, tilmælum samkv. 1. málsgr., og getur hinn skráði þá innan 4 vikna frá móttöku svars eða innan 4 vikna frá lokum svarsfrests samkv. 1. málsgr. óskað eftir því við tölvunefnd, að hún skeri úr um kröfu um afmáningu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Ákvæði 14. gr. eiga við, ef fallist er á kröfuna.

16. gr.

Skrár eða frumgögn við skráningu má aðeins afhenda þeim, sem tilkynnt hefur starfsemi sína samkv. 8. gr., og skal tölvunefnd skýrt frá slíkri afhendingu án ástæðulausrar tafar.

III. KAFLI

Skráning á nöfnum og heimilisföngum manna eða hópa manna í því skyni að láta upplýsingar um þá í té.

17. gr.

Aðili, sem lætur í té upplýsingar um nöfn og heimilisföng tiltekinna hópa manna, stofnana, fyrirtækja eða félaga, eða annast fyrir aðra um áletrun heimilisfanga á umslög eða útsendingar á tilkynningum til slíkra hópa, má aðeins hafa á nafnaskrám sínum eftirfarandi atriði:

1) nafn, heimilisfang, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, stöðu, lærdómstitil og atvinnu,
2) upplýsingar, sem aðgangur er að í opinberum skrám, svo sem fyrirtækjaskrám,
3) upplýsingar um tómstundamál og svipað, sem myndað getur grundvöll að almennt viðurkenndri greiningu manna og fyrirtækja í mismunandi hópa.

Upplýsingar um kynþátt, litarhátt, trúarbrögð og skoðanir manna á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum, brotaferil þeirra, kynræna hagi, heilsuhagi og notkun þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum má ekki taka á skrár þær, sem greinir í 1. mgr. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð reist frekari skorður við því, hvað greina megi á skrám þessum.

18. gr.

Nú óskar maður eða fyrirsvarsmaður félags, fyrirtækis og stofnunar, að nafn hans eða félags o. s. frv. sé afmáð af skrá samkvæmt 17. gr., og er þá skylt að verða við því.

19. gr.

Nú fá forráðamenn félaga eða fyrirtækja aðila, er greinir í 1. málsgr. 17. gr., í hendur félagaskrár eða skrár yfir fasta viðskiptamenn eða svipaðar skrár, og er þeim aðila þá óheimilt án samþykkis þess, sem afhent hefur gögnin, að láta þau af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum, sem í skránum eða gögnunum felast.

III. ÞÁTTUR

Skráning á upplýsingum um einkamálefni á vegum opinberra aðila.

IV. KAFLI

Upphaf skráningar.

20. gr.

Óheimilt er að stofna af hálfu opinberra aðila til kerfisbundinnar skráningar, sem lýtur lögum þessum, nema ráðherra, sem í hlut á, samþykki það að höfðu samráði við dómsmálaráðherra.

Áður en stofnað er til skráningar, ber viðkomandi ráðherra eða þeim, sem hann felur það, að setja reglur um tilhögun og rekstur skráningarstarfseminnar og hvaða reglur gildi um notkun og varðveislu skráningargagna. Þess skal gætt, að reglurnar séu í samræmi við ákvæði V.—VIII. kafla laga þessara.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. eiga að sínu leyti einnig við um samtengingu skráa, sem eru útbúnar til að sinna mismunandi verkefnum. Þetta á þó ekki við um samtengingu skráa, sem gerð er eingöngu vegna vísindalegra þarfa eða í þágu tölfræðiskýrslna.

Leita skal álits tölvunefndar, áður en samþykki er veitt eða reglur settar samkv. ákvæðum greinar þessarar.

21. gr.

Nú er ætlunin að stofna til skráa, sem lúta ákvæðum laga þessara, af hálfu sveitarfélaga, og er þá skylt að fá samþykki fundar viðkomandi sveitarstjórnar, áður en í skráningu er ráðist.

Sveitarstjórn skal semja reglur um tilhögun og notkun skráa samkv. 1. málsgr. og um rekstur þeirra, áður en skráning hefst, og skal þess gætt, að reglur þessar fullnægi kröfum V.—VIII. kafla laga þessara. Dómsmálaráðherra staðfestir reglur þessar.

Áður en ákvörðun er tekin um þau efni, er greinir í 1. og 2. málsgr., þar á meðal um setningu reglna, ber að leita álits tölvunefndar.

Ákvæði 1.—3. málsgr. eiga einnig við um samtengingu skráa, sem eru útbúnar til að sinna mismunandi verkefnum. Þetta á þó ekki við um samtengingu skráa, sem gerð er eingöngu vegna vísindalegra þarfa eða í þágu tölfræðiskýrslna.

22. gr.

Nú er stofnað til einstakra skráa eða skráningarkerfis í því skyni að sinna verkefnum fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, samband sveitarfélaga eða fyrir sveitar-

félög og ríkisstofnanir sameiginlega. Skulu slíkar skrár eða skráningarkerfi hljóta samþykki dómsmálaráðherra. Þá skulu og hafa verið settar reglur um uppbyggingu, rekstur og notkun skráa þessara, sem fullnægja ákvæðum V.—VIII. kafla laganna, enda hafi reglurnar hlotið samþykki dómsmálaráðherra.

Leita skal álits tölvunefndar, áður en heimilaður er rekstur skráa þeirra, sem greinir í 1. málsgr., og áður en reglur þær eru settar, sem þar greinir.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. eiga einnig við um samtengingu skráa, sem eru útbúnar til að sinna mismunandi verkefnum. Þetta á þó ekki við um samtengingu skráa, sem gerð er eingöngu vegna vísindalegra þarfa eða í þágu tölfræðiskýrslna.

23. gr.

Reglur þær, sem settar kunna að vera samkv. 20. gr. 2. málsgr., 21. gr. 2. málsgr. og 22. gr. 1. málsgr., skulu sendar tölvunefnd þegar eftir að þær hafa verið settar. Sama er um breytingar á reglunum.

Reglur þær, sem settar eru um einstakar skrár eða skráningarkerfi, skulu vera fáanlegar hjá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu, og hjá tölvunefnd, fyrir þá, sem þeirra kunna að óska. Þetta á þó ekki við, ef veigamiklar þjóðfélagsástæður mæla með því, að reglur þessar eigi að fara leynt, einkum vegna ákvæða þeirra um eftirlits- og öryggisráðstafanir.

V. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

24. gr.

Þær einar upplýsingar má skrá, sem skipta ótvírætt máli um verkefni þau, sem viðkomandi stjórnvald á að sinna. Þó er heimilt að skrá upplýsingar, sem máli skipta fyrir annað stjórnvald, enda sé þá svo um skráningu búið, að hvert stjórnvald fái einungis þær upplýsingar úr skránni, er það varðar.

Óheimilt er að skrá upplýsingar um skoðanir manna á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum, sem ekki eru aðgengilegar almenningi. Aðrar upplýsingar um einkamálefni má eigi heldur skrá, þ. á m. þær, er varða kynþátt manna, litarhátt, trúarbrögð, brotaferil, kynræna hagi og heilsuhagi og notkun þeirra á áfengi eða öðrum vímugjöfum, nema slíkt sé ótvírætt nauðsynlegt vegna notagildis skránna.

Skráðar upplýsingar skal afmá, sem vegna aldurs þeirra eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að fengnu áliti tölvunefndar, að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveitt í Þjóðskjalasafni eða öðrum opinberum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum.

25. gr.

Tölvunefnd hefur með höndum nauðsynlegt eftirlit með því, að í skrám samkvæmt ákvæðum III. þáttar séu eigi greindar rangar eða villandi upplýsingar. Upplýsingar, sem reynast rangar eða villandi, skal þegar í stað afmá eða færa í rétt horf.

26. gr.

Kosta skal kapps um að beita virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir, að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Ráðstafanir þær, sem 1. málsgr. kveður á um, skulu einnig taka til hvers konar endurrita, útskrifta og ljósrita úr skrám, þar með taldar útskriftir og endurrit, sem afhent kunna að hafa verið öðrum stjórnvöldum en þeim, sem ábyrg eru fyrir skráningu.

Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar, sem líklegt þykir, að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki, og skal þá koma við öryggisráðstöfunum, sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar, ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir, að til styrjaldarátaka komi.

VI. KAFLI

Heimild skráðra aðila til að fá vitneskju um upplýsingar, er skráðar hafa verið um þá sjálfa.

27. gr.

Nú telur aðili, að upplýsingar um einkamálefni hans séu greindar á opinberum skrám, sbr. ákvæði V. kafla. Getur hann þá óskað þess við þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu, að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Nú telur maður, að upplýsingar um hagi sína séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúklingaskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir lækninum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomanda.

Ákvæði 1. málsgr. gildir ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eigi að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almenningshagsmunum eða öðrum veigamiklum einkahagsmunum. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra hluta þeirra, þá skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta, sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. taka ekki til skráa eða skráningar, sem eingöngu er stofnað til í þágu tölfræðilegra úrdrátta. Ákveða má einnig, að aðrar skrár séu þegnar undan ákvæðum þessum, ef ætla má, að sérregla 3. málsgr. muni hafa í för með sér, að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

Aðili, sem fengið hefur vitneskju um upplýsingar samkv. 1. og 2. málsgr., á ekki tilkall til að fá nýja skýrslu um slík efni, fyrr en 12 mánuðir eru liðnir frá því að hann fékk síðast tilkynningu um skráðar upplýsingar, nema hann sýni fram á, að honum sé sérstakt hagsmunamál að fá upplýsingar að nýju.

28. gr.

Tilkynningar samkv. 27. gr. 1. málsgr., sbr. 3. málsgr. skulu gefnar skriflega, sé þessa óskað. Ef tillitið til hins skráða sjálfs mælir með því, er þó hægt að skýra honum munnlega frá efni upplýsinganna.

Skýrslu um upplýsingar samkv. 27. gr. 2. málsgr. gefur læknir hins skráða aðila, og má hún vera munnleg. Hliðstæðar reglur gilda við framkvæmd á ákvæði 27. gr. 3. málsgr.

29. gr.

Nú rís ágreiningur eða vafamál vakna í sambandi við heimild manna til að fá upplýsingar samkvæmt 27. gr. 1.—3. málsgr. og 5. málsgr. og 28. gr. eða samkvæmt reglum settum með stoð í 27. gr. 4. málsgr., og má þá leggja málið fyrir tölvunefnd til úrlausnar. Úrlausn tölvunefndar verður eigi skotið til annars stjórnvalds.

VII. KAFLI

Skráðar upplýsingar látnar í té öðrum einkaaðila en hinum skráða.

30. gr.

Eigi má láta í té skráðar upplýsingar, er varða einkamálefni manna, til annarra einstaklinga, fyrirtækja, félaga eða stofnana, nema gætt sé reglna 31.—33. gr. eða upplýsingar séu áður aðgengilegar almenningi, eða sá, sem í hlut á, samþykki

eða annar, sem heimild hefur til að samþykkja það vegna hans, eða heimild sé til þess í lögum.

Samþykki skal láta uppi skriflega, og skal það greina

1) hvers konar upplýsingar megi láta í té,
2) hverjum megi láta í té upplýsingar þessar, og
3) hvernig viðtakandi megi hagnýta sér þær.

Samþykki fellur niður í síðasta lagi, þegar ár er liðið frá því að það var látið uppi.

31. gr.

Skráðar upplýsingar um einkamálefni manna má láta í té öðrum einstaklingum, fyrirtækjum, félögum og stofnunum, sem vinna að verkefnum í þágu þess stjórnvalds, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þó er aðeins heimilt að láta uppi upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna úrlausnar á því verkefni, sem stjórnvald hefur falið viðtakanda að leysa. Upplýsingar þessar má ekki nota í öðru skyni en því, sem stjórnvald það, er ábyrgð ber á skráningu, kveður á um.

32. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, sem hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskrám þess varðandi mann þennan. Upplýsingar geta einnig, þegar læknir á í hlut, tekið til annarra manna, einkum vandamanna viðkomandi manns, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

Heimilt er einnig að láta í té upplýsingar úr gögnum þeim, er greinir í 1. málsgr., þ. á m. um sjúkdómsgreiningar, til lækna, sem fást við rannsóknarverkefni. Viðtakanda er eigi heimilt að hafa samband við hinn skráða á grundvelli slíkra upplýsinga, nema læknar þeir, sem fjallað hafa um heilsuhagi hins skráða, samþykki það.

Með samþykki heilbrigðisráðherra er enn fremur heimilt að veita einstaklingum, fyrirtækjum, félögum og stofnunum upplýsingar úr skrám til afnota við einstök rannsóknarverkefni eða skipulagsverkefni með nánar tilteknum skilyrðum. Ef ætlunin er að nota upplýsingar til samtengingar skráa, sem lög þessi taka ekki til, má eigi láta í té upplýsingar, nema samþykki tölvunefndar komi til.

33. gr.

Nú er sýnt fram á af hálfu einstaklings, fyrirtækis, félags eða stofnunar, að þessum aðilum sé þörf á tilteknum skráðum upplýsingum vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, og er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefur af upplýsingum, enda sé ótvírætt, að þörfin á að fá þær vegi þyngra en tillitið til þess, að upplýsingum sé haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar, sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum eða stjórnvaldsreglum.

Heimilt er að láta í té með nánar tilteknum skilmálum skráðar upplýsingar vegna tiltekinna rannsóknarverkefna. Ákvæðið í 32. gr. 3. málsgr. 2. málslið á einnig við um slík tilvik.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir að láta í té skráðar upplýsingar, þegar slíkt er heimilt.

VIII. KAFLI
Skráðar upplýsingar látnar í té til stjórnvalda.

35. gr.

Skráðar upplýsingar er heimilt að láta í té öðrum stjórnvöldum en þeim, sem ábyrg eru fyrir skráningu, í þeim mæli, sem greint er í VII. kafla, og enn fremur þegar viðkomandi stjórnvöld eiga tilkall til upplýsinga samkvæmt lögum eða stjórnvaldsreglum.

Að öðrum kosti verða upplýsingar því aðeins látnar öðrum stjórnvöldum í té, að þær hafi verulegt gildi um starfsemi viðkomandi stjórnvalds eða um tiltekna úrlausn, sem stjórnvald á að láta uppi, sbr. þó 24. gr. 1. málsgr. 2. málslið. Ekki má þó láta í té upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda gildir um samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum.

Eigi er heimilt, nema sérstaklega standi á, að láta í té upplýsingar, er varða persónuhagi einstakra manna, úr skrám, sem eingöngu eru unnar vegna vísindalegra rannsókna eða vegna tölfræðilegra úrdrátta.

IV. ÞÁTTUR

IX. KAFLI
Um tölvuþjónustu.

36. gr.

Einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra aðila er óheimilt að varðveita eða vinna úr upplýsingum um einkamálefni samkvæmt 1. gr., nema þeir hafi til þess starfsleyfi, er tölvunefnd veitir.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Aðili, sem fær starfsleyfi samkvæmt 1. málsgr. skal gera viðhlítandi ráðstafanir, að dómi tölvunefndar, sem tryggi, að upplýsingar þær, sem í verkbeiðni felast, eða fylgja henni verði eigi misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Tölvunefnd getur mælt fyrir um nánari ákvæði varðandi slíkar öryggisráðstafanir.

Aðili samkvæmt 1. málsgr. má ekki án samþykkis verkbeiðanda nota upplýsingar, sem hann fær í sambandi við framkvæmd umbeðins verks, í öðru skyni en til að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að. Er honum óheimilt að varðveita gögn um þær hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar á tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnsla þeirra skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara.

37. gr.

Umsókn um starfsleyfi samkvæmt 36. gr. skulu fylgja rækileg gögn um fyrirhugaða starfsemi, tækjabúnað, starfslið, húsnæði, öryggisráðstafanir o. fl. eftir því sem tölvunefnd mælir nánar fyrir um.

Starfsleyfi skal tímabinda og skulu þau eigi veitt til lengri tíma en 5 ára í senn.

38. gr.

Starfsmenn við tölvuþjónustufyrirtæki samkvæmt 36. gr. eru þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við störf sín, og skulu undirrita þagnarheit, áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíka aðila, og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir

opinberu starfsmenn, sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns á þagnarskyldu varðar, þegar svona stendur á, refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga.

V. ÞÁTTUR

X. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis.

39. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til, þegar einstaklingur eða fyrirtæki stendur að söfnuninni, en dómsmálaráðherra, að fenginni umsögn tölvunefndar, ef opinber aðili á í hlut.

Skrár eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 5. gr. 2. málsgr. og 24. gr. 2. málsgr. má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar eða dómsmálaráðherra komi til.

Leyfi samkv. 1. og 2. málsgr. má því aðeins veita, að tölvunefnd telji, að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna vernd þá, sem lögin búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.

VI. ÞÁTTUR

XI. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

40. gr.

Tölvunefnd hefir eftirlit með framkvæmd laga þessara og skráningu og vinnslu, sem lögin taka til, leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum, og setur fram umsagnir um reglur, er varða skráningarmál. Þá er nefndin ríkisstjórninni til ráðuneytis um tölvu- og skráningarmálefni.

Tölvunefnd skal skipuð 3 mönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Tveir nefndarmenn skulu vera sérfróðir um tölvu- og skráningarmálefni. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Um starfslið og starfshætti tölvunefndar skal mælt í reglugerð, er dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum nefndarinnar.

41. gr.

Tölvunefnd getur krafið þann, sem ábyrgur er fyrir skrásetningu eða framkvæmir hana vegna annars (verkbeiðanda) allra upplýsinga, sem máli skipta fyrir eftirlits- og könnunarstarfsemina.

Meðlimir tölvunefndar og starfslið hennar á vegna eftirlitsstarfa sinna aðgang án dómsúrskurðar að húsnæði, þar sem skráning fer fram, svo og að stjórnarskrifstofu og húsnæði, þar sem skráningargögn og tæknileg gögn öll eru varðveitt.

42. gr.

Ákvæði greinar þessarar gilda um skráningarstarfsemi, er lýtur II. þætti laga þessara, nema annars sé getið.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi starfsemin í berhögg við

ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar, svo og að einstakar upplýsingar á skrám séu afmáðar eða skrár í heild sinni séu eyðilagðar.

Tölvunefnd getur enn fremur lagt fyrir ábyrgan skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða, sem annað hvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur bannað að viðhafa nánar tiltekna aðferð við söfnun upplýsinga til tölvuvinnslu eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, enda telji hún, að aðferð sú, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á, að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi, eða að um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila, sem ábyrgð ber á starfsemi, er lýtur lögunum, að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá, eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði, sem eru röng eða villandi. Enn fremur er tölvunefnd rétt að krefjast þess af ábyrgum skráningaraðila, að hann hlutist til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir eða dragi úr hættu á, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi mönnum.

43. gr.

Ákvæði greinar þessarar á við um skráningarstarfsemi, sem lýtur III. þætti laga þessara.

Tölvunefnd gefur skýrslu til þess stjórnvalds, sem er ábyrgt fyrir skráningu, og ráðherra, sem hið ábyrga stjórnvald á undir, um brot á lögum eða stjórnvaldsreglum, sem upp kunna að koma, eða ágalla, sem æskilegt er, að bætt sé úr. Viðkomandi stjórnvöldum er skylt að gera tölvunefnd grein fyrir, hvaða ráðstafanir gerðar séu í tilefni af skýrslu hennar.

Tölvunefnd getur hvenær sem er sett fram tillögur um breytingu á reglum um tiltekna kerfisbundna skráningu og beint þeim til þess stjórnvalds, sem sett hefur reglurnar í upphafi.

44. gr.

Úrlausnir tölvunefndar verða eigi bornar undir önnur stjórnvöld.

45. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsreglum, settum með stoð í þeim.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita samþykki til einstakra aðgerða samkvæmt lögum þessum, og er henni þá heimilt að binda samþykkið skilyrðum og tímabinda það.

46. gr.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið á um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir, um geymslu eða úrvinnslu hér á landi á gögnum, er safnað hefur verið erlendis, þ. á m. um sérstaka tilkynningarskyldu á slíku.

Enn fremur um afmáningu og eyðileggingu á skrám, sem andstæðar eru lögunum, svo og önnur atriði, sem varða framkvæmd laganna, þ. á m. um starfsemi samkvæmt II. og III. kafla.

47. gr.

Tölvunefnd gefur út öðru hverju skýrslu um starfsemi sína.

Tölvunefnd getur enn fremur birt almenningi umsagnir og álitsgerðir, svo og tillögur, er það hefur látið uppi samkvæmt lögunum.

VI. ÞÁTTUR
Um refsingar og önnur viðurlög, gildistöku laganna og framkvæmd.

XII. KAFLI
Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum.

48. gr.

Brot á 5. gr. 2. og 3. málsgr., 6. gr., 7. gr. 2. málsgr. 3. málslið, 8. og 9. gr., 10. gr. 1. málsgr. 2. málslið, 11. gr. 1., 2. og 4. málsgr., 12.—14. gr., 15. gr. 1. málsgr. og 2. málsgr. 2. málslið, 16.—19. gr. 31. gr. 3. málslið, 32. gr. 2. málsgr. 2. málslið, 36. gr. 1., 3.—4. málsgr., 38. gr. 1. málsgr., 39. gr. 1. og 2. málsgr., svo og brot á skilmálum, sem settir eru samkv. 32. gr. 3. málsgr. og 34. gr. varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara eftir úrlausn tölvunefndar samkvæmt 7. gr. 2. málsgr. og 15. gr. 2. málsgr., eða að fullnægja kröfum tölvunefndar samkv. 41. gr. 1. málsgr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði, sem sett er fyrir leyfi til starfrækslu, er lýtur lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni, sem uppi hefur verið haft samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim.

Í reglum, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, má setja það ákvæði, að brot á reglunum varði sektum.

Nú er brot framið í starfsemi, sem hlutafélag, samvinnufélag eða annað atvinnufyrirtæki hefur með höndum, og má þá leggja sektarrefsingu á félagið sem slíkt.

49. gr.

Þann, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 36. gr. án leyfis, eða hefst handa um starfsemi samkvæmt 8. gr. án þess að tilkynna hana tölvunefnd má auk refsingar svipta rétti til tölvustarfrækslu þeirrar, sem hann hefur með höndum, enda gefi brot til kynna nærlæga hættu á misnotkun manns í sambandi við skráningarstarfsemi. Sama er um brot á 5. gr. 3. málsgr. Að öðru leyti eiga ákvæði 68. gr. 1. og 2. málsgr. almennra hegningarlaga hér við.

Gera má upptæk með dómi tæki, sem stórfelld brot á lögum þessum eru framin með, svo og hagnað af broti, og eiga ákvæði 69. gr. alm. hegningarlaga hér við.

XIII. KAFLI
Gildistaka og lagaframkvæmd.

50. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1979.

Leita skal samþykkis tölvunefndar, þar sem það er áskilið eða koma á framfæri tilkynningum til hennar innan 3 mánaða frá gildistöku laganna, að því er varðar starfsemi, er II. þáttur laganna tekur til, og hafist hefur, áður en lögin öðluðust gildi. Senda skal drög til reglna um starfsemi og starfshætti skráa, þar sem gætt skal ákvæða III. þáttar laganna, til tölvunefndar í síðasta lagi þegar 6 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna samkv. 1. málsgr.

51. gr.

Um þjóðskrá og almannaskráningu fer eftir því, sem segir í lögum og stjórnvaldsreglum þar um. Sama er að sínu leyti um sakaskrá.

Greinargerð.

Með bréfi Ólafs Jóhannessonar dómsmálaráðherra 25. nóvember 1976 voru þeir dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, Hjalti Zóphóníasson fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu og dr. Þorkell Helgason dósent, skipaðir í nefnd til að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum, er varða einkahagi manna. Var hinn fyrstnefndi skipaður formaður nefndarinnar. Baldur Möller ráðuneytisstjóri starfaði um hríð með nefndinni. Dr. Oddur Benediktsson dósent hefir unnið að sérfræðilegum athugunum á vegum nefndarinnar. Þá gaf hagstofustjóri nefndinni ítarlega skýrslu um tölvuskrár á vegum stofnunar sinnar.

Í erindisbréfi nefndarinnar var sérstaklega bent á, að þörf væri að hyggja að reglum um söfnun upplýsinga til varðveislu efnis í tölvum og um vernd gegn misnotkun slíks efnis, svo og um skyldur þeirra manna, sem starfa við rekstur á tölvum. Í bréfinu segir enn fremur, að hafa skuli hliðsjón af löggjöf, sem sett hefir verið í öðrum löndum um þetta efni, svo og þeim löggjafarundirbúningi, sem í gangi er á því sviði í einstökum löndum og á alþjóðavettvangi.

Nefndarmenn hafa allir kynnt sér þetta efni erlendis með viðræðum og könnunum á Norðurlöndum og með þátttöku í fundum á vegum Evrópuráðs um þessi málefni. Þá hefir nefndin viðað að sér miklum heimildum, lögum, lagafrumvörpum og ritum um efnið. Ráðunautur frá dómsmálaráðuneytinu danska, dr. Niels Eilschou Holm, kom hingað til lands í mars 1977 m. a. til viðræðna um þetta málefni.

Nefndin hefir kostað kapps um að hraða störfum, svo sem óskað var af hálfu dómsmálaráðherra. Mikill tími hefir farið í að kynnast þeim mikla efniviði, sem nefndin hefir talið nauðsynlegt að rannsaka, svo og til að hugleiða og ræða fær úrræði hér á landi á þessu sviði, en engan veginn er sjálfsagt, að fylgt skuli í hvívetna erlendum fyrirmyndum við þær sérstöku aðstæður, sem ríkja hér á landi.

Hér á eftir verður fyrst rætt um þörfina á löggjöf vegna tölvutækni. Þar á meðal verður gaumgæft, hvort núgildandi löggjöf hér á landi veiti næga vernd gegn þeim hættum, sem samfara eru tölvustarfsemi vegna hagsmuna einstaklinga og lögpersóna af því að njóta eðlilegrar verndar um einkahagi sína (I A og I B). Þá verður vikið að hugmyndum, sem fram hafa komið á Alþingi varðandi þessi málefni (II). Síðan verður gerð grein fyrir erlendum lagafrumvörpum og lögum á þessu sviði, svo og meðferð þessara mála hjá fjölþjóðastofnunum (III og IV). Að svo vöxnu verður rætt um efni þessa frv. og settar fram athugasemdir við einstakar greinar þess (V).

I.

Þörfin á löggjöf vegna tölvutækni nútímans.

I.A.

Tölvutækni nútímans gerir kleyft að vinna á ódýran og hraðvirkan hátt úr miklum upplýsingaforða. Er auðvelt að draga saman upplýsingar eða framkvæma leit að einstökum atriðum og fá síðan niðurstöður útskrifaðar. Útskriftir þessar er hægt að margfalda að vild. Þá er auðvelt að láta tölvur tengja saman skrár með skyldum eða óskyldum upplýsingum og mynda á þann hátt umfangsmikla skráabanka, sem nær ókleift hefði verið að stofna til og halda með fyrri aðferðum. Tölvutæknin kemur víða að miklum notum, við framkvæmdir og mannvirkjagerð, skipulagningarverkefni, áætlanir hannanir, stjórnun margvíslega, vísindarannsóknir og sérfræðirannsóknir, þ. á m. á sviði heilbrigðismála. Er tölvutæknin ein mikilvægasta stoð undir framkvæmdum og framförum og vísindalegum rannsóknum.

Mönnum hefur orðið æ ljósara á síðustu árum, að tölvutæknin felur í sér hættu á misnotkun og jafnvel misferli. Einkum hefur athygli manna beinst að því, að í tölvum er hægt að safna miklum upplýsingaforða um einkamálefni manna og hætta er á, að slíkar upplýsingar verði notaðar, svo að mein verði af fyrir þann, sem skráður er. Tölvan tekur ekki eingöngu við efniviði, hún vinnur hann með margvíslegum hætti með afköstum, er undrum sæta, og skráningargögn er hægt að varðveita von

úr viti. Vissulega tíðkaðist kerfisbundin skráning á einkamálefnum löngu fyrir daga tölva, sbr. manntalsgögn, tölfræðigögn, sakaskrár o. fl., og tíðkast enn. Tölvutæknin hefir hins vegar í fyrsta lagi valdið aldahvörfum um hraðvirkni og samtengsl upplýsingaforða og í öðru lagi veldur hinn greiði aðgangur að útskriftum og margföldun þeirra ærnum breytingum. Hér er einnig á það að líta, að margir tæknimenn starfa við tölvur, og eru þeir ekki allir opinberir starfsmenn og því m. a. ekki ávallt þagnarskyldir að lögum til jafns við opinbera starfsmenn.

Víða erlendis hefir verið bent á, að unnt sé með misnotkun tölva að vega gegn öðrum hagsmunum en að einkalífi manna og lögpersóna, þ. á m. að unnt sé að fremja vissar tegundir auðgunarbrota með þessum hætti. Athygli manna á Norðurlöndum og í öðrum grannlöndum hefir þó fyrst og fremst beinst að því að veita einkalífi manna aukna vernd vegna tölvutækni og misnotkunar, sem uggvænleg má þykja af þeim sökum. Við samningu lagafrv. um þetta efni hér á landi hefir einkum verið tekið mið af því stefnumarki að vernda einstaklinga gegn misnotkun tölva við meðferð á persónutengdum upplýsingum. Hitt er það, að hugtakið „einkalíf“ er hér sumpart víðtækara en hið venjuhelgaða lögfræðihugtak. Hér er m. a. þörf á vernd gegn óhæfilegri stjórnun og starfrækslu tölva. Frá sjónarmiði persónuverndar er þar um varnaðarreglur að ræða. Þá er þörf á vernd gegn ónauðsynlegri og varhugaverðri söfnun persónuupplýsinga, þ. á m. í þágu viðskiptalífsins, og notkun slíkra upplýsinga. Mikilvægt er að lögfesta starfsreglur, er taki af tvímæli um, hvers gæta beri í meginatriðum við starfsemi tölva, m. a. að því er varðar öryggisráðstafanir, meðferð gagna og varðveislu, stöðu starfsliðs o. fl. Eru veigamiklir þjóðfélagshagsmunir við þá tengdir að hafa eftirlit með tölvustarfsemi.

I.B.

Áður en lengra er haldið er eðlilegt að spurt sé, hvernig þetta mál um vernd einstaklinga og lögpersóna gegn hættum af óhæfilegri tölvustarfsemi horfi við eftir gildandi réttarreglum. Vissulega eru ákvæði í alm. hegningarlögum XXV. kafla um einkalífsvernd, og í öðrum lögum eru einnig ákvæði, sem tengjast því máli. Í fræðiritum og úrlausnum dómstóla hefir og komið fram, að íslenskur réttur hafi í fórum sínum frekari persónuvernd en þá, sem fólgin er í settum lögum, og er þá byggt á grundvallarreglum laga (í hrd. 1968, bls. 1007 er t. d. vikið að „grunnreglum laga um þagnarvernd einkalífs“).

Í 229. gr. alm. hegningarlaga er lögð refsing við að skýra „opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi“. Eigi er það fullnægjandi í þessu efni að einskorða uppljóstrun einkalífsefna við, að það sé gert „opinberlega“. Breyta ætti þessu ákvæði í það horf, að refsing væri lögð við að skýra heimildarlaust frá einkalífsmálefnum, svo sem gert hefir verið með breytingu á svipuðu ákvæði dönsku hegningarlaganna. Í öðru lagi er þörf á vernd fyrir lögpersónur, en 229. gr. er að formi til orðuð svo, sem vernd sé bundin við einkamálefni persónu, sbr. orðið „manns“. Vera má þó, að unnt sé að skýra 229. gr. rýmkandi lögskýringu að þessu leyti. Þá veitir orðalagið „án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi“ tilefni til ærinna skýringarörðugleika, sbr. t. d. starfsemi, sem lýtur að því að veita takmörkuðum fjölda manna upplýsingar um efnahag manns sem grundvöll að mati á lánstrausti hans. Málshöfðun út af þessu ákvæði er í höndum einstaklings, sem misgert er við, og kann það að draga úr virkni ákvæðisins.

Í sumum tilvikum geta ákvæði alm. hegningarlaga um ærumeiðingar veitt vernd gegn þeim einkalífsmisgerðum, sem tölvustarfsemi kann að leiða til. Hins er þó að gæta að því fer fjarri að ákvæði um ærumeiðingar taki til allra þeirra þátta í einkalífi manna, sem hér er þörf að vernda. Vernd sú, sem ákvæðum þessum er ætlað að veita, er vafalaust ónóg auk þess sem lagaframkvæmd þeirra er oft seinvirk.

Ýmsir þeir, sem fjalla um tölvur, eru opinberir starfsmenn, og eru þagnarskyldir sem slíkir að viðlagðri refsiábyrgð um þau atriði og upplýsingar, sem leynt eiga að fara. En hvorttveggja er, að sumir þeir starfsmenn, sem hér eiga í hlut, bera ekki

þagnarskyldu að lögum og hitt, að sérgreindra ákvæða er þörf, er kveði á um þagnarskylduna, varðandi þá sérstöku starfsemi, sem hér er um að ræða.

Í þessu sambandi má og benda á lög nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, m. a. 11. gr., en þau lög eru að meginefni til bundin við að veita atvinnufyrirtækjum vernd gegn röngum sögusögnum og draga úr hættu á villandi og blekkjandi upplýsingum um vöru fyrirtækis. Ná lög þessi hvað sem öðru líður til mjög takmarkaðs hluta af því verndarsviði, sem hér er um að ræða.

Vekja má einnig athygli á, að almennar skaðabótareglur geta að sínu leyti horft því til varnaðar, að upplýsingum sé safnað og dreift um einkahagi manna og stofnana. En í fyrsta lagi verður háttsemi samkv. almennu skaðabótareglunni, sem hér kemur að haldi, að vera ólögmæt og saknæm og í öðru lagi þarf sá, er bóta krefur, að sýna fram á tjón, oftast fjártjón, þótt ófjárhagslegt tjón gæti einnig komið til álita, sbr. 264. gr. alm. hegningarlaga. Er ekki líklegt, að ýkja mikil vörn sé í þessum reglum á því sviði, sem hér er um að ræða.

Enn má benda á almennar reglur persónuréttar um vernd einkalífs á ólögbundnum sviðum, sbr. t. d. óheimila notkun á nafni annars manns, eða á mynd af honum o. fl., bæði á viðskiptasviði og listasviði. Þær reglur eru þó enn lítt mótaðar, og fela ekki í sér fullnægjandi vernd á þessum lagavettvangi.

Niðurstaða þessara athugana er sú, að gildandi lög og aðrar réttarreglur veiti eigi fullnægjandi vernd gegn atlögum að einkalífi manna, sem uggvænt er að hljótist af tölvustarfsemi. En hér kemur og annað og fleira til. Löggjafar er m. a. þörf til að stemma á að ósi, þ. e. til að kveða fortakslaust svo á, að sumar upplýsingar um persónuhagi megi eigi taka í tölvur og í annan tíma að binda það skilyrðum, að tilteknar upplýsingar verði skráðar. Enn fremur er rík þörf á reglum um það, hverjir megi reka tölvur og hverju eftirliti slíkir menn og stofnanir séu háðir. Afskipti almannavalds geta ýmist lýst sér í að áskilja leyfisveitingu til að reka tölvur eða a. m. k. skráningu þeirra með nokkrum hætti. Eftirlit af hendi þjóðfélagsvalds er allvíða um lönd nokkuð ríkt, og sums staðar hefir verið komið á fót sérstöku kerfi til eftirlits með tölvum og tölvustarfsemi, og hefir eftirlitsmönnum þá verið veittur allrúmur aðgangur að húsakynnum, þar sem tölvur eru starfræktar, til eftirlits og könnunar, en jafnframt eru lagðar á forráðamenn tölvustarfsemi ríkar skyldur um skýrslur og tilkynningar til tölvueftirlitsins.

Meðal grundvallaratriða, sem menn hafa gaumgæft, er þörfin á að heimila mönnum að fá vitneskju um upplýsingar, sem skráðar eru um þá sjálfa, og skyldu forráðamanna til að leiðrétta upplýsingar, sem rangar reynast, að ósk þess, sem skráður er. Við þetta tengist svo skylda forráðamanna til könnunar á réttmæti upplýsinga og skylda til leiðréttingar að eigin frumkvæði. Annað atriði eru hömlur á því, hverjum miðlað verði tölvuskráðum upplýsingum, en réttmætt er að áskilja, að sýnt sé, að þeir, sem aðgang hljóti að slíkum upplýsingum, hafi eðlilegra hagsmuna að gæta af því að öðlast upplýsingar þessar. Er þá jafnaðarlega lagður almennur mælikvarði á það mál, svo sem vegna úrlausna dómstóla eða stjórnvalda, skólastarfsemi, skipulagsmála, vísindastarfsemi, tölfræðilegra verkefna svo og í þágu atvinnustarfsemi að vissu marki. Ef engar hömlur væru í þessu efni, er hætt við að lagaverndin yrði af skornum skammti.

Vandamálin, sem við er að etja, eru margþætt, og menn hafa brugðist nokkuð misjafnlega við þeim í ýmsum löndum, þótt margt sé þó svipað með þeim lagaaðgerðum.

II.
Tölvumálefni á Alþingi.

Tölvumálefni og áþekk skráningarmálefni hefir borið á góma á Alþingi, einkum í tengslum við flutning tillagna til þingsályktana.

Á Alþingi 1973—1974 og 1975—1976 og enn fremur 1976 voru fluttar tillögur til þingsályktana „um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónu-

lega hagi". Tillögurnar eru í meginatriðum sama efnis. Var skorað á ríkisstjórnina að skipa nefnd manna til að semja frumvarp til laga „um verndun einstaklinga gagnvart því að komið verði upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni". Flutningsmenn fyrstnefndu tillögunnar voru alþingismennirnir Ragnar Arnalds, Benedikt Gröndal, Jónas Jónasson og Bjarni Guðnason, en hinnar síðarnefndu hinir tveir fyrstnefndu og auk þeirra Steingrímur Hermannsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Magnús T. Ólafsson. Tillögur þessar náðu ekki fram að ganga, en af umræðum um síðustu tillöguna á Alþingi má ráða, að dómsmálaráðherra hafði skipað nefnd þá, sem samdi þetta frv., áður en tillagan kom til umræðu.

Ragnar Arnalds alþingismaður bar fram fyrirspurnir á Alþingi 1976 til dómsmálaráðherra „um tölvubanka rannsóknarlögreglunnar", og svaraði ráðherra þeim. Í umræðum var m. a. bent á þörfina á almennri löggjöf um vernd á einkamálefnum vegna tölvustarfsemi.

Á Alþingi 1974 flutti Bragi Sigurjónsson alþingismaður tillögu til þingsályktunar, þar sem brotið var upp á því, að ríkisstjórnin léti kanna „hagkvæmni af aukinni notkun tölvutækni við ýmsa opinbera skráningu, svo sem í sambandi við firma- og félagaskráningu, skráningu veðréttinda, einkaleyfa, farartækja o. fl.". Ef hagkvæmt teldist að hagnýta tölvur í þágu slíkrar skráningar, skyldi m. a. kanna, hverra breytinga væri þörf á löggjöf „og hvernig komið verði í veg fyrir hugsanlega misnotkun tölvuskráningar". Tillagan náði ekki fram að ganga. Hún varðar ekki nema að litlu leyti efnisvið frv. þess, sem hér er flutt.

III.

Um erlend lög og lagafrumvörp varðandi skráningu á persónuhögum.

III.1.

Svíþjóð

Svíar urðu þjóða fyrstir til að setja löggjöf um eftirlit með og hömlur á starfsemi tölva, sbr. tölvulögin frá 11. maí 1973, er tóku gildi endanlega 1. júlí 1974, en í sambandsríkinu Hessen var þó sett rammalöggjöf 1970 um þetta efni. Til grundvallar sænsku lögunum lá viðamikil greinargerð sérfræðinga ásamt tillögum, „Data och integritet" (Statens offentliga utredningar 1972:47). Óvíða í löndum hefir almenningur jafnríkan rétt til að kynnast öllum opinberum málskjölum sem í Svíþjóð („offentlighetsprincip") — og það jafnvelt þótt ekki sé sýnt fram á sérgreinda lagahagsmuni, sem menn hafi af því að kynna sér opinber gögn. Gerði þessi tilhögun það m.a. brýnt að setja því nokkrar skorður, hve víðtæk tölvustarfsemi, þ. á m. á vegum hins opinbera, mætti verða að því er tekur til upplýsinga um einkahagi manna. Tölvulögin sænsku taka eingöngu til tölvuunninnar skráningar um einkahagi manna. Utan vébanda þeirra falla því annarskonar skrár um þetta efni. Með sérlögum eru þá sett ákvæði, er mæla fyrir um eftirlit með starfsemi skrifstofa, sem veita upplýsingar um efnahag manna og mat á lánstrausti þeirra. Tölvueftirlitinu er raunar einnig falið að fylgjast með þeirri starfsemi.

Það er grundvallaratriði í sænsku lögunum, að áskilið er leyfi (koncession) til að reka tölvur, sem skrá upplýsingar um einkahagi manna, þó svo að það gildir eigi um skrár, sem stofnað er til samkv. ákvörðun ríkisdagsins eða ríkisstjórnarinnar. Annað meginatriði er það, að lögin taka bæði til skráningar af hendi einstaklinga eða einstaklingsfyrirtækja og af opinberri hálfu. Tölvueftirlitið veitir leyfi til starfrækslu tölva, nema ástæða sé til að óttast ótilhlýðilega skerðingu á einkalífi manna, og skal þá m. a. höfð hliðsjón af þeim forða upplýsinga, sem skrá á. Áður en leyfi er veitt, ber þeim, sem þess óskar, að veita víðtækar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi. Í lögunum er lagt bann við því að skrá upplýsingar um viss einkalífsatriði, svo sem upplýsingar um sakaferil manna, um menn, sem sæta nauðungarvistun á hælum og almennt má ekki skrá upplýsingar um sjúkdómsferil manna. Skráning á skoðunum manna á stjórnmálum og trúmálum er yfirleitt ekki leyfð,

nema hún sé gerð í þágu stjórnmálafélaga eða trúfélaga. Tölvueftirlit setur reglur um tilgang skráningar og efni þeirra upplýsinga, sem skrá má. Enn fremur getur tölvueftirlitið sett almennar reglur um ýmis atriði, er varða söfnun, varðveislu og miðlun upplýsinga, sem skráðar eru, svo og tilkynningu til hinna skráðu um upplýsingar þessar.

Sænsku lögin geyma ákvæði um leiðréttingu rangra upplýsinga, sem sætt hafa skráningu, og um aðgang manna til að fá vitneskju um, hvað um þá hafi verið skráð, nema óráðlegt sé að skýra viðkomandi frá skráðum upplýsingum (sbr. t. d. stundum um sjúkdóma). Þá eru ákvæði í lögunum um þagnarskyldu starfsfólks, sem vinnur að tölvuskráningu eða starfrækslu tölva, og ákvæði, er áskilja leyfi tölvueftirlitsins, ef skráðar upplýsingar á að senda úr landi eða láta í té erlendum aðiljum. Lögin mæla fyrir um hlutlæga bótaábyrgð, svo og eru þar refsiákvæði, þ. á m. fyrir að starfrækja tölvur án leyfis eða brjóta fyrirmæli laga eða tölvueftirlits um starfrækslu tölva.

Eftirlitskerfi það, sem sænsku lögin koma á fót, er mjög viðamikið, enda er það hvorttveggja, að leyfi (koncession) er áskilin til starfrækslu tölva og svo hitt, að ætlast er til margvíslegs eftirlits með starfsemi þessari, svo og tilkynninga til eftirlitsins um starfsemina. Talið er, að í 90% af tilvikum gefi tölvustarfsemi ekki tilefni til að óttast, að vegið verði gegn einkalífi manna á ótilhlýðilegan hátt. Það virðast einkum vera hin viðameiri tölvukerfi með samtengslum skráa, sem þykja uggvænlegar frá sjónarmiði einkalífsverndar. Lögin eru nú í endurskoðun, og má ætla, að lögin verði gerð einfaldari í sniðum en nú er.

III.2.

Danmörk

Í Danmörku var nefnd sérfræðinga skipuð á árinu 1970 til að gefa gaum að þeirri hættu, sem mönnum og stofnunum stafaði af kerfisbundinni skráningu upplýsinga um einkahag, einkum með tilliti til tækniþróunar á sviði skráningar. Nefndin sendi frá sér tvær greinargerðir ásamt tillögum til lagafrumvarpa á árunum 1973 og 1976. Nefndin fjallaði fyrst um skráningu af hálfu einstaklinga, en lét síðar uppi álitsgerð og tillögur um skráningu á vegum hins opinbera. Voru tvö frumvörp um þetta efni lögð fyrir Þjóðþingið árið 1977. Dönsku frv. fjalla um hverskonar kerfisbundna skráningu á einkamálefnum manna, félaga og stofnana, og taka þau þá einnig til annarrar skráningar en tölvuskráningar. Almennt bann er við skráningu slíkra upplýsinga, nema sýnt sé fram á, að viðurkenningarverðir hagsmunir búi að baki. Sérreglur eru um skráningu í þágu tölfræðiskýrslna og vísindarannsókna. Atvinnufyrirtækjum og félögum er heimilt að hafa um hönd skráningu á upplýsingum í þeim mæli, sem skráningin er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomanda. Þó má eigi skrá tilteknar upplýsingar, sem eru sérstaklega „viðkvæmar" eða persónulegs eðlis, án samþykkis, nema alveg sérstakar ástæður réttlæti það. Skráning á upplýsingum, sem ætlað er að vera grundvöllur undir starfsemi, sem lýtur að því að vara við viðskiptum við tiltekinn aðila, má eigi hafa um hönd, nema tölvueftirlitið samþykki. Sá, sem telur að nafn sitt sé tekið á skrá, getur krafist þess að fá upplýsingar um það, hvað um hann sé skráð og að afmáðar (leiðréttar) séu rangar eða villandi upplýsingar eða ólögmætar. Viðkomandi aðili getur lagt málið undir úrlausn tölvueftirlitsins, ef þörf krefur, en eftirlitið getur lagt fyrir skráningaraðilja að verða við kröfu þess, sem skráður hefir verið og krefst leiðréttingar, eða afmáningar.

Sérstakar reglur eru í frumvarpi um einkaskráningu varðandi starfsemi fyrirtækja, sem skrá persónuupplýsingar um efnahag manna og miðla upplýsingum, er horfa að mati á lánstrausti manna. Tilkynna skal slíka starfsemi til tölvueftirlitsins. Bundið er hömlum, hverjar upplýsingar megi greina í skrám, og eru þær einar upplýsingar heimilar, sem hafa gildi fyrir mat á efnahagsstöðu manns og efnahagshorfum, og sumar upplýsingar er fortakalaust óheimilt að skrá. Skylt

er fyrirtæki að greina aðila, sem skráður er, frá því, í fyrsta skipti, sem nafn hans er skráð. Skráður aðili á rétt á að fá vitneskju um þær upplýsingar, sem skráðar eru um hann og fá þær leiðréttar, ef því er að skipta, en skjóta má máli til tölvunefndar eða miðlun frá tölvum. Það getur m. a. lagt fyrir slíka aðila að afmá uppsettar um þau fyrirtæki, sem láta í té skrár um heimilisföng einstakra hópa manna eða senda út bréf með nöfnum og heimilisföngum slíkra hópa, hvorttveggja gegn greiðslu. Aðili getur krafist þess að nafn hans sé tekið af skrá hjá slíku fyrirtæki. Það er bundið miklum hömlum, hvaða upplýsingar slíkt fyrirtæki má taka á skrár sínar.

Þjónustufyrirtæki, sem fjalla um tölvuskráningu, eru skyld að tilkynna tölvueftirlitinu um starfsemi sína, og verða þær að gæta ýmissa reglna, sem horfa því til varnaðar, að persónuupplýsingar séu misnotaðar.

Ef ætlunin er að flytja úr landi tölvuskráðar upplýsingar, eða upplýsingar til vinnslu þar, er áskilið leyfi tölvueftirlitsins og verður leyfi ekki veitt ef óttast má að réttaröryggi skerðist við það.

Eftirlit með tölvustarfsemi er lögð í hendur tölvueftirlitsins. Hefir það heimild til að krefjast skýrslna og tilkynninga frá þeim, sem ábyrgð bera á tölvustarfrækslu eða miðlun frá tölvum. Það getur m. a. lagt fyrir slíka aðilja að afmá upplýsingar, sem rangar reynast eða ólögmætt er að skrá og sett fyrirmæli, er óheimilar að beita nánar tilteknum, ótilhlýðilegum aðferðum við söfnun upplýsinga og varðveislu þeirra eða miðlun. Enn fremur að mæla fyrir um ráðstafanir, er komi í veg fyrir misnotkun skráðra upplýsinga o. fl. Sá mikli munur er á sænsku lögunum og dönsku frumvörpunum, að starfræksla tölva er ekki háð leyfi fyrir fram eftir dönsku frv.

Í Danmörku hefir farið fram sérstök athugun á reglum um þagnarskyldu starfsmanna, er vinna að tölvuskráningu, þ. á m. um verkefni, er stafar frá opinberum aðila. Dönsku frumvörpin höfðu ekki náð lögfestingu í mars 1978.

III.3.

Noregur

Árið 1972 var skipuð nefnd í Noregi til að fjalla um opinbera skráningu á persónuupplýsingum og vernd einkalífs í því sambandi. Nefndin sendi frá sér víðtæka álitsgerð 1975 („Offentlige persondatasystem og personvern", NOU 1975:10) ásamt tillögum til lagafrumvarps um efnið.

Í frv. nefndarinnar er gert ráð fyrir, að það taki til hverskonar skráningar af opinberri hálfu, bæði tölvuskráningar og annars konar skráningar og annars konar skráningar á persónuupplýsingum. Þær upplýsingar einar má skrá, sem hafa sérstakt gildi fyrir viðkomandi stjórnvald eða stofnun. Upplýsingar sem eru í ríkum mæli persónulegs eðlis („viðkvæmar") má því aðeins skrá, að slíkt sé nauðsynlegt, svo sem upplýsingar um þjóðerni manns, kynþátt, skoðanir hans á stjórnmálum og trúmálum, sakarferil, misnotkun á áfengi eða öðrum vímugjöfum, um kynferðislíf, heilsuhagi eða önnur svipuð atriði, sem eru trúnaðareðlis.

Leggja ber áherslu á, að komist verði hjá mistökum og villum við skráningu upplýsinga, og við notkun upplýsinga skal þess gætt, að eigi séu dregnar af þeim víðtækari ályktanir en þær veita efni til. Við upplýsingar, sem þagnarskylda er við tengd, skal viðhafa ráðstafanir til virkrar varnar gegn óheimilli notkun. Hverjum einstaklingi eða forráðamanni félags eða stofnunar er heimilt að fá vitneskju um, hvað skráð sé um hann í skrám þeim, sem frv. tekur til, en það á þó ekki við um tölfræðiskýrslur, skýrslur vegna vísindalegra rannsókna eða skýrslur, sem gerðar eru í þágu skipulagsmála. Sama er um skýrslur, er varða heilsuhagi hins skráða, og varhugavert þykir að hann fái vitneskju um.

Stofnanir ríkis eða bæjarfélaga, sem vilja tölvuskrá persónuupplýsingar, skulu fá leyfi til þess, og getur slíkt einnig tekið til annarrar skráningar, ef upplýsingar eru persónulegs eðlis í ríkum mæli. Leyfi (koncession) er veitt af ráðuneyti eða

tölvueftirlitinu. Við mat á umsókn skal meta gildi skráningar annars vegar og þá hættu, sem henni er samfara fyrir hag einstaklinga hins vegar. Við hvert einstakt leyfi skal greina nákvæmlega hvers konar upplýsingar heimilt sé að skrá. Tölvueftirlitið getur enn fremur sett almennar reglur, er varða söfnun upplýsinga og könnun á réttþermi þeirra, varðveislu upplýsinga og skráningarbanda, heimild til samtengsla á skrám, miðlun upplýsinga og efni þeirra, þegar þriðji maður á í hlut, og rétt einstaklings til að fá vitneskju um, hvað um hann sé skráð hjá tölvufyrirtækinu, svo og leiðréttingu á upplýsingum, afmáningu þeirra eftir tiltekinn tíma og um öryggisráðstafanir og eyðileggingu skráa, ef sérstaklega stendur á. Þá skal greina í reglum þessum, hver sé ábyrgur fyrir tölvustarfrækslu.

Tölvueftirlitið er falið ráði, 7 manna, er ríkisstjórnin skipar. Ráðið hefir sérstaka skrifstofu að bakhjarli. Verkefni ráðsins er að veita umsögn um umsóknir um starfrækslu skráningarstöðva (tölva eftir atvikum), að fylgjast með almennri þróun mála að því er varðar persónuskráningu, að veita ráð um gerð persónuskráa og m. a. gefa umsagnir um sitthvað það, sem upp kann að koma við persónuskráningu og notkun skráðra upplýsinga. Ráðið (tölvueftirlitið) getur krafist hverskonar gagna og vitneskju um persónuskráningu hjá forráðamönnum stofnana eða fyrirtækja og hefir aðgang að starfsstöðvum skráningar í því sambandi. Tölvueftirlitið bókfærir öll leyfi til starfrækslu á skrám, og á almenningur aðgang að þeim gögnum. Í lagafrv. eru refsiákvæði vegna brota á ýmsum reglum frv., ef að lögum verður.

Þess skal getið, að á árinu 1970 var skipuð nefnd manna í Noregi til að fjalla um upplýsingarstarfsemi í sambandi við lánstraust manna og efnahag og skráningu á upplýsingum, er varða einkahag manna að öðru leyti. Nefndin skilaði greinargerð og tillögum 1974 („Persondata og personvern", NOU 1974:22). Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir, að leyfi þurfi til að koma, ef menn vilja reka fyrirtæki, er safnar upplýsingum um efnahag manna í því skyni að meta lánstraust þeirra. Er fyrirtækjum þessum bannað að safna upplýsingum um ýmis persónubundin atriði, svo sem um kynþátt manna, trúarbrögð, stjórnmálaskoðanir, kynlíf og heilsuhagi, sakarferil, misnotkun áfengis og annarra vímugjafa og önnur þau atriði, sem eru í ríkum mæli persónulegs eðlis og eðlilegt er, að leynt fari. Í sumum tilvikum er þó heimilt að safna slíkum upplýsingum, enda sé þá gætt sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir misnotkun. Upplýsingar má ekki varðveita, ef þær varða einstök atvik, sem gerðust fyrir meira en fimm árum, nema ótvírætt sé, að atvikið hafi varanlegt gildi við mat á lánstrausti manns. Yfirleitt skal miðla upplýsingum skriflega, og þeim einum má veita upplýsingar úr skrám, sem ætla má að atvinnu sinnar vegna þurfi á þeim að halda. Yfirleitt skal fyrirtæki, sem veitir slíkar upplýsingar, skýra þeim frá því, sem upplýsingar eru veittar um, en ekki er skylt að greina, hver óskað hafi upplýsinga. Hver sá, sem skráður er hjá slíku fyrirtæki, á kröfu á að fá vitneskju um, hvers efnis upplýsingar um hann eru. Skylda er lögð á fyrirtæki til að leiðrétta rangar upplýsingar að eigin frumkvæði eða samkv. ábendingum annarra. Er því þá einnig skylt að senda leiðréttingar þeim, sem veitt hafa viðtöku hinum röngu upplýsingum. Bankar og aðrar lánastofnanir, sem sæta eftirliti bankaeftirlitsins, eru að verulegu leyti undanþegnir ákvæðum þeim, sem að framan eru reifuð.

Í frv. nefndarinnar er einnig gert ráð fyrir, að leyfi komi til, ef menn vilja starfrækja tölvuskráningu á persónuupplýsingum, sem látnar eru í té til annarra (þjónustufyrirtæki). Er takmarkað, hvaða upplýsingum megi safna, sbr. hér að framan. Gert er ráð fyrir, að nánari reglur um starfrækslu verði settar af stjórnvöldum.

Þá eru enn reglur um fyrirtæki, sem leggja til gegn greiðslu heimilisföng á hópum manna og taka sér að rita nöfn þeirra á umslög og senda til viðtakenda. Þau fyrirtæki þurfa einnig sérstakt leyfi til starfrækslu. Eru hömlur við því reistar, hvaða upplýsingum persónulegs eðlis slík fyrirtæki megi viða að sér, sbr. hér að

framan, og skrá vegna atvinnu sinnar. Slíku fyrirtæki er skylt að má nafn þess manns af skrám sínum, sem óskar þess.

Loks eru ákvæði um söfnun upplýsinga, sem liggja eiga til grundvallar skoðana almenningi á vissum málefnum, svo og markaðskannana. Er áskilið einnig í slíku tilviki, að leyfi komi til starfrækslu þessarar. Hömlur eru lagðar við því, hver atriði persónulegs eðlis megi greina á skrám, svo og segir þar, að eigi megi skýra frá upplýsingum með þeim hætti, að unnt sé að tengja þær við ákveðna menn.

Í frv. eru refsi- og bótaákvæði þ. á m. um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

Frv. hafði ekki náð lögfestingu í mars 1978.

III.4.

Finnland

Árið 1971 var skipuð nefnd í Finnlandi til að fjalla um þau vandamál, sem tengd eru við tölvunotkun og einkum snerta vernd einkalífs. Skyldi könnun nefndarinnar bæði taka til skráningar af hendi einstaklinga og hins opinbera. Nefnd þessi mun nokkuð hafa starfað, en í stað hennar var önnur nefnd skipuð 1972, er starfaði til 1975. Eftir það starfa starfsmenn dómsmálaráðuneytis að verkefnum þessum, og er ekki kunnugt um að lagafrumvarp hafi verið lagt fyrir ríkisþingið.

III.5.

England

Á síðustu árum hefir farið fram mikil umræða í Bretlandi varðandi þörf á einkalífsvernd í sambandi við tölvur og raunar einnig í sambandi við nútímatækni til að hlera símtöl manna og taka af þeim myndir án vitundar þeirra. Hafa þessar umræður snúist um hugtakið „Right to Privacy". Þingmannafrv. var flutt 1969, sem varðaði misnotkun tölva í sambandi við persónuupplýsingar. Var þar lagt til, að allar tölvur skyldu vera skrásettar, bæði þær, sem reknar eru af einstaklingum, svo og af hinu opinbera. Skyldu forráðamenn tölva veita þeim, sem skráðir eru, upplýsingar um efni þess, sem um þá væri skráð. Enn fremur skyldu þeir skýra hinum skráðu frá því, hverjum aðiljum hefði verið veitt vitneskja um upplýsingar, sem látnar hafa verið í té, ef því var að skipta.

Árið 1970 var skipuð nefnd undir forsæti Kenneth Younger („Youngernefndin") til að meta þörfina á löggjöf, er tryggði betur en nú er, einkalífsvernd, einkum með tilliti til tækniþróunar. Nefndin hafði mjök víðtækt starfssvið, og varðaði starf hennar m. a. hættuna af tölvustarfsemi, auk þess sem nefndin gaumgæfði hættu á skerðingu á einkalífi manna vegna símahlerana og ljósmyndunar án vitundar og samþykkis manna, þ. á m. með ljósmyndavélum með aðdráttarlinsum. Nefndin lagði m. a. til, að sérstök fastanefnd yrði skipuð til að vinna að heildaryfirliti yfir tölvustarfsemi í Bretlandi og setja fram ýmsar reglur um starfsemi tölva, söfnun, varðveislu og miðlun tölvuskráðra upplýsinga o. fl. Taldi nefndin, að þörf væri að vissu marki á löggjöf um þetta efni, og væri ástæða til að gefa gaum að því úrræði að áskilja opinbert leyfi til tölvustarfrækslu. Fastanefndin skyldi taka við kvörtunum manna, sem teldu sig sæta einkalífsskerðingu vegna tölvustarfsemi, og meta þær. Youngernefndin setti fram ýmsar ábendingar og meðmæli, sem hafa haft mikil áhrif á tillögur víða um lönd. Hinar helstu þeirra eru þessar: 1. Líta skal svo á, að upplýsinga sé aflað í tilteknum tilgangi, og skulu þær eigi notaðar í annars konar skyni án þess að leyfi sé til þess veitt af réttum aðila. 2. Aðgangur að upplýsingum á að vera einskorðaður við þá, sem heimild hafa til þess að fá vitneskju um þær, og er þá hafður í huga sá tilgangur, sem réttlætti söfnun upplýsinga í öndverðu. 3. Þess skal jafnan gætt, að eigi sé safnað viðameiri upplýsingum en tilgangur með söfnuninni í upphafi réttlætir. 4. Við söfnun upplýsinga í þágu tölfræðiskýrslna skal þess gætt, að halda aðskildum persónuauðkennum frá meginefniviðnum, sem til úrvinnslu er ætlaður. 5. Gera ber ráðstafanir til þess að skráður aðili fái vitneskju um skráninguna. 6. Gæta skal öryggisráðstafana

eftir föngum af hálfu þess, sem til skráningar stofnar, gegn misnotkun skráðra upplýsinga. Öryggiskerfi skal prófað öðru hverju með hæfilegum úrræðum. 7. Gæta skal þess, að upplýsingar séu eigi geymdar lengur en um tiltekið tímabil, sem greint skal við formun á vinnsluáætlun. 8. Kosta skal kapps um, að upplýsingar, sem skráðar eru, séu réttar og traustar, og úrræði skulu tiltæk til leiðréttingar á ranghermi eða ónákvæmni í upplýsingum og til að lagfæra upplýsingar í samræmi við breytingar í tímans rás. 9. Varað er við að skrá atriði, sem byggjast á gildismati.

Í desember 1975 lagði innanríkisráðherrann breski fyrir þingið greinargerðir um lagaaðgerðir og stjórnvaldsaðgerðir í sambandi við tölvustarfsemi, sbr. greinargerðirnar Computers and Privacy, Cmnd. 6353, og Computers: Safeguards for Privacy, Cmnd. 6354. Eru þar m. a. boðuð lagafrumvörp um málið mjög á grundvelli meðmæla Youngernefndarinnar, þar á meðal, að sett verði á stofn fastanefnd af opinberri hálfu til að fylgjast með starfsemi tölva í Bretlandi. Um starfsemina segir svo í gögnum þessum, að annaðtveggja verði áskilið að forráðamenn tölvustarfsemi tilkynni starfsemina til fastanefndarinnar eða jafnvel að starfsemi tölva verði háð sérstöku leyfi nefndarinnar fyrirfram („licensing").

III.6.
Vestur-Þýskaland

Einstök ríki hafa sett sér löggjöf um þessi efni, þ. á m. Hessen 1970, þar sem m. a. er komið á fót sérstöku eftirliti með tölvum og forráðamönnum þeirra gert að skyldu að tilkynna starfsemi til eftirlitsins og hlíta ýmsum fyrirmælum, er horfa m. a. að vernd einkalífs. Árið 1973 var flutt frv. til tölvulaga (Bundesdatenschutzgesetz — BDSG) í ríkisþinginu og varð það að lögum 27. janúar 1977. Taka lögin bæði til skráningar af hendi hins opinbera og af hálfu einstaklinga og eiga ekki eingöngu við um tölvuskráningu heldur og aðrar kerfisbundnar skrár, er varða persónuupplýsingar. Í lögunum er kveðið á um, í hvaða tilvikum skráning megi fara fram án samþykkis hins skráða. Eru þær reglur nokkuð mismunandi eftir því, hvort um opinbera skráningu er að ræða, einkaskráningu félaga og fyrirtækja til eigin afnota eða skráningu félaga og fyrirtækja á upplýsingum, sem ætlunin er að miðla öðrum aðilum. Skráning af hálfu opinberra aðila má fara fram, ef slíks er þörf, vegna þeirra sérstöku verkefna, sem stjórnvaldi er ætlað að sinna. Veita má öðrum stjórnvöldum aðgang að eða hlutdeild í skráðum upplýsingum, ef þær hafa gildi fyrir stjórnvald það, er þessa æskir, vegna rækslu þess á þeim verkefnum, sem því er ætlað að fjalla um. Öðrum má veita aðgang að upplýsingum, sem skráðar eru af hinu opinbera, ef viðkomandi sýnir fram á, að hann hafi lagalegra hagsmuna að gæta af að fá vitneskju um skráð atriði, enda sé eigi hætta á að vitneskja skerði einkalíf hins skráða manns. Sérstakar reglur eru um upplýsingar, sem þagnarskylda opinberra starfsmanna tekur til. Óheft heimild er til að skrá sum persónubundin atriði, svo sem nafn manna, heimilisfang, símanúmer, starfs- og lærdómstitil, fæðingardag og ár. Lögin geyma ákvæði um leiðréttingu á upplýsingum, sem rangar reynast og skyldu til að má upplýsingar, sem ekki hafa lengur gildi. Skráður aðili á kröfu á að fá vitneskju um, hvers efnis upplýsingar eru, sem um hann eru skráðar.

Opinberir aðilar eru skyldir að birta opinberlega, hvers konar skrár eru haldnar um persónubundin atriði og hvert efni þeirra sé, en þetta á þó ekki við um skrár, sem færðar eru vegna öryggis ríkisins eða í þágu lögreglu og ákæruvalds, og að nokkru leyti skattrannsókna.

III.7.
Bandaríki Norður-Ameríku

Tölvumálefni hafa verið mjög til umræðu í Bandaríkjunum, enda mun það vera tölvuvæddasta ríki jarðar. Ýmsar nefndir hafa starfað og fjallað um tillögur til lagaaðgerða, stjórnvaldsreglna og almennra starfsreglna á sviði tölvurekstrar.

Alríkislög voru sett árið 1974, er tóku gildi 1. janúar 1975. Varða þau opinbera skráningu. Gera lögin stjórnvöldum að skyldu að skýra árlega opinberlega frá, hverjar skrár séu haldnar, er varða persónuhagi manna, og að lýsa almennt efni þeirra. Þá má eigi taka aðrar upplýsingar um menn á skrár þessar en þær, sem máli skipta fyrir stjórnvöld við gæslu opinberra hagsmuna. Stjórnvöldum, er safna upplýsingum, er boðið að skýra mönnum frá því, þegar óskað er upplýsinga um þá, í hverju skyni það sé gert, með hverjum hætti upplýsingar verði notaðar og hverju varði, ef menn synja að láta í té umbeðnar upplýsingar. Þá er almenningi heimilað að kynna sér þær upplýsingar, sem skráðar eru um hvern einstakling og setja fram kröfu um leiðréttingar. Jafnframt er mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til leiðréttinga. Enn eru ákvæði, sem stuðla eiga að því að upplýsingar, sem skráðar verða, séu nákvæmar og réttar og fullnægjandi, svo að eigi sé gengið á hlut viðkomanda með skráningu upplýsinga eða miðlun þeirra. Takmarka á eftir föngum hverjum verði miðlað upplýsingum, sem skráðar hafa verið, án samþykkis viðkomanda, og verði það afmarkað fyrirfram, hverjir eigi aðgang að upplýsingum þessum. Refsiákvæði eru í lögunum um brot á reglum þessum, og einstaklingar eiga rétt á að stefna forráðamönnum stofnana, sem ábyrgð bera á skráningu, fyrir dóm og fá úrlausn um það, hvort brot hafi verið framin á reglunum.

III.8.
Frakkland

Árið 1974 var nefnd skipuð til að kanna ástand tölvumála þar í landi og setja fram tillögur til úrbóta. Lagði nefndin til, að komið yrði á fót sérstakri, sjálfstæðri stofnun til að fylgjast með tölvum, og á hún að hafa takmarkað vald til að leggja fyrir þá, sem ábyrgð bera á tölvurekstri, að bæta um það, sem ábótavant kann að þykja. Nefndin mælir með lagaaðgerðum m. a. til að hefta söfnun óþarfra upplýsinga um hagi manna og um tryggilega varðveislu upplýsinga, svo og að lagaákvæði séu sett um rétt einstaklinga, félaga og stofnana til að fá vitneskju um, hvað um þá sé skráð og möguleika til að fá leiðréttingu, ef því er að skipta.

III.9.
Holland

Árið 1974 var skipuð nefnd manna til að gera tillögur um löggjöf um tölvumálefni. Nefndin lagði til, að skylt skyldi að skrá öll tölvusöfn (data banks) og að leiða skyldi í lög, að hver einstaklingur ætti rétt á að kynna sér, hvað um hann væri skráð og fá leiðréttingu á því, ef þörf krefði. Í mars 1975 setti ríkisstjórnin fram strangar reglur um starfrækslu allra tölva, sem starfræktar eru hjá hinu opinbera. Ríkisstjórnin lagði fram frv. til laga um persónugagnakerfi 30. nóvember 1976. Meginefni frv. miðast við vélræna skráningu, en það tekur þó einnig til annarrar kerfisbundinnar skráningar á einkamálefnum. Sérstök nefnd, skráningarnefnd, á að hafa eftirlit með lögunum, ef frv. verður lögfest. Allar persónugagnaskrár er skylt að tilkynna hjá nefndinni, en hafnað er þeirri leið að starfræksla þeirra sé almennt háð leyfi. Leyfi er þó áskilið, ef skrá á einkamálefni, sem eru persónulegs eðlis í ríkum mæli. Umsóknir um slík leyfi ber að birta í Lögbirtingablaði. Almenningur á greiðan aðgang að heimildum nefndarinnar um skrár, sem haldnar eru og tilkynnt hefir verið um, svo og rétt á upplýsingum frá forráðamönnum skráningar um það, hvað skráð sé um viðkomandi aðila. Tryggður er réttur manna til leiðréttinga á upplýsingum og afmáningu þeirra, ef því er að skipta. Sérstakar reglur eru þó, er takmarka aðgang manna að skráðum upplýsingum í sakaskrám, skattaskrám og skrám lækna um sjúklinga. Enn fremur í skrám um lánstraust atvinnurekenda. Er óheimilt að halda slíkar skrár um aðra en þá, sem atvinnu reka. Skorður eru reistar við samtengingu skráa, sem almenningur á eigi aðgang að. Tölvuþjónustufyrirtæki, sem vinna úr persónugögnum, þurfa starfsleyfi.

IV.
Afskipti fjölþjóðlegra stofnana af skráningarmálefnum.

IV.1. Norðurlandaráð.

Vandamál í sambandi við tölvurekstur hafa komið til umræðu í Norðurlandaráði, þar sem m. a. var gerð samþykkt um málið í febrúar 1972. Var því beint til ríkisstjórna Norðurlandaríkja að stefna að því, að settar yrðu á Norðurlöndum reglur, sem samræmdar yrðu eftir föngum, um skráningu af hendi einkaaðila á persónuhögum manna. Í nefndaráliti, sem fylgdi tillögu til samþykktarinnar var m. a. bent á þann mun, sem er innan Norðurlandanna á rétti almennings til að fá aðgang að opinberum gögnum (Offentlighetsprincip), og það er athyglisvert, að samþykktin varðar ekki opinberar skrár. Nefndir þær, sem að undanförnu hafa fjallað um þessi mál á Norðurlöndum, hafa haft samvinnu, og hafa m. a. verið haldnir fundir þeirra til umfjöllunar um lagahlið máls þessa.

IV.2. Evrópuráð.

Nefnd sérfræðinga hefir unnið að könnun þessara mála síðan 1972. Ráðherranefndin hefur samþykkt tvær ályktanir 1973 og 1974 með meðmælum til aðildarríkjanna. Hin fyrri varðar tölvur, sem starfræktar eru af einkaaðilum, en hin síðari tölvur á vegum hins opinbera. Í samþykktum þessum er m. a. lögð áhersla á að vanda skuli til upplýsinga, sem skráðar séu, og þeirra sé aflað með lögmætum og hæfilegum hætti. Upplýsingar, sem eru mjög persónulegs eðlis („viðkvæmar"), ætti ekki að skrá og a. m. k. að leggja sérstaka launung á þær, ef skráðar eru. Ekki skal skrá aðrar upplýsingar af hendi einkaaðila, en þær, sem þörf er á í atvinnurekstri o. fl., og þær skal ekki varðveita lengur en þörf krefur og afmá þá. Einstaklingar eiga rétt á að fá vitneskju um, hvers efnis skráning sé að því er þá varðar og hvers vegna skráning hafi farið fram, þ. e. í hvaða skyni, og hverjir megi fá upplýsingar úr skrám. Skylt er að leiðrétta rangar upplýsingar, sem skráðar hafa verið, svo og upplýsingar, sem aflað hefir verið andstætt lögum. Öryggisráðstafanir ber að gera til að koma í veg fyrir misnotkun upplýsinga, sem varðveittar eru á segulböndum o. fl., þ. á m. ber að koma við virkum ráðstöfunum til að hefta það, að óviðkomandi menn eigi aðgang að tölvum og húsakynnum, þar sem tölvugögn eru varðveitt. Lögð er áhersla á það um tölvur, sem starfræktar eru af einkaaðilum eða í þágu atvinnurekstrar einstaklinga, að starfslið hlíti reglum um þagnarskyldu og öðrum þeim reglum, er horfa að því að óviðkomandi fái ekki aðgang að skráðum upplýsingum. Við tölfræðiskýrslur skal þess gætt, að birting þeirra sé með þeim hætti, að ógerlegt sé að tengja upplýsingar, sem í þeim felast, við tiltekinn aðila.

Við opinberu skráninguna er lögð á það áhersla, að almenningi sé skýrt frá opinberum skrám, hverjar þær séu og hverjum tilgangi gegni. Gagnaöflun skal vera vönduð, og eigi má beita ólögmætum eða óhæfilegum aðferðum við útvegun upplýsinga. Leiðrétta skal rangar upplýsingar og gæta þess, að þær séu jafnan í samræmi við veruleikann vegna breytinga, sem á hafa orðið við rás tímans. Hvatt er til þess, að þær einar opinberar skrár séu haldnar um einkahagi manna, sem lög eða ákveðnar stjórnvaldsreglur mæli fyrir um, enda sé það markað glögglega, hvern tilgang skráning hafi, hverjar reglur gildi um öflun gagna og varðveislu tölvugagna eða annarra skráningargagna og með hverjum hætti miðlað verði til annarra upplýsinga úr skrám. Þá ber að afmarka það, hversu lengi megi varðveita gögn þessi. Bent er þó á, að vera megi að heimila eigi ótímabundna varðveislu á gögnum í þágu tölfræðiskýrslna, og vísindarannsókna og e. t. v. af sögulegum ástæðum. Í slíkum tilvikum eigi þó að gera sérstakar ráðstafanir til þess að einkalífshagsmunum manna sé ekki stefnt í óþarfa hættu. Einstaklingar eiga rétt á að fá vitneskju um efni þess, sem um þá er skráð, en undantekningar frá þessu verði að styðjast við gild rök og vera glögglega orðaðar. Öryggisráðstafanir skulu gerðar í sambandi við tölvugögn (tölvubanka), er komi í veg fyrir aðgang óviðkomandi

manna að þeim, og starfslið skal vera bundið þagnarskyldu og skyldu til að koma í veg fyrir misnotkun gagna, en sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að ljóstra upp um misnotkun eða mistök.

IV.3. Efnahags- og framfararstofnun Evrópu (OECD).

Sú stofnun hefir látið sig þessi mál mjög skipta og á vegum hennar hafa verið birt ýmis rit og greinargerðir um málið. Nefndir hafa starfað að málum þessum auk þeirrar deildar stofnunarinnar, sem vinnur að tæknimálum og vísindum. M. a. hefir athyglin beinst að flutningi tölvuunninna eða tölvutækra gagna milli landa, en þar er um mikið vandamál að ræða, einkum milli hinna stóru iðnvæddu landa í Evrópu og Ameríku. Er í athugun að semja drög að milliríkjasamningi um þessi mál á vegum stofnunarinnar í samráði við Evrópuráðið.

V.
Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Svo sem fyrr er greint, er lagt til, að lögin taki til skráningar á einkamálefnum bæði af hendi einkaaðila og opinberra aðila. Er tvímælalaust hagræði að því, að reglur um þetta efni sé í samfelldum lagabálki. Hitt er það, að ýmislegt horfir annan veg við um opinbera skráningu en skráningu af hendi einkaaðila. Hefir því sú leið verið farin í frv., að skipta honum í mismunandi þætti, þar sem greint sé milli þessa tvenns, en ýmis ákvæði frv. eiga jafnt við hvora skráninguna um sig. I. þáttur fjallar um gildissvið laganna almennt, II. þáttur um skráningu af hendi einkaaðila, en III. þáttur um skráningu á vegum hins opinbera. IV. þáttur fjallar um tölvuþjónustu, og gegnir einu, hvort hún er rekin af einkaaðila eða opinberum aðila. Loks er í V. þætti fjallað um eftirlit með lögunum, og eiga þau ákvæði flest, en ekki öll, við hvora skráninguna um sig, einkaskráningu sem opinbera skráningu, sem svo má nefna. Í þeim þætti eru einnig refsiákvæði og ákvæði um önnur viðurlög við brotum á lögunum.

Um I. þátt

Í honum er fjallað um gildissvið laganna og nokkur grundvallarhugtök.

Um 1. gr.

Hér er í I. þætti afmarkað hvert sé gildissvið laganna.

Þau vandamál, sem frv. þetta á að vera andsvar við, stafa mestmegnis af vélrænni skráningu (tölvuskráningu). Því verður þó eigi í móti mælt, að kerfisbundin skráning getur vegið að einkalífi manna, þótt hún sé eigi vélræn. Þykir réttmætt að leggja til, að lögin taki einnig til þess konar skráningar, þ. á m. til handritaðra skráa. Varðveisluformið skiptir hér ekki máli, og getur t. d. skjalahylki með skráningargögnum komið hér undir. Áskilið er, að skráningin sé kerfisbundin, þ. e. skipulagsbundin heild, og falla þá einstakar tilviljunarkenndar skrár og söfnun upplýsinga utan vébanda frv. Kemur þetta öðrum þræði fram í 2. málsgr. Í þeirri málsgrein er kveðið svo á, að með „kerfisbundinni skráningu“ sé m. a. átt við söfnun ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga. Er það skýringarákvæði, er veitir vísbendingu um, að heitið skráning beri að túlka rúmt, þannig að það tekur einnig yfir aðdraganda að skráningu, söfnun upplýsinga, og þá því fremur yfir einstaka þætti í vélrænni forvinnu, svo og skráningargögnin, en að varðveislu þeirra er vikið í nokkrum ákvæðum, sbr. t. d. 16. gr., 19. gr., 36. gr. Einkamálefnum er eigi búin viðhlítandi vernd, nema ferillinn allur, skráningin, undanfari hennar og eftirtekja skráningar og skráningargögn, falli undir lögin, sbr. og 36. gr. 2. mgr. frv.

Með ákvæðum frv. er einkamálefnum búin vernd. Verndar njóta fyrst og fremst einstaklingar, en einnig félög, fyrirtæki og stofnananir eftir því sem við getur átt. Hér er að meginstefnu til haft í huga einkalíf manna í sama skilningi sem í XXV. kafla almennra hegningarlaga, svo sem fjölskyldumálefni manna, heilsuhagir, kynlíf, brotaferill, skoðanir manna á trúmálum og stjórnmálum, tengsl manns við aðra

menn eða álit á öðrum, sem leynt á að fara, ágreiningur og átök innan fjölskyldu, sem eðlilegt er að leynt fari, ýmsar lífsvenjur manns, og jafnvel nafnnúmer hans. Upplýsingar um einkalífsatriði, sem fellur hér undir, þarf ekki að vera manni til hnjóðs eða meiða æru hans. Það greinimark er hér notað, að „sanngjarnt“ sé og „eðlilegt“, að málefni fari leynt. Verður að meta þetta hverju sinni, og er matið afstætt. Er hér byggt á vísireglu, sem tekur þó nokkuð mið af venjuhelguðum viðhorfum við túlkun á ákvæðum XXV. kafla alm. hegningarlaga, þótt slíkt sé ekki einhlítt að því leyti, að hér er einkalífssviðið, sem vernda á, að nokkru rýmra en samkv. XXV. kafla hgl., sbr. t. d. fjárhagsmálefni. Skrár, sem hafa að geyma nöfn manna, heimilisfang og t. d. símanúmer og stöðu, falla yfirleitt utan laganna, sbr. þó III. kafla, en slíkt getur þó tengst öðrum efnum, svo að ákvæði laganna taki til þess.

Samkv. ákvæðum frv. (II. og III. kafla) er atvinnufyrirtækjum, félögum og stofnunum heimilað að koma við skráningu og svo hins vegar fyrirtækjum, sem láta í té upplýsingar til grundvallar mati á lánstrausti manna. Hér er eigi talað um einstaklinga, og er vakin athygli á því.

Í 3. málsgr. 1. gr. er ákvæði, er tekur af tvímæli um, að með upplýsingum um einkamálefni sé m. a. átt við það, er maður er að vísu eigi nafngreindur, en hins vegar sérgreindur með nafnnúmeri eða öðru skráningarauðkenni, sem unnt er að persónugreina fyrir þá, sem búa yfir greiningarlykli. Er nauðsynlegt að hafa þennan hátt á, svo að komið verði í veg fyrir að menn gangi á svig við ákvæði frv., ef að lögum verður.

Um 2. gr.

Í frv. er greint milli þess, að skráning fari fram af hálfu félaga, fyrirtækja og stofnana í einkageira þjóðfélagsins og svo skráningar á vegum hins opinbera. Í 2. gr. er nokkur skýring á því, hverjir teljist til opinberra aðila í þessu sambandi. Er dómsmálaráðherra heimilað að ákveða, að ýmis félög fyrirtæki og stofnanir, sem ekki teljast til stjórnsýslusviðs, falli undir það að vera „opinberir aðilar“, ef framlög ríkis eða sveitarfélaga til rekstrar þeirra fela í sér verulegan hluta af rekstrarútgjöldum. Má raunar einnig taka hér tillit til stofnkostnaðarframlaga. Dómsmálaráðherra mun mæla fyrir um þetta efni í reglugerð. Vissulega gæti reynt hér á það, að tölvufyrirtæki sé rekið sameiginlega af t. d. ríkisstofnun og einkafyrirtæki. Um það eru ekki sérákvæði, en í 22. gr. er vikið að því, að skrár eða skráningarkerfi séu rekin af sveitarfélagi og ríkisstofnun sameiginlega.

Um 3. gr.

Grein þessi er til yfirlits og gegnir tilvísunarhlutverki. Hún vísar til þess, að meginreglur um skráningarstarfsemi af hálfu einkaaðila séu greindar í II. þætti frv. og vekur athygli á undantekningarákvæði 4. gr. Ef slíkt fyrirtæki vinnur í þágu stjórnvalds við skráningu upplýsinga, gilda um skráningarstarfsemina ákvæðin í III. þætti, sbr. og 38. gr. frv. Þetta á einnig við um fyrirtæki, sem dómsmálaráðherra hefir talið til opinberra aðila með stoð í 2. málsgr. 2. gr. frv.

Um opinberu skráninguna er vísað til III. þáttar, sbr. og 4. og 51. gr.

Ákvæði IV. þáttar um tölvuþjónustu eiga jafnt við, hvort sem tölvuþjónustufyrirtæki er rekið af hendi opinbers aðila eða einkaaðila. Sama er um ýmis almenn ákvæði frv., t. d. í V. þætti.

Um 4. gr.

Nauðsynjar vísindarannsókna mæla með því, að skráning á persónugögnum sæti sem minnstum hömlum. Því er hér lagt til í samræmi við það, sem gert hefir verið t. d. í norrænu frv., að skráning í þágu vísindarannsókna hlíti aðeins að takmörkuðu leyti ákvæðum frv., en áskilið er þó, að vissra öryggisráðstafana sé gætt, sbr. tilvísun til 36. og 39. gr. frv. Hér kemur það og til, að skráning í þarfir vísindarannsókna myndar að jafnaði grundvöll að tölfræðilegum greinargerðum eða er sett fram í annars konar almennu formi, sem bendir eigi til neins aðila, sem unnt er að

persónugreina. Athygli er vakin á, að áskilið er, að „einvörðungu“ sé stofnað til skráningar í vísindalegu skyni, en það orð tekur einnig til tölfræðiskýrslna.

Nauðsyn ber til, að starfsemi við tölfræðiskýrslur sé sem óheftust. Hlítir skráning í þágu tölfræðiskýrslna opinberra stofnana, þ. á m. Hagstofu Íslands, eigi nema að nokkru leyti ákvæðum frv., svo sem greint var. Ekki skiptir hér máli, hvort tölfræðiskýrslur gegni vísindalegu hlutverki eða ekki. Undantekningin um tölfræðiskýrslur er m. a. á því byggð, að einstaklingar eða aðrir aðilar, sem skýrslur taka til, verða yfirleitt eigi sérgreindir í slíkum skýrslum, og ber að gæta þessa við samningu þeirra og við það form, sem þeim er valið. Tölfræðiskýrslur annarra en opinberra aðila falla eigi undir undantekningarákvæði 4. gr., en hlíta almennum ákvæðum í II. þætti frv.

Þriðja undantekningin, er felst í 4. gr., varðar manntalsskráningu og æviskrárritun samkv. lögum 30/1956 og skipulagsbundna skráningu í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita. Sum af þessum tilvikum myndu koma undir skráningu í þágu vísindalegra kannana, en önnur ekki. Við samningu æviskrárrita kann að þurfa að gæta annarra reglna, er varða vernd einkalífs, sbr. hrd. 1968, bls. 1007 (greining á því í slíku riti, að barn sé ættleitt).

Ber vissulega nauðsyn til að gætt sé varfærni, við varðveislu persónugagna og úrvinnslu á þeim sviðum, sem 4. gr. tekur til, einnig þegar skráningin sætir eigi ákvæðum frv. til hlítar.

Um II. þátt

Í þessum þætti eru ákvæði um skráningu í þágu atvinnufyrirtækja, félaga og stofnana, sem ekki teljast til hins opinbera þjóðfélagsgeira. Meginákvæðin eru í I. kafla, en sérákvæði í II. og III. kafla.

Um I. kafla

Hér greinir ýmsar meginreglur um skráningu í þágu einkaaðila. Sumar þessar reglur eru vísireglur, sbr. einkum 5. gr., enda er lítt gerlegt að setja fram hnitmiðaðar reglur um ýmsa þætti í skráningarstarfseminni. Hverskonar atvinnurekstur getur komið undir reglur þessa kafla, svo og félög, svo sem stéttarfélög, stjórnmálafélög og trúfélög. Starfsemi lækna, arkitekta, lögmanna og endurskoðenda o. fl. hlíta t. d. reglum þessa kafla.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um **skráningu** til eigin afnota fyrir aðila, sem þar greinir, en 6. gr. varðar **miðlun** skráðra upplýsinga. Afhendingu eða miðlun upplýsinga er ekki til að dreifa, þó að aðili láti t. d. lögmanni sínum eða endurskoðanda upplýsingar í té vegna vinnu hans í þágu þess, er gögnin afhendir. Sama er, ef gögn um upplýsingar eru afhent almennu tölvuþjónustufyrirtæki, er leyfi hefir til starfsemi, til skráningar fyrir afhendanda til eigin nota hans eða til fyrirtækis, sem annast áritun á umslög, til að vinna verkefni í þágu þess, sem lætur gögnin í té.

Greinimarkið um heimild til skráningar upplýsinga samkv. 1. málsgr. 5. gr. er það, hvort skráning sé „eðlilegur þáttur“ í starfsemi fyrirtækis. Þetta er vissulega ekki hnitmiðað greinimark, en ógerlegt er að setja fram á tæmandi hátt, hver efnisatriði eigi hér að ráða úrslitum. Ljóst er, að skráning er heimil í því skyni að fyrirtæki geti gegnt skyldum sínum gagnvart hinu opinbera, svo sem vegna skattreglna. Vitaskuld er eðlilegt, að ýmiskonar skráning fari fram í þágu atvinnufyrirtækis. Má þar nefna starfsmannaskrár með ýmsum upplýsingum um starfsmenn, viðskiptamannaskrár, skrár um fyrirtæki, sem eru í samkeppni við viðkomanda o. fl. Slíkar skrár eru oft eðlilegur liður í starfsemi fyrirtækis og eru samkv. því heimilar eða geta verið það. Nauðsynlegt er einnig fyrir félög að hafa skrár um félagsmenn, svo að annað dæmi sé tekið. Hins vegar eru því settar hömlur vegna tillits til einkalífs manna hverjar upplýsingar megi taka á slíkar skrár.

Um nánara inntak skráa, sem lögmætar eru að stofni til, fer eftir einstökum ákvæðum I. kafla frv., einkum 5. gr.

Í 2.—4. málsgr. 5. gr. er fjallað um skráningu á upplýsingum, er snerta sérstaklega viðkvæm einkalífsatriði, þ. e. varðandi þjóðerni manna, kynþátt, litarhátt, skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum og á trúmálum, svo og upplýsingar, er lúta að brotaferli manna, kynrænum högum þeirra, og heilsuhögum, neyslu þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum „og önnur svipuð einkalífsatriði“. Ef skráning þessara atriða fer fram í því skyni að veita öðrum aðgang að upplýsingunum án samþykkis hins skráða, er áskilið samþykki tölvunefndar, sbr. 3. málsgr., og gegnir þessu einnig, ef skrám er ætlað að veita upplýsingar, er vara við fjárskiptum við tiltekinn aðila. Annars konar skráning er heimil, þ. e. ef ekki er ætlunin að miðla öðrum upplýsingum, með ýmsum skilyrðum. Í fyrsta lagi, ef lög leyfa, í öðru lagi ef hinn skráði veitir samþykki sitt til skráningar með þeim hætti, sem nánar greinir í 2. málsgr. 5. gr. En til viðbótar því er þess krafist, að þeim, sem skráir upplýsingar, sé brýn þörf á skráningu vegna starfsemi sinnar. Full þörf er á að reisa skorður við skráningu þessara viðkvæmu einkalífsatriða og við miðlun upplýsinga, ef skráning er leyfileg. Er það lagaviðhorf í samræmi við meginstefnu í evrópskri löggjöf á þessu sviði og í þeim tiltölulega mörgu lagafrumvörpum, sem nú liggja fyrir löggjafarþingum.

Í 3. málsgr. er tölvunefnd heimilað að veita leyfi til skráningar á atriðum þeim, sem greinir í 2. málsgr. Tölvunefnd myndi væntanlega sjaldan veita slíkt leyfi, og ef það væri veitt, er gert ráð fyrir, að nefndin geti tengt við það ýmis skilyrði. Meðal þeirra yrði væntanlega, að hinum skráða verði skýrt frá skráningu og efni hennar og hvaðan upplýsingar stöfuðu. Enn fremur að upplýsingar, sem gefnar hefðu verið úr skrá og rangar reyndust, yrðu þegar í stað leiðréttar og þeim skýrt frá leiðréttingu, er veitt hefðu viðtöku upplýsingum, eða að upplýsingar skyldi afmá eftir tiltekinn tíma og að hinn skráði ætti kost á vitneskju um, hvaðan upplýsingarnar stöfuðu. Þá er líklegt að það skilyrði verði sett, að skrár verði eyðilagðar eftir að þær hafa gegnt tilteknu hlutverki.

Samkv. 3. málsgr. 5. gr. má eigi skrá án samþykkis tölvunefndar upplýsingar, sem ætlað er að vara við fjárskiptum við tiltekinn aðila, ef ætlunin er að veita öðrum aðgang að upplýsingum án samþykkis viðkomandi aðila, sem skráningin tekur til. Koma hér undir almennar vanskilaskrár fyrirtækja og t. d. skrár banka um menn, sem misnota tékka. Um síðastgreindu skráninguna má vænta leyfis tölvunefndar, er bindur leyfi sitt tilteknum skilyrðum sbr. m. a. 4. málsgr. 5. gr.

Í 5. málsgr. er dómsmálaráðherra heimilað að kveða svo á, að fengnum tillögum tölvunefndar, að tilteknar skrár skuli að nokkru leyti eða öllu lúta ákvæðum II. kafla. Hugsanlegt er, að ýmiskonar skráning taki að tíðkast, sem nú er eigi fyrirsjáanleg, og þurfi að binda hana sérstaklega ströngum skilyrðum. Er því hyggilegt að hafa slíkt almennt ákvæði í lögum.

Um 6. gr.

Ákvæðið greinir, með hverjum skilmálum sé unnt að miðla skráðum upplýsingum. Er ljóst, að þótt heimilt sé að skrá upplýsingar samkv. 5. gr., er ekki þar með sagt, að lögmætt sé að miðla þeim — slíkt er háð sérstöku mati, sbr. einkum 6. gr.

Þegar talað er um að „skýra frá“ upplýsingum, er átt við það að veita upplýsingar um efni skráningar, og skiptir ekki máli í hvers konar formi sú fræðsla er veitt. Svo sem áður greinir, er það ekki miðlun upplýsinga, þótt skráningaraðili láti endurskoðanda sínum eða lögmanni í té skráðar upplýsingar vegna vinnu hans að tilteknu verkefni fyrir skráningaraðila. Sama er, ef upplýsingar eru afhentar til tölvufyrirtækis, er skráir þær fyrir afhendanda. Í því tilviki verður að áskilja, að skráning sé gerð einvörðungu fyrir þann, er lætur upplýsingar í té til úrvinnslu, og að tölvufyrirtækið einskorði starfsemi sína við þetta tiltekna verkefni og að það hafi ekki jafnframt skrána til afnota fyrir sig og aðra. Þegar félag skýrir félögum sín-

um frá upplýsingum, fellur það undir 6. gr., svo og t. d. afhending atvinnufyrirtækis á slíkum upplýsingum til annars fyrirtækis, er hefir náið samstarf við það.

Miðlun á skráðum upplýsingum er heimil, ef hún er „eðlilegur þáttur í starfsemi þess, er stofnað hefur til skráningarinnar". Er þetta sambærilegt greinimark að sínu leyti við það, er kveðið er á um í 1. málsgr. 5. gr.

Í 2. málsgr. eru sérreglur um miðlun skráðra upplýsinga, er greinir í 2. málsgr. 5. gr. Miðlun er eigi heimil, án samþykkis hins skráða, eða þess, sem lögbær er að veita slíkt samþykki vegna hans, nema slíkt leiði af öðrum lögum, sbr. t. d. heilbrigðislöggjöf. Er sérstök þörf á að hafa sérákvæði um þetta atriði. Þá er einnig sérákvæði um atriði, sem gerst hafa fyrir meira en 5 árum, þegar upplýsinga er óskað. Er hægt að veita slíkar upplýsingar út af fyrir sig án samþykkis viðkomanda, en þó eigi, nema þær hafi úrslitagildi um mat á því atriði, sem ætlunin er að kanna, eða slíkt leiði af öðrum lögum. Þetta greinimark er vissulega eigi hnitmiðað heldur matskennt, en svo hlýtur það að vera samkv. eðli máls.

Samkv. 3. málsgr. er heimilt að láta í té upplýsingar um skráð atriði þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgr. þ. á m. án samþykkis viðkomanda, ef þær eru veittar vegna vísindalegra rannsókna eða í þágu tölfræðiskýrslna, svo og vegna læknisrannsókna eða læknisaðgerða á viðkomanda. Minnt er hér á 4. gr. frv.

Oft verður vitaskuld heimilt að veita öðrum aðiljum upplýsingar um skráð atriði, þar sem slíkt er eðlilegt í atvinnustarfsemi, t. d. þegar fyrirtæki gefur öðrum upplýsingar um mann, sem hjá því hefir starfað, svo og um viðskipti sín við tiltekinn mann, þ. e. um skil hans gagnvart fyrirtækinu.

Tekið skal fram, að ákvæðið haggar ekki að neinu við ákvæðum laga um þagnarskyldu, heldur er ætlunin að ákvæðið verði viðbót við slíkar reglur.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um eitt af grundvallaratriðunum í skráningarlöggjöf og — lagafrumvörpum. Varðar það kröfu þess manns, sem skráning tekur til, um að fá leiðrétt ranghermi, eða fá skráningu afmáða. Hér kemur einnig til afmáning atriða, sem eigi má skrá.

Í greininni er aðila, sem leitar leiðréttingar, heimilað að snúa sér til tölvunefndar og óska atbeina hennar til þess að hlutur hans verði réttur. Getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar innan tiltekins tíma og að koma leiðréttingu á framfæri við þá, sem veitt hafa upplýsingum viðtöku, enda er skráningaraðila skylt að gera þeim, sem upplýsingarnar fjalla um, grein fyrir því, hverjir hafi hlotið vitneskju um þær frá skráningaraðila. Er refsiákvæði tengt við þessa skyldu samkv. 2. málslið 2. málsgr. 7. gr., sbr. 48. gr.

Í greininni er eigi rætt um bótaskyldu skráningaraðila gagnvart þeim manni, sem á er hallað með skráningu, en slíkt ræðst af almennum reglum um skaðabætur.

Um II. kafla

Á Norðurlöndum og víða annars staðar hefur orðið mikil umræða síðustu ár um starfsemi fyrirtækja, er veita atvinnufyrirtækjum og t. d. lánastofnunum upplýsingar, sem geta verið grundvöllur undir mati á lánstrausti manna og fyrirtækja. Ekki kveður mikið að slíkri starfsemi hér á landi. Reynslan erlendis frá bendir til, að þarflegt sé að binda slíka starfsemi ýmsum skilyrðum, einkum með hliðsjón af vernd á einkalífi manna.

Um 8. gr.

Starfsemi, sem fólgin er í að veita öðrum fræðslu um fjárhag manna og lánstraust, á ekki að vera leyfisbundin samkv. frv., en skylt er að tilkynna hana til tölvunefndar, og fæst þannig yfirlit yfir slíka starfsemi í þjóðfélaginu. Skráning á atriðum, er varða lánstraust manna, á vegum fyrirtækis fellur ekki undir ákvæði kaflans, ef ekki er ætlunin að veita öðrum fræðslu um þessi efni, og skráning er

eingöngu gerð til hagsbóta fyrir fyrirtækið sjálft, er skráningu annast. Fyrirtæki eða félag getur komið undir 8. gr., þótt það hafi annan aðaltilgang en að skrá og veita upplýsingar um efnahag manna og lánstraust.

Um 9. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, sem skrá má hjá slíku fyrirtæki, er 8. gr. tekur til, og á hinn veg hverjar upplýsingar eigi má skrá. Þær einar upplýsingar má skrá samkv. 1. málsgr., sem eftir eðli sínu hafa gildi um mat á fjárhag manna og lánstrausti. Persónulegar upplýsingar um önnur atriði í líferni manna og starfsvenjum má eigi skrá, en hér geta vissulega komið upp markatilvik.

Í 2. málsgr. er lagt bann við skráningu sérstaklega viðkvæmra upplýsinga, sbr. að sínu leyti 2. málsgr. 5. gr. frv. Er hér um fortakslaust bann að ræða, sbr. hins vegar 2. málsgr. 5. gr.

Í 3. málsgr. er yfirleitt lagt bann við að skrá upplýsingar um brotaferil, svo og upplýsingar um atriði, sem eru eldri en 5 ára, en þetta er þó eigi undantekningarlaust, eins og textinn ber með sér, sbr. að sínu leyti 6. gr. 2. málsgr. frv.

Um 10. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli, sem stuðla eiga að því, að sá, sem skráður er, í fyrsta skipti, fái vitneskju um, að hann hafi sætt skráningu og um heimild hans til að fá skýrslu um efni hennar. Þetta gildir þó ekki um nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, stöðu o. fl., þ. á m. atriði, sem unnt er að fá upplýsingar um í opinberum gögnum, sem aðgengilegar eru almenningi. Of langt þykir gengið, ef leggja á fyrirtæki á herðar að skýra manni frá í hvert skipti, sem atriði, er hann varðar, eru skráð.

Um 11. gr.

Hér er mikilvægt ákvæði um rétt þess, sem skráður er, til að fá að eigin frumkvæði vitneskju um efni upplýsinga og máls, sem skráningaraðili hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hinn skráða. Greinin er framhald af tilhögun þeirri, sem lagt er til, að lögfest verði með 10. gr. Fyrirtækið er þó eigi skyldugt til að skýra frá því, hvaðan því komi vitneskja um skráðan mann. Samkv. 4. málsgr. getur aðili krafist þess að fá skriflega tilkynningu um það, sem skráð hefir verið um hann.

Um 12. gr.

Greinin mælir fyrir um, í hvaða formi upplýsingum samkv. skrám verði miðlað til þriðja aðila. Er almennt áskilið, að upplýsingar séu látnar í té bréflega. Er það gagnlegt, því að þá er unnt síðar meir að ganga úr skugga um, hvers efnis upplýsingar hafi verið. Í 2. málsgr. er rætt um upplýsingarit, sem senda má til áskrifenda, en þau verða að vera almenns efnis.

Um 13. gr.

Skylt er að leiðrétta rangar eða villandi upplýsingar og koma þeim í rétt horf, hvort sem er að eigin frumkvæði fyrirtækis, sem hefir starfsemi um hönd, eða að kröfu viðkomandi manns. Upplýsingar, sem réttar eru á vissu tímamarki, geta reynst rangar síðar, vegna breytts fjárhags manns. Upplýsingar geta verið réttar, en þó villandi eftir því sambandi, sem þær eru í við önnur atriði, þar sem þær gefa undir fótinn um víðtækari ályktanir hjá þeim, er veitir þeim viðtöku, en efni standa til.

Um 14. gr.

Mikilvægt er, að fyrirtæki samkv. þessum kafla láti þeim í té, sem fengið hefir rangar eða villandi upplýsingar, vitneskju um það, sem ranghermt er. Stuðlar ákvæðið að þessu og jafnframt að því, að hinn skráði fái vitneskju um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

Um 15. gr.

Í 13. gr. frv. er skráningaraðila, gert að skyldu að afmá eða leiðrétta rangar eða villandi upplýsingar. Í þessari grein eru fyrirmæli um kröfu hins skráða um afmáningu eða leiðréttingu upplýsinga. Ef ágreiningur rís um þetta milli skráningaraðila og hins skráða, sker tölvunefnd úr. Ef fallist er á kröfuna, ber að gæta reglnanna í 14. gr. frv. Ætlast er til, að þetta ákvæði verði hinum skráða til verulegs halds.

Um 16. gr.

Fyrirtæki, er lúta ákvæðum þessa kafla, eru tilkynningarskyld til tölvunefndar, sbr. 8. gr. Slíku fyrirtæki er óheimilt samkv. þessari grein að afhenda skrár eða frumgögn við skráningu til annars aðila en þess, sem gegnt hefir tilkynningarskyldu samkv. 8. gr. Ella væri hægt að fara á svig við ákvæði 8. gr. Tölvunefnd skal skýrt frá slíkri afhendingu án ástæðulausrar tafar.

Um II. kafla

Hér á landi er nokkuð tekið að kveða að því, að upplýsinga sé leitað um einstaka hópa manna einkum í því skyni að ná til þeirra með auglýsingum, happdrættismiðum o. fl. Á Norðurlöndum eru þó enn meiri brögð að þessu, og eru þar rekin fyrirtæki, sem gefa sig að þesskonar upplýsingarstarfsemi og taka endurgjald fyrir, oft með þeim hætti, að þau láta í té heimilisföng o. fl. varðandi einstaka hópa manna og annast áritun á umslög eða tilkynningar til þeirra. Þessar upplýsingar eru unnar t. d. úr símaskrám, þjóðskrá o. fl. slíkum gögnum. Til grundvallar slíkri starfsemi getur legið margvísleg könnun á hópum manna, t. d. eftir kynferði, aldri, áhugamálum, menntun, atvinnugrein eða eftir eignum manna, svo sem húseigendur, sumarbústaðaeigendur, bíleigendur o. m. fl. Í þessum kafla frv. er á því byggt, að slík starfsemi geti verið fyllilega lögmæt, en lagt er til, að settar séu reglur um söfnun upplýsinga og skráningu, svo og að skráður aðili geti krafist þess, að nafn hans sé máð af skrám slíkra fyrirtækja. Ekki er aðili tilkynningarskyldur með sama hætti og fyrirtæki, er lýtur II. kafla frv.

Um 17. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hvaða atriði skrá megi af hendi þess, er lætur í té upplýsingar um nöfn manna o. fl. eða annast fyrir aðra áletrun heimilisfanga á umslög o. fl. Vakin er athygli á 3. tölulið 1. málsgr., þar sem heimilað er að skrá upplýsingar um tómstundamál og svipað, „sem myndað getur grundvöll að almennt viðurkenndri greiningu manna og fyrirtækja í mismunandi hópa“. Felst í 17. gr., að takmörkunum er bundið, hvað heimilt sé að skrá, en greinimarkmið í 3. tölulið er nokkuð matskennt.

Í 2. málsgr. er bannað fortakslaust að skrá og láta í té upplýsingar um viðkvæm, persónuleg atriði, sbr. og 5. gr. 2. málsgr., 6. gr. 2. málsgr. og 9. gr. 2. málsgr. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð reist frekari skorður við því, hvað greina megi í skrám samkv. þessari grein.

Um 18. gr.

Réttmætt þykir, að skráður aðili geti krafist þess að nafn hans verði máð af skrám hjá þeim, sem hefir um hönd starfsemi samkv. 17. gr. Í greininni er ekki nefnt, að sá, sem tjáist sendandi bréfs, er maður tekur við, skuli skyldur til að koma kröfu á framfæri við skráningarfyrirtæki, en telja verður, að slík skylda hvíli á sendanda, svo sem t. d. á félagi, er sendir manni óbeðið happdrættismiða.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu felst, að félögum sé heimilt að láta í té félagatal sitt til fyrirtækis, sem annast áletranir á umslög og sendingu þeirra. Er það út af fyrir sig frávik frá ákvæði 17. gr. Til tryggingar er lagt til, að löfest verði, að fyrirtæki samkv. 17. gr. sé

óheimilt að láta gögn þessi af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum, sem í skrám eða gögnum felast.

Um III. þátt

Í þessum þætti frv. eru ákvæði um skráningu af hálfu opinberra aðila eða á vegum þeirra. Fjallar IV. kafli um reglur, er varða upphaf skráningar þ. e. hvers gæta skuli við ákvörðun um að stofna til skráningar. Í V. kafla eru ákvæði um skráningu upplýsinga og varðveislu skráningargagna. Er þar m. a. tekin afstaða til þess, hvaða atriði megi skrá og hver ekki eða hver atriði skrá megi, að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Eru þau ákvæði sambærileg að sínu leyti við I. kafla II. þáttar. Þá eru þar einnig ákvæði um öryggisráðstafanir í sambandi við skrár og skráningu. Í VI. kafla er fjallað um heimild manna til að fá vitneskju um upplýsingar, sem skráðar hafa verið um þá, en í VII. og VIII. kafla eru ákvæði um miðlun skráðra upplýsinga, ýmist til einstaklinga annars en hins skráða sjálfs eða til stjórnvalda.

Víða um lönd hafa menn gefið mikinn gaum að hinni opinberu skráningu, og hefir gætt uggs um, að ríkisvaldið eða einstakir bættir þess og stofnanir geti notað skráningu á persónuupplýsingum til þess að misbjóða þegnfrelsi og þegnréttindum. Miklu varðar að stemma á að ósi í þessu efni hér á landi eftir því sem slíkt er fært með löggjafaraðgerðum.

Í ýmsum erlendum lagafrumvörpum eru það tölvunnar skrár einar, sem frv. um opinbera skráningu tekur til. Stafa óneitanlega mest hætta fyrir einkalíf manna af slíkri skráningu. Hér er valin sú leið, sbr. 1. gr. frv., að aðrar skrár skuli einnig falla hér undir, þ. á m. þegar skráning fer fram á vegum hins opinbera. Þykir það horfa til öryggis, enda eru sumar opinberar skrár eigi unnar með vélrænum hætti.

Vakin er athygli á skýringu 1. gr. 2. málsgr. frv. á hugtakinu persónulegar upplýsingar, svo og 2. gr. frv., er skýrir, við hvað átt sé með opinberum aðilum í frv. þessu. Þá er einnig vakin athygli á 4. gr. frv., er undanþiggur manntalsskráningu og æviskrárritun ákvæðum frv., en skráning í þágu vísindarannsókna og tölfræðiskýrslna lýtur ákvæðum frv. að takmörkuðu leyti. Þá er vakin athygli á 51. gr. frv., er kveður svo á, að um þjóðskrá og almannaskráningu fari eftir lögum þar um, og því gegnir að sínu leyti einnig um sakaskrá. Í þessu felst eigi, að síðastgreindir aðiljar verði þegnir undan reglum, sem horfa til verndar einkalífs. Hins vegar koma svo sérhæfð sjónarmið til greina við þesskonar skráningu, að af tæknilegum ástæðum er heppilegra að fjalla um hana mestmegnis í sérlögum eða öðrum sérreglum fremur en í þessu frv., sem gevmir almenn ákvæði um skráningarmál. Þetta frv. ætti allt að einu að gegna mikilvægu hlutverki með því að marka meginstefnur í þessum málum varðandi verndun einkalífs.

Á það skal minnt, að þótt skráning fari fram hjá einkaaðilja, þá gilda ákvæði III. háttar um skráninguna, ef hún fer fram á vegum opinbers aðilja, sbr. og 38. gr. frv.

Um V. kafla

Þessi kafli hefur að geyma ákvæði um það, hvers gæta skuli, áður en ráðist er í skráningu af hálfu hins opinbera, svo og um setningu reglna, er varðar fyrirhugaðar skrár. Reglur þessa kafla horfa að því að vanda til vinnubragða, áður en ákveðið er að stofna til skráa, hvort sem er í ríkisgeira eða sveitarfélagsgeira

Um 20. gr.

Hér er lagt til, að eigi verði stofnað á vegum hins opinbera til kerfisbundinnar skráningarstarfsemi, nema ráðherra sá, sem í hlut á, samþykki að höfðu samráði við dómsmálaráðherra. Ef skrá á að fullnægja þörfum fleiri ráðuneytis en eins, kemur til samákvörðun ráðherra um þetta efni. Mikilvægt er, að einn ráðherra hafi með höndum meginkönnun þessara mála, og er hér gert ráð fyrir, að það sé dómsmálaráðherra, en hann fer með tölvumál almennt. Vitaskuld byggir ákvæðið á, að fjárveiting sé tryggð til skráa eftir venjulegum stjórnsýslureglum.

Þá er boðið í 2. málsgr., að viðkomandi ráðherra setji reglur um skrár og skráningu, svo og um notkun og varðveislu skráningargagna. Skulu reglurnar vera í samræmi við ákvæði V.—VIII. kafla frv. Síðastnefnd ákvæði eru almenns efnis og rammakennd, en við það er hér miðað, að þær reglur, sem í þeim felast, verði gerðar fyllri með stjórnvaldsreglum samkv. þessu.

Í 3. málsgr. segir, að reglur þær, sem reifaðar voru, eigi einnig við um ákvörðun þess efnis, að skrár verði samtengdar, nema um sé að ræða samtengingu skráa eingöngu í þágu vísindarannsókna eða tölfræðiskýrslna. Slík samtenging skráa er mikið notuð og veitir svigrúm til þess t. d. að tengja skrár um sjúklinga við skrár um þjóðfélagslegt liðsinni almannatrygginga eða t. d. sakaskrá eða skattskrár. Vera má, að stöku sinnum geti það orkað tvímælis, hvort um samtengingu sé að ræða, en vafamál í því sambandi myndu verða lögð fyrir tölvunefnd til umfjöllunar og úrlausnar. Við samtengingu verður að gæta almennra reglna um það, hvað heimilt sé að greina í skrám á vegum hins opinbera samkv. frv.

Í 4. málsgr. er boðið að leita álits tölvunefndar, áður en samþykki er veitt til að stofna til skráningar og áður en reglur eru settar um skrár samkv. 1.—3. málsgr. Tölvunefnd getur ekki látið uppi álit á þörfinni á nýrri skrá, nema það ráðuneyti, sem í hlut á, leggi fyrir nefndina gögn og sjónarmið þetta varðandi. Tölvunefnd tekur þá mið af því, hvort hætta sé á, að skrá sú, sem um er að ræða, feli í sér óhæfilega hættu fyrir einkalíf manna. Viðhorfin eru hin sömu, þegar nefndin lætur uppi álit á þeim drögum að reglum, sem fyrir hana eru lögð af hendi ráðuneytis. Nefndinni er almennt ætlað að vera á varðbergi um einkalíf manna gagnvart hættum af völdum skráa. Nefndin getur að sjálfsögðu gert breytingartillögur við drög til reglna, um uppbyggingu og rekstur skráa, söfnun upplýsinga, varðveislu skráningargagna, öryggisráðstafanir ýmsar gegn misnotkun skráa o. s. frv. Vænta má þess, að mikið tillit verði tekið til álitsgerða og tillagna tölvunefndar og raunar, að ekki verði gegn þeim gengið, þótt þær séu að vísu ekki lagalega bindandi fyrir ráðuneyti, sem hlut á að máli, svo sem frumvarpstextinn er úr garði gerður.

Um 21. gr.

Skráning, sem einstakar stofnanir sveitarfélaga kunna að vilja stofna til, verður eigi komið á fót, nema sveitastjórn (bæjarstjórn, borgarstjórn) samþykki. Er ekki heimilt samkv. þessari grein fyrir bæjarstjórn að fela öðrum þessa ákvörðun, t. d. bæjarráði (borgarráði). Skrár þessar geta haft mikið gildi fyrir hvern einstakan borgara, og er því talið rétt að hinir kjörnu fulltrúar í heild sinni fjalli um slíka ákvörðun.

Í 2. málsgr. er boðið, að sveitastjórn setji reglur um tilhögun, rekstur og notkun skráa, áður en starfsemi þeirra hefst. Skulu þær reglur fullnægja kröfum V.—VIII. kafla frv., en dómsmálaráðherra staðfestir þær.

Áður en ákvörðun er tekin um nýjar skrár samkv. 1. málsgr. og áður en gengið er frá reglum samkv. 2. málsgr., skal leita álits tölvunefndar, sbr. að sínu leyti 20. gr. 4. málsgr. frv. og athugasemdir við hana.

Í 4. málsgr. segir, að ákvæði 1.—3. málsgr. eigi við um samtengingu skráa, sbr. 20. gr. 3. málsgr. og athugasemdir við hana.

Um 22. gr.

Þetta ákvæði er orðað að verulegu leyti að fyrirmynd 7. gr. í danska frv. til laga um skráningu á vegum hins opinbera. Er hér lagt til, að áskilið sé samþykki dómsmálaráðherra, ef til skráningarkerfa þeirra á að stofna, sem greinin fjallar um, enda skal áður setja reglur um skráninguna. Hér er tíðast um svo mikil fyrirtæki að ræða, að ástæða er til að áskilja samþykki ráðherra og sérstaklega, að settar hafi verið reglur, áður en starfsemi hefst. Samkv. 2. málsgr. skal leita álits tölvunefndar, áður en rekstur er heimilaður eða reglur settar samkv. 1. málsgr.

Um 23. gr.

Mikilvægt er, að allar reglur um skráningu séu aðgengilegar á einum stað, og er boðið, að tölvunefnd skuli sendar þær. Hinu sama gegnir um breytingar á reglunum. Á almenningur þá aðgang að reglunum hjá tölvunefnd, sbr. þó lokamálslið 2. málsgr. 23. gr.

Í 2. málsgr. er boðið, að reglur um skráningu séu jafnframt fáanlegar hjá þeim, sem annast skráningu eða er ábyrgur fyrir henni. Er mikilvægt fyrir almenning að eiga þess kost að kynna sér reglurnar, eins og þær eru á hverjum tíma. Víkja má þó frá þessu, ef veigamiklar ástæður mæla með því, að reglur eigi að fara leynt, en slíkt mun þó fágætt hér á landi að því er ætla verður.

Um V. kafla

Hér eru ákvæði um skráningu upplýsinga og varðveislu þeirra, sambærileg við ákvæði I. kafla II. þáttar um skráningu af hendi einkaaðilja. Stafa þessar reglur af tillitinu til einkalífs manna og þörf manna á vernd á einkalífi sínu.

Um 24. gr.

Við opinbera skráningu persónuupplýsinga á að hafa að leiðarljósi samkv. upphafi greinarinnar að skrá þær upplýsingar einar, „sem skipta ótvírætt máli um verkefni þau, sem viðkomandi stjórnvald á að sinna“, að sínu leyti greinimark 1. málsgr. 5. gr. frv. varðandi einkaskráningu. Í báðum tilvikum er reynt með frv. draga úr ónauðsynlegri upplýsingasöfnun. Í ríkisgeiranum er verkefnum skipt milli mismunandi stjórnvalda, og segir verkaskipting þeirra til um það, hver verkefni komi í hlut hvers og eins. Sú verkefnaskipting getur að vísu aldrei orðið hárnákvæm. Í sveitastjórnargeiranum horfir þetta öðru vísi við. Hver sveitarstjórn þarf út af fyrir sig á upplýsingum að halda um allt það svið, sem viðkomandi sveitastjórn er ætlað að fjalla um. Gert er ráð fyrir, að við hverja einstaka skrá sé það afmarkað í reglum um viðkomandi skrá, hvaða verkefni henni sé ætlað að taka til og hverjar stjórnsýslugreinar eigi að hafa aðgang að skránni. Í 1. málsgr. er heimilað að skrá upplýsingar, sem máli skipta fyrir annað stjórnvald, enda sé svo um hnúta búið, að hvert stjórnvald fái aðeins þær upplýsingar úr skránni, sem það varðar. Er þetta undantekning frá meginreglunni í upphafi 1. málsgr., og styðst hún við hagnýt sjónarmið og tillit til virkni í stjórnsýslu. Úr áhættu í þessu sambandi er dregið til muna með ákvæðinu um, að hvert stjórnvald fái aðeins þær upplýsingar úr skránni, sem það varðar.

Í 2. málsgr. er það heft, hver atriði verði skráð, sbr. að sínu leyti 2. málsgr. 5. gr. sbr. 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 17. gr. Hér er greint milli upplýsinga um skoðanir manna á stjórnmálum eða stjórnmálaefnum annars vegar og upplýsinga um kynþátt, trúmál, litarhátt, brotaferil, kynræna hagi, heilsuhagi, misnotkun áfengis o. fl. hins vegar. Er bann lagt við að skrá fyrrnefndu upplýsingarnar, nema þær, sem teknar eru úr gögnum, sem aðgengilegar eru almenningi. Hinar síðarnefndu upplýsingar má eigi skrá, nema slíkt sé ótvírætt nauðsynlegt vegna notagildis skránna. Til greina kemur vissulega að leggja fortakslaust bann við skráningu slíkra upplýsinga. Á það verður þó að fallast, að veruleg þörf kann að vera að skrá slíkar upplýsingar, sbr. t. d. skráningu um brotaferil manna í þágu rannsóknarlögreglu, skráningu á trúfélagsaðild vegna kirkjugjalda, upplýsingar um heilsuhagi og kynræna hagi í þágu heilbrigðiskannana o. fl. Athygli er vakin á, að greinimarkið er hér, hvort skráin gegni hlutverki sínu, ef þessar upplýsingar eru eigi skráðar, þ. e. venjulega einhverjar þeirra. Verður þá að hafa í huga, að ekki er nægilegt að stjórnvaldi sé þörf á upplýsingum um þetta efni, því að vera má, að stjórnvald geti aflað þeirra án þess að þær séu greindar á skrám. Ráðherra sá, sem hefir yfirstjórn skráningar, verður hér að meta málið, en eðlilegt er að óskað sé álits tölvunefndar í þessu efni.

Í 3. málsgr. er boðið, að úreltar upplýsingar skuli afmá og að skrár, sem sífellt eru í notkun, skuli geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru í samræmi við veruleikann. Ákvæðið er byggt á þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar 24. gr. 1. málsgr., að forðast ber að hafa á skrám aðrar persónuupplýsingar en þær, sem þörf er á. Öðrum þræði hvetur þetta ákvæði til þess að færa upplýsingar til samræmis við veruleikann á hverjum tíma, enda eigi upplýsingar að vera grundvöllur fyrir ákvarðanir stjórnvalda og geta eigi gegnt því hlutverki, ef þær eru orðnar úreltar. Eigi er sérstakur aldur nefndur í þessari málsgrein, og verður það atriði að metast eftir atvikum hverju sinni. Ef nýjar upplýsingar eru skráðar, er hin eldri skráning þar með að jafnaði afmáð, en þó er hugsanlegt að það hafi sjálfstætt gildi að varðveita eldri skráningu, þ. á m. af sögulegum ástæðum. Er því heimilað í 4. málsgr. að varðveita megi afrit eða útskriftir úr skrám í opinberum skjalasöfnum með nánar tilteknum skilmálum.

Um 25. gr.

Auðsætt er, að meginmáli skiptir, að skrár geymi efnislega réttar upplýsingar, og eigi upplýsingar, sem villandi eru. Samkv. þessari grein er tölvunefnd ætlað að hafa með höndum nauðsynlegt eftirlit með þessu. Tölvunefnd þarf að framkvæma kannanir á þessu öðru hverju og raunar jafn oft og frekast eru föng á. Boðið er að leiðrétta rangar eða villandi upplýsingar og færa í rétt horf, og gildir þetta einnig um upplýsingar, sem úreltar eru vegna breyttra atvika.

Um 26. gr.

Hér er boðið að beita virkum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Ráðstafanir þær, sem hér eru m. a. hafðar í huga, varða heftan aðgang að húsnæði, þar sem tölvur eru starfræktar, og kerfisbundnar ráðstafanir (t. d. lykilorð ýmiskonar) og verkaskiptingu meðal starfsfólks, þannig að tiltekinn starfsmaður fjalli aðeins um hluta verks og hafi aðgang að honum og þekkingu á þeim verkhluta. Reglur þær, sem um skráningu gilda, eiga að taka afstöðu til þessa, svo og þess, hvar skrá verði geymd eða hún staðsett. Öryggisráðstafanirnar taka fyrst og fremst til þess húsnæðis, sem skrá er starfrækt í, og til véla, búnaðar, skráningartækja, forskrifta (prógramma), segulbanda eða plata o. fl. Enn fremur þarf að koma við öryggisráðstöfunum hjá viðtakanda, sbr. 2. málsgr.

Sérstakar reglur eru í 3. málsgr., er bjóða að ráðstafanir verði gerðar til að eyðileggja skrár án tafar, ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir, að til styrjaldarátaka komi. Er það ákvæði orðað að fyrirmynd ýmissa erlendra lagafrumvarpa.

Gert er ráð fyrir, að tölvunefnd hafi almennt eftirlit með skrám samkv. grein þessari, auk þess sem yfirstjórn þeirra er í höndum þess ráðuneytis, sem í hlut á, eða bæjarstjóra (borgarstjóra) og annarra bæjaryfirvalda.

Um VI. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði, er varða heimild skráðra aðilja til að fá vitneskju um upplýsingar, er skráðar hafa verið um þá sjálfa. Meginreglan, sem í frv. felst, er sú, að menn eigi rétt á þessu, enda má heita, að slíkt séu almenn mannréttindi. Sérregla er um upplýsingar úr sjúkragögnum, sbr. 2. málsgr. 27. gr. Þá er ljóst, að ótvíræðir almenningshagsmunir geta krafist þess, að upplýsingar fari leynt og að varhugavert sé, að hinn skráði fái vitneskju um þær. Er þá vikið frá þeim rétti, sem einstaklingur á almennt samkv. 1. mgr. 27. gr. svo sem fram kemur í 3. mgr. 27. gr. Þá eru undantekningar einnig að því er varðar upplýsingar, er liggja til grundvallar tölfræðiskýrslum, sbr. 4. mgr. 27. gr. Vafamál skal leggja fyrir tölvunefnd, sbr. 29. gr. Í 28. gr. er boðið, að tilkynningar til aðilja, sem óskar vitneskju um upplýsingar, skuli yfirleitt gefnar bréflega. Vakin er athygli á, að eigi nýtur enn við hér á landi almennrar löggjafar um aðgang almennings að opinberum gögnum hjá stjórnvöldum, og er m. a. af þeirri ástæðu sérstök þörf á ákvæðum um þetta efni í frv. þessu.

Um 27. gr.

Beiðni um að fá vitneskju um skráðar upplýsingar er ekki formbundin. Má setja hana fram bréflega eða munnlega, en henni skal beint til þess opinbers aðilja, sem ábyrgð ber á skráningu. Ef slíkt orkar tvímælis, getur aðili fengið upplýsingar, er að haldi koma, hjá tölvunefnd. Skylt er samkv. 1. málsgr. að verða við tilmælum án ástæðulausrar tafar. Aðili á rétt á að fá vitneskju um þær upplýsingar, sem skráðar eru á þeim tíma, er fyrirspurn er sett fram, en ekki um fyrri skráningar. Réttur manna í þessu efni tekur einnig til þess að fá upplýst, að ekkert sé skráð um hann á viðkomandi skrá. Ef aðili telur, að upplýsingar um hann séu rangar eða villandi, getur hann krafist leiðréttinga, sbr. 25. gr. Skýrsla skráningaraðilja á að jafnaði að vera bréfleg, sbr. 28. gr.

Um upplýsingar, sem sjúkraálar eða önnur sjúkraregistur eða sjúklingaskrár geyma, eru sérstakar reglur í 2. málsgr. Er lagt til, að fyrirmynd danska frumvarpsins um þesskonar skráningu, að miðlun upplýsinga fari um hendur heimilislæknis eða annars þess læknis, sem fjallað hefir um heilsu þess, sem í hlut á. Snýr læknirinn sér þá til skráningaraðilja og fær upplýsingar frá honum. Kemur læknirinn síðan upplýsingunum á framfæri við hinn skráða aðilja, eftir því sem hann telur fært og forsvaranlegt. Þessi regla styðst við tvennskonar sjónarmið. Í fyrsta lagi eru skráðar upplýsingar oft torskildar fyrir annan en læknisfróðan mann, og myndu því koma að takmörkuðum notum fyrir manninn sjálfan í mörgum tilvikum. Í öðru lagi getur beinlínis verið skaðlegt eða a. m. k. varhugavert, að sjúklingur fái beinar upplýsingar um heilsuhagi sína. Er nærlægast, að sá læknir, sem fjallað hefir um heilsuhagi manns, meti þetta.

Í 3. málsgr. er mikilvæg undantekning frá þeirri kröfu, sem skráður aðili á til um að fá vitneskju um skráðar upplýsingar. Ríkir almenningshagsmunir geta staðið því í vegi, að upplýsingar verði veittar í þessu efni, eða jafnvel veigamiklir einstaklingshagsmunir, þ. á m. hagsmunir beiðanda sjálfs. Þessi fyrirvari er í samræmi við danska lagafrumvarpið um opinbera skráningu og í samræmi við 10. gr. dönsku laganna um aðgang almennings að gögnum hjá opinberum aðiljum.

Í 4. málsgr. er einnig gerð undantekning frá meginreglu 1. málsgr., og varðar hún skrár í þágu tölfræðiskýrslna. Tölfræðiúrvinnsla persónugreinir ekki einstaklinga, og hún er yfirleitt ekki jafn meinleg fyrir einkalíf manna sem persónugreindar upplýsingar eru eða geta verið. Starfsnauðsynjar við tölfræðiskýrslur bjóða einnig, að þessi undantekning sé lögmælt. Í málsgreininni segir að ákveða megi, að aðrar skrár verði þegnar undan hinni almennu reglu í 1. málsgr., og er þá m. a. átt við skrár, sem gerðar eru af hálfu lögreglu í þágu rannsóknar brota.

Í lokamálsgr. segir, að skráður aðili eigi ekki tilkall til að fá nýja skýrslu um það, hvað um hann sé skráð, fyrr en 12 mánuðir séu liðnir frá því að hann fékk síðast tilkynningu um skráðar upplýsingar, nema hann sýni fram á, að sér sé sérstakt hagsmunamál að fá upplýsingar að nýju, svo sem t. d. þegar gagngerar breytingar hafa orðið á högum hans síðan hann fékk skýrslu síðast. Ekki er gert ráð fyrir, að sérstök gjöld verði krafin, þegar slík skýrsla er látin uppi, sem greinir í 1. málsgr.

Um 28. gr.

Hér er boðið, að almennt skuli skýrsla (tilkynning) um skráningu vera bréfleg, og er þá átt við það, að úr henni verði lesið án þess að menn þurfi að búa yfir sérstakri tækniþekkingu á tölvuskráningu. Um skýrslu m. a. varðandi heilsuhagi, getur verið heppilegra að hafa skýrslu munnlega, og er að því vikið í greininni. Í 2. málsgr. er m. a. sú sérregla, að skýrsla læknis megi vera munnleg

Um 29. gr.

Hér er lagt til, að ágreiningur eða vafamál samkv. 27. og 28. gr. lúti úrlausn tölvunefndar, ef slíku máli er til hennar skotið, og verður það fullnaðarúrlausn.

Ef beiðni manns samkv. 27. gr. er hafnað, ætti stjórnvald að vekja athygli á heimild manns til að skjóta máli til tölvunefndar.

Um VII. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um það, með hvaða skilmálum skráðar upplýsingar verði látnar í té öðrum einstaklingi en hinum skráða, en í VIII. kafla eru sambærilegar reglur varðandi það, er skráningaraðili lætur öðru stjórnvaldi í té vitneskju um skráðar upplýsingar. Vakin er athygli á, að reglur frv. eiga ekki við um þjóðskrá, en æskilegt er, að lög um hana verði endurskoðuð í kjölfar þess frv., sem hér hefir verið samið, ef að lögum verður

Um 30. gr.

Í þessu ákvæði kemur fram sú meginregla, að eigi er heimilt að láta í té skráðar upplýsingar, er varða einkamálefni manna, til annarra einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana, nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Frá þessari meginreglu eru þó ýmsar undantekningar: Í fyrsta lagi er heimilt að láta í té upplýsingar, sem ekki gefa til kynna sérhagi einstaklings, en eru settar fram í formi tölfræðilegra skýrslna. Slíkar upplýsingar verða raunar oft birtar almenningi. Í öðru lagi má láta í té upplýsingar, sem áður eru aðgengilegar almenningi, svo sem er um efni, sem sætir birtingu samkv. lagaákvæðum eða stjórnvaldsreglum eða dómsákvörðunum í opinberum blöðum, Lögbirtingarblaði eða Stjórnartíðindum. Þess verður þó að gæta, að ef greind er skrá, sem útskrift er talin stafa frá, þá getur það veitt vísbendingu um einkamálefni í sjálfu sér, svo sem að nafn manns standi í sjúkraál geðveikrahælis, sem gefur viðtakanda til kynna, að aðili hafi sætt vistun þar eða hafi komið þangað til rannsóknar. Í þriðja lagi má láta í té skráðar upplýsingar, ef viðkomandi samþykkir eða annar sá, sem bær er að láta uppi samþykki vegna hans, og er með því átt við samþykki vegna ólögráða manns eða geðsjúks manns eða samþykki vandamanna vegna manns, sem sjúkur er í bili endranær og getur ekki látið uppi gilt samþykki. Samkv. 2. málsgr. þarf samþykkið að hlíta vissum skilyrðum, svo að það verði metið fullnægjandi. Samþykkið verður að vera bréflegt, og dugir ekki munnlegt samþykki eða samþykki í verki. Efnislega verður samþykkið að greina hvers konar upplýsingar megi gefa, hverjum megi gefa þær og hvernig viðkomandi megi hagnýta sér þær. Þessi atriði horfa til öryggis fyrir hinn skráða, er fær með þessum hætti betri tök á að kynna sér efni samþykkis og afleiðingar þess. Ákvæði 3. málsgr. horfir einnig til öryggis, en hún kveður svo á, að samþykki falli niður í síðasta lagi, þegar ár er liðið frá því að það var látið uppi, en vissulega má endurnýja samþykki.

Um 31. gr.

Samkv. þessari grein má láta í té skráðar upplýsingar til annarra einstaklinga, fyrirtækja, félaga og stofnana, sem vinna að verkefnum í þágu þess stjórnvalds, sem ábyrgð ber á skráningu, en þó aðeins þær, sem nauðsynlegar eru vegna úrlausnar þess verkefnis, sem stjórnvald felur viðkomanda að leysa. Upplýsingarnar má ekki nota í öðru skyni en því, sem stjórnvald það, er ábyrgð ber á skráningu, kveður á um. Svo sem fyrr greinir, er það ekki afhending í þessu sambandi, þótt stjórnvald fái tölvuþjónustufyrirtæki gögn í hendur til skráningar. Um aðstöðu slíks fyrirtækis í þessu efni vísast til 36. gr. frv. Brot á lokamálslið 31. gr. er refsivert, sbr. 48. gr.

Um 32. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, með hvaða skilmálum upplýsingar úr sjúkraálum eða öðrum sjúkraskrám um tiltekinn aðilja verði látnar öðrum í té. Ljóst er, að hér er um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Hins vegar er oft þörf á að veita með hröðum hætti aðgang að þessum upplýsingum, þ. e. ef viðkomandi maður sýkist og þarf læknisrannsóknar eða læknisaðgerðar með. Er viðkomanda sjálfum þá mikið hagsmunamál, að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir þá, sem um heilsu

hans fjalla. Hér koma til viðbótar þeir ríku hagsmunir, sem tengjast við læknisfræðilegar rannsóknir almennt, en þær byggjast mjög á því, að rannsóknarmönnum sé unnt að fá aðgang að slíkum gögnum, sem hér er um að ræða. Þessi mismunandi sjónarmið og þessa hagsmuni verður að virða og vega, og er greininni ætlað að vera andsvar við þeim álitamálum.

Samkv. 1. málsgr. er heimilt að veita lækni eða tannlækni, sem hefir mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál o. fl., er þennan mann varðar. Upplýsingar geta einnig tekið til vandamanns hans, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á manninum. Er þessi tilhögun í samræmi við það, er nú tíðkast, að því er ætla verður. Ákvæðið tekur ekki eingöngu til rannsókna o. fl. á sjúkrahúsi, sem viðkomandi hefir sætt þá næst á undan, heldur varðar einnig fyrri sjúkraferil hans og sjúkrasögu á sjúkrahúsi að svo miklu leyti sem máli skipti. Áskilið er, að maður sé til læknismeðferðar hjá lækni eða tannlækni, en þeir eru þagnarskyldir að lögum um það, sem þeir fá vitneskju um úr skrám þessum. Upplýsingar um vandamenn manns má veita lækni, og forsenda er sú, að slíkt þyki skipta máli vegna læknismeðferðar á manninum.

Í 2. málsgr. er ákvæði um afhendingu upplýsinga í þágu vísindalegra rannsókna, en ákvæðið er bundið við það, að upplýsingar séu veittar lækni. Hér verður að vera um tiltekið rannsóknarverkefni að ræða, en það á ekki við, þegar um almenna leit að hæfu rannsóknarverkefni er að tefla. Um slík tilvik og þegar aðrir eiga í hlut en læknar fer samkv. 3. málsgr. Upplýsingar geta varðað sjúkdómsgreiningu, en einnig annað, svo sem hvenær aðili var lagður á sjúkrahús og hve löng sjúkrahúsvist hans var, svo og læknismeðferð, sem við var höfð, þ. á m. lyfjagjöf, svo og andsvar við henni. Viðtakanda upplýsinga er eigi heimilt að hafa samband við hinn skráða á grundvelli slíkra upplýsinga, nema læknar þeir, sem fjallað hafa um heilsuhagi hins skráða, samþykki það. Slík eftirgrennslan getur verið óþægileg fyrir mann og beinlínis varhugaverð, og eru þeir læknar, sem meðhöndlað hafa viðkomandi mann að fyrra bragði færastir um að meta, hvort réttmætt sé og viðfelldið að hafa þennan hátt á. Er hér fyrst og fremst átt við yfirlækni á þeirri deild, þar sem maður hefir verið til meðhöndlunar, en frá henni stafa hinar skráðu upplýsingar.

Samkvæmt 3. málsgr. er heimilt með samþykki heillbrigðisráðuneytis að veita einstaklingum, fyrirtækjum o. fl. upplýsingar úr skrám til afnota við einstök rannsóknarverkefni eða skipulagsverkefni með nánar tilteknum skilyrðum. Ef ætlunin er að nota upplýsingar til samtengingar skráa, er áskilið samþykki tölvunefndar til afhendingar upplýsinga. Ákvæðið á við, þegar beðið er um upplýsingar um tiltekinn einstakling, en ekki ef um tölfræðilega úrdrætti er að ræða, sem persónugreina ekki skráðan aðilja. Ákvæðið tekur til þess, að öðrum en læknum séu afhent gögn, en á einnig við um önnur gögn, sem afhent eru læknum, en þau, sem greind eru í 2. málsgr.

Um 33. gr.

Hér er annað frávik frá meginreglu 32. gr., er heimilar að láta í té upplýsingar til einstaklinga, félaga o. fl. vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, svo sem vegna gerðardómsmála, þar sem slíkur háttur er lögmæltur. Er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefir af upplýsingum, enda sé ótvírætt, að þörfin vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingum sé haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar, sem þagnarskylda ríkir um samkv. sérstökum lagaákvæðum (sérlögum) eða stjórnvaldsreglum, og falla almenn ákvæði um þagnarskyldu samkv. alm. hegningarlögum eigi hér undir.

Í 2. málsgr. er fjallað um upplýsingar, sem látnar eru í té vegna tiltekinna rannsóknarverkefna. Á ákvæði 32. gr. 3. málsgr. 2. málslið um samtengingu skráa hér einnig við, þ. e. áskilið er þá samþykki tölvunefndar. Binda má afhendingu upplýsinga nánari skilyrðum. Hér er um almennt ákvæði að ræða, sbr. við 2. málsgr. 32. gr.

Um 34. gr.

Eðlilegt þykir, að í þeim tilvikum, sem þessi kafli fjallar um, sé heimilt, en ekki skylt, að krefja endurgjald fyrir veittar upplýsingar. Ekki er líklegt, að þessu ákvæði verði beitt um upplýsingar til lækna og tannlækna úr sjúkraskrám, sbr. 32. gr.

Um VIII. kafla

Hér eru fyrirmæli um það, er skráðar upplýsingar á að láta í té til annarra stjórnvalda.

Um 35 gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er stjórnvaldi heimilt að láta öðru stjórnvaldi í té skráðar upplýsingar, ef slíkt er heimilt samkv. ákvæðum VII. kafla. Einnig er þetta heimilt, ef stjórnvald á tilkall að lögum eða samkv. stjórnvaldsreglum til upplýsinga frá öðru stjórnvaldi, sbr. t. d. Hagstofu Íslands o. m. fl.

Enn fremur verða upplýsingar látnar í té, þegar þær hafa verulegt gildi um starfsemi viðkomandi stjórnvalds eða um tiltekna úrlausn, sem stjórnvald á að láta uppi, sbr. þó 24. gr. 1. málsgrein 2. málslið. Ekki má þó láta uppi upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda gildir um samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum. Vissulega eru þessi ákvæði nokkuð matskennd, en örðugleikum er bundið að setja fram hnitmiðaðar reglur

Samkv. 3. málsgr. er óheimilt, nema sérstaklega standi á, að láta í té upplýsingar, er varða persónulega hagi manna, úr skrám, sem eingöngu eru útbúnar vegna vísindarannsókna eða vegna tölfræðilegra úrdrátta. Mun þetta vera í samræmi við venjur hér á landi.

Um IV. þátt

Þessi þáttur fjallar um tölvuþjónustu.

Um IX. kafla

Um 36. gr.

Í 1. málsgr. er mælt fyrir um, að einstaklingar eða fyrirtæki skuli hafa starfsleyfi tölvunefndar til að annast tölvuþjónustu fyrir aðra, og er tölvuþjónustufyrirtækjum óheimilt að varðveita og vinna úr upplýsingum um einkamálefni samkv. 1. gr., nema slíkt leyfi komi til. Gegnir einu, hvort fyrirtækið er rekið af hálfu einkaaðilja eða af hendi hins opinbera (í síðara tilviki verður að gæta ákvæðanna almennu í IV. kafla um upphaf skráningar að auki). Um umsókn um leyfi og tímabundið gildi þeirra og skilyrði, er tengjast þeim, er kveðið á í 37 gr. frv., sbr. og 45. gr.

Hér er eigi látið við það sitja, að skráningarstarfsemi sé tilkynnt til tölvunefndar, sbr. II. kafla frv. (8. gr.), heldur er beinlínis áskilið starfsleyfi. Til upprifjunar skal á það minnt, að kerfisbundin skráning af hálfu einkaaðilja er almennt leyfileg án tilkynningar til tölvunefndar, sbr. I. kafla frv., þótt skorður séu reistar að vissu marki við skráningu nokkurra upplýsinga, sbr. 5. gr., eða miðlun þeirra, sbr. 6. gr. Tilkynning til tölvunefndar er áskilin í 8. gr, svo sem fyrr greinir, og samþykki ráðherra (sveitarstjórnar) til skráningarstarfsemi samkv. IV. kafla, en samþykki tölvunefndar í einstökum dæmum, svo sem grein er gerð fyrir hér að framan.

Nauðsynlegt þykir að áskilja starfsleyfi frá tölvunefnd vegna almennrar tölvuþjónustu samkv. 36. gr. — en ákvæðið á við, þótt t. d. fyrirtæki gegni öðru eða öðrum hlutverkum en tölvuþjónustu. Hér er yfirleitt um stórvirka skráningarstarfsemi að ræða, og er oft fengist við skráningu á atriðum, er varða viðkvæma einkalífsþætti. Við slíka starfsemi vinnur oft allmikið starfslið, og við þessa starfsemi er sérstaklega brýn þörf á að viðhafa öryggisráðstafanir ýmsar. Ber því nauðsyn til að tölvunefnd gefi slíkum fyrirtækjum sérstakar gætur og hafi eftirlit með

starfsemi þeirra og ekki síst að forráðamönnum starfseminnar sé frá öndverðu gert að búa hana tryggilega úr garði, og vísast um það til 3. málsgr. 36. gr. Tekið skal fram, að ákvæði 36. gr. eigi einnig að ná til fyrirtækja, sem þegar hafa hafið starfsemi sína, en þeim eru settir sérstakir frestir í 50. gr. til að leita samþykkis tölvunefndar, sbr. og athugasemdir við þá grein.

Í 2. málsgr. er sett fram skýrgreining á því, hvað felist í tölvuþjónustu. Segir þar, að með því sé átt við „sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni". Tekur hugtak þetta því yfir alla þætti vinnslunnar, en eigi aðeins skráninguna sem slíka. Kemur því hér undir m. a. ýmiskonar forvinna og svo varðveisla gagna, sbr. 1. málsgr. Þess skal getið hér, að þegar talað er um kerfisbundna skráningu í frv. þessu, þá er einnig átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu, ef um tölvutækni er að ræða, nema annað verði ráðið af atvikum.

Í 3. málsgr. er mælt fyrir um öryggisráðstafanir, sem að mati tölvunefndar tryggi, að upplýsingar, sem felast í verkbeiðni eða fylgja henni, verði eigi misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Getur tölvunefnd mælt fyrir um slíkar öryggisráðstafanir. Ráðstafanir þessar geta verið með margvíslegu móti og raunar mismunandi eftir því hver skráin er, svo og eftir aðstæðum öllum, þ. á m. því húsnæði, sem hún fer fram í. Um öryggisráðstafanir vísast og til 26. gr. frv.

Í 4. málsgr. er tölvufyrirtæki samkv. 1. málsgr. óheimilað án samþykkis verkbeiðanda að nota upplýsingar, sem það fær í sambandi við framkvæmd verks í öðru skyni en að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að Er fyrirtæki óheimilt að varðveita gögn, sem fela í sér upplýsingar þessar, hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Getur fyrirtækið m. a. orðið skaðabótaskylt, ef brotið er gegn þessu. Þegar sérstaklega stendur á, er fyrirtækinu þó heimilt, t. d. vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, og það jafnvel þótt sá aðili, sem við verki tekur, hafi ekki starfsleyfi, samkv. 1. málsgr. til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnslan skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara, ef frv. verður lögfest.

Um ábyrgðarstöðuna í sambandi við 36. gr. skal annars tekið fram eftirfarandi:

Ef fyrirtæki notar sjálft tölvur við úrlausn verkefna sinna, eiga þau ákvæði við, sem hér að framan greinir, í I.—III. þætti, um ábyrgð á efni skráningar, skráningarstarfsemi, varðveislu gagna o. fl. Hafi fyrirtæki eða félag hins vegar notið atbeina annars aðila um tölvuúrvinnslu, rísa sérstök vandamál um ábyrgð þess aðila. Svo sem fyrr greinir, „afhendir" fyrirtækið sem óskar þjónustu tölvufyrirtækis, ekki hinu síðarnefnda upplýsingar þótt það fái þær í hendur til tölvuvinnslu. Tölvufyrirtæki er ekki „notandi" upplýsinganna í þeirri merkingu, sem á er byggt í frv. Varðveisla gagnanna hjá tölvufyrirtækinu eða vinnsla þeirra þar bakar þessu fyrirtæki (tölvufyrirtækinu) ekki sjálfstæða lagaábyrgð, þótt í ljós komi, að þar séu greindar upplýsingar, sem eigi má skrá, og eigi á fyrirtækið refsiverða hlutdeild í afhendingu skráðra upplýsinga til annarra, þegar afhending á sér stað andstætt ákvæðum frv. Skráður aðili getur ekki krafist þess að fá að sjá skráningu hjá tölvufyrirtækinu eða að það leiðrétti rangar upplýsingar, heldur verður að beina þeirri kröfu til þess, sem stofnað hefir til skráningar og er ábyrgt fyrir henni. Ef tölvufyrirtækið lætur öðrum í té upplýsingar án samþykkis verkbeiðanda, er almennt ekki gerlegt að gera hinn síðargreinda ábyrgan fyrir slíku, þótt skýrsla um upplýsingar séu andstæðar frv., ef að lögum verður. Hér er þörf á að afmarka með lagaákvæði stöðu tölvufyrirtækis, þ. á m. um almennar starfsreglur.

Um 37. gr.

Hér er mælt fyrir um umsókn um starfsleyfi samkv. 36. gr. Er gert ráð fyrir, að tölvunefnd kveði nánar á um umsókn, þ. á m. hvernig hún skuli úr garði gerð, og líklegt er, að sérstök eyðublöð verði búin út, sem útfylla beri. Ljóst er, að tölvunefnd veitir eigi starfsleyfi, nema tryggt sé, að þeim atriðum, sem 1. málsgr

víkur að, sé skipað með viðhlítandi hætti, en leyfi má veita með skilyrðum, sem m. a. hníga að því, að bætt verði úr um atriði sem þau, er þar greinir, svo og skilorðsbinda leyfi að öðru leyti eftir því sem ástæður þykja til. Í 1. málsgr. er sérstaklega vikið að öryggisráðstöfunum, sbr. og 3. málsgr. 36. gr.

Í 2. málsgr. segir, að starfsleyfi skuli tímabinda, og skuli eigi veitt lengur en til 5 ára í senn. Ef óskað er framlengingar á starfsleyfi, skal með fara svo sem segir í 1. málsgr. Setja má fyrirtæki ný skilyrði, sem lúta að starfrækslu, þegar leyfi er framlengt (endurnýjað), sbr. og 45. gr. 2. málsgr. frv.

Um 38. gr.

Hér eru fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna við tölvuþjónustu.

Ef tölvuþjónusta er látin í té af fyrirtæki, sem rekið er af hinu opinbera, má vænta þess, að starfsmenn séu opinberir starfsmenn með þagnarskyldu um þau atriði, er þeir komast að í sambandi við tölvustarfsemina, sbr. m. a. 32. gr. laga nr. 38/1954 og 136. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ekki þörf að setja sérreglur um þagnarskyldu þeirra hér, þó svo, að ákvæði 1. málsgr. eiga einnig við um þá, þ. e. áskilið er, að þeir undirriti þagnarheit í sambandi við vitneskju, sem þeir fá við framkvæmd þessara starfsverkefna Er það gert til að árétta frekar en ella er, hve miklu varðar, að starfsmenn gæti þagnarskyldu í þessu sambandi. Ef fyrirtæki er ekki rekið af hinu opinbera, þá er slíkri almennri þagnarskyldu eigi til að dreifa. Þeir starfsmenn skulu undirrita þagnarheit, sbr. 1. málsgr., og geta m. a. orðið skaðabótaskyldir, ef þeir virða ekki þagnarskyldu, og unnið sér til refsingar, sbr. 48. gr. 1. málsgr. frv. Þagnarheitið gegnir hér vissulega hlutverki, án tillits til refsihliðar þessa máls. Ætlast er til, að forráðamenn fyrirtækis brýni þagnarskylduna fyrir starfsmönnum.

Ef tölvuþjónustufyrirtæki, sem tilheyrir einkageira þjóðfélagsins, vinnur að verkefnum fyrir hið opinbera, þykir nauðsynlegt að mæla svo fyrir, að starfsmenn fyrirtækisins séu þagnarskyldir í sambandi við framkvæmd slíks verkefnis með sama hætti og þeir opinberir starfsmenn, sem unnið hafa að því. Varðar rof á þagnarskyldu, þegar svo stendur á, refsingu samkv. 136 gr. alm. hegningarlaga, en refsiákvæði 48. gr. 1. málsgr. tekur ekki til þessa.

Um X. kafla

Í þessum kafla er fjallað um kerfisbundna söfnun persónuupplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

Um 39. gr.

Víða um lönd hefir verið rætt um hættuna, sem er því samfara að söfnun persónuupplýsinga fari fram í tilteknu landi til úrvinnslu í öðru. Er auðsætt, að sérstök hætta getur stafað af þessu fyrir einkalífsvernd manna, enda er örðugra fyrir menn að fá hlut sinn réttan við slíka skráningarhætti en ef upplýsingar eru skráðar í heimalandi þeirra. Hlutverk 1. málsgr. er fyrst og fremst að stuðla að því, að eigi verði gengið á svig við reglur frv. um skráningarmál, með því að skrá upplýsingarnar erlendis. Tölvunefnd getur, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til söfnunar upplýsinga, ef einkaaðili vill stofna til skráningar, en dómsmálaráðherra ella

Í 2. málsgr. er rætt um sérstaklega „viðkvæmar“ upplýsingar, sbr. einkum 5. gr. 2. málsgr. og 24. gr. 2. málsgr., og er brýn þörf að vera á verði, þar sem um slíkar upplýsingar er að ræða. Er þá áskilið sérstakt leyfi í þessu skyni, og dugar ekki hið almenna samþykki skv. 1. málsgr.

Í 3. málsgr er fjallað um samþykki til söfnunar upplýsinga og flutnings gagna úr landi. Ber tölvunefnd að gæta sérstaklega að hættunni á skertri persónuvernd við þessar aðstæður. Verður yfirleitt að gjalda varhug við slíku leyfi, nema þá helst, þegar um er að ræða mikilvæg rannsóknarverkefni. Við mat tölvunefndar kemur

m. a. til greina, hverjar reglur gildi í landi því, þar sem vinnsla á fram að fara um persónuvernd á þessu sviði og t. d. aðgang hins skráða til að fá upplýsingar um, hvað um hann sé skráð og að koma við leiðréttingum o. fl.

Í 4. málsgr. er lagt til, að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið og að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tilliti til alþjóðlegs samstarfs mælir með því. Ákvæði þetta er þarflegt í því skyni að greiða fyrir þjóðréttarsamningum og þátttöku í alþjóðasamstarfi, en gæta þarf þess að t. d. í samningum verði sett ákvæði, er tryggi sem best hagsmuni hinna skráðu aðilja.

Um V. þátt

Í þessum þætti eru ákvæðin um eftirlit með framkvæmd laganna.

Frv. þetta er byggt á þeirri meginhugsun, að mestu máli skipti að lögfesta almennar reglur um skráningarstarfsemina í þjóðfélagi, en verulegrar óvissu gætir nú um ýmsar starfsreglur við hana. Er nauðsynlegt að forráðamenn skráningarstarfsemi viti, hverra réttarreglna gæta beri. Hitt er það, að sjálfsagt myndu ýmis ákvæði frv. missa marks, ef eigi væri beitt virku eftirliti með framkvæmd laganna. Víða í löndum hefir það verið mikið umræðuefni, hvernig koma ætti við slíku eftirliti. Hafa verið uppi skoðanir um það, að fela ætti slíkt eftirlit stofnun, sem nyti sjálfstæðis gagnvart hinu pólitíska valdi í þjóðfélaginu. Með því væri best borgið hlutlægni við úrlausnir og helst stuðlað að því, að allur almenningur treysti slíku stjórnvaldi. Þetta sjónarmið hefir leitt til þess, að stofnunum hefir verið komið á fót með miklu sérfræðilegu starfsliði og sjálfstæðri réttarstöðu.

Í frv. er lagt til, að sérstakri nefnd, sem hér er nefnd tölvunefnd fremur en skráningarnefnd, þriggja manna, er dómsmálaráðherra skipar, verði falið þetta eftirlitshlutverk. Um starfslið nefndar fari síðan eftir því, sem fé er veitt til og heimilað er af dómsmálaráðuneyti hverju sinni. Úrlausnir tölvunefndar sem skipuð er sérfróðum mönnum, verða fullnaðarúrlausnir frá stjórnsýslusjónarmiði virt, og er t. d ekki hægt að skjóta þeim til ráðherra. Lýsir sjálfstæði tölvunefndar sér einkum í þessu. Eftirlitið með opinberu skráningunni horfir að því leyti annan veg við en um skráningu af hálfu einkaaðilja, að brýn skylda hvílir á þeim opinberu starfsmönnum, sem um opinbera skráningu fjalla, að ganga úr skugga um, að skráning sé rétt og eigi villandi. Eiga þau stjórnvöld, sem fjalla eiga um skráningarmálefnin að fylgjast með þessu eftir föngum, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum laga um brot í opinberu starfi. Um aðgang almennings að efni skráa hefir verið áður rætt og kosti manna á því að fá leiðréttar rangar eða villandi eða úreltar upplýsingar, sem skráðar hafa verið, svo og um úrskurð tölvunefndar í því efni, sbr. t. d. 7. gr. 1. málsgr., 13., 15., 25. gr. Ákvæði þessa kafla taka sumpart til hvers konar skráningar sem er en sumpart til skráningar af hendi einkaaðila, sbr. 42. gr., eða opinbers aðilja, sbr. 43. gr.

Um 40. gr.

Tölvunefnd er falið með ákvæði þessarar greinar almennt eftirlit með framkvæmd laganna og skráningu og vinnslu samkv. þeim. Um hugtakið skráningu í þessu sambandi vísast til 1. gr. og 36. gr. 2. málsgr. og athugasemda um þær. Eftirlit og afskipti tölvunefndar getur m. a. tekið til upphafs að skráningarstarfsemi og lotið að t. d. tækjabúnaði, húsakosti, öryggisráðstöfunum o. fl. Eftirlitið er bæði almennt og svo í formi sérstakra kannana, ef ákveðið tilefni er til, t. d. umkvörtun. Er víða vikið að afskiptum tölvunefndar í ákvæðum frv.

Í 1. málsgr. 40. gr. segir, að tölvunefnd sé ríkisstjórninni til ráðuneytis um tölvu- og skráningarmálefni. Á það við um einstök álitamál og ákvarðanir á þessu sviði, umfram það, sem brýn ákvæði eru um í frv., þ. á m. við mörkun á stefnu í tölvu- og skráningarmálum.

Í 2. málsgr. segir um skipun tölvunefndar, skipunartímabil og hverjum skilyrðum nefndarmenn skuli fullnægja. Formaður nefndarinnar á að vera lögfræðingur, sem fullnægir almennum dómaraskilyrðum, en hinir tveir sérfróðir um tölvu- og skráningarmálefni. Varamenn skulu fullnægja samskonar skilyrðum. Lagt er til, að dómsmálaráðherra skipi nefndarmenn án tilnefningar til fjögurra ára í senn.

Í 3. málsgr. er mælt fyrir um, að í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, skuli kveðið á um starfslið og starfshætti tölvunefndar. M. a. er hér ástæða til að setja ákvæði um vanhæfi nefndarmanna, er þeir skera úr málum vegna tengsla þeirra við aðilja máls eða fyrirsvarsmenn þeirra.

Um 41. gr.

Hér eru ákvæði um, að tölvunefnd geti krafið skráningaraðilja um allar upplýsingar, sem þörf er á vegna eftirlits- og könnunarstarfsins. Enn fremur, að tölvunefnd og starfsmenn hennar hafi aðgang vegna eftirlitsstarfs að húsnæði, þar sem skráningargögn og tæknileg gögn eru varðveitt, og án dómsúrskurðar. Eru þessi ákvæði nauðsynleg til þess að eftirlitsstarfið geti orðið virkt, þ. á m. til að ganga úr skugga um öryggisráðstafanir. Ákvæði þessi eiga einnig við um skráningu af hálfu opinbers aðila.

Um 42. gr.

Í þessari grein er fjallað um skráningu af hendi einkaaðilja. Eru tölvunefnd þar veittar ýmsar heimildir til afskipta og aðgerða gegn aðilja, sem ábyrgð ber á skráningu, svo sem að mæla fyrir um að fyrirtæki skuli hætta skráningu eða láta ekki öðrum upplýsingar í té, eða afmá einstakar upplýsingar á skrám eða mæla fyrir um að skrár séu eyðilagðar, sbr. 2. málsgr. 42. gr. Þá getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðilja að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, sbr. 3. málsgr., og t. d. 7., 13. og 15. gr. Enn getur tölvunefnd bannað að viðhafa nánar tilteknar aðferðir við söfnun upplýsinga eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, ef veruleg hætta er á, að aðferð, sem viðhöfð er, leiði til þess, að skráning eða miðlun verði villandi eða röng, eða um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá, sbr. 4. málsgr. Á þetta ekki síst við um starfsemi samkv. II. kafla frv., svo og t. d. ef ákvæða 5. gr. er ekki gætt. Þá getur tölvunefnd mælt fyrir um ýmis úrræði, er horfa því til tryggingar, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá eða slíkum upplýsingum verði miðlað svo og til að hamla, að skráð verði atriði, sem eru röng eða villandi. Loks getur tölvunefnd mælt fyrir um ráðstafanir, sem dragi úr hættu á eða komi í veg fyrir, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Meðal þeirra ráðstafana er að takmarka aðgang starfsliðs að upplýsingum og að hefta aðgang annarra en starfsliðs að þeim.

Samkv. 42. gr. hefir tölvunefnd víðtæk úrræði, og á þeim er full þörf vegna eftirlitsstarfs nefndarinnar. Er vikið að ýmsum þessara úrræða í öðrum greinum frv., en rétt þótti að taka þau upp hér í 42. gr. í samfelldu máli Tölvunefnd getur kært mál til lögreglu, ef grunur leikur á, að refsiverðu atferli sé til að dreifa.

Um 43. gr.

Eftirlit með opinberu skráningunni horfir nokkuð annan veg við að því er varðar afskipti tölvunefndar en um skráningu af hendi einkaaðilja. Tölvunefnd hefir að vísu almennt eftirlit í þessu efni, sbr. 40. gr. og 26. gr. Er gert ráð fyrir, að tölvunefnd snúi sér til þess stjórnvalds, sem ábyrgt er fyrir skráningu, og setji fram ábendingar eða kröfu um breytingu á skráningu eða t. d. um afmáningu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra, en auk þess á tölvunefnd aðgang að ráðherra þeim, sem hefir yfirumsjón með skráningu stjórnsýslulega. Má telja víst, að stjórnvöld fari eftir ábendingum og kröfum tölvunefndar. Samkv. 2. málsgr. getur nefndin sett fram tillögur um breytingu á reglum um tiltekna kerfisbundna skráningu, sem fram fer á vegum hins opinbera og beint tillögum til þess stjórnvalds, sem setti reglurnar upp-

haflega. Ekki þyrfti þetta frumkvæði að stafa af neinskonar yfirsjón, sem átt hefði sér stað, heldur t. d. vegna þess að tölvunefnd þætti ekki nægilega vel fyrir öryggisráðstöfunum séð almennt skoðað.

Um 44. gr.

Úrlausnir tölvunefndar eru fullnaðarúrlausnir frá stjórnsýslusjónarmiði virt, og verða eigi bornar undir önnur stjórnvöld, t. d. ráðherra. Hitt er það, að samkv. 60. gr. stjórnarskrár eiga dómstólar úrlausn um embættistakmörk yfirvalda, eins og það hugtak hefir verið skýrt í reynd, þ. á. m. um lögmætar forsendur fyrir úrlausn þessa stjórnvalds. Ákvæðið á ekki eingöngu við um úrskurði heldur einnig aðrar ákvarðanir.

Um 45. gr.

1. málsgr. fjallar um fyrirmæli, er tölvunefnd getur látið uppi, um form og efni tilkynninga og umsókna til nefndarinnar. Skiptir máli m. a. vegna eftirlitsstarfsins, að tilkynningar séu vel og skipulega úr garði gerðar og samræmis sé gætt. Væntanlega útbýr tölvunefnd eyðublöð í þessu skyni, þar sem fram koma þau atriði öll, sem nefndin telur skipta máli.

Í 2. málsgr. segir, að tölvunefnd geti gefið skilorðsbundið leyfi eða samþykki og tímabundið þau (um tímabindingu sjá 37. gr. frv.). Er þarflegt að greina þetta sérstaklega hér í frv.

Um 46. gr.

Í greininni er fjallað um reglugerðarákvæði, sem gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji, og verður þá áður leitað tillagna tölvunefndar.

Reglugerðarákvæði geta lotið að ýmsum sérgreindum efnum, en auk þess varða þau almennt framkvæmd laganna. Skal þetta nú reifað nokkrum orðum:

1. Kveða má á um samstarf tölvunefndar við sambærilegar eftirlitsstofnanir erlendis. Kemur hér bæði til samstarf við norrænar stofnanir og aðrar stofnanir, sbr. t. d. samstarf innan aðildarríkja Evrópuráðs. Er mikilvægt, að tölvunefnd fái færi á að taka þátt í slíku samstarfi.

2 Tölvuúrvinnsla getur farið fram hér á landi á gögnum, sem stafa frá öðrum löndum og varða einkamálefni þar. Er taflstaðan þá andstæð við stöðuna samkv. 39. gr. frv., þar sem skorður eru reistar við að gögn um einkamálefni hér á landi séu send til tölvuvinnslu erlendis. Er ástæða til að gefa gaum tölvuvinnslu hér á landi, er tekur til erlendra gagna, og setja reglugerðarákvæði um það efni og m. a. áskilja sérstaka tilkynningu um slíkt af hendi þeirra, sem óska vinnslunar.

3. Þá er gert ráð fyrir, að sett verði reglugerðarákvæði um afmáningu eða eyðileggingu á skrám, sem andstæð eru lögunum.

4. Í greininni er minnt sérstaklega á starfsemi samkv. II. og III. kafla frv., sem þörf kann að vera að setja fyllri ákvæði um í reglugerð.

5. Heimilt er að setja reglugerðarákvæði almennt um framkvæmd laganna. Hafa ber í huga, að örar framfarir eru í þessum skráningarmálum að því er varðar skráningartækni, og getur þá verið þörf á að bregðast nokkuð skyndilega við nýjum aðstæðum með ákvæðum í reglugerð.

Samkv. 48. gr. 4. málsgr. má setja það ákvæði í reglugerð, að brot á ákvæðum hennar varði sektum.

Um 47. gr.

Hér segir, að tölvunefnd gefi út öðru hverju skýrslu um starfsemi sína. Þá segir einnig, að nefndin geti birt almenningi umsagnir og álitsgerðir, svo og tillögur, er hún hefir látið uppi. Starfsemi slíkrar nefndar er vissulega málefni, sem almenningur á rétt á að fylgjast með, og er mikilvægt að birt sé ýmislegt af úrlausnum og tillögum slíks aðilja.

Um VI. þátt.

Í þeim þætti eru ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum, og svo gildistöku-ákvæði.

Um 48. gr.

Þessi grein geymir refsiákvæði. Ýmis brot á ákvæðum frv., ef að lögum verður, varðar refsingu, en önnur ekki. Í 1. málsgr. kemur fram, að unnt sé að refsa jafnframt samkv. öðrum refsiákvæðum, sem atferli kann að varða við, sbr. einkum 136. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Tölvunefnd ræður því að marki, hvort kært verði út af brotum á lögunum. Í fyrstu — meðan framkvæmd laganna verður eigi komin í fastar skorður — má vænta þess, að varlega verði farið í kærur, ef skráningaraðili hlítir fyrirmælum nefndarinnar og er fús til samstarfs um leiðréttingar og umbætur.

Í sumum tilvikum er refsiverð háttsemi beinlínis háð því, að eigi séu virt fyrirmæli tölvunefndar eða skilmálar, sem hún hefir sett.

Í lokamálsgr. er heimilað að fyrirmynd í erlendum lögum og frumvörpum að leggja refsiábyrgð á félag eða fyrirtæki sem slíkt, en forsendan er sú, að refsiábyrgð verði eigi komið fram á hendur starfsmanni, sem á refsiverða sök á atferli. Slík refsiábyrgð á félög eða fyrirtæki er að vísu fátíð hér á landi, en virðist þó eiga fullan rétt á sér í slíku tilviki sem þessu.

Um 49. gr.

Hér er í 1. málsgr. ákvæði um, að heimilt sé auk refsingar að svipta aðila, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 36. gr. án leyfis eða hefst handa um starfsemi samkv. 8. gr. án þess að tilkynna tölvunefnd um hana, rétti til skráningarstarfsemi. Gegnir þessu einnig að sínu leyti um brot á 5. gr. 3. málsgr. Forsenda réttindasviptingar er svipuð og í 68. gr. 1. og 2. málsgr. alm. hegningarlaga, þ. e. að brot gefi til kynna nærlæga hættu á misnotkun í sambandi við skráningarstarfsemi. Tekið er fram, að ákvæðum 1. og 2. málsgr. 68. gr. alm. hegningarlaga verði beitt, eftir því sem við getur átt.

Í 2. málsgr. eru ákvæði um eignaruppteku. Er heimilt að gera upptæk með dómi tæki, sem stórfellt brot á lögunum er framið með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Um 50. gr.

Hér eru gildistökuákvæði.

Svo sem greinin ber með sér, er til þess ætlast, að ákvæði laganna taki einnig til skráningarstarfsemi, sem hafist hefir fyrir gildistöku laganna. Er skráningaraðiljum veittur nokkur frestur á að tilkynna tölvunefnd um starfsemi sína eða leita samþykkis hennar eftir því sem við á, svo og að setja reglur um starfsemina, þegar slíku er að skipta. Er hér miðað við 3 eða 6 mánuði frá gildistöku laganna. Vera má, að stundum geti þessi frestur reynst of skammur, og er tölvunefnd heimilað að framlengja hann í einstökum tilvikum að ósk viðkomanda.

Um 51. gr.

Þjóðskrá og almannaskráning og svo sakaskrá koma eigi undir ákvæði laganna. Um þjóðskrá og almannaskráningu gilda sérstök lög, og tók umboð nefndar þeirrar, sem samdi frv. þetta, eigi til að endurskoða þau lög. Um sakaskrá gildir sérstök reglugerð. Er þess vænst, að framangreind lög og reglugerð verði endurskoðuð í ljósi þeirra meginviðhorfa, sem fram koma í frv. þessu, ef að lögum verður.

Sþ.

684. Skýrsla

iðnaðarráðherra til Alþingis um Kröfluvirkjun.

EFNISYFIRLIT

0 Formáli
1 Rannsóknir til undirbúnings virkjunarframkvæmda við Kröflu
1.1 Inngangur
1.2 Rannsóknir og boranir í Námafjalli fram til 1970
1.3 Rannsóknir á Námafjalls-Kröflusvæðinu eftir 1970
1.4 Athuganir á nýtingu jarðhita til raforkuvinnslu
1.5 Yfirlit um niðurstöður rannsókna
1.51 Vitneskja í árslok 1974
1.52 Vitneskja í desember 1977
1.6 Álit sérfróðra ráðgjafa um virkjunarframkvæmdir
1.61 Álit Orkustofnunar
1.62 Álit sérfræðinga Kröflunefndar
2 Ákvörðun um jarðgufuvirkjun í Námafjalli eða við Kröflu
2.1 Lög um virkjun í Námafjalli eða við Kröflu
2.2 Framkvæmda- og stjórnunaraðilar
2.21 Skipun framkvæmdaaðila
2.22 Aðrir stjórnunaraðilar
2.3 Undirbúningur og aðdragandi virkjunarframkvæmda
2.31 Fyrstu störf Kröflunefndar
2.32 Val ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar
2.33 Kaup aðalaflvéla Kröfluvirkjunar
2.34 Gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlana. Val byggingarverktaka
3 Virkjunarframkvæmdirnar við Kröflu
3.1 Framkvæmdir Kröflunefndar
3.11 Skipulagning framkvæmda
3.12 Framkvæmdalýsing
3.13 Efniskaup
3.14 Verksamningur
3.2 Framkvæmdir Orkustofnunar
3.21 Skipulag framkvæmda
3.22 Boranir eftir gufu
3.221 Boranir 1975
3.222 Boranir 1976
3.223 Boranir og endurvinnsla 1977
3.23 Gufuaðveita
3.231 Samningur við ráðgjafaraðila
3.232 Efniskaup
3.233 Verksamningar
3.234 Framkvæmdalýsing
3.3 Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins
4 Áhrif eldsumbrota og annarra náttúruhamfara á framkvæmdir við Kröflu

4.1 Umbrot á Kröflusvæði
4.2 Áhrif umbrota á framkvæmdir Kröflunefndar
4.3 Áhrif umbrota á framkvæmdir Orkustofnunar
4.4 Áhrif umbrota á vinnslueiginleika jarðhitasvæðisins í Kröflu
4.41 Efnafræðilegar breytingar
4.42 Þrýstingsbreytingar
4.43 Sprungumyndanir
4.44 Áhrif umbrota á borholur
4.45 Óbein áhrif umbrota
4.46 Samandregnar niðurstöður
5 Byggingarkostnaður Kröfluvirkjunar
5.1 Inngangur
5.2 Yfirlit yfir byggingarkostnað Kröfluvirkjunar
5.3 Aukakostnaður vegna framkvæmdahraða?

Formáli.

Skýrsla þessi, sem hér er lögð fram á Alþingi, er ekki aðeins hugsuð sem svar við fyrirspurn á þingskjali 81, heldur einnig og þó miklu fremur sem greinargerð, eins yfirgripsmikil og talið var fært, um alla meiri háttar ákvarðanatöku og framkvæmdir við Kröfluvirkjun, allt frá því er rannsóknir hófust þar og fram að þeim tíma er reynslurekstur hófst í febrúar s. l.

Samningu skýrslu þessarar hefur verið háttað á þann veg, að Júlíus Sólnes prófessor hefur dregið saman efni frá Orkustofnun, Kröflunefnd, ráðuneyti og öðrum þeim aðilum, sem staðið hafa að ákvarðanatöku og framkvæmdum.

Á það ber að leggja áherslu, að sjónarmið þau, er koma fram hjá þeim, er lagt hafa til efni í skýrsluna, eru ekki alltaf þau sömu og skoðanir og afstaða ráðuneytisins til hinna ýmsu þátta. Rétt hefur þó verið talið að þessi sjónarmið, t. d. Orkustofnunar og Kröflunefndar, fengju að standa, þótt víða hafi orðið að stytta innlegg þessara aðila, ella hefði skýrslan orðið óhæfilega löng.

Í svari við umræddri fyrirspurn ætti að vera óþarft að geta ástæðu þess, að Alþingi samþykkti vorið 1974 lögin um Kröfluvirkjun, en hún var öðru fremur sú, að alvarlegur orkuskortur var yfirvofandi á Norðurlandi. Norðurlínan hefur nú bægt þessum skorti frá í bili, en kaflanum fyrir Hvalfjörð, sem var hinn veiki hlekkur línunnar, var hraðað og lokið á árinu 1977, en á fjárlögum og lánsfjáráætlun hafði verið gert ráð fyrir að ljúka þessum kafla á þessu ári. Engu að síður er nauðsynlegt að Kröfluvirkjun verði tekin í notkun til frambúðar hið fyrsta. Nefna má til þess m. a. tvær ástæður. Önnur er sú, að öryggi orkuflutnings eftir svo langri línu sem Norðurlínu er auðvitað ekki það sama eins og að hafa virkjun nær markaði á sjálfu svæðinu, og það er eðlilegt að Norðlendingar æski meira öryggis heldur en fæst með svo löngum línum. Hin ástæðan er sú, að ef Krafla kemst ekki fljótlega í notkun, þá er búist við rafmagnsskorti, aflskorti, í landinu veturinn 1979—1980.

Á árinu 1974 ríkti mikil bjartsýni á að hægt væri að reisa jarðgufuaflstöð, er gæfi verulega lægra orkuverð en vatnsaflstöðvar gefa, og einnig að byggingartími slíkra stöðva væri mun styttri. Í þessu sambandi er rétt að benda á töflu um orkukostnað frá jarðgufuaflstöð, er Orkustofnun birti í skýrslu árið 1973. Þar kemur fram að orkuverðið lækkaði mjög með stærð stöðvar og var áætlað með 55 MW stöð 35 aurar á kwh. Á sama tíma áætlaði Landsvirkjun að orkuverð frá Sigölduvirkjun yrði ríflega helmingi hærra. Þótti stjórnvöldum því eftir allmiklu að slægjast hér.

Tveim dögum eftir að núverandi ríkisstjórn tók við hélt iðnaðarráðherra fund með Páli Lúðvíkssyni verkfræðingi, þáverandi formanni Kröflunefndar, og Braga Þorsteinssyni verk-

fræðingi, varaformanni. Þar kom m. a. fram, samkv. upplýsingum Orkustofnunar, að álitið var að 15 borholur nægðu fyrir 55 MW virkjun, „... og er þá miðað við meðalorkugjöf þá, er holur í Námaskarði hafa gefið." Enn fremur kom fram að Orkustofnun hafði ákveðið að bora tvær 1000 m djúpar rannsóknarholur í stað einnar 2000 m. Í ljósi síðari þekkingar er sýnilegt að 1000 m holur sýndu ekki þann vanda, sem hin 2 jarðhitakerfi Kröflusvæðisins höfðu í för með sér við öflun gufu. Augljóst er að ályktanir dregnar af 1000 m djúpum holum og reynslu af álíka djúpum holum við Námaskarð voru óraunhæfar miðað við eiginleika Kröflusvæðisins.

Á því er vart lengur neinn vafi að jarðgufan á háhitasvæðum landsins getur í framtíðinni orðið einn mikilvægasti orkugjafi okkar. Fram að þessu höfum við ekki hafist handa við nýtingu þessarar orku í nokkrum mæli. Þetta er nýtt svið og það virðist miklu vandasamara tæknilega að beisla orku háhitasvæðanna en lághitans, þar sem við höfum öðlast mjög góða reynslu með hitaveitum víða um land. Það gefur því auga leið, að við fyrstu meiri háttar framkvæmdina á háhitasvæði rækjust menn á ýmislegt, sem ekki var auðvelt að sjá fyrir. Í fréttabréfi Verkfræðingafélags Íslands er nýlega vikið að þessu. Þar er bent á að virkjunin við Kröflu sé öðrum þræði tilraun í marktækri stærð, sem nauðsynleg sé til öflunar þeirrar þekkingar, er forsemda sé fyrir nýtingu orku háhitasvæðanna. Hluta kostnaðar Kröfluvirkjunar ætti í raun og veru að afskrifa strax sem kostnað við öflun þekkingar, er nýtast mun við aðrar framkvæmdir á háhitasvæðunum.

Gosórói og jarðhræringar, sem verið hafa í námunda við virkjunarstaðinn við Kröflu og miklu víðar á landsvæði því, sem jarðfræðingar nefna Kröflusvæðið, allt frá því rétt fyrir jól 1975, hafa að sjálfsögðu haft talsverð áhrif á framkvæmdir. Nokkrum sinnum hefur orðið að meta hvort stöðva ætti framkvæmdir og hvenær haldið skyldi áfram. Hefur það mál jafnan verið borið undir Orkustofnun sem ráðunaut iðnaðarráðuneytisins, og hefur í öll skiptin verið farið eftir tillögum, sem Orkustofnun gerði.

Í 5. lið fyrirspurnarinnar er spurt um nýtingu mannvirkja, véla og tækja Kröfluvirkjunar að hluta eða í heild, ýmist á virkjunarstaðnum sjálfum eða annars staðar. Í ljósi fenginnar reynslukeyrslu virkjunarinnar er grundvöllur fallinn niður fyrir spurningunni. Mikilvægasta verkefnið er að finna hagkvæmustu vinnsluaðferðir við gufuöflun, sem leysa þau tæknilegu vandamál, sem komið hafa fram. Við síðari athugun hefur komið fram, að aðrar þjóðir hafa lent í hliðstæðum erfiðleikum, sem tæknimenn Orkustofnunar og Kröflunefndar eru nú að kynna sér.

Að lokum skal þess getið, að fylgiskjöl þau, sem vitnað er í og skráð eru aftan við hvern kafla, liggja frammi í iðnaðarráðuneytinu. Fjöldi þessara skjala og stærð var miklu meiri en svo að hægt væri að prenta þau með skýrslunni.

I. KAFLI

RANNSÓKNIR TIL UNDIRBÚNINGS VIRKJUNARFRAMKVÆMDA VIÐ KRÖFLU.

1.1 Inngangur.

Jarðhita- og jarðeldasvæðin við Námafjall og við Kröflu hafa frá fornu fari vakið athygli manna. Þegar á 13. öld er getið um brennisteinsvinnslu í Námafjalli á vegum erkibiskupsins í Niðarósi. Brennisteinsvinnsla bæði í námunum í Námafjalli, svokölluðum Hlíðardalsnámum og í minna mæli við Kröflu fór fram nær óslitið frá miðbiki 13. aldar og fram til miðbiks 19. aldar, er hún var lögð niður.

Mývatnseldar eru fyrstu eldsumbrot, sem getið er um á þessum slóðum síðan sögur hófust hér á landi. Að vísu er talið af ýmsum fræðimönnum, að eldgos hafi orðið á þessum slóðum um miðbik 14. aldar, en engar heimildir kunna að segja frá því. Ekki

er þó ólíklegt, að minni háttar umbrot og einhver skjálftavirkni hafi öðru hvoru raskað ró manna í sveitinni, þótt ekki hafi verið talin ástæða til að skrá slíka atburði.

Mývatnseldarnir hófust aðfaranótt 17. maí 1724 með miklu sprengigosi í sprengigígnum Víti. Í Mývatnssveit fundust sterkir jarðskjálftakippir, sem héldust allt til dagmála, en þá gaus upp öskumökkur mikill vestan við Kröflu, þar sem nú heitir Víti, með glóandi steinhríð. Lék þá allt á reiðiskjálfi af eldingum og jarðskjálftum, og fólk flýði af bæjum austan og sunnan við Mývatn, því þar rigndi sandi, vikri og brennisteinsösku svo mikilli, að huldi alla jörð, víða eina og hálfa alin á dýpt, eins og segir í Íslandslýsingu Þorvalds Thoroddsens.

Mývatnseldar stóðu allt fram til ársloka 1729 með smáhléum og eldgosum víðs vegar á sprungusveimnum, sem liggur frá Gjástykki norðanverðu og til suðurs gegnum Leirhnjúk, Bjarnarflag og Hverfjall. Mjög góðar samtímalýsingar Jóns Sæmundssonar prests í Reykjahlíð eru til, sem jafna má við fyrstu jarðfræðilegu athuganir á slíkum náttúruviðburðum á Íslandi.

Leiðangur Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar kom í Mývatnssveit árið 1752. Dvöldust þeir félagar þar í 4 daga við rannsóknir og jarðfræðilegar athuganir á jarðhitasvæðunum, og fóru þeir m. a. að Kröflu. Fróðlegt er að grípa niður í ferðasögu Eggerts og Bjarna, þar sem þeir segja frá komu sinni í Mývatnssveit.

„Þegar við komum ofan af heiðinni blasti Mývatnssveit við okkur svört og ljót tilsýndar. Dekkstu hraunbreiðurnar, sem eru nýjar, greina sig vel frá hinum eldri, sem unnt er að sanna á nokkrum stöðum að hafa verið hér fyrir landnámstíð.“ Enn fremur segir í ferðasögu þeirra: „Skammt frá tjaldstað okkar í Jarðbaðshólum var okkur sýnt þurrabað, sem fólk úr sveitinni notar. Það er í hraungjótu, sem hefur verið hlaðin upp með hraunsteinum. Menn sitja þar á gólfinu í sandi, sem er ofan á hraunhellunni, en upp um tvö göt á henni stíga sjóðheitar gufur. Gufa þessi er að vísu rök, en engin óþægileg né óheilnæm lykt af henni. Slík böð væri hægt að gera víðar hér í grennd. Krafla er rétt hjá Hrafntinnuhrygg og er kunnust vegna hinna ægilegu eldgosa frá 1724—1730. Fjallið er meira gert af leir en föstu bergi, og er hún nú upp á síðkastið orðin lág og lítt áberandi. Þó er hún enn kunn af hinu forna nafni sínu og tveimur ægilegum vötnum eða pyttum, sem liggja í suðausturhlið hennar. Kallast þeir Víti, en það er stytting úr Helvíti. Sennilegast er, að nafnið bendi til fornrar hjátrúar. Enda þótt við fengjum næga fylgd til Hrafntinnuhryggjar, gátum við ekki, hvað sem í boði var, fengið nokkurn mann til að fylgja okkur að Víti til að sýna okkur leiðina. Menn fullyrtu, að ómögulegt væri að komast þangað og allra síst með hesta, því menn ættu á hættu að sökkva þar í leynda leirpytti. Kindur týnast oft í þeim. Allt um það gerðum við tilraun til að komast þangað, eftir að okkur hafði verið sagt til vegar. Okkur gekk greiðlega að fjallinu, þar fórum við af baki og gengum það sem eftir var. Við fórum mjög varlega og rákumst á nokkra leirpytti án þess þó að lenda í þeim. Niðri í þeim öllum var heitt, en rauð leirskorpa yfir þeim. En við komumst samt aðeins að öðru vítisopinu, sem við höfðum séð til úr mikilli fjarlægð af reykjarmekki þeim hinum mikla, sem lagði upp af því. Op þetta líktist geysimiklum katli. Barmar hans voru 5 faðma háir fyrir ofan vatnsborðið. Vatnið var bláleitt að lit, þykkt eins og grautur. Með gufunni berst fíngerður leir upp á barmana, og er hann súr. Ekki er unnt að sjá niður í ketilinn, nema þegar reykinn leggur frá vindi. Leirhnjúkur er nú kunnasta og hættulegasta eldfjallið á þessum slóðum að Kröflu undantekinni. Hann var grasi vaxinn, þangað til fyrsta eldgosið hófst 1725. Hann liggur um mílufjórðungsleið norður til norðvesturs frá Kröflu. Hann er lágur og er að mestu leyti úr brennisteinsblöndnum leir og sandi. Fjallið er sundur grafið, eytt og etið af eldinum, og var okkur

sagt, að ómögulegt væri að komast þangað vegna leyndra leirpytta og yfirborðið væri ótryggt.

Laxá kemur úr Mývatni. Hún er meðal stærstu vatnsfalla norðanlands. Allt um það sést engin á falla í vatnið. Aðrennsli þess hlýtur því allt að vera neðanjarðar, því annars mundi vatnið tæmast. Frá Kröflu hefur endur fyrir löngu fallið hraunflóð niður Laxárdal eftir árfarveginum, sem tiltölulega slétt klöpp, og síðan alla leið norður að Skjálfandaflóa. Á bökkunum báðum megin árinnar hefur hraunið líkt og hlaðist í garða allt fram í dalsmynnið, þar sem það hefur breiðst út. Það sem nú er frá skýrt er það mikilvægasta, sem við sáum í Mývatnsferð okkar."

Leiðangur Biblíusalans Ebenezar Henderson kom til Kröflu 1814. Í Víti var leirgosið enn í svipuðu ástandi og þeir Eggert og Bjarni lýstu því. Úr miðri tjörninni köstuðust þá fimmtu hverja mínútu leðjubunur 15 álnir í loft upp, og stóð hvert gos í tvær og hálfa mínútu. Þá tók að gjósa austar í tjörninni með lægri leðjugosum, 5—12 fet á hæð, og var á sama svæði sjóðandi og vellandi rák þvers yfir leðjutjörnina. Jónas Hallgrímsson skoðaði Víti 1839. Þá var gígurinn enn leirhver, en mjög var dregið úr afli hans. Þegar Sartorius von Waltershausen kom þangað 1846 var kyrrð komin á og grænleit tjörn í gígnum eins og nú er.

Hinn merki Íslandskönnuður, Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur, rannsakaði Námafjalls- og Kröflusvæðið allmikið á árunum 1870—1884. Í Íslandslýsingu sinni segir Þorvaldur, að Víti sé rúm þúsund fet að þvermáli og 42 fet á dýpt niður að vatni. Hiti tjarnarinnar var 12. júlí 1871 12,5° C á yfirborði, en lofthiti var þá um 10° C.

1.2 Rannsóknir og boranir í Námafjalli fram til 1970.

Fyrstu rannsóknir, sem beindust að nýtingu jarðvarma við Námafjall, hófust rétt fyrir 1950, en þá lét raforkumálastjóri bora nokkrar grunnar borholur í Hverarönd í þeim tilgangi að kanna möguleika á brennisteinsvinnslu. Úr brennisteinsvinnslu varð þó ekki, en um svipað leyti komu upp hugmyndir um kísiliðju í Mývatnssveit, sem nýtti kísilgúrinn í botnleðju Mývatns og notaði jarðhitann í Námafjalli til þess að þurrka gúrinn.

Nokkuð dróst þó, að áform um kísiliðju yrðu að raunveruleika. Það var ekki fyrr en um 1960, að rannsóknir og tilraunaboranir í Bjarnarflagi hófust með tilliti til kísilgúrvinnslu úr Mývatni. Jarðhitadeild Orkustofnunar sá um þessar athuganir, en hún hefur haft með höndum allar jarðhitarannsóknir á Námafjalls- og Kröflusvæðinu eftir 1955. Voru tvær rannsóknarholur boraðar á árunum 1963—1965. Árið 1965 voru gerðar nokkrar segulmælingar, þyngdarmælingar og jarðfræðiathuganir á svæðinu (fskj. 2).

Árangur fyrstu rannsóknarholanna og þá sérstaklega mælt hitastig vöktu umræðu um byggingu gufuaflstöðvar í Bjarnarflagi. (Fskj. 3). Fyrsta vinnsluholan í Bjarnarflagi var boruð 1966 fyrir gufuveitu til Kísiliðjunnar. Á árunum 1968—1970 voru boraðar 6 vinnsluholur til viðbótar, sem fram til 1975 nægðu Kísiliðjunni, gufuaflstöð Laxárvirkjunar (3 MW), sem reist var í Bjarnarflagi árið 1969, og Hitaveitu Reykjahlíðar, sem tekin var í notkun 1973.

Niðurstöður þessara borana urðu fremur slakar frá bortæknilegu sjónarmiði og má þar e. t. v. um kenna lélegum tækjabúnaði. Mikil reynsla fékkst þó af þessum borunum. Reyndist gufuvinnsla að lokum duga til reksturs ofannefndra fyrirtækja, þótt miklir erfiðleikar væru fyrstu árin vegna gufuskorts. Búnaður borholanna er talinn lélegur og er þar kennt um lélegum tækjum og slæmum efnahag, þ. e. skorti á

nauðsynlegum fjármunum til þessara borana. Í skýrslum um þessi atriði koma fram ábendingar um ýmis atriði, sem betur hefðu mátt fara. (Fskj. 7 og 16).

Árið 1975 var svo áttunda vinnsluholan boruð til þess að fullnægja gufuþörfinni, einkum vegna þess, að ein holan (nr. 5) var orðin mjög aflvana. Boranir við Námafjall á árunum 1963—1968 eru raktar í sérstakri skýrslu. (Fskj. 7).

Rannsókn jarðhitasvæða er í eðli sínu þannig að henni lýkur aldrei (sjá fskj. 54). Fyrsti áfangi rannsóknar beinist að því að undirbúa ákvörðun um borun. Annar áfangi felur í sér mælingar á borholum og miðar að því að undirbúa ákvörðun um virkjun. Síðari áfangar fela í sér frekari mælingar á borholum og athugun á langtímahegðun jarðhitasvæðisins.

1.3 Rannsóknir á Námafjalls-Kröflusvæðinu eftir 1970.

Seinni hluta ársins 1969 var ákveðið á jarðhitadeild Orkustofnunar að hefja frumrannsókn Námafjalls og að einhverju leyti Kröflusvæðisins á næsta sumri, 1970. Var gerð rannsóknaráætlun fyrir það ár í samræmi við áætlun Orkustofnunar um rannsókn háhitasvæða. (Fskj. 8). Fé til þessara rannsókna var veitt úr Orkusjóði, en kostnaðaráætlun fyrir 1970 nam um 2 millj. kr. Var í kostnaðaráætluninni miðað við fyrsta áfanga Námafjallsrannsóknar.

Í september 1969 var farið í 10 daga könnunarferð um svæðið og næsta nágrenni þess, svo sem Þeistareyki og Gjástykki. Veður var mjög hagstætt, og nýttist tíminn vel. Góð yfirsýn fékkst yfir Námafjalls- og Kröflusvæðið. Útbreiðsla jarðhitamyndunar var könnuð. Fjöldi sýnishorna af grjóti var tekinn til bergfræðilegra rannsókna, og svæðið vestan og norðan Hlíðarfjalls var rannsakað allítarlega.

Þau svæði, sem hér er um fjallað og kennd eru við Námafjall og Kröflu, eru um 280 km² að stærð og ná sunnan frá Lúdent norður á móts við mið Gæsafjöll. Landslagið er fyrst og fremst mótað af eldgosamyndunum, sem hafa sakir margbreytileika síns orðið mörgum tilefni til rannsókna, oftast að eigin frumkvæði eins og segir í fyrsta kafla.

Á grundvelli þeirra niðurstaðna, sem fengust í ferðinni haustið 1969, var rannsóknarsvæðið endanlega afmarkað. Keypt voru kort og flugmyndir af svæðinu. Fyrir mælingarflokka var útbúin stækkuð flugmynd í mælikvarða 1:10000 af rannsóknarsvæðinu.

Sumarið 1970 fóru svo fram umfangsmiklar yfirborðsjarðfræðirannsóknir í Námafjalli og við Kröflu. Í tveimur framvinduskýrslum, sú seinni er dags. 12. janúar 1971 (fskj. 11), er lýst gangi rannsóknanna. Í henni segir m. a. svo:

„Jafnstraumsmælingar fóru fram nokkurn veginn samkvæmt áætlun. Auk dýptarmælinga, ca. 600 m, víðs vegar á Námafjalls- og Kröflusvæðinu voru gerðar lengdarmælingar á Námafjallssvæðinu öllu. Segulsviðskort af Námafjalls-Kröflusvæðinu hefur verið teiknað eftir flugsegulmælingu, sem fór fram 25. júlí 1970. Safnað var gasi úr hverum bæði á Námafjalls- og Kröflusvæðinu og það efnagreint hjá Rannsóknastofnun iðnaðarins. Rannsókn á ummyndunum féll að mestu leyti niður, nema hvað gerðar voru þunnsneiðar af holu 6 í Námafjalli og þær rannsakaðar í smásjá. Það er þegar ljóst, að mjög gott samræmi er milli hinna einstöku þátta, sem rannsakaðir voru, en nokkuð vantar á til að hægt sé að gera líkan af byggingu og rennsliseiginleikum háhitasvæðisins.

Eins og sést af framvinduskýrslu þessari hafa svæðin hins vegar verið rannsökuð nokkuð jöfnum höndum. Ástæðan er sú fyrst, að Námafjalls-Kröflusvæðið er jarð-

fræðilega séð ein heild sem nauðsynlegt er að fá yfirlit yfir þegar á fyrsta stigi frumrannsóknar. Hin ástæðan er sú, að Kröflusvæðið kann að henta jafnvel eða betur fyrir stóra gufuaflsstöð en Námafjallssvæðið og því nauðsyn að hraða rannsókn þess. Niðurstöður rannsókna síðasta sumars, 1970, lofa góðu um Kröflusvæðið og verður lögð áhersla á rannsókn þess næsta sumar. Að loknum þeim áfanga er þess vænst, að hægt verði að hefja djúprannsókn Kröflusvæðisins með borun á rannsóknarholum."

Í lokaskýrslunni um rannsóknir ársins 1970, sem var birt í júní 1971 (fskj. 12), er að finna ítarlegt yfirlit yfir jarðfræðilega byggingu Námafjalls-Kröflusvæðisins. Í skýrslunni kemur líka fram, að gassamsetning í gufuaugum í Kröflu bendir til tiltölulega hæsta hita í sprengigígunum sunnan Vítis og í gilinu, Hveragili, suðvestan í Kröflu. Gæti hitastig reynst 245—285° C á 600—1200 m dýpi. Jarðeðlisfræðilegar athuganir (segulmælingar og rafleiðnimælingar) sýndu frávik við Námafjallssvæðið annars vegar og Kröflusvæðið hins vegar, sem gáfu nokkra vitneskju um stærð jarðhitasvæðanna í lárétta stefnu. Fjöldi viðnámsmælinga við Kröflu var þó ónógur. Frekari viðnámsmælingar voru því gerðar við Kröflu sumarið 1971. Niðurstöður eru birtar á viðnámskorti. (Fskj. 15). Ekki var skrifuð sérstök skýrsla um þær, en niðurstöður frumúrvinnslu liggja fyrir í gagnasafni Orkustofnunar.

Að öðru leyti var ekki unnið að rannsóknum á Námafjalls- og Kröflusvæðinu fram til 1974, að undanteknum athugunum á borholum við Námafjall og smávægilegum viðbótum við jarðfræðikortlagningu Kröflusvæðisins ásamt jarðsveiflumælingum. Á þessum tíma hafði verið fyrirhugað að virkja í Laxá, og varð því ekkert úr djúprannsókn Kröflusvæðisins að sinni. En eftir að ákveðið var, að frekari virkjanir í Laxá yrðu ekki leyfðar, komst skriður á það mál aftur.

Til djúprannsókna með borunum á Kröflusvæðinu sumarið 1974 fengust á fjárlögum um 20 milljónir króna og má segja, að rannsókn Kröflusvæðisins gæti nú hafist á nýjan leik eftir tveggja ára hlé. Megintilgangur þeirra var að afla gagna til samanburðar við Námafjallssvæðið, svo hægt væri að velja á milli svæðanna fyrir jarðgufuaflstöðina. Til greina kom að bora eina holu með gufubor (Dofra) niður á 2000 metra dýpi, en það varð úr, að í staðinn voru boraðar tvær 1100 metra holur með Wabco-bornum, Glaum.

Sumarið 1974 var síðan unnið að frekari yfirborðsrannsóknum á Kröflusvæðinu. Í ágúst 1974 var hafist handa við að bora þá fyrri af rannsóknarholunum, en borunum var lokið í desember 1974.

Frumniðurstöður þessara rannsókna koma fram í áfangaskýrslu Karls Ragnars verkfræðings hjá Orkustofnun, sem er dagsett 24. okt. 1974, en þar segir m. a.:

„1. Rannsókn jarðhitasvæðisins við Kröflu.

Rannsókn jarðhitasvæðisins við Kröflu er nú vel á veg komin og er borun fyrri tilraunaholunnar lokið og seinni tilraunaholan komin í 300 m dýpi. Fyrri holan, þ. e. hola nr. 1 við Kröflu, er 1140 m djúp, fóðruð í botn með raufuðum fóðringum og að frágangi eins og æskilegt er um vinnsluholur. Holan var hitamæld stuttu eftir að borun lauk og mældist botnhiti hennar 256° C. Þetta hitastig eykst, þegar skolvatnið í holunni hitnar meira, og bendir það til, að jarðhitasvæðin við Kröflu og Námafjall séu áþekk hvað hitastig varðar. Seinni holan, sem verður fullgerð eftir u. þ. b. hálfan mánuð, gefur betri staðfestingu á hitastigi svæðisins og af því má ráða nokkuð um stærð svæðisins. Hola nr. 1 verður látin

blása í næstu viku, og verða þá efnagreiningar gerðar á djúpvatninu. Verður þá væntanlega hægt að gefa umsögn um svæðið fyrir áramót."

Enn fremur segir:

„3. Áætlanir um boranir í Kröflu árið 1975.

Áætlanir næsta árs gera ráð fyrir, að boraðar verði 5 holur í Kröflu. Ekki er enn ljóst, hvaða bor framkvæmir borunina, en 3 borar koma til greina: Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem getur borað í 1800—2000 m dýpi, Failingbor, sem keyptur hefur verið og kemur til landsins vorið 1975 og getur borað í 1500 m dýpi, og nýr bor, sem gæti borað allmiklu dýpra en gufubor og Failingbor. Sé miðað við afl meðalholu, ættu þessar 5 holur að gefa um 130 tonn/klst. af gufu, en það er u. þ. b. 1/3 af því, sem fyrirhuguð 55 MW Kröfluvirkjun notar."

Lokaskýrsla um niðurstöður rannsóknarborananna í Kröflu 1974 kom út í febrúar 1975, en frumdrögum að skýrslunni var skilað Kröflunefnd í janúar sama ár. Ágrip skýrslunnar hljóðar svo:

„Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum rannsóknarborana í Kröflu, sem gerðar voru seinni hluta árs 1974. Tilgangur þeirra borana og frumrannsókna, sem unnar voru á árunum 1970—1973, var að afmarka vinnslusvæði og afla upplýsinga um vinnslueiginleika Kröflusvæðisins með tilliti til þess, að þar yrði reist 50—60 MW gufuaflsstöð. Slík stöð þarfnast um 470 tonn á klst. af gufu, sem samsvarar 650 kg/sek. innrennsli í holur miðað við 260° C hita í djúpvatni og 8 ata skiljuþrýsting, en þá er miðað við einþrýstitúrbínu. Niðurstaða borana og annarra rannsókna á Kröflusvæðinu er sú, að það standi undir 50—60 MW gufuvirkjun og hugsanlegri stækkun síðar. Mælt er með því, að hafist verði handa um að bora vinnsluholur í Kröflu þegar sumarið 1975.

Kröflusvæðið er fast að tífalt stærra að flatarmáli en Námafjallssvæðið og því líkur á, að það sé öruggara í vinnslu og standi undir verulegri stækkun síðar, að því gefnu að vinnslueiginleikar beggja svæðanna séu líkir. Lagt er til, að um 10 km² svæði, sem nær yfir Kröflu og Leirhnjúk, verði fyrst í stað afmarkað sem vinnslusvæði.

Rannsóknarholurnar eru tvær, hola 1, 1138 m djúp, og hola 2, 1204 m djúp. Hæðarmunur á holunum er 70 m og stendur hola 2 hærra, í 552 m hæð yfir sjó. Í holu 1 reyndist vera lítið af æðum. Hiti í henni er nálægt suðumarksferli allt til botns og mældist hæstur 298° C. Í holu 2 var hins vegar mikið af æðum neðan 325 m. Tiltölulega kalt vatn, 190° C, rennur niður eftir holunni í æðum í 325 til 350 m dýpi og fæst því ekki rétt mynd af hitaástandi í bergi neðan þess dýpis, en þar ofan við er hitinn við suðumarksferilinn. Búast mætti við, að vinnsluholur, sem boraðar yrðu nærri holu 1, myndu ekki lenda í verulegum vatnsæðum ofan 1000 m dýpis, en ef borað yrði nærri holu 2 fengist líklega verulegt vatnsmagn úr vatnsæðum milli 700 og 1200 m. Ekki er ólíklegt, að hitinn í jarðhitakerfinu fylgi suðumarksferlinum dýpra niður en rannsóknarholurnar ná, þannig að á 2000 m dýpi gæti orðið allt að 330°—340° C hiti. Meðalhiti á því vatni, sem kæmi inn í borholum, yrði lægri, sem næmi því vatnsmagni, sem streymdi inn í holurnar ofar.

Vegna æða ofarlega í holu 2 og vegna hins háa hita þarf að fóðra vinnsluholur með steyptri fóðringu niður í a. m. k. 600 m. Bein reynsla liggur ekki fyrir um eiginleika 300° C heits vatns með tilliti til útfellinga í holutoppi og skiljum. Því er lagt til, að fyrstu vinnsluholur verði boraðar á svæðinu í kringum holu 2, þar sem vænta má vatns með meðalhita undir 300° C, en ein reynsluhola verði boruð nálægt holu 1, þar sem vænta má vatns með hærri meðalhita en 300° C.

Efnainnihald í vatni og gufu í holum 1 og 2 í Kröflu er svipað og í vinnsluholum í Námafjalli, og má því styðjast við reynslu þar, hvað varðar tæringu og aðra eiginleika vatnsins. Heildargasmagn er þó nokkru meira í Kröflu, eða nálægt 1% í gufu við 6 til 10 ata þrýsting.

Við ákvörðun á vinnsluþrýstingi í gufuskiljum er vert að hafa í huga mögulegar kísilútfellingar, sérstaklega vegna þess hve hár hiti hefur mælst í holu 1.

Lagt er til, að affallsvatni verði veitt í uppistöðulón í Þríhyrningadal í hálsinum vestan við Leirbotna, þar sem útfellingar yrðu við hæga kólnun og brennisteinsvetni ryki burt. Útfallið úr lóninu rynni síðan suður Hlíðardal að vesturjaðri Búrfellshrauns og hyrfi í hraunin.

Á grundvelli jarðgrunnsrannsókna er lagt til, að stöðin verði reist á hrauni innst í Hlíðardal. Þaðan eru um 500—1500 m að væntanlegum vinnsluholum."

Í inngangi skýrslunnar segir enn fremur svo:

„Boranir og rannsóknir á Námafjallssvæðinu benda til þess, að þar sé um hentugt vinnslusvæði að ræða, sem vafalaust stendur undir 50—60 MW stöð. Hins vegar urðu ýmis önnur sjónarmið þess valdandi, að Kröflusvæðið var talið heppilegra fyrir virkjun. Ber þar til:

1) að Kröflusvæðið er margfalt stærra og því líkur á að það sé öruggara í vinnslu og standi undir mikilli stækkun síðar, að því gefnu, að hitaástand í jarðhitakerfi þess reynist líkt og í Námafjalli.
2) Kröflusvæði er fjarri alfaraleið og virkjun þar hefði síður áhrif á umferð og umgang ferðafólks.
3) Meðferð affallsvatns frá virkjun við Kröflu yrði minna vandamál en í Námafjalli.

Þrátt fyrir ítarlega yfirborðskönnun var mikil óvissa um hitaástand í jarðhitakerfi Kröflusvæðisins. Efnasamsetning í hveragasi benti þó til 250—280° C hita á um 1000 m dýpi. Nauðsynlegt var að afla beinna upplýsinga um þetta atriði með borunum. Var því allt frá árinu 1972 lagt mikið kapp á það af hálfu Orkustofnunar að fá fé til rannsóknarborana þar. Af því varð loks á árinu 1974, en síðari hluta þessa árs voru boraðar í Kröflu þær tvær rannsóknarholur, sem þessi skýrsla greinir frá. Tilgangur rannsóknarborana var annars vegar sá að afla nægilegra upplýsinga um vinnslueiginleika Kröflusvæðisins fyrir samanburð við Námafjallssvæðið, hins vegar að reyna að afmarka væntanlegt vinnslusvæði.

Talið var að tvær 1000 m djúpar holur í Kröflu hefðu hliðstætt upplýsingagildi og holurnar í Námafjalli. Við tillögur um borun tveggja rannsóknarhola var gert ráð fyrir þeim möguleika, að önnur holan gæti mistekist vegna hrungjarnra berglaga, óþéttanlegra vatnsæða á litlu dýpi eða vegna óhappa við borun. Eins var hætta á rennsli milli vatnsæða, þar sem ekki var vitað fyrir um nauðsynlegt fóðringardýpi, en slíkt hefur stundum borið við í fyrstu holum, sem boraðar eru á áður ókunnu háhitasvæði. Eru dæmi um það frá Námafjalli, Reykjanesi og Nesjavöllum. Í reynd fór svo, að í holu 2 er innrennsli úr æðum rétt fyrir neðan fóðringarenda, sem heldur niðri dýpri æðum í holunni vegna niðurrennslis.

Borunum lauk fyrstu dagana í desember og tími til rannsókna á holunum hefur verið helst til naumur, einkum hvað snertir seinni holuna. Engu að síður teljum við nægilega miklar upplýsingar liggja fyrir til að gefa jákvæða umsögn um Kröflusvæðið."

Varðandi rannsókn Námafjalls- og Kröflusvæðisins á tímabilinu 1970—74 var í öllum aðalatriðum fylgt þeirri áætlun, sem kemur fram í skýrslu Orkustofnunar:

„Áætlun um rannsókn háhitasvæða“ (fskj. 8, bls. 4 í fskj. 19). Miðað við þessa áætlun má sjá á hvaða stigi rannsóknir voru í febrúar 1975 (fskj. 8, bls. 5, og myndir 3 til 5).

1.4 Athuganir á nýtingu jarðhita til raforkuvinnslu.

Árið 1960 gerðu ráðgjafarverkfræðingarnir Merz og McLellan í London frumáætlun um jarðgufustöð í Ölfusdal ofan við Hveragerði. Stöð þessi skyldi vera 16 MW eimsvalaaflstöð, sem nýtti þann hluta Hengilsvæðisins, sem liggur þarna niðri í dalnum, en botnhiti borhola þarna er um 210 gr. á celcius. Niðurstöður þessara athugana í samanburði við aðra valkosti voru þó neikvæðar, einkum vegna þess, hve kröfur um varaafl í borholum voru miklar, og vegna þess, hve hitastig jarðhitasvæðisins er lágt.

Á þessum tíma var Búrfellsvirkjun í deiglunni, og hefur það vafalítið ráðið miklu um, að ekkert varð úr framkvæmdum. Fór því svo, að frekari athuganir á nýtingu jarðhita til raforkuframleiðslu féllu niður um tíma. Þegar niðurstöður lágu fyrir af borununum í Bjarnarflagi, sem áður er getið, kom í ljós, að botnhiti í borholunum var þar mun meiri en áður var þekktur, 260—290° C. Ýtti þetta undir, að notkun jarðhita til raforkuframleiðslu væri tekin til nýrrar athugunar.

Árið 1967 samdi verkfræðistofan Vermir h. f. álitsgerð um raforkuvinnslu með mótþrýstigufuhverfli í Námafjalli. Varð hún til þess, að ákveðið var að reisa 2,5 MW gufuaflstöð þar. Til stöðvarinnar var keypt vélasamstæða frá Englandi, sem áður hafði verið notuð í sykurverksmiðju um 40 ára skeið. Stöð þessari var öðrum þræði ætlað að vera tilraunastöð og safna reynslu af rekstri sem þessum. Þótti sumum sem miklar kröfur væru gerðar, að fólk skyldi öðlast tiltrú á jarðhitavinnslu til raforku með svo fornum grip. Þessi ótti reyndist þó vera með öllu ástæðulaus, og hefur stöðin reynst ágætlega. Er ekki fráleitt, að þessi stöð sé einhver sú hagkvæmasta, sem reist hefur verið hér á landi, þegar tekið er tillit bæði til kostnaðar og öryggis í rekstri.

Jarðgufuaflstöðin var reynslukeyrð í maí 1969, og hefur stöðin starfað að mestu óslitið síðan. Eins og búast mátti við var við ýmsa byrjunarerfiðleika að etja. Er þar helst að nefna kísilútfellingar úr gufunni í öryggisventlum vélarinnar, en ráðinn var bót á þessu á tiltölulega einfaldan hátt. Sumarið 1971 var skipt um hverfilhjólið, eins og upphaflega hafði verið áætlað, þar sem málmblandan í skóflum hjólsins var ekki talin henta í jarðgufu. Ekki hefur orðið vart við neina tæringu né rof í útbúnaði stöðvarinnar. Gufuöflunin tók nokkru lengri tíma en bygging stöðvarinnar, þar sem samtímis þurfti að afla aukinnar gufu til Kísiliðjunnar. Næg gufa var þó fengin árið 1971, og hefur stöðin síðan verið keyrð með fullum afköstum, sem er um 3 MW.

Í framhaldi af þessari reynslu þótti ástæða til þess að skoða þessa vinnsluaðferð nánar. Á árinu 1972, í júní, kom út hjá Orkustofnun frumáætlun um jarðgufuaflstöð við Námafjall eða við Kröflu, 8, 12 og 16 MW að stærð (fskj. 16). Áætlunin gat þó átt við hvaða jarðhitasvæði, sem fullnægði þeim forsendum er gengið hafði verið út frá, t. d. 260° botnhita í borholum.

Í skýrslunni kemur fram, að tæknilega séð er ekkert því til fyrirstöðu, að slík jarðgufuaflstöð verði byggð. Jarðfræðilega eru bæði jarðhitasvæðin talin jafnvel fallin til virkjunar, en vegna mengunarhættu og viðkvæms umhverfis við Mývatn er Kröflusvæðið talið heppilegra. Tilraunir í El Salvador með fráveitu borholuvatns neðanjarðar, þ. e. niður í jörðina aftur eftir sérstökum borholum í útjarðri hitasvæðisins, lofa þó góðu. Er því ekki rétt að útiloka Námafjallssvæðið vegna mengunarhættu að svo komnu máli.

Í skýrslunni segir: „Ljóst er, að ekki er hægt að taka ákvörðun um byggingu aflstöðvar fyrr en nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum er lokið. Á þetta sérstaklega við um Kröflusvæðið og er nauðsynlegt að minnst ein eða tvær reynsluholur séu boraðar og prófaðar. Einnig væri æskilegt, að gerðar væru tilraunir með efni þau, er helst koma til greina við smíði ýmissa vélahluta aflstöðvarinnar, sem miða að því að kanna áhrif gufunnar og þéttivatnsins með tilliti til tæringar, útfellingar og styrkleika."

Eins og Orkustofnun lagði þarna til voru tvær reynsluholur boraðar á árinu 1974 (sbr. grein 1.3 og 1.51).

Í september 1973 sendi Orkustofnun frá sér aðra frumáætlun um jarðgufuaflstöð við Námafjall eða Kröflu (fskj. 17). Í henni er borin saman hagkvæmni á 8, 12, 16 og 55 MW virkjun. Er niðurstaðan sú, að stofnkostnaður sé verulega lægri á hvert uppsett megawatt (MW) fyrir 55 MW virkjun en smærri virkjanir (8—16 MW). Á bls. 8 stendur: „Reiknað er með, að 15 borholur þyrfti fyrir 55 MW virkjun á hvoru svæðinu sem kynni að verða fyrir valinu."

Þessi frumáætlun var gerð í beinu framhaldi af fyrri skýrslu Orkustofnunar. (Fskj. 16). Tæknileg atriði og forsendur fyrir kostnaðaráætlun byggjast á þeirri skýrslu, en þess er þó sérstaklega getið, að verð á erlendu efni miðast við upplýsingar frá „Toshiba, Japan" og „GIE Franco Tosi, Ítalíu". Annars eru helstu niðurstöður á þessa leið:

„Jarðhitarannsókn á jarðhitasvæðinu við Kröflu er ekki enn lokið, en ef borun einnar eða tveggja rannsóknarhola þar gæfi jákvæðan árangur, má telja, að jarðhitasvæðin við Kröflu og Námafjall séu bæði jafnvel fallin til virkjunar. Vegna frárennslis er þó talið óráðlegt að staðsetja virkjun vestan Námafjalls. Umhverfisáhrif af völdum frárennslisvatns eru sennilega svipuð, hvort heldur virkjunin væri austan Námafjalls eða við Kröflu, þar sem frárennslisvatnið rennur í báðum tilfellum að jaðri Búrfellshrauns. Nokkur gufumökkur fylgir virkjun af þessari gerð, en hann er ekki talinn valda neinni mengun í umhverfinu, og yrði að meta út frá fagurfræðilegu sjónarmiði, hvor staðurinn væri hentugri vegna þess, en svæðið við Kröflu er mun fjær byggð, sem kunnugt er."

Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður er áætlaður fyrir þessar 4 mismunandi stöðvarstærðir sem hér segir:

Aflstöð	**Stofnkostnaður**	**Reksturskostnaður**
8 MW	394 Mkr eða 49 þkr/kW	53 Mkr/ári
12 MW	464 Mkr eða 39 þkr/kW	61 Mkr/ári
16 MW	555 Mkr eða 35 þkr/kW	72 Mkr/ári
55 MW	1246 Mkr eða 23 þkr/kW	158 Mkr/ári

Í skýrslunni segir enn fremur:

„Gerð hefur verið rekstrareftirlíking (með rafreikni) á samrekstri jarðgufustöðvar við önnur orkuver, er sendu raforku sína inn á sameiginlegt raforkukerfi.

Þessi athugun gefur eftirtaldar niðurstöður um væntanlega árlega orkuvinnslugetu jarðgufustöðvarinnar í slíkum samrekstri:

8 MW stöð	55 GWh/ári
12 MW stöð	83 GWh/ári
16 MW stöð	110 GWh/ári
55 MW stöð	405 GWh/ári

Miðað við þessar tölur um ársorkuvinnslu og niðurstöður áætlunarinnar um árlegan reksrarkostnað yrði orkukostnaður við stöðvarvegg sem hér segir:

8 MW stöð	0,96 kr/kWh
12 MW stöð	0,73 kr/kWh
16 MW stöð	0,65 kr/kWh
55 MW stöð	0,35 kr/kWh

Ofangreindar tölur miðast við gengi 1 US$ = 87,00 kr. og byggingavísitölu 853 stig.“

Á sama tíma áætlaði Landsvirkjun, að orkuverð frá Sigölduvirkjun yrðu rúmir 70 aurar á kílówattstund (0,70 kr/kwh). Þótti stjórnvöldum því jarðgufuaflsvirkjun vera mjög álitlegur valkostur, einkum 55 MW aflstöðin.

Niðurstöður þessara frumáætlana gæfu tilefni til áframhaldandi rannsókna á jarðhitasvæðunum og til þess að hefja tæknilegan undirbúning að hugsanlegri virkjun.

1.5 Yfirlit um niðurstöður rannsókna.

Þar sem Kröflusvæðið var valið til virkjunar verður í þessum kafla eingöngu fjallað um framvindu rannsókna á því svæði.

1.51 Vitneskja í árslok 1974.

Á þessum tíma var lokið borun tveggja rannsóknarhola. Var önnur þeirra 1138 m djúp, en hin 1204 m djúp. Hitastig í botni mældist 298° C í holu KW-1, en 210° C í holu KW-2. Á bilinu 300—1100 m dýpi í holu KW-2 mældist hitastig nálægt 190° C. Var það talið stafa af niðurrennsli úr vatnsæðum á rúmlega 300 m dýpi. Var því ályktað, að mældur hiti í holunni gæfi ekki rétta mynd af hitaástandi í berggrunni.

Út frá hitamælingum í holu KW-1 var ályktað, að hiti í berggrunni fylgdi suðumarksferli. Héldi þessi fylgni áfram niður á 2000 m dýpi yrði hitinn 330—340° C þar.

Heildarrennsli úr þessum rannsóknarholum var lítið. Úr holu KW-1 rann 14 kg/s við 6—7 ata mótþrýsting og svipað úr holu KW-2 við 4 ata mótþrýsting.

Efni í vatni og gas í gufu reyndist vera sambærilegt við það, sem þekkt var í Námafjalli. Þó var gasinnihald í KW-1 tiltölulega hærra en í Námafjalli.

Vegna hins háa hita í holu KW-1 var mikið af kísil í borholuvökvanum. Gaf það tilefni til varkárni varðandi kísilútfellingar.

1.52 Vitneskja í desember 1977.

Á árunum 1975 og 1976 voru boraðar 9 vinnsluholur á Kröflusvæði, 1250—2200 m djúpar.

Mikill fjöldi mælinga og margþættar athuganir á þessum holum, sem spanna yfir mörg fræðisvið (jarðfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði) hafa leitt til þess, að sett var fram jarðhitalegt líkan af svæðinu í janúar 1977. Sú þekkingaraukning, sem hefur orðið á árinu 1977, hefur styrkt megindrætti líkansins, en einnig fyllt í eyður. Þessu líkani af jarðhitalegum eiginleikum svæðisins er lýst í Holubréfi nr. 7. (Fskj. 52).

Slíkt líkan, þar sem svo margbreytilegum, óskyldum og óháðum niðurstöðum er þjappað saman í eina einfalda mynd, er nauðsynlegt fyrir mat á vinnslueiginleikum jarðhitasvæðisins.

Vinnsluboranir sýndu, að Kröflusvæðið er flóknara að innri gerð en önnur þekkt jarðhitasvæði í heiminum. Líkanið gerir þessa flóknu mynd mun skiljanlegri. Fyrir hendi eru tvö jarðhitakerfi, efra kerfi ofan við 900—1100 m dýpi, 220° C heitt, og neðra kerfi neðan við 1100—1500 m, 320—340° C heitt. Neðra kerfið er líklega í suðu og hitastig þess með því hæsta, sem mælst hefur á jarðhitasvæðum. Vegna hins háa hita er komið út fyrir þekkingarmörk jarðefnafræðilegra eiginleika jarðhitavökvans. Áður óþekktar útfellingar af járn- og kísilefnasamböndum virðast hafa stíflað góðar gufuholur á skömmum tíma.

Í efra kerfinu er eingöngu 220° C heitt vatn. Þegar þetta vatn byrjar að sjóða, hvort heldur sem er í bergi eða holum, eiga sér stað kalkútfellingar, sem gera nýtingu þess erfiða.

Afl hinna einstöku vinnsluhola er mjög mismunandi. Holur, sem taka eingöngu vatn úr efra kerfi, eru afllitlar og hafa lágan lokunarþrýsting. Gufuhlutfall er hátt úr borholum, sem taka vökva úr neðra kerfi. Sumar þessar holur voru aflmiklar í upphafi, en rennsli úr þeim hefur dvínað eða hætt vegna útfellinga og skemmda á fóðurrörum.

Jarðlög, sem efra jarðhitakerfið er í, eru aðallega móberg og hraunlög. Þessi jarðlagaskipan og vatnsæðar eru áþekk því, sem gerist á öðrum íslenskum jarðhitasvæðum.

Berggerð í neðra kerfi er að mestu leyti innskot. Vestast á núverandi borsvæði er mjög djúpt á efstu vatnsæðar (1700—1900 m), en austan til á svæðinu ná efstu æðar upp í 1100—1200 m dýpi. Þær upplýsingar, sem liggja fyrir, benda til þess, að lekt (transmissivity) einstakra borhola sé frekar lítil (ca. 10 m^2/dag).

1.6 Álit sérfróðra ráðgjafa um virkjunarframkvæmdir.

1.61 Álit Orkustofnunar.

Vinnuaðferðir Orkustofnunar við rannsókn jarðhitasvæðisins við Kröflu hafa miðast við þá framkvæmdaröð, sem lýst er í skýrslu Orkustofnunar: „Áætlun um rannsókn háhitasvæða“, ágúst 1969. (Fskj. 8).

Við skýrslu um árangur rannsóknarborananna í Kröflu 1974, sem birt var í febrúar 1975, var einnig gengið út frá því, að framkvæmdaröð og tímasetning virkjunarframkvæmda yrði með þeim hætti, sem lýst er í fskj. 8. Fljótlega kom hins vegar fram, að skv. ósk yfirvalda skyldi reynt að flýta byggingu jarðgufuaflstöðvarinnar sem framast er unnt. Í rauninni var þessi flýtir bein afleiðing af setningu laganna um Kröfluvirkjun vorið 1974 og skipun framkvæmdaaðila sumarið 1974.

Ráðuneytinu þykir rétt að benda á, að Orkustofnun var vel kunnugt um undirbúning þann, sem fór fram á vegum Kröflunefndar að gerð verk- og tímaáætlunar fyrir virkjunina. Fulltrúi Orkustofnunar tók þátt í viðræðufundum Kröflunefndar og ráðgjafarverkfræðinga hennar í nóvember 1974, þar sem ákveðið var að stefna að því að notfæra sér þann stutta afgreiðslufrest á aðalaflvélum, sem vélaframleiðendur buðu. Meðal annars var haldinn fundur með fulltrúum japanska fyrirtækisins Toshiba í húsakynnum Orkustofnunar þann 15. nóvember 1974, þar sem þessi stutti afgreiðslufrestur aflvéla var staðfestur.

Á fundi í iðnaðarráðuneytinu 3. mars 1975 lét orkumálastjóri í ljós áhyggjur sínar vegna þeirrar áhættu, sem tekin væri með því að byggja aflstöðina samhliða því sem boranir og gufuöflun færi fram. Þessi sjónarmið Orkustofnunar voru ítrekuð í bréfi iðnaðarráðuneytisins, 14. mars 1975, en þar segir svo:

„Orkustofnun vill með bréfi árétta skriflega þau sjónarmið, sem orkumálastjóri og fleiri starfsmenn röktu munnlega á fundi í samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs hinn 3. þ. m., þar sem viðstaddir voru fulltrúar hins háa ráðuneytis og Kröflunefndar.

Í nýlegri skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir við Kröflu (frá febr. 1975) er mælt með, að vinnsluboranir verði hafnar þar næsta sumar. Í þeirri skýrslu, og raunar í eldri skýrslum Orkustofnunar um Kröflusvæðið, er látin í ljós bjartsýni á, að svæðið geti staðið undir 50—60 MW raforkuveri og að stækkun þess sé möguleg síðar. Ekkert hefur komið í ljós við rannsóknarboranirnar, er dragi úr þeirri bjartsýni.

En alls staðar, þar sem orka er unnin úr jörðu með borunum, hvort heldur um er að ræða jarðvarma, olíu eða jarðgas, er þá fyrst vissa um fáanlegt orkumagn, þegar það er raunverulega komið upp á yfirborðið. Þetta er alkunn staðreynd og liggur í eðli málsins. Allt fram að þessu stigi er um óvissu að ræða, þrátt fyrir alla bjartsýni.

Þegar mikið fé er bundið í mannvirkjum, er nýta skulu orku, sem fengin er úr jörðu með borunum, er því oft gerð sú krafa, að orkan sé fengin upp á yfirborðið, áður en lagt er í mikinn kostnað við slík mannvirki. Sem dæmi um það má nefna, að Pacific Gas & Electric raforkufélagið, sem vinnur raforku úr jarðgufu í Geysers Valley í Kaliforníu, gerir þá fyrst bindandi samning um gufukaup við borunarfélagið á svæðinu, þegar gufan, sem hann tekur til, hefur verið fáanleg úr borholum í 5 ár.

Orkustofnun er ekki þeirrar skoðunar, að svo mikillar varfærni sé þörf við Kröflu. Hún dregur heldur ekki í efa nauðsyn þess að hraða virkjun þar. Hins vegar telur Orkustofnun nauðsynlegt, að allir aðilar þessa máls geri sér ljóst, að því fylgir áhætta að hefja byggingu orkuvers og annarra vinnslumannvirkja, áður en vinnsluborunum er lokið og nægjanlegt gufumagn fengið upp á yfirborðið. Ef nauðsynlegt er talið að hraða virkjunarframkvæmdum eins mikið og Kröflunefnd ætlast til, er ekki um annað að gera en að taka slíka áhættu. Ekki er unnt að leggja á það talnalegt mat, hve miklar líkur eru á því, að vinnsluboranir sýni neikvæðan árangur. **Orkustofnun telur þær líkur litlar, en ekki væri varlegt að kalla þær engar.***)

Stofnunin vill benda á, að hafa má nokkur áhrif á þá fjárhagslegu áhættu, sem hér er um að ræða, með því að tímasetja einstaka framkvæmdaliði á þann veg, að fé það, er kastað er á glæ í því mjög svo ólíklega tilviki, að vinnsluboranirnar sýndu neikvæða niðurstöðu, verði sem minnst. Með þessu móti kann að verða að haga framkvæmdum með eitthvað öðru móti en gert væri, ef jákvæður árangur vinnsluborana lægi nú þegar fyrir. Þar eð Kröfluvirkjun er fjármagnsfrek framkvæmd, eins og raforkuvirkjanir eru yfirleitt, virðist sjálfsagt að reyna eins og hægt er að draga úr þeirri fjárhagslegu

*) Undirstrikun ráðuneytis.

áhættu, sem óhjákvæmilega fylgir núverandi tímaáætlun Kröflunefndar. Tilgangur orkumálastjóra með því að vekja máls á þessu á áðurnefndum fundi var að vekja athygli Kröflunefndarmanna á nauðsyn þess að hafa þessa (litlu) áhættu í huga, er þeir tímasettu einstakar framkvæmdir. **Af viðbrögðum á fundinum mátti ráða, að sumum nefndarmönnum kæmi á óvart, að um slíka áhættu væri að ræða.*** Mjög mikilvægt verður að telja, að Kröflunefnd sé sér meðvitandi um hana, þannig að nefndin taki eðlilegt tillit til hennar í skipulagningu framkvæmda. Í þessum efnum má ekkert koma á óvart.“

Ráðuneytið vill undirstrika tvö atriði í bréfi þessu. Hið fyrra er, að Orkustofnun telur litlar líkur á, að vinnsluboranir sýni neikvæðan árangur, og hið síðara er, að „. . . .sumum nefndarmönnum kæmi á óvart að um slíka áhættu væri að að ræða“. Hið rétta er, að öllum viðstöddum Kröflunefndarmönnum og fleirum, er þarna voru, komu mjög á óvart þær yfirlýsingar, sem þarna voru gefnar um áhættu á neikvæðum árangri og í algerri andstöðu við fyrri yfirlýsingar frá Orkustofnun. Var þetta í fyrsta skipti, sem Kröflunefndarmönnum voru kynnt þessi sjónarmið. Í ofangreindu bréfi Orkustofnunar, sem skrifað er 11 dögum eftir fundinn, er hins vegar dregið mjög í land og gert lítið úr líkum á neikvæðum árangri vinnsluborana. Í síðari bréfum hefur þessi skoðun Orkustofnunar komið fram, m. a. í bréfi til iðnaðarráðuneytisins dags. 22. maí.

Með bréfi, dags. 5. mars 1975, var Orkustofnun beðin að taka afstöðu til tillagna ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar um „hönnunarhitastig“ og „hönnunarþrýsting“ fyrir aðalaflvélar Kröfluvirkjunar. Svarbréf Orkustofnunar til Kröflunefndar er dags. 2. apríl 1975 (fskj. 56), og þar segir:

Málefni:

Hönnunarforsendur um inntaksþrýsting gufu á aflvélar í Kröfluvirkjun.

Samkvæmt bréfi Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen til Orkustofnunar, dags. 05. 03. '75, er Orkustofnun beðin að taka afstöðu til tillagna þeirra um vinnsluþrýsting gufunnar, en þar kemur fram, að nauðsynlegt er að ákveða nú „hönnunarhitastig“ og „hönnunarþrýsting“ áður en holurnar hafa verið boraðar, vegna ákvörðunar um gerð túrbína.

Samkvæmt skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir í Kröflu s. l. ár kemur fram, að líklegur innrennslishiti í vinnsluholur á svæðinu verði á bilinu 260° C til 310° C, en innrennslishitinn fer eftir því dýpi, sem vatnsæðarnar liggja á. Hitastig blöndunnar, sem kemur úr holunum, fer því eftir því, hvaða æðar verða aflmestar og á hvaða dýpi þær liggja. Á þessu stigi málsins, þ. e. áður en vinnsluholur eru boraðar, er ekki hægt að sjá fyrir, hvert verður meðalhitastig blöndunnar, en eins og fyrr segir eru líkur á að það verði innan markanna 260° C og 310° C.

Hitastig innrennslisins í vinnsluholurnar gefur ekki beina vísbendingu um það, hver verði hagkvæmasti vinnsluþrýstingur, og er ekki hægt að meta hann fyrr en holurnar hafa verið boraðar og reyndar. Er skynsamlegt að áætla hönnunarhitastig á innrennsli lágt innan markanna 260°—310° C, en ef hitastigið reynist verða hærra getur það komið til góða í aukinni gufu á móti holuvatni. Ef innrennslishitastig reynist hins vegar lægra en 260° C væri varla ráðlegt að hanna túrbínuna fyrir það, þar sem þá orkar tvímælis um hvort jarðhitasvæðið sé nothæft til raforkuvinnslu, og gæti þá verið skynsamlegra að flytja rafstöðina í Námafjall. Þær forsendur um hitastig djúpvatns,

*) Undirstrikun ráðuneytis.

sem Verkfræðistofa Sig. Thoroddsen hefur valið 270° C, virðast því gerðar með varfærni og er varla hægt að velja betri forsendur á grundvelli þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir.

Eins og áður greinir er ekkert beint samband milli innrennslishitastigs og hagkvæmasta þrýstings á holutoppi, en samkvæmt reynslu af öðrum jarðhitasvæðum virðist hagkvæmur holuþrýstingur, miðað við 270° C innrennslishita, vera 8—9 ata. Þá er gert ráð fyrir að þrýstifall yfir borskilju og gufulagnir sé um 1,5 ata þannig að inntaksþrýstingur í háþrýstihluta hverfilsins gæti verið 7,2 ata, eins og lagt er til að gefið verði sem forsenda fyrir hönnun túrbínunnar.

Varðandi inntaksþrýsting í lágþrýstihluta tvíþrýstitúrbínunnar ber að hafa í huga þau mörk hitastigs og þrýstings þar sem kísilútfelling byrjar, en sem kunnugt er hækkar það hitastigsmark mjög ört með auknu hitastigi á innrennsli í holurnar, þótt óvissa í áætlun um hitastigsmark útfellingar liggi einnig í sýrustigi holuvatnsins.

Svo dæmi séu tekin hefst kísilútfelling við u. þ. b. 124° C og 2,5 ata þrýsting ef innrennslishiti ef 260° C, 143° C og 4,0 ata þrýsting ef innrennslishiti er 280° C og 160° C og 6,3 ata þrýsting ef innrennslishiti er 300° C. Þar sem til mikils er að vinna, ef hægt er að koma í veg fyrir kísilútfellingar í lágþrýstiskilju, er rétt að miða við, að þrýstingur í henni sé ofan þessara marka, en miðað við hönnunarinnrennslishitastigið 270° C verða kísilútfellingar við 3 ata eða minni þrýsting í lágþrýstiskilju.

Sá þrýstingur í lágþrýstiinntaki, sem lagt er til að verði notaður, þ. e. 2 ata, sýnist okkur því vera í lægra lagi, en þrýstifall yfir lágþrýstiskilju og lágþrýstigufulagnir að inntaki túrbínu getur verið 0,—1,0 ata þannig að þessi inntaksþrýstingur, þ. e. 2 ata, svarar til útfellingarmarks, er innrennslishiti er ekki hærri en 270° C.

Eins og áður segir, er ekki hægt á þessu stigi málsins að sjá fyrir hver verður meðalinnrennslishiti í borholur, en það væri óhagkvæmt að ákvarða inntaksþrýstinginn á lágþrýstihlutann of háan miðað við það innrennslishitastig sem fæst, þar sem það mundi skerða afl túrbínunnar og auka á vandann við flutning holuvatns milli háþrýsti- og lágþrýstiskilju. Einnig kemur hér til, að borholur, sem kunna að verða afllitlar, gætu nýtst í lágþrýstikerfinu, en við þá notkun þarf þrýstingur í lágþrýstiskilju að aukast til þess að jafnvægi haldist í gufustreymi túrbínunnar.

Virðingarfyllst,“

1.62 Álit sérfræðinga Kröflunefndar.

Meðan beðið var eftir niðurstöðum rannsóknarborananna haustið 1974 fóru fram viðræður Kröflunefndar við fulltrúa ráðgjafarverkfræðifyrirtækjanna Rogers Engineering í San Francisco og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens í Reykjavík (sbr. kafla 2.3.). Á fundum með ráðgjafarverkfræðingunum kom fram sú spurning, hvort hægt væri á grundvelli þeirra upplýsinga, sem nú lægju fyrir, þær væru að vísu ekki miklar, að skilgreina aflvélar fyrir fyrirhugaða virkjun í Kröflu eða í Námafjalli. T. d. að því verki væri lokið um 1. febrúar 1975. Fulltrúar bandarísku ráðgjafarverkfræðinganna urðu fyrir svörum, og töldu þeir, að innan 3—4 mánaða gætu þeir sett fram bráðabirgðaskilgreiningu á aflvélum og vinnsluaðferðum virkjunarinnar.

Ráðgjafarverkfræðingarnir bentu á, að mikilvægustu upplýsingarnar, sem þeir þörfnuðust til þess, væru t. d. botnhiti í borholum, gasinnihald og efnasamsetning borholuvökva svo og þrýstingur. Á grundvelli slíkra upplýsinga væri hægt að hanna eða skilgreina aflvélarnar og jafnvel semja um smíði þeirra. Það eina, sem raunveru-

lega gæti gerst, væri, að aflgeta vélanna yrði aðeins minni eða jafnvel aðeins meiri eftir því sem endanlegt ástand jarðhitasvæðisins samsvaraði hönnunarskilyrðum.

Um þetta leyti voru hér á ferð verkfræðingar frá japanska fyrirtækinu Toshiba, sem sýnt hafði mikinn áhuga á fyrirhugaðri virkjun. Á fundi með ýmsum aðilum, sem haldinn var hjá Orkustofnun í nóvember 1974, kom fram, að þeir treystu sér til þess að skila fullkomnum tæknilegum upplýsingum og tilboði í aðalaflvélar í fyrirhugaða virkjun í Námafjalli eða við Kröflu með því að nota eftirfarandi forsendur, sem byggðust á upplýsingum frá Námafjalli. Það er: þrýstingur í háþrýstiskiljum 7.73 ata, þrýstingur í lágþrýstiskiljum 1.97 ata og eimsvalaþrýstingur svarandi til 4 mm Hg.

Ráðgjafarverkfræðingar Kröflunefndar töldu, að hægt væri að nota upplýsingarnar frá Námafjalli til þess að fá allgóða hugmynd um væntanlegar aflvélar. Var útboðsbréf þar að lútandi sent framleiðendum gufuhverfla í byrjun desember 1974. Var það hugmynd ráðgjafanna, að síðan væri hægt að gera nauðsynlegar smábreytingar á skilgreiningu aflvélanna eftir því sem niðurstöður af rannsóknarborunum við Kröflu 1974 lægju fyrir. Fengu þeir slíkar upplýsingar frá Orkustofnun strax og þær lágu fyrir, bæði munnlega og eins þegar Kröflunefnd var afhent uppkast af skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranirnar 1974 í janúar 1975. Strax á eftir fóru fram viðræður um tæknilega gerð aflvélanna við báða japönsku framleiðendurna, sem komu til greina, þannig að hægt var að ganga frá endanlegu vali á framleiðanda aflvélanna 7. febrúar 1975.

Fram til þess, að samningur var undirritaður um kaupin á aflvélunum, 10. apríl 1975, fór fram athugun ráðgjafarverkfræðinganna á tæknilegri gerð og skilgreiningu aflvélanna, byggð á hinum nýju upplýsingum um Kröflusvæðið, og var endanlega gengið frá gerð aflvélanna.

Segja má, að æskilegra hefði verið að hafa nákvæmari og fullkomnari upplýsingar um jarðhitasvæðið við skilgreiningu á aðalaflvélunum. Sú vitneskja, sem þarf til þess að finna bestu lausn á (optimize) legu stöðvarhúss, inntaksþrýstingi á vélar og gerð gufuveitu, byggir að talsverðu leyti á vinnslueiginleikum borhola (rennsli við mismunandi mótþrýsting, gufuhluta í rennsli við mismunandi mótþrýsting og útfellingar- og tæringarhættu). Litlar upplýsingar af þessu tagi lágu fyrir, er ákvörðun um aflvélarnar var tekin, að öðru leyti en því, að talin var viss hætta á kísilútfellingum, ef hitastig í vatnsæðum færi yfir um 300° C. (Fskj. nr. 19, bls. 20). Voru Kröflunefndarmenn, og ráðgjafar þeirra með, sammála um þessi atriði. Hins vegar var talið réttlætanlegt að standa þannig að málum með tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og kemur fram í kafla 2 var það ótvíræður vilji Alþingis að flýta Kröfluvirkjun, vegna alvarlegs ástands í orkumálum Norðurlands. Virkjunarlögin eru samþykkt á Alþingi áður en rannsóknum var að fullu lokið.
2) Allar líkur bentu til þess, að auðvelt yrði að standa að gufuöfluninni, miðað við þá reynslu, sem fengist hafði í Námafjalli. Svo reyndist einnig verða í fyrstunni. Tvær fyrstu vinnsluholurnar í Kröflu reyndust mjög aflmiklar framan af.
3) Aflvélar þær, sem valdar hafa verið til Kröfluvirkjunar, eru mjög sveigjanlegar með tilliti til breyttra eiginleika gufunnar. Þær hafa mjög vítt þrýstifallssvið og þola verulegar breytingar á hitastigi gufunnar. Ef hönnunarforsendur þær, sem settar voru varðandi gufuna, eru illa uppfylltar, gæti það valdið aflminnkun eða aflaukningu upp á nokkra hundraðshluta, sem ekki getur talist afgerandi. (Sjá greinargerð um þetta atriði, sem samin er af Sigurði Sigfússyni, Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen h.f. og Guðmundi Björnssyni, Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns h.f., fskj. II, 14). Reynslukeyrsla vélanna undanfarið sýnir, að mjög vel

virðist hafa tekist til um val og gerð þeirra, þrátt fyrir hinar takmörkuðu upplýsingar, sem lágu fyrir. Þá má einnig benda á, að það svið, sem vélarnar geta unnið á, er vel rúmt og stöðugt var unnið að endurbótum á upplýsingum til framleiðenda þar til smíði vélanna hófst.

Fylgiskjöl:

1. Námaskarð. Skýrsla um mælingu afkasta gufuborholu í Námaskarði.
   Vermir s.f. / Mars 1964.
2. Námafjall. Jarðfræði og segulmælingar.
   Guðmundur Guðmundsson
   Stefán Arnórsson
   Sept. 1965.
3. Álitsgerð um jarðgufuaflstöðvar með sérstöku tilliti til virkjunar við Námafjall.
   Sveinn S. Einarsson
   Júní 1967.
4. Interpretation of infrared imagery of Mývatn Area.
   Lokesh Chadurvedi
   Guðmundur Pálmason
   Des. 1967.
5. Aflmæling á N-3, Námafjall.
   Sveinbjörn Björnsson
   Júlí 1968.
6. Skýrsla um ferð vegna gangsetningar gufuvirkjunarinnar í Námaskarði.
   Mars 1969.
7. Boranir við Námafjall 1963—1968.
   Kristján Sæmundsson
   Júní 1969.
8. Áætlun um rannsókn háhitasvæða.
   Sveinbjörn Björnsson
   Ágúst 1969.
9. Námafjall. Aflmæling — Borhola N-4 Námafjalli.
   Stefán Arnórsson
   Des. 1969.
10. Álitsgerð um verð jarðgufu frá gufuveitu jarðvarmaveitna ríkisins í Námafjalli.
    Karl Ragnars
    Apríl 1970.
11. Framvinduskýrsla um rannsóknir á Námafjalls —Kröflusvæðinu og uppgjör á kostnaðarreikningi.
    Kristján Sæmundsson
    Jan. 1971.
12. Námafjall—Krafla. Áfangaskýrsla um rannsóknir jarðhitasvæðanna.
    Guðmundur Guðmundsson
    Guðmundur Pálmason
    Karl Grönvold
    Karl Ragnars
    Kristján Sæmundsson
    Stefán Arnórsson
    Júní 1971.

13. Gufuaflstöð við Kröflu. Frumáætlun um stöðvarhús. VST/Júní 1971.
14. Gufuaflstöð við Kröflu. Vegur til Vítis. Frumáætlun. VST / Okt. 1971.
15. Viðnámskort af Námafjalls—Kröflusvæðinu.
16. Jarðgufuaflstöð. Frumáætlun um aflstöð með tilliti til virkjana í Námafjalli eða Kröflu.
    JHD OS, Verkfræðist. Guðmundar og Kristjáns
    Júlí 1972.
    Sama til á ensku: Geothermal Power Station . . .
17. Jarðgufuaflstöð. Frumáætlun um 8 MW, 12 MW, 16 MW og 55 MW aflstöð með tilliti til virkjunar í Námafjalli eða Kröflu.
    OS JHD, Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns s.f.
    OS JHD-7318 / Sept. 1973.
    Sama til á ensku: Geothermal Power Station . . .
18. Álitsgerð um mengunarhættu vegna affallsvatns frá gufuvirkjun við Kröflu eða Hverarönd.
    Guttormur Sigbjarnarson
    Haukur Tómasson
    Jónas Elíasson
    Stefán Arnórsson
    OS-JHD-7427 / OS-RID-7421 / Nóv. 1974.
19. Krafla. Skýrsla um niðurstöður rannsóknarborana 1974.
    Kristján Sæmundsson
    Stefán Arnórsson
    Karl Ragnars
    Hrefna Kristmannsdóttir
    Gestur Gíslason
20. Áætlun um borun fimm vinnsluhola við Kröflu 1975.
    Endurnýjuð áætlun frá 16.1. '75.
    Karl Ragnars
    Stefán Sigurmundsson
    OS-JHD-7536 / Maí 1975.
21. Krafla. Jarðlög og ummyndun í borholum 1 og 2 í Kröflu.
    Hrefna Kristmannsdóttir
    OS-JHD-7542 / Júní 1975.
22. Kröfluveita. Skýrsla um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun.
    VST og Virkir h/f / Nóv. 1975.
23. Kröfluveita. Skýrsla um forhönnun aðveitu Kröfluvirkjunar.
    VST og Virkir h/f / Nóv. 1975.
24. Krafla. Niðurstaða vinnsluborana 1975 — Horfur um gufuöflun.
    Stefán Arnórsson
    Karl Ragnars
    Kristján Sæmundsson
    OS-JHD-7558 /Des. 1975.
25. Greinargerð um framkvæmdir við Kröfluvirkjun í ljósi jarðskjálfta, sprunguhreyfinga og eldgosahættu.
    Guðmundur Pálmason
    Kristján Sæmundsson
    Karl Ragnars
    Axel Björnsson

Ingvar Birgir Friðleifsson
OS-JHD-7604 / Jan. 1976.

26. Vatnasvið Hlíðardalslækjar og affallsvatn frá Kröfluvirkjun.
Stefán Arnórsson
Einar Gunnlaugsson
OS-JHD-7602 / Jan. 1976.
27. Kísill og brennisteinsvetni í affallsvatni frá gufuborholum.
Stefán Arnórsson
OS-JHD-7601 / Jan. 1976.
28. Öryggisbúnaður og framkvæmdaáætlun við boranir með Jötni í Kröflu 1976.
Karl Ragnars
OS-JHD-7614 / Febr. 1976.
29. Rannsókn á umbrotum við Kröflu og sprungukerfi í Kelduhverfi.
Sameiginleg rannsóknaráætlun.
Norræna Eldfjallastöðin
Orkustofnun
Raunvísindastofnun
Veðurstofa Íslands
Mars 1976.
30. Bygging fyrri áfanga Kröfluveitu 1976 (kápulaust, 2 s. og teikning).
VST / Apríl 1976.
31. Jarðhræringar við Kröflu. (Sérprentun úr Náttúrufræðingnum, 46. árg. Nr. 4, 1976).
Axel Björnsson.
32. Framvinduskýrsla um breytingar á rennsli og efnainnihaldi í borholum 3 og 4 í Kröflu.
Gestur Gíslason
Stefán Arnórsson
OS-JHD-7640 / Júní 1976.
33. Borholur 3, 4 og 5 í Kröflu.
Borun, vatnsæðar, niðurstöður berggreininga.
Hrefna Kristmannsdóttir
Guðmundur Ómar Friðleifsson
Einar Gunnlaugsson
OS-JHD-7641 / Ág. 1976.
34. Borholur 3, 4 og 5 í Kröflu.
Viðauki — Lýsing jarðlaga.
Hrefna Kristmannsdóttir
OS-JHD-7641 / Ág. 1976.
35. Hraunflóðavarnir við Kröfluvirkjun.
OS-JHD-7645
VST / Sept. 1976.
36. Frárennsli Kröfluvirkjunar
Jón Ingimarsson
Jónas Elíasson
Sven Þ. Sigurðsson.
37. Krafla — Hola KJ-6.
Borun, jarðlög, vatnsæðar og ummyndun.
Hrefna Kristmannsdóttir
Margrét Kjartansdóttir
Ásgrímur Guðmundsson

Guðmundur Ó. Friðleifsson
OS-JHD-7646 / Nóv. 1976.

38. Krafla — Hola 7.
Framvinduskýrsla um borun, jarðlög, vatnsæðar og ummyndun.
Hrefna Kristmannsdóttir
Ásgrímur Guðmundsson
Guðmundur Ó. Friðleifsson
Margrét Kjartansdóttir
OS-JHD-7647 / Nóv. 1976.

39. Gosvakt við Kröflu.
Axel Björnsson
OS-JHD-7650 / Nóv. 1976.

40. Kvikasilfur og arsenik í háhitavatni við Námafjall og Kröflu.
Jón Ólafsson
Hafrannsóknastofnunin / Nóv. 1976.

41. Áhrif hraunkvikuinnskots á efnainnihald djúpvatns í Kröflu — frekari gufuöflun.
Stefán Arnórsson
OS-JHD-7705 / Des. 1976.

42. Kröfluvirkjun. Kostnaðaráætlun fyrir lúkningu fyrri áfanga gufuveitu í Kröflu og borunar fjögurra hola með Jötni árið 1977.
VST, Virkir h/f og Orkustofnun
OS-JHD-7712 / Febr. 1977.

43. Krafla. Hola KJ-9.
Borun, skoltöp, jarðlög og ummyndun.
Hrefna Kristmannsdóttir
Ásgrímur Guðmundsson
Margrét Kjartansdóttir
OS-JHD-7710 / Mars 1977.

44. Krafla. Hola KG-10
Borun, vatnsæðar, jarðlög og ummyndun.
Hrefna Kristmannsdóttir
Ásgrímur Guðmundsson
Margrét Kjartansdóttir
Guðmundur Ómar Friðleifsson
OS-JHD-7709 / Mars 1977.

45. Krafla. Hola KJ-11.
Borun, vatnsæðar, jarðlög og ummyndun.
Hrefna Kristmannsdóttir
Ásgrímur Guðmundsson
Margrét Kjartansdóttir
OS-JHD-7708 / Mars 1977.

46. Kröfluveita. Veita fyrir affallsvatn.
Forhönnun.
VST og Virkir h/f / Apríl 1977.

47. Krafla. Hola KG-8.
Borun, vatnsæðar, þrýstiprófun, lektarprófun, jarðlög og ummyndun.
Hrefna Kristmannsdóttir
Ásgrímur Guðmundsson
Margrét Kjartansdóttir

Guðmundur Ómar Friðleifsson
OS-JHD-7713 / Apríl 1976.

48. Hæðarmælingar við Kröflu 1976.
Gunnar Þorbergsson
Ásgeir Gunnarsson
Apríl 1977.

49. Gufuvinnsla við Kröflu.
Gunnar Böðvarsson, Corvallis, Oregon, U. S. A.
OS-JHD-7718 / Maí 1977.

50. Krafla. Mælingar í borholum sept. '74 — apríl '77, 2 bindi.
Benedikt Steingrímsson
OS-JHD-7720 / Júní 1977.

51. Kvikasilfur og Arsenik við Námafjall og Kröflu.
Jón Ólafsson
Hafrannsóknastofnunin / Okt. 1977.

52. Holubréf 1—7.
Ritstj. Valgarður Stefánsson.

53. Investigation of corrosion and proposal for corrosion monitoring in the geothermal power station at Krafla. Ref. B 4228 No. 1 to 4. Korrosionscentralen ATV, Park Allé 345, DK 2600, Glostrup.

54. Rannsókn og nýting jarðhita.
Stefán Arnórsson
OS-JHD-7733 / Des. 1977.

55. Áhrif eldgosa á Leirhnjúkssprungunni og annarra umbrota á Kröflusvæði á vinnslueiginleika jarðhitasvæðisins við Kröflu.
Valgarður Stefánsson
Nóv. 1977.

56. Bréf OS til Kröflunefndar. Hönnunarforsendur um inntaksþrýsting gufu á aflvélar í Kröfluvirkjun.
Karl Ragnars
1975-04-02.

II. KAFLI

ÁKVÖRÐUN UN JARÐGUFUVIRKJUN Í NÁMAFJALLI EÐA VIÐ KRÖFLU.

2.1 Lög um virkjun í Námafjalli eða við Kröflu.

Í upphafi árs 1974 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp (fskj. 1) um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í S.-Þingeyjarsýslu. Magnús Kjartansson, iðnaðarráðherra, fylgdi frumvarpinu úr hlaði. Til upplýsinga verður gripið niður í framsöguræðu hans á nokkrum stöðum. Þar segir m. a. svo:

„Kröflusvæðið hefur verið rannsakað mikið, eins og menn vita, og það er mat sérfræðinga, að Kröflusvæðið sé mjög hagkvæmur virkjunarstaður. Hins vegar er eftir að framkvæma þar boranir, sérstaklega til könnunar á botnhita, en ef þær bera

árangur, er það mat þeirra, að virkjun við Kröflu sé hagkvæmari af ýmsum ástæðum en virkjun í Námafjalli.“

„Eins og segir í greinargerð, hófst jarðgufuvinnsla hér á landi með virkjun gufu í Námafjalli fyrir kísilgúrvinnslu og raforkuvinnslu í jarðgufuaflsstöð. Fengist hefur ágæt reynsla af þessari orkuvinnslu, og er því eðlilegt, að áhugi sé á að nýta þennan orkugjafa í stærri stíl til raforkuvinnslu. Orkustofnun hefur á undanförnum árum unnið að umfangsmiklum rannsóknum á Námafjalls- og Kröflusvæði, og eru niðurstöður þeirra, að bæði svæðin séu álitleg til raforkuvinnslu. Þá hefur Orkustofnun einnig gert frumáætlanir um jarðgufuaflsstöð allt að 55 MW að stærð og benda niðurstöður þeirra eindregið til þess, að slík virkjun yrði ódýrasti valkostur í virkjunarmálum á Norðurlandi á næstu árum.“

„Jarðhitarannsókn á jarðhitasvæði við Kröflu er enn ekki lokið, en ef borun einnar eða tveggja rannsóknarhola þar bæri jákvæðan árangur, tel ég, að jarðhitasvæðin við Kröflu og Námafjall séu bæði jafnvel fallin til virkjunar. Vegna frárennslis er þó talið óráðlegt að staðsetja virkjun vestan Námafjalls.“

„Í frumáætlunum Orkustofnunar frá júní 1972 til sept. 1973, sem hæstv. alþm. hafa fengið í hendur, er gerð grein fyrir tæknilegum atriðum og forsendum kostnaðaráætlana. Í þeim áætlunum var reiknað með, að í 55 MW aflsstöð yrði ein túrbína, en með hliðsjón af rekstraröryggi þykir ráðlegra að gera ráð fyrir tveimur túrbínum.“

„Eins og ég hef rakið, er gert ráð fyrir, að stærð jarðgufuaflsstöðvar við Kröflu eða Námafjall geti orðið allt að 55 MW, en hún verði byggð í tveimur áföngum, þannig að í upphafi yrði byggt allt það, sem er sameiginlegt fullri stærð stöðvarinnar, en túrbínur, rafalar, borholur og ýmis búnaður yrði gert í tveimur áföngum. Þetta hefur þann kost í för með sér, að hægt er að haga byggingunni nokkuð eftir markaðsþörfinni, og eins er meira rekstraröryggi af því, að stöðin sé rekin með tveimur rekstrareiningum.“

„Með tengingu Norðurlands og Suðurlands skapast möguleikar á að fullnýta afköst Kröfluvirkjunar þegar frá upphafi, en það er mikilvægt fyrir allar virkjanir.“

Eins og lesa má í þingskjölum frá þessum tíma kemur ljóslega fram, að alþm. taka frumvarpinu mjög vel. Það virðist alger samstaða um að styðja frumvarpið, en aðaláhyggjuefni þingmanna er greinilega það, að virkjunin taki of langan tíma. Er jafnvel vikið að því, að nauðsynlegt sé að panta aflvélar þegar haustið 1974, til þess að komast í afgreiðsluröð, svo sem kemur fram hér á eftir. T. d. má vísa til þingræðu Steingríms Hermannssonar, en þar segir m. a. svo:

„Ég vil í upphafi fagna þessu frumvarpi, sem er sannarlega tímabært. Í fyrsta lagi hef ég lengi verið þeirrar skoðunar, að við Íslendingar hefðum átt að virkja gufusvæði fyrr. Sú reynsla, sem þannig fæst, er ákaflega mikilvæg eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Auk þess er ljóst, að vatnsvirkjanir okkar verða miklu öruggari, ef þær eru studdar af virkjunum gufusvæða, eins og komið hefur fram nú í vetur.“

Þar segir enn fremur svo:

„Ljóst er, að þetta álag hlýtur að aukast mjög hratt. Talað hefur verið um Kröfluvirkjun 1977. Ég held, að það sé nú æðimikil bjartsýni og skynsamlegra, miðað við ýmsar aðstæður nú, eins og afgreiðslutíma á vélum o. fl., að gera sér ekki vonir um Kröflu fyrr en 1978. Hún kemur þarna inn með mikið afl, að vísu í áföngum, en við

skulum segja 25—30 MW til að byrja með og afganginn af þessum 55 fljótlega, þannig að næsta þriðjungi af þessari orkuþörf mætti líklega fullnægja með Kröfluvirkjun.“

Við aðra umræðu um frumvarpið segir í framsöguræðu formanns iðnaðarnefndar efri deildar, Steingríms Hermannssonar, m. a. svo:

„Orkumálin öll hafa verið til athugunar hjá okkur Íslendingum upp á síðkastið, sem von er vegna þeirrar kröfu, sem nú er gerð til vaxandi notkunar raforku til upphitunar húsa. Mér þykir rétt að koma hér á framfæri mjög nýlegum upplýsingum, sem ég hef fengið um þessar athuganir. Áætlað er, að á væntanlegu orkusvæði Landsvirkjunar og væntanlegrar Norðurlandsvirkjunar, þ. e. a. s. Suðurlandi og Norðurlandi, séu um 440 gwst., sem þarf að ráðstafa til upphitunar húsa. Fróðustu menn telja, að þetta verði ekki gert á skemmri tíma en 6—7 árum og á þeim tíma verði þá aðeins náð um það bil 80% mettun þessa markaðar. Þetta kom greinilega fram á fyrrnefndum fundi þar sem orkumálastjóri var, fulltrúar Laxárvirkjunar og einnig fulltrúar Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem fjallar sérstaklega um þessi mál fyrir iðnaðarráðuneytið. Sú orkuspá, sem að er unnið og gerir ráð fyrir að ná til þessarar upphitunar með þeim hraða, sem ég hef nefnt, gerir einnig ráð fyrir fullri orku til Áburðarverksmiðju ríkisins, gerir jafnframt ráð fyrir 140 MW til ÍSALS, eins og nú er samið um, og gerir einnig ráð fyrir 282 gwst. til ferrosiliconbræðslu í Hvalfirði, ef úr verður. Kemur fram, þegar orkuvinnslugeta þessara tveggja svæða, Norðurlands og Suðurlands, er skoðuð og gert er ráð fyrir því, að lína geti verið komin 1976, að það ár skorti 14 gwst. til þess að fullnægja þessari spá. En á árinu 1977, þegar Sigalda er komin í gagnið, yrði umframorkuvinnslugeta 199 gwst., lækkaði síðan 1978 í 82 gwst., en hækkaði síðar í 134 gwst. Til þess yrði a. m. k. ein vél Kröfluvirkjunar að verða komin í gang. Árið 1980, þegar Kröfluvirkjun væri örugglega öll komin í framleiðslu, yrði umframorkuvinnslugetan skv. þessari orkuspá 180 gwst., lækkaði síðan 1981 í 45, 1982 væri hún aftur orðin negatív, þ. e. a. s. þá skorti 68 gwst. Af þessu má læra það, að nauðsynlegt er að ákveða fljótlega næstu virkjun og gera þá ráð fyrir því, að hún verði fullbúin eða a. m. k. hluti af henni kominn í starfrækslu í kringum 1981—1982.“

Við framhaldsumræðu í efri deild tekur framsögumaður, Steingrímur Hermannsson svo til orða:

„Sem sagt, ég vildi fyrst og fremst leiðrétta, að í þessu felist nokkur tilraun til þess að fresta Kröfluvirkjun, alls ekki, og ég vil sömuleiðis enn ítreka það, sem fram kom í umræðum við orkumálastjóra, að meðferð þingsins á þessu hefur ekki á nokkurn máta tafið þetta mál.“ Og til andsvara því, sem einn þingmaður hafði látið í ljós (Ingólfur Jónsson), að helst mætti gagnrýna frumvarpið fyrir það að sækjast eftir heimild til virkjunar áður en nauðsynlegum rannsóknum væri lokið, sagði Steingrímur Hermannsson: „Það var hins vegar vilji stjórnvalda að gera þetta á þennan máta, til þess að þarna þyrfti engin töf á að verða og panta mætti vélar þegar á næsta hausti, jafnvel áður en þing kemur saman að nýju.“

Frumvarpið var síðan samþykkt í efri deild Alþingis miðvikudaginn 20. mars 1974 með 14 samhljóða atkvæðum. Það var einnig samþykkt í neðri deild með 33 samhljóða atkvæðum og þannig afgreitt sem lög frá Alþingi fimmtudaginn 4. apríl 1974. Forseti Íslands staðfesti lögin 10. apríl.

Lög

um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila, að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.

2. gr.

Valið milli Kröflu og Námafjalls austanverðs sem virkjunarstaðar skal fara fram á grundvelli jarðhitatæknilegra sjónarmiða og umhverfisverndarsjónarmiða.

Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns, svo sem frekast er kostur.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem virkjunaraðilinn tekur, allt að 1500 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til þessarar aflstöðvar, sbr. 1. gr.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Kjartansson.

2.2 FRAMKVÆMDA- OG STJÓRNUNARAÐILAR.

2.21 Skipun framkvæmdaaðila.

Með bréfi (fskj. 2) dags. 21. júní 1974 skipaði iðnaðarráðherra Magnús Kjartansson svokallaða Kröflunefnd. Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir aðilar: Þingmennirnir Ingvar Gíslason, Jón G. Sólnes og Ragnar Arnalds, Páll Lúðvíksson vélaverkfræðingur og Bragi Þorsteinsson byggingarverkfræðingur. Páll Lúðvíksson var skipaður formaður nefndarinnar.

Í skipunarbréfinu segir m. a.: „Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til að undirbúa jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall í S.-Þingeyjarsýslu í samræmi við lög nr. 21 10. apríl 1974.“ Verkefni nefndarinnar er nánar skilgreint í bréfinu, en það tekur fyrst og fremst yfir:

1. að láta hanna jarðgufuaflstöðina ásamt nauðsynlegum búnaði; þar með talin spennustöð með 132 kW eftirspennu,
2. að láta gera fullnaðaráætlun byggða á þeirri hönnun, sem getur um í fyrsta lið um stofnkostnað, rekstrarkostnað og orkuvinnslugetu stöðvarinnar,
3. að annast útboð, þar með talin gerð útboðslýsinga á þeim mannvirkjum, vélum og búnaði, sem til stöðvarinnar þarf,
4. að rannsaka tilboð, sem berast, og gera tillögur til ráðuneytisins um hverju þeirra skuli tekið og annast eftir nánari fyrirmælum ráðuneytisins samninga við verktaka,
5. að hafa, eftir nánari fyrirmælum ráðuneytisins og í umboði þess, yfirumsjón með framkvæmdunum við jarðgufuvirkjunina.

Gert er ráð fyrir, að strax og Norðurlandsvirkjun hefur verið stofnuð og henni sett stjórn flytjist það af verkefnum nefndarinnar, sem þá kann að vera ólokið, yfir til stjórnar Norðurlandsvirkjunar og að störfum nefndarinnar sé þar með lokið.

Nefndin skal vinna störf sín í samráði við iðnaðarráðuneytið. Skal hún skila framvinduskýrslum um störf sín eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Nefndin skal hafa samráð við Orkustofnun um allt er lýtur að gufuvinnslumannvirkjunum og tengingu þeirra við aflstöðina og mannvirki henni tilheyrandi. Nefndin skal hafa samráð, eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast, við núverandi eigendur raforkumannvirkja á Norðurlandi.

Samtímis, þ. e. a. s. 21. júní, gaf iðnaðarráðuneytið Orkustofnun eftirfarandi fyrirmæli varðandi undirbúning mannvirkja til vinnslu jarðgufu handa jarðgufuaflstöð við Kröflu eða Námafjall:

„Iðnaðarráðuneytið felur hér með Orkustofnun að undirbúa mannvirki til vinnslu jarðgufu handa jarðgufuaflstöð við Kröflu eða Námafjall, sbr. lög nr. 21 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Námafjall eða Kröflu í S.-Þingeyjarsýslu.

Undirbúningurinn skal taka til allra þeirra mannvirkja, sem nauðsynleg eru til vinnslu jarðgufunnar og afhendingu hennar til aflstöðvarinnar í því ástandi, að hún sé nothæf beint á hverflana. Enn fremur til þeirra mannvirkja, er kunna að reynast nauðsynleg til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns svo sem frekast er kostur. Um þessi síðasttöldu mannvirki skal Orkustofnun hafa samráð við Náttúruverndarráð, um önnur mannvirki skulu höfð samráð, eftir því sem nauð-

syn krefur, við nefnd þá er iðnaðarráðherra skipaði til að undirbúa jarðgufuaflsvirkjun við Kröflu. Formaður þeirrar nefndar er Páll Lúðvíksson, verkfræðingur, Álfheimum 25, Reykjavík.

Undirbúningur þessi skal unninn í samráði við ráðuneytið eftir nánari ákvörðun þess."

Svo sem kemur fram í skipunarbréfi Kröflunefndar er tekið fram, að hönnun háspennulína frá stöðinni er um sinn falin öðrum aðilum. Á árinu 1974 var engin ákvörðun tekin um aðila, sem tæki þetta verk að sér, enda vart talið nauðsynlegt að hefja undirbúning að lagningu háspennulínunnar við svo búið.

Í janúar 1975 ritaði Kröflunefnd bréf til iðnaðarráðuneytisins og vakti athygli á því, að ekki mætti hjá líða að taka ákvörðun um að hefja undirbúning að hönnun og lagningu háspennulínunnar frá Kröflu til Akureyrar. Fól iðnaðarráðherra Rafmagnsveitum ríkisins í febr. 1975 að annast undirbúning að þessu verki. Var þannig kominn til þriðji framkvæmdaaðilinn við Kröflu.

2.22 Aðrir stjórnunaraðilar.

Í desember 1974 barst Kröflunefnd bréf frá iðnaðarráðuneytinu, þar sem tilkynnt er, að Þóroddur Th. Sigurðsson verkfræðingur og vatnsveitustjóri í Reykjavík hafi verið skipaður ráðunautur iðnaðarráðherra í orkumálum og skyldi hann fylgjast með framvindu mála í sambandi við Kröfluvirkjun.

Þóroddur sat ýmsa fundi Kröflunefndar og annarra aðila á næstu mánuðum. Fylgdist hann m. a. vel með athugunum á þeim tilboðum, sem borist höfðu í aðalaflvélarnar, og undirbúningi framkvæmda, sem þá var í fullum gangi. Þóroddur skilaði iðnaðarráðherra greinargerð um aflvélakaupsamninginn við Mitsubishi Heavy Industries. Mælir hann með að iðnaðarráðherra samþykki tillögu Kröflunefndar um kaupin og telur þau hagstæð. (Fskj. 3).

Þóroddur hefur síðan fylgst með gangi mála og verið iðnaðarráðuneytinu til ráðgjafar um ýmis málefni orkumála, m. a. Kröfluvirkjunar.

Í lok desember 1975 skipaði iðnaðarráðuneytið samstarfsnefnd Kröfluvirkjunar. Verkefni nefndarinnar skyldi vera að samræma allar framkvæmdir þeirra þriggja aðila, er stóðu að byggingu Kröfluvirkjunar ásamt háspennulínulögn til Akureyrar. Í samstarfsnefndinni eiga sæti formaður Kröflunefndar og forstöðumenn Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar undir forsæti ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins. (Fskj. 4).

Samstarfsnefndin hefur haldið marga fundi, þar sem samræming virkjunarframkvæmdanna og fjármálastjórn hefur verið helst á dagskrá. Fundirnir hafa verið haldnir í iðnaðarráðuneytinu og stundum á virkjunarstaðnum við Kröflu. Auk nefndarmanna hafa ýmsir sérfræðingar og ráðgjafar aðilanna setið fundina.

Í maí 1976 fékk iðnaðarráðherra Guðmund Einarsson verkfræðing til þess að vera iðnaðarráðuneytinu til aðstoðar varðandi fyrirhugaðar boranir 1976 og vera tengiliður þess við Orkustofnun um gerð verk- og kostnaðaráætlunar borananna.

Störf Guðmundar leiddu til afskipta hans af framkvæmdunum í heild fyrir hönd ráðuneytisins. Sat Guðmundur m. a. alla fundi samstarfsnefndarinnar og tók virkan þátt í umræðum og afgreiðslu ýmissa mála. Guðmundur leitaðist einkum við að hafa áhrif á framgang þeirra verkþátta, sem virtust vera að dragast aftur úr, og stuðla að gerð endurskoðaðra verkáætlana.

Haustið 1976 skipaði iðnaðarráðuneytið öryggisnefnd til þess að hafa umsjón með öryggisráðstöfunum á Kröflusvæðinu vegna eldgosahættunnar sem þar virðist ríkjandi. Nefndin var skipuð fulltrúum Kröflunefndar, Orkustofnunar, Almannavarna ríkisins og Almannavarnanefndar Mývatnssveitar, en Guðmundur skipaður formaður hennar. Nefnd þessi hefur fjallað um ýmsa þætti öryggismála, m. a. skyndibrottflutning starfsmanna af Kröflusvæði ef hættuástand skapast, brottflutning verðmæta af svæðinu vegna eldgoss, hraunflóðvarnir o. m. fl.

Þá skal að lokum nefna skipun 3ja manna nefndar iðnaðarráðuneytisins 21. júlí 1977 til þess að samræma aðgerðir og taka ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir við Kröflu. (Fskj. 5). Páll Flygenring ráðuneytisstjóri var skipaður formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn þeir Karl Ragnars fyrir Orkustofnun og Einar Tjörvi Elíasson fyrir Kröflunefnd. Guðmundur Einarsson hefur verið nefndinni til aðstoðar og starfað sem varaformaður hennar. Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi og lagði á ráðin um framkvæmd endurvinnslu borhola sumarið og haustið 1977.

2.3 UNDIRBÚNINGUR OG AÐDRAGANDI VIRKJUNARFRAMKVÆMDANNA.

2.31 Fyrstu störf Kröflunefndar.

Nýskipuð Kröflunefnd hóf þegar störf sín og kom saman á fyrsta fund sinn hinn 17. júlí 1974. Störf nefndarinnar sumarið 1974 miðuðu einkum að því að velja sér ráðgjafarverkfræðinga til hönnunar á véla- og tækjabúnaði virkjunarinnar svo og byggingarmannvirkjum. Einnig að reyna að hafa áhrif á, að tilraunaboranir þær, sem talað er um í greinargerð með frumvarpinu, hæfust sem allra fyrst.

Á fundi nefndarinnar og orkumálastjóra (fskj. 6) kom fram, að nokkur vandkvæði væru á því að fá gufuborinn, sem þá var eini stóri bor landsins, lausan til borana við Kröflu sumarið 1974. Gufuborinn var að borunum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur uppi í Mosfellssveit, og var ekki talið, að hann mundi fást laus fyrr en sumarið 1976.

Kröflunefnd ítrekaði tilmæli sín um, að boranir við Kröflu hæfust strax þetta sumar. Mætti enginn dráttur verða á því ef haga ætti framkvæmdum og öllum undirbúningi í samræmi við lögin og önnur fyrirmæli varðandi Krófluvirkjun. **Orkumálastjóri tjáði nefndinni,** að svokallaður Wabcobor, sem er minni bor, yrði tiltækur síðla sumars eða um haust 1974. Væri þá fyrirhugað að bora tvær rannsóknarholur við Kröflu til þess að kanna betur svæðið þar. Fjárveitingar dygðu til þess að bora tvær slíkar holur eða eina gufuborsholu. **Mundu rannsóknarholurnar veita jafngóðar upplýsingar og stærri holur gufubors með tilliti til þess að dæma um aflgetu og eiginleika svæðisins.** Yrðu rannsóknarboranir þessar til þess að reka endahnútinn á þær forrannsóknir, sem hefðu farið fram á Kröflusvæðinu undanfarin ár.

Kröflunefnd undi þessum málalokum illa og gerði ítrekaða tilraun til þess að fá gufuborinn lausan til borana við Kröflu strax sumarið 1974. Jafnframt var af hálfu nefndarinnar vakin athygli á nauðsyn þess að fá keyptan til landsins nýjan stórvirkan gufubor til borana við Kröflu. Taldi nefndin eðlilegt, að Krófluvirkjun gerðist eignaraðili að slíkum bor. Einnig var bent á þá staðreynd, að Norðlendingar mundu hafa áhuga á að vera sameignaraðilar vegna jarðhitaleitar víða á Norðurlandi.

Svo fór þó, að gufuborinn fékkst ekki laus, en rannsóknarboranir með Wabcobornum á vegum Orkustofnun hófust í ágúst 1974.

Um mánaðamótin ágúst-september sama ár kom ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins til valda. Í sambandi við stjórnarskiptin komu

Kröflunefndarmenn til fundar í iðnaðarráðuneytinu 31. ágúst 1974. Á þeim fundi gaf formaður Kröflunefndar, Páll Lúðvíksson, skýrslu um gang mála varðandi undirbúning að Kröfluvirkjun, svo sem eftirfarandi fundargerð ber með sér:

„Laugardag 31. ágúst 1974, kl. 10.00, komu til fundar á skrifstofu iðnaðarráðherra, Gunnars Thoroddsen, nefndarmenn úr Kröflunefnd, sem skipuð var 21. júní 1974 af þáverandi iðnaðarráðherra, Magnúsi Kjartanssyni til þess að undirbúa jarðgufuvirkjun við Kröflu í S.-Þingeyjarsýslu í samræmi við lög nr. 21 10. apríl 1974. Á fundinum voru Gunnar Thoroddsen iðnaðarráðherra, Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri, Páll Lúðvíksson verkfræðingur, formaður Kröflunefndar, Bragi Þorsteinsson verkfræðingur, varaformaður Kröflunefndar.

Fyrir var tekið:

Kváðust þeir Páll óska að gera ráðherra grein fyrir því, sem aðhafst hefur helst verið á vegum Kröflunefndar, svo og að skýra frá ástandi og horfum eins og þær blasa við nefndinni nú.

1. **Fundir.** Upplýst var, að nefndin hefur haldið sex formlega nefndarfundi frá 17. júlí, auk fjölmargra funda með öðrum aðilum.
2. **Boranir.** Á Kröflusvæðinu er nú í notkun svonefndur Wabcobor (áður á Reykhólum). Er ætlunin, að með þeim bor verði boraðar tvær 1000 m djúpar rannsóknarholur, og mun verkið taka u. þ. b. tvo mánuði. Endanlegar niðurstöður af þeim borunum munu því liggja fyrir um áramót og er þá grundvöllur fyrir því að taka ákvörðun um virkjunina. Ef þá horfir sem ætla má, er áformað að bora 15 holur fyrir 55 MW virkjun og er þá miðað við meðalorkugjöf þá, er holur í Námaskarði hafa gefið.
3. **Hönnun.** Meðal verkefna Kröflunefndar er að láta hanna jarðgufuaflstöðina, ásamt nauðsynlegum búnaði, þar með talin spennustöð með 132 kV eftirspennu. Háspennulínur frá stöðinni eru um sinn faldar öðrum aðilum. Hönnunartími er áætlaður u. þ. b. fjórir til sex mánuðir. Þar af tekur gerð útboðsgagna um þrjá mánuði. Fullnaðarhönnun getur að sjálfsögðu ekki átt sér stað fyrr en að lokinni ákvörðun um val véla. Hönnunaraðili hefur ekki verið ákveðinn. Leitast mun verða við að fela innlendum aðilum hönnunina, þá e. t. v. í samstarfi við erlenda aðila. Helstir koma hér til greina verkfræðifyrirtækin Virkir h.f. og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. Rætt hefur verið um, að fyrirtækin sameinuðust um verkefnin. Hvað áhrærir vélbúnað og þess háttar hefur Orkustofnun á að skipa helstum sérfræðingum, svo sem Karli Ragnars verkfræðingi. Aðra sérfræðinga á þessu sviði mætti nefna Guðmund Björnsson prófessor og Valdimar Jónsson prófessor.
4. **Kostnaðaráætlun.** Að lokinni þeirri hönnun, sem að framan getur, er ætlunarverk Kröflunefndar m. a. að gera fullnaðaráætlun um stofnkostnað, rekstrarkostnað og orkuvinnslugetu stöðvarinnar. Rætt hefur verið um, að stöðin yrði 55 MW, en þarna mun ekki vera um bindandi stærð að ræða. Upphaflega kom þessi tala inn í skýrslur, þar sem miðað var við aðstæður í Námafjalli og stærstu einingu af túrbínum. Hjá nefndinni hefur komið fram, að af ýmsum ástæðum væri e. t. v. réttara að virkja fleiri en eina einingu, t. d. tvær minni einingar, og flýta þar með t. d. fyrri einingunni, svo orkuverið kæmist fyrr í gagnið. Á vegum Orkustofnunar hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir fyrir 8, 12, 16, og 55 MW jarðgufuaflstöðvar miðað við verðlag í september 1973 (fskj. I, 17). Þar hefur stofnkostnaður fyrir

55 MW aflstöð verið áætlaður um 1500 millj. kr., en árlegur rekstrarkostnaður um 185 millj. kr.

5. **Útboð.** Nefndinni hefur verið falið að annast útboð, þar með talin gerð útboðslýsinga á þeim mannvirkjum, vélum og búnaði, sem til stöðvarinnar þarf. Jafnframt er í verkahring Kröflunefndar að rannsaka þau tilboð sem berast og gera tillögur til iðnaðarráðuneytisins um hverju þeirra skuli tekið, svo og að annast eftir nánari fyrirmælum ráðuneytisins samninga við verktaka.
6. **Nýting heita vatnsins.** Ráðherra spurðist sérstaklega fyrir um það, hvort gerðar hefðu verið áætlanir um nýtingu heita vatnsins, sem kæmi upp úr borholunum við Kröflu. Kom fram, að ekki hefðu verið ákveðnar ráðagerðir um nýtingu vatnsins, m. a. vegna hversu langt væri til byggða. Þá hefði lauslega verið rætt um hitaveitu fyrir Akureyri, en þangað væri um 100 km löng leiðsla og ylli það bollaleggingum um hitatap. Ráðherra taldi æskilegt, að þetta atriði yrði kannað sérstaklega.
7. **Borar og borun.** Fram kom að bora þyrfti um 15 holur fyrir virkjunina. **Væru borunarmálin það eina, sem virkilega gæti tafið framkvæmdir.** Gert er ráð fyrir, að bortími við þessar 15 holur verði um 3 ár, enda stæðist það á endum, að líklegur framkvæmdatími svo og afgreiðslutími véla og búnaðar færi saman. Mest aðkallandi væri því að tryggja sér gufubor sem fyrst. Gufuborinn, sá eini sinnar tegundar hérlendis, er bundinn á Reykjavíkursvæðinu fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, og það, sem helst bindur hann í Reykjavík, eru samningar við nágrannasveitarfélög. Fram kom, að Innkaupastofnun hefur boðið út nýjan bor fyrir Orkustofnun, bor sem borar 3—4 km. Tilboð verða opnuð 3. september. 17 aðilar hafa sótt útboðsgögn og þar af eru 11 aðilar, sem Orkustofnun gaf Innkaupastofnun ríkisins upp, allir í Bandaríkjunum. Eftir 3. sept. kemur betur í ljós verð og afgreiðslutími á nýjum bor. Um leigu eða kaup á notuðum bor þyrfti hins vegar að kanna sérstaklega.*)
8. **Eignaraðild að bor.** Til umræðu hafði komið á vegum nefndarinnar, að gufuvirkjunin yrði eignaraðili að gufubor. Fyrir því væri mikill áhugi Norðlendinga, verkefnin væru nóg og ástand í orkumálum norðanlands hörmulegt. Á því tímabili, uns Kröfluvirkjun kæmist í gagnið, yrði að treysta á dísilstöðvar.
9. **Vinnsla gufunnar.** Ekkert lægi fyrir beint um það, hver ætti að vinna gufuna. Hlutverk Orkustofnunar í því efni væri ekki ljóst skilgreint.
10. **Norðurlandsvirkjun.** Um eignaraðild jarðgufuvirkjunarinnar við Kröflu segir í 1. gr. laga nr. 21 1974, að ríkisstjórninni væri heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu o. s. frv. Sérstökum aðilum hefur verið falið að athuga þessi mál, þ. e. aðild og stofnun að Norðurlandsvirkjun. Eru viðræður í gangi undir forustu Jakobs Gíslasonar fyrrv. orkumálastjóra. Að lokum var brýn nauðsyn talin á að fá gufubor sem fyrst norður. Verður haft samband við gufuborsstjórn, Orkustofnun og aðra þá aðila, er þar gætu komið til, um hvaða leiðir ætti að fara í þessum efnum. Einnig þyrfti að ráða hönnunaraðila sem fyrst.“

*) Afgreiðslufrestur á nýjum borum reyndist svo langur að útilokað var að taka neinu tilboðanna. Iðnaðarráðherra fól Orkustofnun að kanna þegar möguleika á að kaupa góðan, notaðan gufubor. Varð það að ráði að festa kaup á Jötni síðari hluta árs 1974, og kom hann til landsins snemma árs 1975.

2.32 Val ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar.

Störf Kröflunefndar haustmánuðina 1974 einbeindust að því að leita uppi hæfa ráðgjafarverkfræðinga til þess að taka að sér hönnun fyrirhugaðrar jarðgufuaflstöðvar við Námafjall eða við Kröflu og gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlana. Af hálfu nefndarinnar var lögð áhersla á, að þáttur íslenskra ráðgjafarverkfræðinga í hönnun gufuvirkjunarinnar yrði sem mestur. Óhjákvæmilegt var þó talið að kveðja til erlenda sérfræðinga, þ. e. ráðgjafarfyrirtæki, á þessu sviði til aðstoðar. Af íslenskum verkfræðifyrirtækjum voru fyrirtækin Virkir h.f.og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. helst talin koma til greina.

Eftir viðræður við þessa ráðgjafaraðila var að lokum ákveðið að fela Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f. í Reykjavík í samvinnu við verkfræðifyrirtækið Rogers Engineering Co. í San Francisco að taka að sér ráðgjafarstörf vegna undirbúnings og hönnunar jarðgufuvirkjunarinnar. Var jafnframt óskað eftir, að fulltrúar þessara fyrirtækja kæmu til viðræðna við Kröflunefnd í byrjun nóvember.

Í byrjun nóvember 1974 varð sú breyting á störfum nefndarinnar, að Páll Lúðvíksson óskaði eftir því að verða leystur undan formennsku í nefndinni. Með bréfi 5. nóv. 1974 (fskj. 7) skipaði iðnaðarráðherra Jón G. Sólnes formann og framkvæmdastjóra nefndarinnar. Jafnframt var það ítrekað, að nefndin skyldi hraða undirbúningi virkjunarinnar eftir föngum.

Þann 13. nóvember 1974 var svo haldinn fundur Kröflunefndar og fulltrúa Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og fulltrúa Rogers Engineering Co., Inc., ásamt áheyrnarfulltrúum bæði frá Orkustofnun og öðrum aðilum, sem nefndin hafði kvatt sér til ráðuneytis. (Fskj. 8). Fulltrúar VST (Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens) lögðu fram uppkast að hönnunarsamningi svo og samningi, sem þeir höfðu undirritað um samvinnu milli VST og Rogers Engineering Co. Inc. Fulltrúar Kröflunefndar spurðust fyrir um þá tímaáætlun, sem ráðgjafarverkfræðingar hygðust vinna eftir. Sigurður Sigfússon verkfræðingur VST gerði grein fyrir fyrirhuguðum tímaáætlunum vegna byggingar jarðgufuaflstöðvarinnar, þ. e. hluta Kröflunefndar. Taldi hann, að undirbúnings- og byggingartími virkjunarinnar mundi spanna yfir tímabilið frá 1. febrúar 1975— 1. mars 1978. Tímaáætlunin var annars hugsuð á eftirfarandi hátt:

a. 1. febrúar 1975. Skýrsla Orkustofnunar um Kröflusvæðið liggur fyrir.
b. 1. maí 1975. Útboðsgögn véla liggja fyrir.
c. 1. júlí 1975. Opnun tilboða í aðalvélar.
d. 1. september 1975. Pöntun aðalvéla.
e. 1. september 1977. Afhending véla.
f. . 1. mars 1978. Uppsetningu lokið.
g. 1. maí 1978. Prófkeyrslu lokið.
h. 1. september 1978. Orkuverið tekið í notkun.

Var talið, að allt þyrfti að ganga snurðulaust, ef þessar áætlanir ættu að standast.

Fulltrúar Kröflunefndar spurðust fyrir um upplýsingar um sams konar orkuver og fyrirhugaða jarðgufuaflstöð við Kröflu. Urðu fulltrúar bandarískra ráðgjafarfyrirtækisins fyrir svörum. Kváðust þeir hafa unnið að hönnun líkra orkuvera í Kaliforníu, en þar hafa verið virkjaðar alls 8 jarðgufuaflseiningar, sem samtals eru um 500 MW. Fulltrúi fyrirtækisins, Rogers jr., tjáði, að fyrirtæki þeirra hefði mjög víðtæka reynslu í sambandi við undirbúning og byggingu orkuvera, bæði á sviði kjarnorku og varma-

orku og svo jarðvarmaorku. Væru þeir m. a. að vinna að undirbúningi jarðgufuaflstöðvar í Filippseyjum, sem yrði með líku sniði og fyrirhuguð Kröfluvirkjun.

Var nú rætt um hver væri líklegur afgreiðslufrestur aðalaflvéla til Kröfluvirkjunar. Kom fram af hálfu bandarísku fulltrúanna, að líklegt væri, að afhendingarfrestur mundi vera um 18 mánuðir frá því, að samningar væru undirritaðir. Bandarísku fulltrúarnir voru einnig spurðir um það, hvernig hefði gengið að afla tilboða í vélbúnað virkjunarinnar í Filippseyjum. Kom fram, að í alþjóðlegu útboði hefðu aðeins 5 framleiðendur treyst sér til að bjóða í vélbúnaðinn. Af þeim hefðu aðeins tveir framleiðendur, þ. e. Toshiba og Mitsubishi í Japan, boðið fjármögnun með vörukaupalánum. Kom enn fremur fram, að japönsku framleiðendurnir væru líklegastir til þess að koma með hagstæð tilboð, bæði hvað varðaði verð og afgreiðsluskilmála svo og tæknileg atriði. Ýmsir framleiðendur, sem áður hafa fengist við smíði gufuhverfla fyrir jarðgufu, svo sem bæði ítalskir framleiðendur og enskir, höfðu ekki treyst sér til að bjóða í vélabúnað virkjunarinnar í Filippseyjum. Ástandið á hinum alþjóðlega markaði benti eindregið til þess, að í rauninni væru aðeins sárafá fyrirtæki undir það búin að afgreiða gufuhverfla fyrir jarðgufuaflstöð. Virtust japönsku fyrirtækin standa sterkast að vígi í þessu efni.

Bandarísku fulltrúarnir voru nú inntir eftir því, hversu miklar upplýsingar um jarðhitasvæðið væru nauðsynlegar til þess, að hægt væri að nálgast framleiðendur og afla tilboða og upplýsinga um verð aðalaflvéla. Varð James Kuwada, fulltrúi Rogers Engineering, fyrir svörum og taldi, að strax og áreiðanlegar upplýsingar um t. d. hitastig svæðisins, gasmagn og botnhitastig borhola lægju fyrir væri hægt að bjóða út eða afla tilboða í aðalaflvélar. Jafnvel þótt þær upplýsingar væru ekki hinar endanlegu gerði það ekki til, þar sem á smíðatíma vélanna væri auðvelt að gera þær smábreytingar, sem þyrfti til þess að aðlaga þær breyttum aðstæðum.

Fundarmenn ræddu nú þann möguleika, að hægt væri að undirbúa upplýsingaöflun frá vélaframleiðendum á grundvelli þeirra upplýsinga, sem lægju fyrir um ástand jarðhitasvæðisins í Námafjalli. Bent var á, að mismunur gæti verið á efnafræðilegri samsetningu vatns og gufu, sem fyndist í Námafjalli og svo í Kröflu. Ekki var þó búist við, að sá mismunur kæmi til með að skipta máli. Bandarískí fulltrúinn, Roger jr., tók undir þessi orð og kvað þetta að öllum líkindum ekki skipta neinu verulegu máli.

Var nú rætt um, hvort virkjunin skyldi byggð sem ein 55 MW afleining eða hvort æskilegra væri að skipta henni upp í tvær minni. Svöruðu bandarísku fulltrúarnir því til, að mun hagstæðara væri að byggja virkjunina sem tvær minni afleiningar. Það væri bæði hægt að flýta uppsetningu fyrri einingarinnar meir en einnar stórrar og svo væri rekstraröryggi virkjunarinnar mun meira, ef hún væri byggð með tveimur afleiningum.

Einnig var spurt um, hve mikill tími mundi sparast, ef reynt yrði að leita til þeirra vélaframleiðenda, sem ráðgjafarverkfræðingarnir teldu líklegasta til að hafa áhuga á því að framleiða og selja vélar til virkjunarinnar, í stað þess að undirbúa opið alþjóðlegt útboð. Svöruðu bandarísku fulltrúarnir því til, að hægt yrði að spara um 6—8 mánaða tíma svo og kostnað.

Var nú hafist handa af hálfu beggja aðila að undirbúa gerð samnings um hönnunina. Unnu fulltrúar ráðgjafarverkfræðinganna og fulltrúar Kröflunefndar þetta verk hvorir um sig og komu síðan saman á fundum til að samræma og ná samkomulagi um ýmis atriði samningsins.

Um miðjan nóvember 1974 komu hingað til lands fulltrúar japanska vélafyrirtækisins Toshiba, og óskuðu fulltrúar þessa fyrirtækis eftir því að fá að eiga viðræður við tæknimenn Kröflunefndar og fulltrúa Orkustofnunar um fyrirhugaðar virkjun-

arframkvæmdir við Kröflu eða Námafjall. Japönsku sendifulltrúarnir sýndu teikningar af gufuhverflum og skýrðu hugmyndir sínar um heppilegar aflvélar svo og annan tækjabúnað fyrir virkjun þá, sem fyrirhuguð væri við Kröflu eða Námafjall.

Þess skal getið hér, að þegar unnið var að gerð skýrslu um gufuaflsvirkjun við Kröflu eða Námafjall á vegum Orkustofnunar 1972 og 1973 (fskj. I, 16 og 17), var haft samband við mjög marga vélaframleiðendur, sem taldir voru líklegir til þess að hafa áhuga á aflvélum jarðgufuaflstöðvarinnar. Var fyrirtækið Toshiba einn af þeim aðilum, sem þá hafði sýnt málinu mikinn áhuga.

Japönsku fulltrúarnir kváðust vera reiðubúnir til að skila fullkomnum tæknilegum upplýsingum ásamt bindandi verðtilboði í allan vélbúnað og raftækjabúnað jarðgufuaflstöðvarinnar innan mánaðar frá fundinum, sem var haldinn í húsakynnum Orkustofnunar 15. nóvember. Töldu fulltrúar Toshiba, að ef gengið yrði til samninga við fyrirtæki þeirra á grundvelli tilboðs, sem kæmi fram um miðjan desember n. k., væri hægt að lofa afhendingu véla og tækjabúnaðar til virkjunarinnar seint á árinu 1976.

Það má segja, að þessar óvæntu upplýsingar hafi valdið algerum þáttaskilum í undirbúningi jarðgufuaflstöðvarinnar. Sú staðreynd blasti nú skyndilega við, að hægt væri að stefna að uppsetningu véla og rafbúnaðar í jarðgufuaflstöðinni fyrir árslok 1976 og þar með að rafmagnsframleiðslu þegar á árinu 1977. Engan hafði áður órað fyrir því, að þetta kynni að vera framkvæmanlegt. Svo virðist sem hinir stóru vélaframleiðendur í Japan hafi veturinn 1974—75 verið fremur verkefnalitlir, væntanlega af völdum olíukreppunnar, og því hægt að fá óvenju hagstæð viðskiptakjör hjá þeim þennan vetur.

Þessar nýju upplýsingar um svo stuttan afgreiðslutíma aflvéla voru kynntar fulltrúum VST á fundi 16. nóvember. Hin nýju sjónarmið voru rædd og um það fjallað, hvort væri hyggilegt að taka tilboði Toshiba um að gera samning um smíði og afhendingu höfuðvélbúnaðar virkjunarinnar, án þess að nokkurt útboð hefði farið fram. Virtist það þó vera mjög álitlegt, þar sem byggingartími virkjunarinnar yrði mun styttri. Var samþykkt, að þessi mál skyldu könnuð rækilega áður en nokkuð endanlegt yrði ákveðið.

Á sérstökum fundi sérfræðinga og verkfræðinga Kröflunefndar ásamt fulltrúa frá Orkustofnun voru þessi mál tekin til umræðu. Á fundinum voru útboðsmálin vegna aðalaflvélanna rædd rækilega svo og önnur tæknileg vandamál vegna hönnunar og byggingar virkjunarinnar. Varð niðurstaðan sú, að ekki væri rétt að taka tilboði Toshiba. Væri ráðlegra að afla upplýsinga frá fleiri framleiðendum, sem gætu afgreitt aðalvélbúnað virkjunarinnar innan þess tíma, sem eðlilegur gæti talist miðað við hinar nýju upplýsingar, þ. e. fyrir árslok 1976. Var ákveðið að leggja til við Kröflunefnd, að ráðgjafarverkfræðingunum yrði falið þetta verk. Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem höfðu fengist hjá fulltrúum Toshiba, var talið nægjanlegt að gefa frest til 15. janúar þeim fyrirtækjum, sem hygðust bjóða fram tillögur um aðalaflvélar virkjunarinnar.

Með þessum fyrirmælum var gengið frá hönnunarsamningi milli Kröflunefndar, f. h. iðnaðarráðuneytisins, og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f. í félagi við Rogers Engineering Co. Inc. í San Francisco. Var samningurinn undirritaður hinn 21. nóvember 1974. (Fskj. 9).

Nokkru seinna eða í lok nóvember voru hér á ferð fulltrúar vesturþýska fyrirtækisins AEG-Kani. Lýstu þeir yfir áhuga sínum á því að framleiða og selja gufuhverfla fyrir jarðgufuaflstöðvar. Þeir kváðust ekki hafa reynslu af jarðgufuhverflum, en fyrirtæki þeirra væri heimsþekkt í sambandi við smíði á alls kyns gufuhverflum. Var samþykkt, að þeim skyldu send öll útboðsgögn varðandi aflvélarnar.

2.33 Kaup aðalaflvéla Kröfluvirkjunar.

Ráðgjafarverkfræðingarnir tóku þegar til starfa í samræmi við þann samning, sem gerður hafði verið milli þeirra og Kröflunefndar. Var fyrsti verkþáttur samkvæmt samningnum sá að afla upplýsinga hjá líklegum vélaframleiðendum um afhendingartíma, verð og tæknileg atriði varðandi aðalaflvélar virkjunarinnar. Skyldi aðeins haft samband við þá vélaframleiðendur, sem talið var að mundu hafa áhuga og getu til þess að afgreiða vélarnar innan þess tíma, sem rætt hafði verið um.

Var bandarísku aðilunum, þ. e. a. s. Rogers Engineering, falið að sjá um að koma þessum upplýsingum á framfæri svo og að velja þá framleiðendur, sem leitað yrði til, að höfðu samráði við VST og Kröflunefnd. Óskaði nefndin síðar eftir, að fleiri vélaframleiðendum yrði gefinn kostur á að taka þátt í þessu útboði, m. a. fyrirtækinu AEG-Kani.

Bréf dagsett þann 2. des. 1974 (fskj. 10) með tæknilegum fyrirspurnum og öðrum skilmálum var síðan sent 9 vélaframleiðendum um allan heim frá skrifstofu Rogers Engineering í San Francisco. Voru þeir beðnir að veita tæknilegar upplýsingar og gera verðtilboð í tvær 20—30 MW jarðgufuaflvélar svo og 50 MW aflvélar fyrir 15. janúar 1975.

Rétt fyrir jólin 1974 komu svo fulltrúar japanska fyrirtækisins Toshiba til Íslands og óskuðu eftir að kynna fyrirtæki sitt og tæknilega getu til þess að afgreiða allan vélabúnað í jarðgufuaflstöðina. Þar sem þá hafði verið ákveðið að veita framleiðendum frest til 15. janúar að senda inn upplýsingar sínar var ákveðið, að Toshiba mundi ekki birta tilboð sitt að svo stöddu, heldur skyldi því skilað inn á sama hátt og tilboðum annarra framleiðenda.

Í byrjun árs 1975, eða fyrri hluta janúarmánaðar, komu hingað til lands fulltrúar japanska stórfyrirtækisins Mitsubishi. Óskuðu þeir á sama hátt og fulltrúar Toshiba áður að skýra fulltrúum Kröflunefndar og ýmsum öðrum aðilum hérlendum frá fyrirtæki sínu og reynslu þeirra á sviði framleiðslu á gufuhverflum fyrir bæði olíukyntar rafstöðvar svo og jarðgufuaflstöðvar. Kom þar fram, að fyrirtækið hafði allgóða reynslu á sviði jarðgufuaflstöðva. Hafði fyrirtækið nýlega verið valið sem framleiðandi að aðalaflvélunum fyrir jarðgufuaflstöð í Filippseyjum. Fulltrúar Mitsubishi voru spurðir um afgreiðslutíma á aflvélunum, og töldu þeir, að hann gæti stytstur orðið 16 mánuðir. Þá áætluðu þeir flutningstíma frá höfn í Japan til hafnar í Vestur-Evrópu innan við 2 mánuði. Þeir voru einnig spurðir um afgreiðslutíma annarra hluta, svo sem eimsvala, spennubreyta, stjórntækja og rofabúnaðar, og fullyrtu fulltrúar Mitsubishi, að afgreiðslutími allra annarra hluta væri styttri en afgreiðslutími aðalaflvélanna.

Þeir voru síðan spurðir um ýmislegt varðandi fyrirkomulag og val tækja. Töldu fulltrúar Mitsubishi sig hafa næga reynslu til að ráðleggja heppilegustu og hagkvæmustu tæki hverju sinni í samvinnu við ráðgjafa, ef óskað væri, en annars á eigin spýtur.

Rætt var almennt um þær stöðvar, sem Mitsubishi hefur byggt í Japan, einkum stöðina í Otake, sem hefur verið í notkun frá 1967. Var spurt um fjölmörg atriði varðandi rekstur og fyrirkomulag, reynslu af efnum og tækjum, og veittu fulltrúar Mitsubishi greið svör við öllum spurningum um þessi atriði.

Hinn 18. janúar 1975 var haldinn fundur í Kröflunefnd (fskj. 6) og var til umræðu tilboð vélaframleiðenda, sem þá höfðu borist eða voru á leiðinni.

Sigurður Sigfússon frá VST var á fundinum og sagði hann frá niðurstöðu athugana á útvegun aðalaflvéla fyrir virkjunina. Mitsubishi hefði sent skeyti um, að tilboð þeirra mundi berast á mánudag, 20. janúar. General Electric hefði einnig tilkynnt, að

tilboð þeirra væri á leiðinni. Toshiba hefði sent útdrátt tilboðs síns. English Electric hefði ekki svarað. AEG hefði skilað gögnum til VST. Fyrirtækið Gruppo Industrial Elektro Mekanik hefur málið til athugunar, en óskar eftir 3 mánaða fresti. Stal Laval hefur greint frá því, að þeir geti fyrst gefið tilboð 1979. Japanska fyrirtækið Kawasaki hefur sent skeyti með útdrætti tilboðs síns, lokagögnum er lofað fyrir janúarlok. Brown Boweri hefur ekki svarað.

Á fundinum gerði Sigurður Sigfússon einnig grein fyrir bréfi VST til Kröflunefndar, dags. 20. desember 1974, en þar er bent á, að með hinum stutta afhendingartíma á aðalaflvélum, sem nú virðist mögulegur, er nauðsynlegt að hefja undirbúning byggingarframkvæmda sem fyrst. Finna þarf hæfan verktaka og koma upp vinnubúðum fyrir um 150 manna starfslið. Þá var rætt um, að nauðsynlegt væri að leggja bráðabirgðaraflínur til virkjunarstaðarins og einnig þyrfti að huga að vegalagningu að virkjunarstað. Sömuleiðis var að því vikið (S. S. /VST), hvort ekki væri rétt að fara að huga að hönnun gufuaðveitu fyrir virkjunina. Væri eðlilegast, að ráðgjafar Kröflunefndar tækju það verk að sér. Ályktaði Kröflunefnd, að aðveitukerfi jarðgufuaflstöðvarinnar væri óaðskiljanlegur hluti hennar og félli hönnun þess undir hönnun stöðvarinnar.

Í lok janúar 1975 höfðu ráðgjafarverkfræðingarnir kannað tilboð þau, sem borist höfðu frá vélaframleiðendum í smíði og afhendingu aðalaflvéla virkjunarinnar. Alls bárust 14 tilboð frá fyrirtækjunum AEG í Þýskalandi, General Electric í Bandaríkjunum og japönsku fyrirtækjunum Kawasaki, Mitsubishi og Toshiba. Í töflunni hér á eftir er sýnt yfirlit yfir öll tilboðin.

Seinni hlutann í janúar 1975 var Kröflunefnd afhent uppkast að skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir við Kröflu sumarið og haustið 1974. (Fskj. I, 19). Ráðgjafarverkfræðingar Kröflunefndar fengu þá nákvæmari upplýsingar um hitastig, efnisinnihald, gasmagn o. fl. úr rannsóknarholunum við Kröflu. Var því hægt að nýta þessar upplýsingar í samningaviðræðunum við vélaframleiðendur, sem nú fóru í hönd.

Yfirlit yfir tilboð í aðalvélar.
(Útboð nr. 17–101)

Framleiðandi	AEG		General Electric				Kawasaki		Mitsubishi			Toshiba		
Tillaga	1	2	1	2	3	4	1	2	1	2	3	1	2	3
Stærð véla (MW)	30,8	30,8	30	30	50	49	29	29	30	30	50	25	30	30
Fjöldi véla	2	2	2	2	1	1	2	2	2	2	1	2	2	2
Gerð véla*	SF	DF	SF	DF	SF	DF	SF	DF	SF	DF	DF	SF	SF	DF
Verð FOB (millj. U.S.$)	4,3	5,1	7,4	9,1	3,9	4,7	6,5		4,5	5,0	3,6	3,8	4,3	4,8
Afgreiðslutími	18/		24/	27/	24/	27/	12/	14/	14/	14/	18/	14/	14/	15/
FOB (mán.)	20		25	28	25	28	13	15	16	16	19	16	16	17

* SF táknar einþrýstivél
DF táknar tvíþrýstivél.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem nú lágu fyrir, óskuðu ráðgjafarverkfræðingarnir eftir því að fá að kalla fulltrúa hinna tveggja japönsku fyrirtækja, Mitsubishi og Toshiba, til Íslands til viðræðna, enda töldu þeir, að tilboð þessara fyrirtækja væru hagstæðari en hinna. Var samþykkt, að fulltrúar þessara fyrirtækja skyldu koma við fyrsta tækifæri til Íslands til viðræðna. Yrði þá reynt að ganga frá samningsskilmálum,

bæði varðandi verð og afhendingartíma, svo og tæknilega gerð og búnað vélanna eftir nánari fyrirmælum ráðgjafarverkfræðinganna.

Bæði fyrirtækin, þ. e. Toshiba og Mitsubishi, sendu fulltrúa sína til Íslands. Ráðgjafarverkfræðingar kröflunefndar áttu með þeim fjölmarga fundi og krufu tilboð þeirra til mergjar. Var oft um að ræða, að breytinga var þörf vegna nýrra upplýsinga svo og að ráðgjafarnir kröfðust efnismeiri hönnunar. Þetta hafði að sjálfsögðu áhrif á lokaupphæðir, þ. e. kostnað.

Í byrjun febrúar var búið að gera fullkominn tæknilegan samanburð á tilboði Toshiba og Mitsubishi, bæði hvað snerti verð, afhendingartíma og tæknileg atriði, sem nú höfðu verið samræmd. Ráðgjafarverkfræðingarnir töldu í lokaumsögn sinni til Kröflunefndar (fskj. III, 22), að tilboð japanska fyrirtækisins Mitsubishi væri hagstæðara, einkum hvað snerti tæknileg atriði. Verð og afhendingarskilmálar voru hins vegar svipaðir hjá báðum fyrirtækjunum. Var því betri tæknilegur búnaður aflvélanna hjá Mitsubishi þyngstur á vogarskálunum.

Kröflunefnd óskaði eftir umsögn óháðra aðila um tilboð Toshiba og Mitsubishi. Var ráðgjafarfyrirtækjunum Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, Verkfræðistofu Jóhanns G. Indriðasonar og Verkfræðistofu Baldurs Líndals falið að yfirfara útboðsgögn svo og verð og afhendingartíma. Komust þessi þrjú ráðgjafarfyrirtæki að svipaðri niðurstöðu og hinir samningsbundnu ráðgjafar Kröflunefndar, þ. e. a. s. að tilboð Mitsubishi væri að öðru jöfnu hagstæðast (fskj. 11). Þess skal þó getið, að fulltrúar þessara þriggja óháðu verkfræðistofa höfðu ekki aðgang að eins fullkomnum upplýsingum og hinir eiginlegu hönnunaraðilar. Nefndin ákvað því, að höfðu samráði við ráðgjafa sína og iðnaðarráðherra, að undirrita kauploforð ("letter of intent") til Mitsubishi Heavy Industries Ltd. um kaup á tveim 30 MW aflvélasamstæðum ásamt fylgihlutum með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans. Var bréfið undirritað 7. febrúar 1975. (Fskj. 12).

Ekki leikur vafi á, að verð og afhendingarskilmálar, sem náðust í þessum samningum, voru óvenju hagstæðir. Bandarísku ráðgjafarnir, Rogers Engineering Co., töldu, að þetta væru bestu samningar, sem þeir hefðu staðið að um 10 ára skeið. Var hér örugglega um að ræða áhrif olíukreppunnar eins og áður hefur verið vikið að.

Til loka febrúarmánaðar fóru fram ýmsar viðræður milli fulltrúa Kröflunefndar og ráðgjafa hennar varðandi vélakaupin. Fulltrúi Orkustofnunar óskaði eftir að taka þátt í umræðum um tæknilega gerð vélanna, og kom þá fram það álit stofnunarinnar, að valdar skyldu einþrýstivélar í stað tvíþrýstigufuaflsvéla. Í frumáætlunum um Kröfluvirkjun eða Námafjallsvirkjun hafði verið gert ráð fyrir einþrýstivélum. Þetta álit Orkustofnunar var síðan staðfest með bréfi til iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. febr. 1975. (Fskj. 13). Það var hins vegar samdóma álit ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar, að tvíþrýstiaflvélin, sem hafði verið valin, hefði það marga kosti fram yfir einþrýstivélina, að eðlilegt hefði verið að velja hana sem aðalaflvél virkjunarinnar og hanna virkjunina með tilliti til þess. (Fskj. 14).

Hinn 18. febrúar 1975 kynnti Orkustofnun skýrslu sína um rannsóknarboranir við Kröflu haustið 1974 á hátíðlegum fundi á Hótel Loftleiðum að viðstöddum fulltrúum Kröflunefndar, iðnaðarráðuneytisins, Náttúruverndarráðs auk annarra gesta. Orkumálastjóri gerði grein fyrir skýrslunni. (Fskj. I, 19). Kemur þar m. a. fram, að Kröflusvæðið sé hæft til virkjunar og mun álitlegra en Námafjallssvæðið, enda talið tífalt stærra. Niðurstaða rannsóknarborananna og annarra rannsókna á Kröflusvæðinu er sú, að það standi undir 50—60 MW gufuvirkjun og hugsanlegri stækkun síðar. Mælt er með því, að hafist verði handa um að bora vinnsluholur í Kröflu þegar

sumarið 1975. Umhverfisvandamál eru enn fremur talin minni við virkjun Kröflusvæðisins en virkjun Námafjallssvæðisins.

Þann 20. febrúar 1975 boðaði Kröflunefnd til blaðamannafundar á Akureyri, þar sem eftirfarandi fréttatilkynningu var dreift og skýrð út fyrir blaðamönnum.

„Fréttatilkynning. Síðastliðið haust var gengið frá samningi við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s.f., Reykjavík, og Rogers Engineering Inc., San Francisco, um skipulagningu og hönnun verkframkvæmda og öflun tilboða í vélbúnað jarðgufuvirkjunar við Kröflu. Það var strax ljóst, að öflun vélbúnaðar og þá sérstaklega aflvéla til væntanlegs orkuvers mundi taka lengstan tíma og þess vegna ráða hraða byggingarframkvæmda. Kröflunefnd hefur því lagt sérstaka áherslu á að flýta þessum hluta undirbúningsins. Eftir að leitað hafði verið til helstu framleiðenda á þessu sviði og tilboð athuguð, hafa nú verið gerðir samningar við japanska fyrirtækið Mitsubishi um afhendingu á tveimur 30 MW gufuhverfilrafalsamstæðum. Eru samningarnir gerðir með venjulegum fyrirvörum um samþykki hlutaðeigandi stjórnvalda.

Ráðgjafarverkfræðingarnir töldu tilboð Mitsubishis í aflvélarnar vera hagstæðast, enda er um að ræða óvenjulega hagstætt verð og afgreiðsluskilmála.

Heildarsamningsverð er um 890 millj. kr. miðað við núverandi gengisskráningu, miðað við afgreiðslu c.i.f. Húsavík, og er afgreiðslutími fyrri vélasamstæðu 16 mánuðir, en hinnar síðari 18 mánuðir samkvæmt samningnum. Í verðinu eru innifaldir varahlutir fyrir um 130 millj. kr.

Samkvæmt ofanrituðu kemur fyrri vélasamstæðan til landsins í júní 1976 og skal prófun hennar með fullum afköstum vera lokið í október 1976 samkvæmt ákvæðum samningsins.

Ljóst er, að raforkuframleiðsla við Kröflu á að geta hafist síðla árs 1976, ef ekki bilar neinn hlekkur í framkvæmdakeðjunni.

Kröflunefnd mun gera allt, sem í hennar valdi stendur til þess að þetta takist, og miðast allur undirbúningur framkvæmda við þetta takmark.

Kröflunefnd hefur bent yfirvöldum á nauðsyn þess, að hraðað verði lagningu byggðalínu frá Kröflu til Akureyrar, og enn fremur bent á hagkvæmni þess að leggja flutningslínu frá Kröflu til Austurlands. Þá hefur Kröflunefnd unnið að athugun á bráðabirgðavirkjun við Kröflu, sem hugsanlega væri hægt að taka í notkun á þessu ári. Kemur helst til greina að setja upp notaðar gufuaflvélar af stærðinni 5—10 MW, ef slíkar vélar væru fáanlegar. Ýmsir aðilar hafa haft þetta mál til athugunar, en því miður hefur enginn árangur náðst enn. Kröflunefnd barst vitneskja um tvær notaðar 5 MW gufuaflvélar í Kaupmannahöfn, sem Rafmagnsveita Kaupmannahafnar vildi selja. Því miður fékkst ekki leyfi borgaryfirvalda til sölunnar. Kröflunefnd mun fylgjast náið með því, hvort slík bráðabirgðalausn geti komið til greina, og halda áfram athugunum á því máli meðan tíminn leyfir."

Í mars 1975 ritaði Orkustofnun bréf til iðnaðarráðuneytisins (fskj. 15) og greindi frá áhyggjum sínum vegna þess, að of hratt væri farið af stað. Var vísað til óvissunnar um gufuöflun og vinnslueiginleika svæðisins, þ. e. við Kröflu, þótt áhættan væri að vísu ekki talin mikil. Þessi sjónarmið Orkustofnunar komu í fyrsta sinn fram á fundi með Kröflunefnd og fleiri aðilum í iðnaðarráðuneytinu 3. mars 1975.

2.34 Gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlana. Val byggingarverktaka.

Á næstu mánuðum, sem nú fóru í hönd, var fyrst og fremst unnið af hálfu ráðgjafaraðilanna að hönnun og gerð skýrslu um jarðgufuaflstöð við Kröflu og að gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlunar. Samtímis því var hafinn undirbúningur að gerð útboðsgagna fyrir hinar ýmsu vélar og tækjabúnað, sem þyrfti til virkjunarinnar umfram aðalaflvélarnar. Einnig var haldið áfram að ganga endanlega frá tæknilegum skilmálum varðandi smíði aðalaflvélanna, enda ekki búið að gera samninga um smíði þeirra enn þá, þótt kauploforð hefði verið undirritað. Jafnframt fóru fram viðræður við ýmsa aðila, m. a. Orkustofnun, iðnaðarráðuneytið og Náttúruverndarráð um endanlegan virkjunarstað. Virtust öll rök hníga að því, að Kröflusvæðið yrði fyrir valinu, enda af flestum aðilum talið mun álitlegra og heppilegra til virkjunar en svæðið austan Námafjalls.

Í byrjun apríl 1975 voru ráðgjafarverkfræðingar Kröflunefndar komnir á lokastig með að gera skýrslu um öll helstu tæki og búnað virkjunarinnar. (Fskj. 16). Kom skýrslan út 15. apríl, en henni fylgdi framkvæmda- og kostnaðaráætlun, sem lögð skyldi til grundvallar byggingarframkvæmdunum. Var talið, að heildarkostnaður við virkjunina, þ. e. Kröflunefndarhlutann, mundi nema um 26 millj. dollara.

Nokkru fyrr eða 10. apríl 1975 var búið að ganga frá samningsuppkasti um kaupin á aðalaflvélunum milli Mitsubishi og Kröflunefndar, f. h. iðnaðarráðuneytisins. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 10. apríl var samþykkt að heimila samningsgerðina og voru samningar þá undirritaðir.

Áframhaldandi umræður við Náttúruverndarráð og aðra aðila, sem málið var skylt, fóru nú fram. Kom nú fram af hálfu landeigenda og heimamanna í Mývatnssveit sú hugmynd, að heppilegra væri að virkjuninni yrði valinn staður í Námafjalli austanverðu fremur en á Kröflusvæðinu. Voru haldnir fundir með landeigendum ásamt fulltrúum Kröflunefndar, ráðuneytisins, Náttúruverndarráðs og hönnunaraðila, ásamt fleiri aðilum, sem gátu veitt upplýsingar um málið. Á fundi með iðnaðarráðherra og öllum þessum aðilum, sem haldinn var í Mývatnssveit, 9. maí 1975, fékkst loksins niðurstaða þess efnis, að Krafla skyldi valin sem endanlegur virkjunarstaður. Náðist samkomulag við landeigendur um nauðsynlegar aðgerðir vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda, m. a. efnistöku, vegalagningar o. fl. Var þar með ekki lengur neitt til fyrirstöðu, að vinna við virkjunarframkvæmdirnar gæti hafist.

Svo sem áður var fram komið var nú ljóst, að afhending aðalaflvéla færi fram í byrjun júní 1976 (fyrri vélin) og byrjun ágúst 1976 (seinni vélin). Það var því nauðsylegt að hlutast til um, að byggingarframkvæmdir og jarðvinna gætu hafist eigi síðar en vorið 1975. Þyrfti byggingu stöðvarhússins m. a. að verða nær lokið um mitt ár 1976, eða fyrir afhendingu aðalaflvélanna. Til þess að þetta mætti takast var ljóst, að eigi gæfist tími til þess að bjóða þessi verk út á venjulegan hátt. Það mundi taka marga mánuði og yrði þá ekki hægt að hefja byggingarframkvæmdir fyrr en vorið 1976. Þar með var fallin burt ein af forsendunum fyrir því, að aflvélarnar gætu komið til landsins um mitt ár 1976.

Var því að ráði ráðgjafarverkfræðinganna valin sú leið að kanna, hver af stærstu verktakafyrirtækjum landsins mundu hafa tíma og áhuga, tækjabúnað og aðstöðu til þess að taka þetta verk að sér. Kom fljótt í ljós, að flest hinna stærri verktakafyrirtækja voru mjög upptekin af öðrum verkum og töldu sig ekki hafa tíma né möguleika til þess að sækjast eftir þessu verki sumarið 1975. Var að lokum um aðeins 2 verktakafyrirtæki að ræða, sem töldu sig hafa tíma og möguleika til þess að taka verkið að sér þegar

þetta sumar. Voru það fyrirtækin Miðfell h.f. í Reykjavík og Norðurverk h.f. á Akureyri.

Kröflunefnd fól ráðgjöfum sínum að eiga viðræður við þessi fyrirtæki og kanna rækilega tækjabúnað þeirra og aðstöðu og þar með möguleika til þess að geta tekið þetta verk að sér. Ljóst var, að verkið yrði í því fólgið, að byggingu stöðvarhúss skyldi lokið fyrir mitt ár 1976. Það útheimti aftur á móti, að stöðvarhúsið skyldi gert fokhelt fyrir byrjun vetrar 1975—1976.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens lauk athugunum sínum og gaf Kröflunefnd umsögn um þessa tvo verktaka á fundi Kröflunefndar með fulltrúum VST laugardaginn 17. maí 1975.

Jóhannes Guðmundsson verkfræðingur hjá VST lýsti athugunum og viðræðum, sem höfðu farið fram við fulltrúa þessara tveggja verktaka, og skýrði frá þeim upplýsingum, sem þeir hefðu gefið varðandi tækjabúnað og aðstöðu sína. Var einkum lagt mikið upp úr því af hálfu VST, að fyrirtækin væru vel búin til steypuframleiðslu, enda var það eitt mikilvægasta atriðið, ef takast ætti að byggja stöðvarhúsið á þeim skamma tíma, sem til ráðstöfunar var. Kom fram í athugun á tækjabúnaði fyrirtækjanna, að Miðfell var betur búið en Norðurverk með tilliti til steypuframleiðslu. Báðir þessir verktakar voru nokkuð vel búnir með tilliti til jarðvinnslu og höfðu báðir enn fremur hug á að nýta tæki, sem fáanleg væru í héraðinu, þ. e. a. s. í sýslunni. Báðir aðilar höfðu umráð yfir fullkomnum sprengibúnaði og eins yfir byggingarkrana.

Jóhannes Guðmundsson taldi, að á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fengist hefðu, væri hægt að segja, að Miðfell hefði betri möguleika á því að komast strax í fullan gang við steypuvinnu, sem væri mjög veigamikill þáttur í verkinu. Væru þeir ákveðið betur undirbúnir til verksins hvað snerti allan nauðsynlegan vélabúnað.

Þá var enn fremur rætt um, á hvern hátt fyrirhugaður verktaki gæti haft sem besta samvinnu við heimamenn, þ. e. a. s. minni verktaka í Þingeyjarsýslum. Óskað var eftir því að fá skriflega yfirlýsingu fulltrúa Þingeyinga um, hvaða verktaka þeir teldu líklegan til góðs samstarfs. Kom fram, að þegar hefði verið um samstarf milli hinna þingeysku verktaka og Miðfells h.f. að ræða og hefði það gengið snurðulaust.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem lágu fyrir á fundinum, var það að lokum einróma samþykkt Kröflunefndar, að formanni nefndarinnar skyldi heimilað að ganga frá og undirrita verksamning við Miðfell h.f. (Fskj. 6). Við undirskrift samningsins skyldi liggja fyrir skrifleg umsögn Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um niðurstöður athugana þeirra á hugsanlegum verktökum til verksins, einnig leitað eftir skriflegri yfirlýsingu frá samtökum þingeyskra verktaka um fyrirhugaða samvinnu þeirra við verktakann Miðfell h.f. (Fskj. 17 og 18).

Ingvar Gíslason óskaði eftir eftirfarandi bókun:

„Þrátt fyrir þessa ákvörðun um val verktaka, vil ég taka fram, að ég tel, að Norðurverk h.f. sé hæfur verktaki í þessu sambandi."

Þess skal getið, að áður en þannig var ákveðið að ganga til samninga við Miðfell h.f. um að taka að sér aðalbyggingar virkjunarinnar hafði Miðfelli h.f. verið falið í mars 1975 að annast smíði á vinnubúðum fyrir Kröflunefnd (sjá III. kafla, 3.12). Enn fremur hafði Miðfelli h.f. verið falið að framkvæma jarðvegskönnun með tilliti til fyrirhugaðs stæðis stöðvarhússins.

Samningurinn við Miðfell h.f. var síðan undirritaður 4. júlí 1975, en samkvæmt honum skyldi Miðfell h.f. taka að sér að byggja stöðvarhús jarðgufuaflstöðvarinnar, þró undir kæliturna og sjá um gerð háspennutengivirkis. Ýmis minni háttar verk, svo

sem jarðvinna ýmiss konar, lagning olíumalar m. fl. var einnig innifalið í verksamningnum. (Fskj. 19). Með undirritun hans má segja, að undirbúningi virkjunarframkvæmda væri lokið og vinna við virkjunina hafin af fullum krafti.

Í þessum kafla hefur verið reynt að gera ítarlega grein fyrir aðdraganda að því, að framkvæmdir hófust við Kröfluvirkjun, vegna þess að mjög mikils misskilnings hefur oft á tíðum gætt í skrifum og umræðum um þessi mál. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. hefur einnig sent frá sér greinargerð um ýmis þau atriði, sem hér hefur borið á góma. (Fskj. 20).

Að lokum skal tekið fram, að Kröflunefnd fékk Gunnar Helgason hrl. til þess að vera lögfræðilegur ráðunautur nefndarinnar. Hefur hann sem slíkur verið með í ráðum um öll lagaleg málefni, samningsgerðir, álitamál o. fl. Hann hefur skilað nefndinni álitsgerðum og umsögnum eftir þörfum.

Fylgiskjöl:

1. Frumvarp til laga um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.
2. Skipunarbréf Kröflunefndar, 21. júní 1974.
3. Greinargerð Þórodds Th. Sigurðssonar til iðnaðarráðherra, 19. febrúar 1975.
4. Bréf iðnaðarráðuneytisins til Kröflunefndar.
5. Bréf iðnaðarráðuneytisins til Kröflunefndar 21. júlí 1977.
6. Sjá fundargerðir Kröflunefndar.
7. Bréf iðnaðarráðuneytisins til Kröflunefndar 5. nóv. 1974.
8. Fundargerð viðræðufundar Kröflunefndar og fulltrúa ráðgjafarverkfræðinga 13. nóv. 1974.
9. Hönnunarsamningur Kröflunefndar og ráðgjafarverkfræðinga.
10. Útboðsbréf, 2. des. 1974, vegna aðalaflvéla.
11. Greinargerð verkfræðinganna Guðmundar Björnssonar, Baldurs Líndals, Jóhanns Indriðasonar og Jónasar Matthíassonar, 7. febrúar 1975.
12. Kauploforðsbréf til Mitsubishi, dagsett 7. febr. 1975.
13. Bréf Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins, 6. febr. 1975.
14. Greinargerð VST um val aflvéla Kröfluvirkjunar, 20 febr. 1975.
    Nokkrar hönnunarforsendur aflvéla og veitukerfis Kröfluvirkjunar 12. apríl 1976.
    Sig. Sigfússon / VST og Guðm. Björnsson / Virkir h.f.
15. Bréf OS til iðnaðarráðuneytisins, 14. mars 1975.
16. Frumhönnunarskýrsla Kröfluvirkjunar, 15. apríl 1975.
17. Skrifleg umsögn um val byggingarverktaka.
    VST, 17. maí 1975.
18. Skrifleg yfirlýsing frá þingeyskum verktökum, 17. maí 1975.
19. Verksamningur við Miðfell h.f., 4. júlí 1975.
20. Bréf VST til Kröflunefndar, 8. des. 1975.
    Greinargerð um tæknilegan undirbúning Kröfluvirkjunar.

III. KAFLI
VIRKJUNARFRAMKVÆMDIRNAR VIÐ KRÖFLU.

3.1 Framkvæmdir Kröflunefndar.

3.11 Skipulagning framkvæmda.

Í júlí 1975 setti Kröflunefnd upp skrifstofu á Akureyri, þar sem nefndinni hafði verið sett heimilisfang. (Fskj. II, 8). Formaður og framkvæmdastjóri nefndarinnar lét nefndinni í té þá skrifstofuaðstöðu, sem hann hafði á leigu hjá Landsbanka Íslands, Akureyri, og urðu þar höfuðstöðvar nefndarinnar héðan í frá.

Á sama tíma var ráðinn verkfræðingur til bráðabirgða í starf yfirverkfræðings Kröflunefndar, þar til það starf hefði verið auglýst og umsækjandi valinn. Urðu því mannaskipti í árslok 1976. Yfirverkfræðingurinn skyldi hafa á hendi yfirumsjón með virkjunarframkvæmdunum og tæknilega framkvæmdastjórn þeirra. Honum til aðstoðar var svo ráðinn annar verkfræðingur í ágúst 1975, enda voru byggingarframkvæmdir þá í fullum gangi.

Síðar, þó ekki fyrr en sumarið 1976, var svo ráðin skrifstofustúlka til nefndarinnar á Akureyri og skrifstofuaðstaðan aukin og bætt með hliðsjón af hinum auknu umsvifum.

Framkvæmdastjóri nefndarinnar hefur frá upphafi framkvæmdanna annast fjármálalega stjórn og daglegt bókhald yfir útgjöld Kröflunefndar. Í umboði iðnaðarráðuneytisins annast hann greiðslur vegna allra fjárskuldbindinga nefndarinnar utan greiðslur vegna vaxta og afborgana af innlendum og erlendum lánum, sem fjármálaráðuneytið sér um. Mánaðarlega gerir framkvæmdastjóri skýrslu yfir allar útborganir og greiðslur og sendir hana ásamt öllum fylgiskjölum til ríkisbókhaldsins, sem síðan sér um úrvinnslu gagna og uppröðun þeirra í fjármálalegt bókhald yfir framkvæmdirnar eins og það birtist í ríkisreikningunum.

Allar verk- og framkvæmdaáætlanir eru gerðar af ráðgjafarverkfræðingum Kröflunefndar, sem nefndin hefur síðan samþykkt við undirritun verksamninga. Ráðgjafarverkfræðingarnir hafa, frá því að framkvæmdir við Kröfluvirkjun hófust, haft eftirlitsverkfræðinga og skrifstofuaðstöðu fyrir þá uppi við Kröflu. Hafa eftirlitsverkfræðingarnir haft allt eftirlit og umsjón með verkinu á byggingarstað, stjórnað öllum framkvæmdum þar og gert breytingar á verkáætlunum ef nauðsyn hefur krafist, að höfðu samráði við skrifstofu Kröflunefndar á Akureyri. Eftirlitsverkfræðingarnir hafa enn fremur fylgst með öllum reikningsskilum við verktaka, raunar samið reikningana, svokölluð greiðsluskírteini, og afgreitt þá samþykkta til greiðslu til skrifstofu nefndarinnar á Akureyri.

Sumarið 1975 störfuðu tveir til þrír verkfræðingar við eftirlitsstörf við Kröflu á vegum ráðgjafarverkfræðinga nefndarinnar. Voru haldnir reglubundnir verkefnafundir með þeim og yfirmönnum verktakanna á staðnum, þar sem gangur verksins var til umræðu, ágreiningsmál rædd og ýmsar minni háttar ákvarðanir teknar og/eða vísað til afgreiðslu framkvæmdarstjórnar Kröflunefndar. Yfirverkfræðingur Kröflunefndar eða fulltrúi hans sat ávallt þessa fundi.

Sumarið 1976 var skrifstofuaðstaða og eftirlitsstörfin aukin til muna vegna nýrra verkþátta. Þannig störfuðu alls 6 verkfræðingar við eftirlitsstörf við Kröflu á vegum

ráðgjafanna þetta sumar og að auki tvær skrifstofustúlkur á vegum Kröflunefndar þeim til aðstoðar. Yfirmaður eftirlitsins við Kröflu var bandarískur verkfræðingur frá Rogers Engineering Co. Seinna bættust þrír bandarískir verkfræðingar í hóp eftirlitsmanna, þegar var farið að líða að uppsetningu mælitækja og prófun tækjabúnaðar. Störfuðu þeir fyrst og fremst sem fulltrúar hönnunaraðilanna og sáu um ýmsar nauðsynlegar smábreytingar á hönnun og skipulagningu tækjabúnaðar á staðnum, jafnframt sem þeir voru viðstaddir allar prófanir á vélum og rafbúnaði.

Í byrjun árs 1976 voru ráðnir tveir vélgæslumenn til starfa við Kröfluvirkjun á vegum Kröflunefndar. Var þeim ætlað að fylgjast með niðursetningu véla- og rafbúnaðar í virkjuninni með tilliti til fyrirhugaðs rekstrar hennar. Störfuðu þeir með eftirlitsverkfræðingunum og sáu enn fremur um vörubirgðir Kröflunefndar og vörslu þeirra.

Í árslok 1976 var svo auglýst eftir 9 vélgæslumönnum til viðbótar í samræmi við áætlun ráðgjafarverkfræðinganna um áhöfn virkjunarinnar. Tóku þeir til starfa á árinu 1977 og fylgdust með lokafrágangi á tækjabúnaði virkjunarinnar og prófun hans.

Vorið 1977 settust allir vélgæslumennirnir á skólabekk og var þar farið yfir allan gang virkjunarinnar og skýringu á tækjum hennar. Sáu bandarísku og íslensku verkfræðingarnir um þessa þjálfun vélgæslumanna.

Fullþjálfað lið vélgæslumanna, alls 12 menn, þar af einn ráðinn hjá Orkustofnun, eru nú starfandi við Kröfluvirkjun, og eru ekki aðrir starfsmenn þar um þessar mundir (í ársbyrjun 1978). Allir þessir menn eru lausráðnir, þar sem endanlegur rekstraraðili fyrir Kröfluvirkjun er enn ekki kominn til.

Að lokum má geta þess, að ýmsir tæknilegir fulltrúar vélaframleiðenda hafa dvalið um lengri og skemmri tíma við Kröflu vegna niðursetningar tækjabúnaðar. Japanskir verkfræðingar frá japönsku vélaframleiðendunum fylgdust t. d. með niðursetningu aflvélanna og prófun þeirra. Í rauninni hefur tilraunarekstur Kröfluvirkjunar farið fram undir eftirliti þeirra.

3.12 Framkvæmdalýsing.

Svo sem áður hefur verið greint frá hófust eiginlegar framkvæmdir við virkjunina sumarið 1975, eftir að gerður hafði verið verksamningur við Miðfell h.f. (Fskj. II, 19). Áður hafði verið unnið að smíði vinnubúða og eins var gerð jarðvegskönnun í grunnstæði stöðvarhússins í mars 1975. Einnig var samið beint um þessi verk, enda var ljóst, eins og áður hefur verið vikið að, að tíma- og verkáætlun virkjunarframkvæmda, sem var bundin afhendingu aðalaflvéla virkjunarinnar í júní 1976, var það þröng, að enginn tími gat gefist til þess að bjóða þessi verk út. Þess skal hér getið, að umrædd verk- og tímaáætlun er byggð á þeirri framkvæmdaáætlun, sem ráðgjafarverkfræðingar skiluðu til Kröflunefndar í apríl 1975 ásamt skýrslu um gerð virkjunarinnar. (Fskj. II, 16).

Sumarið 1975 var aðallega unnið við að steypa upp stöðvarhúsið fyrir virkjunina. Miðfell h.f., eins og áður er komið fram, var aðalverktaki við þetta verk, en skv. eindreginni ósk og samningsfyrirvörum, sem gerðir voru af hálfu Kröflunefndar, var Miðfell h.f., skuldbundið til þess að nýta eins og hægt var mannafla og tæki, sem fáanleg voru úr sýslunni. Má segja, að þessi skilyrði hafi verið ágætlega uppfyllt, því þorri starfsmanna við Kröflu sumar og vetur 1975—1976 voru heimamenn úr sýslunni, aðallega frá Húsavík, svo og úr Mývatnssveit. Í flestum tilvikum var um að ræða,

að Félag byggingarverktaka á Húsavík og í Suður-Þingeyjarsýslum, FBHSÞ, var undirverktaki hjá Miðfelli h.f. í hinum ýmsu verkum. Miðfell h.f. sá því fyrst og fremst um yfirverkstjórn og ýmis sérhæfðari verk. Enn fremur lagði Miðfell h.f. fram ýmis tæki og vélabúnað, sem ekki var til í sýslunni, m. a. fullkomna steypustöð.

Ef stiklað er á stóru í framkvæmdasögunni, má fyrst rekja sögu byggingar stöðvarhússins. Í október 1975 var húsið uppsteypt, enda höfðu framkvæmdir gengið mjög vel og mikill hugur í starfsmönnum. Var nú lagt mikið kapp á að gera hið mikla hús fokhelt fyrir vetur. Var það forsenda þess að tímaáætlunin gæti haldist. Litlu munaði að illa færi, þegar verið var að setja þak á húsið, þ. e. hífa geysistóra strengjasteypuþakbita upp á veggi hússins. Tvisvar sinnum hrundi biti niður í hífingu og lá nærri, að slys hlytist af, svo ekki sé minnst á þær verktafir, sem urðu vegna þessara óhappa. Fór þó svo að lokum, að stöðvarhúsið varð fokhelt í nóvember 1975, og því var hægt að fylgja verkáætluninni í öllum aðalatriðum þann vetur.

Í febrúar 1976 kom 40 tonna hlaupakrani stöðvarhússins til landsins og var uppsetningu hans lokið í mars. Sá Slippstöðin h.f. á Akureyri um það verk, en uppsetning kranans var forsenda þess, að hægt væri að steypa gólf hússins og vélaundirstöðurnar.

Í júní 1976 var að mestu lokið við að steypa gólf og vélaundirstöðurnar, og gat því niðursetning véla hafist strax og aflvélarnar komu til landsins í sama mánuði.

Niðursetning véla- og tækjabúnaðar virkjunarinnar hefur verið unnin af fyrirtækjunum Hamri h.f., Stálsmiðjunni h.f. og Héðni h.f., öll í Reykjavík, en þessi fyrirtæki gerðu sameiginlegt tilboð í niðursetninguna. Var unnið sleitulaust að niðursetningu véla og frágangi tækjabúnaðar allt sumarið og veturinn 1976/1977.

Stærsta verkið í þessum hluta var að sjálfsögðu niðursetning aðalaflvélanna svo og uppsetning eimsvala. Er því verki nú lokið hvað varðar fyrri aflvél virkjunarinnar, en seinni aflvélinni hefur verið komið fyrir á sínum stað í húsinu án þess að gengið hafi verið frá niðursetningu hennar. Sömu sögu er að segja um öll önnur tæki og vélbúnað. Lokið er uppsetningu þess hluta, sem varðar rekstur fyrri aflvélarinnar, en tæki vegna seinni aflvélarinnar eru geymd í stöðvarhúsinu á þeim stöðum, þar sem þeim hefur verið ætlaður endanlegur staður. Í mörgum tilvikum er þó um að ræða tæki og vélar, sem þjóna báðum aflvélunum, og hefur því orðið að ganga frá þeim vegna fyrirhugaðs rekstrar fyrri aflvélarinnar. Verksamningi við HSH, sem gerði ráð fyrir lúkningu niðursetningar allra véla og tækja virkjunarinnar í fullri stærð, hefur nú verið sagt upp í samræmi við þau fyrirmæli, að einungis fyrri áfangi virkjunarinnar hefur verið ákveðinn.

Sumarið 1976 voru kæliturnar virkjunarinnar reistir. Miðfell h.f. sá um það verk og var því að fullu lokið fyrir veturinn. Nokkuð var um það rætt, hvort hægt væri að fresta uppsetningu kæliturns vegna seinni aflvélarinnar í samræmi við áðurnefnd fyrirmæli. Það var hins vegar mat manna, að efni í kæliturn 2 mundi liggja undir stórskemmdum, ef það væri ekki sett upp á sinn stað. Var því ákveðið á fundi Kröflunefndar 22. júlí 1976 (fskj. II, 7), að kæliturn nr. 2 skyldi reistur strax.

Einnig var unnið að raflögnum í virkjuninni þetta sumar og haust. Raflögnin reyndist mjög viðamikið verk og breyttist nokkuð eftir því sem leið á verktímann. Snemma árs 1976 lágu frumteikningar og útboðsgögn vegna raflagna fyrir og var gengið frá verksamningi um þær við Rafafl Svf. í apríl 1976. Endanlegum teikningum af raflögnum var að mestu lokið sumarið 1976. Vegna vinnu annarra verktaka og nokkurrar seinkunar á efnisafgreiðslu komst vinna við raflagnir ekki í fullan gang fyrr en síðari hluta sumars. Var því raflögnum ekki lokið fyrr en síðla vetrar 1976/1977.

Eitt af því, sem tafði hvað mest lúkningu framkvæmda á vegum Kröflunefndar,

var mjög sein og tafsöm afgreiðsla á efni í gufuleiðslur, vatnsleiðslur og ýmiss konar leiðslukerfi virkjunarinnar. Belgíski framleiðandinn, sem samið hafði verið við, bar fyrir sig alls kyns afgreiðsluvandamál, svo sem skort á efni, ófullkomnar pantanir og margt fleira. Tafðist mjög, að vinna við lagnirnar gæti hafist, sökum þessa, en Slippstöðin h.f., Akureyri, hafði tekið það verk að sér. Verkið hófst fyrst seint í ágúst 1976, og varð þar með ljóst, að prófun tækjabúnaðar Kröfluvirkjunar, sem upphaflega hafði verið ákveðin í október—nóvember 1976, mundi tefjast um 2—3 mánuði. Þess skal hér getið, að af þeim u. þ. b. 44 efniskaupasamningum, sem gerðir voru við erlenda framleiðendur, var þetta eini samningurinn, þar sem afhendingardráttur olli erfiðleikum. Fór svo að lokum, að belgíski framleiðandinn greiddi verulegar skaðabætur vegna þessa.

Þegar líða tók fram á haustið 1976 miðaði öllum verkum vel áfram. Stöðvarhúsið var nær fullgert og verið að ganga frá ýmsum innréttingum. Lokið hafði verið við um sumarið að klæða húsið að utan og ganga frá þaki og gluggum. Starfsmannahús hafði verið byggt um sumarið og var nú fullgert og undirbúningur hafinn að byggingu stöðvarvarðabústaða niðri í Mývatnssveit. Ýmis frágangsverk voru unnin um haustið, t. d. lokið við að fullgera fyrri hluta háspennutengivirkisins, ganga frá vatnsbóli og vatnsveitu fyrir virkjunina. Haldið var áfram að ganga frá raflögnum, tækja- og vélbúnaði og unnið af fullum krafti við gufuleiðslurnar, sem fylgja stöðinni, þ. e. Kröflunefndarhlutanum.

Er komið var fram að jólum 1976 var ljóst, að frekari dráttur yrði á lúkningu framkvæmda Kröflunefndar. Var svo að sjá, að erfitt væri að halda verktökunum í fullum gangi, þar sem nú var orðið ljóst, að gufuskortur var fyrirsjáanlegur og því ekki eins brýnt að halda framkvæmdunum áfram á fullum hraða. Þetta ágerðist eftir því sem leið á veturinn 1976/1977, og fór svo að lokum, að aflstöðin var tilbúin til fyrstu prófana um mitt sumar 1977.

Prófanir á vélum og rafbúnaði hófust því ekki fyrr en sumarið 1977 og gengu prófanir framar vonum. Í ágúst 1977 voru snúningsprófanir á gufuhverfli og rafli hafnar, en til þeirra var nothæf gufa úr holu 11, sem hafði reynst aflmikil hola, en mjög óstöðug. Tókst að ljúka nær öllum prófunum á vélum og tækjabúnaði virkjunarinnar fyrir septemberlok 1977. Ekki var þó hægt að ljúka þeim alveg sökum gufuskorts.

Í febrúar 1978 voru vélar virkjunarinnar reynslukeyrðar með allt að 10 MW afli. Þann 21. febrúar hófst reglubundinn reynslurekstur virkjunarinnar, sem hefur staðið nær óslitið fram til þessa. Hefur framleiðslan numið um 100000 kwst. á sólarhring. Nýlega hefur þó orðið að stöðva rekstur vegna óstöðugleika holu 11.

Að lokum er vert að minnast á þær miklu verktafir og það fjárhagslega tjón, sem talið er skipta hundruðum milljóna, er orsakast hefur vegna gosóróans og umbrotanna, sem eiga sér stað við Kröflu og í Mývatnssveit. Hefur vinnufriður margsinnis truflast af þessum orsökum. Allir eru sammála um, að fyllsta aðgát sé jafnan höfð í þessu efni, og því hefur ætíð verið hlítt ráðum Almannavarna og jarðvísindamanna, þegar þeir hafa talið að sérstakt hættuástand væri ríkjandi. Starfsmenn hafa verið fluttir brott af svæðinu eða meinaður aðgangur að því hvenær sem kallið hefur komið eða verið látnir bíða í vinnubúðunum eftir frekari fyrirmælum, þannig að öll vinna hefur verið lögð niður. Alls hefur slíkt hættuástand og skyndibrottflutningur starfsmanna komið fyrir 4—5 sinnum og þannig tapast fjöldi verkdaga. Að jafnaði voru um 200 manns við vinnu í Kröflu þessa daga og því beinn vinnulaunakostnaður mjög mikill, en óbeinn kostnaður er að sjálfsögðu margfalt hærri. Þegar unnið er á stífum vöktum, eins og gert hefur verið við Kröflu, má ekkert út af bera, sem truflar verktaktinn. 11 daga vinnuúthald getur farið forgörðum, ef þarf að stöðva vinnu fyrri

hluta þess og síðan eyða mörgum dögum í það að koma verkum af stað aftur. Mikillar óánægju varð vart hjá verktökum vegna þessara tafa, og kröfðust þeir bóta.

3.13 Efniskaup.

Við kaupin á aflvélunum, sem voru ákveðin með kauploforði („letter of intent") þann 7. febrúar 1975, að höfðu samráði við iðnaðarráðherra, komst sú regla á, sem notuð hefur verið við allar skuldbindingar Kröflunefndar f. h. iðnaðarráðuneytisins. Ráðgjafarverkfræðingum nefndarinnar var falið að undirbúa öll útboðsgögn og sjá um auglýsingu útboðs eða senda gögn til ákveðinna fyrirtækja, ef um lokuð útboð var að ræða. Í öllum tilvikum var það skv. mati ráðgjafarverkfræðinganna, hvaða fyrirtækjum voru send útboðsgögn. Fulltrúar Kröflunefndar, einkum verkfræðingarnir í nefndinni og síðar yfirverkfræðingur nefndarinnar, fylgdust náið með gangi mála. Í allmörgum tilvikum óskuðu fulltrúar nefndarinnar eftir því, að bætt yrði við ýmsum fyrirtækjum, sem leitað var til, ef um lokuð útboð var að ræða. Má þar til dæmis nefna, að skv. ósk nefndarinnar var útboðsbréf vegna aflvélanna sent til fyrirtækjanna CIE Franco Tosi á Ítalíu og AEG Kani í Vestur-Þýskalandi.

Tilboðum var síðan öllum skilað til skrifstofu ráðgjafarverkfræðinganna, ýmist í Reykjavík eða í San Francisco, en ekki til skrifstofu Kröflunefndar eða nefndarmanna. Ráðgjafarverkfræðingarnir fóru síðan yfir öll tilboð, sem borist höfðu hverju sinni, og mátu þau frá tæknilegu og kostnaðarlegu sjónarmiði. Þurftu þeir oft að leita til hinna ýmsu fyrirtækja um frekari upplýsingar á meðan á mati þeirra stóð. Lauk hverju útboði á þann hátt, að ráðgjafarverkfræðingarnir skiluðu skriflegri umsögn til nefndarinnar, þar sem mælt er með hvaða tilboði skuli tekið, og jafnframt uppkasti af kauploforðsbréfi ("letter of intent"). Í öllum tilvikum nema einu, eins og síðar verður vikið að, samþykkti Kröflunefnd niðurstöður mats ráðgjafarverkfræðinganna, og undirritaði formaður nefndarinnar kauploforðsbréfin fyrir hönd nefndarinnar. Var það oftast gert á skrifstofu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f., en seinna meir á skrifstofu Kröflunefndar á Akureyri.

Strax og báðir aðilar, þ. e. Kröflunefnd og efnissölufyrirtækið, stundum íslenskir umboðsmenn þess, höfðu undirritað kauploforðsbréfið, en með því fylgdu skilmálar um afgreiðslutíma, verð og tæknileg atriði, var talið að samningur væri kominn á, þó með venjulegum fyrirvara um samþykki ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans.

Næst á eftir fór síðan fram hin eiginlega samningsgerð. Fór hún einnig algerlega fram á vegum ráðgjafarverkfræðinganna. Skilmálar í kauploforðsbréfi voru þá hafðir til grundvallar. Í einstaka tilvikum breyttust verð og efnismagn í samningi frá því, sem tilgreint hafði verið í kauploforðsbréfi, enda komu þá til breyttar aðstæður vegna nýrra upplýsinga, t. d. vegna breyttrar hönnunar. Verðbreytingar gátu þó aðeins orðið vegna þess, að efnismagn hafði breytst, eða þá vegna verðlækkunar framleiðanda af einhverjum orsökum.

Samningar voru oft eigi gerðir fyrr en nokkrum mánuðum eftir að kauploforðsbréf hafði verið undirritað, en það var þó misjafnt. T. d. var samningur um kaupin á aðalaflvélunum undirritaður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar þann 10. apríl 1975, eða réttum 2 mánuðum eftir kauploforðsbréf. Báðir aðilar, þ. e. Kröflunefnd og framleiðandi, undirrituðu alla samninga ásamt vottum.

Þegar er mati tilboða í aðalvélar lauk í febrúar 1975 var hafist handa um útboð og öflun tilboða í annan vélbúnað. Byrjað var á þeim búnaði, sem lengstan afgreiðslutíma hafði, svo sem eimsvölum og þéttivatnsdælum, síðan aðalspennubreytum, aflrofum og stöðvarspennum, og svo tók hvað við af öðru, eftir því sem tímaáætlanir og afgreiðslutímar sögðu til um. Öflun tilboða lauk að mestu fyrri hluta árs 1976 og

höfðu þá borist 194 tilboð í þeim 55 útboðum, sem fram hafa farið vegna efniskaupa og meiri háttar verksamninga, en það eru tæp 4 tilboð að meðaltali í hverju útboði. Auk þess fengu ráðgjafar pöntunarheimildir hjá Kröflunefnd fyrir smærri innkaupum án útboðs, en að undangenginni verðkönnun, og var miðað við, að einstakar pantanir væru þá innan við $ 10000 að verðmæti. Þessar pantanir eru allmargar, en heildarverðmæti tiltölulega lítið, eða um 4—5% af heildarupphæð útboða.

Skrifstofa Kröflunefndar á Akureyri sá um innflutning á öllum vélum og rafbúnaði til Krófluvirkjunar (Kröflunefndarhlutinn) svo og öllu efni til framkvæmdanna, utan steypustyrktarstáli og timbri og krossviði til steypumóta, sem aðalbyggingarverktaki sá um skv. sérstökum samningi. Á skrifstofu nefndarinnar var þannig gengið frá opnun bankaábyrgða og nauðsynlegum breytingum á þeim, öllum sjó- og loftflutningum svo og flutningi frá höfn á Íslandi til Kröflu og öllum nauðsynlegum vátryggingum. Skrifstofan sá enn fremur um afgreiðslu tollskjala og greiðslu bankakostnaðar og ábyrgða við tollmeðhöndlun. Frá miðju ári 1975 og fram til ársloka 1977 eða á því 2½ ári, sem skrifstofan á Akureyri hefur verið starfrækt, hafa verið fluttar inn vörur að verðmæti um 2.3 milljarðar króna.

Eins og áður hefur verið getið skiluðu ráðgjafarverkfræðingarnir ávallt umsögn yfir tilboðin og meðmælum til Kröflunefndar um hvaða tilboði skuli tekið. Í öllum tilvikum nema einu hefur Kröflunefnd farið að tillögum ráðgjafa um val tilboða. (Sjá fylgiskjöl 1—49).

Það tilvik, sem hér um ræðir, er verksamningur 05—104A og 104B (sjá töfluyfirlit). Samningar þessir taka yfir uppsetningu á leiðslum, bæði gufu-, vatns, loft- og olíuleiðslum ýmiss konar, svo og kolsýrueldvarnarleiðslum, og forsmíði þessara leiðslna á verkstæði. Útboðið, sem fór fram vegna þessara samninga, var einnig nátengt útboði nr. 20—101, þ. e. efni í umræddar leiðslur. Slippstöðin h.f. Akureyri og Landssmiðjan í Reykjavík voru einu aðilarnir, sem buðu í alla 3 þætti verksins, þ. e. efni, forsmíði þess og uppsetningu. Ýmsir aðilar buðu í einn eða tvo af þáttum verksins í heild. Hagstæðasta val samningsaðila, svo sem kemur fram í umsögnum ráðgjafarverkfræðinganna (fskj. 20—101 A og B og 20—104), var það, að Fabricom verksmiðjan í Belgíu selji efni og forsmíði það, en Landssmiðjunni verði falin uppsetning.

Á þessum tíma var atvinnuástand ekki gott hjá málmiðnaðarmönnum, og taldi nefndin því afar óheppilegt, að forsmíði efnisins færi fram erlendis. Slippstöðin h.f. hafði enn fremur gert það að skilyrði fyrir tilboði sínu, að forsmíði efnis og uppsetning yrðu ekki aðskildar. Miðað við, að forsmíði efnisins færi fram innanlands, var næsthagstæðasta samsetning verktaka sú, að Fabricom seldi efnið, en Slippstöðin h.f. forsmíðaði það og annaðist uppsetningu. Var kostnaðarauki vegna þessa um 10%. Kröflunefnd taldi, að þessi kostnaðarauki væri réttlætanlegur með tilliti til þess, að verkstæðisvinnan flyttist heim, og var ákveðið að gera efniskaupasamninginn við Fabricom, en fela Slippstöðinni h.f. á Akureyri forsmíði efnis og uppsetningu þess.

Svo fór þó að lokum, að ýmsar breytingar urðu á þessum samningum, einkum vegna afhendingardráttar belgíska framleiðandans. Þannig óskaði Slippstöðin h.f. í mars 1976 eftir því að verða leyst undan samningi um forsmíði efnisins, þar sem hún taldi forsendur allar breyttar. Var þá leitað til Fabricom í Belgíu um, að það tæki þá þetta verk að sér. Féllst það á að taka að sér verkið fyrir um 10% hærra verð en það hafði áður boðið. Var tilboði þess tekið, enda þýddi þessi breyting, að heildarkostnaður verksins mundi lækka um 23000 bandaríkjadali.

Eins og áður hefur verið getið var þetta í eina skiptið, sem Kröflunefnd fór ekki að ráðum ráðgjafarverkfræðinga sinna.

Hér með hefur verið gerð allítarleg grein fyrir efniskaupum til Krófluvirkjunar. Í

yfirlitstöflu, sem hér fer á eftir, er skrá yfir öll útboð, sem farið hafa fram vegna efniskaupa og verksamninga tengdra þeim. Í töflunni er greint frá fjölda tilboða, hæsta og lægsta tilboði, tilboði, sem tekið var, ef ekki var um lægsta tilboð að ræða, og þá hvers vegna. Umsagnir ráðgjafarverkfræðinga og ráðleggingar þeirra um hvaða tilboði skuli tekið hverju sinni fylgja með sem fylgiskjöl 1—49.

Krófluvirkjun efnisútboð.

Útboð nr.	05–101	05–102	05–103	05–104 A	05–104 B
Heiti	Raflagnir	Uppsetning kæliturna	Vélaruppsetning	Pípuuppsetning	Verkstæðisvinna við pípur
Fjöldi tilboða	4	3	1	2	3
Hæsta tilboð	Íkr. 45 171 000	Íkr. 62 290 600		$ 313 055	$ 340 695
Lægsta tilboð	Íkr. 28 485 000	Íkr. 34 680 000		$ 301 590	$ 118 385
Samþ. tilboð	Lægsta	Lægsta	Íkr. 123 200 000	$ 313 055	Lægsta
Bjóðandi	Rafafl svf.	Miðfell hf.	Stálsm. — Hamar — Héðinn	Slippstöðin	Fabricom
Fylgiskjöl nr.	05–101	05–102	05–103	20–104	20–101
Athugasemd				Mælt var með lægsta boði en Kröflunefnd kaus að semja við Slippstöðina.	Upprunalega var samið við Slippstöðina hf. Hún óskaði síðar að verða leyst frá samningnum og var þá samið við Fabricom.

Útboð nr.	05–105 t. o. m. 05–108	05–109
Heiti	Ýmis smærri uppsetning pípueinangrun	Stilling mælitækja
Fjöldi tilboða	1	1
Hæsta tilboð		
Lægsta tilboð		
Samþ. tilboð	Íkr. 16 100 000	Íkr. 4 790 000
Bjóðandi	Slippstöðin hf.	Raftækjavinnust. Gríms og Árna og Haukur Ákason hf.
Fylgiskjöl nr.		
Athugasemd	Verk, sem í eðli sínu eru nátengd pípulögn og ekki svaraði kostnaði að bjóða út.	

Útboð nr.	10–101	10–102	11–102	11–101	11–103
Heiti	Þrýstiloftsgeymar	Hljóðdeyfar	Smurolíugeymar	Gasolíugeymar	Blöndunargeymar
Fjöldi tilboða		5	1	1	1
Hæsta tilboð		$ 36 708			
Lægsta tilboð		$ 3 977			
Samþ. tilboð		$ 4 729	Ík. 4 210 000	Ík. 2 508 000	Ík. 320 000
Bjóðandi	Ingersoll-Rand	Slippstöðin hf.	Slippstöðin hf.	Slippstöðin hf.	Slippstöðin hf.
Fylgiskjöl nr.	16–101	10–102			
Athugasemd	Innifalið í 16–101.	Lægsta tilboð fullnægði ekki kröfum.	Tengt samningi um pípuuppsetningu.		

Útboð nr.	12–101	12–102	12–104	12–105
Heiti	Eimsvalar og gasdælur	Kæliturnar	Hitarar á olíugeyma	Varmaskiptar
Fjöldi tilboða	1	6	3	3
Hæsta tilboð		$ 1 348 108	$ 9 668	$ 9 590
Lægsta tilboð		$ 752 058	$ 6 136	$ 4 046
Samþ. tilboð	YEN 509 300 000	Lægsta	$ 6 510	Lægsta
Bjóðandi	Mitsubishi	Marley	Dean Products	American Std.
Fylgiskjöl nr.	12–101	12–102	12–104	12–105

Útboð nr.	14–101	14–102	14–103	14–105	14–106
Heiti	Þéttivatnsdælur	Kælivatnsdælur	Slökkvidælur	Dæludrif	Smurolíudælur
Fjöldi tilboða	6	2	4	3	2
Hæsta tilboð	$ 1 439 065	$ 41 656	$ 31 146	$ 41 850	$ 1 397
Lægsta tilboð	$ 925 578	$ 36 852	$ 13 589	$ 39 070	$ 416
Samþ. tilboð	$ 837 577	$ 41 656	$ 18 383	$ 41 850	Lægsta
Bjóðandi	Mitsubishi	Ingersoll-Rand	Power Machine Co.	Elliott Co.	Power Machine Co.
Fylgiskjöl nr.	14–101	14–102	14–103	14–105	14–106
Athugasemd	Tilboðsverð lækkaði við samningsgerð.	Lægsta boð fullnægði ekki kröfum.	Lægsta boð fullnægði ekki kröfum.	Lægsta boð fullnægði ekki afgreiðslutíma.	

Útboð nr.	14–107	16–101
Heiti	Kælivatnsdælur	Loftpressur
Fjöldi tilboða	4	2
Hæsta tilboð	$ 1 050	$ 41 364
Lægsta tilboð	$ 402	$ 36 392
Samþ. tilboð	Lægsta	Lægsta
Bjóðandi	Power Machine Co.	Ingersoll Rand
Fylgiskjöl nr.	14–107	16–101

Útboð nr.	17–101	17–101	17–101	17–101	17–101
Heiti	Aðalvélar 2×25 MW einþr.	Aðalvélar 2×30 MW einþr.	Aðalvél 1×50 MW einþr.	Aðalvélar 2×30 MW tvíþr.	Aðalvél 1×50 MW
Fjöldi tilboða	1	5	1	4	1
Hæsta tilboð		$ 7 389 200		$ 9 109 200	
Lægsta tilboð	$ 3 777 143	$ 4 292 016	$ 3 878 000	$ 4 763 200	$ 4 738
Samþ. tilboð				$ 4 966 095	
Bjóðandi				Mitsubishi	
Fylgiskjöl nr.				17–101	
Athugasemd				Lægsta boð fól í sér minni rafal og var þar með dýrara miðað við MW. Við tilboðið bættist pöntun á varahlutum o. fl. alls $ 892 000.	

Útboð nr.	17–102	17–104	17–105	17–106	17–107
Heiti	Spennubreytar 11—132kV	Háspennurofar	11 kV rofar	Stjórnborð	Stöðvarspennar
Fjöldi tilboða	7	4	5	5	3
Hæsta tilboð	$ 798 789	$ 356 420	$ 208 642	$ 304 097	$ 263 536
Lægsta tilboð	$ 391 488	$ 199 256	$ 120 000	$ 223 881	$ 238 366
Samþ. tilboð	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta
Bjóðandi	Elektrobau AG	ASEA	Golden-Gate	Mitsubishi	CGEE-Alsthom
Fylgiskjöl nr.	17–102	17–104	17–105	17–106	17–107

Útboð nr.	17–108	17–109	17–110	17–111	17–112
Heiti	Rofastöðvar	Teinrofar	Einangrarar	Vararafstöð	Rafbúnaður slökkvidæla
Fjöldi tilboða	10	6	3	6	2
Hæsta tilboð	$ 110 405	$ 100 527	$ 15 332	$ 175 000	$ 10 474
Lægsta tilboð	$ 60 743	$ 59 572	$ 6 635	$ 86 664	$ 10 072
Samþ. tilboð	$ 63 661	Lægsta	$ 6 997	$ 114 027	Lægsta
Bjóðandi	Square — D	ASEA	Ohio Brass	Peterson Tractor Co.	Lexington C. Inc.
Fylgiskjöl nr.	17–108	17–109	17–110	17–111	17–112
Athugasemd	Lægsta boð var tæknilega ófullkomið.		Lægsta boð fullnægði ekki kröfum.	Lægsta boð fullnægði ekki kröfum.	

Útboð nr.	17–113	17–114	17–117	17–118	17–121
Heiti	Rafgeymar	Spennuspennar	Rafstrengir	Kapalbakkar	Jarðtengibún.
Fjöldi tilboða	4	1	4	5	4
Hæsta tilboð	$ 57 315		$ 172 231	$ 23 718	$ 21 886
Lægsta tilboð	$ 39 036	$ 93 186	$ 50 859	$ 17 286	$ 17 640
Samþ. tilboð	$ 43 987	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta
Bjóðandi	Nife	Gen. Electr.	AB Liljeholmensk.	P-W Industries	Golden Gate
Fylgiskjöl nr.	17–113	17–114	17–117	17–118	17–121
Athugasemd	Lægsta boð full-nægði ekki kröfum.				

Útboð nr.	18–101	18–102	18–104	18–106	19–101
Heiti	Stöðvarhúss-krani	Kolsýru-slökkvikerfi	Verkstæðis-krani	Smurolíu-skilvindur	Þurrkarar fyrir þrýstiloft
Fjöldi tilboða	2	1	1	4	2
Hæsta tilboð	$ 161 700			$ 36 530	$ 16 560
Lægsta tilboð	$ 118 370			$ 19 704	$ 13 463,70
Samþ. tilboð	Lægsta	$ 105 123	DM 34 662,70	$ 22 554	$ 16 560
Bjóðandi	Demag AG	Chemetron Co.	Demag AG	Westfalia AG	Pall Trinity Co.
Fylgiskjöl nr.	18–101	18–104	18–104	18–106	19–101
Athugasemd				Tæknilegir kostir réðu vali.	Valið vegna af-greiðslutíma o. fl.

Útboð nr.	20–101	20–105	40–101	40–102	40–103
Heiti	Pípur og tengi	Lokar	Stjórnlokar	Straummælar	Fjarmælar
Fjöldi tilboða	8	9	10 (2)	3	8
Hæsta tilboð	$ 1 161 006	$ 473 173		$ 33 936	$ 22 264
Lægsta tilboð	$ 583 261	$ 261 740		$ 16 192	$ 9 626
Samþ. tilboð	Lægsta	$ 273 643	$ 88 788	Lægsta	$ 22 264
Bjóðandi	Fabricom	P. E. Erhardt	Masoneilan/ Mosser	Taylor	Taylor
Fylgiskjöl nr.	20–101	20–105	40–101	40–102	40–103
Athugasemd		Afgreiðslutími o. fl. réð vali.	Aðeins tvö tilboð voru fullkomin. Pöntun var skipt á tvo aðila til að fá lægstu heildar-upphæð.		Valið vegna samtenginga við önnur Taylor-tæki.

Útboð nr.	40–104	40–112
Heiti	Mælitæki	Stjórnskápur mælitækja
Fjöldi tilboða	3	3
Hæsta tilboð	$ 20 557	$ 68 259
Lægsta tilboð	$ 11 199	$ 22 495
Samþ. tilboð	$ 19 940	$ 25 312
Bjóðandi	Taylor	Taylor
Fylgiskjöl nr.	40–104	40–112
Athugasemd		Útboð 40–102, 40–103, 40–104, 40–112 voru valin sem lægsti heildarkostnaður frá einum bjóðanda, þar sem tækin öll vinna saman.

3.14 Verksamningar.

Eins og áður er getið var fyrsta verk, sem framkvæmt var við Kröflu á vegum Kröflunefndar, jarðvegskönnun vegna fyrirhugaðrar stöðvarhúsbyggingar. Við athugun ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar á því, hvaða verktakafyrirtæki væru hugsanlega fáanleg til þess að taka að sér byggingu stöðvarhúss Krafluvirkjunar þegar sumarið 1975, virtist sem Þórisós h.f. væri eina stóra verktakafyrirtækið, sem hefði bolmagn og tíma til verksins. Seinna uplýstist svo, að Norðurverk h.f. á Akureyri var einnig fáanlegt til verksins. Í viðræðum ráðgjafarverkfræðinganna við stjórnarformann Þórisóss h.f., Leif Hannesson, benti hann á nauðsyn þess að láta gera athugun á jarðvegi í fyrirhuguðu grunnstæði stöðvarhússins sem fyrst. Lýsti hann jafnframt yfir, að fyrirtæki hans, Miðfell h.f., sem er einn af aðaleigendum Þórisóss h.f., væri reiðubúið til þess að taka það verk að sér. Var því boði tekið fegins hendi og Miðfelli h.f. falið að vinna þetta verk eftir reikningi. Varð kostnaður um 2.5 milljónir króna. Til þessa verks voru notaðar vinnuvélar úr sýslunni, en við alla samningagerð var reynt að gera hlut heimamanna sem mestan, eftir því sem hægt var hverju sinni, í samræmi við skýlaus fyrirmæli Kröflunefndar til ráðgjafarverkfræðinga sinna.

Í viðræðum við stjórnarformann Þórisóss h.f. kom einnig fram, að nauðsynlegt væri nú þegar að hefja smíði vinnubúða eða útvega notaðar vinnubúðir. Þórisós h.f. átti til fullbúið mötuneyti, þ. e. hús og búnað, sem væri fáanlegt til kaups. Jafnframt tjáði Leifur Hannesson, að fyrirtæki hans, Miðfell h.f., væri reiðubúið til þess að taka að sér smíði vinnubúðaskála. Þar sem tíminn fram til þess, að bygging stöðvarhússins ætti að hefjast, var aðeins nokkrir mánuðir, var gengið frá verksamningi við Miðfell h.f. um smíði nauðsynlegra vinnubúða vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Kröflusvæði næsta sumar og einnig samið um kaup á mötuneyti Þórisóss h.f. Á ný kom hér til, að Miðfell h.f. var fáanlegt til verksins strax, einnig, að góð samvinna virtist komin á með Miðfelli h.f. og verktökum á Húsavík og í sýslunni. Fór svo, að smíði nær allra

vinnubúða fyrir Kröfluvirkjun fór fram á Húsavík og var unnin af ýmsum trésmíðaverkstæðum þar. Miðfell h.f. var hins vegar ábyrgðar- og samningsaðili.

Í töfluyfirliti yfir alla gerða verksamninga vegna byggingarframkvæmdanna, sem fylgir hér á eftir, er að finna skrá yfir alla vinnubúðasamninga og samningsupphæðir. Eins og þar kemur fram er smíði 14 vinnubúðaskála falin Vegagerð ríkisins, en fyrir sumarið 1976 þurfti að stækka vinnubúðirnar verulega vegna fyrirsjáanlegrar aukningar starfsliðs það sumar. Vegagerð ríkisins óskaði eftir að fá að standa að hluta af þessari skálasmíði. Var það auðsótt mál, enda kom þar til, að Kröflunefnd átti inni fé hjá Vegagerðinni, sem nefndin hafði lánað til styrkingar á Norðurlandsvegi yfir Námaskarð árinu áður. Komu nefndir vinnubúðaskálar Vegagerðarinnar sem endurgreiðsla að hluta á þessu láni. Hinn hluti vinnubúðaaukningarinnar var falinn Miðfelli h.f., enda eðlileg viðbót við áður gerða vinnubúðasamninga, sem höfðu reynst vel.

Í grein 2.34 var gerð allítarleg grein fyrir ástæðum, er ákveðið var að lokum að gera verksamning við Miðfell h.f. um byggingu stöðvarhússins. (Fskj. II, 19). Sá samningur, sem gerður var, er í engu frábrugðinn venjulegum verksamningi að loknu útboði. Samið var um einingarverð og magn og verktíma. Heildarsamningsupphæðin var um 285 milljónir króna, og voru öll venjuleg ákvæði um biðgreiðslur og févíti (tafabætur). Miðfell h.f. gerði síðan undirsamninga við Félag byggingarverktaka á Húsavík og í Suður-Þingeyjarsýslu (F.B.H.S.H.) og verktakafyrirtækið Sniðil h.f. í Mývatnssveit. Lögðu þessi fyrirtæki fram nær alla þá starfsmenn, sem þörf var fyrir við byggingarframkvæmdirnar, og allar þær vélar, sem tiltækar voru. Svo sem eðlilegt og venja er, þar sem Miðfell h.f. var orðið aðalverktaki við virkjunina, var samið við það um ýmis aukaverk. Má þar helst nefna rekstur mötuneytis. (Samningur 01.107). Í júlí 1977 var Miðfell h.f. nær burtu af Kröflusvæðinu, þar eð verkum þess þar var að mestu lokið. Var þá Hótel Reynihlíð fengið til þess að taka að sér rekstur mötuneytisins.

Af stærri verkum, sem Miðfelli h.f. var falið að vinna á þennan hátt, má nefna álklæðningu utan á stöðvarhúsið (02.108) og múrhúðun í stöðvarhúsi (02.103) og að lokum ýmiss konar flutninga (02.109). Í öllum þessum tilvikum var eðlilegast að gera slíka beina samninga við verktakann á staðnum. Var það jafnan skv. ráðum eftirlitsverkfræðinga ráðgjafa Kröflunefndar, að svo var gert.

Snemma árs 1976 fór fram útboð vegna vinnu við raflagnir í Kröfluvirkjun. Hönnun raflagna var þá ekki að fullu lokið, en ráðgjafarverkfræðingarnir töldu, að nauðsynlegt væri að festa rafverktaka á þessu stigi málsins vegna verk- og tímaáætlunarinnar. Gert var ráð fyrir, að heildarverkið yrði mun umfangsmeira. Kom það skýrt fram í útboðsgögnum (05.101).

Útboðsgögn fengu 5 helstu raforkufyrirtæki hérlendis. Svo sem kemur fram í ummælum ráðgjafarverkfræðinganna (05-101) var tilboð frá Rafafli langsamlega lægst eða aðeins 77% af áætlun ráðgjafa. Gerðu þeir því ítarlega könnun á réttmæti tilboðsins og þeim einingarverðum, sem lágu því til grundvallar. Reyndist tilboðið vera í alla staði í samræmi við útboðslýsingu, og mæltu ráðgjafar með því, að því yrði tekið. Var því gerður verksamningur við Rafafl svf.

Eins og raun varð á með alla verksamninga voru Rafafli svf. falin ýmis aukaverk vegna raflagnanna. Ekki kom til greina að fela þessi aukaverk öðrum rafverktökum, enda ósamrýmanlegt starfsvenjum þeirra.

Nokkru seinna fór fram útboð vegna vinnu við niðursetningu á vélum og tækjabúnaði virkjunarinnar. Voru útboðsgögn send til 5 innlendra málmiðnaðarfyrirtækja. Aðeins eitt tilboð barst, frá samsteypu fyrirtækjanna Héðins, Stálsmiðjunnar og

Hamars h.f. Var tilboði þeirra tekið og verksamningur gerður. Nam sanmingsupphæðin um 130 milljónum króna.

Af öðrum stærri samningum, sem voru boðnir út, má nefna reisingu kæliturna virkjunarinnar (05.102). Lægstbjóðandi var Miðfell h.f., tilboðsupphæð 34 680 000 kr., en 3 fyrirtæki, Aðalbraut h.f. og Ístak h.f., auk Miðfells h.f., buðu í verkið. Starfsmannahús fyrir virkjunina var einnig boðið út og var samið við Húseiningar h.f. á Siglufirði, sem átti næstlægsta tilboð, um 40 milljónir. Lægsta tilboðið var að dómi ráðgjafarverkfræðinganna (fskj. 1) ekki fullnægjandi frá tæknilegu sjónarmiði.

Þá má nefna útboð vegna byggingar 5 stöðvarvarðabústaða í Mývatnssveit. 5 tilboð bárust, og var samið við Byrgi h.f., Húsavík, sem átti næstlægsta tilboðið, um 94 milljónir króna. Lægstbjóðandi óskaði eftir að draga tilboð sitt til baka vegna reikningsskekkju, og var það samþykkt. Þetta útboð er fyrir þær sakir athyglisvert, að í þetta skiptið sáu verkfræðingar Kröflunefndar að mestu um mat tilboða og samningsgerð. (Fylgir umsögn þeirra sem fylgiskjal nr. 50). Í annað skipti sáu verkfræðingar Kröflunefndar um útboð á birgðaskemmu úr stáli, sem þörf var fyrir á virkjunarsvæðinu. 9 aðilar buðu í þetta verk, og var samið við Foss h.f. á Húsavík, sem átti næstlægsta tilboð. Reyndist tilboð þeirra vera hagstæðast þegar öll atriði voru skoðuð nánar, og varð samningsupphæðin um 12 milljónir króna. (Fskj. 51). Í öllum öðrum tilvikum sáu ráðgjafarverkfræðingar Kröflunefndar um útboð, öflun tilboða og samningsgerð. Fór Kröflunefnd ætíð að ráðum ráðgjafa sinna utan einu sinni, sbr. samninginn við Slippstöðina h.f. á Akureyri (05.104-108. Sjá fskj. nr. 8, 9 og 43).

Síðasti stóri verksamningurinn, sem samið var um, var samningur um innréttingar í stöðvarhúsi (nr. 02.111). Var gerður verksamningur við F.B.H.S.H., þ. e. heimaverktakana, og var samningsupphæðin um 28 milljónir króna. Nokkurrar óánægju hafði gætt meðal heimamanna eftir að þeir höfðu orðið undir í tveimur stórum útboðum, þ. e. starfsmannahús og rafmagnsvinna (nr. 01.108 og 05.101). Var jafnvel hætta á, að vinnufriður héldist ekki á svæðinu vegna þessa. Varð því að ráði, að heimamönnum voru falin ýmis verk í sambandi við raflagnir í vinnubúðum o. s. frv. og svo innréttingaverkið. Þetta mál vakti nokkra óánægju meðal sumra nefndarmanna, sem töldu, að svo virtist að Kröflunefnd væri ekki lengur heimilt að bjóða út verk nema fyrir fram væri tryggt, að heimamenn yrðu hlutskarpastir, hver svo sem tilboðsupphæð þeirra væri. Allt leystist þó farsællega að lokum.

Fullnaðaruppgjöri vegna hinna ýmsu verksamninga er nú nánast lokið. Öllum óloknum verksamningum, sem tóku til uppsetningar á báðum aflvélunum, hefur verið sagt upp í samræmi við þau fyrirmæli, að engin ákvörðun hefur verið tekin um uppsetningu á seinni aflvélinni. Lokauppgjör vegna þessara samninga fara nú fram og er nær lokið.

Að lokum má því draga þá ályktun af framansögðu, að verkið í heild sinni (þ. e. Kröflunefndarhlutinn) hafi gengið mjög vel. Engin alvarleg deilumál milli nefndarinnar og verktaka hafa risið vegna verksins, og mun það nánast einsdæmi um svo stórt verk hér á landi. Það er enn fremur athyglisvert, að bygging Kröfluvirkjunar er fyrsta verkefni hér á landi í jafnstórri mannvirkjagerð og hér um ræðir, sem algerlega er unnið af íslenskum verktökum. Erlendir verktakar hafa þar hvergi komið nærri. Ekkert af þeim sígildu deilumálum, sem jafnan fylgja erlendum verktökum (gjaldeyrismál, innflutningsmál, vanþekking á íslenskum staðháttum og verkalýðsmálum o. fl.), hefur því risið upp. Hefur það haft mikil og góð áhrif á allt verkið í heild sinni.

Kostnaður við verkið í heild hefur ekki orðið öllu meiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Kostnaðaráætlunin frá 15. apríl 1975, sem byggðist á frumhönnun ráðgjafarverkfræðinganna, hljóðaði upp á 25,5 milljónir bandaríkjadala eða um 5.4 mill-

jarða íslenskra króna á núverandi gengi. Byggingarkostnaður Kröflunefndarhlutans í októberlok 1977 var orðinn 5012 milljónir króna. Má áætla, að þau verk, sem enn er ólokið í Kröflunefndarhlutanum, muni kosta innan við 1000 milljónir króna, þannig að heildarkostnaður verði ekki meiri en 6000 milljónir eða 28.6 milljónir bandaríkjadala, þ. e. 12% hækkun frá áætluninni 1975. Að sjálfsögðu hefur ekki verið tekið tillit til fjármagnskostnaðar. Nánar er gerð grein fyrir kostnaði við Kröfluvirkjun í V. kafla.

Varðandi það atriði, hvort aukakostnaður hafi hlotist af vegna hins mikla flýtis eða verkhraða, má segja, að aldrei var minnst á aukagreiðslur þess vegna til efnissala eða verktaka. Við útboð og samningagerð var gengið úr skugga um, hvort fyrirtækin gætu staðið við afgreiðslu efnis og verkhluta í samræmi við verkáætlun ráðgjafarverkfræðinganna. Ef fyrirtækin treystu sér ekki til þess var ekkert frekar við þau rætt. Hugsanlegt er, að í sumum tilvikum hefðu fengist ódýrari tilboð ef tilboðsfrestur hefði verið lengri. Það er þó vafasamt, þar sem verðbólguaukning hefði getað orðið meiri. Til dæmis er talið, að verð aflvéla til Kröfluvirkjunar mundi í dag vera um 30—50% hærra í bandaríkjadölum en það, sem samið var um. Enn fremur mun líklegt vegna aukinna verkefna framleiðenda gufuhverfla, að erfitt væri að fá jafnhagstæð tilboð í dag og fengust þegar vélar Kröfluvirkjunar voru boðnar út veturinn 1973—1974.

Umsagnir ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar og ráðleggingar þeirra varðandi hin ýmsu verktilboð fylgja með sem fylgiskjöl nr. 1—9 og 50—51.

Kröfluvirkjun verksamningar.

Samn. nr. Heiti samn.	01.101 Vinnubúðir 1	01.103 Eftirlitsbúðir	01.104 Vinnubúðir 2	01.105 14 stakir skálar	01.106 Undirst. 14 skála
Verktaki	Miðfell hf.	Miðfell hf.	Miðfell hf.	Vegagerð ríkisins	Miðfell hf.
Samningsform	Samið án útb.	Samið án útb.	Samið án útb.	Samið án útb.	Samið án útb.
Samningsupphæð	63 183 100	12 400 000	27 064 000	Einingarverð	3 111 114
Samþ. til greiðslu					
Samningur	63 183 100	12 400 000	27 064 000	—	3 111 114
Aukaverk	5 079 629	188 490	1 070 025	—	50 000
Verðbætur	9 930 749	2 531 951	9 299 341	—	0
Fæði frádrag					
Samtals:	78 193 478	15 120 441	37 433 366	20 914 250	3 161 114
Athugasemd	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið

Samn. nr.	01.107	01.107 B	01.108	01.109	01.110
Heiti samn.	Mötuneyti rekstur	Mötuneyti rekstur	Starfsmanna-hús	Undirst. starfsmh.	Vinnubúðir
Verktaki	Miðfell hf.	Hótel Reynihl.	Húseining hf.	Sniðill hf. og Miðfell hf.	Miðfell hf.
Samningsform	Samið án útb.	Samið án útb.	Útboð	Samið án útb.	Samið án útb.
Samningsupph.	Einingarverð	Einingarverð	40 318 474	Einingarverð	26 000 000
Samþ. til greiðslu					
Samningur	98 978 493	—	40 318 474	—	25 700 000
Aukaverk	—	—	181 487	—	1 364 544
Verðbætur	21 453 562	—	2 275 545	—	1 002 770
Fæði frádrag			− 879 500		
Samtals:	120 432 055	17 959 534	41 896 006	5 023 113	28 067 314
Athugasemd	Lokið.	Ekki lokið. Reikn. til 23. 10. '77.	Lokið 3 tilboð bárust. Lægsta tilboð ekki talið full-komið. Næst lægsta tilboði tekið.	Lokið.	Lokið.

Samn. nr.	01.111	01.112	01.113	01.114
Heiti samn.	Vinnubúðir	Vinnubúðir	Rannsókn.skúr	Snjómokstur
Verktaki	Miðfell hf.	Miðfell hf.	Miðfell hf.	Miðfell hf.
Samningsform	Samið án útb.	Samið án útb.	Samið án útb.	Samið án útb.
Samningsupph.	9 020 000	5 028 456	700 000	Einingarverð
Samþ. til greiðslu				
Samningur	9 020 000	5 028 456	700 000	—
Aukaverk	37 352	21 344	0	—
Verðbætur	5 248 599	2 608 717	298 382	—
Fæði frádrag				
Samtals:	14 305 951	7 658 517	998 382	14 813 951
Athugasemd	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið

Samn. nr.	02.101	02.103	02.106	02.107	02.108
Heiti samn.	Stöðvarhús	Múrhúðun	Gólf frágangur	Málun	Áklæðning
Verktaki	Miðfell hf.	Miðfell hf.	Vikrafell	Málarar s.f.	Miðfell hf.
Samningsform	Samið án útb.	Samið án útb.	Útboð	Útboð	Samið án útb.
Samningsupph.	284 900 000	14 819 475	4 634 070	10 643 395	26 550 000
Samþ. til greiðslu					
Samningur	295 781 340	14 171 910	0	9 043 420	26 550 000
Aukaverk	125 951 170	676 443	0	1 952 092	4 607 168
Verðbætur	55 760 830	1 403 350	0	1 518 479	1 818 664
Fæði frádrag				− 457 500	
Samtals:	477 493 340	16 251 703	0	12 056 491	32 975 832
Athugasemd	Samningi sagt upp. Uppgjöri lokið	Ekki lokið	Samningi sagt upp. Aldrei framkv. 12 tilboð bárust. Lægsta tæknilega full-komnu tilb. tekið	Samningi sagt upp. Uppgjöri lokið. 5 tilboð bárust. Lægsta tilboði tekið	Lokið

Samn. nr.	02.109	02.111	02.112	02.113	02.114
Heiti samn.	Flutningur	Innréttingar	Hurð	Loftræsing	Háspennuvirki
Verktaki	Miðfell hf.	FBHSÞ	Normi hf.	Vogur hf.	Möl og sandur hf.
Samningsform	Samið án útb.	Samið án útb.	Útboð	Útboð	Samið án útb.
Samningsupph.	Einingarverð	28 668 150	4 000 000	18 506 000	16 777 946
Samþ. til greiðslu					
Samningur	—	27 897 384	4 000 000	17 580 701	16 777 946
Aukaverk	—	13 549 896	1 035 000	4 495 608	1 015 944
Verðbætur	—	3 318 273	0	1 328 017	2 684 631
Fæði frádrag	—	−2 787 417	−177 500	−975 000	−180 426
Samtals:	9 943 583	41 978 136	4 857 500	22 429 326	20 298 095
Athugasemd	Lokið	Ekki lokið	Lokið. 2 tilboð bárust. Lægsta tilboði tekið	Uppgjöri ekki lokið. 7 tilboð bárust. Lægsta af gildandi tilb. tekið	Lokið

Samn. nr.	02.115	02.117	02.118	02.119	02.120
Heiti samn.	Pípulagnir	Skemma	Girðing	Frágangur	Vélavinna
Verktaki	Sigurvaldi o. fl.	Miðfell hf. og Sniðill hf.	Sniðill hf.	Sniðill hf.	Foss hf.
Samningsform	Samið án útb.	Samið án útb.	Útboð	Samið án útb.	Samið án útb.
Samningsupph.	Einingarverð	Einingarverð	1 750 000	Einingarverð	Tímavinna
Samþ. til greiðslu					
Samningur	—	—	1 750 000	—	—
Aukaverk	—	—	100 000	—	—
Verðbætur	—	—	0	—	—
Fæði frádrag					
Samtals:	6 106 950	6 252 616	1 850 000	8 900 027	1 580 766
Athugasemd	Samningi sagt upp. Uppgjöri lokið	Lokið	Lokið. 2 tilboð bárust. Lægsta tilb. tekið	Ekki lokið	Ekki lokið

Heiti samn.	Ýmislegt	Stálgr.skemma*)	Stöðvarvarða-bústaðir*)	Uppsetning bráðabirgðahúsa*)	Uppsetning bráðabirgðahúsa*)
Verktaki	Miðfell hf.	Foss hf.	Byrgi hf. og Norðurvík hf.	Sniðill hf.	Ýmsir
Samningsform	Samið án útb.	Útboð	Útboð	Reikningsverk	Reikningsverk
Samningsupph.	Tímavinna	12 127 687	94 386 555		
Samþ. til greiðslu				7 941 404	4 500 000
Samningur	—	12 127 687	88 578 618		
Aukaverk	—	651 457	4 280 727		
Verðbætur	—	1 017 354	11 265 103		
Fæði frádrag		0	0	0	0
Samtals:	3 864 244	13 796 498	104 124 448	7 941 404	4 500 000
Athugasemd	Lokið	Lokið	Ólokið	Lokið	Lokið

* Um þessi verk var samið fyrir tilstilli verkfræðinga Kröflunefndar, sem einnig sáu um eftirlit og uppgjör

Samn. nr.	05.101	05.102	05.103	05–104	05.109
Heiti samn.	Rafmagnsvinna	Kæliturnar reising	Vélaniðursetn.	05–105 05–106 05–107 05–108	Tækjastilling
Verktaki	Rafafl s.v.f.	Miðfell hf.	H.S.H.	Slippstöðin hf.	Samraf hf.
Samningsform	Útboð	Útboð	Útboð	Útboð	Samið án útb.
Samningsupph.	30 382 000	34 680 000	130 150 000	85 968 000	4 790 000
Samþ. til greiðslu					
Samningur	33 976 627	34 680 000	100 013 000	67 958 000	4 510 000
Aukaverk	50 113 846	488 913	71 474 551	148 838 057	—
Verðbætur	22 501 972	5 891 942	21 920 456	17 614 418	1 199 604
Fæði frádrag					
Samtals:	106 592 445	41 060 855	193 408 007	234 410 475	5 649 604
Athugasemd	Samningi sagt upp. Lokauppgjöri ekki lokið	Lokið	Samningi sagt upp. Lokauppgjöri ekki lokið	Samningi sagt upp. Lokauppgjöri ekki lokið	Samningi sagt upp. Uppgjöri lokið

3.2. Framkvæmdir Orkustofnunar.

3.21 Skipulag framkvæmda.

Til glöggvunar er rétt að vekja athygli á þeirri verkaskiptingu, sem viðhöfð er innan Orkustofnunar varðandi framkvæmdirnar við Kröfluvirkjun. Verkaskipting er með þeim hætti, að rannsóknir, sem hafa farið fram við Kröflu, eru í höndum Jarðhitadeildar OS, þar á meðal rannsóknir, sem gerðar eru á borholum meðan á borun stendur og eftir að henni lýkur. Má þar nefna sýnistöku til efnagreiningar á holuvökva og borsvarfi, hitamælingar, gasmælingar, aflmælingar og ýmsar fleiri reglubundnar mælingar á holum. Enn fremur gerir Jarðhitadeild, á grundvelli rannsókna á svæðinu, tillögur um staðsetningu borhola, dýpt þeirra og hversu djúpt þær skuli fóðra. Eftir að umbrot og eldgos hófust, hefur Jarðhitadeildin einnig rekið umfangsmiklar rannsóknir á þeim (sjá fskj. I, 31 og I, 39) í þeim tilgangi að hafa á hverjum tíma bestu fáanlegar upplýsingar að styðjast við í tillögum sínum til framkvæmdaaðila og iðnaðarráðuneytisins.

Framkvæmdahliðin á þætti Orkustofnunar í byggingu jarðhitaorkuversins við Kröflu er í höndum Jarðvarmaveitna ríkisins. Þær ákveða staðsetningu og hönnun borhola að fengnum tillögum Jarðhitadeildar, láta bora holurnar og sjá um að hanna, smíða og setja upp gufuaðveitukerfi virkjunarinnar, þ. e. þau mannvirki, sem taka við borholuvökvanum við holuloka og skila gufu að inntakslokum við stöðvarhús. Í þessu kerfi eru leiðslur fyrir gufu og vatn, lokabúnaður, gufuskiljur, rakaskiljur ásamt stjórntækjum. Jarðvarmaveiturnar sjá einnig um hönnun og smíði þeirra mannvirkja, sem ætlað er að taka við afgangsvatni virkjunarinnar og koma því fyrir á þann hátt, að skaði ekki umhverfið.

Jarðvarmaveitur ríkisins er upphaflega nafn á þeirri starfssemi, sem ríkið tókst á hendur varðandi öflun jarðgufu handa Kísiliðjunni h.f. og sölu á gufu til verksmiðjunnar. Þetta hlutverk tók ríkið að sér með lögum um Kísiliðjuna, þar sem það var falið iðnaðarráðherra, en hann fól síðan Orkustofnun að framkvæma. Síðar féll öflun heits

vatns handa Þörungavinnslunni á Reykhólum og sala á því einnig í hlut Jarðvarmaveitnanna á sama hátt, þ. e. ríkið tekur þetta að sér með lögunum um Þörungavinnsluna og fær í hendur iðnaðarráðherra, sem síðan felur Orkustofnun framkvæmdina. Enn fremur hefur ráðherra falið Jarðvarmaveitunum sölu á gufu til rafstöðvar Laxárvirkjunar í Bjarnarflagi.

Jarðvarmaveiturnar hafa samið við ýmsa verktaka um einstaka þætti framkvæmdanna. Um borun vinnsluholanna sömdu þær við Jarðboranir ríkisins, sem er verktakafyrirtæki í eigu ríkissjóðs, er starfar að jarðborunum. Þetta fyrirtæki heyrir undir iðnaðarráðherra, sem hefur falið Orkustofnun rekstur þess. Þetta er eini verktakinn á þessu sviði hérlendis. Jarðboranir ríkisins eiga alla hérlenda jarðbora, að undanskildum gufubornum Dofra, sem er sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar undir sérstakri stjórn með fulltrúum beggja eigenda. Sú stjórn hefur samið við Jarðboranir ríkisins um rekstur Dofra, þannig að þær reka alla jarðbora á landinu.

Framkvæmdin á verkþætti Orkustofnunar í Kröfluvirkjun er þannig í höndum Jarðvarmaveitna ríkisins, með Jarðhitadeild sem rannsóknaraðila og ráðgjafa í jarðhitafræðilegum efnum og Jarðboranir ríkisins sem borverktaka.

3.22 Boranir eftir gufu.

3.221 Boranir 1975.

Með bréfi, dags. 22. jan. 1975, sendi Orkustofnun iðnaðarráðuneytinu kostnaðaráætlun um borun fimm vinnsluborhola í Kröflu (fskj. 52) á árinu 1975. Skv. áætluninni var talið, að borun 5 borhola mundi kosta um 216 milljónir króna, eða 43 milljónir hver hola. Vegna gengis- og verðbreytinga var þessi kostnaðaráætlun endurskoðuð í mars 1975 og send ráðuneytinu með bréfi dags. 3. mars 1975 (fskj. 53) og aftur í maí 1975 og send ráðuneytinu með bréfi dags. 14. maí 1975 (fskj. I, 20). Um svipað leyti var Innkaupastofnun ríkisins falið að panta efni til þessara vinnsluborana, þ. e. stálfóðringar og holuloka ásamt hjálparbúnaði. Var í því efni stuðst við reynslu frá fyrri borunum hér á landi, m.a. í Mosfellssveit, Krýsuvík, Svartsengi, Nesjavöllum og í Námafjalli.

Um þetta leyti varð ljóst, að fjármagn til borframkvæmda á árinu 1975 yrði aðeins um 150 Mkr. Að beiðni iðnaðarráðuneytisins endurskoðaði Orkustofnun kostnaðaráætlanir sínar og sendi iðnaðarráðuneytinu bréf, dags. 22. maí 1975 (fskj. 54), þar sem segir m. a.:

„Nú virðist sem tiltækt fé til borana á sumri komandi verði 150 Mkr. Eins og sjá má á ofangreindri áætlun nægir það ekki til að ljúka einni holu, vegna þess að af upphæðinni hafa þegar verið keypt fóðurrör o. fl. í fimm holur.

Stofnuninni virðist auðsætt, að ef skera verður niður fé til Kröflufframkvæmda frá því, sem ráðgert var, sé óhjákvæmilegt að endurskoða alla tímaáætlun þeirra framkvæmda, bæði varðandi gufuöflunina og aðra hluta þeirra. Í þeirri endurskoðun þarf að samræma vinnsluborunina öðrum framkvæmdaþáttum út frá þeirri staðreynd, að gufan er það sem allt mannvirkið byggist á, og þarf því öflun hennar að njóta það mikils forgangs að ekki sé verið að taka óeðlilega áhættu. Að mati Orkustofnunar er það hreint neyðarúrræði að bora færri holur en fimm á næsta sumri, jafnvel þótt upprunalegri tímaáætlun seinki eitthvað af völdum niðurskurðar, vegna þess að í

þeirri áætlun var þegar tekin áhætta varðandi gufuöflunina, meiri áhætta en tíðkast sums staðar erlendis við jarðgufuvirkjanir. Þessa áhættu má alls ekki auka.

Orkustofnun vill því leyfa sér að leggja til við hið háa ráðuneyti, að það efni til fundar með fulltrúum hennar og Kröflunefndar um samræmda endurskoðun á tíma-áætlun Kröfluframkvæmda, hið allra fyrsta."

Vinnsluboranir við Kröflu hófust í júnímánuði 1975 með gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar (Dofra). Í júlí ákvað iðnaðarráðuneytið, að alls þrjár holur skyldu boraðar í Kröflu það árið. Ekki tókst að ljúka borun þessara hola, KG-3, KG-4 og KG-5, nema einnar, þ. e. KG-3, eins og kemur fram í skýrslu Orkustofnunar. (Fskj. I, 24). Í októberlok var borun holu KG-5 hætt, en hún var þá um 1300 m djúp. Var gufuborinn þá fluttur niður í Bjarnarflag til borunar einnar vinnsluholu fyrir Kísiliðjuna og gufuaflstöð Laxárvirkjunar.

Í töflu á bls. 2823 er að finna helstu upplýsingar um allar holur, sem hafa verið boraðar í Kröflu. Er þar greint frá gerð og eiginleikum þessara borhola skv. þeim upplýsingum, sem voru tiltækar í janúarmánuði 1978.

Um árangur borananna 1975 er nánar fjallað í skýrslu Orkustofnunar, OS JHD 7558 (fskj. I, 24). Þar segir m. a.:

„Að loknum rannsóknum Orkustofnunar á jarðhitasvæðinu við Kröflu árið 1974, þegar ákveðið var að ráðast í byggingu Krófluvirkjunar, var ráðgert, að boraðar yrðu fimm vinnsluholur á svæðinu á árinu 1975. Út af þessari áætlun var þó brugðið, þegar leið á verktímann, og ákveðið að hætta eftir þriðju holuna, þar sem fé fékkst ekki til frekari borana. Af þessum þremur holum er aðeins ein fullfrágengin, en tveim tókst ekki að ljúka vegna mikils þrýstings í vatnsæðum og goshættu.

Þær upplýsingar um rennsli og hita hola og aðra vinnslueiginleika svæðisins, sem nú liggja fyrir, eru mun takmarkaðri en gert var ráð fyrir, ef upphafleg áætlun um borun 5 vinnsluhola hefði staðist.

Fullnægjandi upplýsingar liggja aðeins fyrir um eina holu. Það gufumagn, sem úr henni kemur við 10 ata þrýsting, dugir til 5—6 MW raforkuframleiðslu. Nægileg gögn liggja enn ekki fyrir til þess að segja ákveðið um meðalhitastig á því vatni, sem kemur inn í vinnsluholur.

Í ljós hefur komið, að öflugar æðar eru í flestum holunum ofan 1000 metra. Hitastig þeirra er nálægt 250° C. Á meira dýpi er hitastig hærra, eða um og yfir 300° C. Niðurstöður sýna, að rennsli milli æða á sér stað í sumum holunum. Þetta millirennsli veldur tæknilegum erfiðleikum í borun og hefur áhrif á vinnslueiginleika hola.

Í áætlunum Orkustofnunar fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir að ljúka frágangi á þeim tveim holum, sem ekki var lokið í ár, og bora 3—4 vinnsluholur. Gert er ráð fyrir, að þær geti orðið a. m. k. 2500 m djúpar og jarðborinn Jötunn verði fenginn til verksins. Samkvæmt áætluninni hefst borun um miðjan mars og lýkur í desember 1976.

Frá því að borun lýkur er æskilegt að 3—4 mánuðir líði áður en hafist er handa um að tengja holu inn á gufuveitukerfið.

Ekki er víst, að afköst þeirrar einu holu, sem nú er tilbúin, samsvari meðalafköstum fyrstu 6—7 vinnsluholanna, og getur hún hvort sem er lent ofan við eða neðan við meðalafköst þeirra vinnsluhola, sem eru óboraðar. Þannig er engin trygging fyrir því, að það gufumagn verði tilbúið í árslok 1976, sem nauðsynlegt er fyrir 30 MW raforkuframleiðslu með öðrum rafli virkjunarinnar.

Miðað við niðurstöður rannsóknarborana 1974, ákvörðun um legu stöðvarhúss og landslag, hefur vinnslusvæði fyrir borholur verið skipt í tvö svæði, annars vegar á

stórum stalli, sem gengur inn í brekkuna ofan Leirbotna, og hins vegar uppi á brekkunni, vestur af annarri rannsóknarholunni frá 1974. Gert er ráð fyrir, að vinnsluholur fyrir fyrsta áfanga virkjunarinnar verði á neðra svæðinu.

1. Gangur borana 1975.

Í Kröflu hófust vinnsluboranir eftir gufu í byrjun júní 1975 og lauk síðustu dagana í október. Höfðu þá verið boraðar 3 holur og er þó aðeins sú fyrsta þeirra (H-3) fullgerð. Ólokið er fóðrun annarrar holunnar, sem er 2003 m djúp, og dýpkun og fóðrun þeirrar þriðju (H-5), sem er nú 1300 m djúp. Áætlað er að dýpka þá holu í 2000 metra.

Ástæðan fyrir því, að fóðrun H-4 varð ekki lokið er sú, að holan lenti í mjög heitri og kraftmikilli æð í 1940 m dýpi og tókst ekki að kæfa æðina, þar sem vatnið rann upp holuna og út í aðra æð á 700 metra dýpi. Köldu vatni var dælt á holutoppinn, en þyngd köldu vatnssúlunnar dugði ekki til að halda niðri þrýstingi, þar sem skolvatnið rann út í 700 m æðina.

Öryggisventlar borsins voru ekki nógu sterkir fyrir þann þrýsting, sem æð þessi gaf með rennsli upp í holuna. Af öryggisástæðum þótti ekki ráðlegt að bora H-5 niður á meira dýpi en 1300 metra, þar sem óttast var að sömu kringumstæður kæmu upp og í H-4, ef borað væri niður undir 2000 m. Þess vegna var ákveðið að bíða átekta með dýpkun holunnar til næsta árs, en þá er gert ráð fyrir, að öryggisbúnaður borsins hafi verið bættur."

Miklar breytingar urðu á borholum KG-3 og KG-4 veturinn 1975—76. Skömmu fyrir eldgosið í Leirhnjúk 20. des. 1975 tók afl KG-3, sem hafði gefið góða raun í byrjun, að rýrna, og hélt svo áfram fram eftir ári 1976. Gasmagn í holunni jókst gífurlega í mars 1976, en nokkuð dró úr því aftur á næstu mánuðum, þótt það héldist áfram mun meira en það hafði upphaflega verið.

Borholu KG-4 tókst ekki að ljúka vegna millirennslis frá 1940 m dýpi og upp í æð á 700 m dýpi. Þetta millirennsli orsakaði óvenjuháan þrýsting, 90 kg/cm², á toppbúnað holunnar. Í janúar 1976, skömmu eftir gosið í Leirhnjúk, sprengdi holan af sér toppbúnaðinn og myndaðist þá mikill gufuhver. (Sjá fskj. 55). Um svipað leyti súrnaði vökvinn, sem frá holunni rann, mjög (ph=1.8), en komst í eðlilegt horf eftir 4—6 mánuði. Geta má þess, að vökvi með ph=1.8 er mjög súr og tærir járn (fóðurrör) á skömmum tíma.

Gufuhverinn var mjög virkur lengi vel og runnu frá honum um 150 l/sek. af vatni, en um haustið fór að draga af honum og í desember 1976 þornaði hann alveg. Hefur þá holan, sem undir honum var, væntanlega fallið saman og stíflast.

Borhola KG-5 var aðeins boruð í 1300 m dýpt af öryggisástæðum. Eftir reynsluna af KG-4 þótti rétt að bora ekki dýpra fyrr en öryggisútbúnaður hefði verið bættur.

Í heild má segja, að þrátt fyrir óhöpp hafi árangur borana árið 1975 ekki gefið tilefni til annars en bjartsýni um áframhaldandi gufuöflun í Kröflu. Jafnframt varð ljóst að borframkvæmdirnar voru tæknilega séð mun vandasamari en boranir á háhitasvæðum annars staðar höfðu reynst vera.

Auðsætt er þó, að Orkustofnun var mjög vanbúin að mæta þeim vinnsluerfiðleikum er þarna urðu.

3.222 Boranir 1976.

Í nóvember 1975 sendi Orkustofnun bréf til iðnaðarráðuneytisins (fskj. 56), þar sem gerð var grein fyrir boráætlun ársins 1976. Þar segir m. a.: „Fyrirhugað er að hefja boranir á árinu 1976 með Jötni strax og veður leyfir og eftir að borun á Laugalandi lýkur. Miðað við, að borun geti hafist í mars, er áætlað, að samtals 6—7 borholur verði fullbúnar í nóvember 1976."

Í desember 1975 kom út skýrsla Orkustofnunar um niðurstöður vinnsluborana 1975 og horfur á gufuöflun. (Fskj. I, 24). Um boranir 1976 segir þar m. a.: „Í áætlunum Orkustofnunar fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir að ljúka frágangi á þeim tveim holum, sem ekki var lokið í ár, og bora 3—4 vinnsluholur. Gert er ráð fyrir, að þær geti orðið a. m. k. 2500 m djúpar og jarðborinn Jötunn verði fenginn til verksins. Samkvæmt áætluninni hefst borun um miðjan mars og lýkur í desember 1976."

Veturinn 1975—76 var notaður til að móta öryggisreglur og nýjar vinnuaðferðir við borun og frágang hola til að útvega öflugri öryggisbúnað á borinn. Ábendingar höfðu strax komið fram við hverju mætti búast við borun rannsóknarholanna 1974. M. a. var nú gert ráð fyrir mun sterkari holulokum og fóðurrörum í holurnar en áður. Var þetta gert í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hafði af borunum í Kröflu árið 1975, en þá hafði mælst hærri þrýstingur við holutopp á holu KG-4, um 90 kg/cm², en áður var vitað um á öðrum jarðhitasvæðum, bæði hérlendis og erlendis. Í skýrslunni um rannsóknarboranirnar (fskj. I, 19), á bls. 14, segir, að búast megi við 330° C botnhita í 2000 m djúpum borholum. Nú var einnig rætt um nauðsynlegt fóðringardýpi með það fyrir augum að koma í veg fyrir millirennsli eins og átti sér stað í holu KG-4. Jarðlagaskipan í þeirri holu gaf til kynna, að fóðrun niður á allt að 1000—1100 m dýpi gæti reynst nauðsynleg til þess að hindra millirennsli. Í febrúar 1976 gaf Orkustofnun út skýrslu: „Öryggisbúnaður og framkvæmdaáætlun við boranir með Jötni í Kröflu 1976." (Fskj. I, 28).

Í mars 1976 fóru þeir Karl Ragnars verkfræðingur við Jarðvarmaveitur ríkisins og Einar Tjörvi Elíasson verkfræðingur Kröflunefndar í kynnisferð til m. a. Nýja-Sjálands og kynntu sér nýjustu aðgerðir og bortækni í sambandi við boranir í háhitasvæði þar. Bar för þeirra góðan árangur, og má segja, að með henni hafi fengist staðfesting á þörf fyrir endurskoðun á gerð borhola við Kröflu með sterkari búnaði eins og greinir frá að framan.

Í apríl 1976 skipaði orkumálastjóri 3 menn í nefnd til að taka ákvarðanir um boranir í Kröflu. Í nefndinni var einn fulltrúi fyrir Jarðhitadeild, einn fyrir Jarðvarmaveitur ríkisins og einn fyrir Jarðboranir ríkisins. Í skipunarbréfinu segir m. a.: „Mikil og vandasöm verk eru nú framundan í gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun. Til að tryggja, eftir því sem hægt er, að þau verði unnin á sem bestan hátt, vil ég biðja ykkur að taka sæti í nefnd til að fjalla um og taka ákvarðanir um framkvæmdaatriði borananna. Þar á ég sérstaklega við staðsetningu borhola, holudýpi, fóðringar o. s. frv. Verksvið nefndarinnar er þó ekki bundið við þessi atriði, heldur hver sem er önnur, sem upp kunna að koma varðandi gufuöflunina til yfirborðs, en við holutopp tekur gufuveitan hins vegar við gufunni. Í ákvörðunum sínum ber nefndinni jafnan að hafa það meginmarkmið í huga að afla á sem skjótastan hátt nothæfrar gufu til að virkjunin geti farið í gang sem fyrst."

Enn fremur segir í bréfinu: „Æskilegt er, að nefndin komist að sameiginlegri niðurstöðu um þær ákvarðanir, sem taka þarf. Verði ágreiningur, sem nefndin ekki getur leyst, er til þess ætlast, að slíkum málum verði vísað til mín."

Hinn 7. maí 1976 sendi nefndin orkumálastjóra álitsgerð: „Staðarval borhola í

Kröflu 1976." (Fskj. 57). Þar segir m. a.: „Okkur undirrituðum þykir að vandlega yfirveguðu máli skynsamlegt og eðlilegt, að fyrsta holan verði boruð í Leirbotnum, þar sem svo mikill ávinningur er af því, ef vel tekst til."

Boranir hófust með Jötni 27. júní 1976 í Leirbotnum (KJ-6). Var þetta mun seinna en upphaflega var áætlað. Stafaði það fyrst og fremst af því, að Jötunn var upptekinn við borun í Eyjafirði fyrir Hitaveitu Akureyrar. Einnig kom til, að afgreiðsla á efni, einkum borholulokum, varð svo sein, að erfiðleikar voru á því að hefja boranirnar við Kröflu þótt komið væri fram á sumar 1976. Þar með var ljóst, að ekki yrði með neinu móti hægt að láta boráætlunina fyrir árið 1976 standast. Hins vegar benti allt til þess, að jarðgufuaflstöðin mundi tilbúin til rafmagnsframleiðslu í janúar 1977. Var þá af hálfu iðnaðarráðuneytisins haft frumkvæði um það að fá gufuborinn Dofra að Kröflu til viðbótar Jötni, og hóf hann borun holu nr. 8 (KG-8) í ágúst 1976. Jafnframt fékk ráðuneytið Guðmund Einarsson verkfræðing sér til aðstoðar við að gera nákvæma verk- og kostnaðaráætlun yfir boranir á árinu 1976. Skv. áætluninni var gert ráð fyrir, að boraðar skyldu 5 nýjar vinnsluholur og jafnframt lokið við að dýpka holu 5 (KG-5) og fóðra hana fyrir jól 1976. Var talið að allt verkið mundi kosta um 600 milljónir króna.

Miklar umræður urðu um staðsetningu á borholum þetta sumar og nokkuð skiptar skoðanir sérfræðinga. Vildu sumir, aðallega verkfræðingar virkjunarinnar, bora sem næst fyrirhugaðri skiljustöð í botni Hlíðardals (Leirbotnar), enda yrði kostnaður bæði við boranir, þar með talið borstæði með steyptum kjallara, lagning vegar að borstæði, og ennþá frekar við gufuleiðslur frá holum, þá hvað minnstur, og jafnframt tæki verkið þannig minnstan tíma. Aðrir töldu, að réttara væri að bora uppi á hæðinni fyrir ofan Hlíðardal, sem næst holu 4, sem hafði gefið vísbendingu um mikla gufu. Einnig væri réttara að dreifa borholunum sem mest um það svæði, sem þá hafði verið skilgreint sem vinnslusvæði gufu fyrir Kröfluvirkjun.

Niðurstaðan af þessari umræðu var svo sú, að uppi á hæðinni fyrir ofan Hlíðardal voru boraðar holur 8 (KG-8) með 600 m vinnslufóðringu („grunn hola fyrir efra vatnskerfi") og hola 10 (KG-10) með 800 m vinnslufóðringu („djúp hola fyrir neðra vatnskerfi"). Í brekkunni upp af Leirbotnum voru boraðar holur 7 og 9 og 11 (KJ -7, KJ-9 og KJ-11). Voru holur 7 og 11 með 800 metra fóðringu („djúp hola"), en holu 9 varð ekki lokið. Hola 6 (KJ-6), með 600 m fóðringu, var hins vegar boruð í Leirbotnum við hliðina á stöðvarhúsinu. Í öllum þessum holum var raufaður leiðari (götuð fóðurrör) frá vinnslufóðringu og niður í botn holu. Götin á leiðaranum eru jafndreifð yfir alla lengd hans. (Fskj. 58).

Nokkru eftir að borun KJ-9 hófst varð sá atburður, hinn 12. október 1976, að upp kom leirhver nálægt borstæðinu. Var borinn þá fluttur af því, þar eð ekki var ljóst í fyrstu hvað hér var að gerast eða hvert framhald yrði á atburðum. Var þá Jötunn fluttur af holu 9 og borun holu KJ-11 hafin. Skömmu síðar kom í ljós, að fóðring í holu KG-3, sem er skammt frá borstæði KJ-9, hafði slitnað í um það bil 75 m dýpi með þeim afleiðingum, að vatn og gufa úr KG-3 ruddi sér leið út úr fóðringunni og upp á yfirborðið og myndaði leirhverinn. Hola KG-3 var fyllt af sandi, og hjaðnaði þá leirhverinn alveg. Eftir að borun KJ-11 lauk, var Jötunn fluttur aftur á KJ-9. Borun hennar stóð fram í byrjun des. 1976, en varð ekki lokið. Var aðeins borað niður á 1 100 m dýpi með 300 m hlífðarfóðringu. Gengið var þannig frá holunni, að hægt yrði að dýpka hana síðar, en einnig var komið fyrir í henni raufuðu lausu fóðurröri, þannig að hægt væri að láta hana blása.

Eftir að borun holu 10 var lokið var gufuborinn Dofri fluttur á holu 5 (KG-5), sem ekki hafði verið lokið við haustið 1975. Kom í ljós, að hlykkur var í holunni á 46

m dýpi og því ekki unnt að koma borstöngum niður í hana. Var þá hætt við frekari borun holu 5 og Dofri fluttur burt af svæðinu.

Tæknileg framkvæmd borananna 1976 tókst að ýmsu leyti vel, og verður ekki séð annað en búnaður holanna sé fullnægjandi til að mæta því álagi, sem á honum er. Nýjar upplýsingar fengust um vinnslueiginleika borsvæðisins: Tvö vatnskerfi eru til staðar, ofan við 900—1 100 m og neðan við 1 100—1 500 m. Þessi tvö jarðhitakerfi hafa mjög mismunandi vinnslueiginleika, svo sem hita, efnasamsetningu, streymisgerð o. fl. Efra kerfið er aðeins 220° C heitt, og eiga sér stað kalkútfellingar þegar þetta vatn sýður. Neðra kerfið er hins vegar 320—340° C heitt og er í suðu. Er hiti þess hærri en fundist hefur áður á jarðhitasvæði hérlendis og með þeim hæsta, sem fundist hefur í heiminum.

Borholurnar taka vatn sitt annaðhvort úr efra kerfinu eða úr báðum kerfunum. Efrakerfisholurnar (KW-2, KG-8, KJ-9) hafa lítið afl sakir lágs innstreymishita, og í þeim hafa orðið miklar kalkútfellingar. Blönduðu holurnar (KW-1, KG-3, KJ-6, KJ-7, KG-10, KJ-11) hafa mismunandi og breytilega rennsliseiginleika. Aflmestar þeirra hafa verið KG-3 (sem nú er lokuð), KG-10 og KJ -11, en dregið hefur verulega úr afli þeirra með tíma, að því er virðist af völdum kalkútfellinga.

Þá kom einnig í ljós mikið járninnihald í frárennslisvatni frá KJ-6 og KJ-7. Var í fyrstu talið, að hér væri um að ræða tæringu á fóðurrörum holanna. Komið var á fót samvinnu Orkustofnunar og Rannsóknastofnunar iðnaðarins um rannsókn á þessu vandamáli. (Fskj. I, 53). Niðurstaða þeirra rannsókna er m. a. sú, að lítil tæringarhætta sé fyrir hendi við óbreyttar aðstæður. Hins vegar hefur síðar komið í ljós, að verulegar útfellingar af járn- og kísilsamböndum eiga sér stað í fóðurrörum, eins og áður er getið.

Árangur borananna 1976 í gufuöflun virtist í fyrstu vera góður. Þannig reyndust holur KJ-7, KG-10 og KJ-11 vera mjög aflmiklar fyrst í stað, en holur KJ-6 og þó einkum KG-8 og KJ-9 aftur á móti afllitlar. Alvarleg skemmd á fóðringu á um 100 metra dýpi í holu 7 olli því, að afl holunnar datt niður um helming eftir nokkra klukkutíma og hélt síðan áfram að minnka jafnt og þétt. Hola 10 missti afl sitt að verulegu leyti á næstu mánuðum. Hola 11 hélt hins vegar góðum afköstum, en nokkuð bar á því, að hún væri óstöðug. Var þar kennt um, að efra og neðra vatnskerfi Kröflujarðhitasvæðisins blönduðust saman í holunni, sem og reyndar í öðrum holum, og sökum mismunandi þrýstings kæfði efra vatnskerfið það neðra öðru hvoru.

Er ljóst varð í byrjun árs 1977, að árangur borana við Kröflu fram til þessa var mjög slakur, óskaði iðnaðarráðuneytið eftir skýringum og túlkun Orkustofnunar á þessum vanda. Orkustofnun svaraði með bréfi, dagsettu 4. febrúar 1977, sem fer hér á eftir:

„Að beiðni hins háa ráðuneytis vill Orkustofnun skýra frá eftirfarandi atriðum þegar á þessu stigi málsins, enda þótt stofnunin hafi enn ekki að fullu metið árangur vinnsluborana við Kröflu 1976 eða mótað endanlega tillögur um með hverjum hætti þeim skuli haldið áfram.

1. Ljóst er nú þegar, að árangur vinnsluborana 1976 er lakari en vonir stóðu til, bæði varðandi magn tiltækrar gufu og gæði hennar (gasinnihald; tæringaráhrif á gufukerfi). Heildarniðurstöður borana liggja þó enn ekki fyrir, þar eð mælingum er ekki lokið á tveimur síðustu holunum sem boraðar voru.
2. Talið er fullvíst að tæringaráhrifin og gasinnihald gufunnar orsakist af eldsumbrotum við Kröflu. Hugsanlegt er einnig að eldsumbrotin hafi haft áhrif til rýrnunar á rennsli úr borholum.
3. Það kom fyrst í ljós við boranirnar 1976 að áhrif umbrotanna urðu svo víðtæk á

fyrirhuguðu vinnslusvæði sem raun ber vitni. Þetta vinnslusvæði er hins vegar aðeins hluti af jarðhitasvæðinu við Kröflu. Ekki var unnt að segja fyrir um hversu víðtæk eða varanleg áhrifin yrðu, enda ekki við sambærilega reynslu annars staðar að styðjast.

4. Um það verður ekki sagt að svo stöddu, hve stórt það svæði er, sem áhrif umbrotanna ná til; hvort þau nái til jarðhitasvæðisins alls eða þess hluta einungis, sem borað var í á síðasta sumri. Úr þessu verður ekki skorið nema með frekari borunum. Áhrifa þessara hefur ekki gætt við Námafjall, um það bil 7 km í burtu.
5. Ekki er heldur unnt að segja um það á þessu stigi máls, hve lengi muni gæta þeirra áhrifa eldsumbrotanna á vinnslueiginleika, sem í ljós komu á þeim hluta jarðhitasvæðisins við Kröflu þar sem borað var 1976. Allar tölur um slíkt, sem fram hafa komið í fjölmiðlum undanfarið, verða að skoðast sem persónulegt mat viðkomandi. Reynslan ein getur skorið úr um þetta atriði.
6. Við þessar aðstæður telur Orkustofnun rétt að gera eftirfarandi:
   6.1 Halda áfram nú á þessu ári vinnsluborunum í því skyni að afla meiri gufu handa Kröfluvirkjun. Verið er að athuga hvar ráðlegast sé að halda borunum áfram. Ýmsir kostir koma þar til álita og þarf að bera þá saman. Að því verður unnið nú á næstunni.
   6.2 Halda áfram framkvæmdum við stöðvarhús og gufuveitu að því marki sem nauðsynlegt er til að geta komið stöðinni í gang með þeirri gufu sem nú er tiltæk. Fyrst verði stöðin rekin í tilraunarekstri meðan ýmiss konar prófanir fara fram og byrjunarörðugleikar í sjálfum rekstrinum eru yfirunnir. Er þýðingarmikið að geta notað tímann í því skyni meðan unnið er að frekari gufuöflun, svo að ekki verði frátafir af þeim sökum þegar hún er fengin.
   6.3 Ætla má að áhrif eldsumbrotanna verði fremur til að tefja gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun og gera hana dýrari en að tefla henni í tvísýnu til frambúðar. Með hliðsjón af því er ástæða til að hafa áhyggjur af raforkuöflun á Norðurlandi veturinn 1977-'78 sérstaklega. Engin leið er að segja fyrir um það, hve mikið megi reiða sig á Kröflu þann vetur. Er því full ástæða til að hraða lokaáfanga Byggðalínu og Hvalfjarðarlínu, svo fremi að unnt sé að ljúka þessum verkum á annað borð næsta haust eða fyrri hluta næsta vetrar. Þyrfti sem fyrst að komast að endanlegri niðurstöðu um hvort þetta er unnt og þá hvernig."

Það er rétt að vekja athygli á því, að haustið 1977 urðu mikil umbrot í Bjarnarflagi, þ. e. í Námafjalli. Í þeim urðu miklar skemmdir á borholum, og hefur síðan verið um mikinn gufuskort að ræða hjá Kísiliðjunni og gufuaflstöð Laxárvirkjunar í Bjarnarflagi. Enn fremur, að um það leyti er ofangreint bréf er ritað, þ. e. í byrjun febrúar 1977, var flýting Norðurlínu rædd rækilega í ríkisstjórninni. 10. febrúar 1977 var að tillögu iðnaðarráðherra samþykkt að flýta kaflanum Geitháls-Grundartangi-Vatnshamrar, þannig að full flutningsgeta til Akureyrar næðist fyrir árslok 1977. Þessum áfanga var náð fyrir mánaðamótin nóv.-des. s. á.

3.223 Boranir og endurvinnsla 1977.

Iðnaðarráðuneytið tók saman greinargerð um stöðu framkvæmda við Kröfluvirkjun og er hún dags. 7. febrúar 1977. (Fskj. 59). Stóðu fulltrúar allra þriggja framkvæmdaraðila Kröfluvirkjunar að henni. Í henni segir m. a.:

„Viðbótarfjárfesting til nýtingar á fyrri vélasamstæðu til raforkuöflunar er fyrst og fremst tengd gufuöflun á árinu 1977, og allur árangur slíkrar fjárfestingar skilar sér því í auknum afköstum fyrri vélasamstæðu til raforkusölu og þar með til nýtingar heildarfjárfestingar Kröfluvirkjunar. Á það skal bent, að hér er um brautryðjendastarf að ræða við virkjun háhitasvæða landsins til raforkuframleiðslu. Sambærilegar aðstæður með tilliti til áhrifa gosvirkni hafa ekki komið fram annars staðar í heiminum.

Miðað við stöðu verksins og þá reynslu, sem nú þegar hefur fengist við þessa virkjun, og hinn mikla orkuskort á Norðurlandi, svo og það fjármagn, sem nú þegar er búið að binda, væri óraunhæft að fresta framkvæmdum um óákveðinn tíma. Enn fremur gæti slíkt haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar og gæti stöðvað um langa framtíð framkvæmdir til nýtingar á jarðgufu háhitasvæða landsins til orkuöflunar."

Í lok greinargerðarinnar er efnið dregið saman í þessar niðurstöður:

1. Haldið verði áfram nú á þessu ári vinnsluborunum til áframhaldandi gufuöflunar fyrir Kröfluvirkjun.
2. Haldið verði áfram framkvæmdum við stöðvarhús og gufuveitu að því marki sem nauðsynlegt er til þess að geta tekið fyrri vélasamstæðu stöðvarinnar í notkun.
3. Lokið verði við lagningu háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Akureyrar.

22. mars 1977 sendi Orkustofnun greinargerð um stöðu mála til iðnaðarráðuneytisins. Var þar gerð grein fyrir tillögum um, hvernig mætti standa að borunum 1977 til þess að tryggja jákvæðan árangur gufuleitar fyrir stöðina:

„Með bréfi þessu er ætlunin að gera hinu háa ráðuneyti grein fyrir tillögum Orkustofnunar um boranir fyrir Kröfluvirkjun sumarið 1977.

Eins og ráðuneytinu hefur áður verið skýrt frá (t. d. í bréfi 77 02 04) báru boranir 1976 ekki þann árangur sem vonast var eftir, af ástæðum sem ekki eru að öllu leyti kunnar. Niðurstöður benda til 1—2 MW borárangurs á hverja holu á því svæði, sem borað var á 1976, og verður sá árangur að teljast lélegur. Að auki virðist vinnsluþrýstingur flestra borholanna vera of lágur fyrir háþrýstiþrep gufuhverflanna til raforkuframleiðslu með fullri nýtni."

Ályktunin, sem Orkustofnun dregur af borárangrinum 1976, er sú, að borsvæðið 1976 sé ekki fullnægjandi sem vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun, a. m. k. um nokkurt árabil. Til að standa undir 60—70 MW raforkuvinnslu þarf því að leita á nýju vinnslusvæði (eða svæðum).

Sú gufa, sem fékkst 1976, yrði að sjálfsögðu nýtt, fyrst í stað á bæði þrýstiþrep fyrra gufuhverfilsins, síðar meir e. t. v. einvörðungu á lágþrýstiþrep hverflanna.

Í framkvæmd Kröfluvirkjunar hefur verið lögð á það höfuðáhersla að koma virkjuninni sem fyrst í rekstur til að bæta úr raforkuástandinu á Norðurlandi. Nú hillir undir að fyrri vélin fari í gang, en með miklum mun minni afköstum en vænst var, sem þar að auki leikur vafi á, hve mikið megi reiða sig á til frambúðar vegna óstöðugleika borholanna.

Þegar ljóst varð að valt var að reiða sig á afköst borhola frá 1976 og að leita þurfti að nýju vinnslusvæði, sem tekur tíma, lagði Orkustofnun til við ráðuneytið í áðurgreindu bréfi frá 77 02 04 að kannað yrði til hlítar, hvort flýta mætti lagningu Hvalfjarðarlínu og syðsta hluta Byggðalínu þannig að Byggðalína næði fullri flutningsgetu í lok þessa árs, og að ákvörðun yrði tekin um að gera það, ef slík flýting

reyndist möguleg. Nú virðast horfur á að þetta megi takast. Batnar þá mjög ástandið í rafmagnsmálum Norðurlands og ný viðhorf skapast varðandi Kröflufframkvæmdir.

Sú staðreynd að leita þarf að nýju vinnslusvæði fyrir Krófluvirkjun gerir það nauðsynlegt að skipuleggja gufuöflunina framvegis á annan hátt en gert var meðan talið var, að vinnslusvæðið væri þegar fundið, enda gefur tilkoma fullrar flutningsgetu Byggðalínu jafnframt meira ráðrúm í því efni.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, hve mikið svigrúm er án þess að vandræðaástand skapist að nýju þrátt fyrir fulla flutningsgetu Byggðalínu. Ber þá að hafa í huga að á þessu ári hefst lagning línu frá Kröflu til Austurlands.

Samkvæmt nýgerðri orkuspá fyrir landið allt verður Sigölduvirkjun fullnýtt að orku 1979 og Sigalda + Krafla báðar 1982. Krófluvirkjun þarf því að geta skilað verulegum afköstum í lok árs 1979, sem táknar, að þá þarf að vera búið að vinna samsvarandi gufu og leiða hana til orkuversins. Að reikna með meira svigrúmi í þessu efni er mjög óvarlegt að mati Orkustofnunar og býður beinlínis heim hættunni á orkuskorti.

Undanfarnar vikur hefur það verið til ítarlegrar athugunar á Orkustofnun, hvar vænlegast sé að leita nýrra vinnslusvæða. Niðurstaða þessara athugana er sú, að þar komi þrjú svæði til greina:

„1. Suðurhlíðar Kröflu (austur af virkjuninni).
2. Hvíthólasvæði (jaðar Krófluöskjunnar til suðurs).
3. Námafjall.

Öruggasti kosturinn af þessum þremur er talinn Námafjall, sem þó er engan veginn fullviss. Honum fylgir hins vegar miklu hærri flutningskostnaður gufunnar til virkjunarinnar en frá hinum svæðunum. Hvíthólasvæðið er minna jarðhitasvæði en hin tvö, eftir því sem best er vitað nú. Staðsetning þess er hins vegar heppileg, m. a. liggur það rétt við gufuleiðslu milli Námafjalls og Kröflu.

Reynt hefur verið að gera upp á milli svæðanna á grundvelli núverandi þekkingar á þeim. Hefur m. a. verið reynt að beita svonefndri EMV-ákvarðanaþekkingu til að velja á milli suðurhlíða Kröflu og Námafjalls sem vinnslusvæðis (EMV = Expected Monetary Value). Með þeirri aðgerð er tekið fullt tillit til mismunandi flutningskostnaðar. Fer þá útkoman eftir því, hver er líklegasti borárangur (MW/holu) á hvoru svæði um sig. Er niðurstaðan sú, að ekki sé fyrirfram efni til að meta líklegasta borárangur svo mismunandi á þessum tveim svæðum að þessi samanburðaraðferð geri upp á milli þeirra svo mark sé á takandi. Að sömu niðurstöðu hnígur almennt mat sérfræðinga stofnunarinnar á svæðunum. Áður en gert er upp á milli þeirra, þarf því að fást betri vitneskja um hvert um sig en nú liggur fyrir. Þeirrar vitneskju verður einungis aflað með borunum. Verður því að bora á öllum þremur svæðunum áður en valið er á milli þeirra.

Námafjall er það af þessum þremur vinnslusvæðum, sem lengstan tíma tekur að virkja, vegna flutningsleiðslunnar. Til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig ber því að skipuleggja leit að vinnslusvæði, vinnsluborun og virkjun út frá þeirri forsendu, að Námafjall verði valið. Hin svæðin gefa rýmri tíma.

Sé nú gengið út frá því, að Námafjall verði valið og að leiðsla þaðan að Kröflu þurfi að geta byrjað gufuflutning í lok árs 1979, þarf að taka lokaákvörðun um lagningu hennar ári fyrr hið minnsta, þ. e. í lok 1978.

Af hagkvæmnisástæðum yrði slík leiðsla að vera gerð fyrir flutning á a. m. k. allri háþrýstigufu á báðar vélarnar (48 MW). Vegna þess, hve leiðslan er dýr (nál. 1100

Mkr.), er ekki ráðlegt að ákveða lagningu hennar endanlega nema fenginn sé upp á yfirborðið verulegur hluti þeirrar gufu er flytja skal, og sýnist 30 MW í gufu vera hæfilegt í því tilliti. Þarf þá að vera búið að bora nægilega mikið við Námafjall fyrir árslok 1978 til þess að tryggja þetta, ef Námafjallssvæðið verður fyrir valinu. Til þess getur mætavel þurft 7—8 holur.

Á yfirstandandi ári og því næsta þarf því að bora nægilega til að:

1. Velja vinnslusvæðið.
2. Hafa allt að 7—8 holur tiltækar í lok 1978 á því svæði, sem valið verður til vinnslu.

Til að ná þessu þarf að leggja megináhersluna á eitt svæði, vinnslusvæðið, í borunum ársins 1978, sem táknar aftur, að vali vinnslusvæðis þarf að vera í megindráttum lokið í árslok 1977. Við þetta þurfa boranir ársins í ár að miðast.

Reynt hefur verið að meta, hve miklar boranir þurfi til að velja vinnslusvæðið. Slíkt mat er erfitt. Meiri boranir gefa að öðru jöfnu öruggari grundvöll undir valið, en sökum þess, hve dýrar þær eru, mega þær helst ekki vera langt umfram lágmarksþörf. Niðurstaðan er sú, að lágmarkið sé 4—5 holur. Hugsanlegt er að komast megi af með 4 ef árangur er mjög mismunandi eftir svæðum, annars veitir ekki af 5.

Í samræmi við þetta leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hið háa ráðuneyti að:

1. Boraðar verði allt að 5 holur samtals í suðurhlíðum Kröflu, á Hvíthólasvæði og við Námafjall. Fimmtu holunni verði þó sleppt ef fært þykir. (Borstæði þessi sjást á meðfylgjandi korti).
2. Iðnaðarráðuneytið óski nú þegar heimildar Náttúruverndarráðs til borunar á þessum þrem svæðum.

Ráðgert er að borun hefjist í byrjun maí.

Um fjármál borframkvæmda við Kröflu 1977 mun Orkustofnun rita hinu háa ráðuneyti sérstaklega. Það þarf að útvega verulegt fjármagn til viðbótar því sem nú er tiltækt, svo sem þar verður nánar rakið. Meginniðurstöðurnar varðandi fjármálin eru þessar:

	Fjórar holur	Fimm holur
Heildarkostnaður Mkr.	528,9	619,6
Fjárþörf umfram tiltækt fjármagn Mkr.	424,3	515,0“

Fleiri aðilar létu í ljós álit sitt á gufuöflunarmálum Kröfluvirkjunar. Á fundi Kröflunefndar þann 9. febrúar 1977 lá fyrir bréf frá Rogers Engineering, þar sem bandarísku ráðgjafarnir óska eftir því að fá að senda sérfræðing sinn í gufuöflunarmálum, Mr. James T. Kuwada, hingað til lands til þess að kynna sér ástandið við Kröflu. Var það samþykkt og kom Mr. Kuwada hingað til lands í byrjun mars 1977.

Mr. Kuwada dvaldist hér á landi um nokkurra daga skeið og átti viðræður við ýmsa aðila hjá Orkustofnun, iðnaðarráðuneytinu, Kröflunefnd og ráðgjöfum hennar. Skilaði hann ítarlegri skýrslu til Kröflunefndar yfir ferð sína til Íslands ásamt ýmsum ráðleggingum um á hvern hátt best yrði staðið að borunum við Kröflu. (Fskj. 60). Iðnaðarráðuneytið sendi Orkustofnun afrit af þessari skýrslu, 14. apríl 1977, til athugunar.

Svo sem fram kemur í skýrslunni greinir Mr. Kuwada um margt á við Orkustofn-

un um túlkun hennar á ástandi og horfum gufuöflunar. Í skýrslunni, sem er dagsett 3. — 8. mars 1977, segir m. a. svo:

„Ákveðnar staðreyndir komu fram í viðræðum mínum við Karl Ragnars og Valgarð Stefánsson varðandi stöðu gufuöflunarinnar og eðli jarðhitasvæðisins við Kröflu. Jarðhitasvæðið hefur tvö aðgreind vatnskerfi. Efra vatnskerfið er á 800—1000 m dýpi og með hitastigi u. þ. b. 220° C. Neðra vatnskerfið er á 1500—2000 metra dýpi með hitastigi u. þ. b. 320° C.

Á grundvelli vökvastreymis og hitastigs í holunum virðast holur 6 og 7 taka vatn eingöngu úr neðra vatnskerfi. Holur 2, 8 og 9 virðast taka vatn úr efra kerfinu eingöngu, en holur 1, 3, 4 og 10 virðast taka vatn úr báðum kerfunum. Ástæðan fyrir því er sú, að raufaði leiðarinn í holunum (fóðurrör, sem er gatað með logsuðu) nær alla leið niður holuna gegnum bæði vatnskerfin.

Grunur leikur á, að sumar holurnar séu laskaðar. Það kann að skýra rennslisminnkun í holunum, en engar upplýsingar um þetta atriði eru fáanlegar, þar sem tilraunir til þess að víddarmæla holurnar hafa ekki verið gerðar. Orkustofnun færir fram sem ástæðu fyrir því, að þetta hefur ekki verið gert, að ekki sé ráðlegt að kæla holurnar og hita upp aftur oftar en algerlega er nauðsynlegt. Þetta sjónarmið er viðurkennt, en það er mjög áríðandi að fá upplýsingar um eðlisástand holanna, hvort séu fyrirstöður inni í holunum vegna skemmda á fóðurrörum eða vegna stíflu af völdum kalkútfellinga.

Verið er að gera líkan af jarðhitasvæðinu við Kröflu (OS) til þess að skýra aflminnkun borholanna. Við þurfum þá að gera okkur vel ljóst hvort ekki sé verið að eigna eðlisástandi jarðhitasvæðisins þá eiginleika (rennslisminnkun), sem stafa af þrengingum í borholunum.

Það verður að reyna að komast hjá því, að suða verði úti í berginu (utan holu), til þess að minnka hættuna á því, að kalkútfellingar í berginu minnki rennslishæfni í því.

Framleiðsla borholanna í byrjun verður að vera mjög varfærnisleg með einfasastreymi (vatn eingöngu) inn úr berginu, þannig að laust borsvarf og „rusl" hreinsist hægt og rólega út úr berginu, en festist ekki utan um fóðurrörið. Þessi framleiðsla á „sandi" úr holunni í byrjun er mjög mikilvæg varðandi vinnslueiginleika holunnar til lengdar.

Þar sem tvö vatnskerfi eru samtengd eins og það er gert í borholunum við Kröflu, er vart hægt að stjórna framleiðslu úr hvoru kerfi samtímis. Skilyrði, sem eru hagstæð fyrir annað kerfið, eru ekki endilega þau sömu og fyrir hitt kerfið.

Eftirlit með því, hvort suða myndast í neðra vatnskerfinu, er erfitt vegna þess þrýstings, sem bætist við af völdum efra vatnskerfisins. Þessi viðbótarþrýstingur veldur því, að framleiðsla holunnar (rennsli) er hindruð þangað til að þrýstingurinn hefur lækkað (með suðu) nógu mikið svo efra kerfið byrjar að framleiða. Eftir því sem sú framleiðsla eykst byrjar neðra kerfið einnig að framleiða og viðkvæmt straumfræðilegt jafnvægi skapast, þannig að smáfrávik frá jafnvægisstöðunni munu annaðhvort orsaka það, að efra kerfið nær yfirhöndinni og flæðir yfir neðra svæðið eða neðra svæðið framleiðir of mikið til þess að hindra þetta ástand, og verður þá suða úti í berginu þar.

Okkur sýnist, að gerð raufaða leiðarans (götuðu fóðurrörin) í holunum við Kröflu sé mjög óvenjuleg. Það eru aðeins fjögur göt í röð, u. þ. b. 1 cm á breidd og 10 cm löng, og er hver röð með um 10 cm millibili. Þannig eru samtals minni göt á einum lengdarmetra leiðarans en nemur þverskurðarflatarmáli hans. Venjulegur raufaður

„Viðbótarfjárfesting til nýtingar á fyrri vélasamstæðu til raforkuöflunar er fyrst og fremst tengd gufuöflun á árinu 1977, og allur árangur slíkrar fjárfestingar skilar sér því í auknum afköstum fyrri vélasamstæðu til raforkusölu og þar með til nýtingar heildarfjárfestingar Kröfluvirkjunar. Á það skal bent, að hér er um brautryðjendastarf að ræða við virkjun háhitasvæða landsins til raforkuframleiðslu. Sambærilegar aðstæður með tilliti til áhrifa gosvirkni hafa ekki komið fram annars staðar í heiminum.

Miðað við stöðu verksins og þá reynslu, sem nú þegar hefur fengist við þessa virkjun, og hinn mikla orkuskort á Norðurlandi, svo og það fjármagn, sem nú þegar er búið að binda, væri óraunhæft að fresta framkvæmdum um óákveðinn tíma. Enn fremur gæti slíkt haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar og gæti stöðvað um langa framtíð framkvæmdir til nýtingar á jarðgufu háhitasvæða landsins til orkuöflunar."

Í lok greinargerðarinnar er efnið dregið saman í þessar niðurstöður:

1. Haldið verði áfram nú á þessu ári vinnsluborunum til áframhaldandi gufuöflunar fyrir Kröfluvirkjun.
2. Haldið verði áfram framkvæmdum við stöðvarhús og gufuveitu að því marki sem nauðsynlegt er til þess að geta tekið fyrri vélasamstæðu stöðvarinnar í notkun.
3. Lokið verði við lagningu háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Akureyrar.

22. mars 1977 sendi Orkustofnun greinargerð um stöðu mála til iðnaðarráðuneytisins. Var þar gerð grein fyrir tillögum um, hvernig mætti standa að borunum 1977 til þess að tryggja jákvæðan árangur gufuleitar fyrir stöðina:

„Með bréfi þessu er ætlunin að gera hinu háa ráðuneyti grein fyrir tillögum Orkustofnunar um boranir fyrir Kröfluvirkjun sumarið 1977.

Eins og ráðuneytinu hefur áður verið skýrt frá (t. d. í bréfi 77 02 04) báru boranir 1976 ekki þann árangur sem vonast var eftir, af ástæðum sem ekki eru að öllu leyti kunnar. Niðurstöður benda til 1—2 MW borárangurs á hverja holu á því svæði, sem borað var á 1976, og verður sá árangur að teljast lélegur. Að auki virðist vinnsluþrýstingur flestra borholanna vera of lágur fyrir háþrýstiþrep gufuhverflanna til raforkuframleiðslu með fullri nýtni."

Ályktunin, sem Orkustofnun dregur af borárangrinum 1976, er sú, að borsvæðið 1976 sé ekki fullnægjandi sem vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun, a. m. k. um nokkurt árabil. Til að standa undir 60—70 MW raforkuvinnslu þarf því að leita á nýju vinnslusvæði (eða svæðum).

Sú gufa, sem fékkst 1976, yrði að sjálfsögðu nýtt, fyrst í stað á bæði þrýstiþrep fyrra gufuhverfilsins, síðar meir e. t. v. einvörðungu á lágþrýstiþrep hverflanna.

Í framkvæmd Kröfluvirkjunar hefur verið lögð á það höfuðáhersla að koma virkjuninni sem fyrst í rekstur til að bæta úr raforkuástandinu á Norðurlandi. Nú hillir undir að fyrri vélin fari í gang, en með miklum mun minni afköstum en vænst var, sem þar að auki leikur vafi á, hve mikið megi reiða sig á til frambúðar vegna óstöðugleika borholanna.

Þegar ljóst varð að valt var að reiða sig á afköst borhola frá 1976 og að leita þurfti að nýju vinnslusvæði, sem tekur tíma, lagði Orkustofnun til við ráðuneytið í áðurgreindu bréfi frá 77 02 04 að kannað yrði til hlítar, hvort flýta mætti lagningu Hvalfjarðarlínu og syðsta hluta Byggðalínu þannig að Byggðalína næði fullri flutningsgetu í lok þessa árs, og að ákvörðun yrði tekin um að gera það, ef slík flýting

reyndist möguleg. Nú virðast horfur á að þetta megi takast. Batnar þá mjög ástandið í rafmagnsmálum Norðurlands og ný viðhorf skapast varðandi Kröflufframkvæmdir.

Sú staðreynd að leita þarf að nýju vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun gerir það nauðsynlegt að skipuleggja gufuöflunina framvegis á annan hátt en gert var meðan talið var, að vinnslusvæðið væri þegar fundið, enda gefur tilkoma fullrar flutningsgetu Byggðalínu jafnframt meira ráðrúm í því efni.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, hve mikið svigrúm er án þess að vandræðaástand skapist að nýju þrátt fyrir fulla flutningsgetu Byggðalínu. Ber þá að hafa í huga að á þessu ári hefst lagning línu frá Kröflu til Austurlands.

Samkvæmt nýgerðri orkuspá fyrir landið allt verður Sigölduvirkjun fullnýtt að orku 1979 og Sigalda + Krafla báðar 1982. Kröfluvirkjun þarf því að geta skilað verulegum afköstum í lok árs 1979, sem táknar, að þá þarf að vera búið að vinna samsvarandi gufu og leiða hana til orkuversins. Að reikna með meira svigrúmi í þessu efni er mjög óvarlegt að mati Orkustofnunar og býður beinlínis heim hættunni á orkuskorti.

Undanfarnar vikur hefur það verið til ítarlegrar athugunar á Orkustofnun, hvar vænlegast sé að leita nýrra vinnslusvæða. Niðurstaða þessara athugana er sú, að þar komi þrjú svæði til greina:

„1. Suðurhlíðar Kröflu (austur af virkjuninni).
2. Hvíthólasvæði (jaðar Krófluöskjunnar til suðurs).
3. Námafjall.

Öruggasti kosturinn af þessum þremur er talinn Námafjall, sem þó er engan veginn fullviss. Honum fylgir hins vegar miklu hærri flutningskostnaður gufunnar til virkjunarinnar en frá hinum svæðunum. Hvíthólasvæðið er minna jarðhitasvæði en hin tvö, eftir því sem best er vitað nú. Staðsetning þess er hins vegar heppileg, m. a. liggur það rétt við gufuleiðslu milli Námafjalls og Kröflu.

Reynt hefur verið að gera upp á milli svæðanna á grundvelli núverandi þekkingar á þeim. Hefur m. a. verið reynt að beita svonefndri EMV-ákvarðanaþekkingu til að velja á milli suðurhlíða Kröflu og Námafjalls sem vinnslusvæðis (EMV = Expected Monetary Value). Með þeirri aðgerð er tekið fullt tillit til mismunandi flutningskostnaðar. Fer þá útkoman eftir því, hver er líklegasti borárangur (MW/holu) á hvoru svæði um sig. Er niðurstaðan sú, að ekki sé fyrirfram efni til að meta líklegasta borárangur svo mismunandi á þessum tveim svæðum að þessi samanburðaraðferð geri upp á milli þeirra svo mark sé á takandi. Að sömu niðurstöðu hnígur almennt mat sérfræðinga stofnunarinnar á svæðunum. Áður en gert er upp á milli þeirra, þarf því að fást betri vitneskja um hvert um sig en nú liggur fyrir. Þeirrar vitneskju verður einungis aflað með borunum. Verður því að bora á öllum þremur svæðunum áður en valið er á milli þeirra.

Námafjall er það af þessum þremur vinnslusvæðum, sem lengstan tíma tekur að virkja, vegna flutningsleiðslunnar. Til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig ber því að skipuleggja leit að vinnslusvæði, vinnsluborun og virkjun út frá þeirri forsendu, að Námafjall verði valið. Hin svæðin gefa rýmri tíma.

Sé nú gengið út frá því, að Námafjall verði valið og að leiðsla þaðan að Kröflu þurfi að geta byrjað gufuflutning í lok árs 1979, þarf að taka lokaákvörðun um lagningu hennar ári fyrr hið minnsta, þ. e. í lok 1978.

Af hagkvæmnisástæðum yrði slík leiðsla að vera gerð fyrir flutning á a. m. k. allri háþrýstigufu á báðar vélarnar (48 MW). Vegna þess, hve leiðslan er dýr (nál. 1100

Mkr.), er ekki ráðlegt að ákveða lagningu hennar endanlega nema fenginn sé upp á yfirborðið verulegur hluti þeirrar gufu er flytja skal, og sýnist 30 MW í gufu vera hæfilegt í því tilliti. Þarf þá að vera búið að bora nægilega mikið við Námafjall fyrir árslok 1978 til þess að tryggja þetta, ef Námafjallssvæðið verður fyrir valinu. Til þess getur mætavel þurft 7—8 holur.

Á yfirstandandi ári og því næsta þarf því að bora nægilega til að:

1. Velja vinnslusvæðið.
2. Hafa allt að 7—8 holur tiltækar í lok 1978 á því svæði, sem valið verður til vinnslu.

Til að ná þessu þarf að leggja megináhersluna á eitt svæði, vinnslusvæðið, í borunum ársins 1978, sem táknar aftur, að vali vinnslusvæðis þarf að vera í megindráttum lokið í árslok 1977. Við þetta þurfa boranir ársins í ár að miðast.

Reynt hefur verið að meta, hve miklar boranir þurfi til að velja vinnslusvæðið. Slíkt mat er erfitt. Meiri boranir gefa að öðru jöfnu öruggari grundvöll undir valið, en sökum þess, hve dýrar þær eru, mega þær helst ekki vera langt umfram lágmarksþörf. Niðurstaðan er sú, að lágmarkið sé 4—5 holur. Hugsanlegt er að komast megi af með 4 ef árangur er mjög mismunandi eftir svæðum, annars veitir ekki af 5.

Í samræmi við þetta leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hið háa ráðuneyti að:

1. Boraðar verði allt að 5 holur samtals í suðurhlíðum Kröflu, á Hvíthólasvæði og við Námafjall. Fimmtu holunni verði þó sleppt ef fært þykir. (Borstæði þessi sjást á meðfylgjandi korti).
2. Iðnaðarráðuneytið óski nú þegar heimildar Náttúruverndarráðs til borunar á þessum þrem svæðum.

Ráðgert er að borun hefjist í byrjun maí.

Um fjármál borframkvæmda við Kröflu 1977 mun Orkustofnun rita hinu háa ráðuneyti sérstaklega. Það þarf að útvega verulegt fjármagn til viðbótar því sem nú er tiltækt, svo sem þar verður nánar rakið. Meginniðurstöðurnar varðandi fjármálin eru þessar:

	Fjórar holur	Fimm holur
Heildarkostnaður Mkr.	528,9	619,6
Fjárþörf umfram tiltækt fjármagn Mkr.	424,3	515,0“

Fleiri aðilar létu í ljós álit sitt á gufuöflunarmálum Kröfluvirkjunar. Á fundi Kröflunefndar þann 9. febrúar 1977 lá fyrir bréf frá Rogers Engineering, þar sem bandarísku ráðgjafarnir óska eftir því að fá að senda sérfræðing sinn í gufuöflunarmálum, Mr. James T. Kuwada, hingað til lands til þess að kynna sér ástandið við Kröflu. Var það samþykkt og kom Mr. Kuwada hingað til lands í byrjun mars 1977.

Mr. Kuwada dvaldist hér á landi um nokkurra daga skeið og átti viðræður við ýmsa aðila hjá Orkustofnun, iðnaðarráðuneytinu, Kröflunefnd og ráðgjöfum hennar. Skilaði hann ítarlegri skýrslu til Kröflunefndar yfir ferð sína til Íslands ásamt ýmsum ráðleggingum um á hvern hátt best yrði staðið að borunum við Kröflu. (Fskj. 60). Iðnaðarráðuneytið sendi Orkustofnun afrit af þessari skýrslu, 14. apríl 1977, til athugunar.

Svo sem fram kemur í skýrslunni greinir Mr. Kuwada um margt á við Orkustofn-

un um túlkun hennar á ástandi og horfum gufuöflunar. Í skýrslunni, sem er dagsett 3. — 8. mars 1977, segir m. a. svo:

„Ákveðnar staðreyndir komu fram í viðræðum mínum við Karl Ragnars og Valgarð Stefánsson varðandi stöðu gufuöflunarinnar og eðli jarðhitasvæðisins við Kröflu. Jarðhitasvæðið hefur tvö aðgreind vatnskerfi. Efra vatnskerfið er á 800—1000 m dýpi og með hitastigi u. þ. b. 220° C. Neðra vatnskerfið er á 1500—2000 metra dýpi með hitastigi u. þ. b. 320° C.

Á grundvelli vökvastreymis og hitastigs í holunum virðast holur 6 og 7 taka vatn eingöngu úr neðra vatnskerfi. Holur 2, 8 og 9 virðast taka vatn úr efra kerfinu eingöngu, en holur 1, 3, 4 og 10 virðast taka vatn úr báðum kerfunum. Ástæðan fyrir því er sú, að raufaði leiðarinn í holunum (fóðurrör, sem er gatað með logsuðu) nær alla leið niður holuna gegnum bæði vatnskerfin.

Grunur leikur á, að sumar holurnar séu laskaðar. Það kann að skýra rennslisminnkun í holunum, en engar upplýsingar um þetta atriði eru fáanlegar, þar sem tilraunir til þess að víddarmæla holurnar hafa ekki verið gerðar. Orkustofnun færir fram sem ástæðu fyrir því, að þetta hefur ekki verið gert, að ekki sé ráðlegt að kæla holurnar og hita upp aftur oftar en algerlega er nauðsynlegt. Þetta sjónarmið er viðurkennt, en það er mjög áríðandi að fá upplýsingar um eðlisástand holanna, hvort séu fyrirstöður inni í holunum vegna skemmda á fóðurrörum eða vegna stíflu af völdum kalkútfellinga.

Verið er að gera líkan af jarðhitasvæðinu við Kröflu (OS) til þess að skýra aflminnkun borholanna. Við þurfum þá að gera okkur vel ljóst hvort ekki sé verið að eigna eðlisástandi jarðhitasvæðisins þá eiginleika (rennslisminnkun), sem stafa af þrengingum í borholunum.

Það verður að reyna að komast hjá því, að suða verði úti í berginu (utan holu), til þess að minnka hættuna á því, að kalkútfellingar í berginu minnki rennslishæfni í því.

Framleiðsla borholanna í byrjun verður að vera mjög varfærnisleg með einfasastreymi (vatn eingöngu) inn úr berginu, þannig að laust borsvarf og „rusl“ hreinsist hægt og rólega út úr berginu, en festist ekki utan um fóðurrörið. Þessi framleiðsla á „sandi“ úr holunni í byrjun er mjög mikilvæg varðandi vinnslueiginleika holunnar til lengdar.

Þar sem tvö vatnskerfi eru samtengd eins og það er gert í borholunum við Kröflu, er vart hægt að stjórna framleiðslu úr hvoru kerfi samtímis. Skilyrði, sem eru hagstæð fyrir annað kerfið, eru ekki endilega þau sömu og fyrir hitt kerfið.

Eftirlit með því, hvort suða myndast í neðra vatnskerfinu, er erfitt vegna þess þrýstings, sem bætist við af völdum efra vatnskerfisins. Þessi viðbótarþrýstingur veldur því, að framleiðsla holunnar (rennsli) er hindruð þangað til að þrýstingurinn hefur lækkað (með suðu) nógu mikið svo efra kerfið byrjar að framleiða. Eftir því sem sú framleiðsla eykst byrjar neðra kerfið einnig að framleiða og viðkvæmt straumfræðilegt jafnvægi skapast, þannig að smáfrávik frá jafnvægisstöðunni munu annaðhvort orsaka það, að efra kerfið nær yfirhöndinni og flæðir yfir neðra svæðið eða neðra svæðið framleiðir of mikið til þess að hindra þetta ástand, og verður þá suða úti í berginu þar.

Okkur sýnist, að gerð raufaða leiðarans (götuðu fóðurrörin) í holunum við Kröflu sé mjög óvenjuleg. Það eru aðeins fjögur göt í röð, u. þ. b. 1 cm á breidd og 10 cm löng, og er hver röð með um 10 cm millibili. Þannig eru samtals minni göt á einum lengdarmetra leiðarans en nemur þverskurðarflatarmáli hans. Venjulegur raufaður

á árinu 1980. Til þess að þetta takist hlýtur minnsta markmið gufuöflunar ársins 1978 að vera að afla nægrar gufu fyrir fyrri vélasamstæðu virkjunarinnar fyrir árslok 1978.

Fram hefur komið að tillaga Orkustofnunar um gufuöflun ársins 1978 vegna Kröfluvirkjunar verði að öllum líkindum sú, að 3 holur verði boraðar í suðurhlíðum Kröflu og 1 hola annars staðar, t. d. á Hvíthólasvæðinu.

Skiljustöð sú, sem byggð var 1976/1977, á að fullnægja háþrýstigufuþörf fyrri vélasamstæðu Kröfluvirkjunar og allri lágþrýstigufuþörf hennar. Skiljustöð þessi nýtist fyrir holur staðsettar innan hringferils 800 metra í radíus frá stöðinni, sé hæð holutopps í kvóta ca. + 20 m miðað við skiljustöðina.

Merkilegustu niðurstöður athafna ársins 1977 í gufumálum má telja, að sýnt hefur verið fram á, að tæknilegur möguleiki er á virkjun neðra kerfis Leirbotnasvæðisins með steyptri fóðrun niður á ca. 1100-1200 m dýpi. Jarðvatn af þessu dýpi inniheldur minna gas (CO_2, H_2S,), minna af uppleysanlegu (Ca CO_3) og hefur mun hærri enthalpíu, þ. e. a. s. gefur hagstæðara hlutfall gufumagns og hærri þrýsting við suðu.

Takist mið af holu KJ-9 virðist líka hægt að fá kostnaðarlega og rekstrarlega hagkvæmt magn af gufu per holu á Leirbotnasvæðinu.

Í síðasta holubréfi (Holubréfi 7) er sýnt fram á, að uppstreymisæðar neðra kerfisins séu nálægt Hveragili, þ. e. a. s. ekki langt frá holu KJ-9 og innan nýtingarsvæðis núverandi skiljustöðvar.

Verði borað nær eingöngu á svæðinu í suðurhlíðum Kröflu, þarf a. m. k. að byggja háþrýstiskiljustöð í viðbót við skiljustöðina, sem fyrir hendi er. Eins þarf að leggja frá henni háþrýsti-gufulögn og lágþrýsti-vatnslögn að núverandi skiljustöð.

Þetta þýðir:

1) Núverandi skiljustöð verður ekki fullnýtt hvað viðvíkur háþrýstigufu um fyrirsjáanlega framtíð, þótt e. t. v. megi flytja á brott sjálfar skiljurnar.
2) Hreinn viðbótarkostnaður við borun í suðurhlíðum Kröflu vegna nýrrar skiljustöðvar og aðveituæða nemur u. þ. b. 250 Mkr. umfram venjulegan kostnað vegna borhola og aðveituæða.
3) Rekstur borhola á svæðinu í suðurhlíðum Kröflu verður miklum mun erfiðari og kostnaðarsamari vegna aukinnar fjarlægðar frá stöðvarhúsi og tvískiptingar skiljustöðvar.

Það er því tillaga undirritaðs, að boraðar verði a. m. k. 3 holur á Leirbotnasvæðinu í nánd við uppstreymisæðar neðra kerfisins og síðasta holan boruð í suðurhlíðum Kröflu gefi niðurstaða borananna á Leirbotnasvæðinu það til kynna, að hætta sé á að ekki fáist þar nægjanleg gufa fyrir virkjunina alla innan framangreindra tímamarka.

Eins er það tillaga undirritaðs, að frekari yfirborðskannanir verði gerðar strax og mögulegt er, vegna veðra næsta vor, til nákvæmari staðsetningar á uppstreymisæðum jarðhitasvæðisins.

Með aukningu mannafla og tækja til úrvinnslu þeirra jarðfræði-, jarðeðlis- og jarðefnafræðilegu gagna, sem fást meðan á borun stendur, er hægt að nota þannig fengnar bortæknilegar upplýsingar til ákvörðunartöku í sambandi við bortilhögun holunnar sjálfrar. Slíkar upplýsingar má t. d. nota til ákvörðunar um borunarhraða, fóðringardýpt, hönnun leiðara og staðsetningu næstu hola. Slík gögn á ekki að nota í sögulegum tilgangi einum eins og aðallega hefur gerst til þessa.

Framangreindar aðgerðir verða aldrei teknar upp nema til komi mun betri þjálfun borliðs og þess tækniliðs, sem því er til ráðgjafar. Stjórnun þarf að bæta og

gera verður Jarðboranir ríkisins fjárhagslega sjálfstæðar. Til að flýta framangreindum umbótum leggur undirritaður til, að fenginn verði erlendis frá góður sérhæfður maður með praktíska sem faglega reynslu í borunum eftir jarðhita til að vera hér í allt að eitt ár. Komið verði upp námskeiðum í bortæknilegum efnum, faglegum sem praktískum, og til þeirra fengnir innlendir sem erlendir sérfræðingar. Að mati undirritaðs mundu slíkar aðgerðir valda gjörbyltingu í jarðhitaleit þjóðarinnar og virkjun hans bæði til raforkuframleiðslu og hitaveituframkvæmda."

Með bréfi, dags. 12. des. 1977 (fskj. 68), sendi Orkustofnun iðnaðarráðuneytinu tillögur sínar um boranir o. fl. til gufuöflunar á árinu 1978. Þar er lögð áhersla á það sjónarmið, „að gufuöflunin er meginvandinn við Kröfluvirkjun og að lausn hans verður að hennar dómi að hafa algeran forgang umfram önnur verk tilheyrandi virkjuninni." Lagt er til að boraðar verði fjórar nýjar holur á árinu 1978.

Að lokum er í eftirfarandi töflu yfirlit yfir borholurnar við Kröflu og árangur þeirra með tilliti til gufuöflunar (miðað við des. 1977). Í hönnun Kröfluvirkjunar er gert ráð fyrir, að heildargufuþörfin, miðað við 60 MW afl, sé 112 kg/sek af háþrýstigufu og 36 kg/sek af lágþrýstigufu. Í ofangreindu er innifalin þörf hverflanna, gufuþörf sogdæla fyrir eimsvala og ásþéttingar og óþéttanleg gös sem eru minni en 1% af háþrýstigufunni.

Yfirlit yfir borholur við Kröflu.

Heiti	Bortæki	Hvenær boruð	Dýpt holu m	Gufumagn við opnun kg/s		Gufumagn 31/12 1976 kg/s		Gufumagn í júní 1977 kg/s		Endur-vinnsla og dýpkun borholu	Gufumagn við opnun eftir endurvinnslu kg/s		Gufumagn í des. 1977 kg/s		Athugasemdir
				Við 9 ata	Við 2,2 ata	Við 9 ata	Við 2,2 ata	Við 9 ata	Við 2,2 ata		Við 9 ata	Við 2,2 ata	Við 9 ata	Við 2,2 ata	
KW 1	Glaumur	ág.–okt. '74	1138	4,0	4,6									6,0	Rannsóknarhola. Notuð til upphitunar á vinnubúðum og stöðvarhúsi.
KW 2	Glaumur	okt.–des. '74	1204		3,2		1,9							3,0	Rannsóknarhola.
KG 3	Dofri	júní–júlí '75	1670	11,0	17,1	lokuð							lokuð		Fóðring skemmd. Holan sandf. '76.
KG 4	Dofri	júlí–sept. '75	2004		-	-	-	-					lokuð		Holan sprengdi af sér holutopp í jan. 1976 en lokaðist í des. 1976.
KG 5	Dofri	sept.–okt. '75	1300		-	-	-	-	-	-					Holan er skökk. Holan hefur aldrei blásið.
KJ 6	Jötunn	júlí '76	2000	5,3	6,3		5,4						lokuð		
KJ 7	Jötunn	ág.–sept. '76	2165	7,1	8,0	7,0	7,6		4,2	sept.–okt. '77	7,2	7,9	3,7	4,1	Fóðring skemmd. Holan hreinsuð og endurfóðruð.
KG 8	Dofri	ág.–sept. '76	1658		3,0		3,0							2,5	Ekki ráðgert að nýta holuna vegna lágs hita.
KJ 9	Jötunn	okt.–des. '76	1101		3,0	ekki komin upp			3,0	ág.–sept. '77	11,8	15,2	14	18,5	Holan fóðruð í 1100 m dýpi og dýpkuð í 1258 m dýpi.
KG 10	Dofri	okt.—nóv. '76	2082	17,1	20,8	8,1	10,8		3,3	okt. '77	13,5	17,6		3,3	Holan hefur stíflast aftur.
KJ 11	Jötunn	okt.—nóv. '76	2217	12,7	16,1	ekki komin upp		11,1	14,0	okt. '77		4,7		4,6	Eftir hreinsun er holan viðkvæmari og óstöðugri en fyrir aðgerð.*)

*) Í jan. 1978 náði holan fullum fyrri afköstum.

3.23 Gufuaðveita.

3.231 Samningur við ráðgjafaraðila.

Með bréfi, dags. 15. 05. '75 (fskj. nr. 69), til iðnaðarráðuneytisins leitaði Orkustofnun heimildar ráðuneytisins til að gera ráðgjafarsamning við verkfræðistofurnar Virki h.f. og Sig. Thoroddsen s.f. varðandi hönnun gufuveitu frá borholum að stöðvarhúsi.

Í bréfinu segir m. a.:

„Samningur þessi felur í sér, að ráðgjafarverkfræðingarnir taki að sér hönnun gufuveitu í Kröflu, og er ætlast til, að hönnuninni verði lokið í byrjun árs 1976, þannig að útboð fari fram þá um veturinn og framkvæmdir geti hafist um sumarið 1976."

Með bréfi, dags. 12. 06. '75 (fskj. nr. 70), heimilaði iðnaðarráðuneytið, að Orkustofnun undirritaði samning við verkfræðistofurnar. Í bréfinu segir:

„Með vísun til bréfs Orkustofnunar, 15. 05. s. l., heimilar ráðuneytið stofnuninni að undirrita samning milli stofnunarinnar annars vegar og Virkis h.f. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hins vegar, þess efnis, að ráðgjafarverkfræðingarnir taka að sér hönnun gufuveitu í Kröflu."

Orkustofnun undirritaði 24. 06. '75 samning um hönnun Kröfluveitu við Virki h.f. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f. (Fskj. nr. 71). Samkvæmt samningum skyldi Orkustofnun veitt eftirfarandi verkfræðiþjónusta, sbr. formála í verksamningi:

„1. Fullnaðarhönnun gufuveitu frá borholum að stöðvarhúsi við Kröflu og veitu fyrir affallsvatn. Gufuveitan felur í sér tengingu við borholuloka, gufuskiljur við borholur, holuvatns- og gufulagnir, lágþrýstiskiljur og stöðvarhússkiljur og lagnir að stöðvarhúsvegg.
   Veitan fyrir affallsvatn miðast við flutning á holuvatni frá lágþrýstiskiljum í Þríhyrningadal, en jafnframt skal gerð könnun á því, hvort kælilón gæti verið staðsett annars staðar.
2. Frumáætlun um flutning á borholuvatni út af vatnasvæði Mývatns.
3. Frumáætlun um niðurdælingu affallsvatns um borholur."

Í 2. grein samningsins er verkfræðiþjónustan nánar skilgreind og skipt í fjóra höfuðþætti, þ. e. í:

A. Forhönnun.
B. Hönnun og gerð útboðsgagna.
C. Útboð, lokahönnun og eftirlit.
D. Áætlanir um meðferð borholuvatns.

Fylgiskjal með samningnum og hluti af honum er samningur um samvinnu milli verkfræðifyrirtækjanna Virkis h.f. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f. um hönnun Kröfluveitu fyrir Orkustofnun.

Hönnunarstörf hófust þegar eftir undirritun samnings. Skiptist starfið í verkþætti samkvæmt fyrrnefndum verksamningi. Ljóst var, að tímamörk fyrir undirbúning og framkvæmd hönnunarstarfa voru orðin þröng, og var í upphafi stefnt að því, að útboðsgögn yrðu tilbúin um áramótin 1975/1976.

á árinu 1980. Til þess að þetta takist hlýtur minnsta markmið gufuöflunar ársins 1978 að vera að afla nægrar gufu fyrir fyrri vélasamstæðu virkjunarinnar fyrir árslok 1978.

Fram hefur komið að tillaga Orkustofnunar um gufuöflun ársins 1978 vegna Kröfluvirkjunar verði að öllum líkindum sú, að 3 holur verði boraðar í suðurhlíðum Kröflu og 1 hola annars staðar, t. d. á Hvíthólasvæðinu.

Skiljustöð sú, sem byggð var 1976/1977, á að fullnægja háþrýstigufuþörf fyrri vélasamstæðu Kröfluvirkjunar og allri lágþrýstigufuþörf hennar. Skiljustöð þessi nýtist fyrir holur staðsettar innan hringferils 800 metra í radíus frá stöðinni, sé hæð holutopps í kvóta ca. + 20 m miðað við skiljustöðina.

Merkilegustu niðurstöður athafna ársins 1977 í gufumálum má telja, að sýnt hefur verið fram á, að tæknilegur möguleiki er á virkjun neðra kerfis Leirbotnasvæðisins með steyptri fóðrun niður á ca. 1100-1200 m dýpi. Jarðvatn af þessu dýpi inniheldur minna gas (CO_2, H_2S,), minna af uppleysanlegu ($Ca\ CO_3$) og hefur mun hærri enthalpíu, þ. e. a. s. gefur hagstæðara hlutfall gufumagns og hærri þrýsting við suðu.

Takist mið af holu KJ-9 virðist líka hægt að fá kostnaðarlega og rekstrarlega hagkvæmt magn af gufu per holu á Leirbotnasvæðinu.

Í síðasta holubréfi (Holubréfi 7) er sýnt fram á, að uppstreymisæðar neðra kerfisins séu nálægt Hveragili, þ. e. a. s. ekki langt frá holu KJ-9 og innan nýtingarsvæðis núverandi skiljustöðvar.

Verði borað nær eingöngu á svæðinu í suðurhlíðum Kröflu, þarf a. m. k. að byggja háþrýstiskiljustöð í viðbót við skiljustöðina, sem fyrir hendi er. Eins þarf að leggja frá henni háþrýsti-gufulögn og lágþrýsti-vatnslögn að núverandi skiljustöð.

Þetta þýðir:

1) Núverandi skiljustöð verður ekki fullnýtt hvað viðvíkur háþrýstigufu um fyrirsjáanlega framtíð, þótt e. t. v. megi flytja á brott sjálfar skiljurnar.
2) Hreinn viðbótarkostnaður við borun í suðurhlíðum Kröflu vegna nýrrar skiljustöðvar og aðveituæða nemur u. þ. b. 250 Mkr. umfram venjulegan kostnað vegna borhola og aðveituæða.
3) Rekstur borhola á svæðinu í suðurhlíðum Kröflu verður miklum mun erfiðari og kostnaðarsamari vegna aukinnar fjarlægðar frá stöðvarhúsi og tvískiptingar skiljustöðvar.

Það er því tillaga undirritaðs, að boraðar verði a. m. k. 3 holur á Leirbotnasvæðinu í nánd við uppstreymisæðar neðra kerfisins og síðasta holan boruð í suðurhlíðum Kröflu gefi niðurstaða borananna á Leirbotnasvæðinu það til kynna, að hætta sé á að ekki fáist þar nægjanleg gufa fyrir virkjunina alla innan framangreindra tímamarka.

Eins er það tillaga undirritaðs, að frekari yfirborðskannanir verði gerðar strax og mögulegt er, vegna veðra næsta vor, til nákvæmari staðsetningar á uppstreymisæðum jarðhitasvæðisins.

Með aukningu mannafla og tækja til úrvinnslu þeirra jarðfræði-, jarðeðlis- og jarðefnafræðilegu gagna, sem fást meðan á borun stendur, er hægt að nota þannig fengnar bortæknilegar upplýsingar til ákvörðunartöku í sambandi við bortilhögun holunnar sjálfrar. Slíkar upplýsingar má t. d. nota til ákvörðunar um borunarhraða, fóðringardýpt, hönnun leiðara og staðsetningu næstu hola. Slík gögn á ekki að nota í sögulegum tilgangi einum eins og aðallega hefur gerst til þessa.

Framangreindar aðgerðir verða aldrei teknar upp nema til komi mun betri þjálfun borliðs og þess tækniliðs, sem því er til ráðgjafar. Stjórnun þarf að bæta og

gera verður Jarðboranir ríkisins fjárhagslega sjálfstæðar. Til að flýta framangreindum umbótum leggur undirritaður til, að fenginn verði erlendis frá góður sérhæfður maður með praktíska sem faglega reynslu í borunum eftir jarðhita til að vera hér í allt að eitt ár. Komið verði upp námskeiðum í bortæknilegum efnum, faglegum sem praktískum, og til þeirra fengnir innlendir sem erlendir sérfræðingar. Að mati undirritaðs mundu slíkar aðgerðir valda gjörbyltingu í jarðhitaleit þjóðarinnar og virkjun hans bæði til raforkuframleiðslu og hitaveituframkvæmda."

Með bréfi, dags. 12. des. 1977 (fskj. 68), sendi Orkustofnun iðnaðarráðuneytinu tillögur sínar um boranir o. fl. til gufuöflunar á árinu 1978. Þar er lögð áhersla á það sjónarmið, „að gufuöflunin er meginvandinn við Kröfluvirkjun og að lausn hans verður að hennar dómi að hafa algeran forgang umfram önnur verk tilheyrandi virkjuninni." Lagt er til að boraðar verði fjórar nýjar holur á árinu 1978.

Að lokum er í eftirfarandi töflu yfirlit yfir borholurnar við Kröflu og árangur þeirra með tilliti til gufuöflunar (miðað við des. 1977). Í hönnun Kröfluvirkjunar er gert ráð fyrir, að heildargufuþörfin, miðað við 60 MW afl, sé 112 kg/sek af háþrýstigufu og 36 kg/sek af lágþrýstigufu. Í ofangreindu er innifalin þörf hverflanna, gufuþörf sogdæla fyrir eimsvala og ásþéttingar og óþéttanleg gös sem eru minni en 1% af háþrýstigufunni.

Yfirlit yfir borholur við Kröflu.

Heiti	Bortæki	Hvenær boruð	Dýpt holu m	Gufumagn við opnun kg/s		Gufumagn 31/12 1976 kg/s		Gufumagn í júní 1977 kg/s		Endur-vinnsla og dýpkun borholu	Gufumagn við opnun eftir endurvinnslu kg/s		Gufumagn í des. 1977 kg/s		Athugasemdir
				Við 9 ata	Við 2,2 ata	Við 9 ata	Við 2,2 ata	Við 9 ata	Við 2,2 ata		Við 9 ata	Við 2,2 ata	Við 9 ata	Við 2,2 ata	
KW 1	Glaumur	ág.–okt. '74	1138	4,0	4,6									6,0	Rannsóknarhola. Notuð til upphitunar á vinnubúðum og stöðvarhúsi.
KW 2	Glaumur	okt.–des. '74	1204		3,2		1,9							3,0	Rannsóknarhola.
KG 3	Dofri	júní–júlí '75	1670	11,0	17,1	lokuð							lokuð		Fóðring skemmd. Holan sandf. '76.
KG 4	Dofri	júlí–sept. '75	2004		-	-	-	-					lokuð		Holan sprengdi af sér holutopp í jan. 1976 en lokaðist í des. 1976.
KG 5	Dofri	sept.–okt. '75	1300		-	-	-	-	-	-					Holan er skökk. Holan hefur aldrei blásið.
KJ 6	Jötunn	júlí '76	2000	5,3	6,3		5,4						lokuð		
KJ 7	Jötunn	ág.–sept. '76	2165	7,1	8,0	7,0	7,6		4,2	sept.–okt. '77	7,2	7,9	3,7	4,1	Fóðring skemmd. Holan hreinsuð og endurfóðruð.
KG 8	Dofri	ág.–sept. '76	1658		3,0		3,0							2,5	Ekki ráðgert að nýta holuna vegna lágs hita.
KJ 9	Jötunn	okt.–des. '76	1101		3,0	ekki komin upp			3,0	ág.–sept. '77	11,8	15,2	14	18,5	Holan fóðruð í 1100 m dýpi og dýpkuð í 1258 m dýpi.
KG 10	Dofri	okt.—nóv. '76	2082	17,1	20,8	8,1	10,8		3,3	okt. '77	13,5	17,6		3,3	Holan hefur stíflast aftur.
KJ 11	Jötunn	okt.—nóv. '76	2217	12,7	16,1	ekki komin upp		11,1	14,0	okt. '77		4,7		4,6	Eftir hreinsun er holan viðkvæmari og óstöðugri en fyrir aðgerð.*)

*) Í jan. 1978 náði holan fullum fyrri afköstum.

3.23 Gufuaðveita.

3.231 Samningur við ráðgjafaraðila.

Með bréfi, dags. 15. 05. '75 (fskj. nr. 69), til iðnaðarráðuneytisins leitaði Orkustofnun heimildar ráðuneytisins til að gera ráðgjafarsamning við verkfræðistofurnar Virki h.f. og Sig. Thoroddsen s.f. varðandi hönnun gufuveitu frá borholum að stöðvarhúsi.

Í bréfinu segir m. a.:

„Samningur þessi felur í sér, að ráðgjafarverkfræðingarnir taki að sér hönnun gufuveitu í Kröflu, og er ætlast til, að hönnuninni verði lokið í byrjun árs 1976, þannig að útboð fari fram þá um veturinn og framkvæmdir geti hafist um sumarið 1976."

Með bréfi, dags. 12. 06. '75 (fskj. nr. 70), heimilaði iðnaðarráðuneytið, að Orkustofnun undirritaði samning við verkfræðistofurnar. Í bréfinu segir:

„Með vísun til bréfs Orkustofnunar, 15. 05. s. l., heimilar ráðuneytið stofnuninni að undirrita samning milli stofnunarinnar annars vegar og Virkis h.f. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hins vegar, þess efnis, að ráðgjafarverkfræðingarnir taka að sér hönnun gufuveitu í Kröflu."

Orkustofnun undirritaði 24. 06. '75 samning um hönnun Kröfluveitu við Virki h.f. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f. (Fskj. nr. 71). Samkvæmt samningum skyldi Orkustofnun veitt eftirfarandi verkfræðiþjónusta, sbr. formála í verksamningi:

„1. Fullnaðarhönnun gufuveitu frá borholum að stöðvarhúsi við Kröflu og veitu fyrir affallsvatn. Gufuveitan felur í sér tengingu við borholuloka, gufuskiljur við borholur, holuvatns- og gufulagnir, lágþrýstiskiljur og stöðvarhússkiljur og lagnir að stöðvarhúsvegg.
Veitan fyrir affallsvatn miðast við flutning á holuvatni frá lágþrýstiskiljum í Þríhyrningadal, en jafnframt skal gerð könnun á því, hvort kælilón gæti verið staðsett annars staðar.
2. Frumáætlun um flutning á borholuvatni út af vatnasvæði Mývatns.
3. Frumáætlun um niðurdælingu affallsvatns um borholur."

Í 2. grein samningsins er verkfræðiþjónustan nánar skilgreind og skipt í fjóra höfuðþætti, þ. e. í:

A. Forhönnun.
B. Hönnun og gerð útboðsgagna.
C. Útboð, lokahönnun og eftirlit.
D. Áætlanir um meðferð borholuvatns.

Fylgiskjal með samningnum og hluti af honum er samningur um samvinnu milli verkfræðifyrirtækjanna Virkis h.f. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f. um hönnun Kröfluveitu fyrir Orkustofnun.

Hönnunarstörf hófust þegar eftir undirritun samnings. Skiptist starfið í verkþætti samkvæmt fyrrnefndum verksamningi. Ljóst var, að tímamörk fyrir undirbúning og framkvæmd hönnunarstarfa voru orðin þröng, og var í upphafi stefnt að því, að útboðsgögn yrðu tilbúin um áramótin 1975/1976.

Forhönnun.

Fyrsti verkþáttur hönnunarinnar var fólginn í gerð frumáætlunar, sem nefnd var forhönnun. Forhönnunarskýrsla var afhent Orkustofnun með bréfi ráðgjafaraðila 21. 11. '75. (Fskj. nr. 72).

Í formála þessarar skýrslu segir orðrétt:

„Þessi skýrsla er frumáætlun til Orkustofnunar um Kröfluveitu, sem felur í sér gufu- og vatnsveitu að stöðvarhúsi Kröfluvirkjunar og veitu fyrir frárennslisvatn. Greint er frá gerð veitunnar og helstu hlutum hennar, hönnunarforsendum, greiningu í verkhluta, og sett er fram tímaáætlun um lok hönnunar, útvegun efnis og framkvæmd verkhluta. Skýrslunni fylgja frumteikningar, er sýna á hvaða stigi hönnun veitunnar er við lok fyrsta þáttar hönnunarstarfsins."

Enn fremur segir:

„Þegar að fengnu bréfi Orkustofnunar 26. júní 1975 var undirbúningur hafinn að hönnun Kröfluveitu. Á þeim tíma lá þó ekki fyrir, hvar borholum veitunnar yrði valinn staður, að undanskilinni fyrstu vinnsluholunni, sem þá var langt komið að bora, en auk þess hafði borstæði næstu vinnsluholu verið valið. Hafist var strax handa um að kanna verð og afgreiðslutíma á aðalefni til veitunnar, svo sem stálplötum, stálpípum, lokum og dælum. Fyrir lá skýrsla Orkustofnunar um tilraunaboranir frá febr. 1975, og einnig fengu ráðgjafarverkfræðingar í hendur áætlun Orkustofnunar um val borstæða fyrir 15 borholur í lok júlí 1975. Fyrstu niðurstöður mælinga á heildarstreymi, hitastigi og efnasamsetningu gufu og vatns fengust úr fyrstu vinnsluholunni (holu 3) í ágúst-sept. 1975."

Enn fremur segir:

„Við undirskrift samnings um hönnun Kröfluveitu var gert ráð fyrir því, að öllu frárennslisvatni veitunnar yrði veitt í Þríhyrningadal vestan stöðvarhúss Kröfluvirkjunar. Einnig var þá gert ráð fyrir því, að kanna þyrfti aðra möguleika um meðferð þessa frárennslisvatns. Við forhönnun veitunnar hefur komið í ljós, að óhjákvæmilegt er að dæla um helmingi alls borholuvatns að lágþrýstiskiljum veitunnar, ef veita skal öllu borholuvatni í Þríhyrningadal.

Með tilliti til rekstraröryggis, rekstrarkostnaðar og aukinnar hættu á útfellingum við dælingu borholuvatnsins hafa ráðgjafarverkfræðingar lagt til, að öllu borholuvatni verði veitt í tilbúin lón í Hlíðardal, austan og sunnan stöðvarhúss virkjunarinnar, en fjarlægð þeirra frá stöðvarhúsi er um 500 m. Borholuvatnið yrði sjálfrennandi þangað og dæling óþörf að lónum þessum.

Hvorki liggur fyrir leyfi fyrir þessari tilhögun né hefur endanleg ákvörðun verið tekin. Hefur óvissa um þetta atriði valdið töfum í hönnunarstarfinu, en í skýrslu þessari eru settir fram báðir valkostirnir um staðarval fyrir frárennslis- og kælilón, Þríhyrningadalur og Hlíðardalur. Má ákvörðun um þetta atriði alls ekki dragast öllu lengur. Gert er ráð fyrir því, að ljúka mætti byggingu Kröfluveitu fyrir áramót 1976/1977. Unnt er þó að fresta byggingu um helmings veitunnar, og sýnir tímaáætlun byggingu hennar í tveimur áföngum.

Fyrri áfangi verður bygging veitu frá neðra borsvæði, sem fullnægja mundi aflþörf annarrar aflvélar Kröfluvirkjunar. Þessum áfanga gæti lokið í október 1976. Síðari áfangi felur í sér byggingu veitu frá efra borsvæði, og er gerð grein fyrir því, hvernig unnt væri að ljúka henni í október 1977.

Gert hefur verið ráð fyrir því, að gerðar verði tilraunir og mælingar á háþrýsti- og lágþrýstiskiljum og framkvæmdar útfellingatilraunir í þeim og í tilheyrandi lögnum. Markmið tilraunanna er að treysta hönnunarforsendur veitunnar svo sem kostur er."

Í ágripi forhönnunarskýrslu er gerð grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðum, og segir þar enn fremur:

„Forhönnun aðveitukerfis Kröflustöðvar gerir ráð fyrir 12 borholum samtals. Áætlað er, að meðalafköst hverrar borholu verði 40—50 kg/s og innstreymishiti verði að meðaltali 270° C. Þessi borholuafköst verða fullnægjandi fyrir aflvélar Kröfluvirkjunar við 2×30 MW álag, en forhönnun veitunnar gerir einnig ráð fyrir, að stofnæðar anni þörf vélanna við hámarksálag, sem er 2×35 MW.

Fyrirhugað borsvæði greinist af landslagi og hæðarlegu í tvo hluta, efra og neðra borsvæði. Frá hvoru svæði fyrir sig er sjálfstætt aðveitukerfi að stöð, og nægir hvort um sig annarri aflvél virkjunarinnar."

Á sama tíma og unnið var að gerð forhönnunarskýrslu var tekin saman stutt skýrsla um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun og afhent Orkustofnun með bréfi, dags. 20. 10.'75. (Fskj. nr. 73). Einnig var Orkustofnun rituð stutt greinargerð um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun, dags. 27.11. '75. (Fskj. nr. 74).

Hönnunarstörf við Kröfluveitu mótuðust mjög af þeirri óvissu, sem frá ársbyrjun 1976 hefur verið um framkvæmdir við Kröfluvirkjun.

Vegna endurskoðunar á staðarvali borhola var fyrirkomulag gufuveitu tekið til endurskoðunar. Fyrirkomulagi hennar var síðan breytt mjög verulega til þess að frjálsari hendur fengjust um staðarval borhola, og stækkaði mögulegt vinnslusvæði Kröfluvirkjunar verulega við þessar breytingar. Endurhönnun veitunnar olli að sjálfsögðu aukinni vinnu og verulegum töfum við hönnunarstörfin. Boranir töfðust enn fremur verulega, en borun fyrstu holunnar sumarið 1976 hófst í lok júní. Hinn 16. ágúst 1976 lágu fyrir fyrstu gögnin um endurskoðað staðarval borhola. Var þá hafinn undirbúningur að vali pípuleiða og hönnun pípa á milli borhola og skiljustöðvar.

3.232 Efniskaup.

Fyrstu útboð efnisþátta til veitunnar fóru fram í árslok 1975, en hin síðustu í marsmánuði 1976. Eru þá reyndar ekki talin minni háttar efniskaup vegna breytinga, sem síðar voru ákveðnar, en slík efniskaup fóru nær undantekningalaust fram á grundvelli tilboða, sem aflað var áður en kaup voru gerð, og ætíð gerð samkvæmt tillögum ráðgjafarverkfræðinga, að undangenginni verðkönnun. Fyrirkomulag efnisútboða og kaupa var á þann hátt, að efnisútboð fóru öll fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Ráðgjafarverkfræðingar Orkustofnunar önnuðust gerð útboðsgagna. Öll aðalútboð voru opin og auglýst af Innkaupastofnun ríkisins. Er ráðgjafarverkfræðingar Orkustofnunar höfðu rannsakað tilboðin skiluðu þeir skriflegri umsögn til Orkustofnunar, þar sem gerð var tillaga um, hvaða tilboði skyldi tekið. Jafnframt fylgdu drög að kauploforðsbréfi (Letter of Intent). Í öllum tilfellum samþykkti Orkustofnun tillögu ráðgjafarverkfræðinga sinna.

Orkustofnun afgreiddi ákvörðun sína um kaup til Innkaupastofnunar ríkisins, sem síðan aflaði í flestum tilfellum greiðsluloforðs fjármálaráðuneytisins (Promissory Note) og gekk því næst frá formlegri pöntun. Jafnframt var seljanda efnis eða

umboðsaðila hans hér á landi afhent í tvíriti kauploforðsbréf Orkustofnunar til undirritunar og samþykktar af hálfu seljanda. Með fullundirrituðu kauploforðsbréfi af hálfu Orkustofnunar og seljanda ásamt greiðsluloforði fjármálaráðuneytis svo og formlegri og endanlegri pöntun Innkaupastofnunar ríkisins var talið, að fullnægjandi kaupsamningur væri kominn á.

Þess skal getið hér, að í þeim tilfellum, sem á það reyndi, að afgreiðslutöf yrði á efni af hálfu seljanda, var afgreiðslutími reiknaður frá útgáfudegi endanlegrar pöntunar.

Oft urðu tafir á því, að gengið væri frá pöntunum ásamt samsvarandi greiðsluloforðum. Nægir að nefna eftirfarandi bréf til Orkustofnunar, ritað af ráðgjafarverkfræðingum hennar, dags. 15.03. '76.

Þar segir m. a.:

„Sem dæmi um þessar tafir skulu teknar fyrstu efnispantanir samkvæmt eftirfarandi yfirliti.

Nr. pönt.	Umsögn verkfr.	Lett. of Int.	Prom. Note	Formleg pöntun	Töf dagar
29000	27/2'76	27/2'76	26/3'76	29/3'76	30
29001	27/2'76	27/2'76	26/3'76	6/4'76	38
29002	27/2'76	3/3'76	6/4'76	6/4'76	38
29003	10/3'76	10/3'76	21/4'76	23/4'76	10
29004	23/2'76	10/3'76	L/C	21/4'76	57
29005	22/3'76	22/3'76	21/4'76	21/4'76	58
29006	9/3'76	22/3'76	CAD[1])	21/4'76	43
29007	9/3'76	22/3'76	CAD	21/4'76	43
29008	26/3'76	14/4'76	21/4'76	21/4'76	26
29009	29/4'76	29/4'76	30/4'76	30/4'76	1
29010	4/6'76	4/6'76	CAD	14/6'76	10
29011	19/5'76	24/5'76	L/C[2])	6/7'76	48
29012	3/6'76	10/6'76	L/C	6/7'76	33
29013	10/6'76	10/6'76	CAD	6/7'76	26
29014	18/6'76	18/6'76	6/7'76	6/7'76	18
29015	2/7'76	7/7'76	22/7'76	22/7'76	20[3])
29016	16/7'76	16/7'76	22/7'76	22/7'76	6

1) CAD: greitt við móttöku skjala.

2) L/C: opnuð bankaábyrgð við pöntun.

3) Þessi töf lengdist í 42 daga vegna samninga I. R. um greiðsluskilmála.

Í töflunni eru talin innkaup alls aðalefnis. Önnur efniskaup samkvæmt hærri pöntunarnúmerum voru allt minni háttar innkaup vegna breytinga, sem gerðar voru á hönnun og viðbætur við fyrri kaup. Voru upphæðir þeirra yfirleitt lágar.

Taflan að ofan gefur yfirlit yfir, hvernig upphaf efniskaupa varð. Frá dagsetningu umsagnar ráðgjafarverkfræðinga og fram að dagsetningu endanlegrar pöntunar liðu frá 1 degi og allt upp í 58 daga."

Í yfirlitstöflu, sem hér fer á eftir, er skrá yfir öll kaup aðalefnis svo og viðbótarefnis. Er þar greint frá útboðs- og opnunardegi tilboða, fjölda þeirra, lægsta tilboði og mismun á næsta tilboði fyrir ofan, hvaða tilboði var tekið og hvers vegna, tilgreindur seljandi, dagsetning á umsögn ráðgjafarverkfræðinga, kostnaðarverð og athugasemdum, ef einhverjar eru.

Umsagnir ráðgjafarverkfræðinga fylgja allar, fylgiskjöl nr. 75—106.

Gufuveita efnisútboð.

Pöntun nr.	29000	29000	29001	29002	29003	29004
Útboð nr.	N–011	N–011	N–011	N–011	N–011	N–011
Útboð IR–nr.	2117/76	2117/76	2117/76	2117/76	2117/76	2117/76
Heiti	Pípur	Botnar	Beygjur flansar	Plötur	Minnkanir Té	Lokar
Opnun tilboða	27/1 '76	27/1 '76	27/1 '76	27/1 '76	27/1 '76	27/1 '76
Fjöldi tilboða	23	10	14	16	10	7
Lægsta tilboð	DM 450 348.69	DM 18 540	Dkr. 299 217.37	DM 66 585	Hfl 37 783.71	Dkr 1 209 782
Næsta tilboð	9% hærra	9.9% hæra	5.4% hærra í b 11.4% hærra í fl.	3.9% hærra	um 10 %	22% hærra
Samþ. tilb.	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta
Seljandi	Ferrostaal AG	Ferrostaal AG	S.C. Sörensen A/S	Ferrostaal AG	Tubus Buizenhandel	P.E. Ehrhardt A/S
Umsögn verkfr. dags.	27/2 '76	27/2 '76	27/2 '76	27/2 '76 og 2/3 '76	10/3 '76	23/2 '76
Kostn.verð kr.	37 264 332.–	Innifalið í pípuverði	10 165 854.–	7 183 539.–	2 835 222.–	38 105 385.–
Athugasemd						Lægri tilboð bárust, en þau fullnægðu ekki kröfum.

Pöntun nr.	29005	29006	29007	29008	29008 viðbót
Útboð nr.	N–031	N–032	N–032	N–032	N–Tilboð
Útboð IR–nr.	2118/76	2118/76	2118/76	2118/76	
Heiti	Mælibúnaður	Aflstrengir	Ljósabúnaður	Stýristrengir	Stýristrengir
Opnun tilboða	28/1 '76	28/1 '76	28/1 '76	28/1 '76	okt. '76
Fjöldi tilboða	1 og 2 eftir atriðum	12	7	10	1
Lægsta tilboð	Bfr. 902 170.–	DM 20 588.67 Viðbót 15 497.77	Skr. 13 605.–	DM 67 038.91	DM 47 408.23
Næsta tilboð	48%–1100%	2.6% hærra	12.4% hærra		–
Samþ. tilb.	Lægsta	Lægsta	Lægsta		–
Seljandi	Fabricom	F.W. Hempel & Co.	Järnkonst AB	Kabelwerke Friedr. Ehlers C.	Kabelwerke Friedr. Ehlers C.
Umsögn verkfr.	2/3 '76	9/3 '76	9/3 '76	26/3 '76	okt. '76
Kostn.verð kr.	4 701 741.–	3 060 941.–	637 853.–	5 643 298.–	4 030 748.–
Athugasemd		Viðbótarkaup gerð v/ breyt. að undangengnu tilboði.	Breyting varð á magni skv. endanlegum efnislista.	Ekkert tilboð fullnægði kröfum að öllu leyti. Einungis einn aðili gat við nánari könnun fullnægt kröfum. Verð er tilgr. skv. endanl. efnisl.	Viðbótarpöntun vegna breytinga. Kaup gerð að undangengnu tilboði.

Pöntun nr.	29009	29010	29011	29011	29012
Útboð nr.	N–012	N–011	N–021	N–021	N–033
Útboð IR–nr.		2117/76			
Heiti	Álkápa	Boltar pakkn.	Stjórnloka	Öryggisloka	Stjórntafla
Opnun tilboða	22/3'76	27/1'76	15/2'76	15/2'76	17/3'76
Fjöldi tilboða	6	15 og 10	4	3	5
Lægsta tilboð	Bfr 1 321 758	Hfl 15 883.80	DM 134 130 –	Dkr. 94 360.–	Dkr. 500 100 + 10 540–
Næsta tilboð	1.21% hærra	5.1% hærra	34% hærra	38% hærra	11–12% hærra
Samþ. tilb.	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta
Seljandi	S.A. Sidal	P. Van Leeuwen	P.E. Ehrhardt A/S	P.E. Ehrhardt A/S	P.E. Ehrhardt A/S
Umsögn verkfr.	6/5 '76	4/6 '76	19/5 '76	19/5 '76	3/6 '76
Kostn.verð kr.	9 085 427–	1 745 172–	9 021 359–	3 150 640–	19 400 822–
Athugasemd		Breytingar urðu á röð bjóðenda v/ biðtíma og pakkningar keyptar hjá sama aðila v/ hagræðis og lágrar upphæðar, sjá umsögn.			Með viðbót v/ breytinga.

Pöntun nr.	29013	29014	29014	29015 (27452)	29016
Útboð nr.	N–012	N–013	N–013	N–021	N–013
Útboð IR–nr.					
Heiti	Einangrun	Sööl ar	Rúllur	Sprengi-diskur	Þanar
Opnun tilboða	22/3 '76	8/4 '76	8/4 '76	15/2 '76	8/4 '76
Fjöldi tilboða	7	4	4	4	6
Lægsta tilboð	Nkr. 170 572.–	DM 66 652.76	DM 111 806.54	$ 20 910.41	£ 37 417–
Næsta tilboð	19% hærra	um 20 % hærra	um 93 % hærra	64% hærra	26% hærra
Samþ. tilb.	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta	DM 114 098.–
Seljandi	Elkem-Rock-wool Noregi	HYDRA, V-Þýskalandi	HYDRA, V-Þýskalandi	HYDRA, V-Þýskalandi	HYDRA, V-Þýskalandi
Umsögn verkfr.	10/6 '76	18/6 '76	18/6 '76	2/7 '76	16/7 '76
Kostn.verð kr.	11 335 902–	5 549 890–	9 353 817–	4 201 859– + 300 000–	9 736 115–
Athugasemd				Viðbót samkv. umsögn 14/9 '77 eftir tilboði $1 130.80. Áætl. kostnaðarverð kr. 300 000–	Lægsta tilboð fullnægði ekki kröfu um afgr.-tíma. Endanlegt magn minna en í útboði.

Viðbótarkaup.

Pöntun nr.	29017	29018	29019	29020	29021
Verðkönnun/ Tilboð	Tilboð 9/6 16/7 '76	Tilboð 14/7 '76	Tilboð	Tilboð	Tilboð
Heiti	Minnkanir	Beygjur	Þrýstirofar	Nálarlokar	Þrýstireglar
Lægsta tilboð	Hfl. 11 382.44	DM 14 853.80	$ 354.59	$ 452.94	£ 31.–
Seljandi	Innkaup h.f./ Tubus Buizenh.	Ísól h.f./ Ferrostaal AG	Custom Comp. Switches Inc.	Fischer & Porter	Moore Prod. Co.
Umsögn verkfr.	20/7 '76	20/7 '76	28/6 '76	28/6 '76	28/6 '76
Kostn.verð kr.	926 011–	1 239 149–	87 608–	115 203–	11 807–
Athugasemd	Viðbót v/ breytinga. Leitað tilboða lægstbjóðenda í fyrra útboði.	Viðbót v/ breytinga. Leitað tilboða lægstbjóðenda í fyrra útboði.			

Pöntun nr.	29022	29022	29023	29026	29030
Verðkönnun/ Tilboð	Tilboð	Tilboð	Tilboð	Tilboð	Tilboð
Heiti	Plaströr	Plaströr	Merkjastrengir	Tengi f. merkjaloft	Tengi og pípur fyrir loftkerfi
Lægsta tilboð	Kr. 161 820.–	Kr. 177 545–	Bfr. 25 220.–	Dkr. 4 190.50–	Dkr. 79 585.25
Seljandi	Reykjalundur	Reykjalundur	Fabricom	P.E. Ehrhardt A/S	P.E. Ehrhardt A/S
Umsögn	28/6 '76	1/11 '76	14/9 '76	9/11 '76	18/3 '77
Kostn.verð kr.	161 820.–	177 545.–	159 702.–	149 001–	Áætl. 3 255 000.–

Pöntun nr.	29030	29027	29038	29039	29044
Verðkönnun/ Tilboð	Verðkönnun	Verðkönnun	Verðkönnun	Tilboð	Tilboð
Heiti	Þrýstiminnk.	Rafliðar	Stýribún.	Markrofar	Loftlokar
Lægsta tilboð	Kr. 24 393.–				Dkr. 1 920.–
Seljandi	Byggingavöruv. Ísl. Jónss.	Siemens A/G./ Smith & Norl.	P.E. Ehrhardt A/S	R.S. Components.	Mastonair/ Iselco h.f.
Umsögn		18/7 '77	28/7 '77	29/7 '77	6/10 '77
Kostn.verð kr.	Áætl. 24 393.–	Áætl. 95 140.–	Áætl. 500 000.–	Áætl. 70 000.–	Áætl. 85 000.–
Athugasemd				Keypt vegna galla á mótt. markrofum.	

Pöntun nr.	29045	–	–	–
Verðkönnun/ Tilboð	Tilboð	Tilboð	Verðkönnun	Verðkönnun
Heiti	Mælivír	Áklæðning	8 Flansar ø 600	Fjölmælir
Verð	DM 1 025–	Skr. 26 934–	Hfl. 3 168–	Pantað
Seljandi	Degussa Hanau	Kröflunefnd	Innkaup h.f.	Goerz Electro Gmb H
Umsögn	31/10 '77			22/11 '77
Kostn.verð kr.	Áætl. 125 000.–	758 782.–	766 000.–	Áætl. 50 000.–
Athugasemd		Efni pantað frá Kröflunefnd af sömu gerð og efni í hús byggð á vegum Kröflunefndar	Viðbót vegna breytinga.	

Pöntun nr.	–	–	–	–	–
Verðkönnun/ Tilboð	Verðkönnun	Verðkönnun	Verðkönnun	Tilboð	Tilboð
Heiti	Einangrun í skiljustöð	Strigi	Málning	Rafreglar	Áriðill
Lægsta tilboð	Pantað	Pantað	Pantað	DM. 11 575.–	Kr. 640 000.–
Seljandi	Steinull h.f.	Ellingsen h.f.	Málning h.f.	Hartman & Brown	Rafeindaiðjan s.f.
Umsögn	16/11 '77	16/11 '77	16/11 '77	6/12 '77	6/12 '77
Kostn.verð kr.	289 600.–	48 400.–	117 400.–	Áætl. 1 300 000.–	640 000.–

3.233 Verksamningar

Útboð vegna verkframkvæmda hófust snemma árs 1976, og voru tilboð fyrst opnuð 22. 03. '76. Voru það tilboð í skiljusmíði. Helstu verk, sem boðin voru út, voru þessi: Skiljusmíði, uppsetning pípa og gufuskilja, raflagnir, steypuefnisvinna og smíði og uppsetning lokahúss.

Byggingarvinna var ekki boðin út. Orkustofnun þótti rétt að hafa þann hátt á, enda væri vinnufriður þar með tryggður, og auk þess var ekki tími til útboðs.

Orkustofnun hafði átt mikil viðskipti við byggingarfyrirtækið Sniðil h.f. í Mývatnssveit, og fordæmi um einingarverð lágu fyrir í samningum Kröflunefndar við Miðfell h.f. Var því samið við Sniðil h.f. um alla byggingarvinnu, að mestu á grundvelli einingarverðs, en um sum verk var samið sem reikningsvinnu.

Aðalsamningur um byggingarvinnu var undirritaður 27. 07. '76, og var verk samkvæmt honum tekið út 09. 01. '77.

Orkustofnun sá sjálf um jarðvinnu og vörubílaakstur og fékk til þess heimamenn á tímavinnugrundvelli. Eftirlit með þeim framkvæmdum var á hendi ráðgjafarverkfræðinga Orkustofnunar.

Eins og áður sagði voru opnuð tilboð í skiljusmíði 22. 03. '76. (Fskj. 107). Var samið 27. 07. '76 og verk tekið út 18. 01. '77, en var í raun lokið nokkru fyrr.

Tilboð í raflagnir voru opnuð 31. 08. '76 (fskj. 108) og pöntunarbréf undirritað 10. 09. '76.

Tilboð í smíði og uppsetningu lokahúss voru opnuð í október 1976. Samið var sérstaklega um smíði á stálgrind á föstu verði, en um uppsetningu hennar á tímavinnugrundvelli. (Fskj. 109).

Tilboð í uppsetningu á pípum og skiljum voru opnuð 26. 07. '76. (Fskj. 110). Samningur var undirritaður 10. 09. '77, og hófst verkið umsvifalítið.

Vegna vetraraðstæðna og gosóróa tafðist verktaki, og var verkið ekki tekið út fyrr en 5.—7. júlí 1977. Verulegur kostnaðarauki hefur orðið af því að vinna verkið á þessum árstíma, og nema þær hækkanir, sem um hefur samist til verktaka vegna sérstakra aðstæðna, um 49,4 Mkr. Þess er þó að gæta, að innifalið í þessari upphæð er kostnaður og vinnutap verktaka vegna gosóróa, en verktaki þurfti margsinnis að flytja allan mannskap af svæðinu um lengri eða skemmri tíma af þeim ástæðum.

Í september '77 var ákveðið að leggja safnæð að holu 9, og var ákveðið að leita eftir tilboði frá fyrrverandi uppsetningarverktaka, sem hafði reyndustum mönnum á að skipa. Tilboðið, dags. 30. 09. '77 (fskj. 111), var metið hagstætt af ráðgjöfum, og var samningur undirritaður 21. 10. '77. Verkið var tekið út 06. 12. '77.

Einnig var ákveðið að einangra skiljur í skiljustöð, og gerði sami verktaki tilboð í það verk. Tilboðið var metið af ráðgjöfum og talið óaðgengilegt. Samið var við aðra aðila á tímavinnugrundvelli og er því verki lokið.

Yfirlit yfir saminga eru í eftirfarandi töflu, og er þar að finna samningsupphæðir, greiðslur fyrir aukaverk, verðbætur o. fl.

6. 12. '77.

Kröfluveita.

Heiti samn.	Steypuefnis-vinnsla	Byggingar- og jarðvinna	Forsteyptir stöplar	Byggingarvinna við safnæðar o. fl.
Verktaki	Sniðill h.f.	Sniðill h.f.	Sniðill h.f.	Sniðill h.f.
Samningsform	Útboð	Samið án útb.	Samið án útb.	Tímav. grundv.
Dagsetn. samn.	júní 1976	júlí 1976	nóv. 1976	nóv. 1976
Samningsupphæð	3 850 000	41 867 000	18 485 450	
Samþ. til greiðslu				
Samningur	3 688 850	50 413 743	18 395 800	41 628 753
Aukaverk		2 978 290		
Verðbætur		3 309 835	2 210 569	
Fæði frádrag		−2 790 913		−1 367 136
Samtals	3 688 850	53 910 955	20 606 369	40 261 617
Athugasemd	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið

Heiti samn.	Uppsetning pípna og skilja	Skiljusmíði	Stálgrindarsmíð	Raflagnir
Verktaki	Stjörnu-stál	Stálsmiðjan	Héðinn	Samraf
Samningsform	Útboð	Útboð	Útboð	Útboð
Dagsetn. samn.	9. ágúst 1976	júlí 1976	okt. 1976	sept. 1976
Samningsupphæð	74 450 929	22 928 000	2 177 600	12 485 242
Samþ. til greiðslu				
Samningur	71 276 495	22 928 000	2 109 752	8 716 088
Söluskattur		5 008 709		843 404
Aukaverk	24 947 776			11 239 864
Verðbætur	8 409 235	2 115 541		2 545 206
Verðhækkanir v. vetrar	49 802 805			1 188 689
Fæði frádrag	−8 224 000			−1 058 750
Samtals	146 212 311	30 052 250	2 109 752	23 474 501
Athugasemd	Lokið	Lokið Ath. Tveir lægstbjóðendur drógu tilboð sín til baka. Þriðji lægstbjóðandi fullnægði ekki kröfum um aðstöðu og mannafla. Samið var við fjórða lægstbjóðanda.	Lokið	Frestað að hluta

Heiti samn.	Suðueftirl.	Hönnun og eftirlit	Lögn safnæðar að KJ-9	Einangrun í skiljustöð
Verktaki	Ranns.st. iðn.	VIRKIR, VST	Stjörnu-Stál h.f.	Stjörnu-Stál h.f.
Samningsform	Tímavinna	Tímavinna	Samið á grundv. tilboðs	Tímavinna
Dagsetn. samn.				
Samningsupphæð			25 000–	
Samþ. til greiðslu	6 394 073.–	136 306 588	16 700 000	Óuppgert
Athugasemd			Lokið 6/12 '77	Lokið

3.234 Framkvæmdalýsing.

Fyrri hluta árs 1976 var, eins og fyrr hefur verið sagt, mikil óvissa um framhald framkvæmda við gufuveitu fyrir Kröfluvirkjun. Á þessu tímabili lék vafi á, hvort eina vinnsluborholan (hola nr. 3), sem fullgerð hafði verið 1975, yrði virkjunarhæf.

Staðarval borhola var endurskoðað fyrri hluta árs 1976. Eins og fyrr er getið var hönnun gufuveitunnar breytt á þann veg, að frjálsari hendur fengjust um staðarval borholanna, og mögulegt vinnslusvæði stækkaði verulega frá fyrri áformum.

Vegna hinnar breyttu hönnunar gátu framkvæmdir við skiljustöð og aðveituæðar frá þeirri skiljustöð að stöðvarhúsi Krófluvirkjunar hafist í júlí 1976. Tókst að ljúka þeim verkþáttum að mestu um áramótin 1976/1977, en upphaflegar verkáætlanir miðuðu við þau verklok svo og að lagðir yrðu allt að 1800 m af safnæðum frá skiljustöð að borholum.

Í apríl 1976 var áætlað, að boranir hæfust í júní 1976 og yrði fyrstu holunni lokið um 1. ágúst. Í reynd varð þetta svo, að borun hófst í júlí (KJ-6) og lauk borun þeirrar holu í ágúst 1976. Gögn um staðarval fyrstu borhola lágu að öðru leyti fyrst fyrir 16. ágúst 1976. Var þá ákveðið að bora holur KJ-7 og KG-8, en KJ-6 var þá í borun. Auk þess var þá ákveðið að höggbora á borstað, þar sem síðar var boruð holan KG-10. Litið var þá á virkjun KG-8 sem varamöguleika vegna mikillar fjarlægðar frá skiljustöð, ef aðrar holur boraðar 1976 mistækjust.

Á þessu stigi var ákveðið, að ráðgjafarverkfræðingar hönnuðu safnæð 6, tvær til fjórar safnæðar frá neðra borsvæði (hugsanlega hola KG-5, sem ekki var fullboruð frá 1975, KJ-7 og hugsanlega ein til tvær holur aðrar á því svæði) og eina til tvær safnæðar frá efra borsvæði (holur KG-8 og KG-10). Ákvarðanir um að leggja þessar lagnir yrði hins vegar ekki hægt að taka fyrr en umræddar holur hefðu sýnt, að þær væru virkjunarhæfar.

Í sept. 1976 var lokið mælingum á landi á pípuleiðum safnæða að KJ-6, KJ-7 og holu á neðra borsvæði, sem síðar hlaut heitið KJ-9.

Í lok september var áformað að tengja holurnar KJ-6, KJ-9 og KG-5 á neðra borsvæði, KG-8 og KG-10 á efra borsvæði og í tilgreindri röð, svo fremi að þær reyndust vera virkjunarhæfar. Jafnframt var gerð verkáætlun, sem miðaði við verklok í lok janúar 1977. Um miðjan sept. '76 hófust uppsetningarverk pípuverktakans, en þá hafði verkbyrjun hans dregist um einn mánuð.

Veðurfar á virkjunarstað reyndist vera hagstætt til framkvæmda til loka októbermánaðar, en þá breyttist það mjög til hins verra. Er talið, að frá nóvemberbyrjun hafi ríkt vetrarveðrátta með frostum og talsverðum snjóum.

Framkvæmdir við jarðvinnu og undirstöður fyrir safnæðar hófust í nóvember 1976. Voru þá engar breytingar fyrirhugaðar á áformum um tengingar hola, en borholan KJ-6 hafði þá blásið frá því í byrjun septembermánaðar. Var hún talin virkjunarhæf.

Þar sem ljóst var fyrr um haustið 1976, að framkvæmdir við safnæðar hlytu að færast fram á veturinn 1976 að minnsta kosti, var hönnun safnæðaundirstaða hagað á þann veg, að hægt yrði að steypa stöpla innanhúss í fjöldaframleiðslu. Yrði steyping þeirra þar með óháð veðurfari og verkmagn utanhúss verulega minnkað. Öll jarðvinna ásamt útsetningu stöpla og steypingu festla hlaut hins vegar að verða útivinna.

Í nóvember var orðið ljóst, að hola KG-8 yrði ekki virkjunarhæf, sökum lítils afls. Voru þar með frekari áform um gerð safnæðar frá henni felld niður.

Í síðari hluta nóv. 1976 kom enn í ljós, að ekki var unnt að fullgera holu KG-5, þar sem hlykkur reyndist vera í holunni í 46 m dýpi, og komst borinn þar með ekki niður í holuna. Féll þessi hola þar með úr skaftinu. Eftir stóðu þá sem hugsanlegar vinnsluholur holurnar KJ-7, KJ-9, KG-10 og KJ-11 auk holu KJ-6. Var á þessu stigi áformað að haga framkvæmdum við safnæðarnar skv. eftirfarandi framkvæmdaröð: KJ-6, KJ-7, KJ-9, KG-10 og KJ-11, en ákvarðanir teknar eftir því sem virkjunarhæfni kæmi í ljós.

Vinnsluholan KG-10 fór í blástur í byrjun desember 1976. Reyndist hún vera mjög öflug fyrst í stað. Um miðjan desember 1976 voru uppi hugmyndir um bráðabirgðalögn að holunni KG-10, en vegna vetrarríkis á staðnum og einkum uppi á efra

borsvæðinu voru á þessum tíma talin mjög mikil vandkvæði á að framkvæma jarð- og steypuvinnu á þeirri leið svo að forsvaranlegt væri.

Í árslok 1976 var áætlað, að aflstöðin þyrfti að fá gufu til hreinsunar 22. febrúar 1977 og til aflprófunar 20. mars 1977. Voru framkvæmdaáætlanir fyrir gufuveituna á sama tíma miðaðar við, að safnæð 6 yrði gufuheld um 15. janúar 1977 og safnæð 7 yrði gufuheld upp úr miðjum mars, ef hafist yrði handa um lögn safnæðar frá henni.

Upp úr miðjum janúar var komið ljós, að afköst holunnar KG-10 voru orðin mjög lítil. Voru skömmu síðar öll áform um tengingu hennar að svo stöddu lögð til hliðar, enda ekki hafnar framkvæmdir sérstaklega fyrir hana.

Í byrjun febrúar 1977 var borholu KJ-11 hleypt í blástur. Reyndist hún vera talsvert öflug og fljótlega talin virkjunarhæf, enda þótt hún sýndi óvenjuleg merki um óstöðugleika. Var fljótlega ákveðið að hefja framkvæmdir við safnæð að henni.

Á tímabilinu frá ársbyrjun til aprílloka 1977 voru oft miklir erfiðleikar við framkvæmdir utanhúss vegna vetrarveðra og snjóalaga. Við það bættust enn fremur miklar truflanir af völdum gosóróa, og kom fyrir, að öllum mannafla á virkjunarstað væri fyrirskipað að fara burt af staðnum svo og að þeim væri meinaður aðgangur að honum aftur.

Um mánaðamótin apríl—maí var staðan sú, að tengdar voru borholurnar KJ-6, KJ-7 og KJ—11. Var áætlað að byrja að veita gufu niður að aflstöðinni 30. apríl 1977, en því var frestað til 15. maí 1977, þar sem frágangi í stöðinni var ekki lokið og stöðin ekki tilbúin að taka við fyrstu gufunni.

Hinn 1. maí 1977 hófst svo yfirvinnubann hjá öllum verktökum við framkvæmdir í Kröflu. Varð það til þess, að nær allar framkvæmdir lögðust niður þangað til nýir kjarasamningar náðust í lok júní 1977. Voru þá gerðar samræmdar áætlanir á vegum Kröflunefndar og Orkustofnunar, þannig að frá lokum yfirvinnubanns eða verkfalls, ef til þess kæmi, gæti raforkuframleiðsla hafist eftir 32—33 daga. Breyttist þessi tímaáætlun mjög lítið, enda þótt nokkrum framkvæmdum hafi verið haldið uppi á meðan yfirvinnubann og verkföll stóðu yfir.

Prófun á gufuveitu og á aflstöðinni var hætt um miðjan ágúst 1977. Reyndist unnt að láta aðra aflvél virkjunarinnar snúast, og komst hún á tilætlaðan yfirhraða, sem er eitt af prófunaratriðum við vélina. Ekki reyndist unnt að framkvæma aflprófanir á vélinni, því gufu skorti. Á þessum tíma var til ráðstöfunar gufa frá holu KJ-11, en afköst holanna KJ-6 og KJ-7 höfðu dvínað mjög og megnuðu ekki að halda uppi sama gufuþrýstingi og hola KJ-11.

Að loknum fyrrnefndum prófunum var frestað öllum frekari framkvæmdum við gufuveituna. Fyrir lá, að gufumagn var ekki nægilegt til þess að framleiða raforku í aflstöðinni. Unnið var þó að ýmsum frágangsverkum við gufuveituna svo og að tilteknum lagfæringum. Í ljós kom við prófanir á gufuveitunni, að æskilegt eða nauðsynlegt væri að framkvæma þær til þess að tryggja rekstur veitunnar.

Í júlílok hófust aðgerðir við að endurbæta vinnsluholurnar KJ-9, KJ-7, KG-10 og KJ-11. Árangur þessara aðgerða er rakinn annars staðar, en í stuttu máli náðist að auka mjög afl holu KJ-9 og gera við holu KJ-7 þannig að upphaflegt afl náðist aftur. Enn fremur náðist upphaflegt afl aftur í holu KG-10. Varðandi holu KJ-11 hefur afl hennar reynst mjög óstöðugt.

Þessi árangur leiddi til þeirrar ákvörðunar að tengja holu KJ-9, og er þeirri framkvæmd nú lokið. Hins vegar var ákveðið að bíða átekta fyrst um sinn með að tengja holu KG-10. Upp úr miðjum nóvember 1977 var svo komið í ljós, að afl holunnar var fallið og holan því ekki virkjununarhæf sem stendur.

Enn heldur hola KJ-7 virkjanlegum afköstum, og er gufuveitan nú rekin með

gufu frá holunum KJ-7, KJ-6, KJ-9 og KJ-11. Afl KJ-11 hefur sveiflast mjög, eða milli 0-6 MW.

Staða gufuveituframkvæmda er nú sú, að lokið er að mestu nauðsynlegum prófunum veitunnar, og er hún því tilbúin til rekstrar með fárra daga fyrirvara, sbr. greinargerð um prófanir á gufuveitu Kröfluvirkjunar, des. 1977. (Fskj. 112 og 113).

3.3 Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins.

Í byrjun febrúar 1975 fól iðnaðarráðuneytið Rafmagnsveitum ríkisins að sjá um hönnun á 132 KV háspennulínu milli Akureyrar og Kröflu eins og áður er komið fram. Verkið var aðallega fólgið í vali á línustæði, mælingu þess og styrkleikahönnun línunnar svo og gerð kostnaðaráætlunar. Þessu verki var lokið í október 1975 og var talið að línan mundi kosta um 500 milljónir króna.

Rétt er að vekja enn athygli á því, að hluti hringlínunnar frá Akureyri til Kröflu er aðeins óbeint tengdur Kröfluvirkjun sem framkvæmd. Því er mjög vafasamt að taka tillit til kostnaðar svo og framkvæmdar þess verks, þegar verið er að ræða Kröfluvirkjun. Línan frá Akureyri um Kröflu allt til Egilsstaða og síðar meir Hornafjarðar, ásamt Norðurlínunni frá Akureyri til Grundartanga í Hvalfirði, þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að tengja orkuveitukerfi landsins saman. Ef flytja á rafmagn frá Sigölduvirkjun til Egilsstaða þarf Kröflulína að vera til hvort sem Kröfluvirkjun er byggð eða ekki. Þetta virðist hafa misskilist af mörgum, og því er vakin athygli á þessu hér. Að sjálfsögðu nýtist Kröflulína fyrst og fremst til flutnings á rafmagni frá Kröfluvirkjun til Akureyrar og norður og vestur um land, eins Austurlína fyrir flutning á rafmagni frá Kröfluvirkjun austur á land og jafnvel seinna til Hornafjarðar.

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins 1. nóv. 1975 var Rafmagnsveitunum svo falið að byggja línuna og annast innkaup á efni til hennar. Skyldi miðað að því, að lagningu línunnar yrði lokið fyrir hátíðar 1976 í samræmi við fyrirhugaða gangsetningu Kröfluvirkjunar.

Sendar voru fyrirspurnir til þeirra efnissala, sem höfðu afgreitt efni til Norðurlínunnar skömmu áður, samkvæmt útboði, um að fá efniskaupasamninga stækkaða sem næmi efni til Kröflulínu í sumum tilvikum. Var einkum um að ræða tréstaura, þverslár, einangrarakeðjur, vír og tengi. Voru þessar fyrirspurnir sendar bréflega á tímabilinu 15.—20. des. 1975.

Við eldgosið í Leirhnjúk 20. des. 1975 kom til greina að stöðva þessar fyrirspurnir m. t. t. þess, að hætt yrði við línubygginguna. Til þess kom þó ekki, þar sem línan er ekki endilega tengd Kröfluvirkjun og efni til hennar gat notast hvar sem væri í hringlínunni (sjá kafla 4).

Uppsetning staura hófst í byrjun júní 1976. Miðað við allar aðstæður gekk línubyggingin vel, og var aðeins eftir að reisa 80 staura af 610 í lok ágúst 1976.

Þverslár og einangrarar voru settir upp að nokkru leyti samhliða reisingu stauranna, en nokkuð tafðist að útvega zinkhúðaðar þverslár og setja þær upp, þar sem þörf var slíkra.

Strenging leiðara hófst í lok ágúst 1976. Til þess að flýta verkinu voru tveir flokkar settir í þetta verk, enda nauðsynlegt að ljúka við alla þá línukafla fyrir veturinn, þar sem erfitt yrði um athafnir á þeim tíma. Í október 1976 var þó annar strengingaflokkurinn fluttur í Norðurlínuna, því áhersla var lögð á að tengja hana við Akureyri fyrir jólin 1976. Kom þetta ekki að sök, að því er talið var, því fyrirsjáanlegar tafir voru á verklokum við Kröfluvirkjun.

Eftir áramót var svo hafist handa við að ljúka línubyggingunni, og var henni nær

lokið í mars 1977. Nokkur frágangsvinna var þá eftir, en henni varð lokið þá um vorið og línan tilbúin að svo miklu leyti sem endatengingar hennar voru tilbúnar. Á Akureyri var um að ræða bráðabirgðatengingu, en við Kröflu var um lokafrágang að ræða. Þess skal getið hér, að háspennutengivirkið við Kröflu og þar með línustrenging í því er hluti af verkefni Kröflunefndar. Rafmagnsveiturnar sáu hins vegar um allar strengingar í spennuvirkinu fyrir nefndina.

Kröflulína er nú fullbúin og hefur kostnaður við byggingu línunnar orðið 558 milljónir króna. Vinna hófst við byggingu Austurlínu á árinu 1977 frá Kröflu til Egilsstaða og er áætlað að því verki ljúki á árinu 1978.

Fylgiskjöl:

1–49 Umsagnir og ráðleggingar ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar.
50 Umsögn verkfræðinga Kröflunefndar vegna útboðs á stöðvarvarðabústöðum.
51 Umsögn verkfræðings Kröflunefndar vegna útboðs á stálgrindahúsi.
52–54 Bréf Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins 22. jan. 1975, 3. mars 1975 og 22. maí 1975.
55 Greinargerð um gos í holu 4, Kröflu, meðan á borun stóð. OS (KR/sg) 14. 09. '75.
56 Bréf Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins, 25. nóvember 1975.
57 Staðarval borhola í Kröflu 1976. Álitsgerð 7. maí 1976. OS JHD.
58 Bréf um staðsetningu borhola í Kröflu 1976. 9. júlí 1976. OS (VS/es).
59 Greinargerð iðnaðarráðuneytisins 7. febrúar 1977.
60 Trip Report, March 3 – 8, 1977, James T. Kuwada.
61 Minnisblað, 16. maí 1977, Karl Ragnars, Valgarður Stefánsson og Guðmundur Einarsson.
62–63 Bréf iðnaðarráðuneytisins til OS 6. maí og 23. júní 1977.
64 Bréf OS til iðnaðarráðuneytisins 18. júlí 1977.
65 Bréf iðnaðarráðuneytisins til OS 20. júlí 1977.
Bréf iðnaðarráðuneytisins til Kröflunefndar 21. júlí 1977.
Bréf OS til iðnaðarráðuneytisins 2. ágúst 1977.
Orðsending til Karls Ragnars frá orkumálastjóra 2. ágúst 1977.
Bréf iðnaðarráðuneytisins til OS, 21. júní 1974.
66 Trip Report, August 4 – 9, 1977, James T. Kuwada.
67 Bréf til Kröflunefndar, ETE, frá R. S. Bolton 14. sept. 1977.
68 Bréf OS til iðnaðarráðuneytisins 12. des. 1977.
69. Bréf OS til iðnaðarráðuneytisins 15. maí 1975.
70. Bréf iðnaðarráðuneytisins til OS 12. júní 1975.
71. Samningur um hönnun Kröfluveitu. OS og ráðgjafarverkfræðingar, Virkir h.f. og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen s.f., 24. júní 1975.
72. Bréf ráðgjafarverkfræðinga til OS 21. nóv 1975. Kröfluveita, skýrsla um forhönnun aðveitu Kröfluvirkjunar, VST og Virkir h.f. nóv. 1975. (Sjá I, 23).
73. Bréf ráðgjafarverkfræðinga til OS 20. okt. 1975. Kröfluveita, skýrsla um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun, VST og Virkir h.f. okt. 1975. (Sjá I, 22).
74. Bréf ráðgjafarverkfræðinga til OS 27. nóv. 1975. Greinargerð til OS um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun. VST og Virkir h.f.
75–106 Umsagnir ráðgjafarverkfræðinga OS vegna efniskaupa til Kröfluveitu.
107 Umsögn ráðgjafa OS vegna tilboða í skiljusmíði, 22. mars 1976.
108 Umsögn ráðgjafa OS vegna tilboða í raflagnir, 31. ágúst 1976.
109 Umsögn ráðgjafa OS vegna tilboða í smíði lokahúss, 19. okt. 1976.

110 Umsögn ráðgjafa OS vegna tilboða í uppsetningu á pípum og skiljum.
111 Umsögn ráðgjafa OS vegna lagningar safnæðar að holu 9, 4. okt. 1977.
112og113 Greinargerðir um prófanir á gufuveitu Kröfluvirkjunar. 6.– 19. des. 1977.

IV. KAFLI

ÁHRIF ELDSUMBROTA OG ANNARRA NÁTTÚRUHAMFARA Á FRAMKVÆMDIR VIÐ KRÖFLU.

4.1 Umbrot á Kröflusvæði.

Haustið 1973 og vorið 1974 voru settir upp 3 smáskjálftamælar á Norðausturlandi. Mælarnir eru á Skinnastað í Axarfirði, á Grímsstöðum á Hólsfjöllum og á Húsavík. Í júlí 1975 var bætt við mæli í Reynihlíð, vegna þess að menn höfðu grun um að óvenjulegur órói væri á Kröflusvæðinu. Þegar leið á árið 1975 kom í ljós, að skjálftavirkni var í reynd óvenjumikil á þessu svæði, og var þá bætt við tveimur smáskjálftamælum í viðbót, öðrum við vinnubúðirnar í Kröflu og hinum í Gæsadal. Þessir mælar voru settir í gang í október og nóvember 1975.

Sá órói eða skjálftavirkni, sem hér um ræðir, eru tíðir litlir jarðskjálftar að stærð 0-2 stig á kvarða Richters og finnast því nær eingöngu á mælitækjum. Urðu því menn á vinnusvæðum við Kröflu þeirra lítt varir. Þó fundust allsnarpir kippir í vinnubúðunum við Kröflu þann 27. október 1975, en þar fyrir utan komu engir kippir, sem höfðu truflandi áhrif á mannlífið. (Fskj. 1).

Óróinn á Kröflusvæðinu náði hámarki 20. desember 1975, en þá um morguninn braust út eldgos við Leirhnjúk. Hraungosið var lítið og stóð skamma stund, en breyttist síðan í gufu- og leirgos, sem hélst fram til áramóta.

Samfara þessu gosi hófst mikil skjálftahrina. Byrjaði hún í Krófluöskjunni, en færðist síðan eftir sprungusveimnum til norðurs. Stærstu skjálftarnir urðu í Keldu-hverfi og Axarfirði. Stórir skjálftar urðu á þessum slóðum bæði 25. og 26. des. Hrinan náði hámarki sínu með Kópaskersjarðskjálftanum 13. janúar 1977, sem mældist 6.3 stig á Richterskvarða. Olli skjálftinn miklu tjóni á Kópaskeri og víðar.

Á Kröflusvæðinu náði þessi skjálftahrina hámarki um miðjan janúar 1976, en minnkaði síðan jafnt og þétt í febrúar og mars. Var fjöldi skjálfta á tímabilinu mars-júní um 20 skjálftar á dag á mæli í Reynihlíð. Í júlí byrjaði skjálftavirknin að aukast og hélst svo fram í september. Jafnframt var ört landris á svæðinu, er nam um 7 mm/dag, þar sem það var mest nálægt Leirhnjúki. Um mánaðamótin sept.—okt. varð svo skyndilegt landsig á Kröflusvæði, og minnkaði þá skjálftavirknin. Hófst nú tímabil endurtekinna landrisa og skyndilegra landsiga, og fylgdu þessum atburðum breytingar í skjálftavirkni á nokkuð reglubundinn hátt. Þessi skyndilegu landsig hafa nú orðið átta sinnum. Þrisvar sinnum hefur kvika borist upp á yfirborðið, en það var auk gossins 20. des. 1975, 27. apríl 1977 og 8. sept. 1977.

Eldgosið 20. desember kom að sjálfsögðu miklu umróti á hugi manna. Kröflunefnd kom saman til fundar þann 21. desember til þess að ræða ástandið, en formaður nefndarinnar, Jón G. Sólnes, og Ragnar Arnalds höfðu flogið yfir eldstöðvarnar í Leirhnjúk deginum áður. Kom fram, að eldgosið væri í rénun og mannvirkjunum við Kröflu væri ekki bein hætta búin í bili. Nefndarmenn höfðu áhyggjur af framvindu mála, þar sem gengist hefur verið undir miklar skuldbindingar í sambandi við efniskaup til virkjunarinnar og byggingarframkvæmdarinnar við Kröflu eru á því stigi, að stöðvarhúsið hefur ekki náð endanlegum styrkleika. M. a. hefur enn ekki tekist að steypa ásteypulag ofan á þakplöturnar, sem tryggir burðarþol þaksins. Má varlega

áætla, að verðmæti fjárskuldbindinga vegna Kröfluvirkjunar hafi þannig numið u. þ. b. 2 milljörðum króna um áramótin 1975/76.

Rafmagnsveitur ríkisins, þ. e. rafmagnsveitustjóri, létu í ljós áhyggjur sínar vegna þess, að verið var að ganga frá pöntunum á efni til Kröflulínu (Akureyri — Krafla), og var um það rætt, hvort þeim skyldi frestað. Segja má, að þessi vandi hafi ekki verið svo mikill, vegna þess, að Kröflulína sem slík er hluti 132 kV hringlínunnar umhverfis landið og því meira eða minna óháð því, hvort Kröfluvirkjun er byggð eða ekki. Efni í línuna gat einnig notast til hvaða hluta hringlínunnar sem vera skyldi.

Hvað varðar Orkustofnun voru framkvæmdir á vegum hennar við Kröflu um þessar mundir í algeru lágmarki og búið að flytja borinn Dofra af svæðinu. Framkvæmdaáætlun Orkustofnunar fyrir árið 1976 lá ekki fyrir, svo af ofanrituðu má ráða, að eldgosið kom á þeim tíma, sem það hafði minnst truflandi áhrif á alla ákvarðanatöku vegna framkvæmdanna.

Um jólin 1975 var því ekki annað að gera en bíða eftir frekari framvindu mála og taka framkvæmdaáætlanir til endurskoðunar áður en framkvæmdir ársins 1976 hæfust upp úr miðjum janúar.

Þann 19. janúar 1976 rituðu 4 jarðvísindamenn við Raunvísindastofnun háskólans iðnaðarráðherra bréf, þar sem þeir gera grein fyrir hættuástandi því, sem skapast hefur á Kröflusvæðinu vegna þeirra umbrota, sem þar eiga sér stað. (Fskj. 2). Í niðurlagi bréfsins segir m. a. svo:

„Jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. desember 1975 samtímis smágosi við Leirhnjúk, stendur enn og er mjög sambærileg jarðskjálftahrinunum, sem fóru á undan gosinu í Sveinagjá 1875 og fylgdu Mývatnseldum 1724—1729. Í Mývatnseldum liðu rúm tvö ár frá fyrstu byrjun gossins í Leirhnjúk þar til mikið hraunrennsli hófst.

Langvarandi jarðskjálftahrinur eða snarpir jarðskjálftakippir hafa ekki orðið á Mývatnssvæðinu, svo vitað sé, nema sem undanfari eldgosa og samtímis þeim. Hins vegar er vitað um mikla jarðskjálfta í Axarfirði og Kelduhverfi á liðnum áratugum og öldum, þótt ekki hafi gosið þar á sögulegum tíma.

Í ljósi þessara staðreynda verður að telja verulegar líkur á því, að gos taki sig upp aftur á Mývatnssvæðinu. Líklegast er að slíkt framhald eldsumbrota yrði á gossprungunni, sem liggur um Leirhnjúk suður í Bjarnarflag.

Við teljum því óráðlegt að halda áfram framkvæmdum við Kröfluvirkjun öðrum en þeim, sem stuðla að verndun þeirra mannvirkja, sem þegar hefur verið fjárfest í, meðan jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. desember 1975, stendur yfir.“*)

Iðnaðarráðuneytið lagði fyrir, að í einu og öllu skyldi farið eftir þessum ábendingum.

Jarðvísindamenn eru nokkurn veginn sammála um eftirfarandi skýringu á þessum atburðum:

Kvika leitar neðan úr möttli jarðar og safnast saman í hólfi á 3 — 7 km dýpi undir Kröfluöskjunni. Við það eykst þrýstingur í skorpunni og landið lyftist. Skyndilegt sig á sér stað þegar kvikan berst út í sprungubeltið, sem nær að sunnan frá Sellandafjalli um Námafjall og Leirhnjúk norður í Axarfjörð. Frumorsök þessara jarðhræringa er landrekið, en við það myndast sprungurnar, sem kvikan leitar eftir.

Rétt er að geta þess, að þó eiginleg eldgos hafi einungis orðið þrisvar sinnum eru allir atburðirnir mjög svipaðir.

*) Undirstrikun ráðuneytisins.

4.2 Áhrif umbrota á framkvæmdir Kröflunefndar.

Strax eftir áramótin 1975/76 var ákveðið að fresta því, að vinna hæfist á ný við Kröflu af hálfu Kröflunefndar. Upp úr miðjum janúar hófst vinna við byggingu stöðvarhússins á ný.

Þann 22. janúar 1976 kom Kröflunefnd saman til fundar á Akureyri til þess að ræða framkvæmdirnar. Formaður nefndarinnar skýrði frá því, að iðnaðarráðherra hefði verið gerð grein fyrir því, að framkvæmdir væru hafnar á ný við byggingu stöðvarhúss virkjunarinnar. Þessar framkvæmdir væru í eðli sínu þannig, að þær hefðu einungis styrkingu stöðvarhússins í för með sér, en húsið, eins og áður er komið fram, væri aðeins hálfbyggt og skorti mikið á, að það hefði náð fullu burðarþoli sínu. Hins vegar væru 4—5 mánuðir þar til vélbúnaður virkjunarinnar tæki að berast til landsins og gæfist þannig umhugsunartími áður en niðursetning véla þyrfti að hefjast.

Á fundinum var lögð fram tillaga að greinargerð Kröflunefndar til iðnaðarráðuneytisins með tilliti til áframhalds virkjunarframkvæmdanna. Greinargerðin var samþykkt samhljóða og undirrituð af öllum nefndarmönnum. (Fskj. 3). Var hún send iðnaðarráðuneytinu 26. janúar.

Í greinargerðinni segir svo í lokaályktun:

„Ganga verður út frá eftirfarandi grundvallarforsendum:

1. Sú höfuðforsenda, er réð því, að hafist var handa um Kröfluvirkjun, gildir enn í dag, þ. e. a. s. rafmagnssvelti Norðurlands.
2. Eðli háhitasvæða landsins og hætta á jarðumbrotum þar voru kunn þegar í upphafi framkvæmdanna. Hönnun virkjunarinnar og staðarvali var hagað samkvæmt því.
3. Framanskráðir atburðir hafa sannað hæfni stöðvarhússins til þess að standast jarðskjálfta, og er þak hússins þó ófrágengið. Engin ástæða er til þess að efast um, að það standist einnig áætlað öskufall.
4. Líkindi á eldsumbrotum eru að mati vísindamanna talsverð, þótt flestum komi saman um, að helst sé þeirra að vænta úr sprungusveimnum, er liggur frá Bjarnarflagi og norður um Leirhnjúk.
5. Margir jarðvísindamenn telja, að Kísiliðjan og Bjarnarflagsfyrirtækin séu í bráðari hættu vegna eldsumbrota en Kröfluvirkjun, sbr. grein Sveinbjörns Björnssonar jarðeðlisfræðings í Þjóðviljanum sunnudaginn 18. janúar 1976.
6. Guðmundur Sigvaldason jarðfræðingur telur hættu vegna jarðskjálfta meiri en hættu af völdum jarðelda á Kröflusvæðinu. Skoðun hans er mikilvæg, þar eð hann er eldfjallafræðingur með reynslu í hagnýtingu svipaðra jarðhitasvæða í Suður-Ameríku á vegum Sameinuðu þjóðanna.
7. Að dómi flestra, er til þekkja, eru íbúðaskálar Kröfluvirkjunar mjög hæfir til að standast áhrif jarðskjálfta án þess að valda skaða á fólki.

Með hliðsjón af framanskráðu teljum við óhjákvæmilegt að halda áfram framkvæmdum til að tryggja öryggi þeirra mannvirkja á svæðinu, sem þegar hefur verið fjárfest í svo skiptir hundruðum milljóna.

Teljum við eðlilegt, að framkvæmdunum verði skipt í tvo meginþætti:

a) Styrking stöðvarhússins með ásteypu þaks, byggingu gólfa og undirstöðu véla, klæðningu þaks og veggja, svo sem gert er ráð fyrir í byggingaráætlun. Til þess að auðvelda þetta verk þarf að setja upp stöðvarhúskranann.

b) Ef aðstæður leyfa yrðu vélar settar niður að vori. Mætti breyta því í hvaða röð slíkt yrði framkvæmt með hliðsjón af ástandinu hverju sinni. Talsverðar varúðarráðstafanir yrði að gera til tryggingar öryggi starfsfólks og vélbúnaðar gegn jarðskjálftavirkni.

Hið allra fyrst þyrfti að setja upp sérstaka hallamæla og koma upp aðstöðu til stöðugrar efnagreiningar jarðgufu á Kröflusvæðinu. Að áliti jarðvísindamanna mundi slíkt fyrirkomulag reynast þýðingarmikið viðvörunarkerfi, er sýndi skjótt allar breytingar, sem yrðu á jarðumbrotunum.

Náið samstarf er nauðsynlegt milli framkvæmdaaðila Kröfluvirkjunar, þ. e. a. s. Orkustofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Kröflunefndar, um varúðarráðstafanir og starfstilhögun í ljósi þessara erfiðu aðstæðna.

Akureyri, 22. janúar 1976."

Kröflunefnd lét gera athugun á þeirri áhættu, sem stafaði af jarðhræringum á svæðinu, og hvaða áhrif slíkar jarðhræringar gætu haft á byggingu stöðvarhússins og niðursetningu vélbúnaðar. Í greinargerð um jarðskjálftaáhættuna, dagsettri 26. mars 1976 (fskj. 4), kemur fram, að jarðskjálftaáhættan er talin minni en menn höfðu ætlað. Einkum virðist ekki vera teljandi vandamál því samfara að halda áfram byggingarvinnu, þ. e. steypuvinnu, þótt jarðskjálftavirkni haldi áfram.

Í stórum dráttum urðu engar stórvægilegar breytingar á framkvæmdaáætlunum Kröflunefndar vegna eldgossins. Eins og áður er komið fram, var það lán í óláni, að eldgosið kom á þeim tíma, sem það hafði minnst truflandi áhrif á framkvæmdirnar. Þegar fór að líða fram á vorið 1976 var ekki annað að sjá en skjálftavirknin færi minnkandi og mjög dræmi úr eldgosahættunni. Hófst því niðursetning aðalaflvéla í júní 1976, eins og ráð var fyrir gert, með eðlilegum hætti.

Umbrotin hafa haft geysivíðtækar afleiðingar og truflandi áhrif á framkvæmdirnar við Kröflu. Lögð hefur verið sérstök áhersla á það að tryggja öryggi manna og verðmæti á svæðinu sem best. Fullkomnu viðvörunarkerfi hefur verið komið fyrir í virkjuninni og í vinnubúðunum og fjarskiptabúnaður fenginn til þess að öruggt samband væri ætíð við byggð. Á meðan vinna stendur yfir við Kröflu hefur verið 24 tíma vakt á síma virkjunarinnar.

4.3 Áhrif umbrota á framkvæmdir Orkustofnunar.

Orkustofnun sendi frá sér greinargerð í janúar 1976 um „framkvæmdir við Kröfluvirkjun í ljósi jarðskjálfta, sprunguhreyfinga og eldgoshættu". (Fskj. I, 25). Í greinargerðinni segir m. a.:

Þar sem fyrri tíma eldgos á Námafjalls- og Kröflusvæðinu hafa nokkrum sinnum a. m. k. fylgst að, er hætta á, að gos geti brotist út á Námafjallssvæðinu og þá líklegast á sömu slóðum og gaus í Mývatnseldum. Það mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Kísiliðjuna og mannvirkin í Bjarnarflagi, en byggðinni í Reykjahlíð og Vogum væri minni hætta búin, nema mikið hraunmagn kæmi upp.

Lauslega má áætla, að á s.l. 10000 árum hafi komið upp 2—2.5 km^3 af hrauni á Kröflusvæðinu. Meira en helmingur þess magns hefur komið í 3 stórum gosum, fyrir á að giska 9000 og 2000 árum og síðast Mývatnseldum. Vegna þess, hve stutt er liðið frá Mývatnseldum, og vegna þess, hve hraunmagn þá var mikið, verður að telja frekar ólíklegt að jafnstórt hraun komi upp þar nú.

Erfitt er að meta áhrif jarðskjálfta á borholur. Hugsanlegt er, að breytingar á holum 2, 3 og 4 við Kröflu megi rekja til jarðskjálfta, en líklegra er þó talið að gosið í Leirhnjúk hafi ráðið þar mestu um. Allar holur við Kröflu og Námafjall eru austan við þann hluta brotabeltisins, sem nú er virkur, en eins og áður er getið er ekki útilokað, að sprunguhreyfingar færist austur á virkjunarsvæðið og skapi þar hættuástand.

Ólíklegt er, að lögn gufuleiðsla frá borholum að stöðvarhúsi þurfi að tefjast þótt einhver skjálftavirkni verði á svæðinu. Álíta verður, að leiðslunum sjálfum sé lítil hætta búin í jarðskjálftunum vegna þess sveigjanleika, sem er í slíku mannvirki.

Kröflunefnd hefur fengið sérfræðilegt álit um áhrif skjálfta á stöðvarhúsið. Kemur þar fram, að húsinu er lítil hætta búin í skjálftum, sem ná allt að styrkleika 7 á Richterkvarða, þegar húsið hefur verið styrkt að fullu. Má telja mjög ólíklegt, að svo sterkir skjálftar verði á þessum stað í gosbeltinu og ætti því hætta fyrir starfsfólk þar að vera hverfandi, þegar styrkingu hússins er lokið. Einnig er nauðsynlegt að Kröflunefnd láti meta áhrif skjálfta og smávægilegra hallabreytinga á nákvæmisvinnu eins og t. d. niðursetningu véla í stöðvarhúsi.

Ástand og horfur með gufuvinnslu í ljósi nýlegra umbrota á Kröflusvæði.

Forsendur fyrir öflun jarðgufu til Kröfluvirkjunar eru nokkuð breyttar nú, frá því sem var, þegar skýrsla Orkustofnunar: „Krafla — niðurstaða vinnsluborana 1975, horfur um gufuöflun", kom út í desember s. l.

Þegar eldgosið varð 20. des. s.l. kom fljótt í ljós minnkun á rennsli úr holu 3 og einnig féll þrýstingur í holu 2, en hún hafði staðið lokuð undir þrýstingi. Þessi rennslisminnkun í holu 3, sem um áramótin var orðin um 40%, var talin stafa af leir- og gufugosinu, sem varð í Leirhnjúk í lok hraungossins. Rennsli úr holu 3 er enn um 40% minna en upphaflegt rennsli, sem hafði verið óbreytt í 3 mánuði áður en gos hófst. Gufugosinu í Leirhnjúk er hins vegar nú að mestu lokið.

Hola 4 braut af sér holuloka í byrjun janúar og blés eftir það óbeisluð. Magnið úr holunni var mun meira en áður hefur komið úr borholu hér á landi. Þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir, hve mikið magnið var, má giska á, að það hafi verið 200 kg/sek, en það svarar til u. þ. b. 15 MW raforkuframleiðslu. Þetta er í rauninni fyrsta vísbending um það, hve holur á þessu jarðhitasvæði geta verið aflmiklar, og er það mjög þýðingarmikil vitneskja. Hins vegar varð fljótlega ljóst, eftir að holan braut af sér holulokana, að hún yrði ekki notuð sem vinnsluhola.

Í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af borun á jarðhitasvæðinu við Kröflu, og viðbragða holanna við þeim umbrotum, sem verið hafa á svæðinu, er nú ljóst, að tæknilegir erfiðleikar við að bora þarna eru meiri en ætlað var. Þess vegna er nú gert ráð fyrir, að fyrstu holurnar, sem boraðar verða á þessu ári, verði grynnri en áður var ætlað. Hins vegar verður haldið opnum þeim möguleika að dýpka þær síðar, ef nauðsyn krefur. Með þessu móti verður fengin betri mynd af vinnslueiginleikum svæðisins, áður en dýpri boranir eru framkvæmdar, ef þær reynast nauðsynlegar. Þessi ráðstöfun leiðir af sér, að boranir geta tekið eitthvað lengri tíma en ella, en gerir væntanlega gufuöflunina tryggari.

Hvernig á að standa að áframhaldandi framkvæmdum við Kröfluvirkjun?

Það er ljóst af því, sem að framan er sagt, að hætta á eldgosi á Kröflu- og Námafjallssvæðunum verður að teljast meiri um þessar mundir en hún var talin fyrir

nokkrum mánuðum. Ástæðan fyrir þessu á Kröflusvæðinu er fyrst og fremst skjálftavirknin síðustu vikur, hraungosið 20. des. s.l. og sú staðreynd, að hér er um megineldstöð að ræða. Erfitt er hins vegar að meta hversu líklegt megi telja, að eldgos brjótist út á næstunni, og ef það skeður, hvar það komi og hverju tjóni það muni valda. Leirhnjúkssprungan verður þó að teljast einna líklegastur gosstaður. Fylgst er vandlega með skjálftavirkni á Kröflu- og Námafjallssvæðunum, en af jarðskjálftunum er helst að vænta vísbendingar um gos í aðsigi. Þó verður að varast að draga mjög ákveðnar ályktanir af jarðskjálftunum einum, því að jarðskjálftar hér á landi eru algengir án þess að þeim fylgi gos.

Framkvæmdum við Kröfluvirkjun má skipta í tvo aðalþætti, ef frá er skilin lögn raflínu. Þeir eru annars vegar gufuöflun (boranir) og bygging gufuveitu, hins vegar stöðvarhús og vélar. Er rétt að ræða þessa þætti hvorn fyrir sig.

Gufuöflunin er forsenda þess, að vélar geti byrjað að framleiða raforku. Frá upphafi hefur framkvæmdum við Kröflu verið hagað þannig, að þessir tveir aðalverkþættir, gufuöflunin og bygging stöðvarhúss með vélum, færu fram samtímis. Með þessu er tekin talsverð áhætta, því að gufuöflunin er óviss þar til boranir hafa farið fram. Á þetta hefur Orkustofnun oft bent, nú síðast í skýrslu um niðurstöður vinnsluborana 1975, sem kom út í desember s.l., nokkru áður en gosið varð. Nú sem stendur verður að telja gufuöflunina í enn meiri óvissu.

Sjálfsagt virðist að reyna, eftir því sem aðstæður leyfa, að halda fyrri áætlunum um boranir. Það verður þó að gera með fullri aðgát. Kanna þarf hvaða frekari varúðarráðstöfunum verði við komið til að tryggja áhöfn og tækjabúnað borsins gegn hugsanlegum jarðskjálftum. Þetta mál er nú í athugun hjá Orkustofnun og verður nánari greinargerð um það samin síðar. Ekki var fyrirhugað að boranir hæfust á ný fyrr en í mars, þannig að hér er enn nokkur tími til stefnu.

Framkvæmdir við stöðvarhúsið og vélar eru á vegum Kröflunefndar. Telja má sjálfsagðan hlut að halda áfram með stöðvarhúsið að því marki að gera það eins hæft og verða má til að þola þá jarðskjálfta, sem kunna að koma. Meira álitamál er, hversu hratt sé skynsamlegt að vinna að smíði á vélaundirstöðum og þar á eftir niðursetningu véla. Koma þar mörg atriði til álita. Fyrst ber að sjálfsögðu að nefna, hvort unnt sé að tryggja öryggi þeirra, er að framkvæmdum vinna. Þar næst þarf að hyggja að því, hvort hætta geti verið á að jarðskjálftar geti eyðilagt mannvirki eins og vélaundirstöður meðan þær eru í smíðum og hafa ekki náð endanlegum styrkleika (sem vafalaust er nægur til að standast jarðskjálfta). Ef slík hætta er umtalsverð gætu orðið meiri tafir við að fjarlægja skemmda mannvirkjahluta en af því að bíða eftir að úr skjálftunum dragi, og kostnaður að sjálfsögðu verulega meiri. Sams konar mat þarf að fara fram varðandi vélasamstæðurnar sjálfar meðan á niðursetningu stendur og eftir að þær eru frágengnar svo og varðandi kæliturna, útivirki og annan stöðvarbúnað. Mat á þessu liggur á verksviði Kröflunefndar. Áður er að því vikið, að Orkustofnun telur gufuleiðslunum litla hættu búna af jarðskjálftum.

Við ákvörðun á því, hvort rétt sé að breyta upprunalegri framkvæmdaáætlun við byggingu stöðvarhúss vegna náttúruumbrotanna eða ekki, þarf einnig að taka sfstöðu til þess, hvaða áhrif aukin óvissa um gufuöflun skuli hafa á þá ákvörðun, ef nokkur. Líkurnar á því, að stöðin kunni að standa gufulaus eða gufulítil, ef upprunalegri áætlun er haldið, verða nú að teljast meiri en áður, svo sem fyrr segir. Jafnframt er ljóst af framansögðu, að mannvirki öll eru lögð í vissa hættu meðan jarðskjálftar standa yfir og goshætta þeim samfara. Það er ekki alveg hið sama að leggja stöðvarmannvirki í hættu til að geta sem fyrst farið að framleiða raforku og svo hitt að leggja þau í þessa hættu meðan beðið er eftir gufu. Á móti kemur, að verði stöðvarhúsfram-

kvæmdum seinkað getur svo farið að gufan verði tiltæk áður en þeim lýkur. Þetta tvennt verður að meta og vega áður en ákvörðun er endanlega tekin um tilhögun stöðvarhúsframkvæmda við þær aðstæður, sem nú ríkja á Kröflusvæðinu. Er nauðsynlegt að framkvæmdaáætlun sé sveigjanleg svo hægt verði að mæta sérhverjum óvæntum aðstæðum á skynsamlegan hátt.

Að lokum skal þess getið, að á vegum Orkustofnunar fara fram allumfangsmiklar rannsóknir til að fylgjast sem best með goshættu á Kröflu- og Námafjallssvæðunum. Fylgst verður með sprunguhreyfingum og breytingum á jarðhitasvæðunum. Þá hafa verið gerðar ráðstafanir til að fá vikulegar skýrslur um jarðskjálfta, í stað mánaðarlegra áður. Ætti þetta að auðvelda raunhæft mat á goshættu á hverjum tíma.

Í framhaldi af þessu hóf Orkustofnun rannsóknarstarfsemi og eftirlit með Kröflumegineldstöðinni. (Sjá fskj. I, 39). Verk þetta var unnið í náinni samvinnu við Raunvísindastofnun háskólans, Norrænu eldfjallastöðina og Veðurstofu Íslands.

Þau umbrot, sem verið hafa í gangi á Kröflusvæðinu síðan í desember 1975, hafa einkum haft þau áhrif á aðgerðir Orkustofnunar að skerpa öryggiskröfur við boranir og aðrar framkvæmdir á svæðinu. **Varðandi boranir við Kröflu til gufuöflunar hefur Orkustofnun jafnan verið þeirrar skoðunar, að halda beri áfram borunum, þótt hægt yrði á öðrum framkvæmdum.***) Þetta kemur m. a. fram í tillögum stofnunarinnar fyrir einstök ár, eins og nánar er rakið í kafla 3.22. Gufuöflun er forsenda allrar virkjunarinnar. Þó viss hætta væri á, að holur skemmdust vegna umbrotanna, var gufuöflunin talin það mikilvægur þáttur virkjunarframkvæmdanna, að rétt væri að taka þessa áhættu. Eftir að fyrstu umbrotahrinunni lauk í febr.-mars 1976 er ekki vitað til, að borholur á Kröflusvæðinu hafi skemmst vegna umbrota.

4.4 Áhrif umbrota á vinnslueiginleika jarðhitasvæðisins í Kröflu.

Hugtakið vinnslueiginleikar jarðhitasvæðis er notað til þess að lýsa þeim eiginleikum, sem taldir eru skipta máli við nýtingu jarðhitasvæðis. Gufuöflun og möguleikar á virkjun eru beint háðir þessum eiginleikum. Nauðsynlegt er að þekkja þessa eiginleika til þess að hægt sé að taka skynsamlega ákvörðun um nýtingu

Vinnslueiginleikar jarðhitasvæðis fela í sér marga þætti og samspil þeirra innbyrðis. Þau atriði, sem einkum eru höfð til viðmiðunar, þegar reynt er að ákvarða vinnslueiginleika, eru t. d.:

— Hitastig í jarðhitakerfi.
— Þrýstingur í jarðhitakerfi.
— Varmainnihald jarðhitavökva.
— Efni uppleyst í jarðhitavökva.
— Gas samfara jarðhitavökva.
— Streymisgerð í jarðhitageymi.
— Streymisviðnám í jarðhitakerfi.

Þá skiptir það einnig miklu fyrir vinnslueiginleika svæðisins, hvernig samspil ofangreindra þátta er. Má þar til nefna hvernig uppleyst efni bregðast við breyttum þrýstingi eða hita — hvort t. d. myndast útfellingar í bergi eða holum. Einnig má nefna það atriði, hvort breyttur þrýstingur skapi suðu í berginu eða streymiseiginleikar breytist á annan hátt.

*) Undirstrikun ráðuneytisins.

Á síðastliðnu ári hefur komið í ljós, að jarðhitasvæðið við Kröflu er allflókið að uppbyggingu. Í Holubréfi nr. 7 hefur stuttlega verið lýst helstu einkennum svæðisins.

4.41 Efnafræðilegar breytingar.

Áhrifamestu afleiðingar umbrota og kvikurennslis á Kröflusvæðinu eru breytingar á efnasamsetningu jarðhitavökvans, sem kemur úr borholunum. Þessar breytingar eru svo skyndilegar í tíma og svo stórkostlegar að magni, að þær eru ekki skýranlegar jarðefnafræðilega, nema sem áhrif kvikurennslis í jarðhitakerfunum eða innan áhrifasvæðis þeirra. Sjá skýrslu OS JHD 7640. (Fskj. I, 32).

Þær breytingar, sem fram hafa komið, eru breytingar á gasmagni úr borholum, breytingar á sýrustigi affallsvatns og breytingar á súlfati og kvikasilfri í borholuvökva. Allar þessar breytingar eru á einn eða annan hátt tengdar umbrotum og kvikuhlaupum.

4.42 Þrýstingsbreytingar.

Það sem af er árinu 1977 hefur kvika tvisvar brotist upp á yfirborð. Var það 27. apríl og 8. september. Í bæði skiptin varð þrýstingsaukning í efra jarðhitakerfinu við Kröflu.

Telja má fullvíst, að þrýstingsbreytingar hafi orðið í efra kerfinu í Kröflu við eldgosið í desember 1975. Aðeins óbeinar athuganir eru því til staðfestingar.

Þrýstingur á jarðhitasvæðinu í Námafjalli er nú mun hærri en fyrir umbrotin 1975.

4.43 Sprungumyndanir.

Samfara öllum umbrotum á Kröflusvæðinu hefur verið viss hreyfing á gömlum sprungum og nýjar sprungur myndast. Jarðhitalega séð eru sprungumyndanirnar til góðs, vegna þess að þá brotnar bergið og jarðhitavökvinn á greiðari leið um bergið. Glöggt má sjá þetta núna í Bjarnarflagi. Vegna sprungumyndana þar hefur gufustreymi til yfirborðs aukist svo stórlega, að til verulegra vandræða horfir.

Á Kröflusvæðinu hefur ekki orðið vart við áhrif sprungumyndunar á rennsliseiginleika jarðhitasvæðisins, en í Námafjalli hefur sprungumyndun og umbrot bæði aukið rennsli úr borholu, en einnig dregið úr rennsli.

4.44 Áhrif umbrota á borholur.

Umbrotin á Kröflusvæðinu hafa skemmt fóðurrör í nokkrum holum. Hafa fóðurrör bæði bognað (KG-5), en einnig farið sundur (KG-3). Í Námafjalli hafa umbrotin haft þau áhrif, að rennsli hefur hætt úr sumum holum (hola 6 og 7), en einnig hefur þar komið fram rennslisaukning samfara umbrotum. Áhrif umbrota geta þannig bæði haft örvandi áhrif á rennsli, en einnig valdið miklum skaða.

4.45 Óbein áhrif umbrota.

Vitneskja um suðu í bergi í neðra kerfi í Kröflu fékkst með vissu seinni hluta árs 1976. Sú spurning hefur því oft komið til umræðu, hvort umbrotin á svæðinu hafa

hleypt jarðhitakerfinu í suðu. Þar sem mælingum á árinu 1974 og 1975 var ekki beinlínis beint að því að athuga gufurennsli í jarðhitageymi, liggja ekki fyrir nógu marktæk gögn til að skera úr um þetta atriði. Hins vegar má með athugunum á mæligögnum frá þessum tíma álykta um líkur fyrir því, að þetta hafi gerst. Niðurstaða þeirra athugana er sú, að mjög sennilegt er, að tveggja fasa streymi hafi einnig verið í berginu á árunum 1974 og 1975, með öðrum orðum að umbrotin hafi ekki hleypt jarðhitakerfinu í suðu. Hins vegar hefur suða að öllum líkindum aukist við gasauknginguna.

Marktækustu breytingarnar á vinnslueiginleikum Kröflusvæðis eru breytingar á efnasamsetningu jarðhitavökvans. Ber þar mest á auknu magni af CO_2. Þar sem CO_2 þéttist ekki í vélbúnaði virkjunarinnar er það mikill ókostur, að magn þessarar lofttegundar sé hátt. Hvort aukið magn af CO_2 hefur áhrif á útfellingar kalks í neðra kerfinu er ekki ljóst enn þá. Breytingar á efnainnihaldi jarðhitavökvans eru neikvæðar fyrir nýtingu til raforkuframleiðslu.

Að lokum skal bent á, að umbrotin á Kröflusvæðinu hafa haft áhrif í þá átt að tefja fyrir rannsóknum á vinnslueiginleikum svæðisins. Liggja til þess tvær ástæður. Önnur er sú, að þar sem miklar breytingar hafa verið fyrir hendi hefur þurft lengri tíma en ella að fá fram hve mikill hluti mældra stærða er af völdum umbrota og hve mikill hluti er ótruflaður eiginleiki jarðhitakerfisins. Hin ástæðan er sú, að jafnframt rannsóknum á jarðhitasvæðinu við Kröflu hafa breytingar í borholum verið notaðar til að fylgjast með eldvirkni á Kröflusvæðinu. Viss tími fer því óhjákvæmilega til þessarar starfsemi.

4.46 Samandregnar niðurstöður.

Umbrotin á Kröflusvæðinu hafa haft áhrif á vinnslueiginleika jarðhitasvæðisins við Kröflu. Sakir hins flókna samspils einstakra þátta er ekki einfalt mál að draga ályktun um heildaráhrif umbrotanna á vinnslueiginleika svæðisins. **Að svo miklu leyti sem hægt er að meta þessar breytingar á vinnslueiginleikum svæðisins eru breytingarnar til ills.** Önnur neikvæð áhrif umbrota á Kröflusvæði eru þau, **að borholurnar hafa skemmst vegna hreyfinga lands.**

Ef litið er á hvaða breytinga sé sennilegt að vænta í framtíðinni má nefna eftirfarandi:

— Meðan umbrot standa yfir á Kröflusvæði má alltaf vænta þess, að borholur skemmist á einn eða annan hátt.
— Þó magn CO_2 aukist enn meira á svæðinu, verða jarðefnafræðilegir vinnslueiginleikar varla verri en nú er. Aukið magn af CO_2 mun draga úr nýtni Kröfluvirkjunar.
— Ef breyting verður á sýrustigi eitthvað í líkindum við það, sem gerðist í holu KG-4 í febrúar-mars 1976, má búast við, að fóðurrör skemmist vegna tæringar.
— **Rennsli kviku neðanjarðar í eða mjög nálægt jarðhitakerfinu í Kröflu er að öllum líkindum hættulegra fyrir jarðhitakerfið og vinnslueiginleika þess en eldgos og rennsli kviku á yfirborði jarðar.**

Nánar er fjallað um áhrif umbrotanna í greinargerð dags. 1977-11-28. (Fskj. I, 55).

Fylgiskjöl:

1. Skjálftabréf nr. 4, Nóvember 1975.
2. Bréf 4 jarðvísindamanna R. H. til iðnaðarráðherra, 19. janúar 1975.
3. Greinargerð Kröflunefndar til iðnaðarráðuneytisins, 22. janúar 1976
4. „Jarðskjálftaáhætta á Kröflusvæði" 22. janúar 1976, Júlíus Sólnes.
   „Greinargerð um jarðskjálftaáhættu á Kröflusvæðinu", 26. mars 1976, Júlíus Sólnes.

V. KAFLI

BYGGINGARKOSTNAÐUR KRÖFLUVIRKJUNAR.

5.1 Inngangur.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir kostnaði vegna framkvæmda Kröflunefndar og Orkustofnunar við Kröfluvirkjun frá því að undirbúningur hófst 1974. Kostnaður vegna framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins er hins vegar ekki talinn með til framkvæmdakostnaðar virkjunarinnar í samræmi við það, sem kom fram í kafla 3.3. Kom þar fram, að kostnaður við byggingu háspennulínu frá Akureyri til Kröflu á vegum Rafmagnsveitna ríkisins nam 558 milljónum króna.

Í þeim töfluyfirlitum, sem fara hér á eftir, er því aðeins að finna sundurliðaðan byggingarkostnað beggja fyrrgreindra aðila fram til ársloka 1977. Reynt hefur verið að áætla kostnað vegna lúkningar framkvæmdanna, þannig að Kröfluvirkjun sé fullbúin og skili 60 MW afköstum. Er þannig talið, að Kröfluvirkjun fullgerð muni kosta um 11 milljarða króna miðað við verðlag í árslok 1977. Þessi upphæð svo og aðrar kostnaðartölur, sem hér verða sýndar, eru án vaxta- og fjármagnskostnaðar. Er það í samræmi við venjur um uppgjör byggingarkostnaðar stórvirkjana hér á landi. Til dæmis mun byggingarkostnaður Þjórsárvirkjananna talinn á þennan veg af hálfu Landsvirkjunar.

Hvað varðar vaxtagjöld og endurmat lána vegna gengishreyfinga má vísa til ríkisreikninga fyrir árin 1976 og 1977. Þar kemur fram, að vextir á byggingartíma og endurmat lána vegna framkvæmda Kröflunefndar, miðað við árslok 1977, nemur samtals um 2.5 milljörðum króna, þar af vextir um 700 milljónum króna. Vextir og endurmat lána vegna framkvæmda Orkustofnunar hefur hins vegar ekki verið gert upp.

Þess skal getið, að framkvæmdir beggja framkvæmdaaðila hafa að nokkru leyti verið fjármagnaðar með innlendum spariskírteinalánum, sem bera fullar vísitölubætur. Slíkt mun nær einsdæmi um byggingu stórvirkjana á Íslandi, sem hafa hingað til verið fjármagnaðar með hagstæðustu fáanlegum erlendum lánum hverju sinni.

Svo sem áður hefur verið vikið að, teljast framkvæmdir og kostnaður vegna Kröfluvirkjunar hefjast á árinu 1974. Það er álitamál, hve mikill hluti rannsóknarkostnaðar, þ. e. kostnaður vegna jarðeðlisfræðilegra frumrannsókna á Kröflu- og Námafjallssvæðinu, skuli tekinn með í eiginlegum virkjunarkostnaði Kröfluvirkjunar. Frumrannsóknir á árunum 1970—1973 voru að miklu leyti almenns eðlis og tengdust upplýsinga- og þekkingaröflun varðandi nýtingu háhitasvæða landsins í heild. Svipað má segja um fyrstu boranir, þ. e. rannsóknarboranirnar 1974, en kostnaður vegna þeirra nam 36.2 milljónum króna.

Boranir ársins 1975 tókust illa, að einhverju leyti, að því er virðist, vegna reynslu- og þekkingarskorts og ónógs tækjabúnaðar. Því hefur verið bent á af ýmsum aðilum, að kostnaður vegna borana 1975, sem nam 213,4 milljónum króna, sé í raun kostnaður vegna kaupa á reynslu og þekkingu, sem á eftir að koma til góða við virkjun allra háhitasvæða landsins, eins og raunar Kröfluvirkjun öll.

Í yfirlitum yfir heildarkostnað vegna virkjunar Kröflu eru þó báðar ofangreindar tölur reiknaðar með, en kostnaði vegna frumrannsóknanna 1970—'73 sleppt, svo sem áður kom fram.

Sennilega er ekki hægt að meta verðmæti þeirrar þekkingar, sem hefur fengist við virkjun Kröflu, til peninga, einkum ef tekið er tillit til þess, að langmestur hluti orkuforða Íslands liggur í háhitasvæðum landsins. Það er hins vegar víst, að við stöndum öðruvísi og betur að vígi en áður við frekari virkjun háhitasvæða Íslands. Erfiðleikar og tæknileg vandamál við virkjun háhitasvæða landsins til raforkuframleiðslu eru nú ljósari en áður og þar með lausn þeirra.

5.2 Yfirlit yfir byggingarkostnað Kröfluvirkjunar.

Heildarbyggingarkostnaður Kröfluvirkjunar og sundurliðun hans er sýnd í nokkrum yfirlitstöflum, sem fara hér á eftir.

Í töflu 1 er yfirlit yfir heildarkostnað framkvæmda Kröflunefndar og Orkustofnunar á árunum 1974—1977 á verðlagi hvers árs. Þá hefur verið áætlað hversu mikið það muni kosta að ljúka öllum framkvæmdum við virkjunina, þ. e. að hún sé fullbúin og skili fullum afköstum (60 MW). Verð þessara framkvæmda er áætlað miðað við verðlag í lok árs 1977.

Kostnaður vegna lúkningar framkvæmda Kröflunefndar hefði orðið mun minni en ella, ef framkvæmdum hefði verið haldið óslitið áfram þar til þeim var að fullu lokið. Verkþættirnir, sem eftir eru, þ. e. uppsetning og frágangur á vélasamstæðu nr. 2, eru hrein endurtekning á sams konar verkþáttum vegna fyrri vélasamstæðunnar. Allir verksamningar, en þeir náðu yfir verkið í heild sinni, gerðu ráð fyrir, að seinni verkþættirnir ynnust á miklu skemmri tíma en þeir fyrri vegna þessa. Var viðbótarkostnaður vegna seinni vélasamstæðunnar því hlutfallslega lítill. Þessi hagnaður kemur nú til með að tapast að mestu leyti, þar sem langur tími mun sennilega líða þar til niðursetning seinni vélasamstæðunnar hefst. Verður að semja um þessa verkþætti á nýjan leik, og er jafnvel við að búast, að nýir og óreyndir verktakar komi þá til. (Sbr. viðbótarkostnað í töflu 2).

Kostnaður vegna lúkningar framkvæmda Orkustofnunar, þ. e. gufuöflun fyrir virkjunina, er hins vegar mjög óljós vegna óvissu um þann fjölda borhola, sem þarf að bora til þess að tryggja aflstöðinni næga gufu (fyrir 60 MW framleiðslu). Í töflu nr. 1 hefur verið reiknað með því, að það þurfi að bora 11 nýjar vinnsluholur og hægt sé að hreinsa og endurvinna að minnsta kosti tvær gamlar borholur (sennilega holur 3 og 10). Þá er gert ráð fyrir, að byggð verði gufuskiljustöð fyrir seinni áfanga virkjunarinnar hliðstæð þeirri, sem þegar hefur verið reist í Leirbotnum, og gengið frá tengingum allra nýtilegra borhola. Engin ákvörðun hefur verið tekin um ofangreindar viðbótarframkvæmdir.

Í frumhönnunarskýrslu ráðgjafarverkfræðinga Kröflunefndar, frá apríl 1975 (fskj. II, 16), var gerð sundurliðuð kostnaðaráætlun yfir framkvæmdir Kröflunefndar miðað við bandaríkjadali. Kemur þar fram, að heildarkostnaður Kröflunefndarhlutans er talinn 25 510 þúsund bandaríkjadalir. Þessi kostnaðaráætlun hefur

Tafla 1: Heildarbyggingarkostnaður í milljónum króna, án fjármagnskostnaðar.

	1974	1975	1976	1977	Samtals til ársloka 1977	Áætlaður viðbótarkostn. (verðlag 1977)	Áætlaður heildarkostn. (verðlag 1977)
Kröflunefnd	1,6	603,2	3 414,0	1 362,5	5 381,3	780,0	6 161,3
Orkustofnun	36,2	227,3	1 138,0	869,9	2 271,4	2 791,0	5 062,4
Samtals:	37,8	830,5	4 552,0	2 232,4	7 652,7	3 571,0	11 223,7

Tafla 2: Samanburður byggingarkostnaðar og kostnaðaráætlunar vegna framkvæmda Kröflunefndar í þúsundum bandaríkjadala.

	1974	1975	1976	1977	Samtals til ársloka 1977	Áætlaður viðbótar-kostnaður	Áætlaður heildar-kostnaður
Upphafl. kostn.áætlun		4 693	20 817		25 510		25 510
Endurskoðuð kostn.áætlun		6 705	19 505	1 290	27 500*)		28 450**)
Raunverul. byggingarkostn. (tafla 1)	16	3 916	17 245	6 837	28 014	3 120	31 134

*) 2. ágúst 1975.
**) nóvember 1976.

að sjálfsögðu verið endurskoðuð reglulega, og hefur hún hækkað um það bil um 12%. Stafar það fyrst og fremst af viðbótum, þ. e. auknum tækjabúnaði, sem ekki var tekinn með í upphaflegri áætlun, svo og framkvæmdatöfum þeim, sem lýst var í III. kafla. Þar fyrir utan kemur svo kostnaðaraukinn, sem stafar af seinkun á lúkningu framkvæmdanna um ófyrirséðan tíma eins og áður var getið.

Í töfluyfirliti 2 er gerður samanburður á raunverulegum byggingarkostnaði í bandaríkjadölum og upphaflegri og endurskoðaðri kostnaðaráætlun. Byggingarkostnaður hvers árs (tafla 1) er umreiknaður á meðalgengi bandaríkjadals fyrir það ár. Viðbótarkostnaðurinn hins vegar er umreiknaður á gengi bandaríkjadals í árslok 1977. Ekki er hægt að gera slíkan kostnaðarsamanburð á framkvæmdum Orkustofnunar, enda eru kostnaðaráætlanir hennar allar gerðar í íslenskum krónum.

Í töflum 3A og B er byggingarkostnaður beggja framkvæmdaaðila sundurliðaður eftir tegundum útgjalda. Er þar stuðst við þá tegundaskiptingu, sem er notuð í ríkisreikningunum.

Hvað varðar Kröflunefnd (tafla 3A) er fyrst að telja greidd laun til starfsmanna nefndarinnar, þ.e. framkvæmdastjóra, verkfræðinga, skrifstofufólks og vélgæslumanna, einnig lausráðinna starfsmanna við Kröflu. Þóknun til nefndarmanna, en hún er höfð hin sama og þóknun, sem er greidd stjórnarmönnum í stjórn Laxárvirkjunar, er einnig talin með í þessum lið. Samtals nema þessar greiðslur um 150 millj. kr. Akstur og flutningskostnaður, einkum skipafarmgjöld og flutningur á tækjum og búnaði frá Húsavík til Kröflu, svo og bílaleigubílar, nemur orðið 145 millj. króna. Greiðslur til ráðgjafarverkfræðinga nefndarinnar nema orðið um 650 millj. kr., en greiðslur til innlendra verktaka um 1850 millj. kr. Vélar og tæki, hús og ýmis búnaður, sem endanlega hefur verið komið fyrir, telst til eignakaupa. Þau nema orðið rösklega 2 milljörðum kr. Kröflunefnd hefur haft nokkrar tekjur vegna fæðissölu til annarra aðila, fyrst og fremst Orkustofnunar og verktaka hennar, enn fremur tekjur af leigu á byggingarkrana og vörulyfturum, sem nefndin á og rekur. Eru þessar tekjur látnar koma til frádráttar byggingarkostnaði.

Hjá Orkustofnun (tafla 3B) er fyrst og fremst um að ræða efniskaup, fóðurrör í borholur, rör og efni í gufulagnir o. fl., sem samtals nemur um 650 millj. kr. Akstur og flutningar, þar með bílaleigubílar, nema samtals um 270 millj. kr. Greiðslur til ráðgjafarverkfræðinga nema um 160 millj. kr., en til verktaka um 570 millj. kr. Greiðslur til Jarðhitadeildar Orkustofnunar vegna sérfræðinga deildarinnar, sem hafa starfað við Kröflu að rannsóknarstörfum vegna gufuöflunarinnar, nema orðið 54 millj. kr. Þar í er enn fremur reiknað kaup stjórnunaraðila Orkustofnunar vegna framkvæmdanna við Kröflu. Jarðhitadeild, svo sem aðrar deildir Orkustofnunar, hefur ákveðnar fjárveitingar til starfsemi sinnar. Þar sem deildin selur ekki þjónustu sína í venjulegum skilningi mun ofangreind fjárhæð vera komin til vegna þess, að fjárveitingar hafa ekki nægt. Þá eru greiðslur til Jarðborana ríkisins, sem hafa framkvæmt allar boranirnar við Kröflu sem verktaki á samningi við framkvæmdaraðila, þ. e. Orkustofnun. Er hér fyrst og fremst um að ræða beinan borkostnað, sem samtals er orðinn um 490 millj. kr.

Að lokum er byggingar- og framkvæmdakostnaður beggja framkvæmdaaðila sundurliðaður eftir viðfangsefnum í töflum 4A og B. Kemur þar m. a. fram kostnaður vegna borananna og gufuveitunnar, svo og stöðvarhúss, starfsmannahúsa, kæliturna, véla- og rafbúnaðar virkjunarinnar m. m.

Tafla 3A: Sundurliðaður framkvæmdakostnaður Kröflunefndar. Stöðvarhús og véla- og rafbúnaður. Háspennutengivirki, aðstaða og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Tegundaskipting	1974	1975	1976	1977	Samtals til ársloka 1977
Laun og launatengd gjöld	1,0	5,0	40,8	100,9	147,7
Efniskaup og ýmsar vörur	–	17,4	273,8	177,8	569,0
Ýmis þjónusta, akstur og flutningar	0,3	10,7	75,7	58,3	145,0
Sérfræðiþjónusta, einkum verkfr.	0,3	247,9	249,1	150,8	648,1
Verkkaup, verktakar og verkstæði	–	322,8	742,3	794,0	1 859,1
Tryggingar og skattar	–	1,4	21,9	7,8	31,1
Eignakaup (vélar og tæki)	–	–	2 037,7	81,0	2 118,7
Styrkur, björgunarsveit	–	–	0	0,3	0,3
Samtals	1,6	605,2	3 441,3	1 370,9	5 419,0
Tekjur, vextir af bankainnstæðum	0	1,9	9,8	3,1	14,8
Tekjur, vélaleiga, fæðissala o. fl.	–	–	17,6	5,2	22,8
Samtals kostnaður	1,6	603,3	3 413,9	1 362,6	5 381,4

Tafla 3B: Sundurliðaður framkvæmdakostnaður Orkustofnunar. Jarðboranir, gufuaðveita og rannsóknar- og stjórnunarkostnaður.

Tegundaskipting	1974	1975	1976	1977	Samtals til ársloka 1977
Laun og launatengd gjöld		–	7,0	15,6	22,6
Efniskaup og ýmsar vörur		99,3	336,5	212,1	647,9
Ýmis þjónusta, akstur og flutningar		29,0	122,1	114,5	265,6
Sérfræðiþjónusta, einkum verkfr.		11,6	74,3	76,6	162,5
Verkkaup, verktakar og verkstæði		12,7	285,1	267,7	565,5
Vextir, tryggingar o. þ. h.		0,0	0,1	0,6	0,7
Eignakaup (vélar og tæki)		0,4	3,4	20,0	23,8
Þjónusta OS (aðallega JHD)			22,0	32,4	54,4
Þjónusta, Jarðboranir ríkisins		74,3	287,5	120,4	492,2
Rannsóknarboranir 1974	36,2				
Samtals kostnaður	36,2	227,3	1 138,0	869,9	2 271,4

Tafla 4A: Framkvæmdakostnaður Orkustofnunar sundurliðaður eftir viðfangsefnum. Jarðboranir, gufuaðveita o. fl.

Viðfangsefni	1974	1975	1976	1977	Samtals til ársloka 1977
Jarðboranir	36,2	213,4	704,0	451,3	1 404,9
Gufuaðveita		–	314,8	315,5	630,3
Verkfræðiþjónusta		10,8	71,9	68,6	151,3
Þjónusta OS (aðallega Jarðhitad.)		–	22,0	32,4	54,4
Tilraunagufuskilja		3,0	9,9	0,5	13,4
Stálgrindahús		–	10,9	0,1	11,0
Rannsóknahús		–	4,5	0,2	4,7
Tæringarprófanir		–	0,1	1,3	1,4
Samtals kostnaður	36,2	227,2	1 138,1	869,9	2 271,4

Tafla 4B: Framkvæmdakostnaður Kröflunefndar sundurliðaður eftir viðfangsefnum.

Viðfangsefni	1974	1975	1976	1977	Samtals til ársloka 1977
Hús og byggingar virkjunarinnar	0	236,3	264,0	96,0	596,3
Kæliturnar	0	10,0	215,0	35,0	260,0
Véla- og rafbúnaður	0	0	2 152,0	556,0	2 708,0
Háspennutengivirki	0	1,0	111,0	18,0	130,0
Sérfræðiþjónusta, einkum verkfr.	0,3	247,9	249,1	150,8	648,1
Ýmis þjónusta og kostnaður	1,3	14,1	171,8	291,8	479,0
Starfsmannabústaðir	0	0	54,0	124,0	178,0
Vöruskemma	0	0	4,0	26,0	30,0
Vinnubúðir	0	94,0	193,0	65,0	352,0
Samtals kostnaður	1,6	603,3	3 413,9	1 362,6	5 381,4

5.3 Aukakostnaður vegna framkvæmdahraða?

Um það hefur oft verið spurt, hvort hinn mikli framkvæmdahraði, einkum á hluta Kröflunefndar, hafi orsakað kostnaðarauka, t. d. í formi samningsbundinna álaga til verktaka og efnissala, eða á annan hátt orðið til þess að gera allt verkið dýrara en ella. Í stórum dráttum verður að svara þessari spurningu neitandi, þ. e. enginn beinn kostnaðarauki hefur orðið vegna hins mikla framkvæmdahraða. Þvert á móti má ætla, að verulegur sparnaður hafi orðið vegna framkvæmdahraðans, t. d. vegna mikillar verðbólgu og fjármagnskostnaðar. Alla vega er ljóst, að hagnaður vegna mikils framkvæmdahraða er mun meiri heldur en kostnaður vegna hans.

Ef efniskaupasamningar Kröflunefndar eru skoðaðir kemur í ljós, að hvergi er samið um aukaálag vegna skamms afgreiðslutíma. Tímaáætlun verksins fylgdi öllum

efnisútboðum nema við kaupin á aðalaflvélum. Framleiðendum var því í sjálfsvald sett hvort þeir treystu sér til þess að bjóða efni og búnað til afgreiðslu innan þess tíma, er áætlunin gerði ráð fyrir.

Hugsanlegt er, að fleiri tilboð og jafnvel ódýrari hefðu fengist, ef útboðs- og afhendingartími hefði verið lengri. Um það er ekkert hægt að segja annað en ólíklegt er, að nokkur sparnaður hefði áunnist vegna verðbótaákvæða, sem fylgdu nær öllum efniskaupasamningum. Svipaða sögu má segja um efniskaup Orkustofnunar.

Hvað varðar kaupin á aðalaflvélunum var í útboðsbréfinu (fskj. II, 10) talað um, að fyrri vélin skyldi smíðuð og komin á virkjunarstað innan 24 mánaða frá dagsetningu tilboðs og seinni vélin 3 mánuðum síðar (þ. e. 15. janúar 1977 og 15. apríl 1977). Þegar svo tilboð hinna erlendu vélaframleiðenda bárust var ljóst, að miklu styttri afgreiðslufrestur var boðinn. Slíkt var að sjálfsögðu á valdi framleiðenda. Var að lokum gengið frá samningum um kaup á aðalaflvélum, sem gerðu ráð fyrir 14 og 16 mánaða afgreiðslutíma á tveim aflvélasamstæðum virkjunarinnar. Kom þessi afgreiðslutími til með að stjórna öllu verkinu eftir það, þ. e. tímaáætlun virkjunarinnar hlaut að miðast við hann.

Það hefur áður komið fram, að kaupskilmálar og verð aðalaflvéla voru óvenjuhagstæð. Töldu hinir bandarísku ráðgjafar, að þetta væru einhverjir bestu samningar, sem þeir hefðu stuðlað að um 10 ára skeið. (Sjá 2.33 og 3.14).

Þá má benda á, að við undirritun kauploforðsbréfsins (fskj. II, 12) kom upp sá misskilningur, að framleiðandi (Mitsubishi) taldi sig hafa gefið upp verð miðað við afgreiðslu FOB höfn í Japan. Formaður Kröflunefndar taldi hins vegar, að það kæmi fram í skjölum, að um væri að ræða verð miðað við afgreiðslu CIF Húsavík. Eftir erfiðar samningaviðræður féllust japönsku fulltrúarnir að lokum á það sjónarmið, og þannig voru samningarnir gerðir. Mun þetta hafa sparað um 21 milljón króna í flutningsgjöld.

Seinna tókst formanni nefndarinnar að fá japanska framleiðandann til þess að falla frá þeirri kröfu, að erlend bankatrygging yrði keypt vegna aflvélakaupalánsins í Bank of Tokyo. Í ferð formanns Kröflunefndar til Tokyo í október 1975 náðust samningar um, að íslensk bankatrygging skyldi látin nægja. Spöruðust þannig milljónir króna.

Hvað varðar vinnu verktaka við Kröfluvirkjun má segja, að í stórum dráttum hafi ekki verið um nein aukaálög að ræða vegna mikils framkvæmdahraða. Á slíkt er hvergi minnst í verksamningum Kröflunefndar og Orkustofnunar.

Ed. 685. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 9. gr. Í stað „Aldurstryggingasjóði“ í 1. mgr. komi: Aldurslagasjóði.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 24. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, form. — Halldór Ásgrímsson, fundaskr., frsm. — Bragi Sigurjónsson.
Helgi F. Seljan. — Steinþór Gestsson. — Ásgeir Bjarnason.

Ed. 686. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1976.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Axel Jónsson.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. — Jón Helgason, fundaskr. — Jón Árm. Héðinsson.
Ragnar Arnalds. — Jón G. Sólnes.

Ed. 687. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breytingu á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess með breytingu sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. — Ingi Tryggvason, fundaskr. — Bragi Sigurjónsson.
Jón G. Sólnes. — Stefán Jónsson. — Þorv. Garðar Kristjánsson.
Albert Guðmundsson.

Ed. 688. Breytingartillaga [228. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða ⅓ hluta til Samtaka grásleppuhrognaframleiðanda.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

Ed. 689. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Fjarstaddir voru Halldór Ásgrímsson og Ingiberg J. Hannesson.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Steingrímur Hermannsson, form.	Oddur Ólafsson, frsm.	Jón G. Sólnes.
Stefán Jónsson.	Jón Árm. Héðinsson.	

Nd. 690. Nefndarálit [49. mál]

um um frv. til laga um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á mörgum fundum, sem voru sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem gerðar voru á því í Ed., og vísar í því sambandi til nefndarálits fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. á þskj. 476.

Við nákvæman yfirlestur á frumvarpinu hafa komið í ljós nokkur atriði, sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Er þar einkum um að ræða prentvillur, rangar tilvitnanir og minni háttar breytingar. Vegna þessa flytur nefndin breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ólafur B. Óskarsson.
Lúðvík Jósepsson.	Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Sverrir Bergmann.	

Nd. 691. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til laga um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 5. gr. Í stað orðsins „Samningur“ í 4. mgr. komi: Samningar.
2. Við 14. gr. Í stað orðanna „vextir af innstæðum í almennum sparisjóðsbókum“ í 1. mgr. komi orðin: vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum.
3. Við 19. gr. Í stað orðsins „forkaupsrétthafa“ í a-lið 1. mgr. komi: forkaupsréttarhafa.
4. Við 44. gr. Í stað orðanna „samkvæmt 4. mgr. 42. gr.“ í 4. mgr. komi: samkvæmt 5. mgr. 42. gr.
5. Við 47. gr. Úr 1. málsl. 2. mgr. falli niður eftirfarandi: „sbr. þó 3. mgr. 57. gr.“
6. Við 61. gr. Í stað „55.—56. gr.“ komi: 58.—59. gr.
7. Við 67. gr. Í stað orðsins „krefst“ í 3. mgr. komi: krefjast.
8. Við 85. gr. Í stað „1. og 2. mgr. 83. gr.“ í 1. mgr. komi: 1.—3. mgr. 83. gr.
9. Við 102. gr. 15. liður greinarinnar orðist svo:
   Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 99. gr.
10. Við 105. gr. Í stað orðanna „sjö mánuðum“ komi orðin: tíu mánuðum.
11. Við 123. gr. Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í 1. mgr. komi orðið: hlutafélagaskrá.
12. Við 134. gr. Í stað „134. gr.“ í 1. mgr. komi: 133. gr.
13. Við 147. gr. Í stað „2. og 4. mgr. 144. gr.“ komi: 2. og 4. mgr. 146. gr.
14. Við 158. gr. 1. mgr. greinarinnar orðist svo:
   Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um hlutafé og reglur II. kafla um stofnun gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 160. gr.

Nd. 692. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 2. maí 1968, um bókhald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Lúðvík Jósepsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr., frsm.	Ólafur B. Óskarsson.
Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.	Sverrir Bergmann.

Nd. 693. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Lúðvík Jósepsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ólafur B. Óskarsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Tómas Árnason.	Sverrir Bergmann.

Nd. 694. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Lúðvík Jósepsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ólafur B. Óskarsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Tómas Árnason.	Sverrir Bergmann.

Nd. 695. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Lúðvík Jósepsson.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason, frsm.
Tómas Árnason.	Ólafur B. Óskarsson.	Sverrir Bergmann.

Nd. 696. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Lúðvík Jósepsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr., frsm.	Ólafur B. Óskarsson.
Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.	Sverrir Bergmann.

Nd. 697. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ólafur B. Óskarsson, frsm.
Tómas Árnason.	Lúðvík Jósepsson.	Sverrir Bergmann.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Nd. 698. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Lúðvík Jósepsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason.	Sverrir Bergmann.	Ólafur B. Óskarsson.

Sþ. 699. Þingsályktun [140. mál]

við till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1977—80.

(Afgreidd frá Sþ. 25. apríl.)

Alþingi ályktar, að árið 1978 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

1.1.	**Fastir liðir:**	
1.	Bensíngjald	4 460
2.	Þungaskattur	1 250
3.	Gúmmígjald	90
	Markaðir tekjustofnar	5 800
4.	Ríkisframlag	1 300
1.2.	**Sérstök fjáröflun:**	
1.	NA-vegur lántaka	800
2.	Almenn lántaka	1 400
	Samtals	9 300
	Heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega	400

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m. kr.)

	1978	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	190	
2. Verkfræðilegur undirbúningur	254	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	37	
4. Eftirlaunagreiðslur	29	
		510
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. *Sumarviðhald*		
1. Viðhald malarvega	1 042	
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	179	
3. Viðhald brúa	120	
4. Viðhald varnargarða	17	
5. Heflun vega	483	
6. Rykbinding	96	
7. Vinnsla efnis	491	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	132	
9. Vegmerkingar	40	
	2 600	
2. Vetrarviðhald	620	
		3 220
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir	2 951	
2. Þjóðbrautir	700	
3. Girðingar og landgræðsla	70	
		3 721
2.4. Til fjallvega o. fl.:		
1. Aðalfjallvegir	17	
2. Aðrir fjallvegir	23	
3. Reiðvegir	2	
4. Þjóðgarðavegir o. fl.	15	
		57
2.5. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	458	
2. Smábrýr	105	
		563
2.6. Til sýsluvega:		340
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		706
2.8. Til véla og áhaldahúsa:		
1. Til véla- og verkfærakaupa	38	
2. Til byggingar áhaldahúsa	56	
		94
2.9. Til tilrauna:		29
2.10. Til greiðslu halla:		
1. Halli í árslok 1976	106	
2. Halli 1977 áætl.	130	
3. Yfirfært á næsta ár	176	60
Samtals		9 300
Heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega		400

SUNDURLIÐUN:

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.
1	Suðurlandsvegur		
10	Álftaversvegur—Hafursey	1.4	
14	Um Reynisfjall	4	
15	Um Hólsá	2.6	
17	Um Steina	30	
28	Landvegur—Þjórsá	188	40
30	Skeiðavegur		
02	Ólafsvallav.—Skálholtsv.	20	
34	Eyrarbakkavegur		
02–04	Selfoss—Þorlákshafnarvegur	95	20
35	Biskupstungnabraut		
02	Sog—Vaðnes	15	
36	Þingvallavegur		
06	Ristarhlið—Kárastaðir	45	
38	Þorlákshafnarvegur		
02–03	Þrengslav.—Þorlákshöfn	2	
1	Vesturlandsvegur		
16	Dalsmynni—Kiðafell	78	
36	Þingvallavegur		
02	Gljúfrasteinn—Suðurá	45	
40	Hafnarfjarðarvegur		
03–04	Kópavogur—Hafnarfjörður	70	40
45	Garðskagavegur		
03	Garður—Sandgerði	45	
433	Reykjalundarvegur		
01	Að Reykjalundi	5	
1	Vesturlandsvegur		
05	Um Borgarfjörð	600	
51	Akranesvegur		
01	Vesturlandsv.—Akranes	75	15
54	Ólafsvíkurvegur		
02	Um Urriðaá	15	
06	Um Gröf	5	
08	Kirkjuhóll—Ytri-Garðar	20	
55	Heydalsvegur		
01	Styrking	25	10
56	Stykkishólmsvegur		
03	Snæfellsnesv.—Nesvogur	12	
57	Snæfellsnesvegur		
06	Um Álftafjörð	20	5
60	Vestfjarðavegur		
08	Um Jónsvað	30	10
1	Vesturlandsvegur		
01	Sýslumörk—Miklagil	90	30
60	Vestfjarðavegur		
01	Garpsdalur—Gróustaðaá	3	
03	Kambur—Bær	6.5	

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.
03	Skáldstaðir—Bjarkarlundur	2	
09	Utan Eyrar	30	5
14	Fossá—Vatnsdalsá	50	5
23	Hjarðardalsá—Ingjaldssandsv.	8	
25	Yfir Öndunarfjörð	5	
61	Djúpvegur		
01	Þorskafjarðarheiði	4	
10	Strandsel—Ögur	22	5
10–11–12	Skarðshlíð—Eyri, Skötufirði	25	5
14	Hestfjarðará—Eyri	3	
16	Um Vatnshlíð	6	
21	Vestfjarðavegur—Ísafjörður	70	20
63	Bíldudalsvegur		
05	Í Reykjarfjarðarbotni	8	
68	Hólmavíkurvegur		
04	Um Bæ	6	
04	Um Prestsbakka	20	
06	Um Slitrur	28.5	
09	Austan Þorpa	2	
10	Um Heydalsá	4	
1	Norðurlandsvegur		
03	Um Hrútafjarðarháls	60	20
06	Um Víðidalsá	15	
08	Vatnsdalur—Reykjabraut	32	5
13	Í Langadal	32	10
15	Hjá Vatnshlíð	10	
21	Á Öxnadalsheiði	18	
75	Sauðárkróksbraut		
03	Varmahlíð—Sauðárkrókur	30	
05	Austur-Eylendi	40	15
76	Siglufjarðarvegur		
08	Móskógar—Brúnastaðir	25	
10	Almenningsnöf—Gangamunni	5	
82	Ólafsfjarðarvegur		
02	Knappsstaðir—Siglufjarðarv.	10	
1	Norðurlandsvegur		
01	Um Öxnadalsheiði	20	
05	Norðan Akureyrar	66	15
11	Svalbarðsströnd—Víkurskarð	41	12
15	Ljósavatnsskarð	8	
16	Kross—Fosshóll	10	3
20	Brún—Máskot	10	5
20	Vestan Helluvaðs	6	
21	Vindbelgur—Neslandavík	2	
23	Arnarvatn—Námaskarð	80	8
82	Ólafsfjarðarvegur		
01	Hörgárdalsv.—Norðurlandsv.	30	
03	Hagaás—Dalvík	20	12
85	Norðausturvegur		
01–02	Kaldakinn	21	7
07–08	Tjörnes	20	
10	Lón—Víkingavatn	26	5

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.
17	Melrakkaslétta	42	5
25–26	Syðra-Áland—Langanesv.	15	
802	Ólafsfjarðarv. eystri		
02	Ólafsfjörður—Ólafsfj.v.	24	8
901	Austurlandsvegur		
08	Jökuldalsv.eystri—Hvanná	24	10
13	Lagarfljótsbrú—Norðfjarðarvegur	26	
15	Upphéraðsv.—Litla-Sandfell	15	
22	Skrúðskambur—Fossgerði	20	5
30–32	Fyrir Hvalneshorn	30	10
34	Brekka—Þorgeirsstaðir	9	
44–45	Jökulsá—Kvíá	21	5
985	Norðausturvegur		
04	Hafnarvegur—Hundsvatnslækur	13	
09	Vopnafjörður—Hlíðarvegur	20	
12	Teigará—Bæjaröxl	7	
992	Norðfjarðarvegur		
05	Suðurfjarðav.—Reyðarfjörður	47	10
05	Suðurfjarðav.—Reyðarfj. (brú)	25	
09	Eskifjörður—Gangamunni E.	44	
993	Seyðisfjarðarvegur		
03	Sýslumörk—Kaupstaður	39	10
996	Suðurfjarðavegur		
03	Hafranes—Vattarnes	13	
05	Höfðahús—Búðir	39	10
	Samtals	2 951	400

2. Þjóðbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
22	Stórhöfðavegur	
01	Ýmsir staðir	6
26	Landvegur	
04	Galtalækur—Búrfell	14
204	Meðallandsvegur	
02	Um Eldvatn	18
208	Búlandsvegur	
01	Ýmsir staðir	4
252	Landeyjavegur	
01–06	Ýmsir staðir	6
261	Fljótshlíðarvegur	
02	Hvolsvöllur—Hlíðarendi	15
268	Þingskálavegur	
02–03	Þingskálar—Næfurholt	5
275	Ásvegur	
01	Um Skammalæk	14
30	Hrunamannavegur	
04	Um Laxárholt	1.5

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
33	Gaulverjabæjarvegur	
02	Stokkseyri—Baugsstaðir	10
35	Biskupstungnabraut	
05	Austan Brúarár	10
06	Um Litla-Fljót	8.5
37	Laugarvatnsvegur	
02	Um Laugarvatn	18
308	Hamarsvegur	
01	Skógsnes—Sýrlækur	12
44	Hafnavegur	
02	Flugvöllur—Stapafellsvegur	12
416	Álftanesvegur	
01	Að þéttbýli	33
425	Nesvegur	
01	Hafnir—Reykjanesviti	5
503	Akrafjallsvegur	
03	Við Akranes	3
514	Laugarholtsvegur	
01	Bæjarsveitarv.—Laugarholt	10
518	Hálsasveitarvegur	
01	Sturlu-Reykir—Litli-Hvammur	10
523	Hvítársíðuvegur	
01	Um Fróðastaði	10
533	Álftaneshreppsvegur	
01	Tenging við Ólafsvíkurveg	3
535	Grímsstaðavegur	
01	Ólafsvíkurvegur—Vegamót Grenja	7
540	Hraunhreppsvegur	
01	Um Norðlæk	3
559	Laxárdalsvegur	
02	Laxárdalsheiði	13
574	Útnesvegur	
02–04	Styrking	10
576	Framsveitarvegur	
01	Hjá Bár	5
588	Gillastaðavegur	
01	Laxárdalsvegur—Laxá	5
590	Klofningsvegur	
07	Fagridalur—Tjaldanes	30
607	Reykhólasveitarvegur	
01	Um Barmahlíð	14
622	Svalvogavegur	
04	Meðaldalsá—Sveinseyri	14
624	Ingjaldssandsvegur	
01	Gemlufall—Núpur	9
633	Vatnsfjarðarvegur	
01–04	Djúpvegur—Djúpvegur	10
659	Laxárdalsvegur	
02	Sýslumörk—Hólmavíkurv.	5
664	Flateyrarvegur	
01	Sólbakki, Garðar—Hvilft	9

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
665	Súgandafjarðarvegur	
01	Um Botnsheiði	12
704	Miðfjarðarvegur	
03	Bjarg—Laugarbakki	6
711	Vatnsnesvegur	
01	Hvammstangi—Skarð	22
715	Víðidalsvegur vestri	
01	Hvarf—Kolugil	8
717	Borgarvegur	
01	Síðuvegur—Vatnsnesvegur	2
726	Auðkúluvegur	
01	Reykjabraut—Svínvetningabr.	35
734	Svartárdalsvegur	
01	Norðurlandsv.—Bergsstaðir	3
742	Mýravegur	
01	Skagastrandarv.—Laxárdalsv.	5
745	Skagavegur	
06	Keta—Selnes	2
09	Þverárfjallsv.—Sauðárkrókur	11
752	Skagafjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Efribyggðarvegur	5
781	Deildardalsvegur	
01	Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv.	3
786	Sléttuhlíðarvegur	
01	Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv.	2
787	Flókadalsvegur	
01	Siglufjarðarv.—Siglufjarðarv.	6
789	Sléttuvegur	
01	Siglufjarðarv.—Ólafsfjarðarv.	25
83	Grenivíkurvegur	
02	Fnjóskadalsv.—Grenivík	21
805	Svarfaðardalsvegur	
01–02	Ólafsfjarðarv.—Atlastaðir	22
811	Hjalteyrarvegur	
01	Ólafsfjarðarv.—Hjalteyri	3
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
02	Finnastaðav.—Eyjafjarðarbr. eystri	18
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Norðurlandsv.—Munkaþverá	12
856	Laxárdalsvegur vestri	
01	Staðarbraut—Halldórsst.	3
868	Laxárdalsvegur	
01	Norðausturv.—Holt	8
869	Langanesvegur	
01–03	Þórshöfn—Flugvöllur	13
94	Borgarfjarðarvegur	
01–03	Seyðisfjarðarv.—Steinsvað	26
925	Hróarstunguvegur	
04	Vífilsstaðavegur—Austurlandsv.	2
931	Upphéraðsvegur	
01	Austurlandsvegur—Rauðilækur	22
04	Innan við Gilsá	6

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1978 Fjárv. m.kr.
938	Múlavegur syðri	
01	Skriðdalsvegur—Birkihlíð	4
953	Mjóafjarðarvegur	
01	Norðfjarðarv.—Háheiði	11
954	Helgustaðavegur	
02	Mjóeyri—Stóra-Breiðavík	1
964	Breiðdalsvegur	
01	Austurlandsv.—Austurlandsv.	6
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
01	Norðausturvegur—Hafnarkauptún	13
	Samtals	700

2.5. Til brúagerða.

1. Til brúa 10 m og lengri

	Fjárv. í m.kr.
Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.)	15
Eldvatn hjá Syðri-Fljótum (204)	52
Svínadalsá á Jónsvaði (60)	43
Prestbakkaá (68)	36
Heydalsá (68)	20
Víðidalsá (1)	88
Grjótá á Öxnadalsheiði (1)	18
Búðarárgil (85)	70
Staðará hjá Ánastöðum (sýsluv.)	7
Njörvadalsá í Reyðarfirði (92)	5
Breiðdalsá í Reyðarfirði (96)	38
Breiðdalsá í Breiðdal (964)	38
Djúpá hjá Holtaseli (sýsluv.)	28
Samtals	458

Nd. 700. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til þinglýsingalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem gerðar voru á því í Ed.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 701. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 702. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 703. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Ed. 704. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 22. mars 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 705. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 706. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 707. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara. Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson. Friðjón Þórðarson. Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 708. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara. Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson. Friðjón Þórðarson. Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 709. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara. Kristján Ármannsson.
Ingólfur Jónsson. Friðjón Þórðarson. Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 710. Breytingartillögur [268. mál]

við frv. til laga um Tæknistofnun Íslands.

Frá Vilborgu Harðardóttur og Benedikt Gröndal.

1. Við 1., 5. og 11. gr., ákvæði til bráðabirgða og fyrirsögn:
   Nafn stofnunarinnar verði **Iðntæknistofnun Íslands.**
2. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.
   Aðaldeildir séu fyrst um sinn þessar:
   Iðntæknideild, sem annast tækniþjónustu við framleiðslu og þjónustuiðnað.
   Byggingatæknideild, sem annast tækniþjónustu við byggingaiðnað.
   Stjórnunarmáladeild, sem annast þjónustu við allan iðnað á sviði stjórnunarmála og framleiðsluhagræðingar. Enn fremur sér deildin um skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.
   Fræðsludeild, sem skipuleggur og hefur umsjón með fræðslustarfsemi iðntæknistofnunarinnar. Er þá m. a. meðtalin fræðsla og þjálfun iðnverkafólks og annars faglærðs og ófaglærðs iðnstarfsfólks, almennt námskeiðahald og útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónusta og kynning á starfsemi stofnunarinnar. Fræðsludeild sækir kennslukrafta og sérfræðiþekkingu til annarra deilda og til aðila utan stofnunarinnar eftir ástæðum. Fræðsludeild hefur í starfi sínu náið samstarf við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem kunna að vinna að svipuðum verkefnum.
   Tvær síðustu málsgreinar 3. gr. standi óbreyttar.
3. Við 4. gr. Neðst í upptalningu fulltrúa í aðalstjórn bætist:
   einn fulltrúa starfsfólks stofnunarinnar samkvæmt tilnefningu sameiginlegs fundar.

Nd. 711. Breytingartillaga [268. mál]

við frv. til laga um Tæknistofnun Íslands.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

a) Beint ríkisframlag á fjárlögum, sem skal nema 0.3—0.6% af áætluðu framleiðsluverðmæti íslensks iðnaðar (vergum tekjum á tekjuvirði) árið á undan fjárlagaárinu, enda hafi iðnaðarráðuneytið samþykkt starfsáætlun stofnunarinnar. Liðir c), d) og e) breytist í b), c) og d).

Ed. 712. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt, en Axel Jónsson og Steingrímur Hermannsson skila sérstöku nefndaráliti.

Jón Helgason var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1978.

Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson, frsm. Ragnar Arnalds.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 713. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til laga um sáttastörf í vinnudeilum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kynnt sér afstöðu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands til þess. Mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Jón Helgason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Bragi Sigurjónsson.
Axel Jónsson. Helgi F. Seljan. Steingr. Hermannsson.

Ed. 714. Breytingartillögur [285. mál]

um frv. til laga um sáttastörf í vinnudeilum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 8. gr. Í stað orðsins „rétt“ í fyrsta málslið komi: heimilt.
2. Við 9. gr.
   a. 5. mgr. falli niður.
   b. 7. mgr. falli niður.
3. Við 12. gr. 2. mgr. falli niður.

Ed. 715. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur rætt frv. á fundum sínum og sent það til umsagnar nokkurra aðila. Þeir, sem sent hafa umsagnir, mæla gegn samþykkt frv.

Menntamálanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði fellt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Helgason.

Alþingi, 26. apríl 1978.

Axel Jónsson, form., frsm. Steingr. Hermannsson.

Ed. 716. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til laga um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur rætt frv., en frv. er flutt samkvæmt óskum borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar. Félagsmálanefnd mælir með samþykkt frv.

Jón Helgason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Helgi F. Seljan.	Bragi Sigurjónsson.	Steingr. Hermannsson.

Nd. 717. Frumvarp til laga [299. mál]

um jöfnunargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skal greiða 3% jöfnunargjald í ríkissjóð og gildir það jafnframt um innflutning frá öðrum löndum.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru og skal innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, eftir því sem við á.

3. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafa í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

Tekjum af gjaldi þessu er til falla árið 1978 skal ráðstafa samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og um framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lagt verði sérstakt jöfnunargjald á innflutning sömu iðnaðarvara og framleiddar eru hér á landi, til að vega upp á móti þeim söluskatti sem verður hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt gildandi söluskattslögum.

Við myndun markaðssamstarfs landa V-Evrópu á sjötta áratugnum — Efnahagsbandalags Evrópu og Fríverslunarsamtaka Evrópu — kom fljótlega í ljós að hin mismunandi kerfi söluskatta þessara landa röskuðu að ýmsu leyti samkeppnisaðstöðu framleiðslugreina þessara landa eftir því hvaða skattkerfi var í gildi. Var það talið virka sem hemill á þá fríverslun sem stefnt var að. Í sumum löndum var innheimtur svonefndur fjölstigasöluskattur er lagðist á heildsöluverð á hverju viðskiptastigi og gat því lagst oft á sömu vöruna á leið hennar um hin ýmsu viðskiptastig frá framleiðanda til hins endanlega kaupanda. Í öðrum löndum var innheimtur svonefndur einsstigs söluskattur en hann er krafinn aðeins á einu viðskiptastigi, t. d. heildsölustigi eða smásölustigi. Söluskattur á Íslandi er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta og er því einsstigs söluskattur þótt frá þeirri meginreglu séu nokkrar undantekningar. Í enn öðrum löndum var í gildi svonefndur virðisaukaskattur. Hann er fjölstigaskattur, er greiðist á hverju viðskiptastigi, en við skil á skatti þessum til ríkissjóðs má fyrirtæki draga frá álögðum skatti af heildarsölu þann skatt sem það hefur greitt við kaup á vörum og hverskonar aðföngum til framleiðslunnar.

Til þess að koma í veg fyrir að þessi mismunandi skattkerfi röskuðu innbyrðis samkeppnisaðstöðu aðildarlandanna var fljótlega hafist handa um að samræma söluskattskerfin. Má nú heita að öll aðildarlönd Efnahagsbandalagsins og Fríverslunarsamtakanna (að Finnlandi og Íslandi undanskildum) hafi samræmt söluskattskerfi sín með því að taka upp virðisaukaskatt.

Það skattkerfi felur í sér m. a., að engin skattur er innifalinn í verði útfluttrar vöru og þjónustu, þar sem uppsöfnunaráhrifa gætir ekki frá virðisaukaskattkerfi.

Samkeppnisaðstaða framleiðenda er búa við svo ólík söluskattskerfi er því að þessu leyti ójöfn. En jafna á stöðu íslenska framleiðandans verður því að endurgreiða honum þann söluskatt sem innifalinn er í útflutningsverði. Ákveðið hefur verið að endurgreiða á árinu 1978 uppsafnaðan söluskatt af útflutningsvörum samkeppnisiðnaðar á árinu 1977.

Við núverandi söluskattskerfi uppsafnast söluskattur einnig á margvíslega framleiðslustarfsemi og þjónustu fyrir innlendan markað. Þegar hliðstæð vara er flutt inn frá landi, þar sem virðisaukaskattkerfi gildir, þá flyst hún inn í landið án uppsöfnunaráhrifa söluskatts og er að því leyti betur samkeppnisfær í verði en innlenda varan. Ef jafna ætti samkeppnisaðstöðu vara þessara hér á innlendum markaði hvað söluskattsáhrif á verð snertir verður að leggja gjald á innfluttu vöruna, er svarar til þess uppsafnaða söluskatts, sem falinn er í verði innlendu vörunnar.

Í greinargerð nefndar fjármálaráðuneytisins dags. 11. maí 1975 um virðisaukaskatt er fjallað nokkuð ítarlega um þá uppsöfnun sem á sér stað á söluskatti hér á landi og áhrif hennar á samkeppnisaðstöðu. Í álitinu segir m. a., bls. 24.:

„ ..... Uppsöfnunaráhrifin valda ófyrirsjáanlegri mismunun í samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina og framleiðsluaðferða. Þau geta þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum og þau hafa tilviljunarkennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði í samkeppni við erlendis framleiddar vörur.....“

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar „Hagur iðnaðar“ frá febrúar 1977 segir m. a. á bls. 55, að sú hækkun óbeinna skatta, annarra en tolla, sem orðið hefur á undanförnum árum, hafi vegna uppsöfnunar þessar gjalda í framleiðslukostnaði iðnaðar valdið nokkurri verndarröskun án þess að til væri ætlast.

Þrátt fyrir breytingar á sölugjaldi á vélum og ýmsar lagfæringar, sem átt hafa sér stað síðan á árinu 1975, hefur uppsöfnun söluskatts ekki breyst svo teljandi sé. Fer hér á eftir samanburður á uppsöfnuðum söluskatti sem % af heildarrekstrargjöldum eins og hann var á árinu 1975 og útreikningum Þjóðhagsstofnunar frá 10. október 1977.

Uppsafnaður söluskattur sem % af heildarrekstrargjöldum.

	Nefndarálit 11. maí 1975			Þjóðhagsstofnun 10. okt. 1977		
	Beinn sölusk.	Óbeinn sölusk.	Sölusk. samtals	Beinn sölusk.	Óbeinn sölusk.	Sölusk. samtals
Útflutningsiðnaður	2.0	1.5	3.5	2.0	1.6	3.6
Vörugreinar, heimamarkaðsiðnaður	1.8	1.1	2.9	1.6	1.1	2.7
Viðgerðargreinar	1.3	0.6	1.9	1.1	0.6	1.6

Til þess að bæta iðnaðinum það óhagræði sem hlýst af uppsöfnun söluskatts í framleiðslu fyrir innlendan markað gerir frumvarp þetta því ráð fyrir að lagt verði á innfluttar samkeppnisvörur jöfnunargjald.

Leggja ber áherslu á, að álagning þessa gjalds er tímabundin ráðstöfun þar sem við upptöku virðisaukaskatts félli gjaldið niður vegna þess að uppsöfnunaráhrifum yrði þar með eytt. Með álagningu þessa gjalds er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setur okkur, svo framarlega sem gjaldið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem uppsöfnun söluskatts nú veldur í verði innlendrar vöru. Raunar gildir þessi viðmiðun fyrir hvern einstakan vöruflokk en vegna þess hve álagning mishárra gjalda eftir vöruflokkum er þung í vöfum þykir sú leið vænlegust að miða við eina jafna prósentu.

Miðað við álagningu 3% jöfnunargjaldsins nema tekjur af því um 675 milljónum króna á árinu 1978 en um 1080 milljónum króna á ársgrundvelli. Við tekjuáætlun er gert ráð fyrir að ákveðnir vöruflokkar verði undanþegnir gjaldinu, svo sem skip, veiðarfæri og áburður. Um álagningu gjaldsins og gjaldskyldan innflutning yrði nánar kveðið á um í reglugerð.

Þegar haft er í huga m. a. að eftir tvö ár verður tollvernd íslensks iðnaðar burtu fallin verður að telja eðlilegt að verja hluta af tekjum, er til falla af jöfnunargjaldi, í þágu iðnaðarins og þá sérstaklega til að tryggja að útflytjendur iðnaðarvara þurfi eigi að verðleggja vöru sína með hliðsjón af þeim söluskatti er orðið hefur hluti af framleiðslukostnaði vörunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að jöfnunargjald verði lagt á þær vörur, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samkvæmt ákvæðum samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Jöfnunargjald skal ekki innheimt af innflutningi sem var tollfrjáls fyrir inngöngu Íslands í EFTA, t. d. af skipum og veiðarfærum.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að jöfnunargjaldið verði greitt af tollverði innfluttrar vöru og verði innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóti sömu lögverndar og þau gjöld.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að tekjum af jöfnunargjaldi verði að hluta til varið til eflingar iðnþróunar eftir því sem ákveðið verður með setningu fjárlaga hverju sinni. Lagt er til að ríkisstjórnin ráðstafi því fé er innheimtist árið 1978 og mun því fyrst og fremst varið til þeirra viðfangsefna á sviði iðnaðar sem upp eru talin í fjárlögum fyrir árið 1978.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, en m. a. þarf að birta skrá yfir öll þau tollskrárnúmer er ná til gjaldskyldrar vöru.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og gildi til loka árs 1980. Gildistími þessi er við það miðaður, að sett verði lög um virðisaukaskatt í stað núverandi söluskattslaga og öðlist þau lög gildi í byrjun árs 1981.

Ed. 718. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til laga um Þjóðleikhús.

Frá Axel Jónssyni.

Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Jafnframt skal það árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans.

Nd. 719. Frumvarp til laga [300. mál]

um þjónustustofnanir.

Flm.: Kristján Ármannsson, Ólafur Óskarsson, Stefán Valgeirsson, Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson, Páll Pétursson.

1. gr.

Þjónustustofnun er samstarfsstofnun um húsnæðisafnot, um nýtingu tækja og búnaðar og um aðstoðarþjónustu, til að efla nauðsynlega þjónustustarfsemi, með samstarfi innan sömu stofnunar.

2. gr.

Þjónustustofnun skal að jafnaði vera að meiri hluta í eigu ríkisins og sveitarfélaga eða aðila þeirra.

Heimilt er þó, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og félagsmálaráðherra, að sjálfseignarstofnun eða þjónustuaðili, sem annast þjónustu við almenning, innan ramma sérstakra laga, sé eigandi að meiri hluta í þjónustustofnun.

Starfsaðstöðu fyrir stjórnsýslustarfsemi á vegum sveitarfélaga eða sveitarfélagasamtaka má telja þjónustustofnun, og nýtur réttar samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Telji sveitarstjórn eða samtök sveitarfélaga nauðsynlegt að komið verði á stofn þjónustustofnun, skal leitað samstarfs við þá aðila, sem vegna starfsemi sinnar koma til greina um þátttöku.

Framkvæmdastofnun ríkisins skal gera könnun á þörf fyrir þjónustustofnun, sé þess óskað af sveitarstjórn eða samtökum sveitarfélaga, sem miðist við staðarval í þéttbýlisstað eða í stærri bæjarhluta.

Við undirbúning að stofnun þjónustustofnunar skal kannað, hvort á vegum ríkisins sé fyrir hendi heppileg starfsaðstaða fyrir þjónustustofnun og hvort ekki sé hagkvæmt að samræma framtíðarhúsnæðisþörf ríkisaðila uppbyggingu þjónustustofnunar.

Framkvæmdastofnun ríkisins gerir áætlun til 10 ára um þróun opinberrar þjónustu og almennrar þjónustustarfsemi á starfssvæði þjónustustofnunar. Við áætlanagerðina skal leitað eftir framtíðaráformum þjónustuaðila á áætlunartímabilinu.

Framkvæmdastofnun skal leggja mat á það, hvort sé þörf þjónustustofnunar. Skal hún gera tillögur um skiptingu eignaraðildar að þjónustustofnun.

Komi í ljós að dómi Framkvæmdastofnunar ríkisins, að þörf er fyrir þjónustustofnun á svæði, þar sem ekki er fjárhagslegur grundvöllur fyrir starfsemi hennar, skal félagsmálaráðuneytið kanna í samráði við heimaaðila leiðir til að koma upp þjónustustofnun. Heimilt er að veita fjárframlög úr Byggðasjóði í þessu skyni, og styrki úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

4. gr.

Nú ákveða tveir eða fleiri aðilar að stofna félag um þjónustustofnun og skulu þeir gera með sér stofnsamning.

Í stofnsamningi skal kveðið á um eignaraðild, atkvæðisrétt á eigendafundum, stjórnarfyrirkomulag og reikningshald. Framlag eignaraðila af eigin fé skal a. m. k. vera 25% af stofnkostnaði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum sameignarfélags um þjónustustofnun. Hann kýs stjórn félagsins, endurskoðendur reikninga og úrskurðar ársreikninga.

Stjórn félagsins fer með málefni þess á milli aðalfunda.

Óheimilt er að veðsetja eignarhluta í þjónustustofnun, nema með samþykki stjórna.

Skylt er stjórn félagsins að boða til eigendafunda, ef eigendur ⅓ eignarhluta óska þess.

5. gr.

Sameignaraðili getur hætt starfsemi í þjónustustofnun. Sveitarfélagaaðilar, síðan ríkisaðilar skulu hafa forkaupsrétt að eignarhlut. Að þeim frágengnum getur aðalfundur ráðstafað eignarhlut til annarra eigenda eða nýrra aðila. Ef ekki semst um verð á eignarhluta þess er gengur úr, skal verð hans ákvarðast af mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Heimilt er sameignarfélagi um þjónustustofnun að leysa til sín eignarhlut.

6. gr.

Stofnfundur sameignarfélags um þjónustustofnun setur henni samþykkt um stjórn og starfshætti, sem tekur gildi með staðfestingu félagsmálaráðherra. Samþykkt eigendafélags má aðeins breyta á aðalfundi með ⅔ atkvæða.

Sé þjónustustofnun í eigu eins aðila skal hann setja henni samþykkt, sem tekur gildi með staðfestingu ráðherra.

7. gr.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um, hvers konar starfræksla sé við hæfi í þeirri þjónustustofnun, sem samþykktin nær til.

Eigandi (stjórn sameignarfélags) ákveður endurgjald fyrir húsnæðisafnot og aðra starfsaðstöðu, eftir því sem nánar er kveðið á í samþykkt. Setja má það skilyrði fyrir starfsaðstöðu í þjónustustofnun, að starfsaðili greiði leigu fyrirfram a. m. k. til fimm ára í samræmi við leigusamning.

Nú kemur í ljós, að starfsaðili hlítir ekki samþykkt þjónustustofnunar og starfsreglum eða nýtir ekki starfsaðstöðu í samræmi við settar reglur, og er þá heimilt að víkja honum úr stofnuninni.

Verði ágreiningur um starfsréttindi er heimilt að skjóta ágreiningi til félagsmálaráðherra, sem sker úr.

Óheimilt er að framselja húsnæðisafnot og starfsaðstöðu í þjónustustofnun.

8. gr.

Starfræksla þjónustustofnunar er m. a. samrekstur húsnæðis, ýmiss konar búnaðar, samnot af fundaaðstöðu og skjalageymslu, ásamt rekstri þjónustudeildar.

Þjónustudeild annast sameiginlega forsvarsþjónustu fyrir stofnunina, svo sem upplýsingaþjónustu, símavörslu, umsjón með rekstri sameiginlegra tækja og búnaðar, skjalavörslu, ljósritun, fjölritun, vélritun og aðra skrifstofuþjónustu, eftir nánari reglum og samkvæmt sérstökum samningum við starfsaðila í þjónustustofnun.

Þjónustudeild er heimilt að taka að sér verkefni fyrir aðila utan stofnunar, eftir því sem nánar er ákveðið í starfsreglum.

Heimilt er að veita aðila húsnæðisafnot í þjónustustofnun, sem gert hefur samning við þjónustudeild að hún annist störf fyrir hann.

Fela má samstarfsnefnd starfsaðila daglegan rekstur stofnunarinnar eða einstakra deilda hennar, með sérstökum samningi. Sama gildir um einstaka starfsaðila eða aðila utan stofnunar.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samninga við lánastofnanir um stofnlánafyrirgreiðslu vegna uppbyggingar þjónustustofnana, með sama hætti og um lánsfjármagn til framkvæmda á vegum sveitarfélaga.

Heimilt er ríkisstjórn að fela Lánasjóði sveitarfélaga og Byggðasjóði að vera stofnlánasjóðir fyrir þjónustustofnanir.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð samkvæmt þessum lögum, eftir því sem þörf krefur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áskell Einarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga hefur fyrir sína hönd og annarra framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga farið þess á leit, að frumvarp þetta verði flutt á Alþingi. Flm. telja eðlilegt að verða við þeirri beiðni, en áskilja sér allan rétt til afstöðu til frv. í heild og til einstakra ákvæða þess.

Frumvarpið er flutt hér óbreytt, eins og frá því var gengið af hálfu höfunda þess, ennfremur löng greinargerð, og hljóðar meginmál hennar þannig:

„Er þörf þjónustustofnana?

Fyrir fáeinum árum gekkst Fjórðungssamband Norðlendinga fyrir könnun á þjónustustarfsemi á Norðurlandi. Niðurstöður voru þær, að víða skorti mikið á að til staðar sé í minni þéttbýlisstöðum allra nauðsynlegasta þjónusta á sviði stjórnsýslu og algengasta þjónustustarfsemi við almenning. Kemur þar einkum tvennt til, að þjónustumarkaðurinn er svo lítill, að ekki er grundvöllur fyrir eðlilegum rekstri einstakra starfseininga, og ekki er fyrir hendi hentugt húsnæði. Með skírskotun til þessa er leitað að úrræðum til þess að gera hinum mörgu þjónustu- og stjórnsýsluaðilum kleift að dreifa starfinu með hagkvæmum hætti. Víða hefur komið fram áhugi fyrir því að byggja upp húsnæðisaðstöðu, ásamt starfsaðstöðu, svo að ólíkar þjónustugreinar geti stutt hvor aðra með samstarfi innan sömu stofnunar, svo og að skapa skilyrði fyrir skrifstofuþjónustu fyrir smærri aðila.

Þessar stofnanir eru ýmist nefndar stjórnsýslumiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar eða þjónustustofnanir, eins og gert er hér. Þessar stofnanir eiga að láta í té húsnæðisaðstöðu og aðra starfsaðstöðu fyrir stjórnsýslu- og þjónustustarfsemi, sem

ásamt félags- og atvinnuaðilum hafa veruleg viðskipti við almenning. Stofnunin annast þjónustu við einstaka aðila með sameiginlegri þjónustudeild, sem hefur skrifstofu- og upplýsingaþjónustu. Þannig er hægt með samstarfi og samræmingu á milli einstakra aðila að ná hagkvæmni í rekstri og gera mögulegt að margir aðilar geti notið sameiginlegrar þjónustu, sem þeim er um megn að reka hverjum fyrir sig. Með þessum hætti má auka þjónustuframboð heima fyrir og draga úr kostnaði við að sækja sömu þjónustu í burtu. Þjónustustofnanir gera aðilum kleift að stunda tímabundna þjónustu fyrir svæðið og að fá um stundarsakir aðstöðu í stofnuninni. Þetta getur í senn orðið vísir að nýrri þjónustu við svæðið og sparar ómældan kostnað fyrir heimaaðila.

Þjónustustofnanir hafa mjög verulega þýðingu fyrir atvinnuval víða um landið. Sama má reyndar segja um atvinnudreifingu milli bæjarhluta í stærri kaupstöðum. Þess konar stofnanir staðsettar miðsvæðis í bæjarhluta eru til mikils hagræðis fyrir íbúana, og ekki síst þá sem láta þjónustuna af hendi. Víða í þéttbýlisstöðum úti um land mundu þjónustustofnanir verða eins konar ráðhús staðarins, sem ætti að setja svip á staðinn og knýja á um raunhæft miðkjarnaskipulag, með framtíðarsjónarmið í huga.

Áætlanagerð um þjónustustofnanir.

Fyrir frumkvæði Fjórðungssambands Norðlendinga hefur áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins unnið frumdrög að áætlun um þörf fyrir þjónustustofnanir á Norðurlandi. Ekki hefur tekist að ljúka þessu verki enn. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að Framkvæmdastofnun ríkisins annist þess konar áætlanagerð.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, að sama gerð þjónustustofnunar hentar ekki alls staðar á landinu. Þær hugmyndir að skipta landinu fyrir fram í þjónustusvæði, þar sem uppbygging þjónustustofnana grundvallast á svæðaskiptingu, geta reynst varhugaverðar fyrir starfsemi þeirra. Sú kenning að byggja upp eina þjónustustofnun fyrir landshluta eða landsfjórðung mun reynast varasöm í reynd og getur valdið búseturöskun. Í áætlanagerð um þjónustustofnanir verður að gæta þess, að starfsemin sé miðuð við þörf þess fólks, sem með eðlilegum hætti mundi sækja þjónustu til hennar. Þetta útilokar ekki að þjónustustofnun geti þjónað í sumum efnum landshluta, ásamt næsta þjónustusvæði, ef þetta fer saman með eðlilegum hætti. Hér verður reynslan að skera úr um hvernig best skuli hagað fyrirkomulagi.

Þjónustustofnanir eiga hliðstæður á öðrum sviðum.

Með lögum um félagsheimili, og með fjármagni af skemmtanaskatti til uppbyggingar félagsheimila, var stigið eitt merkasta spor í þá átt að færa landsbyggðina inn í nútímann um aðstöðu til skemmtana- og félagslífs. Félagsheimilin eru gott dæmi um félags- og menningarstofnanir, þar sem tekst með samvinnu um húsnæðisafnot og starfsaðstöðu að tryggja almenna félags- og menningarstarfsemi, auk þess að gera einstökum félögum og hópum kleift að stunda starfsemi sína sérstaklega sem ekki eru skilyrði til, nema með samstarfi innan sömu stofnunar. Ekki er vafamál, að sú aðstaða, sem félagsheimilin hafa látið í té, hefur átt veigamikinn þátt í því að bæta búsetuskilyrði úti um dreifðar byggðir.

Víðs vegar um landið hafa verið reistar heilsugæslustöðvar, sem eru í senn samstarfsvettvangur lækna og heilbrigðisstétta annars vegar, og hins vegar samstarfsstofnanir ríkis og sveitarfélaga um að samhæfa ólíkar greinar og dreifa þeim um leið út um landið. Það samstarf ólíkra sérhæfðra aðila, sem á sér stað innan heilsugæslustöðvanna, ásamt samnotum af sameiginlegri aðstoðarþjónustu, er mjög hliðstætt því, sem fyrirhugað er í þjónustustofnun.

Þetta sýnir að samstarf innan þjónustustofnunar á sér hliðstæður í því starfi, sem þegar á sér stað á Íslandi. Í hinu frjálsa athafnalífi á svona samstarf hliðstæðu

t. d. með samvinnustofnun heildverslana í Sundagörðum í Reykjavík. Segja má að verslanamiðstöðvar, þar sem margar verslanir starfa saman, með sérgreindu vöruvali undir sama þaki, séu hliðstæður á sviði smásöluverslunar. Uppi hafa verið hugmyndir um að koma upp iðngörðum, þar sem hugsuð er samvinna um húsnæðisafnot og aðra sameiginlega starfsemi. Allt er þetta af sömu rót og hugmynd um þjónustustofnanir.

Meginmarkmið er að skapa þjónustumarkað á einum stað, er fullnægi sem mestri eftirspurn, á sem hagkvæmastan hátt, fyrir alla aðila. Frumvarp þetta stefnir að því, að löggjafinn setji nánari ákvæði um þessi mál, þannig að á sviði þjónustustarfsemi verði hliðstæð þjónustuþróun og í heilbrigðisþjónustu úti um landið og í stærri bæjarhverfum. Þetta verður best gert með eðlilegum stofnfjárfyrirgreiðslum.

Uppbygging þjónustustofnana er staðreynd.

Víða um landið er hafinn undirbúningur að byggingu svonefndra bæjarhúsa, þ. e. húsnæðis á vegum sveitarfélags, þar sem til húsa eru skrifstofur þess og þjónustudeildir, t. d. slökkvistöð og e. t. v. aðstaða fyrir lögreglu. Staðreyndin er sú, að sveitarfélögin hafa ekki átt aðgang að fjármagni til þessa verkefnis. Lánasjóður sveitarfélaga og Byggðasjóður hafa verið ófáanlegir til að lána sveitarfélögum til að koma upp stjórnsýslu- og þjónustuhúsnæði. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er þetta þjónustuhúsnæði viðurkennt sem þjónustustofnanir og ætlast til að Lánasjóður sveitarfélaga og Byggðasjóður láni til þessa verkefnis.

Mjög víða hagar svo til, að stjórnsýsluhúsnæði sveitarfélaga er staðsett í kjarna þéttbýlisstaðar og er staðsett við aðalsamgönguleiðir. Því er hagkvæmast að stækka það húsnæði, sem fyrir er, og koma upp við hlið á starfsemi sveitarfélags aðstöðu fyrir þjónustuaðila, þ. e. þjónustustofnun. Sveitarfélagið gæti veitt sameiginlega þjónustu eða hlutast til um að hún verði látin í té. Þannig má skapa aðstöðu fyrir farandþjónustu sérhæfðra þjónustuaðila og koma á fót almennri skrifstofuþjónustu fyrir þá aðila, sem þurfa að einhverju leyti á slíkri þjónustu að halda.

Sums staðar hafa sveitarfélögin haldið það myndarlega á hlutunum, að þau hafa byggt yfir stjórnsýsluþjónustu ríkisins í byggðarlögum, t. d. í Bolungarvík og á Höfn í Hornafirði. Á báðum þessum stöðum setja þessi stjórnþjónustuhús svip á staðina. Eðlilegt er að ríkið og sveitarfélag standi saman að þess konar byggingum sem væru jafnframt að hluta til almenn þjónustustofnun við almenning á sviði annarrar þjónustu. Á Ísafirði er unnið að undirbúningi þjónustustofnunar, sem í senn er miðuð við heimaþarfir á Ísafirði og Vestfirði í heild. Stefnt er að því að í einni og sömu byggingu verði til staðar flestar deildir opinberrar stjórnsýslu á Ísafirði, ásamt bankastarfsemi, auk sveitarfélagsins. Á Seyðisfirði er mál þetta í athugun á líkum grundvelli. Á Húsavík er í athugun að stækka núverandi skrifstofuhúsnæði bæjarins, og til athugunar er að tryggja til viðbótar sambyggt húsnæði, verði um þjónustustofnun að ræða, í samstarfi við sýslumannsembættið. Á Kópaskeri er í athugun bygging þjónustustofnunar með aðild sýslubókasafns, hreppsfélags, tryggingafélags og bankaútibús. Sums staðar hefur verið rætt um héraðsþjónustustofnun eða þjónustustofnun fyrir afmörkuð svæði. Á Dalvík er hafin bygging sérstakrar þjónustustofnunar, þar sem gert er ráð fyrir verulegu þjónustusamstarfi á milli aðila. Í stofnuninni á að vera sparisjóður, bæjarskrifstofa, bókhaldsskrifstofa og bæjarfógetaskrifstofa. Auk þess verði þar skrifstofuaðstaða fyrir félagasamtök og atvinnufyrirtæki auk fundaaðstöðu. Reiknað er með að stofnunin reki sameiginlega þjónustudeild, sem annist símavörslu, skrifstofuþjónustu og skjalavörslu, sem starfi í tengslum við einhvern rekstraraðila í stofnuninni. Þetta sýnir á augljósan hátt, að uppbygging þjónustustofnana er aðkallandi málefni, sem krefst eðlilegrar fyrirgreiðslu.

Skipulag og þjónustuhlutverk.

Það er staðreynd, að þjónustustarfsemi og viðskipti eru að verða stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Á tímabilinu 1963—1975 hafa þjónustugreinarnar dregið til sín 59.5% allrar mannaflaaukningar í landinu. Það veltur því á miklu fyrir þjóðarbúið hvar þetta vinnuafl sest að í þjóðfélaginu, og gætt sé hagkvæmni í staðarvali þjónustustarfseminnar.

Með þjónustustofnunum er kerfi kjörmarkaðanna fært yfir í þjónustustarfsemi með því að færa saman ólíka starfsþætti á einn stað við hæfi markaðarins, og færa þjónustuna nær búsetu fólksins. Til þess að svo verði þarf fjármagn og framtak. Ríki og sveitarfélög eru leiðandi aðilar í þjónustustarfsemi og því er ekki að vænta forgangs einkaaðila á þessu sviði. Hér þarf að koma til heimaframtak sveitarfélaganna, sem verða að gæta hagsmuna borgaranna í dreifðri byggð og gæta skynsamlegs mótvægis á milli bæjarhluta. Krafa nútímans er að fólk búi við þjónustujafnrétti í þjóðfélaginu, hvort heldur menn búa í dreifbýli eða í stærri úthverfum, sem eru jafnfjölmenn heilum landshlutum. Skipulag og hlutverk þjónustustofnana eiga að miðast við þetta. Uppbygging þjónustustofnana er ekki sérmál dreifbýlisins, heldur einnig hagsmunamál stóru hverfanna í Reykjavík og í stærri kaupstöðum.

Samræmi á milli framleiðslu- og þjónustusvæða.

Það er staðreynd, að þrátt fyrir hraða uppbyggingu sjávarútvegsgreina víðsvegar um landið mun fólkinu ekki fjölga, þegar til lengdar lætur, í sjávarþorpum, nema þar verði efldur iðnaður og þá einkum þjónustustarfsemi. Það er að verða ljóst, að sú vaxandi skipting þjóðarinnar í framleiðslusvæði annars vegar og þjónustusvæði hins vegar, muni hafa vond áhrif á atvinnuþróun Reykjavíkur, þegar til lengdar lætur. Þetta sýnir að mönnum er að verða ljóst, að landið verður ekki setið með góðum hætti, nema aukið jafnvægi náist á þessu sviði á milli landshluta.

Á tímabilinu 1963—1975 fóru 90.4% af viðbótarmannafla í Reykjavík í þjónustugreinar. Öllum er ljóst, að þessi þróun er ekki heppileg fyrir Reykjavík eða landið í heild. Mannafli í viðskiptum jókst á þessu tímabili um 53.2%. Um ⅔ af þessu nýja vinnuafli settust að í Reykjavík. Opinber þjónusta hefur dregið til sín 31.4% af nýju vinnuafli í landinu 1963—1975, og 44% af þeim er leituðu eftir vinnu í Reykjavík fóru í þessar greinar. Í hlut Reykjavíkur kom 67.5% af vinnuaflsaukningu í þjónustustarfsemi einkaaðila á þessu tímabili. Þessar tölur sýna, svo ekki verður um villst, að þróun þessa tímabils er ekki heppileg, hvorki fyrir áframhaldandi þróun Reykjavíkur né almenna byggðaþróun í landinu. Það er nauðsynlegt, að með opinberum aðgerðum sé stefnt að eðlilegu samræmi á milli byggðarlaga, til að ná þjóðhagslegu jafnvægi á milli framleiðslu- og þjónustustarfsemi, í samræmi við búsetu.

Nauðsyn lagasetningar um þjónustustofnanir.

Það er orðið aðkallandi, að þjónustustarfsemi sé viðurkennd sem atvinnuvegur í þjóðfélaginu, en ekki látin þróast skipulagslaust. Þess vegna er brýn nauðsyn, að sett séu rammalög um þjónustustofnanir og tryggt verði til þeirra stofnfjárfjármagn. Þetta er byggðamál allrar þjóðarinnar þar sem byggð stendur með byggð til að jafna aðstöðumun í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að þjónustustofnun eigi að vera samstarfsstofnun ekki aðeins um húsnæði, heldur einnig um notkun tækja og búnaðar. Með aðstoðarþjónustu er átt við skrifstofuþjónustu og aðra aðstoð við fleiri aðila í þjónustustofnun, sem væri hluti af rekstri stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Gengið er út frá þeirri meginreglu, að sveitarfélög, samtök þeirra, ríkissjóður eða aðilar á vegum ríkisins hafi meirihlutaumráð í þjónustustofnun. Þetta er mjög í samræmi við þær hugmyndir, sem eru uppi um uppbyggingu þjónustustofnana. Eftir atvikum þykir eðlilegt að hálfopinberir aðilar, eins og bankar og sparisjóðir, geti verið aðaleigendur að þjónustustofnun. Víða hagar svo til, að starfsemi viðkomandi sveitarfélags er eins konar allsherjarmiðstöð í byggðarlagi og því ekki óeðlilegt að þjónustuaðstaða sveitarfélags teljist vera þjónustustofnun staðarins.

Um 3. gr.

Reiknað er með því sem almennri reglu að sveitarstjórnir eða samtök þeirra hafi frumkvæði um uppbyggingu þjónustustofnana. Því er talið nauðsynlegt, að sú skylda sé samkvæmt lögum að gefa öllum þeim kost á að taka þátt í undirbúningi, sem fást við þjónustustarfsemi.

Sú meginstefna er mörkuð, að Framkvæmdastofnun ríkisins geri könnun á því hvort þörf sé fyrir þjónustustofnun, og enn fremur sé gert ráð fyrir staðarvali í þéttbýlisstað eða í stærri bæjarhluta. Hér er gert ráð fyrir að þjónustustofnanir geti átt rétt á sér í stærri úthverfum Reykjavíkurborgar og hinna stærri kaupstaða. Sýnilegt er að þjónustustofnanir hafa ekki síður hlutverki að gegna á þessum vettvangi en í smærra þéttbýli. Það verður að vera í lögum, að ríkisvaldið sé ekki að pukrast sér með uppbyggingu á þjónustuhúsnæði á meðan viðkomandi heimaaðilar eru að byggja upp þjónustustofnun. Hér er að vísu ábendingarákvæði, sem ætti að tryggja eðlilegt samstarf. Mjög nauðsynlegt er, að gerð sé í sambandi við uppbyggingu þjónustustofnunar áætlun til 10 ára um þá starfsemi, sem telst á verksviði hennar. Slík áætlanagerð hlýtur að krefja opinbera aðila og einkaframtak um að gera grein fyrir framtíðaráformum, t. d. stofnanatilfærslu í landinu. Ljóst er að í sumum tilvikum er ekki fjárhagsgrundvöllur fyrir rekstri þjónustustofnana, þótt þær séu sérstaklega nauðsynlegar, þar sem framboð á þjónustu er lítið og langt að sækja afgreiðslu hjá hinu opinbera kerfi. Frá byggðasjónarmiði er nauðsynlegt að í slíkum tilvikum verði veitt aðstoð úr Byggðasjóði eða með beinum styrkjum úr ríkissjóði, sérstaklega þegar hlut á að máli húsnæðisþörf, sem að öðrum þræði er fyrir starfsemi ríkisins.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um stofnun sameignarfélags um þjónustustofnun. Gert er ráð fyrir að eignarhluti verði ekki lægri en 25% stofnkostnaðar. Nauðsynlegt er að setja almennar hömlur á veðsetningu eignarhluta.

Um 5. gr.

Ákvæði til að tryggja að eignarhluti í þjónustustofnun gangi ekki kaupum og sölum á frjálsum markaði, svo að tryggt sé að þeir aðilar fái aðstöðu í stofnuninni, sem starfa á vettvangi hennar.

Um 6. gr.

Eðlilegt er að sett sé sérstök samþykkt um stjórn og starfshætti hverrar þjónustustofnunar, þar sem rekstur þeirra og eignarfyrirkomulag geta verið frábrugðin.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að bæði eigendur og aðrir notendur þjónustustofnunar séu leigjendur hennar og greiði fyrir leiguafnot í samræmi við samþykkt stofnunarinnar og nánari ákvörðun stjórnar og umráðaaðila. Nauðsynlegt er að til staðar sé skýlaus heimild um fyrirframgreiðslu á leigu, þar sem sú tekjuöflun verður happadrjúg við greiðslu á stofnkostnaði. Sjálfsagt er að fyrir hendi séu skýlaus

ákvæði um, að ekki megi framselja leigurétt, og heimild til að víkja aðila úr stofnuninni, sem brýtur reglur hennar. Eðlilegt er að skjóta megi ágreiningi um þetta efni til ráðherra.

Um 8. gr.

Þessi grein skýrir, hver séu verkefni samrekstrar um þjónustustofnun, og greinir hlutverk þjónustudeildar. Gert er ráð fyrir þeim möguleika, að samstarfsnefnd reki þjónustustofnun. Þetta getur verið sérstaklega heppilegt að því er varðar rekstur þjónustudeildar, sem í senn annast störf fyrir almenning og aðila innan stofnunar.

Um 9. gr.

Lögð er sú kvöð á ríkisstjórnina að tryggja við lánsfjáráætlun hverju sinni stofnlán til þjónustustofnunar með sama hætti og nú gildir um stofnlánafyrirgreiðslu vegna framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Stefnt er að því, að Lánasjóður sveitarfélaga, ásamt Byggðasjóði, veiti stofnlán til byggingar þjónustustofnana.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.“

Nd. 720. Frumvarp til laga [272. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Í 4. gr. bætist nýr töluliður nr. 6, svo hljóðandi:
Jöfnunargjald 1% sem reiknað skal á sama hátt og segir í 3. tölulið.
Tímamörk í 2. og 3. tl. falli niður.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. falli niður.

3. gr.

6. málsgrein 6. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. orðist svo:
Lánstími skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er.
Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.
Heimilt er, að lán til húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.
Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

27. gr. orðist svo:

Jarðanefndir samkvæmt jarðalögum skulu vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan hverrar sýslu um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Við 29. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefnda“ í 2. málsgr. komi: jarðanefnd.

8. gr.

Við 39. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefndar“ í lok fyrri málsgr. komi: jarðanefndar.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í l. 68/1973 falli niður.

10. gr.

2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1979, að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. sept. 1978.

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.

Ed. 721. Frumvarp til laga [301. mál]

um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972, um orlof húsmæðra.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð, sem nemi minnst kr. 100 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísitölu framfærslukostnaðar og miðast við vísitöluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí.

Orlofsnefndum er heimilt að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef þörf krefur.

Heimilt er orlofsnefndum að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. III. kafla laga nr. 94 30. desember 1975, um breyting á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Greinargerð.

Félagsmálanefnd hefur verið beðin að flytja frv. þetta og hefir orðið við þeim óskum félagsmálaráðherra án skuldbindingar um fylgi við málið.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að breytt verði gildandi lagaákvæðum um framlög sveitarfélaga til orlofs húsmæðra. Miðar frumvarpið að hækkun þessara framlaga og að þau miðist að nokkru við vísitölu framfærslukostnaðar á hverjum tíma.

Fyrstu lögin um orlof húsmæðra voru lög nr. 45 frá 9. júní 1960. Í þeim lögum var svo kveðið á, að ríkissjóður skyldi ár hvert greiða til orlofssjóðs húsmæðra fjárhæð, er svaraði til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu. Þá gerðu lögin og ráð fyrir framlögum frá sveitarfélögum, en ekki var nánar kveðið á um þau framlög, svo að sveitarstjórnum var í sjálfsvald sett hve há þau væru. Einnig var gert ráð fyrir því, að orlofssjóður húsmæðra nyti framlaga frá kvenfélögum og öðrum aðilum. Framlagi ríkissjóðs átti félagsmálaráðuneytið að skipta með hliðsjón af mótframlögum heima fyrir á hverju orlofssvæði.

Árið 1972 voru lögin um orlof húsmæðra endurskoðuð og hin endurskoðaða útgáfa þeirra samþykkt sem lög nr. 53 frá 29. maí 1972. Í þeim lögum var svo kveðið á að ríkissjóður skyldi greiða til orlofs húsmæðra árlega fjárhæð, er svaraði minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu, og sveitarfélög skyldu greiða eigi minna en 50% á móti framlagi ríkissjóðs. Þá var og veitt heimild til þess að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef aðrar tekjur nægðu ekki.

Með lögum 94/1975, um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau, var svo gerð sú breyting á nefndum ákvæðum um greiðsur til orlofs húsmæðra, að ríkisframlagið var fellt niður, en í þess stað kveðið svo á, að sveitarsjóður greiði árlega upphæð sem svari minnst 150 kr. fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

Þegar fé var síðast veitt í fjárlögum til orlofssjóðs húsmæðra, þ. e. í fjárlögum fyrir árið 1975, var framlagið ákveðið 7.8 millj. kr., en af þeirri fjárhæð voru 300 þús. kr. ætlaðar til þess að standa straum af starfskostnaði landsnefndar.

Eins og fram kemur í framansögðu hefur framlag til orlofssjóðs húsmæðra hingað til miðast við fjölda húsmæðra, en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að miðað verði við fólksfjölda í hverju sveitarfélagi. Ætti þessi breyting að verða til hagræðis við ákvörðun framlagsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lágmark framlags sveitarfélags verði fjárhæð, sem svari minnst 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, en það er samkv. gildandi lögum 150 kr. fyrir hverja húsmóður. Þessi breyting mundi hafa í för með sér talsverða hækkun á framlögum sveitarfélaganna.

Þá felst í frumvarpinu það nýmæli, að hið nefnda lágmark framlags breytist á ári hverju til samræmis við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er ákvæði, sem forvígiskonur í orlofsmálum húsmæðra hafa löngum haft áhuga á að koma í lög.

Ef frumvarp þetta verður að lögum munu breytingar þær, sem í því felast, verða til mikillar eflingar orlofsstarfssemi fyrir húsmæður í landinu, en hún er mikils metin af konum og hefur átt vaxandi vinsældum að fagna. Lögin um orlof húsmæðra og sú starfsemi, sem innt er af höndum samkvæmt þeim, hafa veitt margri húsmóðurinni kost á hvíld og tilbreytingu, sem hún hefði ekki getað notið ella. En jafnan ber að leggja á það áherslu, að þessi aðstaða til orlofs standi fyrst og fremst til boða þeim konum, sem hafa hennar mesta þörf og við erfiðust kjör búa.

Ed. 722. Breytingartillaga [285. mál]

við frv. til l. um sáttastörf í vinnudeilum.

Frá fjármálaráðherra.

2. gr. orðist svo:

Ríkissáttasemjari skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Hann ræður sér starfslið í samræmi við lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Ed. 723. Breytingartillögur [242. mál]

við frv. til lyfjalaga.

Frá Helga F. Seljan.

1. 32. gr. orðist svo:

Framleiðsluverð lyfja skal vera kostnaðarverð með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Söluverð innlendrar lyfjaframleiðslu fer að öðru leyti eftir reglum gildandi lyfjaverðskráa, sem staðfestar eru af heilbrigðisráðherra.

Lyfjaverðlagsnefnd er til umsagnar um öll atriði er varða verðlagningu samkvæmt þessari grein.

2. Við 41. gr.

a. Töluliðir breytist þannig, að nr. 4 og 5 verði nr. 1 og 2, en töluliðir 1., 2. og 3. verði 3., 4. og 5.

b. Aftan við greinina bætist:

Til töluliða 1 og 2 skal skylt að ráðstafa a.m.k. 50% af fjármagni sjóðsins.

Nd. 724. Frumvarp til laga [302. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár erfðafjársjóðs.

Flm.: Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson, Ólafur Óskarsson, Páll Pétursson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Frá og með 1. jan. 1979 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 27. júní 1921, sbr. lög nr. 50 26. maí 1972, og arfur samkv. VIII. kafla laga nr. 8 14. mars 1962 renna í sérstaka sjóði sem nefnast erfðafjársjóðir og stofnaðir verða í öllum kaupstöðum og sýslufélögum landsins.

Borgar- og bæjarstjórnir og sýslunefndir annast vörslu erfðafjársjóða og taka ákvörðun um ráðstöfun á fjármagni þeirra innan þeirra marka, sem lög þessi heimila.

2. gr.

Fé því, sem rennur í erfðafjársjóði, skal varið til þess að koma upp heimilum fyrir öryrkja og gamalmenni, svo og vinnuaðstöðu fyrir þá, sem vinnufærir eru. Þá er heimilt að verja fé sjóðanna til þess að koma upp barnaheimilum, einkum heimilum fyrir fötluð eða vangefin börn.

Heimilt er einnig að veita félögum eða einstaklingum styrki og lán úr sjóðunum í sama skyni.

3. gr.

Innheimtumenn ríkisins greiði sjóðunum erfðafjárskatt þann er til fellur í umdæmum þeirra mánaðarlega, og skal senda skilagrein til ríkisbókhalds eins og fyrir öðrum innheimtum tekjum.

Lögheimili arfláta við fráfall ræður hvert erfðafjárskattur rennur. Ef um er að ræða leyfi til setu í óskiptu búi, ræður lögheimili eftirlifandi maka við fráfall hans.

4. gr.

Senda skal félagsmálaráðuneytinu og ríkisendurskoðuninni árlega reikninga sjóðanna svo og nákvæma skrá um ráðstöfun fjármagns þeirra. Verði fé notað eða því ráðstafað til annarra þarfa en lög þessi gera ráð fyrir, skal félagsmálaráðuneytið láta stöðva greiðslur til viðkomandi sjóða, en taka fé í sína vörslu uns úr hefur verið bætt.

Sama gildir, ef reikningum og skilagrein um ráðstöfun fjárins er ekki skilað á eðlilegum tíma eða ekki er sinnt athugasemdum ráðuneytisins eða ríkisendurskoðunarinnar.

5. gr.

Ekki er heimilt að hefja greiðslur úr sjóðunum fyrr en viðkomandi sveitarstjórnir hafa sett þeim skipulagsskrár og þær staðfestar af félagsmálaráðuneytinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 frá 30. jan. 1952 og síðari breytingar á þeim lögum, svo og öll önnur lagaákvæði sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé því, sem runnið hefur til erfðafjársjóðs fyrir gildistöku laga þessara, skal ráðstafað samkvæmt lögum nr. 12 frá 30. jan. 1952.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er greiðist skattur af öllum dánarbúum, sem ná ákveðinni lágmarkseign, erfðafjárskattur. Erfðafjárskattur er mishár, frá 5% af fyrstu 200 þús. kr. erfð til niðja og upp í 50% af arfi, þegar um útarf er að ræða. Þá falla til erfðafjársjóðs þeir fjármunir dánarbúa, sem erfingjar finnast ekki að.

Eftir gildandi lögum rennur erfðafjárskattur til erfðafjársjóðs, sem er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins og er ráðstafað að fengnum tillögum hennar eftir ákvörðun félagsmálaráðuneytisins. Fé þessu hefur að mestu leyti verið varið til félagssamtaka, sem vinna að uppbyggingu mikilvægra þjónustustofnana, einkum fyrir fólk, sem er fatlað að einhverju leyti eða með skerta starfsgetu. Reyndin hefur orðið sú, að þessar stofnanir hafa nær einvörðungu risið á höfuðborgarsvæðinu. Þangað hefur fé sjóðsins runnið og þangað leitar þá um leið það fólk, sem þarf á vistrúmi að halda í stofnunum af þessu tagi. Þörfin fyrir slíkar byggingar á höfuðborgarsvæðinu verður þá alltaf meiri og meiri, fjárþörfin brýnni og ekkert verður eftir af fé sjóðsins til uppbyggingar úti á landsbyggðinni.

Vegna hinna miklu fólksflutninga úr sveitum og raunar úr byggðum landsins til fárra þéttbýlisstaða, aðallega við Faxaflóa, kemur það oft fyrir, að mikið af arfi og mjög oft allur arfur fellur til fólks, sem býr ekki í heimahéraði arfláta, sem þá hefur einn orðið eftir eða af tryggð haldið heimili sínu í ættarbyggð sinni. Þannig hafa orðið gífurlegir fjármagnsflutningar frá landsbyggðinni til nokkurra þéttbýlisstaða, einkum við Faxaflóa.

Erfðafjárskatturinn er því oft á tíðum það eina úr dánarbúum, sem getur orðið eftir í heimahéraði, en þó því aðeins að ákvæðum laga um ráðstöfun erfða-

fjárskatts sé breytt í það horf, sem lagt er til með þessu frumvarpi. Hér er lagt til, að erfðafjárskattur, sem til fellur í hverju lögsagnarumdæmi landsins, renni þar í sérstakan sjóð, sem varðveittur sé í heimahéraði og gangi þar til uppbyggingingar á aðstöðu fyrir fatlað fólk, gamalt fólk og börn, einkanlega ef um þroskaheft börn er að ræða. Með þessu móti væri það tryggt, að alltaf yrði þó eitthvað eftir í heimahéraði af því fé, sem þar er aflað, þegar skipti verða á dánarbúum. Þörfin fyrir þetta fé heima fyrir er víðast ærin. Á nokkrum stöðum á landsbyggðinni eru til elliheimili, en áform uppi um byggingu þeirra annars staðar. Á sumum þessum heimilum eru möguleikar til að taka við fötluðu fólki, en víðar skortir þó breytingar til þess að aðstaða þess geti verið nægilega góð. Slíkri aðstöðu þarf að gera ráð fyrir við byggingu nýrra heimila. Fjármagn skortir hins vegar mjög til þessara framkvæmda.

Komist þær breytingar fram, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er ekki á nokkurn hátt verið að vinna gegn hagsmunum Reykvíkinga eða þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa. Í fyrsta lagi getur það naumast verið keppikefli fyrir Reykjavík að draga til sín meginhlutann af öryrkjum og gamalmennum landsins. Og í öðru lagi er réttmætt að þeirri skerðingu, sem verða kann á framlögum erfðafjársjóðs til þýðingarmikilla framkvæmda á því svæði, verði mætt með öðrum hætti.

Hinn mannlegi þáttur þessa máls má ekki gleymast. Flestum þeim, sem þurfa að dveljast langdvölum í húsnæði, sem sérstaklega er byggt upp fyrir öryrkja eða gamalt fólk, er kærara að geta notið þeirrar aðstöðu í heimabyggð heldur en fjarri sínum heimakynnum. Tengslin við kunnugt umhverfi, vini og venslafólk gefur lífinu gildi, sem ekki er auðfengið annars staðar.

Nd. 725. Lög [225. mál]

um breyting á lögum nr. 51 2. maí 1968, um bókhald.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 434.

Nd. 726. Lög [227. mál]

um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 529.

Nd. 727. Þinglýsingalög. [152. mál]

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 569 (sbr. 313).

Nd. 728. Lög [153. mál]

um breyting á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 314.

Nd. 729. Lög [154. mál]

um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 315.

Nd. 730. Lög [155. mál]

um breyting á lögum nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 316.

Ed. 731. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 573 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða ⅓ hluta til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

Ed. 732. Frumvarp til laga [253. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 488 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Bætur úr Aldurslagasjóði skulu ákveðnar af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Það er skilyrði fyrir bótum, að ekki sé lengra liðið en 12 mánuðir frá því að viðkomandi skipi var haldið til veiða með eðlilegum hætti, þegar óskað er bóta.

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 100 þús. kr. á rúmlest í skipi. Ef skip er yngra en 15 ára hækkar hámarkið um 10 þús. kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 200 þús. kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi.

Bætur skulu aldrei vera hærri en 30 millj. kr. vegna eins skips. Bætur frá tryggingafélagi og Aldurslagasjóði geta aldrei orðið hærri samanlagt en vátryggingarverð skipsins.

Heimilt er að veita bætur til viðgerða á bolskemmdum af bráðafúa eða skyldum orsökum. Slíkar bætur fara aldrei fram úr 60% viðgerðarkostnaðar, og eigi heldur fram úr þeim fjárhæðum, sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Þegar bætur eru greiddar til þess að skip verði tekið úr notkun, skal skipseigandi sjá um að eyða bol skipsins. Bætur verða ekki greiddar að fullu fyrr en bolnum hefur verið eytt. Vélar og tæki úr skipinu eru eign skipseiganda.

Ed. 733. Frumvarp til laga [189. mál]

um búnaðarfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 367 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu. Nefndarmenn starfi á kostnað þeirrar stofnunar sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

21. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar, og samkvæmt lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nr. 97/1974. Skólastjóri ræður stundakennara.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

Ed. 734. Frumvarp til laga [170. mál]

um Þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 335 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Jafnframt skal það árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

Nd. **735. Lög** [156. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. mars 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 317.

Nd. **736. Lög** [157. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 318.

Nd. **737. Lög** [160. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 321.

Nd. **738. Lög** [161. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengis dóms eða sáttar.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 322.

Nd. **739. Lög** [226. mál]

um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 602 (sbr. 435).

Nd. **740. Lög** [158. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 319.

Nd. **741. Lög** [159. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 320.

Nd. **742. Lög** [262. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 509.

Nd. **743. Lög** [266. mál]

um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943 um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 513.

Nd. **744. Lög** [276. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 551.

Ed. **745. Lög** [169. mál]

um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 334.

Ed. **746. Lög** [184. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 575.

Ed. 747. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um vátryggingastarfsemi.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Alþýðubandalagið hefur það á stefnuskrá sinni, að öll vátryggingastarfsemi hérlendis verði á einni hendi og ein ríkistrygging gildi. Í svo smáu þjóðfélagi sem okkar er það einnig eina réttlætanlega fyrirkomulagið.

Hér starfa í dag fjölmörg tryggingafélög, sem hafa eins konar samtryggingu sín á milli í stað þeirrar „eðlilegu og heilbrigðu" samkeppni, sem oft er á orði höfð af fylgismönnum óhefts einkaframtaks. Undirritaður vill við þetta tækifæri undirstrika nauðsynina á gerbyltingu þessara mála í heild í stað þess fáránlega ofhlæðis, sem í dag ræður ríkjum.

Undirritaður viðurkennir þó þörfina á löggjöf um þessa starfsemi og eftirlit og aðhald, svo sem að var stefnt með lögunum frá 1973, fyrst þessi skipan er á vátryggingastarfsemi í landinu. Undirritaður telur ekki heldur að breytingarnar séu neikvæðar og einstaka sé meira að segja til bóta.

Engin rök hafa hins vegar verið færð fram fyrir því, að nauðsyn sé á lögfestingu þeirra nú í þinglok, þegar svo margt kallar að og enginn kostur er að taka málið til þeirrar meðferðar sem þyrfti. Undirritaður studdi löggjöf um vátryggingastarfsemi á sínum tíma ekki hvað síst á þeim forsendum, að tryggingaeftirliti var þá komið á. Það lágu ágæt markmið þar að baki og eflaust getur slíkt eftirlit verið virkt og haft hin jákvæðustu áhrif.

Hins vegar leynir undirritaður hvergi vonbrigðum sínum með ýmislegt hjá tryggingaeftirlitinu, m. a. því, hversu tryggingafélögin virðast fá uppáskrift þessa eftirlits varðandi óhæfilegar hækkanir tryggingagjalda.

Ríkisstjórn þeirri, sem nú situr og slær hvert metið af öðru í verðhækkunum, hefur meira að segja þótt nóg um og lækkað prósentuna í gjaldhækkunum frá því sem tryggingaeftirlitið hefur lagt blessun sína yfir. Fylgi undirritaðs við tryggingaeftirlit af þessu tagi hefur því farið síbrakandi og lætur hann sig því litlu skipta, hvort þessi stofnun hefur stjórn eður eigi.

Það jákvæðasta, sem undirritaður hefur séð í þessu máli nú, hefur komið fram í breytingartillögu Alberts Guðmundssonar, sem undirritaður hefur tjáð sig fylgjandi.

En með tilliti til aðalstefnu undirritaðs í tryggingamálum og þess, að engin nauðsyn knýr á um lögfestingu þessa frumvarps, leggur hann til, að afgreiðslu þess verði frestað til næsta þings, og tekur því ekki þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 26. apríl 1978.

Helgi F. Seljan.

Nd. 748. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til laga um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Jón Skaftason, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Ragnhildur Helgadóttir.

Sigurlaug Bjarnadóttir. | Vilborg Harðardóttir. | Karvel Pálmason.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 749. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til laga um lyfjafræðinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Ragnhildur Helgadóttir.
Sigurlaug Bjarnadóttir. Vilborg Harðardóttir. Karvel Pálmason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 750. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til laga um manneldisráð.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Ragnhildur Helgadóttir.
Sigurlaug Bjarnadóttir. Vilborg Harðardóttir. Karvel Pálmason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 751. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 12 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Ragnhildur Helgadóttir.
Sigurlaug Bjarnadóttir. Vilborg Harðardóttir. Karvel Pálmason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 752. Nefndarálit [197. mál]

um till. til þál. um vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa á fundum sínum. Aflaði nefndin sér umsagna Æðarræktarfélags Íslands, Líffræðistofnunar Háskólans og Búnaðarfélags Íslands. Allar þessar umsagnir hníga í þá átt, að mikil nauðsyn sé á því að rannsaka nánar lifnaðarhætti æðarfugls.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Páll Pétursson, form., frsm. Karl G. Sigurbergsson. Karvel Pálmason.
Steingrímur Hermannsson. Jón G. Sólnes. Sverrir Hermannsson.
Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 753. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til laga um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Hún hefur fengið á sinn fund ýmsa þá aðila, er að málinu hafa unnið. Nefndin leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum er hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.
Albert Guðmundsson. Helgi F. Seljan. Steinþór Gestsson.
Bragi Sigurjónsson.

Ed. 754. Breytingartillögur [289. mál]

við frv. til laga um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

1. Við 6. gr. Við greinina bætist: enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.
2. Við 7. gr. Greinin hefjist svo:
   Stofnunin hefur sérfræðilega umsjón með o. s. frv.

Ed. 755. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um vátryggingarstarfsemi.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Hún fékk á sinn fund Guðmund Guðmundsson tryggingastærðfræðing. Einar B. Ingvarsson aðstoðarmaður ráðherra hefur einnig verið nefndinni til aðstoðar. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum sem nefndin flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Helgi Seljan mun skila séráliti.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Steinþór Gestsson.

Ed. 756. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 6. gr.
   a. Í stað „kr. 50 000 000“ í 2. mgr. komi: kr. 65 000 000.
   b. Síðasta mgr. orðist svo:
      Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins.
2. Við 10. gr.
   a. Í stað „kr. 35 000 000“ í 2. mgr. komi: kr. 45 000 000.
   b. Síðasta mgr. orðist svo:
      Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Um hæfisskilyrði endurskoðenda skulu gilda sömu reglur og um endurskoðendur í hlutafélögum.
3. Við 15. gr. Í stað „kr. 25 000 000“ í 1. mgr. komi: kr. 35 000 000.
4. Við 22. gr. Við greinina bætist:
   Aðilar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru eign viðkomandi að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu vátryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi skv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til tryggingamálaráðherra, sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem skv. leyfi tryggingamálaráðherra tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaeftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt vátryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.
5. Við 23. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Í nafni vátryggingarfélags skal koma fram að félagið reki vátryggingarstarfsemi. Aðrir en þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, mega ekki bera heiti, sem kunna að benda til eða gefa í skyn að vátryggingarstarfsemi sé rekin. Nafn vátryggingarfélagsins, eða skrásett firmamerki þess, skal o. s. frv.

6. Við 40. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Hyggist þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, breyta vátryggingarskilmálum sínum, eða semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu fyrirhugaða skilmála svo fljótt sem auðið er til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaeftirlitinu þegar í stað.
7. Við 48. gr. Síðari mgr. orðist svo:
   Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga eða viðkomandi vátryggingarfélags, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.

Nd. 757. Frumvarp til laga [268. mál]

um Iðntæknistofnun Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

1. gr.

Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála, og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

3. gr.

Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.

Deildaskipting skal ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Þegar settar eru á stofn sérdeildir, skulu heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja sérdeild. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum sérdeildar við iðnaðinn.

Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar sérdeildir skuli hagað.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar sem hér segir:

Einn fulltrúa án tilnefningar,

einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,

einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna,

einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,

einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til 2ja ára í senn.

5. gr.

Stjórn Iðntæknistofnunar Íslands hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar henni stefnu og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið.

6. gr.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Skal hann skipaður til 4ra ára í senn.

Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda til fjögra ára í senn.

Framkvæmdastjórar aðaldeilda sjá um daglega stjórn þeirra í samráði við forstjóra.

8. gr.

Framkvæmdanefnd stofnunarinnar skal skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum aðaldeilda, framkvæmdastjóra Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins.

Forstjóri stofnunarinnar skal vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk framkvæmdanefndar skal vera að tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis, við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins, m. a. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

9. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

a) Framlag í fjárlögum.
b) Hluti af jöfnunargjaldi, frá og með 1979.
c) Tekjur fyrir selda þjónustu, samkvæmt gjaldskrá sem iðnaðarráðherra staðfestir. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda og eðlis þjónustunnar.
d) Greiðslur frá aðilum vegna stórra verkefna, samkvæmt samningi hverju sinni.
e) Framlög til sérstakra verkefna og aðrar tekjur.

10. gr.

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar í umboði stjórnar og í samráði við framkvæmdastjóra viðkomandi deildar.

Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:

a) Með fastri ráðningu.
b) Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.
c) Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.

Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

11. gr.

Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar Íslands er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, iðnskóla og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.

Starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

12. gr.

Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og gegn greiðslu nema fyrir liggi skriflegt samþykki verkbeiðanda.

13. gr.

Stofnunin tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins, sbr. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, skal haldast.

14. gr.

Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31 16. apríl 1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. kafli laga nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 45. gr. laga nr. 64 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skal innheimt til loka ársins 1978 og renna til Iðntæknistofnunar Íslands.

Ed. 758. Frumvarp til laga [285. mál]

um sáttastörf í vinnudeilum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 604 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ríkissáttasemjari skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Hann ræður sér starfslið í samræmi við lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

8. gr. hljóðar svo:

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir

félög eða félagasambönd launþega og vinnuveitenda eða einstakan vinnuveitanda eigi hann í vinnudeilu til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðilja, áður en hann ber fram miðlunartillögu.

9. gr. hljóðar svo:

Sáttasemjari ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands, getur sáttasemjari ákveðið, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar.

Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri en eins deiluaðilja eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum, sem miðlunartillaga nær til, þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 3. mgr. eftir því sem við á.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

12. gr. hljóðar svo:

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

Sþ. 759. Breytingartillaga [54. mál]

við till. til þál. um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Síðasta málsgrein tillögunnar orðist svo:

Þá verði og tónmenntafræðsla felld, svo fljótt sem unnt er, sem valgrein inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna.

Nd. 760. Breytingartillaga [282. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Við 30. gr. C bætist nýr liður, sem verður 5. liður, svo hljóðandi:

Samanlagt leigugjald fyrir íbúðarhúsnæði, þó aldrei hærri fjárhæð en 300 þús. kr. á ári fyrir einstakling.

Ed. 761. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til lyfjalaga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Hún er sammála um að mæla með því með þeim breytingum er hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Helgi Seljan.
Steinþór Gestsson. Ásgeir Bjarnason.
Albert Guðmundsson. Bragi Sigurjónsson.

Ed. 762. Breytingartillögur [242. mál]

við frv. til lyfjalaga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: enda sé talið líklegt að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni.
2. Við 5. gr. Við greinina bætist:
   Í reglugerð þessari skal kveða á um, hverjar vörur lyfjabúðir einar megi selja.
3. Við 11. gr. Á eftir orðinu „lyfjaformum“ í fyrri mgr. komi: verðs, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdómseinkenna svo og hjáverkana.
4. Við 13. gr. Í stað orðsins „aukaverkunum“ komi: hjáverkunum.
5. Við 14. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., sem hljóði svo:
   Lyfjabúðum, tveim eða fleiri, er heimilt að sameinast um framleiðsluvinnustofu, rannsóknavinnustofu og birgðastöð.
6. Við 15. gr. Aftan við greinina komi:
   Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna.
7. Við 16. gr. Greinin hljóði svo:
   Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við landlækni.
   Í reglugerð þessari skal m. a. kveða á um eftirfarandi atriði:
   1. Hver lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.
   2. Hversu hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
   3. Ávísun lyfja í síma.
   4. Ávísun ávana- og fíknilyfja.
   5. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
   6. Rétt læknisefnis til að ávísa lyfjum.
8. Við 21. gr. Í stað „28“ komi: 18.
9. Við 22. gr. Orðin „en einungis samkvæmt beiðni“ falli niður.
10. Við 24. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.
11. Við 27. gr. Við 3. tölulið bætist: tilnefndan af landlækni.
12. Við 33. gr.
    a. Orðin „og skal hann vera formaður nefndarinnar“ í 1. mgr. falli niður.
    b. Á eftir orðunum „Varamenn eru skipaðir á sama hátt“ komi: Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

13. Við 50. gr.
    a. Í stað orðsins „skráningarverð“ í 4. tölulið komi: kaupverð.
    b. Í stað „28.—36. gr.“ í 6. tölulið komi: 18.—26. gr.
14. Við 60. gr. Í stað „1985“ komi: 1983.

Nd. 763. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum nú síðustu daga. Fundi nefndarinnar sátu einnig Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu og Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi. Einnig komu á fund nefndarinnar Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri og dr. Þorkell Helgason dósent. Þessir menn veittu nefndarmönnum margháttaðar upplýsingar varðandi frumvarpið og útskýrðu málið með reiknuðum dæmum um breytta skattbyrði og önnur áhrif frumvarpsins.

Fyrstu fundirnir voru sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed., og formaður þeirrar nefndar hefur tekið þátt í öllum fundunum.

Frumvarp þetta er að stofni til og efnisskipan byggt á frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fyrir síðasta þing, en varð þá eigi útrætt. Mörg efnisatriði þessa frumvarps eru óbreytt frá hinu fyrra.

Á síðasta þingi var lögð mikil vinna í þessari sömu nefnd í athugun þess frumvarps, sem þá var til umræðu. Nefndin hélt þá fjölmarga fundi um málið, átti viðræður við fulltrúa flestra þeirra aðila og samtaka, sem umsagnir sendu, en alls bárust umsagnir þá frá yfir 20 aðilum. Sú athugun, sem nú hefur farið fram á þessu frumvarpi, er því beint framhald þeirrar vinnu, sem innt var af hendi á síðasta þingi.

Formenn fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda fóru á s.l. sumri ásamt sérfræðingum yfir allar þær umsagnir, sem bárust um hið fyrra frumvarp. Gerðu þeir tillögur til fjármálaráðherra um breytingar með hliðsjón af ýmsum atriðum, sem komið höfðu fram í umsögnum og á fundum fjárhags- og viðskiptanefnda, einnig, að frumvarpið yrði endursamið með tilliti til þess, að staðgreiðslukerfi skatta yrði komið á.

Hefur síðan verið unnið að málinu í fjármálaráðuneytinu og frumvarpið endursamið á grundvelli þessara athugasemda og tillagna.

Um helstu breytingar frá gildandi lögum vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu, þskj. 600.

Vegna hinnar almennu umræðu, sem fram fór á s.l. ári um hið fyrra frumvarp, er rétt að gera sérstaka grein fyrir þeim breytingum, sem nú hafa á orðið:

1. Skattlagning einstaklinga.
   1.1. Lögð er til gerbreyting á reglunum um skattlagningu hjóna. Í stað helmingaskiptareglu fyrra frumvarps er lögð til takmörkuð sérsköttun hjóna. Hvort hjóna um sig telur fram og er skattlagt af launatekjum sínum og atvinnurekstrartekjum. Eignatekjur beggja eru skattlagðar með tekjum þess hjóna er hærri hefur launatekjurnar. Hvort hjóna um sig hefur sama skattstiga og persónuafslátt og einstaklingar. Sá hluti persónuafsláttar, sem öðru hjóna nýtist ekki, færist yfir til hins hjóna. Barnabætur skiptast til helminga milli hjónanna. Til eignarskatts eru eignir hjónanna lagðar saman og helmingur heildareignanna síðan skattlagður hjá hvoru um sig eftir sama eignarskattstiga og gildir um einstaklinga.
   1.2. Lagt er til að launatekjur barna verði sérskattaðar hjá þeim með lágu föstu skatthlutfalli, en börn njóti ekki persónuafsláttar. Í fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir algerri samsköttun foreldra og barna.

1.3. Horfið er frá afsláttarkerfi fyrra frumvarps, en tekið upp frádráttarkerfi svipað ákvæðum gildandi laga. Frádráttarliðum er þó fækkað nokkuð og gjaldendum gefið val um að nota fastan frádrátt, sem ákveðið hlutfall af launatekjum, í stað þess að tíunda og njóta frádráttar vegna lífeyrisiðgjalda, stéttarfélagsiðgjalda, vaxtagjalda og sérstakra gjafa til menningarmála.

1.4. Ýmsum öðrum atriðum er breytt, svo sem reglum um söluhagnað ófyrnanlegra lausafjármuna og reglum um söluhagnað íbúðarhúsnæðis, reglum um frádráttarbærni meðlaga, reglum um skattlagningu utanríkisþjónustumanna, tekjuuppgjör af útleigðu húsnæði o. s. frv.

2. Skattlagning atvinnurekstrar.

2.1. Reglum um fyrningar og söluhagnað er gerbreytt. Í stað ákvæða fyrra frumvarps um fyrningu lausafjár af bókfærðu verði og fyrningu fasteigna af upphaflegu kostnaðarverði eru ákvæði um að fyrning skuli reiknuð af endurmetnu stofnverði fyrnanlegra eigna. Stofnverðið er framreiknað með verðbreytingarstuðli sem miðast við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar milli ára, og árleg fyrning er reiknuð af hinu framreiknaða stofnverði. Fengnar fyrningar eru endurmetnar á sama hátt, þannig að fengin fyrning hvers árs er margfölduð með verðbreytingarstuðli fyrningarársins. Fyrningarhlutföll eru lækkuð frá því sem nú er. Kveðið er á um 10% niðurlagsverð mannvirkja og lausafjár. Í ákvæði til bráðabirgða eru sérstakar reglur um endurmat á stofnverði þeirra eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir gildistöku laganna, og um endurmat á fengnum fyrningum þeirra vegna. Söluhagnaður allra eigna (annarra en íbúðarhúsnæðis innan vissra stærðarmarka í eigu manna) er skv. frumvarpinu skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Hins vegar er ákvæðum um útreikning hans breytt frá fyrra frumvarpi að því er lausafé varðar. Þannig er upphaflegt kaup- eða kostnaðarverð endurmetið miðað við byggingarvísitölu og söluhagnaðurinn telst munur söluverðs og þannig endurmetins stofnverðs að teknu tilliti til endurmetinna fyrninga ef um er að ræða sölu á fyrnanlegum eignum.

2.2. Heimiluð er útgáfa jöfnunarhlutabréfa miðað við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar hlutafélags í árslok 1978, en útgáfa jöfnunarhlutabréfa vegna eignabreytinga eftir það er bundin almennum verðhækkunum.

2.3. Ákvæðum um frádráttarbærni þeirra fjárhæða, sem samvinnufélög greiða félagsmönnum sínum eða færa þeim til séreignar í stofnsjóð, er breytt frá fyrra frumvarpi og eru þau nú líkari ákvæðum gildandi laga um þetta efni.

2.4. Vaxtatekjur félaga af innstæðum í innlendum bönkum eru gerðar skattfrjálsar að vissum skilyrðum fullnægðum, en voru ávallt skattskyldar skv. fyrra frumvarpi.

2.5. Heimiluð er 5% niðurfærsla útistandandi viðskiptaskulda.

2.6. Skilgreiningu á hugtakinu „vörubirgðir“ er breytt þannig að heimild til 30% niðurfærslu nær til fleiri hluta en skv. fyrra frumvarpi.

2.7. Ýmis önnur atriði hafa sætt breytingum, t. d. er skilgreiningin á rekstrarkostnaðarhugtökum breytt frá fyrra frumvarpi, þannig að orðið „nauðsynlegir“ er fellt út. Dráttarvextir af opinberum gjöldum verða frádráttarbærir. Ákvæði er til að forðast tvísköttun við úthlutun arðs milli félaga o. fl.

3. Framkvæmd og viðurlög.

3.1. Um staðgreiðslu vísast til frumvarps þar að lútandi.

3.2. Ákvæði um heimild til að leita fyrir fram úrskurðar ríkisskattanefndar er fellt niður.

3.3. Frumálagning á grundvelli hálfendurskoðaðra framtala nær skv. frumvarpinu til allra einstaklinga, en náði skv. fyrra frumvarpi einungis til þeirra sem ekki stunduðu atvinnurekstur.

3.4. Beiting álaga vegna vanrækslu á að skila framtali eða telja fram allar eignir og tekjur er ekki lengur skilyrðislaus skylda skattstjóra.
3.5. Ýmis önnur atriði hafa tekið breytingum.

Óbreytt eru ákvæði þessa frumvarps um skyldu þess, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila, sbr. 7. gr., 1. tl., 2. mgr. Í 59. gr. eru ákvæði um hvernig með skuli fara, ef ætla má að viðkomandi telji sér lægri tekjur af starfinu en launatekjur hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið hjá óskyldum aðila sem launþegi. Þau ákvæði eru óbreytt frá fyrra frumvarpi, nema bætt hefur verið við ákvæðum, sem varða viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til þessarar tekjuákvörðunar.

Um þessi ákvæði hafa orðið nokkuð skiptar skoðanir. Því hefur verið haldið fram, að með framangreindum heimildum verði skattyfirvöldum gefnar of frjálsar hendur með álagningu skatta á hina ýmsu aðila, sem stunda alls konar smáatvinnurekstur. Meiri hluti nefndarinnar telur ekki ástæðu til að óttast ranglæti af hálfu skattyfirvalda á þessu sviði eða óréttmæta skattlagningu láglaunafólks í smáatvinnurekstri. Lýsir meiri hluti nefndarinnar þeim skilningi sínum á 59. gr., að með henni sé lögð skilyrðislaus skylda á herðar skattyfirvalda að taka tillit til þeirra atriða, sem upp eru talin í greininni og áhrif hafa á launaupphæðina, sem skattþegn ákveður sér. Einnig er bent í þessu sambandi á þá reynslu, sem þegar er fyrir hendi um hliðstæðar viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra, að því er varðar grundvöll að ákvörðun launaskatts þessara aðila, svo og lækkun vergra tekna til skatts til takmörkunar á nýtingu persónuafsláttar til greiðslu útsvars. Ríkisskattstjóri hefur lýst yfir, að viðmiðunarreglur verði hliðstæðar vegna þessara launaákvarðana, þótt grunnurinn kunni að verða endurskoðaður.

Með þessari breytingu er stigið skref í þá átt að skattleggja allan atvinnurekstur með hliðstæðum hætti án tillits til þess, hvort hann er rekinn í félagsformi eða af einstaklingum. Meiri hluti nefndarinnar telur að veigamestu áhrif breytingarinnar verði þau, að tap af atvinnurekstri í eigu einstaklinga verði ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum eigendanna, svo sem launatekjum.

Ákvæði 44. og 45. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir því, að stofnverð eigna sé árlega endurmetið til fyrninga. Ekki hefur þótt rétt að heimila fulla fyrningu af endurmetnu stofnverði í þeim tilvikum sem fyrnanlegar eignir eru fjármagnaðar að einhverju eða öllu leyti með lánsfé, en frumvarpið gerir ráð fyrir því, að fjármagnskostnaður, þar með taldar verðbætur og gengistap af lánum, sé gjaldfært óháð fyrningum. Ótakmarkaðar endurmatsfyrningar samhliða gjaldfærslu alls fjármagnskostnaðar mundi í reynd auka mismuninn milli þess atvinnurekstrar, sem fjármagnar fyrnanlegar eignir með eigin fé, og hins, sem fjármagnar þær með lánsfé.

Í þessum greinum eru sett fram skerðingarákvæði til að draga úr þessari mismunun. Í þeim tilvikum, sem skuldir skattaðila í heild fara fram úr eignum hans, að undanskildum fyrnanlegum eignum, og eignahlutum í félögum, er gert ráð fyrir því, að fyrnanlegar eignir séu að hluta til fjármagnaðar með lánsfé. Skerðing á fyrningum er síðan reiknuð út frá þessum mismun eigna og skulda. Reiknað er árlega tillag í sérstakan reikning, mótreikning fyrninga, sem er ákveðið hlutfall af þeirri fjárhæð, sem skuldir eru umfram þessar tilteknu eignir. Hlutfallið miðast við sama verðstuðul og endurmat eigna, og er mótreikningurinn, eða eftirstöðvar hans, síðan framreiknaðar árlega með verðbreytingarstuðli. Í lok hvers árs er síðan reiknuð fyrning af mótreikningum, sem er tekjufærð á móti almennum fyrningum.

Meiri hluti nefndarinnar telur að frekari athugun þurfi að fara fram á áhrifum þessara ákvæða. Hér er um nýmæli að ræða, sem ekki hefur fengist reynsla af hér á landi eða meðal nágrannaþjóðanna, þótt margir hafi íhugað sams konar vandamál.

Nauðsynlegt er því að kanna áhrif þessara greina frekar á hinar ýmsu greinar atvinnurekstrar, en til þess gefst nægur tími áður en lögin koma til fullra framkvæmda.

Eins og fram hefur komið miðast frumvarp þetta við að staðgreiðsla skatta verði lögfest og er því flutt frumvarp um það efni samhliða þessu.

Ljóst er að staðgreiðslufrumvarpið verður ekki afgreitt á þessu þingi. Til þess er ekki nægur tími, enda málið viðamikið og nýtt í augum þingmanna, þrátt fyrir áratuga umræðu í þjóðfélaginu um upptöku staðgreiðslukerfis. Nefndin mun því ekki gefa út álit nú um það mál, en leggur áherslu á að frumvarpið verði kynnt þeim, sem best þekkja til innheimtu opinberra gjalda, þ. e. innheimtumönnum ríkissjóðs og innheimtum sveitarfélaga. Jafnframt verði óskað umsagna þessara aðila um málið, þótt sveitarfélögin hafi oft tjáð sig meðmælt því að staðgreiðsla yrði upp tekin. Þá mundi við það miðað, að frumvarp um staðgreiðslu yrði lagt fram þegar í upphafi næsta þings og stefnt að afgreiðslu þess fyrir áramót.

Efasemdir hafa komið fram um það, hvort raunhæft sé að ætla að staðgreiðsla komist á 1. janúar 1979. Þótt sú skipulagsbreyting komist ekki á fyrr en ári síðar, breytir það engu um gildistöku og önnur ákvæði þessa frumvarps. Í báðum tilvikum taka lögin samkvæmt þessu frumvarpi gildi 1. janúar 1979, en álagning 1979 vegna tekna 1978 fer eftir núgildandi lögum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt, með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, en gerð verður frekari grein fyrir þeim í framsögu.

Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason skila sérálitum.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Tómas Árnason.
Ólafur B. Óskarsson, með fyrirvara.
Sverrir Bergmann.

Nd. 764. Breytingartillögur [282. mál]

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 13. gr. Í stað „20%“ í 1. mgr. komi: 10%.
2. Við 14. gr. Í stað „20%“ í 4. mgr. komi: 10%.
3. Við 16. gr. Í stað „750 m³“ og „1 500 m³“ í 1. og 5. mgr. greinarinnar komi: 600 m³ og 1 200 m³.
4. Við 18. gr. Í stað „65%“ í 2. mgr. greinarinnar komi: 55%.
5. Við 27. gr. 1. mgr. greinarinnar orðist svo:

Skipting langra námsbrauta í styttri áfanga er mikilvægt atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu, að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til, að undirbúningsþarfir eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að námsmarkmið hvers „brautaráfanga“ liggi ljóst fyrir, þ. e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Ákvæði 6. greinar eru í nánu samhengi við markmiðslýsingu 3. greinar. Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í

kennslunni. — Svigrúm frjálsra valgreina, sem um ræðir í lok greinarinnar, verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum, en áríðandi er að það sé ætíð nokkurt.

Í 7. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem endurskoðun náms á framhaldsskólastigi beinist að m. a., þ. e. að tryggja að engin námsleið verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta á stiginu, en þessi markmið eru hvort öðru tengd. Ljóst er að fyrra markinu, um framhaldsleiðir af öllum brautum, verður tæplega náð án þess að reglur um inngöngu í háskólanám verði teknar til rækilegrar athugunar. Vert er þó að leggja áherslu á, að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði þráðbeint inn í háskóla, heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist eins og efni standa til.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um námskrá og námskrárgerð, sem er forsenda þess að samræmdur framhaldsskóli verði meira en nafnið tómt, svo sem bent er á í greinargerðinni hér að framan (bls. 18). Jafngildi sambærilegra námsáfanga til viðurkenningar á mismunandi námsbrautum er nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að tryggja greiðar „samgöngur" milli brauta, sbr. athugasemd við 7. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði um námsmat og skilyrði til flutnings milli námsáfanga, þ. á m. milli anna og ára, þykir eðlilegra að hafa í reglugerð en lögum. Benda má á, að aðferðir við námsmat, vitnisburðir eða einkunnir og túlkun þeirra eru mjög til umræðu og athugunar um þessar mundir í mörgum löndum og ekki er ljóst hvaða stefnu þessi mál muni taka á næstunni. Afdráttarlaus lagaákvæði um þetta efni geta hæglega orðið til þess að hamla eðlilegu skólastarfi.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, bæði miðað við gildandi löggjöf og fyrri gerð frumvarpsins. Með þeim er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmennum námsmöguleika á framhaldsskólastigi, hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Væntanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Vísir að starfsemi af þessu tæi er þegar fyrir hendi, m. a. á vegum Heyrnleysingjaskólans og þeirra aðila sem annast kennslu blindra. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvert nauðsynja- og réttlætismál það er, að þeim sem bagaðir eru af líkamsfötlun eða þroskahömlun séu búin skilyrði til að ná þeim námsmarkmiðum sem hugur þeirra og hæfileikar standa til.

Um 12. gr.

Í þessari grein, sem eins og 11. gr. er nýmæli, er gert ráð fyrir að uppi verði haldið skipulegu þróunar- og leiðbeiningarstarfi á sviði framhaldsskóla, hliðstæðu því sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla fyrir það skólastig. Þótt menntamálaráðuneytinu sé ætlað að hafa forgöngu um þessa starfsemi og bera ábyrgð á að henni sé sinnt, ber að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að mjög verði stuðst við frumkvæði og ábendingar þeirra sem í skólunum starfa eða starfsemi þeirra varðar öðrum fremur. Þá mun framhaldsskólaráð og aðrir þeir ráðgjafaraðilar sem um ræðir í 18. gr. koma hér mjög við sögu, sbr. athugasemd við þá grein. Með ákvæðum um að framkvæmdaáætlun skuli fylgja fjárlagatillögum ár hvert er stefnt að því að Alþingi sé jafnan tryggð yfirsýn m framvindu og þróunarstefnu í starfi framhaldsskóla, auk þess sem slík áætlanagerð ætti að stuðla að markvísum vinnubrögðum.

Um 13. gr.

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um þá meginreglu að framhaldsskólar skuli að jafnaði starfa í 9 mánuði ár hvert. Árlegur starfstími á einstökum námsbrautum

kann þó að verða nokkuð misjafn, og sama gegnir um kennslumagn. Um þessi atriði þarf að setja skýr ákvæði, a. m. k. um efri og neðri mörk, og virðist eðlilegt að það sé gert í reglugerð.

Um 14. gr.

Í greininni er bent á þrjá mismunandi kosti um tengsl námsbrauta og skólastofnana og gert ráð fyrir að tilhögun ráðist með hliðsjón af aðstæðum. Þó er ætlast til að reynt sé að hafa fleiri brautir en eina í sömu stofnun, þar sem því verður með eðlilegu móti við komið. Er þá einkum haft í huga að raunverulegir valkostir nemenda verði fleiri en ella, en einnig félagslegur ávinningur að samskiptum við nemendur af öðrum brautum, svo og betri skilyrði til hagræðingar í kennslu.

Lokaákvæði greinarinnar er mikilvægt stefnuatriði, þ. e. að í öllum landshlutum verði gefinn kostur á eins fjölbreytilegu námsframboði og unnt er, sbr. og 8. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Í því felst, að hagræðingarsjónarmið verði ekki látin einráð við ákvörðun um staðsetningu einstakra námsbrauta, heldur tekið sanngjarnt tillit til möguleika nemenda á að stunda það nám, sem hugur þeirra stendur til, án þess að þurfa að sækja til fjarlægra landshluta.

Um 15.—16. gr.

Hér er ákvörðunarvald um staðsetningu skólastofnana á framhaldsskólastigi og verksvið þeirra falið menntamálaráðuneytinu í samráði við fræðsluráð, en fræðsluráð skal leita álits skólanefnda og sveitarstjórna í fræðsluumdæminu eftir því sem við á hverju sinni. Kemur hér fram sú stefna, sem áréttuð er frekar í síðari greinum frumvarpsins, að ætla fræðsluráðum í fræðsluumdæmum samkvæmt grunnskólalögum veigamikla ábyrgð á og afskipti af málefnum framhaldsskólanna. Er það atriði nánar rætt síðar, sbr. einkum athugasemdir við 19. gr.

Ákvæði 15. greinar ber að skoða í samhengi við næstu grein (16. gr.), um gerð áætlana um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi. Kemur þá enn skýrar fram, að ætlast er til aðildar heimaaðila að ákvörðun um skipan þessara mála, jafnframt því að Alþingi verði tryggð nauðsynleg yfirsýn í sambandi við ákvörðun fjárveitinga.

Um 17. gr.

Eins og vikið er að í almennri greinargerð hér að framan (bls. 22) er eðlilegt að gera ráð fyrir, að verklegu námi geti verið fyrir komið með ýmsu móti, bæði innan vébanda viðkomandi framhaldsskóla og í tengslum við eða á vegum atvinnufyrirtækja og stofnana. Í þessari grein felst heimild til að nýta síðari kostinn, enda sé með samningi um það efni tryggt eðlilegt samstarf við hlutaðeigandi skóla. Undir þetta ákvæði gæti m. a. fallið námssamningur við iðnmeistara, en jafnframt er því ætlað að verða grundvöllur samstarfs skóla og atvinnulífs á ýmsum sviðum starfsmenntunar þar sem slíku skipulögðu samstarfi er nú tæpast til að dreifa.

Í 31. gr. frumvarpsins eru gerðar ráðstafanir til að núverandi ákvæði iðnfræðslulaga um réttindi og skyldur iðnnema og meistara falli ekki brott fyrr en þeim málum hefur verið tryggilega skipað í löggjöf um vinnustaðanám.

Um 18. gr.

Í 1. málsgr. felst, að yfirstjórn opinberra skólastofnana á framhaldsskólastigi verði að meginreglu í höndum menntamálaráðuneytisins. Undir það ráðuneyti fellur nú þegar langmestur hluti skólakerfisins, en nokkrir sérskólar eru þó á vegum annarra ráðuneyta. Einkum er hér um að ræða nokkrar námsbrautir sem starfræktar eru í tengslum við heilbrigðisstofnanir (sjúkraliðaskóla, þroskaþjálfaskóla, lyfjatæknaskóla, röntgentæknaskóla, ljósmæðraskóla), svo og búnaðarskóla (bændaskóla og garðyrkjuskóla), auk þess sem fáeinir starfsmenntunarskólar eru reknir af ríkisstofnunum (loftskeytaskóli, póst- og símaskólinn). Eðlilegt virðist að allar námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla séu undir yfirumsjón sama ráðuneytis, nema

veigamiklar sérástæður mæli með undantekningu. Slíkar ástæður virðast helst koma til álita í sambandi við bændaskólana sem starfa á Hólum og Hvanneyri, svo og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Þeir eru reknir í nánum tengslum við umfangsmikil bú, sem gegna veigamiklu hlutverki á sviði tilrauna í þágu landbúnaðarins. Er ekki óeðlilegt að telja að sá þáttur sé það þungur á metunum að viðkomandi skólastofnanir eigi fremur heima á verksviði landbúnaðarráðuneytisins en menntamálaráðuneytisins. Hins vegar verður að gera ráð fyrir, að búfræðinámsbrautir verði stofnaðar í tengslum við ýmsa framhaldsskóla landsins, og ættu þær þá að vera undir umsjón menntamálaráðuneytisins. Þá er og mikilvægt, að námið við bændaskólana verði þannig skipulagt, að það geti með eðlilegum hætti fallið inn í hið samræmda framhaldsskólakerfi, enda er svo ráð fyrir gert í frumvarpi til laga um búnaðarfræðslu, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Hinn samræmdi framhaldsskóli mun spanna námsbrautir sem varða flest svið þjóðlífsins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að til sé ákveðinn vettvangur fyrir samráð um stefnumörkun í málefnum framhaldsskóla og um samræmda framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið. Þessu hlutverki er framhaldsskólaráði, sem um ræðir í 2. málsgr., ætlað að gegna. Gert er ráð fyrir að í framhaldsskólaráði verði fulltrúar aðliggjandi skólastiga, einstakra námssviða framhaldsskólans sjálfs og aðila atvinnulífsins, Kvenfélagasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagasamtaka, fulltrúar nemenda, kennara og skólastjóra, auk fulltrúa ráðuneytisins. Miðað við að námsviðin verði 8 að tölu, yrði ráðið með þessum hætti skipað 33 mönnum. Þessu fjölmenna ráði er ekki ætlað að sinna stjórnsýsluverkefnum, heldur að fjalla um meginatriði í stefnu og framkvæmd. Má ætla að hæfilegt þætti að ráðið kæmi saman í þessu skyni einu sinni til tvisvar á ári. Þess hefur orðið vart, að menn væru uggandi um að samkunda af þessu tæi yrði naumast fallin til raunverulegra áhrifa, en telja verður að ráðið ætti að geta orðið harla gagnlegur samráðsvettvangur og raunar hæpið að með góðu móti verði án verið einhverrar slíkrar ráðgjafarstofnunar sem hafi yfirsýn um málefni framhaldsskólastigsins í heild.

Í 3. og 4. málsgr. greinarinnar er fjallað um **námssviðsnefndir** og **námsbrautarnefndir**, skipan þeirra og hlutverk. Verkefni þessara aðila verða fyrst og fremst tengd inntaki náms og námstilhögun. Er þá gert ráð fyrir, að fyrir liggi námsskrá fyrir viðkomandi námsbrautir, þannig að í hlut námsbrautarnefnda komi að fylgjast með framkvæmd og eiga frumkvæði að eða fjalla um breytingar og nýmæli og stuðla með öðrum hætti að þróun náms hver á sinni braut. Námssviðsnefndir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að gæta þess að saræmi sé í störfum námsbrautarnefnda á viðkomandi sviði, þannig að brautirnar einangrist ekki hver frá annarri, gagnstætt því sem að er stefnt með hinum samræmda framhaldsskóla. Vert er að vekja athygli á að gert er ráð fyrir að samstæðar og nátengdar brautir geti verið saman um námsbrautarnefnd og þar með einnig um aðild að námssviðsnefnd. Ljóst er, að á fjölbreyttustu námssviðum verður allmikill fjöldi manna kvaddur til starfa í námsbrautarnefndum, en hvorki verður það talið óæskilegt út af fyrir sig né er þar um að ræða algera nýjung. Má t.d. minna á fræðslunefndir iðngreina sem gert er ráð fyrir í núgildandi iðnfræðslulögum.

Þess skal getið, að þær tillögur sem fram koma í þessari grein um skipan ráðgjafaraðila eru niðurstöður samráðs við ýmsa aðila sem fengu frumvarpið í fyrri gerð til umsagnar.

Í reglugerðarákvæðum sem gert er ráð fyrir í lok greinarinnar þarf m. a. að fjalla um tilhögun á tilnefningu fulltrúa í framhaldsskólaráð, námssviðsnefndir og námsbrautarnefndir, svo og um starfshætti þessara aðila.

Þótt ekki sé vikið að því í sjálfu frumvarpinu er í þessu sambandi rétt að leggja áherslu á, að yfirumsjón málefna hins samræmda framhaldsskóla verður veigamikið verkefni sem krefjast mun eflingar og endurskipulagningar þeirra eininga menntamálaráðuneytisins sem að því vinna.

Um 19. gr.

Það er eindregin skoðun þeirra sem frv. þetta sömdu, að æskilegt sé og eðlilegt að færa ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi á hendur sveitarfélaga eða samstarfseininga þeirra að meira marki en nú á sér stað. Þegar frá eru taldir iðnskólar og framhaldsnám við gagnfræðaskóla hafa langflestir framhaldsskólar til skamms tíma verið alfarið á vegum ríkisins, bæði að því er varðar kostnað og stjórnun. Markverð breyting á þessu er að verða með stofnun fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má telja þá þróun eðlilega, þar sem ljóst er, að úrkostir um nám að lokinni skólaskyldu og framkvæmd þeirra mála eru nú á tímum atriði sem hverja byggð skipta miklu, jafnvel engu minna en tilhögun skyldunáms. Meðan framkvæmd öll er á vegum ríkisins er hætt við að áhugi sveitarstjórnarmanna á þessum mikilvægu málum og tækifæri til eðlilegra áhrifa á skipan þeirra verði minni en skyldi. Hins vegar er skólahaldi á framhaldsskólastigi að jafnaði þannig farið, að víðast má gera ráð fyrir, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að skólastofnun. Virðist ekki óeðlilegt að leggja fræðsluumdæmin átta til grundvallar, þegar ákveða skal svæðaskiptingu að því er varðar stjórn framhaldsskólamála.

Þau sjónarmið sem nú voru rakin liggja að baki ákvæðum þessarar greinar um hlut fræðsluráða, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa að málefnum framhaldsskóla, hliðstæðan því hlutverki sem þessum aðilum er ætlað á sviði grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum, og er ætlast til að um þau verkefni verði nánar mælt í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að slík aukning á verksviði hafi í för með sér þörf á eflingu fræðsluskrifstofa, en ekki virðist sjálfsögð ástæða til að breyta ákvæðum um skipan fræðsluráða af þessu tilefni, enda verður að ætla að við val manna í ráðin verði tekið tillit til breytts starfssviðs.

Í lokamálsgrein greinarinnar er fjallað um frávik frá þeirri meginreglu, að fræðsluumdæmi og framhaldsskólasvæði fari saman. Í þeim kafla almennrar greinargerðar, sem fjallar um skólaskipan (bls. 68 og áfram) kemur fram, að nefndin sem frumvarpið samdi hefur gert ráð fyrir slíkum frávikum í tveimur landshlutum; annars vegar á mörkum Vestfjarðaumdæmis, Vesturlandsumdæmis og Norðurlandsumdæmis vestra, en hins vegar á mörkum Reykjanesumdæmis og Reykjavíkur. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um aðild viðkomandi sveitarfélaga að stjórnsýslu varðandi málefni framhaldsskóla.

Um 20. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að við hvern framhaldsskóla starfi sérstök skólanefnd, nema í því tilviki að einstakt sveitarfélag standi eitt sér að skólanum ásamt ríkinu, en þá fjallar skólanefnd skólahverfisins um málefni framhaldsskólans (3. mgr.).

Í 1. mgr. er fjallað um kóla sem heilt fræðsluumdæmi á aðild að ásamt ríkinu og gert ráð fyrir að fyrir hvern slíkan skóla kjósi viðkomandi fræðsluráð skólanefnd. Til greina kæmi, að allar sveitarstjórnir í fræðsluumdæminu ættu hlut að kosningu skólanefndar í slíkum tilvikum, en sú tilhögun mundi óhjákvæmilega verða allflókin í framkvæmd. Sýnist og eðlilegt að kjörið sé falið fræðsluráði, þar sem það fjallar um skólamálefni fræðsluumdæmisins í heild í umboði sveitarfélaganna.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru sniðin með hliðsjón af þeirri tilhögun sem á hefur komist í þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Þannig á 2. mgr. við um Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík, en 3. mgr. um Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla. Við stofnun Fjölbrautaskólans á Akranesi var hins vegar farin sú leið að hafa sérstaka skólanefnd, þótt að svo komnu standi einungis eitt sveitarfélag að skólanum ásamt ríkinu.

Um 21. gr.

Ákvæði tveggja fyrstu málsgreinanna um skólastjóra og skólastjórn eru að efni til í samræmi við þá skipan sem í gildi er t. d. í menntaskólum. Í síðustu málsgreininni er fjallað um tilvik, þar sem nám á framhaldsskólastigi er í skjóli grunnskóla að því marki, að ekki er ástæða til að stofna til sérstakrar stjórnunareiningar.

Um 22. gr.

Ákvæðin um nemendaráð eru að mestu sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

Um 23. gr.

Greinin kveður á um að gert skuli ráð fyrir almennum kennarafundum innan framhaldsskóla, en um verksvið þeirra skal mæla í reglugerð. Það tíðkaðist nokkuð áður, að í lögum um framhaldsskólastofnanir væri gert ráð fyrir að allir fastir kennarar skólans, ásamt skólastjóra, skipuðu skólastjórn. Á síðari árum hefur fremur verið horfið að þeirri tilhögun skólastjórnar að bæði kennarar og nemendur ættu þar kjörna fulltrúa (sbr. t. d. lög nr. 12/1970, um menntaskóla). Eftir sem áður eiga almennir kennarafundir nauðsynlegu hlutverki að gegna, m. a. sem vettvangur til að fjalla um nýmæli í kennslu- og námsháttum.

Um 24. gr.

Í þessari grein eru talin meginverkefni sem rækja þarf í framhaldsskólum og miða ber við í ráðningu starfsliðs. Það verður hins vegar mjög mismunandi eftir nemendafjölda skóla, námssviðum og fjölda námsbrauta, hve mikinn mannafla þarf til að vel sé fyrir öllum nauðsynlegum starfsþáttum séð. Er gert ráð fyrir, að reglur um skipan starfa séu settar í reglugerð(um) með tilliti til mismunandi aðstæðna.

Þótt fjöldi starfsmanna og verkaskipting verði mismunandi eftir skólastofnunum, koma flestallir þeir starfsþættir, sem í frumvarpsgreininni eru taldir, við sögu í hverjum framhaldsskóla, nema hvað störf við mötuneyti og heimavistir verða bundin þeim skólum þar sem slík aðstaða er. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í samræmdum framhaldsskóla, sbr. almenna greinargerð hér að framan (bls. 20).

Í næstsíðustu mgr. greinarinnar eru fyllri ákvæði en voru í fyrri gerð frumvarpsins um hver háttur skuli hafður á ráðstöfun starfa í framhaldsskólum, m. a. um tillögu- og umsagnaraðila.

Um 25. gr.

Upphafsákvæði greinarinnar er miðað við, að lög verði sett um kröfur sem fullnægja þarf til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari, sbr. frumvarp það um embættisgengi kennara og skólastjóra sem nú liggur fyrir Alþingi. Er þar m. a. að finna ákvæði um menntunarkröfur til kennara framhaldsskóla. Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð megi kveða á um slíkar kröfur til annarra starfsmanna, svo sem þeirra er annast ýmiss konar ráðgjafarstörf.

Í síðari málsgrein greinarinnar er mælt fyrir um, að í reglugerð verði sett ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Er þá haft í huga að framhaldsskólakennurum verði tryggð hliðstæð aðstaða á þessu sviði og kennurum grunnskóla, og gert ráð fyrir að slík ákvæði taki einnig til annarra starfsmanna er vinna að uppeldislegum verkefnum við framhaldsskóla.

Um 26. gr.

Í grein þessari er kveðið á um meginatriði í skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Er þar gert ráð fyrir sem meginreglu, að ríkissjóður greiði allan kennslu- og stjórnunarkostnað en annar rekstrarkostnaður greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af sveitarfélögum. Stofnkostnaður og viðhaldskostnaður greiðist u. þ. b. að 70/100 af ríkissjóði, nema heimavistir u. þ. b. að 85/100.

Í stafliðum a, b og c er fjallað um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Auk ákvæða um skiptingu kostnaðar er þar ákveðið að sett verði í reglugerð ákvæði um hámarksframlög ríkissjóðs, svo sem til kennslu, stjórnunarstarfa og þjónustustarfa.

Tilgangurinn er sá að setja með þessu ramma sem ætti að stuðla að hagkvæmu skipulagi. Einnig er gert ráð fyrir því í staflið c, að þegar framhaldsnám er rekið í tengslum við grunnskóla miðist rekstrarþátttaka ríkissjóðs, auk launahlutdeildar skv. liðum a og b, við fast framlag. Er það gert til einföldunar á uppgjöri á þessum kostnaði. Miðað er við að rekstur heimavista verði með þeim hætti, að ríki og sveitarfélög greiði stofnkostnað, viðhald og rekstur húsanna, en eins og hingað til greiði nemendur mötuneytiskostnað, þ. e. efni og vinnu við matargerð. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði breytt þeirri reglu að nemendur greiði bækur og það efni sem þeir nota í námi sínu.

Að því er tekur til stofnkostnaðar er gert ráð fyrir ámóta fyrirkomulagi og nú er í gildi varðandi grunnskóla, þ. e. að framlag ríkissjóðs verði ákveðin föst krónutala pr. m², sem greiðist óháð raunverulegum byggingarkostnaði. Framlag ríkissjóðs pr. m² að því er varðar kennsluhúsnæði er u. þ. b. 70% af grunntölu (hluta ríkis og sveitarfélags) þeirri sem gildir fyrir grunnskóla, en sú tala er nokkuð breytileg eftir því hvar byggt er. Fyrir heimavistir er þetta hlutfall u. þ. b. 85%, sem er hið sama og nú gildir skv. lögum um skólakostnað nr. 49/1967 um heimavistir fyrir nemendur ofan skyldunáms. Gert er ráð fyrir að kaup á búnaði og lóðargerð greiðist í sömu hlutföllum og byggingarkostnaður.

Um 27. gr.

Í þessari grein er ákveðið að miða skuli aðild sveitarfélaga að stofnun og rekstri framhaldskóla við fræðsluumdæmi, sbr. þó frávik skv. 28. grein, og að öllum sveitarfélögum í umdæminu beri að taka þátt í skólarekstrinum. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um það hvernig kostnaði skuli skipt á milli sveitarfélaganna, og taki þær reglur mið af íbúafjölda þeirra, fjarlægð frá skólastað og þeirrar sérstöku aðstöðu, sem það sveitarfélag nýtur sem hefur skólann innan sinna vébanda. Auk hagkvæmari skólaþjónustu við íbúa á staðnum er þar einnig um að ræða, að í hlut þess sveitarfélags koma að jafnaði útsvarstekjur af launum starfsfólks við skólann sem greidd eru að mestu úr ríkissjóði, svo og tekjur af auknum umsvifum og þjónustu sem af skólahaldinu leiðir.

Um 28. gr.

Í þesari grein felast frávik frá þeirri meginreglu að fræðsluumdæmi sé sú rekstrarheild sem að framhaldsskóla stendur, sbr. athugasemd við 27. gr. Annars vegar er gert ráð fyrir því að einstök sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, geti myndað sjálfstæða rekstrarheild ef þau uppfylla það skilyrði að stærðar vegna sé þar hægt að halda uppi framhaldsnámi í svo verulegum mæli, að tiltölulega lítill hluti nemenda þurfi að sækja út fyrir mörk þeirra. Einnig er gengið út frá því, að ekki sé um að ræða verulegt aðstreymi nemenda annars staðar úr fræðsluumdæminu, þannig að ekki komi til hindranir við skipulagningu skólahaldsins þar. Þetta frávik kemur til álita fyrir kaupstaði eins og Hafnarfjörð, (þá ásamt Garðabæ og Bessastaðahreppi), Kópavog og e. t. v. fleiri. Hins vegar er gert ráð fyrir fráviki, sem felst í því, að eitt eða fleiri sveitarfélög í einu umdæmi geti gerst aðilar að framhaldsskólum í öðru umdæmi með samkomulagi þar um. Er þá haft í huga að mörk fræðsluumdæma eru ekki alltaf hagkvæm með tilliti til samgangna og skólasóknar. Á það t. d. við um A-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Kjalarnes og Kjós.

Um 29. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að í undantekningartilvikum og háð ákveðnum skilyrðum sé vikið frá ákvæðum um þátttöku sveitarfélaga í framhaldsskólakostnaði. Þar sem hér er um að ræða frávik frá grundvallarreglu þykir rétt að heimild til slíkrar ákvörðunar sé hverju sinni háð samþykki Alþingis. Ekki er sýnt að til þessa ákvæðis þurfi að grípa, en þó er það hugsanlegt.

Um 30. gr.

Þess er víða getið í einstökum greinum frumvarpsins, að ætlast sé til að málum verði skipað nánar í reglugerð. Raunar er það augljós stefna frumvarpsins, að því er ætlað að vera undirstaða rammalöggjafar um framhaldsskólastigið, en af því leiðir, að sitthvað sem nú er kveðið á um í lögum um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir verður ekki fellt inn í slíka heildarlöggjöf. Hvorki verður þó talið nauðsynlegt né æskilegt að í framhaldi af setningu rammalaga verði sett endurskoðuð lög um einstök námssvið eða námsbrautir. Hætt er við, að slík lagasetning mundi fremur stefna í tvísýnu en stuðla að þeirri samhæfingu náms á framhaldsskólastigi sem er eitt meginatriði þessa frumvarps. Til þess er ætlast, að með ákvæðum frumvarpsins sé mörkuð nægilega skýrt sú stefna sem fylgja beri um mótun og starfsemi námsbrauta framhaldsskóla til þess að framkvæmdaratriðum megi skipa nánar með reglugerðum. Svo sem fram kemur í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir, að reglugerðir á grundvelli laganna geti ýmist tekið til ákveðinna efnisþátta er varða framhaldsskólastigið í heild eða fjallað um einstök námssvið eða námsbrautir. Dæmi um hugsanlegar reglugerðir af síðara tæinu væri reglugerð um hjúkrunarnám, reglugerð um vélstjóranám o. s. frv.

Ákvæði 2. mgr. er ætlað að tryggja að við undirbúning reglugerða verði leitað samráðs við ýmsa aðila sem eðlilegt er að láti starfhætti og rekstur framhaldsskóla til sín taka.

Um 31. gr.

Ljóst er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar náms á framhaldsskólastigi sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir krefst umfangsmikils undirbúnings sem taka mun talsverðan tíma. Nokkur helstu verkefni sem vinna þarf eru talin í inngangskafla hinnar almennu greinargerðar hér að framan (bls. 24). Gildistökuákvæði frumvarpsins er sniðið með hliðsjón af þessu, þar sem gert er ráð fyrir að allt að fimm ár geti liðið frá samþykkt laganna þar til þau koma til fullrar framkvæmdar.

Í frumvarpsgreininni eru talin lög sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi jafnóðum og hin nýju lög koma til framkvæmda. Er þar um að ræða flest lög sem nú eru í gildi um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Undantekning eru lög um bændaskóla, nr. 55/1963, og lög um garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91/1936, sbr. athugasemd við 18. gr. Orkað getur tvímælis hvort ástæða sé til að fella úr gildi lög um Leiklistarskóla Íslands, með hliðsjón af því að verksvið hans sé án beinna skipulagstengsla við nám á framhaldsskólastigi eins og nú háttar. Á hinn bóginn kann það jafnframt að vera röksemd fyrir því að taka ákvæðin um skólann til endurskoðunar í þessu samhengi. Þótt laga nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, sé ekki getið í upptalningunni, er ljóst að endurskoðun á þeim yrði að óbreyttu nauðsynleg í framhaldi af setningu laga um samræmdan framhaldsskóla, en endurskoðun laganna um Tækniskólann fer nú fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögunum sjálfum. Þá er og rétt að vekja athygli á, að áður en ný heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið kemur til framkvæmda þarf að fara fram endurskoðun á ýmsum lögum þar sem ákvæði um atvinnuréttindi eru bundin námi samkvæmt núverandi skipan, sbr. t. d. lög nr. 69/1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að við afnám núgildandi laga um iðnfræðslu verði áfram í gildi ákvæði þeirra laga um réttindi og skyldur aðila að námssamningum iðnnema, eða þar til almenn löggjöf hefur verið sett um vinnustaðanám, sbr. athugasemd við 17. gr.

Til þess að girða fyrir óvissu um stöðu skólastofnana og námsbrauta meðan ný lög eru að komast til framkvæmda er niðurfelling fyrri laga samkvæmt frumvarpsgreininni bundin því í hverju tilviki, að sett hafi verið reglugerðarákvæði um tilsvarandi námsbraut(ir) á grundvelli hinnar nýju löggjafar.

Þótt þannig sé ekki gert ráð fyrir að lögin komi að öllu til framkvæmda í einu vetfangi þarf að vera unnt að hefjast þegar í stað handa um aðgerðir er miði að því að koma á hinni nýju samræmdu skipan. Er því gert ráð fyrir að mennta-

málaráðuneytið fái umboð til að heimila einstökum skólum frávik frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, ef um er að ræða ráðstafanir sem samrýmast meginstefnu hinnar nýju lögjafar.

Um 32. gr.

Mjög hefur verið um það rætt á undanförnum árum að nauðsyn beri til að bæta og efla aðstöðu verkmenntunar í landinu. Í þessari grein frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, er gert ráð fyrir að sérstakt átak á þessu sviði verði forgangsverkefni við undirbúning að framkvæmd löggjafar um samræmdan framhaldsskóla.

LÝSING NÁMSSVIÐA OG NÁMSBRAUTA

Í þessum kafla er greint frá því hvernig nefndin telur, að samræmdur framhaldsskóli geti greinst í námssvið og námsbrautir. Gerðar hafa verið skýringarmyndir (skipurit) um samræmdan framhaldsskóla, er sýna átta námssvið og nokkrar námsbrautir á hverju þeirra. Er þeim ætlað að auðvelda yfirsýn yfir það, hvernig nefndin telur að skipulag námsbrauta geti orðið. Jafnframt auðveldar það samanburð við það skólaskipulag sem í gildi er. Nefndin telur, að hinn samræmdi framhaldsskóli eigi að þróast frá því kerfi, sem við höfum, til hins nýja á þann hátt að núverandi skólar breyti smám saman starfi sínu og falli með þeim hætti inn í samræmda framhaldsskólann sbr. 15., 16. og 31. gr. í frumvarpinu og greinargerð með því. Þetta tekur nokkurn tíma en ætti ekki að valda losi í skólastarfinu, ef rétt er að þessu staðið.

NÁMSSVIÐ

Yfirlitsmynd sú, sem ber yfirskriftina Samræmdur framhaldsskóli, bls. 35, sýnir í stórum dráttum skiptingu framhaldsskólans í námssvið og að nokkru hvernig þau greinast í námsbrautir. Myndin sýnir einnig hvernig tengsl geta verið á milli námsbrauta innan sama námssviðs og við nám á háskólastigi. Hins vegar sýnir myndin engan veginn hvernig námið á einstökum brautum er skipulagt, né hvernig það tengist námi á öðrum námsbrautum og námssviðum, sjá bls. 15. Það er ótvíræður kostur samræmds framhaldsskóla, að nám á einstökum námsbrautum og námssviðum er unnt að tengja saman á ýmsa vegu. Á yfirlitsmyndinni eru sýnd öll þau tákn, sem notuð eru í skýringarmyndunum.


Rétt er að benda á það að reiturinn sem merktur er í skýringum verklegt og bóklegt nám og er hálfur svartur og hálfur hvítur, þarf ekki að tákna að bóknámi og verknámi sé skipt að jöfnu á námsárið, heldur að í náminu er umtalsverð verkkennsla. Þá ber heldur ekki að líta á reitinn, sem táknar verkþjálfun, alfarið sem eins árs tímabil eins og ferningarnir annars tákna.

Þá er einnig rétt að benda á, að skýringarmyndunum er alls ekki ætlað á nokkurn hátt að sýna tengsl við einstakar menntastofnanir. Þær hugmyndir sem hér eru settar fram eru óháðar því hvaða hlutverki einstökum menntastofnunum er ætlað að gegna á framhaldsskólastiginu eða hvaða ráðuneyti hefur farið með, eða færi með, yfirstjórn einstakra skóla eða námsbrauta.


Þar sem tvær skýringarmyndir eru af sömu tegund er annarri, þeirri sem er með lituðum reitum, ætlað að sýna helstu nýmæli í námi, sem í hugmyndunum felast eða nám sem hefur verið utan framhaldsskólanna til þessa.

Nefndin vill einnig vekja athygli á því, að á yfirlitsmyndinni skipa námssviðin misstórt rúm í myndinni. Það merkir ekki á nokkurn hátt vægi einstakra námssviða í framhaldsskólanum heldur hitt hvernig nefndinni þótti rétt að sýna í grófum dráttum hvernig hugsanleg námsgreining gæti orðið án þess þó að rýra heildarmarkmiðið, samræminguna. Við athugun myndanna á að vera unnt að sjá í megindráttum áætlaða námslengd og samgönguleiðir milli námsbrauta að nokkru marki, en í námskrá verður kveðið á um námsefni hverrar námsbrautar, sem er hinn raunverulegi grunnur sem allt nám verður að reisa á og af því markast að sjálfsögðu möguleikar hvers og eins til að flytjast milli námsbrauta og til að byggja upp nám sitt í framhaldsskólanum.

Samræmdur framhaldsskóli



Samræmdur framhaldsskóli



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

ALMENNT BÓKNÁMSSVIÐ

Almennt bóknámssvið er skipulagt sem 4ra ára nám. Nefndin leggur til að það greinist, eins og nú er í menntaskólum, í fimm meginbrautir sem eru: nýmála-, fornmála-, eðlisfræða-, náttúrufræða- og félagsfræðabraut, en fleiri námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla falla með eðlilegum hætti að þessu sviði, t. d. almenn uppeldisfræðabraut og viðskiptabraut, þótt þær séu ekki sýndar hér.

Námið er skipulagt í námsáföngum sem unnt er að velja saman á ýmsa vegu. Lokapróf af bóknámsbraut veitir rétt til háskólanáms, ef fullnægt er skilyrðum um námseiningafjölda og námsárangur. Sameiginlegur kjarni er þó með öllum bóknámsbrautum, auk hans hefur hver braut bundið samval greina. Til viðbótar geta nemendur valið námsgreinar að eigin vild að vissu marki. Þetta er hliðstætt því sem nú er í menntaskólum.


Hluti af kjarna bóknámssviðs er sameiginlegur kjarna annarra námssviða. Þó er gert ráð fyrir að einhver munur geti verið á einstökum námsáföngum og námseiningar mismunandi margar sem áskilið er að taka í námsgrein.

Af þessum sökum á að vera unnt að kenna saman nemendum af fleiri námssviðum, ef aðstæður í skóla gera það kleift, jafnframt því að nemendur af öðrum námssviðum ættu að geta valið sér námsáfanga af bóknámssviði ef þeir kjósa það, og gagnkvæmt.

Þótt bóknámsbrautir séu skipulagðar sem fjögurra ára námsbrautir, sbr. skýringarmynd á bls. 38, er gert ráð fyrir, að nemendur geti lokið námi fyrr, ef þeir hafa lokið þeim námsáföngum sem krafist er til inngöngu í aðra skóla eða ef nemandi óskar ekki eftir lengra námi. Með þessum hætti er komið til móts við mismunandi afkastagetu nemenda auk þess sem ætla má að tilteknir áfangar á bóknámssviði geti nýst í öðru námi. Á bóknámssviði er gert ráð fyrir hliðstæðu bóknámi og hingað til hefur farið fram í framhaldsdeildum og menntaskólum og öðrum þeim framhaldsskólum sem veitt hafa fræðslu í almennum bóknámsgreinum.

Almennt bóknámssvið

Dæmi um námsleiðir



BÚFRÆÐISVIÐ

Búfræðisvið tekur til búfræði- og garðyrkjunáms. Hér verður gerð grein fyrir fjórum meginnámsbrautum þessa sviðs, þ. e.:

búfræðibraut
búsýslubraut
garðyrkjubraut og
skrúðgarðyrkjubraut.

Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á námi á búfræðisviðinu, þótt byggt sé á þeim grunni sem lagður hefur verið í búnaðarskólum.

Helsta breytingin er sú, að gert er ráð fyrir að ný námsbraut verði stofnuð sem nefnd hefur verið búsýslubraut. Námsbrautin er hliðstæð iðnbrautum á tækni- og hússtjórnarsviðum og í sumum tilvikum gæti orðið um samkennslu að ræða.

Þetta er tveggja ára námsbraut ætluð þeim sem búa sig undir ýmis störf í landbúnaði.

Náminu er skipt milli bóknáms og verknáms eða verklegar þjálfunar í ýmiss konar bústörfum utan húss og innan. Í bóklega náminu verði t. d. kennd íslenska, stærðfræði, eitt erlent tungumál og samfélagsfræði með áherslu á félags-, tryggingaog sveitarstjórnarmál.

Í verklega náminu verði t. d. kennd: búfjárhirðing, meðferð og hirðing véla og áhalda, logsuða, rafsuða, smíðar úr tré og málmi eftir því sem aðstæður leyfa og hússtjórnargreinar fyrir þá sem þess æskja.

Þá telur nefndin að vel geti komið til álita fleiri greinar en hér hafa verið nefndar, svo sem skógrækt, fiskirækt, kjöt- og mjólkurmeðferð og sláturstörf.

Nefndin telur eðlilegt að um nokkurt valfrelsi geti orðið að ræða á þessari námsbraut, einkum þó í verklegum greinum.

Nefndin telur athugandi að koma upp búsýslubraut við héraðsskóla, einkum í héruðum þar sem búnaðarskólar eru ekki starfandi nú.

Annað búfræðinám er byggt ofan á eins árs grunnnám, sjá skýringarmynd bls. 40. Þetta fyrsta námsár á margt sameiginlegt með fyrsta árs námi annarra námssviða þótt gert sé ráð fyrir nokkru sérhæfðu námi í búfræðigreinum.

Sömu námseiningar ættu að vera að einhverju leyti á búsýslubraut og 1. námsári búfræðibrautar og því ætti að vera unnt að hafa einhverja samkennslu.

Á öðru námsári greinist námið, sjá skýringarmynd bls. 40, í búfræði- og garðyrkjubrautir. Það skiptist í bóklegt fagnám og verklega þjálfun í skóla og starfsreynslu á búi eða garðyrkjustöð. Gert er ráð fyrir að námslok að loknu 2. námsári svari til þess sem nú er við búfræðipróf frá bændaskólum. Auk þess sem búfræðipróf veitir rétt til áframhaldandi búfræðináms, veitir annað námsárið meiri og dýpri fræðilega þekkingu til bústjórnar en búsýslubrautin.

Þriðja námsárið er beint framhald 2. árs og er ætlað þeim sem búa sig undir meiri háttar búrekstur, verkstjórn í landbúnaðarfyrirtækjum og skrúðgarðyrkjustörf.

Fjórða námsárið er svo frekari almennur undirbúningur fyrir þá sem stefna að framhaldsnámi í búvísindum eða leita inn í annað nám sem gerir kröfur um aukna almenna menntun.


Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að eftir búfræðipróf, eins og það er nú, sé unnt að bæta við einu námsári í búfræði. Þetta telur nefndin æskilegt vegna þess, að nútíma búrekstur krefst víðtækrar og staðgóðrar þekkingar auk þess sem mörg landbúnaðarfyrirtæki, búnaðarsamtök og stofnanir þurfa á sérmenntuðu starfsliði að halda í þjónustu sinni.

Nefndin gerir ráð fyrir að garðyrkjunámið verði með sama hætti áfram og nú er, en það greinist í tvær brautir, þ. e. garðyrkju- og skrúðgarðyrkju. Kennsla á að geta verið sameiginleg að verulegum hluta á 2. ári á báðum brautum og að einhverju leyti á 3ja námsári, þótt stefnt sé að tvenns konar lokamarki.

Fyrsta námsár búfræðisviðs, svo og 2. námsár búsýslubrautar, ættu að geta farið fram á ýmsum stöðum á landinu, en núverandi bænda- og garðyrkjuskólar ættu að annast um 2. og 3. námsárið, sem er hliðstætt því námi sem nú fer fram í þessum skólum.


Búfræðisvið

Dæmi um námsleiðir



Búfræðisvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

HEILBRIGÐISSVIÐ

Námsbrautir fyrir þá, sem hyggja til starfa í heilbrigðisstéttum og nefndin telur að mennta eigi á framhaldsskólastigi, eru skipulagðar á heilbrigðissviði. Þar er einnig sett snyrtinám, en að mati nefndarinnar á nám og starf að snyrtingu margt sameiginlegt með námi heilbrigðisstétta.

Nefndin leggur til að nám fyrir heilbrigðisstéttir verði skipulagt sem samræmd heild, en eins og nú er farið námi þessara stétta skortir nokkuð á að svo sé. Þá leggur nefndin einnig til að stofnaðar verði nýjar brautir eins og fram kemur hér á eftir, þótt náminu sé ætlað að falla alfarið inn í áfangakerfi samræmda framhaldsskólans. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að skipulagt starfsnám og starfsþjálfun fari fram á heilbrigðisstofnunum eins og verið hefur. Skýringarmynd á bls. 44, sýnir hvernig heilbrigðissvið greinist í námsbrautir. Fyrsta námsárið er hugsað sem almennt bóknámsár og er gert ráð fyrir að allir taki það, en á eftir komi það sem nefndin kallar þrepanám, þ. e. að námslok geti verið eftir mismunandi langan námstíma, t. d. eftir tvö, fjögur, fimm eða sex ár í námi og ætti sá, er nám stundar á námsbrautinni, að vera fær um að taka að sér ákveðin störf eftir hvert þrep, en jafnframt að geta haldið áfram námi, ef hann kýs og tilskildum námsárangri er náð. Þannig á t. d. sjúkraliði að geta haldið áfram námi og lokið hærri prófgráðum síðar. Á þessu fyrsta námsári fer fram kynning á námi einstakra námsbrauta sviðsins og starfi viðkomandi heilbrigðisstétta, en valfrelsi í námi er takmarkað. Nefndin skipar 6 námsbrautum á sviðið sem eru:

1. Snyrtibraut.

Nefndin gerir tillögu um að tekin verði upp kennsla í snyrtigreinum. Er þá átt við andlits-, hand- og fótsnyrtingu, andlitsförðun, húðhreinsun og húðmeðferð o. fl. á þessu sviði. Lengd námsins, eins og sýnt er á skýringarmynd, er tvö ár.

Snyrtinám hefur ekki verið unnt að stunda hér á landi nema að takmörkuðu leyti til þessa. Ýmsir hafa stundað snyrtinám erlendis, en námstími þar er mismunandi langur.

Allstór hópur fólks er farinn að vinna á þessu starfssviði og því þótti nefndinni eðlilegt að leggja til sérstaka námsbraut sem búið gæti fólk undir starfið. Hins vegar liggja ekki fyrir nægjanlegar skilgreiningar á starfssviði þessara starfshópa, svo unnt sé að ákvarða námið endanlega strax.

2. Sjúkraliðabraut.

Nefndin gerir ráð fyrir að námstími fyrir sjúkraliða verði 2 ár, sem er hliðstæður tími og nú er, en gert er ráð fyrir að nám sjúkraliða sé samræmt námi á hjúkrunarfræðibraut á tveimur fyrstu árum hennar að verulegu leyti. Þó er gert ráð fyrir því, að verknám það, sem fram fer á síðara ári á heilbrigðisstofnunum, falli ekki nema að hluta til að námi hjúkrunarfræðibrautar. Til álita kæmi þó að hafa sjúkraliðanám sem fyrsta stig að hjúkrunarfræðinámi og samhæfa námið alfarið.

3. Hjúkrunarfræðibraut.

Hjúkrunarfræðibrautin er skipulögð sem 6 ára nám með námslokum eftir 4., 5. og 6. námsár, eftir því hvaða stig er tekið. Námsbrautin á sér hliðstæðu í námi sem hjúkrunarskólarnir annast nú, en inn í námsbrautina er fellt ljósmæðranám ásamt sérfræðinámi hjúkrunarfræðinga.

Nefndin gerir ráð fyrir að á 4. námsári greinist námið annars vegar í nám sem lýkur með hjúkrunarfræðiprófi, en þetta nám veitir undirbúning til almennra hjúkrunarstarfa, og hins vegar nám fyrir verðandi ljósmæður.

Nám í hjúkrunarfræði lengist frá því sem nú er í lögum um eitt ár, ljósmæðranám um tvö ár og bætt er við sérnámi, sem er eitt eða tvö ár, eftir því að hvaða marki er stefnt í sérnámi. Sérnám eða sérhæfing hjúkrunarfræðinga gerir nefndin ráð fyrir að geti orðið í ýmsum greinum hjúkrunar, svo sem í heilsugæslu, svæfingahjúkrun, geðhjúkrun, barnahjúkrun, ellihjúkrun og til starfa á hand- og lyflækningadeildum sjúkrahúsa.

Þá telur nefndin eðlilegt, að þeir sem lokið hafa fjögurra ára hjúkrunarfræðinámi geti hafið nám í hjúkrunarfræðum í háskóla og lokið BS-prófi væntanlega á 3 árum, sem er styttri tími en stúdentar þurfa nú í Háskóla Íslands, þar sem nám á hjúkrunarfræðibraut ætti að stytta námstíma í háskóla um eitt ár. Hið sama ætti einnig að geta átt sér stað um læknanám að þeir sem stundað hafa nám á heilbrigðissviði gætu stytt tíma til kandidatsprófs í læknisfræði.

4. Þjónustu- og ritarabraut.

Námsbraut þessari, sem er ný, er ætlað að gegna tvíþættu hlutverki. Annars vegar er hún ætluð þeim sem lokið hafa grunnnámi heilbrigðissviðs og búa sig undir ýmis aðstoðar-, afgreiðslu- og þjónustustörf sem unnin eru á heilbrigðisstofnunum eða í tengslum við þær, svo sem almennar upplýsingar, móttöku gesta, aðstoðarstörf á læknastofum, spjaldskrárvinnu, skýrslusöfnun, útfyllingu eyðublaða og ýmis önnur störf, sem æskilegt er að hafa nokkra sérþekkingu til að geta unnið. Nefndin gerir ráð fyrir að hluti námsins verði þjálfun sem fengin er í starfi. Þetta nám ætti einnig að henta vel fólki sem hefur unnið á heilbrigðisstofnunum og kýs að bæta við menntun sína.

Hins vegar er ritaranám ætlað þeim sem gerast læknaritarar og er það skipulagt sem fjögurra ára nám. Á tveimur fyrstu námsárunum er gert ráð fyrir almennu námi fyrst og fremst, svo sem í tungumálum, efnafræði, vélritun o. fl. almennum námsgreinum, en á síðari hluta námstímans er gert ráð fyrir að hluti námsins fari fram á heilbrigðisstofnunum sem verkleg þjálfun. Auðvelt ætti að vera að tengja kennslu á læknaritarabraut í almennum greinum við kennslu á öðrum námssviðum, s. s. á bóknáms- og viðskiptabrautum.

Hér á landi hefur þetta nám ekki verið til og þeir sem lagt hafa stund á þetta nám hafa orðið að sækja það til annarra landa.

5. Lyfjatæknabraut.

Lyfjatæknabraut er hér skipulögð sem 4ra ára nám og er það lenging um eitt ár frá því sem nú er, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að námið verði hliðstætt því sem verið hefur.


6. Röntgentæknabraut.

Röntgentæknabraut er hliðstæð lyfjatæknabrautinni og sams konar lenging á náminu, en breytingar á námsskipulagi eru ekki lagðar til. Hér er ekki um fjölmennar brautir að ræða og verulegur hluti námsins er verkleg þjálfun á stofnunum.

Lyfjatæknanám og röntgentæknanám hófst fyrir fáum árum hér á landi að tilhlutan heilbrigðisráðuneytisins. Þótt hér sé ekki um fjölmenna starfshópa að ræða þykir nefndinni eðlilegt að skipulagt sé nám beggja hópanna á heilbrigðissviði í nánum tengslum við annað nám þar.


Heilbrigðissvið

Dæmi um námsleiðir



Heilbrigðissvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

HÚSSTJÓRNARSVIÐ

Á hússtjórnarsviði hefur nefndin skipað námi, sem er á einn eða annan hátt tengt meðferð og vinnslu matvæla, framreiðslu, matreiðslu, brauð- og kökugerð, hússtjórn og hótelrekstri. Á skýringarmynd á bls. 48, eru sýndar sjö námsbrautir mislangar eða frá einu ári upp í fimm. Þær eru:

iðjubraut
brauðgerðarbraut
framreiðslubraut
matreiðslubraut
kjötiðnabraut
matráðsmannabraut
hússtjórnarbraut.

Gera má ráð fyrir að fljótlega þurfi að bæta við nýjum námsbrautum á sviðinu, t. d. í lagmetisiðnaði.

Að loknu grunnskólanámi er um tvær leiðir að velja til náms á hússtjórnarsviði, þ. e. að fara inn á iðjubraut eða fara inn í grunnnám hússtjórnarsviðs, sem er hugsað sem sameiginlegt undirstöðunám fyrir síðari sérhæfingu á einstökum brautum sviðsins. Á fyrsta námsári er gert ráð fyrir nokkuð stórum sameiginlegum kjarna sem að hluta til verði sami námskjarni og á öðrum námssviðum. Á öðru námsári má gera ráð fyrir að hluti náms flestra brauta falli saman.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir námsbrautum sviðsins.

1. Iðjubrautir.

Iðjubrautir eru nýjar, þ. e. þær eiga sér ekki hliðstæðu í skólakerfi okkar. Nefndin gerir ráð fyrir að námið verði að hluta til verklegt og fari fram á vinnustöðum, en bóknám verði veitt í önnum eða á námskeiðum í skóla. Þá er miðað við, að námskjarna hússtjórnarsviðs sé skipt á tvö ár, en námslok gætu þó orðið eftir eitt ár í sumum tilvikum, sé um mjög frábreytt störf að ræða. Nefndin telur að svona námsskipan henti vel starfsfólki í kjöt- og mjólkuriðnaði og einnig við annan matvælaiðnað eða meðferð og flutning á matvælum, þar sem áhersla er lögð á stutt en hagnýtt nám. Iðjubrautir hússtjórnarsviðs eru hliðstæðar iðjubrautum tæknisviðs, sjá kafla um tæknisvið bls. 53.

2. Brauðgerðarbraut.

Nefndin gerir ráð fyrir að komið verði upp námsbraut í brauð- og kökugerð. Námsbraut þessi ætti að taka til bakaraiðnaðar, svo og annars náms til undirbúnings störfum við brauð- og kökugerð, þótt það falli ekki undir löggiltar iðngreinar, því að ætla má að brauðgerðariðnaður fari vaxandi.

3. Framreiðslubraut.

Hún er ætluð framreiðslufólki á hótelum, veitingahúsum og veitingastöðum sem þarf á sérmenntun að halda. Nefndin gerir ekki tillögur um neina verulega breytingu á námi framreiðslufólks frá því sem nú er.

4. Kjötiðnabraut.

Nám í kjötiðnaði er ekki fjölbreytt eins og nú er. En nefndin telur að mikilvægt sé að til boða standi nám sem lýtur að meðferð kjöts og vinnslu þess, því að aukin fjölbreytni í kjötvinnslu hlýtur að ryðja sér til rúms hér á landi sem annarsstaðar. Þess vegna leggur nefndin til að stofnuð verði sérstök námsbraut í kjötiðnaði er taki bæði til náms í löggiltum iðngreinum og iðjustörfum.

5. Matreiðslubraut.

Þessi námsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut og er það eins árs stytting á námi matreiðslumanna frá því sem nú er. Þá gerir nefndin ráð fyrir að unnt sé að ljúka námi af brautinni eftir tvö ár, t. d. námi sjókokka og þeirra sem vinna í smærri mötuneytum.

Brauðgerðar-, framreiðslu-, kjötiðna- og matreiðslubrautir geta allar fallið að núverandi skipulagi iðnfræðslu að því leyti að meistarakerfið getur haldið sér, þótt einnig sé unnt að stunda allt námið í skóla. Nefndin gerir ráð fyrir að námi geti lokið með sveinsprófi og að meistararéttindi haldi sér þá, en þau sé aðeins unnt að fá með því að stunda nám í meistaraskóla. Um allar þrjár síðast töldu brautirnar gildir hið sama að þeir sem hafa lokið sveinsprófi geta farið í meistaranám eða tæknanám, sjá skýringarmynd bls. 48.

6. Matráðsmannabraut.

Matráðsmannabraut er ætluð fólki sem býr sig undir störf í mötuneytum skóla, vinnustaða og sjúkrahúsa. Nefndin telur að eðlileg námslok gætu verið að loknu öðru námsári, en þriðja árið væri ætlað þeim sem tækju að sér stærri og ábyrgðarmeiri verkefni. Að loknu matráðsmannanámi er unnt að fara í tæknanám sem einkum er ætlað þeim sem taka að sér stærri mötuneyti, hótel eða óska að sérhæfa sig á einhverju sviði, t. d. í sjúkrafæði, rekstri matsölustaða eða framleiðslustjórn í matvælaiðnaði.

7. Hússtjórnarbraut.


Hússtjórnarbraut er skipulögð sem 2ja eða 4ra ára námsbraut. Á tveggja ára námsbrautinni er gert ráð fyrir almennri fræðslu í hússtjórn og miðar að því að búa nemendur undir venjulegt heimilishald, en fjögurra ára námið miðar einkum að undirbúningi undir háskólanám, annaðhvort kennaranám eða annað háskólanám. Námið á 3. og 4. ári gæti fallið vel að námi á almennri bóknámsbraut og af þeim sökum ólíklegt að um kennslu á 3. og 4. ári verði að ræða sem sjálfstæða einingu þótt leiðin sé sýnd á myndinni á bls. 48 sem samfelld braut á þessu námssviði.

Nefndin telur æskilegt að efla eina menntastofnun sem gæti annast um meginhluta náms hússtjórnarsviðs, þar sem hinn sameiginlegi námskjarni sviðsins er stór, en kennslubúnað og húsnæði þarf að miða við sérhæft nám.

Nefndin telur eðlilegt, að Hótel- og veitingaskóli Íslands gegni þessu hlutverki, þótt einstakar brautir á hússtjórnarsviði eigi að sjálfsögðu að koma á ýmsum stöðum á landinu eftir því sem nemendafjöldi og aðstæður leyfa. En námið á að vera auðvelt að skipuleggja í námseiningum og samræma það námi á öðrum námssviðum.


Hússtjórnarsvið

Dæmi um námsleiðir



Hússtjórnarsvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

LISTASVIÐ.

Nefndin hefur skipað leiklistar-, myndlistar- og tónmenntarnámi saman á listasvið. Þótt námsbrautir þessar séu ólíkar að því er varðar námið sjálft, eiga þær þó það sameiginlegt að veita menntun til að flytja, túlka eða skapa listræn verk.

Nefndin gerir ráð fyrir sameiginlegum námskjarna fyrir allar námsbrautirnar á fyrsta námsárinu. Í hinum sameiginlega kjarna ætti t. d. að vera: íslenska, eitt erlent tungumál, menningarsaga og listasaga. Nefndin telur æskilegt að á fyrsta námsári á listasviði sé veitt alhliða kynning listrænna greina, svo að nemendur fái nokkra innsýn í listræna menningararfleifð íslendinga og annarra þjóða.

Allar námsbrautirnar eru skipulagðar sem 4ra ára brautir, sem greinast á öðru námsári, sjá skýringarmynd bls. 51. Þótt námsbrautirnar séu sýndar sem 4ra ára brautir, er nefndinni ljóst að námsafköst einstaklinga í listrænum greinum eru mismunandi mikil og ráðast af undirbúningi, listrænum hæfileikum og þjálfun nemenda.


Þess vegna má gera ráð fyrir mislöngum námstíma einstaklinga áður en skilgreindum námslokum er náð eða fenginn nægur undirbúningur til að geta hafið háskólanám.

Nefndin gerir ráð fyrir, að kennaranám í listgreinum verði samhæft annarri kennaramenntun.

Nefndin leggur áherslu á, að nemendur á öðrum námssviðum framhaldsskóla eigi kost á að velja listgreinar sem þátt í námi sínu til jafns við aðrar greinar.


Listasvið

Dæmi um námsleiðir



Listasvið

Dæmi um námsleiðir



Helstu nýmæli í námi á námssviðinu sýnd með rauðum reitum.

TÆKNISVIÐ.

Tæknisvið er umfangsmesta námssvið framhaldsskólans, enda eru kröfur um kunnáttu og sérhæfni í tæknigreinum orðnar miklar og margbreytilegar og verður að taka mið af því við skipulagningu námsins.

Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður á rekstrarkostnaði framhaldsskóla 1976 og íbúafjölda í fræðsluumdæmunum.

Rekstrarkostnaður framhaldsskóla 1976.
(Búnaðarskólar og verslunarskólar ekki meðtaldir).

	Rekstrarkostnaður 1976 – millj. kr. –				Rekstrarkostnaður pr. íbúa – þús. kr. –		
	Greitt af ríki	Greitt af sveitarf.	Samtals	Íbúafjöldi 1.12.'76	Greitt af ríki	Greitt af sveitarf.	Samtals
Reykjavík	1 101,7	107,6	1 209,3	84 493	13,0	1,3	14,3
Reykjanes	213,1	50,3	263,4	46 425	4,6	1,1	5,7
Vesturland	58,6	14,3	72,9	14 047	4,2	1,0	5,2
Vestfirðir	78,2	4,0	82,2	10 080	7,8	0,4	8,2
Norðurland vestra	29,1	8,5	37,6	10 203	2,9	0,8	3,7
Norðurland eystra	172,9	30,3	193,2	24 322	7,1	0,8	7,9
Austurland	30,8	5,1	35,9	12 260	2,5	0,4	2,9
Suðurland	114,8	16,6	131,4	19 088	6,0	0,9	6,9
Landið allt	1 799,2	226,7	2 025,9	220 918	8,1	1,0	9,2

Kemur þar fram að framlag ríkissjóðs var að jafnaði um 8 100 kr. á íbúa og framlög sveitarfélaga um 1 000 kr. á íbúa. Hæst var framlag ríkisins í Reykjavík eða um 13 000 kr. á íbúa en lægst á Austurlandi og Norðurlandi vestra eða 2 500—3000 kr. á íbúa. Mismunurinn stafar að mestu af mismunandi fjölda nemenda. Framlög sveitarfélaga á íbúa eru einnig hæst í Reykjavík eða um 1300 kr. en lægst á Vestfjörðum og Austfjörðum um 400 kr. á íbúa.

Í viðræðum við nefnd þá sem fjallar um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kom fram í þeirri nefnd hafði þegar verið fjallað um fjármál framhaldsskólans og fram verið sett sú hugmynd að ríkissjóður greiddi allan kostnað við framahaldsskóla, þó verði einu eða fleiri sveitarfélögum saman heimilt að stofna til allt að tveggja ára framhaldsnáms að fullnægðum ákveðnum skilyrðum og greiddist kostnaður í þeim tilvikum skv. ákvæðum grunnskólalaga. Þá var og gert ráð fyrir að sveitarfélögin gætu ákveðið námsvistargjald fyrir nemendur úr öðrum sveitarfélögum. Einnig fólst í hugmynd þessari að sveitarfélög eða samtök þeirra hefðu verulega stjórnunaraðild.

Þá er nefndinni kunnugt um að hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafa verið í athugun nýjar tillögur er stefna í þá átt að gera ekki verulegar breytingar frá því sem nú er og gera ráð fyrir að sveitarfélög verði aðilar að rekstri allt að tveggja ára framhaldsdeilda á sama hátt og þau kosta iðnnám, og að rekstri fjölbrautaskóla eins og nú er, en ríkið reki sérskóla. Er þá og gert ráð fyrir heimild til sveitarfélaga að leggja á námsvistargjald fyrir nemendur úr öðrum sveitarfélögum.

Nefndin hefur á fundum sínum rætt ýtarlega þau atriði sem að framan greinir og þau viðhorf sem fram hafa komið hjá þeim aðilum öðrum sem um málið hafa fjallað þó hún hafi ekki enn sem komið er mótað tillögur sínar.

Yfirlit yfir fjölda og hlutfallsskiptingu nemenda í framhaldsskólanámi eftir menntastofnunum skólaárið 1976—1977.

	Í skólum kost. af ríki		Í skólum kost. af ríki og sveitarfélögum		Í einkaskólum		Nemendur alls	% af heildar-nemenda-fjölda
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		
Menntaskólar og menntadeildir	3 607	(100)	–	(-)	–	(–)	3 607	(29)
Fjölbrautaskólar	–	(–)	1 016	(100)	–	(–)	1 016	(8)
Gagnfræðadeildir og framhaldsdeildir	354	(13)	2 393	(87)	8	(–)	2 755	(22)
Iðnskólar, Vélskólar, Stýrimannaskólar, Fiskv.skólinn, Hótel- og veitingask.	732	(23)	2 473	(77)	–	(–)	3 205	(26)
Skólar f. heilbrigðisstéttir og Fósturs.	689	100	–	–	–	(-)	689	(6)
Húsmæðraskólar	25	(18)	103	(74)	11	(8)	139	(1)
Bændaskólar	127	(100)	–	–	–	(–)	127	(1)
Verslunarskólar	–	–	–	–	774	(100)	774	(6)
Samtals	5 534	(45)	5 996	(49)	782	(6)	12 312	(100)

Ath. Ekki eru meðtaldir nemendur í starfsþjálfunarskólum stofnana, flugskólum, listaskólum, kvöldskólum, námsflokkum, bréfaskólum, námskeiðum af ýmsu tagi og öldungadeildum.

Yfirlit yfir fjölda nemenda í framhaldsnámi eftir 9. bekk grunnskóla skólaárið 1976/77. Skipt eftir skólategundum og fræðsluumdæmum.

	Reykjavík	Reykjanesumdæmi	Vesturlandsumdæmi	Vestfjarðaumdæmi	Norðurlandsumdæmi vestra	Norðurlandsumdæmi eystra	Austurlandsumdæmi	Suðurlandsumdæmi	
Menntaskólar og menntadeildir	2 477	263	–	157	–	530	–	180	3 607
Fjölbrautaskólar	448	568	–	–	–	–	–	–	1 016
Gagnfræðadeildir og framhaldsd. Iðnsk., Vélsk., Stýrim.sk., Fiskv.sk.,	916	610	198	108	153	322	123	325	2 755
Hótel- og veitingaskólinn	2 012	261	170	119	84	280	56	223	3 205
Skólar f. heilbr.stéttir og Fósturs.	689	–	–	–	–	–	–	–	689
Húsmæðraskólar	25	–	37	3	11	24	–	39	139
Bændaskólar	–	–	62	–	41	–	–	24	127
Verslunarskólar	694	–	80	–	–	–	–	–	774
Samtals	7 261	1 702	547	387	289	1 156	179	791	12 312
Samtals í % af heild	(59)	(14)	(4)	(3)	(2)	(9)	(1)	(6)	(100)
Þar af í skólum kost. af ríkinu	3 823	335	139	221	98	590	24	294	5 534
Þar af í skólum kost. af ríkinu í %	(52)	(20)	(25)	(57)	(34)	(51)	(13)	(37)	(45)
Í skólum kost. af ríki og sveitarfél.	2 744	1 367	328	166	180	566	155	489	5 596
Í skólum kost. af ríki og sv.fél. í %	(38)	(80)	(43)	(43)	(62)	(49)	(87)	(62)	(49)
Í einkaskólum	694	–	80	–	11	–	–	8	782
Í einkaskólum í %	(9)		(15)		(4)			(1)	(6)

Ath. Ekki eru meðtaldir nemendur í starfsþjálfunarskólum stofnana, flugskólum, listaskólum, kvöldskólum, námsflokkum, bréfaskólum, námskeiðum af ýmsu tagi og öldungadeildum.

UMSAGNIR

1. FÉLAG MENNTASKÓLAKENNARA

Menntamálaráðuneytið.
Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri.

Félagi Menntaskólakennara barst á s.l. vori til umsagnar frá ráðuneyti yðar Frumvarp til laga um framhaldsskóla. Mjög fljótt kom í ljós að allt of litlar umræður höfðu farið fram um málefni framhaldsskólastigsins meðal kennara. Til þess að unnt væri að leggja fram rökstuddar athugasemdir við frumvarpið reyndist því nauðsynlegt að stofna til umræðufunda, smárra og stórra. Hefur sérstök nefnd haft frumvarpið til athugunar á vegum FM, það hefur verið kynnt og rætt á tveim fulltrúaráðsfundum — að undangengnum umræðum í félagsdeildum — og stjórn félagsins hefur fjallað um það á sínum fundum. Jafnframt tóku félagar úr FM þátt í ráðstefnu BHM um frumvarpið nú í vetur. Á grundvelli þessara umræðna og þessarar vinnu gerir FM eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

A. Almennt fagnar FM þeirri stefnu frumvarpsins að auka jafnrétti til náms, hvar sem menn eru búsettir á landinu og hverjar sem aðstæður þeirra kynnu að vera. Jafnframt er fagnað þeirri stefnu menntamála sem geri verknámi og bóknámi jafnhátt undir höfði.

B. Við einstaka kafla og greinar frumvarpsins gerir FM eftirfarandi athugasemdir:

I. kafli. Gildissvið.

Engar athugasemdir hafa komið fram við þennan kafla frumvarpsins, enda lýtur hann eingöngu að opinberum framkvæmdaleiðum.

II. kafli. Markmið.

Þótt allir virðist geta tekið undir þau fögur og almenn orð sem notuð eru í þessum kafla lagafrumvarpsins (grein 3), hefur gildi greinarinnar mjög verið dregið í efa. Virðist eðlilegt að miklu nánari hliðsjón væri höfð af samsvarandi markmiðslýsingu grunnskólalaganna og markmið frumvarpsins þannig skilgreind betur. Þá bendir FM einnig á að meðan ekkert er um það sagt hvernig ná eigi góðum markmiðum og hvert einasta atriði í markmiðalýsingu er túlkunaratriði (Hvað er markviss undirbúningur starfs? Hvað er alhliða þroski?), er vandséð að greinin komi framkvæmendum laganna að nokkru verulegu haldi. Jafnframt hefur komið fram gagnrýni á það að unnt virðist að skilgreina námslok sem ekki leiði til neinna starfsréttinda, en geri nemendur í besta falli að „góðum starfskröftum", enda er með sjöttu grein frumvarpsins lagt í vald reglugerða hvernig skilgreina skuli markmið framhaldsskóla.

III. kafli. Inngönguskilyrði.

Sú hugmynd sem hér kemur fram um jafnan rétt allra til náms og þar með um rétt til einhvers framhaldsnáms án tillits til frammistöðu á prófum grunnskólans, hefur lítilli gagnrýni sætt innan FM. Hins vegar skal á það bent að með heimildarákvæðum frumvarpsins um sérstakar lágmarkskröfur í einstökum greinum er öldungis óvíst að 4. grein leiði til nokkurrar breytingar frá núverandi ástandi. Jafnframt er augljóst að gera verður skólunum kleift að bregðast skynsamlega við, ef um verulega breytingu yrði að ræða, s.s. aukna breidd í námsgetu nýnema á bóknámsbrautum. Það er auðséð að engum er greiði ger með því að hlevpa honum með lélegan undirbúning inn í „menntaskóla" og fella hann þar að loknu eins vetrar striti. Aftur á móti hníga veruleg rök til þess að gera megi bóknám

skólanna hagnýtara miklu fleiri nemendum en nú er með skynsamlegum breytingum á námsefni og kennsluháttum. Hér væri um það að ræða að miða námskröfur við getu nemenda, spyrja fremur „Hvað geta nemendur lært“ en „Hvað eiga menn að kunna að loknu þessu skólastigi“. Því aðeins að slíkar breytingar komi til er séð fyrir því að fjórða grein frumvarpsins fái nokkra merkingu nema á pappírnum.

IV. kafli. Námsskipan.

5. grein. Í samræmdum framhaldsskóla virðist augljós nauðsyn þess að skilgreina **námsáfanga**, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar er það afar hæpinn skilningur sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið (bls. 17), að unnt sé að finna „millistig milli hins hefðbundna bekkjakerfis og áfangakerfisins“. Slíkt millistig yrði hálfkák eitt, fljótlega óframkvæmanlegt og kennslufræðilega mjög slæm leið. Hér yrði óhjákvæmilega um að ræða eftirsetu í bekk í ákveðinni grein eða greinum, og aldrei gæfist færi á að vinna þá eftirsetu upp. Auk þess yrði ógerlegt að koma saman töflu fyrir skólana um leið og orðið væri um að ræða nema örfáa nemendur og sárafáar greinar.

FM vill þó að sínu leyti leggja áherslu á að það áfangakerfi sem reynt hefur verið, t. d. við Menntaskólann við Hamrahlíð, þarf að allra dómi endurskoðunar við. Jafnframt mun þeim sem að þessum málum starfa vera ljóst að nauðsynlegt er að samræma áfangakerfin að einhverju marki, eigi ekki að skapast fullkominn glundroði (t. d. við flutning nemenda milli skóla eða námsbrauta). FM heitir á stjórnvöld að flana ekki að neinu í þessu efni heldur sjá til þess að nauðsynleg úttekt á áfangakerfunum fari fram og síðan verði staðið að samræmingu á grundvelli fenginnar reynslu.

Ennfremur leggur FM áherslu á að mikinn undirbúning þarf til þess að unnt verði að skilgreina áfanga í sameiginlegum kjarna svo ólíkra námsbrauta sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það verður glapræðisflan eitt, ef reynt verður á grundvelli þeirrar skiptingar sem verið hefur á námsefni milli bekkja eða áfanga í hefðbundnum menntaskólum að „búa til“ kjarna fyrir samræmdan framhaldsskóla. — Sjá nánar síðar um reglugerðir.

6. grein. Nauðsynlegt verður að kveða svo skýrt að orði í lögum um framhaldsskóla að tryggt sé að námslok verði aldrei skilgreind án þess þau leiði til starfsréttinda eða skýlausra réttinda til áframhalds. Orðalag greinarinnar í frumvarpinu tryggir þetta ekki (sbr. áður um II. kafla).

9. grein. Eðlilegt er að námsskrár verði settar af menntamálaráðuneyti, og er enginn ágreiningur um það efni. Hins vegar vill FM leggja á það áherslu að við samningu námsskráa verði höfð full samvinna við kennara og nemendur. Á undanförnum árum hefur fjölgað mjög sérgreinafélögum kennara og er hægurinn hjá að hafa samvinnu við þau. Telur FM að slíkt fyrirkomulag ætti að tryggja í lagasetningu. — Minna má á þá aðferð sem tíðkast hefur í Danmörku í þessu efni. Þar eru námsskrár eins og hér um ræðir samdar af nefnd þar sem sæti eiga tveir fulltrúar ráðuneytis, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda. Virðist okkur sú leið til fyrirmyndar.

Ennfremur vill FM minna á það sem áður er fram komið, að fara þarf fram ýtarleg athugun á því hvaða námsefni henti í hverjum áfanga og á hverju stigi. Virðist eðlilegt að skólarannóknir verði stórlegar efldar og tengdar þeim stofnunum sem fást við kennaramenntun. Án slíkra grundvallarrannsókna er hætt við að námskrárgerð verði kák eitt.

10. og 11. grein. Hér er fjallað um reglugerðir. Síðan verður um þær greinar rætt í einu lagi. Þó skal hér tekið fram að FM teldi eðlilegra að 11. grein orðaðist svo: „Setja skal í reglugerð ákvæði um árlegan starfstíma framhaldsskóla.“ — Það virðist augljós nauðsyn að væntanleg lög tryggi skólunum nægilegt sjálfræði um fyrirkomulag og skipulagningu kennslu. Kemur þar ýmislegt til greina s.s. lengd

kennslustunda, áfanga- eða bekkjakennsla (þar sem því yrði við komið), „opinn skóli“ eða önnur form á skólastarfi. Væri fráleitt að binda skólastarfið svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

V. kafli. Skólaskipan.

Í meginatriðum virðast þær greinar frumvarpsins sem um þetta efni fjalla, sjálfsagðar og eðlilegar. Þó skal á það bent að sum ákvæði frumvarpsins eru svo óljóst orðuð að þau virðast geta orðið markleysa ein. Í 12. grein segir t. d. „Stefnt skal að því að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið.“ Lagagrein sem þessi myndi ekki veita neinum þegni tiltekin réttindi, heldur aðeins fela framkvæmdavaldinu alla túlkun. Þá virðist okkur einnig vafasamt ákvæði 13. greinar, sem flytur vald um staðsetningu skóla úr höndum alþingis til ráðuneytis.

VI. kafli. Stjórn.

Hugmynd frumvarpsins um framhaldsskólaráð kann að vera góðra gjalda verð. Það er vitanlega jákvætt að safna hugmyndum og áliti frá sem flestum. Þó virðast ýmsar aðrar leiðir að því marki jafnfærar og þessi, enda ljóslega gengið framhjá þýðingarmiklum aðilum. Hví skyldu t. d. atvinnurekendur og verkalýðsfélög hafa meiri umsagnarrétt en foreldrar? Og hví skyldi Kvenfélagasamband Íslands eiga fulltrúa í slíku ráði, en ekki nemendur framhaldsskólanna? — Hvað sem þessu líður er ljóst að raunveruleg stjórn framhaldsskólanna færi ekki fram í ráðinu. Þar yrðu námssviðsnefndir miklu þýðingarmeiri aðili.

16. grein. Félag menntaskólakennara lýsir furðu sinni yfir að ekki skuli í lagafrumvarpinu gert ráð fyrir því að samtök kennara né heldur kennarar sem einstaklingar fái svo mikið sem umsagnarrétt um málefni framhaldsskólanna. Það er krafa félagsins að kveðið verði svo á í lögum að námsviðsnefndir verði að einhverju leyti skipaðar eftir tilnefningu viðkomandi kennarafélaga. Mætti t. d. hugsa sér þá framkvæmdaleið að kennarar tilnefndu þrjá menn í hvert hugsanlegt sæti í nefndunum, en menntamálaráðherra veldi síðan á milli. Með þessu móti yrðu kennarar eðlilegur stjórnunaraðili, og hætt yrði að ganga gersamlega framhjá reynslu þeirra og sérþekkingu á vanda skólanna.

Þá virðist einnig eðlilegt að auka verulega rétt nemenda til áhrifa á málefni skólastigsins. Það virðist í hæsta máta óeðlilegt að sniðganga reynslu þeirra af skólunum, enda flestir þeir nemendur sem hér um ræðir, sjálfráða og sumir lögráða.

17. og 18. grein. Án þess að blanda sér beinlínis í þær deilur sem hafnar eru og munu standa um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga, vill FM taka eftirfarandi fram:

1. Leggja verður áherslu á þá stefnu að tryggja öllum jafnan rétt til náms, án tillits til búsetu. Kanna verður vandlega hver hlutur ríkisins þarf að vera til þess að svo sé.
2. Hvernig svo sem kostnaðarskiptingu verður háttað, leggja félagar FM áherslu á að unnt verði að semja um laun og kjör við **einn** aðila. Þarfnast sú ósk ekki rökstuðnings.

19.—21. grein. Í öllum aðalatriðum gera greinar þessar ráð fyrir óbreyttu ástandi frá því sem nú er. Félag menntaskólakennara telur tímabært að kveðið sé á í lögum um lýðræðislega starfshætti í skólum. Komi þar fram hver vera skuli aðild kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólanna að ákvarðanatöku og allri ábyrgð varðandi skólastarfið. Bendir félagið á að eins og er mun mikill munur á áhrifum og nytsemi kennarafunda eftir skólum — og skólastjórum.

VII. kafli. Starfslið.

FM telur nauðsynlegt að tryggja í lögum að bókasöfn skólanna verði ekki vanmetin eða svelt. Eigi að stuðla að nútímalegum kennsluháttum í framhaldsskólum, hljóta bókasöfnin að verða einn hyrningarsteina.

Um 23. grein lagafrumvarpsins vill FM aðeins minna á athugasemdir sínar við frumvarp um embættisgengi kennara. Leggur félagið enn sem fyrr megináherslu á að skólunum verði tryggt hæft og vel menntað starfslið. Án þess öðlast lög um framhaldsskóla aldrei raunverulegt gildi.

VIII. kafli. Fjármál.

Félag menntaskólakennara óskar sem fyrr að halda sér utan við deilur um skiptingu rekstrarkostnaðar við framhaldsskóla. Þó hlýtur félagið að gera eftirfarandi athugasemdir við 24. grein lagafrumvarpsins:

Undir staflið a) segir: „Sett skulu í reglugerð ákvæði um hámark stundafjölda til stjórnunar og kennslu og um lágmarksfjölda nemenda í kennsluhópum.“ — FM lýsir furðu sinni yfir þeim anda sem að baki þessarar greinar liggur og virðist brjóta gersamlega í bág við þá meginstefnu að jafna skuli rétt manna til náms án tillits til búsetu. Sýnist FM mun meiri ástæða til að láta lög tryggja mönnum lágmarksþjónustu, svo sem þá að námshópastærð skuli ekki fara yfir ákveðið hámark né heldur kennslustundafjöldi (og stjórnunarstundir) undir ákveðið lágmark.

Undir staflið e) er kveðið á um að nemendur skuli sjálfir greiða matargerðar- og matarefniskostnað í mötuneytum. Þetta ákvæði sýnist afar hæpið og stangast eins og hið fyrra á við hugmyndir um jöfnun aðstöðu. Með því að lögfesta skyldu heimila til að kosta matargerð í skólum er verið að gera aðstöðu þeirra sem senda þurfa börn í heimavist, mun lakari en hinna sem við heimangönguskóla búa.

Stafliður f) virðist óþarfur og varhugaverður. Það tíðkast nú þegar í sumum skólum að lána nemendum námsefni. Með aukningu slíkrar þjónustu má auka að mun frjálsræði skólanna og vinna gegn þeirri samræmingu sem mörgum kann að virðast stefnt að með samræmdum framhaldsskóla.

IX. kafli. Reglugerðir.

Það virðist vera megineinkenni frumvarpsins að ætla lögunum aðeins að ná til ytri ramma skólastarfsins. Þannig er hér naumast nokkurn tíma vikið að inntaki námsins eða menntunarinnar. FM leyfir sér að draga í efa að þetta séu rétt vinnubrögð. Fyrst hefði þurft að huga að því hvert væri eðlilegt inntak, síðan hefja samningu laga og reglugerða. Mjög sýnist að minnsta kosti vafasöm sú stefna sem úr verður og felur einu ráðuneyti næstum allt vald.

Við samningu umrædds lagafrumvarps var harla lítið samráð haft við kennara á framhaldsskólastigi. Það er krafa FM að úr þessu verði bætt við endanlega löggjöf og samningu reglugerða. Telur félagið rétt að kveðið verði á um það í lögum að ráðuneyti sé skylt að leita til samtaka kennara um öll atriði er snerta stjórnun og innra starf skólanna. Lýsir FM sig reiðubúið til samstarfs um þessi atriði og ítrekar þá skoðun sína að miðstýring eins og hér er gert ráð fyrir, sé varhugaverð.

Reykjavík 1. des. 1977.

F. h. Félags menntaskólakennara,
Heimir Pálsson.

2. KENNARAFÉLAGIÐ HÚSSTJÓRN

1/7 1977.

Umsögn um „Frumvarp til laga um framhaldsskóla."

Stjórn Kennarafélagsins Hússtjórn sendir hér með frá sér eftirfarandi umsögn um „Frumvarp til laga um framhaldskóla". Umsögnin er gerð með fyrirvara, þar sem ekki er hægt að leggja frumvarpið fyrir félagsfund fyrr en í lok ágústmánaðar.

Erfitt er að segja mikið um einstakar greinar frumvarpsins, þar sem framkvæmd þeirra virðist byggjast á reglugerðum sem ekki er búið að semja.

Við teljum nauðsynlegt að semja áfangalýsingar fyrir námsbrautir áður en nemendum er gefinn kostur á að sækja um þær.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

8. gr. Áherslu þarf að leggja á að samhæfa bóklegt og verklegt nám á öllum stigum framhaldsskólans. Fyrir nemendur sem hafa valið sér verknámsbraut, er kostur að verknámi á næstum hvaða sviði sem er, því að nemendur hafa áhuga á á að gera eitthvað með höndunum og sjá strax árangur vinnunnar. Leitast skal því við að hafa verkkynningu og verkþjálfun samhliða bóklegu námi strax á fyrsta skólaári verknámsbrauta. Sextán ára nemendur eru oft óráðnir og ókunnugir starfsbraut sem þeir hafa valið sér og skilja hvorki nauðsyn fræðináms né samhengi þess við vinnuna fyrr en þeir fá nokkra innsýn í starfið.

16. gr. Stjórnin telur að framhaldsskólaráð muni verða þungt í vöfum og vafasamt að það tryggi að sjónarmið allra sem láta sig varða málefni skólans komi fram. Við aðhyllumst fremur tillögu sem kom fram hjá 4. starfshópi á fundi um námsskipan á framhaldsskólastigi og getið er á bls. 86—87 í frumvarpinu. Við teljum að framhaldsskólaþing eða ráðstefna árlega eða á tveggja ára fresti ætti að koma í staðinn fyrir framhaldsskólaráð. Ráðstefnuna eða þingið sæktu fulltrúar þeir sem nefndir eru í greininni og aðrir sem áhuga hefðu. Mætti hugsa sér að menn tilkynntu þátttöku með fyrirvara til menntamálaráðuneytis. Fulltrúar allra námsbrauta þurfa að hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði og tryggja þarf að maður með kennaramenntun sé hafður með í ráðum við skipulagningu hverrar námsbrautar.

24. gr. a) á eftir lágmarksfjölda komi: „og hámarksfjölda nemenda" o. s. frv.

29. gr. Athuga þarf að gildandi lög um framhaldsskóla falli ekki úr gildi áður en búið er í reynd að koma á skipan nýja framhaldnámsins, semja þarf um það reglugerðir og námslýsingar. Stjórnin leggur til, að sérskólar á framhaldsstigi fái að þróast áfram við hlið hins nýja framhaldsskóla um sinn.

Um hússtjórnarskólann viljum við taka fram eftirfarandi:

Hússtjórnarskólarnir hafa þá sérstöðu, að námsefni þeirra sameinar í heild þá þætti þjálfunar og kunnáttu sem er undirbúningur að heimilisstörfum.

Þess ber að gæta, að hússtjórn á sveitaheimilum og fjölmörgum heimilum og stofnunum í þéttbýli er svo margþætt og mikilvægt starf, að hæpið er að fella niður það sérnám sem hússtjórnarskólar hafa verið að byggja upp um áratugi, meðan ekki er fyrirsjáanlegt að hægt sé að bjóða upp á sambærilegt nám í manneldis- og hússtjórnargreinum í öðrum framhaldsskólum.

Alhliða manneldisfræði er nú hvarvetna talin meðal þeirra grundvallarfræða sem leggja ber sérstaka rækt við. Má í því sambandi nefna, að meðal grannþjóða okkar er nú efnt til öflugrar almenningsfræðslu á því sviði.

Við álítum, að þeir hússtjórnarskólar sem hafa næga sókn nemenda, skuli starfa áfram, enda eru þeir færastir um að halda uppi kennslu í nefndum greinum og hafa til þess aðstöðu og tækjabúnað sem hvergi er fyrir hendi annars staðar.

Athugasemdir við bls. 44 og 46:

Í staðinn fyrir brauðgerð og kjötiðn standi matvælaiðnbrautir. Þær geta svo verið mismunandi á hverjum stað t. d. brauðgerð, kjötiðn, mjólkuriðn, fisk- og lagmetisiðn, niðursuða o. fl.

Bætt verði við hreinlætisbraut eða þrifnaðarbraut, þar sem tilfinnanlega vantar menntun fyrir fólk sem vinnur við hreingerningar, hreinsanir (efnalaugar), þvottahús, hreinlætiseftirlit o. fl.

Niðurlag málsgreinar um matráðsmannabraut á bls. 44 orðist svo: rekstri matsölustaða, framleiðslustjórn í matvælaiðnaði eða matvælaeftirliti.

Halldóra Eggertsdóttir, form., Vigdís Jónsdóttir, varaf., Anna Gísladóttir, ritari, Guðrún Ingvarsdóttir, gjaldkeri, Bryndís Steinþórsdóttir, Jakobína Pálmadóttir.

3. KENNARADEILD HJÚKRUNARFÉLAGS ÍSLANDS

Til menntamálaráðuneytisins
Hverfisgötu 6
Reykjavík.

Reykjavík, 12. júlí 1977.

Kennaradeild H. F. Í. þakkar hæstvirtu menntamálaráðuneyti fyrir það tækifæri að fá „frumvarp til laga um framhaldsskóla“ til umsagnar. Fjallað hefur verið um þann þátt frumvarpsins er varðar hjúkrunarfræðibraut á heilbrigðissviði. Ekki hefur unnist tími til að ræða aðra þætti frumvarpsins og beðið er afsökunar á, að dregist hefur að svara. Deildin fer fram á leyfi til að skila áliti um frumvarpið í heild á hausti komanda.

Um hjúkrunarfræðinám viljum við segja, að nám sem stefnir að því marki að gera nemandann hæfan til sjálfstæðs starfs verður að skipuleggja með hliðsjón af því sem starfið felur í sér, því viljum við í stórum dráttum gera grein fyrir starfssviði hjúkrunarfræðinga.

Sem aðili sjálfstæðrar heilbrigðisstéttar tekur hjúkrunarfræðingurinn þátt í að efla félagslega, sálræna og líkamlega velferð einstaklingsins, hvort sem hann er í sínu eðlilega umhverfi eða innan sérstakrar heilbrigðisstofnunar. Efling heilbrigðis felur í sér að fyrirbyggja, greina, veita meðferð og endurhæfa. Hjúkrun er meðferð sem tekur mið af þörfum einstaklingsins, líffræðilegum, andlegum og félagslegum. Hjúkrunarfræðingurinn athugar og greinir áhættuþætti í umhverfi einstaklingsins er áhrif hafa á heilbrigði hans og vellíðan og reynir þannig að koma í veg fyrir að heilsa hans biði tjón af. Þegar heilsa einstaklingsins gerir hann ófæran um að fullnægja daglegum þörfum sínum grípur hjúkrunarfræðingurinn inn í og miðar að því að efla virkni einstaklingsins, andlega og líkamlega með hliðsjón af þeim aðstæðum er sjúkdómurinn hefur orsakað. Hjúkrunarfræðingurinn beitir í starfi sínu þeirri aðferð sem miðar að lausn vandamála. Hjúkrun felur í sér auk líkamlegrar og andlegrar aðhlynningar, kennslu og stjórnun og byggir mikið á mannlegum samskiptum. Hjúkrunarfræðingurinn samræmir og tengir störf hinna ýmsu aðila heilbrigðisstétta, sem að einstaklingnum snúa. Auk þekkingar í hjúkrunarfræði krefst því starfið þekkingar frá ýmsum sviðum atferlis- og líffræðivísinda.

Hjúkrunarfélag Íslands tók þátt í könnun á starfssviði hjúkrunarfræðinga ásamt hinum Norðurlöndunum árið 1973—74. Niðurstöður þessarar könnunar birtust í „Rapport från SSN' s expert grupp för klargörande av vårdfunktionsområdet“. Víða erlendis hafa einnig hjúkrunarfræðingar og félagsfræðingar unnið að slíkum könnunum og birt sínar niðurstöður og sýna þær að, í hinum þróaðri löndum er starfssviðið mjög áþekkt.

Máli okkar til fulltingis bendum við á könnun Aili Leminin „Hvad gör en sjuksköterska?“ gefið út af Sjukvårdsforskningens Institut í Helsingfors 1970, og til rits frá World Health Organisation „Trends in the development of primary

care" sem unnið var í Moskvu, júlí 1973. Jafnframt sendum við ljósrit (fylgiskjal I)* af grein um starfssvið hjúkrunarfræðinga, sem gefið var út af Nurses Education Board of New South Wales, Australia og birtist í Nursing Times 9. júní 1977. Kemur hér greinilega fram hversu víðtækt almennt nám þarf að vera svo að nemandinn geti tileinkað sér hina mörgu þætti hjúkrunarfræðinámsins. Við viljum líka vitna í skýrslu World Health Organisation, Expert Committee on Nursing, en þar segir „Í löndum þar sem læknavísindi eru á háu stigi en hjúkrun ekki, næst ekki sá árangur í heilbrigðisþjónustu sem vænta mætti". Einnig má benda á að Alþjóðasamband hjúkrunarfræðinga I. C. N. hefur allt frá stofnun þess 1899 haft sem höfuðmarkmið sitt að stuðla að aukinni menntun og bættri hjúkrun.

Niðurstöður kennardeildarinnar varðandi frumvarpið eru að:

1. Út frá áðurgreindum starfsþáttum sé ljóst að hjúkrunarfræðinám geti ekki farið fram innan framhaldsskólastigsins.
2. Aðfaranámið verður að miða að því að nemendur geti tileinkað sér það námsefni er hjúkrunarstarfið krefst í dag.
3. Frumvarpið felur ekki í sér að nemendur öðlist það undirbúningsnám er kennaradeildin telur nauðsynlegt, og hæfni nemenda til að tileinka sér það námsefni er hjúkrunarstarfið krefst í dag því ófullnægjandi.
4. Kennaradeildin telur óraunhæft að sameina undirbúningsnám og hjúkrunarfræðinám eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Jafnframt vísum við til bréfs til menntamálaráðherra, dags. 1. mars, 1977 þar sem kennaradeildin ásamt stjórn H. F. Í. gerir grein fyrir afstöðu sinni gagnvart hjúkrunarfræðibraut á framhaldsskólastigi (fylgiskjal II*).

Að lokum viljum við undirstrika það, að sú skerðing á menntun hjúkrunarfræðinga sem frumvarpið felur í sér mun valda því að hjúkrunarstéttin stenst ekki síauknar kröfur samfélagsins um bætta hjúkrunarþjónustu.

Virðingarfyllst

f. h. Kennaradeildar H. F. Í.
Sigþrúður Ingimundardóttir, formaður.

4. SAMTÖK TÓNLISTARSKÓLASTJÓRA, KENNARADEILD F. Í. H., FÉLAG TÓNLISTARKENNARA

Umsögn um
Frumvarp til laga um framhaldsskóla.

I.1 Inngangur.

Í lok maí á þessu ári sendi menntamálanefnd Alþingis Tónlistarskóla Hafnarfjarðar til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla, sem lagt var fyrir Alþingi 29. apríl s. l.

Skólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar kynnti frumvarpið og stöðu tónlistarnáms samkvæmt því á aðalfundi Samtaka tónlistarskólastjóra, sem haldinn var í Hagaskóla laugardaginn 27. ágúst 1977. Aðalfundurinn samþykkti að fela stjórn samtakanna að semja umsögn um frumvarpið.

Rétt þótti að vekja athygli tónlistarkennara almennt á frumvarpinu, og var því leitað samstarfs við Kennaradeild F. Í. H. og Félag tónlistarkennara, og hafa stjórnir þessara félaga, ásamt stjórn Samtaka tónlistarskólastjóra, einróma samþykkt eftirfarandi umsögn og athugasemdir við ofangreint frumvarp.

* Ekki prentað hér.

I.2 Staða tónlistarskóla, hljóðfærakennara og hljóðfæraleikara þegar frumvarpið kemur fram.

a. Hinn almenni tónlistarskóli, sem var upphaflega stofnaður af áhugamönnum, er rekinn sem sjálfseignarstofnun með fjárhagslegum stuðningi frá ríki og sveitarfélagi.
b. Litið hefur verið á tónlistariðkun sem tómstundagaman. Hinsvegar er það staðreynd, að hluti nemenda í tónlistarskólum landsins er að búa sig undir að gera tónlist að lífsstarfi sínu.
c. Til skamms tíma og að nokkru leyti enn, hafa tónlistarmenn starfað að eflingu og framgangi tónlistarmála á Íslandi, án þess að hafa fastan eða viðurkenndan starfsgrundvöll til að byggja afkomu sína á.
d. Hinn almenni tónlistarskóli hefur að vísu nýlega fengið lögfestan aukinn stuðning ríkis og sveitarfélaga, en hljóðfæranám er ekki í beinum tengslum við hið opinbera og viðurkennda fræðslukerfi. (Til samanburðar: myndlist, leiklist.) Undantekning er þó kjörsvið og valgreinar við menntaskóla, sem nýlega hafa verið tekin upp, og ennfremur Tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík.
e. Tónlistarkennarar njóta enn ekki allir almennra réttinda á við aðrar sambærilegar stéttir. (sbr. lífeyrissjóður, fastráðningar o. fl.)

I.3 Tónlist — Tónmennt.

Skilgreining frumvarpsins á hugtakinu tónmennt er alröng, (sjá bls. 37 um listasvið.)

Að áliti undirritaðra ber að gera ákveðinn greinarmun á hugtökunum tónlist og tónmennt. Með tónlist er átt við sérhæfingu í flutningi tónlistar á eitt eða fleiri hljóðfæri, t. d. pianóleikari (-kennari), fiðluleikari (-kennari) o. s. frv.

Til þess að ná framhaldsskóla- eða háskólastigi í hljóðfæraleik á eðlilegum aldri, verður nemandi að hefja sérhæfingu, þ. e. hljóðfæranám á unga aldri.

Hinsvegar er hugtakið tónmennt, þ. e. almenn tónmenntafræðsla án sérhæfingar á sérstakt hljóðfæri, sbr. Tónmenntakennaradeild, tónmenntakennari, tónmennt í grunnskóla.

Lögum samkvæmt fer tónmenntakennsla eingöngu fram í grunnskólum, en allar greinar sérhæfðs tónlistarnáms fara fram í tónlistarskólum (t.d. hljóðfæraleikur, söngur, tónfræði, hljómfræði, tónlistarsaga, formfræði, tónheyrn, hljómborðsfræði, tónsmíði o. s. frv.)

I.4 Tónlistarmenn — sérstök atvinnustétt.

Til dæmis um hve fjölmenn stétt tónlistarmanna er, má benda á, að í tölfræðibók Hagstofu Íslands, sem gefin var út 1967 er tafla yfir félög í Alþýðusambandi Íslands og tala félagsmanna í þeim, í Reykjavík voru þá 36 félög innan ASÍ. Af þessum 36 félögum voru 20 með færri félagsmenn en Félag íslenskra hljóðfæraleikara (svo aðeins eitt félag tónlistarmanna sé nefnt), þar á meðal Bókbindarafélag Íslands, Félag bifvélavirkja, blikksmiða, garðyrkjumanna, kjötiðnaðarmanna, Flugfreyjufélag Íslands, Flugvirkjafélag Íslands, Málarafélag Reykjavíkur, Mjólkurfræðingafélag Íslands o. fl.

Einnig má geta þess, að nú munu vera starfandi um 45 tónlistarskólar í landinu og að tala hljóðfærakennara og skólastjóra var um 324, samkvæmt skrá um starfandi skólastjóra og kennara 1976—1977, útgefinni af menntamálaráðuneytinu á þessu ári.

Til þess að fá heildarmynd af því, hversu fjölmenn stétt tónlistarfólk er, vantar hér m. a. söngvara og tónmenntakennara.

Menntun hljóðfæraleikara og hljóðfærakennara hefur hingað til farið fram í hinum almenna tónlistarskóla og lokið með burtfararprófi og/eða framhaldsnámi erlendis.

Tónlistarskólarnir hafa því á undanförnum áratugum verið námsbraut fyrir þá, sem leggja vildu hljóðfæraleik eða hljóðfærakennslu fyrir sig sem atvinnu. Þessarar námsbrautar er að engu getið í frumvarpinu.

II.1 Undirbúningur frumvarpsins.

Undirritaðir telja, að við undirbúning frumvarpsins hafi tónlistarskólar, tónlistarkennarar og tónlistarmenn verið algjörlega sniðgengnir, bæði hvað varðar námsbrautir til menntunar hljóðfæraleikurum og kennurum, og stöðu tónlistarskóla sem sérhæfðum menntastofnunum í faglegum og menningarlegum skilningi.

Ofanrituðu til stuðnings má nefna, að á ráðstefnu þeirri, sem menntamálaráðuneytið boðaði til dagana 8. og 9. október 1976 á Hótel Esju, var Hörður Ágústsson frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, eini fulltrúinn á listasviði.

Hinsvegar má nefna snyrtibraut sem dæmi um, hversu vel og nákvæmlega hefur verið unnið að þessu frumvarpi á sumum sviðum, (bls. 39 Heilbrigðissvið).

II.2 Frumvarpið í heild.

Undirritaðir telja ekki nauðsynlegt að gera athugasemdir við frumvarpið, svo langt sem það nær, heldur hitt að benda á, að þar þurfi að gera tónlistarnámi gleggri skil.

Tónlistarskólar hafa til skamms tíma verið reknir af sérmenntuðum áhugamönnum, sem hafa haldið uppi tónlistarkennslu án traustra fjárveitinga, ólíkt því sem átt hefur sér stað með marga sérgreinda fagskóla, sem sjálfsagt hefur þótt að setja um sérstök lög og reka á kostnað ríkisins eða sveitarfélaga. Þessu til stuðnings má benda á, að við gildistöku laga um framhaldsskóla falla úr gildi ýmis eldri lög um skóla á framhaldsskólastigi, sbr. 29. grein laga um framhaldsskóla, en þar er gert ráð fyrir að falli úr gildi lög um Leiklistarskóla Íslands og lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Sambærileg lög hafa ekki verið sett á sama tíma um tónlistarskóla.

II.3 Einstakar greinar frumvarpsins í tengslum við tónlistarnám.

I. **Gildissvið.**

2. gr.

„Nám á framhaldsskólastigi, sem kostað er af almannafé lýtur samræmdu skipulagi samkvæmt lögum þessum. Skólar sem undir lögin falla nefnast framhaldsskólar."

Í athugasemdum með frumvarpinu segir um 2. gr. (bls. 23)

„1. Lögð er áhersla á að allt nám á framhaldsskólastigi falli inn í samræmt skipulag, sbr. þó 2. lið hér á eftir".

„2. Tekið er fram, að ákvæði greinarinnar og þar með frumvarpsins í heild miðist við nám sem kostað er af almannafé. Hvorki er æskilegt né réttmætt að leggja sérstakar skipulagskvaðir á ýmiss konar frjálst nám og fræðslustarfsemi, sem ríki eða sveitarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á . . ."

II. **Markmið.**

3. gr.

„Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun, er sé á hverjum tíma markviss undirbúningur starfs eða frekara náms og stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans sem einstaklings og þátttakanda í lýðræðissamfélagi."

Í athugasemdum með frumvarpinu segir undir fyrirsögninni „Megintillögur“:

„Öllum sem lokið hafa grunnskólanámi skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi.“

Nefndin telur að markmið framhaldskóla megi skilgreina efnislega sem hér segir:

„1) að veita nemandunum almenna þekkingu og sjá honum fyrir viðfangsefnum sem auka alhliða þroska hans, auðvelda honum skilning á mannlegu samfélagi og virka þátttöku í því.“

„2) að veita nemandanum nauðsynlegan undirbúning undir störf og/eða áframhaldandi nám.“

„Það er almennt viðurkennt að forðast beri mismunun í aðstöðu á hinum ýmsu sviðum samfélagsins.“

Undirritaðir hafa hugleitt stöðu tónlistarskólanna í ljósi ofangreindra tilvitnana í frumvarpið og athugasemdir því meðfylgjandi, og komist að samhljóða niðurstöðu þess efnis, að tónlistarskólar hafi verið vanmetnir á undanförnum árum og við samningu umræðds frumvarps algjörlega sniðgengnir.

Það er einnig samhljóða álit undirritaðra, að hinn almenni tónlistarskóli starfi að miklum hluta sem sérgreind stofnun á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og í sumum tilfellum einnig á háskólastigi, (t. d. Tónlistarskólinn í Reykjavík).

VI. Stjórn.

16. gr.

Í sambandi við þessa grein frumvarpsins vilja undirritaðir leggja áherslu á nauðsyn þess, að tónmenntabraut verði skilgreind nánar samkvæmt áðurnefndri skilgreiningu á hugtökunum tónlist — tónmennt.

Einnig að tryggt sé að þegar námssviðsnefndir taki til starfa, sé fulltrúi tónlistarnáms kvaddur til ráðgjafar. Einnig að dregin sé upp samsvarandi mynd af tónlistarbraut, sem sýni glöggt skiptingu námsins í grunnskóla- framhaldsskóla- og háskólastig.

VIII. Fjármál.

24. gr.

Þótt núgildandi lög um stuðning ríkis og sveitarfélaga við tónlistarskóla hafi á sínum tíma gerbreytt starfsaðstöðu þessara skóla, vantar mikið á að þeir skipi þann sess innan fræðslukerfisins, sem undirritaðir telja að þeim beri.

Undirritaðir gera ekki tillögu um, hvernig kostnaði við tónlistarskóla skuli skipt milli ríkis og sveitarfélaga, en benda hinsvegar á, að sé tónlistarnám á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi undirbúningur undir starf í þjóðfélaginu, er óréttlátt að mismuna þegnum þjóðfélagsins á þann hátt, að gera þeim skylt að greiða há skólagjöld við tónlistarnám.

Hljóðfæranám á grunnskólastigi kostar nemandann nú um og yfir 36 000.- fyrir veturinn.

IX. Reglugerðir.

28. gr.

Undirritaðir gera sér grein fyrir því svigrúmi til endurbóta, sem þessi grein felur í sér, þar sem hún heimilar menntamálaráðuneytinu að setja reglugerðir, sem geta tekið til einstaks námssviðs eða námsbrautar.

Þess vegna má fremur líta á ofanritaða umsögn um frumvarpið sem umræðugrundvöll til endurmats á stöðu tónlistarnáms og tónlistarskóla innan fræðslukerfisins, heldur en breytingartillögur við frumvarpið sjálft.

III. Niðurlag.

Undirritaðir telja, að þrátt fyrir fjárskort, húsnæðisleysi, skort á kennurum og samræmdri námsskrá, hafi hinn almenni tónlistarskóli skilað hlutverki sínu eins vel eða betur en aðstæður hafa gefið tilefni til hverju sinni.

Það er von okkar að stjórnvöld geri sér grein fyrir og viðurkenni réttmæti stöðu tónlistarskólanna innan fræðslukerfisins, bæði hvað varðar faglegan undirbúning hljóðfæraleikara og hljóðfærakennara til æfistarfs, og uppeldisleg og menningarleg verðmæti tónlistarmenntunar almennt.

26. nóvember 1977.

Kennaradeild F. Í. H.,	Samtök tónlistarskólastjóra,	Félag tónlistarkennara,
Agnes Löve.	Páll Gröndal.	Halldór Haraldsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis
Ingvar Gíslason, formaður.

5. MYND- OG HANDMENNTAKENNARAR

Kópavogi, 5. 11. 1977.

Til menntamálanefndar
neðrideildar Alþingis.

Vegna útgáfu **frumvarps til laga um framhaldskóla** viljum við mynd- og handmenntakennarar benda á eftirfarandi:

Þrátt fyrir mikið tal ráðamanna sem og annarra um nauðsyn handmenntanáms, sem metið verði til jafns við bóknám, sjáum við hvorki boðið upp á slíkt í kjarna eða á sviði í frumvarpinu.

Kennarar í mynd- og handmenntagreinum telja það algjörlega óviðunandi að nemendur útskrifist úr framhaldsskóla, án þeirrar reynslu sem hinir verklegu og fagurfræðilegu þættir mynd- og handmenntakennslu veita.

Mynd- og handmenntakennarar senda því menntamálanefnd neðrideildar Alþingis tillögu sína um mynd- og handmenntanám í framhaldsskóla og óska eftir að nefndin taki tillöguna til greina við endurskoðun frumvarpsins. Von okkar er sú að frumvarpið nái fram að ganga með umræddri breytingu og verði menntamálum þjóðarinnar til heilla.

Virðingarfyllst.

Fyrir hönd nefndar mynd- og handmenntakennara.
Guðríður Karlsdóttir, Gunnsteinn Gíslason, Pétur Th. Pétursson.


Meðfylgjandi er áðurnefnt nefndarálit.

Afrit afhent: Menntamálaráðherra. Deildarstjóra skólarannsóknadeildar. Námsstjóra í mynd- og handmennt.

Nefnd skipuð af félögum mynd og handmenntakennara leggur fram eftirfarandi tillögur:


1. Að í framhaldsskólanum verði mynd- og handmenntir í kjarna hjá öllum nemendum. Kjarninn samanstandi af 4 önnum, (2 ára námi), þar af ein sem fornám, en þrjár í hannyrðum, myndmennt eða smíði, sbr. mynd A.

Mynd- og handmenntir í kjarna.



Mynd A.

2. Að í framhaldsskólanum eigi að vera listasvið er veiti nemendum undirbúning undir háskólanám í list- og listiðnaðargreinum. Nám á listasviði er átta annir (4 ár) og líkur með framhaldsskólaprófi (stúdentsprófi), sbr. mynd B.



Listasvið.


Mynd B.

3. Að boðið verði upp á **mynd- og handmenntasvið** sem skiptist í eins árs fornám og þrjár þriggja ára brautir. Nám á mynd- og handmenntasviði er einkum ætlað þeim nemendum, sem jafnframt bóklegu námi vilja sérhæfa sig innan þessara námsgreina.

Námið veitir undirbúningsmenntun í mynd- og handmenntum til sérnáms við kennaraháskóla og háskóla í félagsvísindum. Námslok miðast við framhaldsskólapróf (stúdentspróf).

Mynd- og handmennta-svið.

Mynd C.



Um leið og nefndin leggur fram áðurgreindar tillögur sínar, vill hún benda á mikilvægi mynd- og handmenntanáms fyrir einstaklinginn í nútíma neytendaþjóðfélagi.

MARKMIÐ KJARNANÁMS ER:

1. Að veita nemandanum þá undirstöðuþekkingu, sem gerir hann færan um að taka sjálfstæða afstöðu í sköpun og mótun umhverfisins, geta útskýrt og túlkað eigin hugmyndir og kunna að meta menningarleg myndlistarverðmæti í fortíð, nútíð og framtíð.
2. Að veita nemandanum þjálfun í meðferð áhalda, efnis og hugmynda. Til þess að fá útrás fyrir sköpunarþörf sína í tómstundum og félagsstarfi.

Vaxandi þáttur myndmálsins í nútíma þjóðfélagi er óumdeilanlegur. Myndir finnast alstaðar, í blöðum, á veggspjöldum, í sjónvarpi og í kvikmyndum. Í gegnum myndina er stöðugt leitað til okkar og sem mál er hún oft áhrifameiri hinu talaða orði. Afþreyingarform fjölmiðlunar slævir sjálfsvitund og sköpunarhæfni einstaklingsins.

Hér gegnir mynd- og handmennt mikilvægu hlutverki:

Uppeldi í fjölmiðlun og fagurfræði á að hafa þann tilgang að börn og unglingar mennti sig til frjálsrar gagnrýni, þannig að þau hafi möguleika á að gera samanburð á innihaldi fjölmiðla gagnvart veruleikanum og fái tækifæri til að umbreyta lífsmynd sinni út frá nýrri hlutlausri þekkingu.

Um skipun námskrárnefndar.

Nauðsynlegt er að nefnd verði skipuð nú þegar, til áframhaldandi starfs í mótun námsefnis fyrir mynd- og handmenntagreinar framhaldsskólans.

Einnig þyrfti nefnd þessi að móta tengsl framhaldsskólans við grunnskóla annars vegar og háskóla hins vegar, þannig að nemendum nýtist mynd- og handmenntanám á hvaða skólastigi sem er.

Í nefndinni voru eftirtaldir kennarar:

Auðunn H. Einarsson, smíðakennari við Fjölbrsk. Breiðholti. Borghildur Jónsdóttir, hannyrðakennari við Hagaskóla. Bryndís Steinþórsdóttir, hannyrðakennari við Fjölbrsk. Breiðholti. Egill Ó. Strange, smíðakennari við Fjölbrsk. Flensborg. Elísabet Magnúsdóttir, hannyrðakennari við framhd. Garðaskóla. Erling R. Sveinsson, smíðakennari við Breiðagerðisskóla, Guðný Helgadóttir, hannyrðakennari við Laugarnesskóla. Guðríður Karlsdóttir, hannyrðakennari við Fjölbrsk. Flensborg. Gunnsteinn Gíslason, myndmenntakennari við Fjölbrsk. Breiðholti. Ingiberg Magnússon, myndmenntakennari við Menntask. við Hamrahl. Pétur Th. Pétursson, smíðakennari við Víðistaðaskóla. Valgerður Bergsdóttir, myndmenntakennari við Myndlistask. Reykjavík.

6. ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS, VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS.

Menntamálaráðuneytið,
c/o Hörður Lárusson,
Hverfisgötu 4,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 8. desember 1977.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa orðið sammála um að senda sameiginlega umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla, sem samtökunum báðum var sent til umsagnar.

Ekki þykir ástæða til þess að fjalla um alla þætti frumvarpsins, þar sem aðrir umsagnaraðilar munu betur til þess fallnir að meta ýmis atriði þess. Þó er rétt að taka fram, að samtökin eru sammála þeirri meginstefnu frumvarpsins, að sett verði heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið og tekinn upp samræmdur framhaldsskóli. Þá er jafnframt ástæða til að taka fram, að forsendur skortir að verulegu leyti til þess að taka afstöðu til ýmissa þátta frumvarpsins, þar sem frumvarpið felur einungis í sér grófan ramma, en öll nánari framkvæmd verður mótuð með reglugerðum og námskrárgerð. Er augljóst, að umgjörð og inntak framhaldsskólamenntunar í framtíðinni mun að mestu leyti undir því komin, hvernig til tekst í þeim efnum.

Hingað til hafa samtökin nær eingöngu haft afskipti af verk- og tækninámi innan skólakerfisins. Augljóst er, að samtökin munu á komandi árum láta fleiri námssvið til sín taka og þau eru sammála um nauðsyn þess að tengsl skóla og atvinnulífs verði aukin. Því er nauðsynlegt að treysta möguleika heildarsamtaka atvinnulífsins til þess að hafa áhrif á og taka þátt í mótun menntastefnunnar. Í því sambandi telja samtökin nauðsynlegt að þau fái beina aðild að samningu reglugerða, námsbrautarstjórnum, námskrárgerð og námssviðsnefndum. Sérstaklega skal undirstrikað að samtökin telja nauðsynlegt að þeim verði gefinn kostur á að tilnefna sitt hvorn fulltrúann til fastrar setu í námssviðsnefndum á tæknisviði og viðskiptasviði. Samtökin leggja áherslu á, að framhaldsskólaráð, sem samtökunum er ætluð aðild að, þurfi að verða virkara en ráð virðist fyrir gert í athugasemdum þeim, sem frumvarpinu fylgja. Það liggur í augum uppi, að ráð, sem ekki hittist nema einu til tvisvar sinnum á ári, getur ekki komið að raunverulegu gagni við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla. Hér við bætist, að samkvæmt frumvarpinu eiga samtök atvinnulífsins ekki vísa setu í námssviðsnefndum og verða því að treysta nokkuð á þau tengsl, sem skapast við námssviðsnefndir á vettvangi framhaldsskólaráðs. Þetta styður mjög þá skoðun samtakanna, að framhaldsskólaráð verði að halda tíðari fundi og láta sig málin meira skipta en gert virðist ráð fyrir.

Samtökin vilja sérstaklega taka undir það, sem segir á bls. 19 í athugasemdum með frumvarpinu, um menntun fullorðinna og menntun utan skóla og telja mjög

þýðingarmikið, að tryggt verði, að það skipulag framhaldsskólastigsins, sem frumvarpið byggir á, verði hagnýtt til aukinnar og skipulegri fullorðinsfræðslu en nú tíðkast.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ný lög um framhaldsskóla öðlist gildi 1. júlí 1980. Samtökin leggja mikla áherslu á, að tíminn þangað til verði notaður til þess að gera verulegt átak í verk- og tæknimenntunarmálum, þannig að sá hluti framhaldsskólanámsins verði í stakk búinn til þess að taka sæti í samræmdu framhaldsskólakerfi, en verði ekki ofurliði borinn af bóknámsbrautum. Í þessu sambandi vilja samtökin minna á fimmtánda og síðasta punktinn, sem þau tóku upp í sameiginlegu plaggi, er þau sendu ríkisstjórninni þann 20. janúar 1976, í tengslum við kjarasamningagerð, sem þá stóð yfir, en þar sagði:

„Gert verði verulegt átak í verk- og tæknimenntunarmálum.

Verk- og tæknimenntun hefur um langt skeið verið hornreka í menntakerfi þjóðarinnar. Svokallaðar bóknámsbrautir hafa haft algjöran forgang um aðbúnað og fjárframlög, en menntunarþarfir atvinnulífsins og þeirra, sem starfa að verðmætasköpun þjóðarbúsins, orðið útundan.

Aðilar eru sammála um að hér verði að snúa við blaði. Þeir minna í því sambandi á nýframkomnar tillögur iðnfræðslulaganefndar um þróun verkmenntunar á framhaldsskólastigi.“

Ríkisstjórnin lýsti stuðningi við þetta sjónarmið. Brýnt er, að við loforðin verði staðið, því augljóst er, að áfram verður sú hætta til staðar, að verknámsbrautir verði hornreka, þó kerfið breytist.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Snorri Jónsson.

F. h. Vinnuveitendasambands Íslands,

Baldur Guðlaugsson.

7. BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 25. júlí 1977.

Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Búnaðarfélag Íslands hefur móttekið bréf menntamálaráðuneytisins dags. 4. maí 1977 (BTh/ew Db: F-104) ásamt frumvarpi til laga um framhaldsskóla, þar sem óskað er umsagnar Búnaðarfélagsins um frumvarpið.

Mál þetta hefur verið tekið til lauslegrar athugunar á fundum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, en stjórnin telur málið það viðamikið og að verulegu leyti utan starfssviðs Búnaðarfélags Íslands, að hún telur sér ekki fært að eyða tíma í að grandskoða frumvarpið eða láta starfsmenn gera það. Er því ekki að vænta beinnar umsagnar Búnaðarfélags Íslands um málið.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

8. ÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS.

Reykjavík, 7. júlí 1977.

Menntamálaráðuneytið
Hr. Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri,
Hverfisgötu 6
Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 4. maí s. l. sendir ráðuneytið oss til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Stjórn íþróttasambandsins telur sig ekki hafa ástæðu til að tjá sig almennt um frumvarpið að öðru leyti en því, að hún fagnar sérhverri viðleitni ríkisvaldsins, sem stuðlar að því að hver og einn einstaklingur megi geta fundið og átt aðgang að námi, sem laðar hann að sér og gefur jafnframt tækifæri til hagnýtrar tengingar á fleiri sviðum án þess að einskorðað sé við þá almennu menntun sem framhaldsskólarnir hafa veitt til þessa og telur, að breyting á núverandi skipan framhaldsskóla eigi að miðast við það að bæta úr núverandi ágöllum og stuðla jafnframt að því að þróun skólanna sé á hverjum tíma í fullu samræmi við þróun og kröfur þjóðfélagsins.

Stjórn Í. S. Í. fagnar sérstaklega þeim möguleikum, sem opnast íþróttaunnendum með því sem fram kemur á bls. 58 um íþróttabraut og félagsmálabraut, svo og kaflanum um menntun fullorðinna og menntun utan skóla, sem fram kemur á bls. 119.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt hefur Íþróttasamband Íslands byggt upp sitt eigið fræðslukerfi, lagt í verulegan kostnað við gerð námsefnis, sem einmitt nú er verið að endurskoða. Höfum vér í þessu sambandi fylgst af athygli með þeirri þróun sem nú er að eiga sér stað með framhaldsskólana eftir að grunnskólinn er kominn í fastar skorður, með það fyrir augum að geta átt samstarf og samvinnu við hið háa ráðuneyti um það íþróttaefni faglegt og fræðandi, sem erindi ætti inn í skóla landsins. Það hefur verið oss sérstök ánægja, að grunnskóli Í.S.Í. hefur hlotið viðurkenningu skólarannsóknarnefndar, sem valgrein í framhaldsskólum.

Verði tilvitnað frumvarp að lögum er ljóst að margt í sambandi við það verður ákvarðað með reglugerð, einni eða fleiri. Framkvæmdastjórn Í.S.Í. lýsir sig reiðubúna til samstarfs við hið háa ráðuneyti um allt, er varðar aukna menntunarmöguleika í skólum landsins um íþróttir og vildi mega vænta þess að gagnkvæmt samstarf um þessi mál takist, skólakerfinu til ávinnings og íþróttunum í landinu til heilla.

Virðingarfyllst,

Gísli Halldórsson.

9. KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

Með bréfi dags. 4. maí s. l. (Db. F-104), sendi menntamálaráðuneytið Kvenfélagasambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla. Stjórn K.Í. vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við ráðuneytið og biðst velvirðingar á því, að nokkrar þeirra eru tengdar grunnskóla.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins gefa ekki ástæðu til athugasemda, enda er það hugsað sem rammalög, er fyllt verði út í með reglugerðum.

Það varðar og háskólann, hvaða námsbrautir skuli teljast til framhaldsskóla og hverjar til háskóla. Nú má sjá af gögnum nefndarinnar að hún hyggst stofna hjúkrunarfræðibraut á framhaldsskólastigi. Þegar hefur verið stofnuð hjúkrunarfræðideild við Háskóla Íslands. Það er stefna samtaka hjúkrunarfræðinga að hjúkrunarfræðinám skuli allt flytjast á háskólastig. Verða því torfundin rök fyrir því, hví stofna skuli hjúkrunarfræðibraut á framhaldsskólastigi.

Háskóli Íslands hefur hingað til séð um menntun kennara á framhaldsskólastigi. Á undanförnum árum hafa þeir, er lokið hafa B.A. prófi frá Háskóla Íslands tekið að sér í æ ríkara mæli kennslustörf á framhaldsskólastigi. Þeir hljóta nú tveggja ára menntun í aðalgrein og eins árs menntun í aukagrein. Eðlilegt sýnist, að menn með cand.-mag-próf og menntun í uppeldis- og kennslufræðum gangi fyrir

um kennslu við menntaskóla. Nú er gert ráð fyrir, að Kennaraháskóli Íslands annist alla uppeldis- og kennslufræðimenntun kennara á framhaldsskólastiginu öllu (skv. frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi). Á það ber að leggja áherslu, að sú uppeldisfræðilega menntun sé sniðin að raunhæfum þörfum kennaranna, hvaða sérgrein sem þeir kenna, og að KHÍ vindi bráðan bug að því að taka upp kennslu sem kenni kennurum að kenna sitt fag. KHÍ bæri í því efni að hafa samvinnu við þá skóla sem mennta menn í einstökum greinum.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla fitjar upp á athyglisverðum hugmyndum um skipulagningu og skólastarf svo sem samhæfingu náms og greiðari leiðir milli brauta. En miðstýring kerfisins og þrælskipulagning hlýtur að valda því að það verður þunglamalegt og stirt í vöfum og eigi þannig erfitt með að laga sig að breytilegum þjóðfélagsháttum. Frumvarpið er samið af nefnd á stuttum tíma án samvinnu við skólamenn og ber þess merki. Nefndin gerði enga athugun á innihaldi þeirrar menntunar sem samræmdur framhaldsskóli á að veita né hugaði hún að raunverulegum markmiðum náms og starfs í framhaldsskólum.

Óhjákvæmilegt er að álíta, að huga beri vandlega að þeim atriðum, sem hér að ofan hafa verið nefnd, áður en til álita kemur að samþykkja frumvarpið sem lög.

37. HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsögn félagsvísindadeildar.

Félagsvísindadeild lýsir ánægju sinni með tilkomu þessa frumvarps og lýsir fylgi við þá meginstefnu sem þar er boðuð. Sérstaklega er mikilvægt að í frumvarpinu er leitast við að koma í veg fyrir blindgötu í námi, gert er ráð fyrir mishraðri yfirferð nemenda og sérstakri námsráðgjöf til nemenda. Síðast en ekki síst fagnar félagsvísindadeild viðleitni til að gera verk- og bóknámi jafnhátt undir höfði og lýsir þeirri von að hér verði ekki um að ræða orðin tóm.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið hefur það vissa kosti að setja víða rammalöggjöf sem frv. yrði ef að lögum verður. Slík löggjöf gefur færi á sveigjanleika í ljósi breyttra þjóðfélagshátta. Hitt er hins vegar jafnljóst að slík rammalöggjöf býður þeirri hættu heim að önnur stefna verði tekin upp í hinum ýmsu reglugerðum en lýst er í athugasemdum við frv. og engin vissa fæst um viss grundvallaratriði ef frv. verður að lögum í núverandi mynd.

Þó að félagsvísindadeild sé því að sjálfsögðu sammála að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn og samræmingu þessara mála þá er það skoðun deildarinnar að vald ráðuneytisins sé of mikið, þ. e. a. s. að ekki verði nógu lýðræðisleg stjórn á málefnum framhaldsskólans ef þessi frv. drög verða að lögum. Miðstýring er of mikil, nauðsyn er á að dreifa valdinu meira til heimamanna, kennara, foreldra og ekki síst nemenda.

Þær breytingar sem félagsvísindadeild leggur til á einstökum greinum frv. eru flestar í þeim anda sem lýst er hér að ofan. Áður en einstakar greinar eru teknar til athugunar vill deildin benda á að hvergi er kveðið á um skólarannsóknir og námsgagnagerð fyrir framhaldsskólastigið. Hvort sem skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins mun annast þetta eða ný stofnun þykir æskilegt að taka slíkt fram í lögum. Lagt er til að bætt verði við lagagrein er fjalli um þetta.

Í þeim athugasemdum sem hér fylgja á eftir er ekki fjallað um kostnaðarskiptingu við framhaldsskóla. Félagsvísindadeild er þó ljóst að mikið veltur á þeim þætti málsins. Í athugasemdum með frumvarpinu er réttilega bent á að hið raunverulega vald yfir framhaldsskólum hlýtur að liggja hjá þeim aðila sem fjármagnar hann. Þess vegna er mikilvægt að heimamenn leggi fjármuni af mörkum á móti ríkisvaldinu. Jafnljóst er að þungar fjárhagsbyrðar á fátæk sveitarfélög munu valda alvarlegu misrétti.

Næst verða teknar fyrir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

3. grein. Tillaga um orðalag greinarinnar er:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska nemandans sem einstaklings. Skólinn skal veita menntun er á hverjum tíma sé markviss undirbúningur starfs eða frekara náms. Veita skal nemandanum þjálfun til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi, gera hann færan til að taka sjálfstæða afstöðu til þjóðmála, vinna með öðrum og taka tillit til annarra.

Rökstuðningur. Félagsvísindadeild telur æskilegt að gera áherslubreytingu á greininni, þannig að þroski einstaklingsins sitji í fyrirrúmi. Einnig að greinin verði lengd þannig að atriði úr athugasemdum frumvarpssemjanda þau er nefnd eru í liðum 4 og 5 á bls. 11 í frumvarpsdrögunum séu tekin fram.

4. grein.

Félagsvísindadeild leggur til að eftirfarandi setningu verði bætt við síðari málsgrein greinarinnar:

„Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi framhaldsnáms".

Rökstuðningur. Tilgangurinn með að bæta ofannefndri setningu við frumvarpið er fyrst og fremst að sporna gegn illa rökstuddum fjöldatakmörkunum og að hæpnar viðmiðanir um námsárangur eða greind verði notaðar í því skyni. Orðalag viðbótarinnar er tekið beint úr athugasemd við frumvarpið (bls. 24 í frumvarpsdrögum) og þykir rétt að setja slíkt ákvæði inn í lögin.

6. grein. Tillaga um viðauka.

Námsbraut skal að jafnaði .....
og/eða rétt til framhaldsnáms. **Stefnt skal að því að námi á hverri námsbraut ljúki með einhverri viðurkenndri starfshæfni.**

í reglugerð ..... og svo frv.

Rökstuðningur. Félagsvísindadeild telur æskilegt að allar námsbrautir veiti einhver starfsréttindi, einnig brautir á bóknámssviði. Tegund réttinda ætti að fara eftir vali hvers nemanda.

Aðalröksemd deildarinnar er sú að það sé þroskandi fyrir hvern einstakling að komast í snertingu við atvinnulífið í námi sínu og fá þá tilfinningu að hann sé nýtur þegn þjóðfélagsins. Slík framkvæmd ætti einnig að ýta undir þann hugsunarhátt að starfsnám og bóknám séu óaðskiljanlegir þættir, og að hvorugt sé hinu æðra. Á svipuðum forsendum er slíkt ákvæði talið ýta undir jafnrétti til náms, sbr. skrif *J. Hansens um jafnrétti í skólum.*

Einnig má benda á að slík réttindi geta reynst hagnýt fyrir nemendur, sem hætta í miðju bóknámi eða þurfa að vinna fyrir sér með langskólanámi.

8. grein. Lagt er til að síðari hluti greinarinnar hljóði svo:

..... markmið brautarinnar. **Lögð skal meginálersla á náin tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.** Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum að nokkru marki **og skal inntak þeirra taka mið af umhverfi nemandans þar sem það á við.**

Rökstuðningur. Orðalagið varðandi samhæfingu bóklegs og verklegs náms gefur til kynna að um aðskild námssvið sé að ræða. Lögð er áhersla á mismun þessara námsþátta, sem er í andstöðu við þá stefnu frumvarpsins að þessa þætti skuli meta að jöfnu. Deildin leggur því til að orðalaginu verði breytt.

Aðalröksemd deildarinnar fyrir viðbótarsetningunni er sú að námið ætti að höfða betur til nemenda ef þeir læra um aðstæður og vandamál umhverfis síns. Slíkt ætti að vera áhugahvetjandi og draga úr námsleiða og á firringartilfinningu (sbr. tilraunir Norðmanna í Norður-Noregi Tromsö og Lofoten). Sem dæmi má nefna að í sögunámi mætti bæta við kjarnanám í mannkynssögu og Íslandssögu, sögu um nánasta umhverfi nemandans (bæjarins, hreppsins, sveitarfélagsins). Sama má segja um líffræði, samfélagsfræði og fleiri greinar.

Það orðalag sem hér er lagt til á þó alls ekki að hindra að efnt verði einnig til valgreina með „langsóttu" innihaldi.

9. grein. Tillaga um orðalagsbreytingar.

Um námsáfanga, umfang þeirra, **markmið** og skipan á námsbrautir skal ákveðið .....hluti af náminu. **Verkþjálfunarþættir námsáfanga skulu metnir til eininga sem aðrir námsþættir.**

Rökstuðningur. Félagsvísindadeild telur æskilegra að hugtakið markmið komi í stað hugtaksins inntak í greininni, til að sporna gegn óhóflegri miðstýringu. Óæskilegt þykir að námsefni sé fyrirskipað af ráðuneytinu. Eðlilegt er að menntamálaráðuneytið geri tillögur, sem kennara er heimilt að víkja frá, svo framarlega sem kennslan verður í samræmi við þau markmið, sem sett eru fram í námsskrá. Félagsvísindadeild telur það vera ósamboðið virðingu framhaldsskólakennara, hvort sem þeir hafa æðri háskólapróf eða aðra sérmenntun að fá ekki sjálfir að velja kennsluefni að einhverju marki. Slíkt myndi bæði gera þá firrtari í starfi sínu og letja þá til að fylgjast með í fræðigrein sinni.

Breytingin á síðustu setningu greinarinnar er í samræmi við áðurnefnd sjónarmið deildarinnar að of mikil aðgreining sé gefin til kynna á milli bók- og verklegra námsþátta í frumvarpinu.

12. grein. Tillaga að orðalagi.

Skipan námsbrauta í skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna, og koma eftirtaldir kostir til greina: **Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal sameina mismunandi námsbrautir í einni skólastofnun. Heimilt er að hafa stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða staka brautir í sérgreindum stofnunum ef nemendafjöldi, eðli námsins eða annað kemur í veg fyrir sameiningu námsbrauta í einni stofnun.**

Í hverjum landshluta skal vera eins fjölbreytt val námsbrauta og við verður komið.

Rökstuðningur. Breytingin á orðalaginu er aðeins til að leggja áherslu á það að æskilegasti möguleikinn varðandi skipan námsbrauta á skólastofnanir er sá að hafa mismunandi brautir innan sömu stofnunar. Önnur skipan samrýmist vart hugmyndafræði um fjölbrautaskóla og mun ýta undir þann hugsunarhátt sem þessari lagasetningu er vonandi ætlað að útrýma — að sumir skólar séu virðingarmeiri en aðrir.

Ef bók- og verknám á að verða metið að jöfnu þarf að draga sem mest úr sérskólum á þessum sviðum, sbr. menntaskóla og iðnskóla í sinni hefðbundnu mynd.

16. grein hljóði svo:

Ráðuneytinu til **samráðs** við ..... framhaldsskólaráð, skipað formönnum námssviðanefnda, sbr. 3. mgr. þessarar greinar, 10 fulltrúum framhaldskólanemenda, einn frá hverju námssviði og tveimur fulltrúum félagasamtaka framhaldsskólanema, einum fulltrúa frá samtökum framhaldsskólakennara, einum fulltrúa frá grunnskóla og svo frv.

..... fjögurra ára í senn. Fulltrúar nemenda skulu þó skipaðir til eins árs.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Framhaldsskólaráð skal kallað saman til funda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

3. mgr.

.....sem jafnframt er varaformaður. **Skal formaður vera framhaldsskólakennari** ..... Menntamálaráðuneytið skipar námssviðsnefnd til fjögurra ára í senn **að fengnum tillögum samtaka kennara á sviðinu** og skulu fulltrúar starfsnámsbrauta valdir með hliðsjón af sérþekkingu á viðkomandi starfssviði.

Rökstuðningur.

1. mgr. Félagsvísindadeild telur það ekki geta samrýmst markmiðsgrein þessa frumvarps að gefa framhaldskólanemum ekki kost á að hafa áhrif á stefnumótun síns skóla.

Nauðsynlegt þykir að hafa nemendafulltrúa eigi færri en tíu, þar sem þeir standa ekki jafnfætis öðrum fulltrúum ráðsins hvað varðar reynslu og þroska, og þannig gefst einnig tækifæri til að fá nemendafulltrúa frá hverju námssviði.

Félagsvísindadeild telur það höfuðnauðsyn að nemenda- og kennarasamtök framhaldsskólans eigi fulltrúa í framhaldsskólaráði, þar sem engum standa nær en þessum aðilum störf og vandamál framhaldsskólans.

Deildin tekur undir þær efasemdir varðandi framhaldsskólaráð, sem koma fram á bls. 87 í greinargerð meðfrumvarpinu , en telur þó að slíkt ráð geti tryggt lýðræðislega umræðu um framhaldskólann ef því er í raun ætlað stefnumarkandi hlutverk, fundir þess vel undirbúnir og fundir þess haldnir minnst fjórum sinnum á ári sbr. viðbót deildarinnar við 2. mgr. greinarinnar.

3. mgr. Félagsvísindadeild telur rétt að formenn námsviðsnefnda séu framhaldsskólakennarar m. a. til að tryggja góða samvinnu kennara og námssviðsnefnda. Einnig eru það lýðræðislegri vinnubrögð að hafa samtök framhaldsskólakennara með í ráðum við val í námssviðsnefndir.

19. grein.

2. mgr. hljóði svo:

Skólastjóri er oddviti skólastjórnar, sem auk hans skal skipuð allt að tveimur fulltrúum kennara, jafnmörgum fulltrúum nemenda **og einum fulltrúa annars starfsliðs** (sbr. 22. gr. frv. 3. og 4.), svo og aðstoðarskólastjóra, ef hann starfar við skólann ..... **í reglugerð .**

Rökstuðningur.

Skólastjórnin er lýðræðislegri ef annað starfslið hefur sinn fulltrúa þar, auk þess sem þessir aðilar munu oft kynnast nemendum, viðhorfum þeirra og vandamálum betur en aðrir, sbr. skólaráðgjafa og húsverði.

22. grein hljóði svo:

1. a) .....

b) námsstjórn, þ. á m. í einstökum greinum og greinasamstæðum, svo og skipulagningu kennslu, **umsjón með söfnun og gerð kennslugagna** og eftirliti með verklegri þjálfun.

Síðasta mgr. ..... að annast hliðstæða starfsemi fyrir nemendur framhaldsskóla **enda sé tryggt að nægur mannafli og fjármagn sé fyrir hendi.**

Rökstuðningur.

1. b) Í framhaldi af því sem sagt er í inngangi þessarar umsagnar telur félagsvísindadeild nauðsynlegt að samræmd kennslugagnagerð verði starfrækt fyrir skólastigið. Eðlilegt þykir að innan hvers skóla sjái námsstjórn um söfnun samræmdra gagna og framleiðslu á þeim sérgögnum sem einstakir skólar kynnu að þarfnast.

Viðbótin við síðustu málsgr. 22. gr. þjónar eingöngu þeim tilgangi að koma í veg fyrir það að ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta grunnskólanna verði lakari fyrir grunnskólastigið með tilkomu þessara laga.

23. gr.

..... um embættisgengi kennara. Setja **skal** í reglugerð ákvæði um menntunarkröfur til annarra starfsmanna.

Rökstuðningur.

Æskilegt þykir til að tryggja sem hæfastan starfskraft, sérstaklega í 22. gr. 3. a), b) og 4. a) og b), að setja ákvæði um menntunarkröfur í reglugerð.

38. HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

30. des. 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur fengið til umsagnar **frumvarp til laga um framhaldsskóla.**

Ráðuneytið sér ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við sjálft frumvarpið.

Hins vegar óskar ráðuneytið eftir að fá að fylgjast með þegar unnið verður að gerð námsskráa á heilsugæslusviði með tilliti til þess að það er þetta ráðuneyti, sem hefur með hendi réttindaveitingu heilbrigðisstétta.

Kröfur sem þetta ráðuneyti gerir um þekkingu — bóknám og verknám — þeirra einstaklinga, er um starfsleyfi sækja, þurfa að vera virtar og kynntar af þeim skólum er námið veita.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

39. BÆNDASKÓLINN Á HVANNEYRI

Hvanneyri, júlí 1977.

Nokkrar athugasendir um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Greinargerð þessi er samin af fulltrúum kennara við Bændaskólann á Hvanneyri. Málefni framhaldsskólans eru hér metin út frá viðhorfum sérskóla, sem hvorki telur stóran hóp nemenda, né veitir umtalsverð starfsréttindi.

Fyrst er vikið að almennum viðhorfum, en síðan er staða bændaskólanna skoðuð með hliðsjón af frumvarpi um framhaldsskóla. Tekið skal fram að við ræðum búnaðarnámið eingöngu, en ekki þær brautir er lúta að garðyrkjunámi.

I. **Almennt.**

Helstu nýmæli frumvarpsins sem hér verður drepið á eru eftirfarandi:

a) Öllum sem lokið hafa grunnskólanámi skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi.
b) Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein samræmd heild.

Við óttumst að námsbrautaval verði þrátt fyrir a) takmarkað m. a. vegna þeirrar tilhneigingar sem starfsskólar og starfsgreinaskólar ýmsir hafa til að gera (óeðlilega) strangar kröfur um inngöngu nemenda. Við þessu búast höfundar frumvarpsins (sbr. 2. mgr. 4. gr.).

Við teljum vissa samræmingu náms-efnis og -aðferða æskilega og nauðsynlega en ekki er af frumvarpinu ljóst, hversu langt á að ganga í hinu samræmda skipulagi. Óttumst við að samræmingin leiði til óeðlilegrar miðstýringar og leggi hömlur á hið innra starf skólanna. Teljum við vænlegra, að ætla skólunum vissa hlutdeild í samræmingu, og raunar nauðsynlegt þar sem um starfsgreinaskóla er að ræða.

Þá er líklegt að fámennu liði embættismanna ráðuneytis takist að fylgjast það vel með þróun einstakra greina að þeir geti haft forgöngu um nauðsynlega endurnýjun námsskrár og vinnubragða í skólunum. Þar fer betur á heimum tengslum skóla og atvinnugreinar með vitorði ráðuneytis.

Okkur þykir það óeðlilegt að skilið sé á milli „fjármagnsábyrgðar" og „menntunarábyrgðar", þ. e. að heimamenn beri aukinn hlut af kostnaði við skólahaldið, en að forsjá sjálfs námsins færist að mestu leyti í hendur ráðuneytis, eins og samræmingin hlýtur að leiða til, verði hægt að tala um einhverja raunverulega samræmingu á námi. Sjónarmið höfunda frumvarpsins (sjá aths. 7 um 17. gr. bls. 17) styðja þessa skoðun okkar.

Við teljum vissa og etv. verulega hættu á að hið samræmda skipulag ali fljótlega af sér stórar skólastofnanir, og hugmyndir höfunda frumvarpsins um skólaskipan (bls. 65) styrkja þann grun. Við ölum því ugg í brjósti um, að skipulagið bæti ekki menntunaraðstöðu þeirra, sem dreifbýlið byggja, en henni er þó að okkar dómi brýnna að bæta úr en flestu öðru, sem þetta frumvarp tekur til meðferðar. Í framhaldi af orðum höfunda um menntun kennara (bls. 20) reikar sú spurning um hugann, hvort ekki eigi aðeins að steypa námsefni framhaldsskólanna í sama formi, heldur eigi einnig að verksmiðjuframleiða fagkennara, er passi fyrir hin samræmdu viðfangsefni og vinnubrögð framhaldsskólans? Við vonum að þetta sé ekki ætlun höfunda frumvarpsins, þótt orðalag þess bendi ótvírætt í þá átt. Þá þykir okkur ómaklegt það vantraust höfundanna á skólunum og starfsmönnum þeirra, sem lýsir sér í einni meginforsendu frumvarpsgerðarinnar, og kemur fram á bls. 9. **„Skipulag skólastarfsins í heild hefur eðlilega verið nær eingöngu í höndum starfsliðs skólanna og val námsefnis og annarra viðfangsefna í flestum tilvikum í höndum einstakra kennara sem fóru þá eftir eigin viðhorfum og reynslu."**

Við teljum, að gera þurfi skólana sjálfa ábyrgari gagnvart samræmingu hinna ýmsu námsþátta í stað þess að láta þá skipan koma að ofan. Reynsla er fyrir því að menntun og alhliða þroski nemandans ræðst af frumkvæði og viðsýni skólastofnunarinnar sjálfrar, en verður vart til leiðar komið með dagsskipunum frá aðilum utan veggja hennar.

II. Stjórnskipan búnaðarfræðslunnar.

Samræmt framhaldsskólanám skal skv. frumvarpinu lúta menntamálaráðuneytinu, þó telja höfundar þess aðstæður bændaskólanna mæli með undantekningu (sbr. bls. 26 um 16. gr.) í því sambandi er álit okkar eftirfarandi:

Greina má á milli

a) stefnu og markmiðs skólastarfsins
b) framkvæmdar miðlunar fræðslu og þekkingar.

Sá vandi, er felst í stöðu bændaskólanna í stjórnkerfi menntamála felst m. a. í samræmingu þessara tveggja greina. Eðli málsins samkvæmt hefur menntamálaráðuneytið yfir að ráða þekkingu, mannafla og tengslum varðandi fræðslu og miðlun, sem nýtst gæti bændaskólunum til fullnustu væru þeir undir m. m. ráðun. settir í stjórnkerfinu. Af skiljanlegum ástæðum eru þessi skilyrði að óverulegu leyti til staðar varðandi landb.ráðun., sem skólarnir heyra nú undir. Er því ætið hætta á að upp komi eftirfarandi aðstæður m. a.:

a) Búnaðarfræðslan verði kennslufræðilega einangruð og í þessu tilliti á eftir öðrum menntastofnunum.
b) Námsaðbúnaður við bændaskólana, s. s. húsnæði, kennslutæki, bækur o. fl. þróist ekki til jafns við það sem gerist í öðrum framhaldsskólum.
c) Búfræðinám verði einangruð námsbraut, án tengsla við menntakerfið í heild. Slíkt er hagalegt, því búfræðinámið er í dag **almenn menntun** fyrst og fremst, þar eð aðeins ⅓ nemenda fer til bændastéttarinnar.

Stjórnskipunarlega eru fáir atvinnuvegir jafn vel settir og landbúnaðurinn. Fyrir málefnum hans er séð af samtökum bænda í náinni samvinnu við landb.ráðun., fulltrúa ríkisvaldsins. Gegn rofi á tengslum bændaskólans og landb.ráðun. mæla eftirtalin rök m. a.:

a) Menntun bænda hlýtur ætíð að verða að vera nátengd rannsóknarstarfsemi landbúnaðarins, leiðbeiningaþjónustu hans og félagskerfi.
b) Búnaðarfræðslan er auk faglegrar fræðslu **mótun viðhorfa** til nýtingar landsins til matvælaframleiðslu og viðhalds dreifbýlis, en þessi tvö atriði eru einmitt skólarnir séu, skólarnir þeirra".
c) Bændur beri vissa ábyrgð á framkvæmd búnaðarfræðslunnar og finni að bændaskólarnir séu , skólarnir þeirra".

d) Ýmsum þykir hlutur bændaskólanna í menntum bænda of lítill. Á meðan landbúnaður er „arfgengur“ atvinnuvegur verður hlutur búnaðarmenntunarinnar ekki að ráði aukinn nema með náinni samvinnu við félagskerfi landbúnaðarins og æðstu yfirstjórn hans.

Við teljum að athuguðu máli ekki ástæðu til að breyta stöðu bændaskólanna í stjórnkerfinu, en að rétt væri að hyggja að eftirtöldum greinum:

a) Tryggja hin kennslufræðilegu tengsl við m.m.ráðun. Frumvarp til laga um búnaðarfræðslu gengur vart nógu langt í þessa átt. Þar er (3. gr.) gert ráð fyrir einni rödd m.m.ráðun. við mörkun stefnu í búfræðslumálum.
b) Tryggja tengsl bændaskólanna við bændastéttina og þjóna hennar. Fyrir þessu virðist vel séð í frumvarpi til laga um búnaðarfræðslu.

III. Staða búnaðarmenntunarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hverju námsári búsýslu- og búfræðibrauta ljúki með prófum er veiti nokkur starfsréttindi, og virðist búfræðisviðið því geta gefið starfsréttindi á afar breiðu þekkingar- og hæfnisbili. Í þessu sambandi má minna á, að í dag er ekki unnt að ávinna sér rétt til bústarfa með skólagöngu. Miðað við það, svo og almenna starfsmöguleika í landbúnaði sýnist okkur ofætlun að hyggjast útskrifa nemendur með allt að 5 mismunandi námsstig í búfræðum.

Það er samdóma álit þeirra, sem um hafa fjallað að námstími búfræðináms sé í dag of stuttur m. a. vegna þess sem höfundar frv. nefna á bls. 36. „. . . **að nútímabúrekstur krefst víðtækrar og staðgóðrar þekkingar auk þess sem mörg landbúnaðarfyrirtæki, búnaðarsamtök og stofnanir þurfa á sérmenntuðu starfsfólki að halda í þjónustu sinni.**“ Allir, sem að búskap starfa — beint eða óbeint — þurfa því á tiltölulega breiðri undirstöðumenntun að halda og hennar teljum við tæpast hægt að afla, svo að starfsréttindi megi hljóta að loknu eins árs búfræðinámi. Bendum við m. a. á álit búfræðslunefndar. Það er okkar skoðun að sérhæfing í búfræðinámi eigi fyrst að koma á 3. námsári eftir grunnskólapróf og að með þessu ári ljúki hinu almenna búnaðarnámi. Á 4. námsári verði eðlilegt að greina á milli almenns undirbúningsnáms búnaðarháskóla og náms er miði að mjög sérhæfðum búnaðarstörfum — bútæknanámi (sbr. búfr.frumvarp).

A. Um einstakar námsbrautir.

a) 10. skólaár.

Búfræðslunefnd gerir ráð fyrir, að grunnskólapróf nægi til inngöngu í búnaðarskólann, en í frsk. frumvarpi er gert ráð fyrir 10. skólaári að auki sem skilyrði fyrir inngöngu á búfræðibraut. Í þessu sambandi vakna eftirtaldar spurningar m. a.:

Á að miða einhvern hluta námsefnis 10. skólaárs við búfræðinámið sérstaklega? Á að taka þar inn einhverjar greinar sem í dag er hluti af búfræðináminu? Verður á 10. ári gefinn kostur á valgreinum, sem styttu geta nám á búfræðibraut (11. og 12. skólaári)? Hverjum er ætluð forsögn um nám á þessum brautum? Að okkar dómi væri eðlilegt að forsjá náms á brautum þessum væri í höndum búfræðslunefndar (sbr. frumvarp til laga um búnaðarfræðslu) og hafi þá um leið forsjá með því námi á 10. skólaári er tilheyrir búfræðigreinum.

b) Búsýslubraut.

Ekki virðist með öllu ljóst, hvaða hlutverki búsýslubraut á að gegna öðru en því að vera sérhæfð leið að búfræðibraut. Í bóklegu námi verður því búsýslubraut að taka mið af 10. skólaári, auk þess sem eðlilegt er að valgreinar teknar á búsýslubraut styttu nám á búfræðibraut. Hið sama gildi um vissan hluta verknáms. Sem fyrr segir teljum við hæpið, að búsýslubraut geti veitt umtalsverð starfsréttindi, til þess virðist námið í búfræðigreinum þar of yfirborðskennt.

c) **Búfræðibraut.**

Búfræðibraut er hið eiginlega búfræðinám og er gert ráð fyrir námslokum eftir 11. og 12. skólaár. Skv. tillögu búfræðslunefndar að skipan búnaðarnáms er gert ráð fyrir tveggja ára sérhæfðu búnaðarnámi. Það var byggt á þeirri skoðun bændasamtakanna og starfsmanna skólanna, að námstími bændaskólanna sé of skammur, eins og nú er háttað. Við teljum því óeðlilegt að námslok eftir eins árs búfræðinám veiti önnur réttindi en til framhaldsnáms.

Í greinargerð (bls. 36) er getið um ýmsa sérhæfingu í búnaðarnámi, enda má gera ráð fyrir nokkuð vaxandi þörf fyrir vissa sérmenntun t. d. frjótækna, afleysingamanna, mælingamanna hjá búnaðar- og ræktunarsamböndum o. fl. Til þess að slík menntun nýtist til fullnustu teljum við þörf traustrar almennrar undirstöðumenntunar í landbúnaðargreinum. Að okkar mati sjá tillögur búfræðslunefndar vel fyrir þessu. Þar er gert ráð fyrir að fyrra ár (11. skólaár) sé samband, bók- og verknáms og verkþjálfunar hjá bændum. Seinna árið (12. skólaár) er hins vegar bóklegt og verklegt nám í ýmsum greinum búrekstrar. Á þessu seinna ári má etv. hugsa sér vissa sérhæfingu námsins, er miði að sérhæfðum störfum í landbúnaði.

13. skólaár.

Í tillögum að skipan framhaldsskóla er gert ráð fyrir að 13. skólaár sé undirbúningur undir háskólanám í búfræði. Með þessu er undirbúningur háskólanáms í búfræði 4 ár eða sambærilegur því sem gerist í dag. Okkur finnst á skorta, að í frsk. frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérhæfðu námi í búfræði á 13. skólaári, er geti verið sambærilegt námi á tæknisviði. Nokkur eftirspurn hefur verið eftir slíku námi, og er gert ráð fyrir þessari námsgrein í tillögum búfræðslunefndar.

Hvanneyri, júlí, 1977.

Magnús B. Jónsson Bjarni Guðmundsson
Ríkharð Brynjólfsson.

40. GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS

Reykjum, 28. febr. 1978.

Nokkrar athugasemdir um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Svar við bréfi menntamálaráðuneytisins dags. 4. maí 1977, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Í meðfylgjandi greinargerð verður lögð megináhersla á þá þætti frumvarpsins sem snerta nám við sérskóla og þau viðhorf sem ríkja við sérskólastofnun eins og Garðyrkjuskóla ríkisins.

Athugasemdir þessar eru teknar saman af skólastjóra Garðyrkjuskólans, og eru í samræmi við þær umræður sem fram hafa farið hjá starfsmönnum skólans.

Athugasemdir eru ekki sendar fyrr en nú, þar sem tilefnið hefur verið notað til að taka garðyrkjufræðsluna til gagngerðrar athugunar.

Tækifærið hefur einnig verið notað á umræddu tímabili, í tengslum við aðrar náms- og kynnisferðir, til að heimsækja garðyrkjuskóla í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Finnlandi, Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi, til að fá sem best yfirlit yfir tilhögun garðyrkjufræðslunnar í þessum löndum og tengsl hennar við viðkomandi skólakerfi.

Virðingarfyllst,
F. h. Garðyrkjuskólans,

Grétar J. Unnsteinsson,
skólastjóri.

I. Almennt.

Garðyrkjuskóli ríkisins starfar samkvæmt lögum frá árinu 1936, en skólinn tók til starfa 1939, og fyrstu nemendurnir útskrifuðust 1941, eftir tveggja ára nám, bóklegt og verklegt. Lögin eru þannig samin að þrátt fyrir margvíslegar breytingar og öra þróun á umliðnum áratugum, þá hefur innan ramma þeirra verið hægt að gera allar þær breytingar sem nauðsynlegar hafa þótt, til að garðyrkjunámið fylgdi þeim kröfum sem gera hefur þurft til nútímalegrar menntunar á hverjum tíma.

Reglugerðinni hefur all oft verið breytt og nú síðast 1975—1976, það sem lögð hefur verið áhersla á að aðlaga garðyrkjunámið sem allra best ríkjandi skólakerfi, en jafnframt hefur verið tekið tillit til þeirra breytinga sem fram undan hafa verið hverju sinni. Einnig hefur verið lögð mjög mikil áhersla á aukið samstarf við erlenda garðyrkjuskóla, einkum á norðurlöndunum. Garðyrkjuskólar á norðurlöndunum hafa nú á síðustu 4—5 árum verið að taka upp 1—2 ára garðyrkjutæknínám, auk ýmissra annarra framhaldsnámskeiða, og nú geta nemendur útskrifaðir úr Garðyrkjuskóla ríkisins stundað garðyrkjutæknínám við þessa skóla og sótt hin ýmsu framhaldsnámskeið.

Við endurskoðun á reglugerð skólans, hefur því verið höfð hliðsjón af því besta sem annars staðar er, bæði til að garðyrkjunámið veiti sem besta garðyrkjumenntun og standi jafnfætis því sem best er annars staðar og ennfremur um leið til að auka möguleikana til framhaldsmenntunar erlendis, þannig að þetta sérnám eins og svo mörg önnur, verði ekki sama blindgatan og var.

Varðandi nemendafjölda, þá hefur aðsóknin farið ört vaxandi að Garðyrkjuskólanum á undanförnum árum, og eru nú útskrifaðir 20—25 nemendur, annað hvert ár, en síðan 1953 hefur verið tekið inn í skólann annað hvert ár. Garðyrkjuskóli ríkisins menntar nú stærri hóp garðyrkjufræðinga en nokkurt hinna norðurlandanna miðað við fólksfjölda og samkvæmt athugun virðist þessi nemendahópur vera nokkuð hæfilegur, sumir telja hann full fjölmennan en það teljum við ekki, ekki að svo stöddu a. m. k.

Þegar skólahúsinu sem verið hefur í byggingu, er fulllokið verður hægt að hafa allt að 50—60 nemendur í skólanum í einu, og þá jafnvel útskrifa 20—25 nemendur árlega, svo að séð ætti að vera fyrir menntunaraðstöðu garðyrkjumanna, mörg næstu ár.

Við garðyrkjuskóla er nauðsynlegt að reka garðyrkjustöð þar sem fram fari fjölbreytt ræktun og tilrauna- og rannsóknastarfsemi, eins og gert hefur verið við Garðyrkjuskóla ríkisins. Slíkt er forsenda fyrir því að hægt sé að starfrækja lifandi skólastofnun á þessu sviði. Með því móti er einnig alltaf hægt að hjálpa nemendum með verknámsaðstöðu, og er það ekki síst nauðsynlegt þegar um litla starfsemi er að ræða, þar sem takmarkaður fjöldi garðyrkjustöðva er fyrir hendi til að veita það verknám sem nauðsynlegt er.

Garðyrkjustöðin er einnig ómetanlegt kennslutæki í tengslum við bóklega námið, auk þess sem kennarar taka þátt í tilraunastarfseminni og í gegnum það tekst að koma á framfæri ýmsum ræktunar- og tækninýjungum. Á þennan hátt fæst einnig betri aðstaða til endurmenntunar garðyrkjumanna, en nokkur stutt endurmenntunarnámsskeið hafa verið haldin við skólann á undanförnum árum, og á þau verður lögð aukin áhersla á næstu árum. Auk þess eru haldin sumar hvert námskeið í heimilisgarðrækt, einkum húsmæðranámskeið en nokkur unglinganámskeið hafa einnig verið haldin, en öll slík starfsemi byggist meira og minna á þeirri aðstöðu sem er í garðyrkjustöð skólans.

Góð tengsl við garðyrkjustéttina er einnig nauðsynlegur þáttur, og þau tengsl styrkjast í gegnum þá tilrauna- og rannsóknastarfsemi sem fram fer við skólann og með ofangreindum endurmenntunarnámsskeiðum, og í gegnum verknám nemendanna hjá hinum ýmsu garðyrkjubændum og skrúðgarðyrkjumeisturum.

Ljóst er að starfsmenn garðyrkjuskólans hafa mótað uppbyggingu garðyrkjunámsins, með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, og í samvinnu við garðyrkjustéttina, þar sem hliðsjón hefur verið höfð við það sem best þekkist á þessu sviði erlendis. Öðru vísi hefur þetta ekki getað verið í fámennum skóla sem tiltölulega fámenn stétt stendur á bak við, og fyrir einum fimm árum hófst undirbúningur að gerð námskrár fyrir allt garðyrkjunámið, og er nú því verki að ljúka, en síðustu 2 árin hefur verið kennt eftir námsskránni, og verður hún gefin út nú vorið 1978. Í gerð hennar, hafa auk skólastjóra og kennara skólans, tekið þátt fulltrúar garðyrkjustéttarinnar eftir því sem við hefur átt. Taka verður undir það sem kemur fram í frumvarpinu um nauðsyn ýtarlegra og vandaðra námskráa.

Eðlilegast hefur einnig verið og er, við margar sérskólastofnanir, að skipulagning námsefnis og gerð námsskrár sé í þeirra höndum, vegna sérstöðu þeirra, því þeir eru einir líklegir til að geta fylgst nógu vel með þróun einstakra greina og haft forgöngu um nauðsynlega endurnýjun námsskrár. Hér fer best á beinum tengslum skóla og atvinnugreina með vitorði ráðuneytis. En gæta verður að sjálfsögðu þess að námið sé í sem bestum tengslum við annað framhaldsnám, svo allt framhaldsnám sé sem mest ein samræmd heild eins og stefnt er að með hinu nýja frumvarpi. En slík aukin samræming á öllu framhaldsnámi má ekki leiða til óeðlilegrar miðstýringar, sem gæti lagt hömlur á hið vissa starf skólanna. Hinir ýmsu sérskólar verða hér að vera beinir þátttakendur í að skapa þessa samræmingu, en ekki að allt komi að ofan. Þarf ekki annað en að sjá að mjög fjölmennt lið embættismanna ráðuneytis þyrfti til að annast alla námsuppbyggingu á sérskólasviðunum.

Í framhaldi af ofan sögðu þykir okkur ómaklegt það vantraust höfundar frumvarpsins á skólunum og starfsmönnum þeirra, sem fram kemur í einni meginforsendu frumvarpsgerðarinnar og kemur fram á bls. 9. „Skipulag skólastarfseminnar í heild hefur eðlilega verið nær eingöngu í höndum starfsliðs skólanna og val námsefnis og annarra viðfangsefna í flestum tilvikum í höndum einstakra kennara sem fóru þá eftir eigin viðhorfum og reynslu".

Eins og áður hefur verið vikið að, er eðlilegast að skólinn beri sem mesta ábyrgð gagnvart samræmingu hinna ýmsu námsbrauta í stað þess að sú skipun komi að ofan. Árangursríkasta leiðin til að byggja upp lifandi skólastofnanir, sem veita sem besta menntun, er auki á alhliða þroska nemandans, er að skólastofnunin sjálf hafi frumkvæði að því að fylgjast með nýjungum bæði á skólasviðinu og hinum ýmsu sérsviðum eftir því sem við á. Slíku verður ekki komið til leiðar með stjórnun frá aðilum utan veggja hennar.

II. Stjórnskipun garðyrkjufræðslunnar.

Samræmt framhaldsskólanám skal samkvæmt frumvarpinu lúta menntamálaráðuneytinu, þó telja höfundar þess aðstæður bændaskólanna og Garðyrkjuskólans mæla með undantekningu (sbr. bls. 26, um 16. gr.). Varðandi þetta má taka undir það sem fram kemur í greinargerð kennara bændaskólans á Hvanneyri (bls. 3 og 4) um þetta mál.

Hættan sem einkum er fyrir hendi, ef ástandið er óbreytt, er m. a.:

a) Garðyrkjunámið yrði einangraðar námsbrautir.
b) Námsaðbúnaður við skólann, s. s. húsnæði, kennslutæki, bækur o. fl. þróist ekki til jafns við það sem gerist í öðrum framhaldsskólum.

Þessi hætta á þó ekki að þurfa að vera fyrir hendi, með eðlilegu samstarfi og samræmingu á garðyrkjunáminu, við annað framhaldsnám í hinum samræmdu framhaldsskólum, því að slíkt samstarf er nauðsyn.

Það sem m. a. mælir á móti því að tengsl Garðyrkjuskólans og landbúnaðarráðneytisins verði rofin er m. a. eftirfarandi:

a) Garðyrkjuskólinn er orðin miðstöð tilraunastarfseminnar á garðyrkjusviðinu og endurmenntunarnámsskeið fyrir starfandi garðyrkjumenn fara þar fram, auk þess sem gefnar eru út garðyrkjufréttir.

Mjög dýrt er að byggja upp slíka aðstöðu sem nú er við Garðyrkjuskólann, en nýta má hana bæði til tilrauna og bóklegrar- og verklegrar kennslu.

b) Hér er um fámenna stétt að ræða og því eðlilegast að hinir fáu starfsmenn sem starfa í þágu hennar, starfi bæði að kennslu, tilraunum, endurmenntun auk annarrar fræðslustarfsemi.

c) Garðyrkjumenn beri vissa ábyrgð á framkvæmd garðyrkjufræðslunnar og finni að Garðyrkjuskólinn sé „skólinn þeirra".

d) Menntun garðyrkjumanna hlýtur ætíð að verða nátengd rannsóknarstarfsemi garðyrkjunnar, leiðbeiningaþjónustunni og félagskerfi garðyrkjumanna, sem öll tilheyra starfssviði landbúnaðarráðuneytisins.

Að athuguðu máli, teljum við **ekki að ástæða sé til að breyta stöðu Garðyrkjuskólans í stjórnkerfinu.**

En áherslu ber að leggja á eftirfarandi atriði:

a) Tryggja hin kennslufræðilegu tengsl við menntamálaráðuneytið.

b) Leggja áherslu á að garðyrkjunámið falli sem allra best inn í hinn samræmda framhaldsskóla.

III. Núverandi tilhögun garðyrkjunámsins.

Garðyrkjunámið er 3. ára nám bæði bóklegt og verklegt. Þeir sem stunda nám við skólann skulu njóta bóklegrar kennslu í 3 vetur á tímabilinu 15. október til 1. apríl skólaár hvert, eða alls í 16½ mánuð. Ennfremur skulu nemendur stunda verknám við skólann í 1 mánuð eftir 1. og 2. bekk, alls í 2 mánuði. Að öðru leyti skulu ylræktarnemar og nemendur í almennri garðrækt vinna við skólann eða á viðurkenndum garðyrkjustöðvum undir handleiðslu garðyrkjumanns. Skrúðgarðyrkjunemar skulu vera á verknámssamningi samkvæmt ákvæðum iðnfræðslulöggjafarinnar, eða eftir nánari ákvæðum í námsskrá um skrúðgarðyrkjunám. Nemendur skulu vinna hver á sínu verknámssviði tímann á milli bóknámstímabilanna.

Heimilt skal vera að hluti af verknáminu fari fram á viðurkenndum verknámsstöðum erlendis. Nemendur færi dagbók yfir verknám sitt, ef skólastjóri óskar þess.

25. gr. reglugerðar skólans segir m. a. eftirfarandi um inntökuskilyrðin.:

Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi (grunnskólaprófi) eða hlotið svipaða menntun. Að umsækjandi hafi stundað verknám í garðyrkju a. m. k. í þrjá mánuði eftir 14 ára aldur á viðurkenndum verknámsstað, og skal inntökubeiðninni fylgja vottorð og meðmæli hlutaðeigandi um, að viðkomandi teljist fær um að stunda verklegt garðyrkjunám.

Hér verður að athuga að um er að ræða inntökuskilyrði í 1. bekk skólans.

Um undantekningar og inngöngu beint í 2. bekk, bóknámið, segir svo í 6.—10. gr. reglugerðar skólans.:

6. gr.

Frá einstökum atriðum í gr. 5 má þó veita undanþágu, ef sérstakar ástæður mæla með. Umsækjendur, er hlotið hafa góða undirbúningsmenntun, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir við inntöku í skólann, en annars skal lögð áhersla á að veita öllum þeim, sem uppfylla ofangreind skilyrði í gr. 5, inntöku í skólann, eftir því sem aðstæður leyfa.

Heimilt skal að veita undanþágu frá ákvæði d. í 5. gr., þegar um er að ræða nemendur, sem hefja nám eftir átján ára aldur.

Sé undanþágan veitt, skal nemandi sýna við inntökupróf, að hann hafi nægjanlega þekkingu til að geta fylgst með kennslu í 1. bekk, og skulu inntökupróf miðuð við eigi minni kröfur en gerðar eru til miðskólaprófs.

Heimilt skal vera að leyfa nám utanskóla. Umsóknir um utanskólanám þurfa að berast skólastjóra um leið og umsóknir reglulegra nemenda um skólavist. Um utanskólanemendur gilda að mestu leyti sömu reglur og um reglulega nemendur. Skulu þeir sækja kennslustundir, eftir nánari ákvörðun kennara og skólastjóra hverju sinni, nema um sé að ræða verklegar æfingar, sem þeim er skylt að ljúka.

Eins skulu þeir skila skriflegum úrlausnum í þeim greinum, þar sem þess er krafist. Í sumum greinum teljast próf ekki fullgild, nema lokið sé tilskildum heimaverkefnum og verklegum æfingum. Varðandi próf sjá 40. gr.

7. gr. Enginn getur lokið burtfararprófi úr bóknámsdeild skólans nema að hann hafi stundað verknám í 19½ mánuð, á viðurkenndum verknámsstöðum samkv. 3. gr.

Nemandi skal leggja fram fullnægjandi vottorð frá vinnuveitanda á verknámsstað,, um verknámssvið og lengd verknámstímans á viðkomandi stað.

8. gr. Áskilja má að nemandi hafi hlotið tilteknar lágmarkseinkunnir á miðskólaprófi (grunnskólaprófi), aðgangsprófum beint inn í 2. bekk, (sjá 9. gr.), í einstökum námsgreinum, svo og í aðaleinkunn, og er heimilt að hafa slíkar einkunnir breytilegar, eftir því sem ástæða þykir til.

9. gr. Umsækjendum með mjög góðan undirbúning verði gert kleift að koma beint inn í 2. bekk, t.d. umsækjendum með iðnskólapróf, próf úr bændaskóla, próf úr framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna, landspróf með framhaldseinkunn o. fl. Skilyrði er að þeir hafi valið sér kjörsvið, er þeir hafa unnið við í a. m. k. 4 mánuði, og hafi auk þess 3ja mánaða almennt undirbúningsverknám, áður en þeir komast í skólann. Einnig verða þeir að taka próf í þeim námsgreinum, sem þeir hafa ekki haft áður, eða ekki notið nægjanlegrar kennslu í, að mati skólans. Ennfremur verða þeir að skila sömu verkefnum og aðrir nemendur skólans, eins og t. d. plöntusafni. Einnig verða þeir að vera búnir að ákveða, hvort þeir ætli í skrúðgarðyrkju eða í ylræktun.

Heimilt skal vera að fella niður skylduverknám 1. bekkjar hjá þeim nemendum, sem koma beint inn í 2. bekk, en sá verknámstími skal bætast við almenna verknámið, þannig að heildarverknámstími verði óbreyttur 19½ mánuður, samanber 7. gr.

Ennfremur skal vera heimilt að stytta eða fella niður verknámið eftir 1. og 2. bekk, ef sérstakar aðstæður mæla með því, eða ef námsskrá í skrúðgarðyrkju mælir fyrir um aðra tilhögun, en þó þannig að heildarverknámstíminn verði óbreyttur 19½ mánuður samkv. 7. gr.

10. gr. Heimilt skal vera að halda undirbúningsnámskeið fyrir þá nemendur, sem þurfa inntökupróf, svo og fyrir þá nemendur, sem að mati skólans hafa ekki hlotið nægjanlega háa einkunn í einni námsgrein eða fleirum við miðskólapróf (grunnskólapróf), til þess að geta fylgst með kennslu í 1. bekk.

Nemendafjöldi og tilhögun verknáms.

Varðandi þann nemendafjölda sem sækir í garðyrkjunámið, þá hefur Garðyrkjuskólinn getað tekið á móti öllum þeim sem uppfyllt hafa inntökuskilyrði skólans, og er ekki annað séð en að það verði hægt í næstu framtíð. (15—20 ár).

Varðandi tilhögun verknámsins, þá viljum við leggja áherslu á þá tilhögun, að kennsla undirstöðuatriða fari fram í skóla og nokkur verkþjálfun. Frekara verklegt nám fari svo fram hjá garðyrkjubændum eða skrúðgarðyrkjumeisturum, innanlands eða erlendis.

Skólastofnunin hlýtur alltaf að verða nokkuð verndaður staður, þar sem nemandinn er sífellt meira eða minna undir verndarvæng kennara og skólans. Það er því nauðsynlegt fyrir nemendur að starfa meira og minna hjá einkafyrirtækjum en þá helst á fleirum en einum stað, til að fjölbreytnin verði sem mest, og þá undir yfirstjórn skólans, eins og verið hefur, hvað snertir ylræktarnema og allt garðyrkjunám fram til ársins 1967, þar til skrúðgarðyrkjan varð iðngrein.

Á þann hátt læra þeir bæði að standa betur á eigin fótum og kynnast viðhorfum þess sem lifa verður af eigin atvinnurekstri. Einnig er mjög þroskandi og lærdómsríkt að starfa við garðyrkju erlendis.

Þess vegna hefur ætíð verið lögð áhersla á þessa skiptingu við garðyrkjuskólann, þó hvergi sé líklega auðveldara að flytja allt verknámið inn á skólann, en einmitt þar, en það mundi kosta mjög aukið fjármagn í kennslu og rekstri. En alltaf eru það einhverjir ylræktarnemar, sem fá sitt verknám að mestu leyti í skólanum.

IV. Athugasemdir almennt við búfræðisviðið í frumvarpi til laga um framhaldsskóla, bls. 36 og 37.

Hér verður einungis tekið til meðferðar það sem snertir garðyrkjunámið á bls. 36—38.

Gert er ráð fyrir tveimur námsbrautum á garðyrkjusviðinu, garðyrkjubraut og skrúðgarðyrkjubraut.

Samkvæmt núgildandi lögum og starfsreglum skólans, þá fer kennslan nú fram á tveimur kjörsviðum (námsbrautum) við skólann, annars vegar er ylrækt og útimatjurtaræktun og hins vegar skrúðgarðyrkja, og samkvæmt iðnfræðslulögunum þá er Garðyrkjuskóli ríkisins sériðnskóli fyrir skrúðgarðyrkjuna.

Garðyrkja hefur verið notuð sem samheiti á allri garðyrkju, hvort sem um er að ræða ylrækt, matjurtaræktun eða skrúðgarðyrkju.

Auk þessara tveggja kjörsviða sem hér hafa verið nefnd þá er í nýjustu reglugerð skólans gert ráð fyrir þriðja kjörsviðinu (námsbrautinni), en það er garðplöntusvið („planteskoledrift").

Garðyrkjunáminu yrði því skipt í eftirfarandi brautir:

Ylrækt og útimatjurtaræktun.

Garðplöntusvið.

Skrúðgarðyrkju.

Hefur nú verið ákveðið að stefna að því að taka upp kennslu á garðplöntubrautinni haustið 1978, þannig að þá yrðu þrjár námsbrautir við skólann, þ. e. a. s.:

Ylræktarbraut (Ylrækt og matjurtaræktun).

Garðplöntubraut.

Skrúðgarðyrkjubraut.

Námsgreinar í kjarna verði þær sömu, þannig að námsefnið í 1. bekk yrði óbreytt, það sama fyrir alla nemendur skólans, og sömu greinar yrðu í kjarna í 2. og 3. bekk. Að loknum 1. bekk velja nemendur á milli námsbrautanna þriggja, og yrðu að haga verknáminu í samræmi við það, en samkvæmt reglugerð skólans eiga nemendur að vinna á viðurkenndum garðyrkjustöðum og vinna undir handleiðslu garðyrkjumanns. Skrúðgarðyrkjunemar skulu vera á verknámssamningi samkvæmt ákvæðum iðnfræðslulöggjafarinnar eða eftir nánari ákvæðum í námsskrá um skrúðgarðyrkjunám.

Nemendur skulu vinna hver á sínu verknámssviði tímann á milli bóknámstímabilanna. Heimilt er ennfremur að hluti af verknáminu fari fram á viðurkenndum verknámsstöðum erlendis. Nemendur færa dagbók yfir verknám sitt, ef skólastjóri óskar þess.

Verknám ylræktarnema auk skylduverknámsins fari fram við garðyrkjustöð skólans, á viðurkenndum garðyrkjustöðvum hér innanlands eða að hluta erlendis þar sem fjölbreytt ræktun matjurta og blóma fari fram.

Verknám nemenda á garðplöntubraut fari fram að einhverju leyti við Garðyrkjuskólann, en að öðru leyti við viðurkenndar garðplöntustöðvar hér innanlands og við plöntuuppeldisstöðvar skógræktarinnar og bæði bókleg og verkleg kennsla fari fram í náinni samvinnu á milli þessara aðila. Verknám þessara aðila yrði óbreytt áfram stjórnað af Garðyrkjuskólanum.

Varðandi verknám skrúðgarðyrkjunnar verður að gera ráð fyrir þeirri breytingu, að skólinn taki smátt og smátt að sér umsjón með verknáminu, þannig að tryggt sé að nemandinn fái þá fjölbreytni í verknáminu sem nauðsynleg er, og fari þá verknámið að einhverju leyti fram við skólann sjálfan, en annars hjá starfandi skrúðgarðyrkjumeisturum, bæði innanlands og erlendis, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Stytting á náminu, hvort sem það er á bóknáminu eða verknáminu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, kemur ekki til greina, og er þar stuðst bæði við eigin reynslu og tilhögun garðyrkjunámsins í ýmsum löndum. Reyndar hafa komið fram hugmyndir um lengingu bóknámsins á hverju bóknámstímabili um ½ mánuð, þann-

ig að það mundi stytta verknámið um 1½ mánuð á öllu námstímabilinu, en það er m. a. hugsað til að fá meiri tíma fyrir verklegar æfingar og námsferðir í tengslum við bóknámið.

V. Um einstök námsár og námsbrautir.

10. skólaár.

Garðyrkjunámið er í dag þriggja ára nám. Allt námið í fyrsta bekk er sameiginlegt fyrir alla nemendur skólans, en í öðrum og þriðja bekk, er sameiginlegur kjarni, síðan kjörsviðin tvö og valgreinar.

Hugsanlegt væri að hægt væri að kenna námsefni 1. bekkjar á 10. skólaárinu, en í 1. bekknum er lögð megin áhersla á ýmsar raungreinar eins og efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði. En í þessu sambandi þarf að gæta að ýmsum atriðum eins og:

Yrði námsefni 10. skólaárs miðað við garðyrkju- eða búfræðinámið sérstaklega?

Hver mundi hafa forsögu um nám á þessum brautum?

Tryggt yrði að vera að garðyrkjuskólamenn hefðu hönd í bagga með uppbyggingu námsins á 10. skólaárinu, svo að það kæmi að sem bestum notum í garðyrkjunáminu.

Slíkt 10. skólaár, sem miðað væri að þörfum Garðyrkjuskólans og bændaskólanna, gæti hugsanlega, ef vel væri að því staðið, létt talsverðu af þessum sérskólum.

Búsýslubraut:

Óljóst er hvaða hlutverki búsýslubraut á að gegna, að öðru leyti en því, að vera sérhæfð leið að garðyrkju- eða búfræðinámi.

Bóklega námið yrði því það sama eða svipað og á 10. skólaári.

Verknám er þýðingarmikill þáttur í garðyrkjunáminu, en garðyrkjunámið verður að fara fram á viðurkenndum verknámsstöðum og þá undir leiðsögn útlærðs garðyrkjumanns, hvort sem um er að ræða ylrækt, útimatjurtaræktun, garðplöntufræði eða skrúðgarðyrkju.

Að koma upp nauðsynlegri verknámsaðstöðu kostar slíkt óhemju fjármagn, að því verður ekki komið upp nema að **mjög takmörkuðu** leyti og þá á ófullkominn hátt, við hina ýmsu skóla.

Vart kemur heldur til greina að kenna á þessari braut námsgreinar þær sem kenndar eru á 2. og 3. ári í Garðyrkjuskóla ríkisins, nema þá svo yfirborðskennt, að af því væri ekkert gagn. Búsýslubraut gæti því ekki veitt nein umtalsverð starfsréttindi.

Búsýslubraut í þeirri mynd sem lögð er fram á bls. 36—37, er ekki raunhæf og ekki vænleg til árangurs né til að leysa neinn vanda.

Búsýslubraut, eða frekar líffræðibraut, sem færi fram á 10. skólaárinu, með svipuðu sniði og hið svokallaða „basis ár", í danska skólakerfinu, kæmi miklu frekar til greina, og þá sem beinn undirbúningur undir garðyrkjuskóla eða bændaskóla.

Garðyrkju- og skrúðgarðyrkjubraut.

Samkvæmt núgildandi kennslutilhögun þá er í 2. og 3. bekk kenndur ákveðinn kjarni og síðan er kennsla á kjörsviðunum, og á milli 2. og 3. bekkjar vinna nemendur að aðalverkefni, (valverkefni). Námið í 3. bekk byggir á þeirri undirstöðu sem lögð er í 2. bekk, og því kemur alls ekki til greina námslok eftir eins árs garðyrkjunám, þ. e. a. s. að gera ráð fyrir námslokum eftir 11. skólaár á garðyrkjubrautinni. Að fenginni langri reynslu við skólann og með tilvísun til tilhögunar garðyrkjunámsins í ýmsum löndum, þá kemur þessi breyting ekki til greina.

Að gera ráð fyrir að kennsla geti verið sameiginleg að verulegum hluta á 2. ári á báðum brautum, er í algerri mótsögn við þá þróun sem hefur átt sér stað og er ekki vænlegt að leggja slíkt til.

VI. Framtíðartilhögun garðyrkjufræðslunnar.

Námsbrautir:
Ylræktarbraut
Garðplöntubraut
Skrúðgarðyrkjubraut.

Þriggja ára nám bæði bóklegt og verklegt. Sameiginlegt nám í 1. bekk, og nokkur sameiginlegur kjarni í 2. og 3. bekk. Að loknum 1. bekk velur nemandinn sér eina af ofannefndum þremur námsbrautum, og verður þá að haga verknáminu í samræmi við það.

1. bekkjarnámið gæti farið fram í ýmsum skólum auk Garðyrkjuskólans á 10. skólaárinu, sjá með fylgjandi skýringarmynd. Þetta fyrsta námsár á margt sameiginlegt með fyrsta árs námi annarra námssviða, þótt þar verði að gera ráð fyrir nokkru sérhæfðu námi með hliðsjón af áframhaldandi námi í garðyrkjuskólanum. Hugsanleg væri búsýslubraut, 1 árs nám, sem kæmi þá í staðinn fyrir 1. bekkjarnámið á 10. skólaárinu.

Fyrsta námsárið, þ. e. a. s. bóklegi hlutinn, ætti að geta farið fram á ýmsum stöðum á landinu, en 2. og 3. námsárið fari fram við Garðyrkjuskóla ríkisins, sem er hliðstætt því sem nú er. Verklega námið í 1. bekk færi fram við garðyrkjustöð Garðyrkjuskólans eða á verknámsstöðum sem Garðyrkjuskólinn viðurkenndi.


Á öðru námsári greinist námið, samkvæmt skýringarmynd, í ylræktarbraut, garðplöntubraut og skrúðgarðyrkjubraut. Það skiptist í bóklegt fagnám og verklega þjálfun í srkóla og starfsreynslu á garðyrkjustöð eða hjá skrúðgarðyrkjumeistara. Nokkur sameiginlegur kjarni er á öðru námsárinu, en að öðru leyti fer fram sérkennsla á þessum þremur brautum.


Þriðja námsárið er beint framhald 2. árs, og þeir sem ljúka því, eru fullnema garðyrkjufræðingar.

Fjórða námsárið er svo frekari almennur undirbúningur fyrir þá sem stefna að framhaldsnámi eða leita inn í annað nám, sem gerir kröfur um aukna almenna menntun, eða verkleg þjálfun fyrir þá sem stefna að meistaranámi, sem færi fram á 5. skólaárinu.

Hér er gert ráð fyrir bæði bóklegri og verklegri þjálfun mismunandi mikilli eftir því hvaða framhald er fyrirhugað. Í verklegu þjálfuninni á 4. ári, hjá ylræktarnemum og þeim sem stunda nám á garðplöntubrautinni, er fyrst og fremst gert ráð fyrir ýmsum verklegum æfingum t. d. við rannsóknarstörf.

Á fimmta skólaárinu yrði einnig stefnt að því að taka upp tækninám hliðstætt því sem nú gerist við suma erlenda garðyrkjuskóla, og á fimmta árinu væri einnig meistaranám fyrir skrúðgarðyrkjumenn.


10
11
12
13
14
Skólaár
1. bekkur
2. bekkur
3. bekkur
4. ár
5. ár


Grunnskólapróf
Framhaldsnám
Iðnnáms- og starfsbrautir
Alm. undirb.
Tæknanám
Garðplöntubraut
Háskólanám
Verkleg þjálfun
Skrúðgarðyrkjubraut
Meistaranám


Skólaár
Mismunandi námsbrautir
Réttur til framhaldsnáms
Bóklegt og verklegt nám
Verkleg þjálfun
Lokapróf

41. FÓSTURSKÓLI ÍSLANDS

Við undirritaðar, skólastjóri Fósturskóla Íslands og kennarar í uppeldisgreinum og félagsgreinum höfum rætt mjög ýtarlega um væntanlega stöðu fósturmenntunar í skólakerfinu miðað við tillögur menntamálaráðuneytisins í greinargerð þeirri, er fylgir frumvarpi til laga um framhaldsskóla, sem lagt var fyrir Alþingi á s. l. löggjafarþingi (1976—1977).

Hugmyndina um samræmda framhaldsskóla teljum við eðlilega og jákvæða þróun í framhaldi af hinum nýju grunnskólalögum. Hins vegar getum við **alls ekki** fallist á tillögur ráðuneytisins um fyrirkomulag fóstrumenntunar, enda teljum við þær byggðar á röngu mati á eðli fóstrumenntunarinnar og hlutverki fóstrunnar í nútíma þjóðfélagi.

Þessum skoðunum okkar til rökstuðnings er eftirfarandi:

I. Við teljum fráleitt, að fóstrumenntun fari fram í skólum fyrir unglinga á aldrinum 16 — 19 ára.

Hlutverk fóstrunnar er og verður í framtíðinni æ mikilvægara og ábyrgðarmeira eftir því sem fleiri börn dveljast á forskólastofnunum. Enn fremur hefur sú uppeldisstefna rutt sér til rúms, bæði hérlendis og erlendis, að vista beri mikinn hluta þeirra þroskaheftu barna, sem áður hafa dvalist á sérstofnunum, með heilbrigðum börnum á almennum forskólastofnunum. Þessi blöndun („pedagogisk integration") heilbrigðra og þroskaheftra barna innan sama barnahóps gerir vaxandi kröfur til sérmenntunar fóstrunnar, skipulagshæfileika hennar og almenns andlegs þroska.

Kjarni fósturmennunarinnar er, sem kunnugt er, sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Á þessum fræðigreinum hafa óþroskaðir unglingar lítinn **faglegan** áhuga enda takmarkaðan skilning. Myndi þetta nám því nýtast þeim lítið sem ekki, þegar út í starfið kæmi.

II. Við teljum, að fósturmenntunin eigi alfarið að vera **sérnám að** loknu 4 ára almennu námi á framhaldsskólastigi.

Þessi sérmenntun ætti annað hvort fara fram í 3 ára sérskóla eins og Fósturskóla Íslands eða í deild fyrir fóstrunema innan vébanda Kennaraháskóla Íslands.

Óeðlilegt er að gera greinarmun á uppeldisbraut og fósturbraut innan uppeldissviðsins. Fóstrunemar og kennaranemar eiga að hafa sambærilega eða sams konar undirbúningsmenntun.

Enn fremur er með öllu óraunhæft að gera ráð fyrir verulegu verklegu námi á forskólastofnunum fyrir nemendur á unglingsaldri. Ábyrgð fóstrunnar gagnvart börnunum er ærin, þótt ekki bætist við ábyrgð á því að leiðbeina óþroskuðum og óráðnum unglingum um barnauppeldi. Laun fyrir þá kennslu yrði einnig býsna mikill kostnaðarliður, ef til kæmi.

III. Að lokum viljum við minna á þá **stefnu**, sem mörkuð hefur verið, **varðandi menntun og stöðu fóstrunnar á ráðstefnum á vegum Evrópuráðs** um forskólauppeldi og tengsl þess við skyldunámið (í Feneyjum 1971, Leyden 1973, Versailles 1975 og Bornemouth 1977).

Í ályktunum ráðstefnunnar í Leyden er þeirri áskorun beint til aðildarríkja, að þau stuðli að því

1) að vandað verði sérstaklega til inntöku nemenda í fósturskóla, bæði hvað snertir undirbúningsmenntun og almennan andlegan þroska.
2) að gerðar verði sambærilegar menntunarkröfur til fóstru og kennara á grunnskólastigi.
3) að fóstrur njóti sömu starfskjara og þjóðfélagsstöðu og kennarar.

Einnig kom fram sú áskorun á ráðstefnunni í Versailles 1975 **„að gera ráðstafanir til þess að uppræta það gildismat sem vanmetur starfsemi forskólastofnana (þar sem börnin „leika sér eingöngu") miðað við starfsemi fyrstu bekkja skyldunámsins (þar sem þau „vinna")."**

Með þessa stefnumörkun að leiðarljósi óskum við eftir, að fósturmenntun á Íslandi verði byggð upp.

Að sjálfsögðu hníga fleiri rök að sjónarmiðum okkar en fram hafa komið í þessu bréfi, en við teljum, að þau rök, sem hér hafa verið greind séu kjarni málsins og þyngst á metunum.

Við teljum það mikið alvörumál hvaða stöðu fósturmenntun hlýtur í skólakerfinu.

Óskum við þess eindregið, að framangreindar tillögur verði teknar til gaumgerðrar endurskoðunar áður en frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi öðru sinni. Væntum við þess, að haft verði samráð við Fósturskóla Íslands um framtíðarskipan þessa máls.

Sem kunnugt er á Fósturskóli Íslands (áður Fóstruskóli Sumargjafar) meira en 30 ára starfssögu að baki og er fyrsta og eina stofnunin sem annast hefur fóstrumenntun í landinu.

Virðingarfyllst

Valborg Sigurðardóttir
skólastjóri

María Finnsdóttir, verknámskennari, Margrét Gunnarsdóttir, verknámskennari, Jónína Tryggvadóttir, sálfræðikennari, Guðrún Jónsdóttir, félagsfræðikennari.

42. MYNDLISTA- OG HANDÍÐASKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 10. júlí 1977.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla vekur vonir um betri samræmingu og aukið jafnvægi hinna ýmsu starfsgreina innan menntakerfisins.

Uppbygging hins samræmda skóla er þó ýmsum annmörkum háð. Sumir skólar munu glata sjálfstæði sínu og renna inn í heildarskipulag og aðrir falla hvorki undir framhaldsskólalöggjöfina né hefur þeim verið búin aðstaða til að taka að sér kennslu á háskólastigi. Listaskólarnir hljóta fyrst um sinn að starfa, sem sérskólar, á mörkum þessara tveggja skólakerfa.

Í frumvarpinu er mörkuð sérstök listabraut. Mikið er undir því komið að vel takist mótun hennar. Myndlistarbrautir á framhaldsskólastigi eru þó aðeins raunhæfar að þess sé gætt að hin raunverulega menntunarstofnun myndlistarinnar í landinu gleymist ekki og sé höfð í svelti meðan aðstaða er veitt stofnunum, þar sem nemendur eru enn of ungir til að vita hvort þeir ætla að helga sig myndlistinni, sem er köllun ekki síður en starfsval. Reynslan hefur sýnt að fullsnemmt er að hefja alvarlegt myndlistarnám um sextán ára aldur. Flesta skortir þá enn broska til slíks náms. Þekking á listum og iðkun beirra er hins vegar öllum holl og nauðsynlegur báttur menntunar og þjóðlífs en almennri iðkun lista og alvarlegri starfsþjálfun má ekki blanda saman.

Í kjölfar frumvarps þess, sem lagt verður fram til laga um KHÍ gætu orðið umfangsmiklar breytingar á námi kennaraefna í mynd- og handmenntum. Það hefur kosti í för með sér að samræma allt kennaranám en á hinn bóginn er mjög varhugavert að rjúfa hina orkugefandi þríngrás listvitundarinnar, sem skilar sér í kennslu þess nemanda, sem numið hefur við listaskóla og kynnst þar listamönnum innlendum og jafnvel erlendum og því starfi, umræðum og vangaveltum, sem þar eiga sér stað. Þetta er vert að hafa í huga ef myndmenntadeildir framhaldskólanna eiga að mynda grundvöll að frekara námi við MHÍ.

F. h. skólastjórnar

Hildur Hákonardóttir.

43. STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. júlí 1977.

Með bréfi dags. 4. maí s.l., sendi hið háa ráðuneyti Stýrimannaskólanum í Reykjavík **frumvarp til laga um framhaldsskóla** til umsagnar. Vil ég vegna þessa taka fram eftirfarandi að því er skipstjórnarnám snertir.

Eins og segir í kafla 7 **skipstjórnarbraut**, bls. 52 í greinargerð fyrir frumvarpinu, leggja nefndarmenn ekki til skipulagsbreytingu í námi skipstjórnarmanna. Ég tel líka að þær breytingar sem gerðar voru á námi í Stýrimannaskólanum, fyrst 1966 að samræma námsefni 1. bekkjar farmanna og 1. bekkjar fiskimanna námsefni til hins svokallaða minna fiskimannaprófs og síðan 1972 að samræma námsefni 2. bekkjar farmanna og fiskimanna, hafi reynst mjög vel og hef ég ekki orðið var við neina gagnrýni gegn þeirri tilhögun. 1972 var jafnframt sett skilyrði um gagnfræðapróf eða hliðstætt próf til inngöngu í 1. bekk og um leið starfrækt undirbúningsdeild í einn vetur fyrir þá sem höfðu ekki slíka undirbúningsmenntun. Í þeirri deild eru eingöngu kenndar 5 námsgreinar, stærðfræði, eðlisfræði, íslenska, enska og danska.

Með breytingunum frá 1972 opnuðust leiðir fyrir nemendur að fara stig af stigi alla leið til lokastigsins. T. d. veit ég um marga fiskimenn sem lokið hafa 3. stigs prófi, þó þeir raunverulega þyrftu ekki að ljúka nema 2. stigs prófi til að fá full réttindi á fiskiskipum. Kemur þar fyrst og fremst til framsýni, því ekki er óalgengt hjá okkur að sjómenn, sem starfað hafa á fiskiskipum nokkur ár, snúi sér að farmennsku og þá kemur sér vel að hafa 3. stigs prófið.

Eins og er veitir 1. stigs prófið (þ. e. próf upp úr 1. bekk, skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúml. fiskiskipi í innanlandssiglingum.

2. stigs prófið veitir skipstjórnarréttindi á fiskiskipi af hvaða stærð sem er í innan- og utanlandssiglingum og á verslunarskipi allt að 400 rúml. Ennfremur undirstýrimannsréttindi á verslunar- eða varðskipi af hvaða stærð sem er í innan- og utanlandssiglingum.

3. stigs prófið veitir skipstjórnarréttindi á verslunarskipi af hvaða stærð sem er í innan- og utanlandssiglingum og stýrimannsréttindi á varðskipi.

4. stigs prófið veitir skipherraréttindi á varðskipum ríkisins.

Allt er þetta háð tilteknum siglingatíma eins og ákveðið er í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Eins og áður segir tel ég að þessi skipan hvað stigin snertir hafi reynst svo vel að ekki sé ástæða til að breyta henni. Hinsvegar má segja að skólinn sé mjög sérhæfður og ekki greiðfærar leiðir til annars náms frá honum, enda er þetta fyrst og fremst skóli fyrir væntanlega skipstjórnarmenn en ekki áfangabraut til einhvers annars. Okkur vantar skipstjórnarmenn og það með sem besta menntun bæði verklega og bóklega.

Ég tel æskilegast að menn hafi gert upp við sig áður en þeir koma inn í skólann hvort þeir vilja starfa á sjónum. Því legg ég mikla áherslu á siglingatímann fyrir skólagöngu, bæði til þess að læra til verka um borð í skipum og ekki hvað síst til að gera upp við sig hvort þeir vilja stunda sjómennsku eða ekki í stað þess að vera að eyða tíma og fé í skólagöngu sem hentar þeim svo ekki síðar.

Ég vil taka fram að þar sem ég tala um menn í þessari umsögn á ég að sjálfsögðu bæði við karla og konur.

Þó ég eins og fyrr segir telji æskilegast að þeir sem ljúka námi við stýrimannaskólann noti réttindi sín á sjónum, viðurkenni ég að alveg lokaður skóli hæfir ekki nútíma þjóðfélagi og nú þegar hefur opnast leið frá 3. stigi Stýrimannaskólans beint í útgerðartæknínám við Tækniskóla Íslands. Tekur það nám nú 3 áfanga eða 1½ ár. Úr 4. stigi eiga menn að geta lokið því námi á 1. ári. Skólinn er því ekki lengur lokaður skóli og fleiri brautir opnast sjálfsagt í framtíðinni.

Svo ég víki aftur að **skipstjórnarbraut** á bls. 52 í greinargerð nefndarmanna og skýringarmyndum á bls. 53, 54 og 55, þá virðist mér að 1. námsár eða 1. stig hafi fallið niður. Námslok geta verið eftir 1. námsár með skipstjórnarréttindum á fiskiskipum allt að 120 rúml. og sé alls enga ástæðu til að breyta því. Eins og áður segir eru stigin 4 við skólann eða 4 námsár fyrir utan undirbúningsdeild. Það vantar því eins reit inn í myndirnar á bls. 53, 54 og 55.

En þó ég telji það fyrirkomulag sem nú er á skipstjórnarmenntun að því er stigin snertir henta vel, er ekki þar með sagt að ekki geti verið breytinga þörf innan þess ramma. Á seinni árum hefur færst talsvert í vöxt að menn með meiri menntun en gagnfræðapróf, svo sem stúdentspróf, sæki skólann. Eins og er geta þeir nemendur að vísu lesið 1. og 2. stig á einum vetri með því að fá leyfi til að sleppa þeim greinum sem þeir hafa lært jafnmikið í eða meira en kennt er á viðkomandi stigi, þó ekki til prófs. Hefur þá kennslustundum í einni deild á 1. stigi og einni deild á 2. stigi verið hagað þannig að viðkomandi geti sótt tíma í sem flestum greinum á báðum stigum, sem þeir hafa hlotið í kennslu áður, svo sem siglingafræði, sjómennsku, skipagerð, siglingareglum, sjórétti o. s. frv. Þetta hefur tekist furðu vel og t. d. luku 8 nemendur báðum stigum síðastl. vetur.

Hinsvegar hef ég velt því talsvert fyrir mér hvort ekki væri heppilegra að taka upp svokallað áfangakerfi með ákveðnum punktafjölda fyrir hverja grein á hverju stigi fyrir sig. Þeir sem hefðu nægan punktafjölda í einhverjum greinum, svo sem tungumálum o. fl., þyrftu ekki að taka próf í þeim og gætu einbeitt sér að öðrum greinum. Sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í það hér en tel ástæðu til að þetta verði athugað í sambandi við þær breytingar sem eru fyrirhugaðar á framhaldsskólastiginu. Þetta mundi örugglega hafa nokkuð aukinn kostnað í för með sér, t. d. þyrfti að hafa próf oftar en nú er, en hinsvegar væri auðveldara fyrir menn með mikla námsgetu að stytta námstímann. Spurning er hvort nemendafjöldi er nógu mikill til þess að áfangakerfið nýtist án óeðlilegs kostnaðar.

Ég álít að þetta mál þyrfti ítarlegar athugunar við og teldi ástæðu til að nefnd fjallaði um það áður en fyrirhugaðar breytingar á framhaldskólum koma til framkvæmda. Fleira þyrfti athugunar við, t. d. tenging 1. stigs skipstjórnarmenntunar við fjölbrautaskóla, einkum utan Reykjavíkur, endurhæfingu eldri skipstjórnarmanna o. fl.

Að því er snertir kostnað við skólahald Stýrimannaskólans í Reykjavík vil ég taka fram að þangað sækja nemendur allsstaðar að á landinu og álít ég því eðlilegt að skólinn sé kostaður að fullu af ríkinu eins og verið hefur frá upphafi.

Virðingarfyllst,

Jónas Sigurðsson
skólastjóri.

44. TÆKNISKÓLI ÍSLANDS

23. maí 1977.

Um „frumvarp til laga um framhaldsskóla".

Vísað er í umsagnarbeiðni ráðuneytisins um þetta málefni, dags. 77. 05. 04. Við frumvarpið sjálft eru ekki gerðar athugasemdir.

Ýmislegt er talið athugavert við hugmyndina um tæknisvið eins og hún er kynnt í greinargerðinni, en rangt að láta það tefja fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Bjarni Kristjánsson
rektor.

45. SAMVINNUSKÓLINN

Bifröst, Borgarfirði 13. október 1977.

Samvinnuskólinn hefur fengið til umsagnar **frumvarp til laga um framhaldsskóla** sem lagt var fyrir 98. löggjafarþing Alþingis 1976—1977.

Samvinnuskólinn fagnar þessu frumvarpi og er því sammála í meginatriðum. Þó vill skólinn koma eftirfarandi á framfæri.

1. Í grein 4 segir að „allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að stunda nám í framhaldsskóla".

   Nú er það svo að einn af aðalkostum þessa frumvarps er að það er ekki einvörðungu rammi utan um það menntakerfi er veitir fólki fræðslu á unga aldri, þ. e. frummenntun, heldur er það einnig rammi utan um alls kyns fræðslustarfsemi fyrir fullorðið fólk, sbr. bls. 19 í frumvarpinu. Megin þorri fullorðins fólks hefur að vísu lokið skyldunámi en þó er það all stór hópur þjóðfélagsþegna sem ekki uppfyllir þetta skilyrði og á þá að útiloka þennan hóp frá því að geta notið menntunar samkvæmt þeirri skipan er frumvarpið gerir ráð fyrir? Flestir sanngjarnir menn svara þessari spurningu neitandi. Til þess að þarna fari ekkert á milli mála telur Samvinnuskólinn eðlilegt að inn í frumvarpið verði sett ákvæði um að þeir sem orðnir eru fullra 20 ára að aldri geti hafið nám í framhaldsskóla án sérstakra inntökuskilyrða og þar með sé ótvírætt tekið af skarið með að sú lífsreynsla er menn öðlast á 20 árum sé metin „jafngild undirstöðumenntun" grunnskólaprófi.
2. Samvinnuskólinn telur það mikilvægt að góð samvinna sé á milli yfirstjórnar menntamála og aðila atvinnulífsins og sé stofnun framhaldsskólaráðs spor í rétta átt. Með framhaldsskólaráði er komið á fót samkomu sem á að verða umræðuvettvangur áðurnefndra aðila og vera „ráðunevtinu til aðstoðar við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla". Samvinnuskólinn telur hins vegar að stofnun framhaldsskólaráðs nái trauðla tilgangi sínum nema fulltrúar einnar stærstu fjöldahreyfingar landsins, Samvinnuhreyfingarinnar eigi þar sæti ásamt þeim aðilum sem upp eru taldir í frumvarpinu, enda á enginn önnur hreyfing stærri né fjölbreyttari hlut að atvinnulífi landsmanna auk þess sem samvinnumenn hafa jafnan verið í fararbroddi fjöldahreyfinga í fræðslumálum. Því leggur Samvinnuskólinn til að í 16. grein frumvarpsins verði bætt ákvæðum um að samvinnuhreyfingin skuli skipa þriá fulltrúa í framhaldsskólaráð.
3. Þá samþykkir Samvinnuskólinn þá meðferð mála að við gildistöku þessara laga falli löggjöf um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi (51/1971) niður að frátaldri 9. gr. þeirra laga sem fjallar um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Væntir Samvinnuskólinn þess að tillit verði tekið til áðurnefndra ábendinga.

Með vinsemd og virðingu.

F. h. Samvinnuskólans

Haukur Ingibergsson
skólastjóri

46. MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. júní 1977.

Hið háa ráðuneyti hefur sent mér til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla, sem lagt var fyrir hæstvirt Alþingi á s.l. vori.

Engum þeim, sem setið hafa fundi samstarfsnefndar menntaskólastigsins, mun koma á óvart, að ég hef margt við þetta frumvarp að athuga, og mun ég nú tilfæra hið helsta, en einskorða mig að mestu við það, sem enn þá kallast menntaskólanám.

1) Ég tel sjálfa grundvallarhugsunina, sem frumvarpið byggist á, þ. e. að rétt sé að setja upp menntakerfi, þar sem unnt sé að hreyfa sig endalaust, lárétt og lóðrétt, milli skólategunda og fá megnið af fyrra námi sínu viðurkennt á öðrum skólastigum, vera ranga. Kröfur um sérþekkingu í nútímaþjóðfélagi eru svo miklar, að út úr slíku kerfi kæmi hvorki fugl né fiskur, og það gæti ekki leitt til neins nema almennrar lækkunar á menntastaðli á öllum sviðum, ekki síst hinu bóklega.

2) Slíkt menntakerfi, ef upp verður sett, krefst svo mikillar „yfirbyggingar" vegna stjórnunar, ráðgjafar o. fl., eins og sjá má í greinargerð og athugasemdum, að í fyrsta lagi er ekki til fólk í landinu til að sinna þeim verkum og í öðru lagi margfaldar það allan kostnað við skólakerfið.

3) Ákvæðið um jafnan rétt allra, sem lokið hafa grunnskólaprófi, til inngöngu í hvaða framhaldsskóla sem er, er beinlínis hættulegt, því réttur, sem ekki fylgja skyldur, er hættulegur. Skyldan í þessu tilviki ætti að vera að ná sem allra mestum árangri í grunnskóla til að öðlast sem mestan rétt. Það er bæði dýrt fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið að setja upp kerfi, sem e. t. v. lítur vel út á pappírnum, en felur í sér óhjákvæmilegt fall, ef ýtrasti réttur er notaður, og engan hvata til að standa sig. Betra væri að ákvarða sæmilega strangar einkunnakröfur (skyldur), en gefa mönnum nokkur færi á að ná lágmörkum.

4) Að því er menntaskólana varðar, er beinlínis gert ráð fyrir því í frumvarpinu (athugasemdum, tölulið 4 á 23. bls.), að um slíka lækkun á staðli verði að ræða, „að kanna þurfi, hvort breyta þurfi reglum um inntöku í Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi".

5) Ég er á móti áfangakerfi, a. m. k. í menntaskólum, og eru forsendur mínar þessar helstar:

a) Út úr áfangakerfi fæst ekkert það, sem ekki má ná fram með sæmilega húmaníska afstöðu og mati skólayfirvalda á hverjum stað (sbr. 2, d).

b) Skólanám er ekki aðeins nám og próftaka, heldur eru hin mannlegu samskipti innan og utan skólastofunnar ekki síður mikils virði. Á skólaárunum hnýta menn oftast þau vináttubönd, sem eiga eftir að endast ævina á enda, og í þessu á bekkurinn, bekksögnin, ekki minnstan þátt. Punktakerfið hefur ekki gefist eins vel að þessu leyti.

c) Það getur ekki verið hið æskilega takmark með stúdentsprófi, sem er umfram allt inntökupróf í háskóla, að menn **hafi lært**, svo og svo marga áfanga í hverri námsgrein, heldur, að þeir hafi sýnt getu til að hafa á valdi sínu á ákveðnum tíma mikið námsefni, svo vel skipulagt í huganum, að þeir geti komið því frá sér í einni prófsetu. Þetta er þjálfunaratriði, sem ekki fæst fram í kerfi, þar sem aldrei eru tekin yfirlitspróf, og verðmætur undirbúningur undir háskólanám.

d) Þann „kost" við áfangakerfið, að duglegri nemendur geti farið hraðar gegnum menntaskóla en aðrir, tel ég ekki þungvægan, því að almennur þroski og sjálfstæði mikilla námsmanna þarf ekki að vera hraðari en miðlungsmanna. Réttara tel ég að kenna afburðamönnum meira í menntaskóla og búa þá þannig betur undir háskólanám. Það er, hvort sem er, vafasamur ávinningur að öðlast rétt til háskólanáms á árstíma, þegar háskólar taka almennt ekki við nýnemum.

e) Ég tel of mikið gert úr ágæti valgreina og raunar **algjörlega fráleitt að vera með slíkar greinar í grunnskóla.**

Skólaárið á Íslandi er ekki lengra en svo, að ekki veitir af tímanum til að styrkja nemendur sem best í þeim undirstöðugreinum, sem nauðsynlegar eru vegna áframhaldandi náms, og á þetta bæði við grunnskóla og framhaldsskóla, ekki síst menntaskóla.

Að loknum þessum almennu athugasemdum vil ég nú fara aðeins nánar út í nokkur atriði, er snerta menntaskólanám og réttindi stúdenta.

A. Háskóli Íslands hefur að undanförnu kvartað sáran um lélegan undirbúning stúdenta. Sú kvörtun fór að koma fram, eftir að rýmkað var svo um inntöku í menntaskólana (minni kröfur á landsprófi), að þangað kom töluvert af fólki, sem ekki réð raunverulega við námið, ýmist vegna ónógrar getu eða vegna áhugaleysis á að standa sig, en það áhugaleysi kann að hafa stafað að einhverju leyti af því, að Háskóli Íslands gerði ekki nógu háar einkunnakröfur við inntöku. Afleiðingin af þessu varð sú, að meðaltal einkunna á stúdentsprófi snarlækkaði og inn í Háskóla Íslands kom töluverður fjöldi fólks, sem ekki réð við námið, féll og flosnaði upp.

B. Árum og öldum saman hafa Íslendingar getað sótt sér menntun til annarra landa fyrir tiltölulega litla fjármuni, auk þess sem náin kynni af erlendum þjóðum eru eyþjóð nauðsyn. Má segja, að Íslendingar hafi notið mjög verulegrar „tækni"aðstoðar í þessu efni. Íslenskir stúdentar hafa verið teknir inn í háskóla, hvar sem er í heiminum, með íslenskt stúdentspróf upp á vasann. Nú er það vitað mál, a. m. k. á meginlandi Evrópu eru háskólarnir farnir að setja stúdenta frá vissum löndum í aðfararnám, áður en þeim er hleypt í formlegt háskólanám, þar eð menntunarstaðallinn í þessum löndum fullnægir ekki lengur þeim kröfum, sem gera ber til háskólastúdenta. Nú spyr ég: Er ætlunin, að við eigum að elta „umbótaþjóðirnar" í menntamálum út í þessar öfærur líka? Á að setja það í lög, að staðallinn á íslensku stúdentsprófi skuli lækkaður svo, að íslenskir stúdentar þurfi að fara í allt að tveggja ára aðfaranám í útlöndum, áður en þeir komast inn í háskólana? Eða á e. t. v. að neyða alla Íslendinga til að stunda sitt háskólanám heima, eftir að búið er að breyta (lækka) kröfum um inntöku í Háskóla Íslands, sbr. að ofan? Á að gera alla íslenska stúdenta að „heimskum heimaöldum börnum"?

C. Reynslan í menntaskólunum undanfarin ár hefur verið sú, að hið aukna aðstreymi leiddi til lægri meðaleinkunna, þ. e. a. s. skólunum nægðu ekki fjögur ár til að koma nokkrum hluta nemenda til þess þroska, að tryggt mætti telja, að þeir kæmust gegnum háskólanám. Nú virðist hugmyndin með þessu frumvarpi, að allir nemendur á Íslandi án tillits til námsgetu eða áhuga, skuli eiga jafnan rétt til náms í öllum skólum, þar með töldum menntaskólum. Nú vita allir, sem nálægt kennslu hafa komið, að kennsla í hverri bekksögn hlýtur að miðast við þann efnivið námsmanna, sem í bekksögninni eru. Því fleiri sem hinir illa undirbúnu, lötu og miður gefnu eru í bekksögninni, því minni bitastæða tilsögn fá hinir betur gefnu og áhugasömu. Afleiðingin af þessu getur auðveldlega orðið — og verður vafalaust, að eigi að taka nemendur holt og bolt inn í þá skóla, sem nú heita menntaskólar, og eigi þeir skólar eftir sem áður að kenna nemendum til háskólanáms, eins og nú tíðkast, nægja þeim ekki fjórir vetur til þess, heldur verður sá fimmti að bætast við. Eini möguleikinn annar væri sá að lækka inntökuskilyrðin í Háskóla Íslands, eins og höfundar frumvarpsins hafa séð fyrir í fyrrnefndri grein 4 á 23. bls.

D. Ríkar og mannmargar þjóðir, eins og Svíar, kunna að hafa efni á að evðileggja gott menntakerfi til þess eins að sjá, hvort eitthvert annað kerfi sé betra. Smáþjóð eins og Íslendingar ætti að gjalda nokkurn varhuga við svo róttækum breytingum sem hér eru lagðar til. Það er ekki aðeins, að við höfum ekki efni á þeim fjármunum, sem þetta kerfi mun kosta, við höfum ekki efni á að kasta

á glæ heilum árgöngum námsmanna, eins og gerst hefur annars staðar. — Á það má svo benda, að við höfum gerst kaþólskari en páfinn, því að jafnvel Svíar taka inn í menntaskóla eftir einkunum, en hér má það ekki.

E. Eitt aðalmarkmiðið með þessu frumvarpi virðist vera sá að skipuleggja allt framhaldsskólastigið sem eina heild, reyra það allt í viðjar samræmds heildarskipulags, búa til bákn, sem verður óviðráðanlegt fjárhagslega og stjórnunarlega. Við skrifborð kann þessi lausn að hafa ýmsa kosti, en frá sjónarhóli manns, sem fengist hefur við kennslu í 25 ár og mætti teljast hafa nokkra reynslu í kennslustofunni, lítur þetta kerfi skelfilega út. Með lagaboði er ekki unnt að ákvarða, að allir séu jafnvel gefnir til náms. Það getur ekki verið tilgangur skóla að þrýsta öllu **niður** á sama menntunarstigið á grundvelli einhverrar loðmullu-hugsjónastefnu. Það hlýtur að vera tilgangur skóla að koma hverjum einstaklingi **upp** á hæsta mögulegan menntunarstaðal miðað við þroska og getu, ekki þrýsta hinum betur gefnu niður, til þess að allir geti verið jafnir.

F. Augljós afleiðing slíkrar allsherjarsamræmingar skólakerfisins, sem hér er lögð til, er krafan um samræmda námsskrá fyrir allt framhaldsskólastigið, sem mundi enn frekar stuðla að útjöfnun menntunarstaðalsins niður á við. Tillaga um slíka samræmingu er raunar þegar komin fram hjá rektor Tækniskólans. Virðist í einlægni vandséð hvernig það kerfi, sem lagt er til í frumvarpinu, gæti starfað, án þess að slík samræming námsskár kæmi til og niðurfelling bekkjakerfis.

G. Greinilegt er, að eigi þjóðfélagið í framtíðinni að eiga völ á vel menntuðum mönnum til hvers kyns starfa, sem háskólamenntun þarf til að vinna, má alls ekki lækka menntunarstaðalinn í menntaskólunum frá því, sem nú er, jafnvel þó að það kunni að kosta, að einhver latur eða illa gefinn pabbadrengur fái ekki stúdentspróf. Við komumst ekki hjá því, að náttúran hefur því svo til hagað, að sumir eru betur fallnir til bóknáms en aðrir.

H. Það er vissulega verðugt verkefni að auka veg verkmenntunar í landinu, en versta aðferðin til þess er að lækka staðal allrar annarrar menntunar í landinu. Slíkt er lágkúra af verstu tegund. Það væri eins og að skera fætur sex feta manns af við hné, til þess að hann yrði ekki hærri en fjögurra feta maður.

I. Enn eitt atriði — og ekki það veigaminnsta: Það má ekki líta fram hjá því, að menntun sem slík er af hinu góða. Það er blátt áfram hættulegt að einblína stöðugt á réttindi, notagildi. Menntun er ekki eingöngu fólgin í inntaki þeirra greina, sem kenndar eru, heldur aðallega í þeirri ögun og aðhaldi, sem greinarnar eru hugsuninni. Það er töluvert til í þeirri kenningu, að menntun sé það, sem eftir standi, þegar menn hafa gleymt því, sem þeir lærðu.

Mál mitt hefur orðið lengra en til stóð, en það stafar af því, að ég er sannfærður um, að óhjákvæmileg afleiðing samþykktar þessa frumvarps yrði staðallækkun á allri æðri menntun í landinu, og mér er það mikið hjartansmál, að svo verði ekki. Til þægindaauka mun ég setja fram á sérstöku blaði helstu mótbárur mínar í hnotskurn.

Virðingarfyllst,

Guðni Guðmundsson
rektor.

HELSTU MÓTBÁRUR

1) Ég tel óæskilegt að reyna að samræma allt framhaldsskólastigið a) vegna gífurlegrar yfirbyggingar við stjórnun, b) vegna hins mikla kostnaðar, sem hlytist af stjórnuninni og hugsanlegum smáum einingum, er út kæmu.

2) Ég tel, að réttur til að stunda nám á einhverju skólastigi, sem er ekki bundinn skyldu til að standa sig eins vel og unnt er, sé hættulegur og líklegur til að stuðla að falli, þ. e. a. s. skipbroti einstaklingsins og auknum kostnaði við menntakerfið.

3) Ég tel einsýnt, að ekki megi skerða möguleika menntaskólanna á því að brautskrá stúdenta, er séu hæfir til háskólanáms. Til háskólanáms þarf menn, sem eru vel undirbúnir í bóklegum greinum, enda hefur heilt skólastig, menntaskólastigið, verið miðað við slíkan undirbúning. Menntaskólanám er ekki takmark í sjálfu sér.

4) Ég tel einsýnt, að reynsla annarra þjóða, sem reynt hafa nýjungar svipaðar þeim, sem hér er um að tefla, sé ekki slík, að réttlætanlegt sé að elta þær út í ófæruna.

5) Ég tel, að þótt mikil vinna hafi verið lögð í að afla upplýsinga, þýða og staðfæra það kerfi, sem Norðurlandaþjóðir hafa tekið upp í fræðslumálum, verði að afskrifa þá vinnu, þar eð reynsla þeirra þjóða af kerfinu er ekki nægjanlega góð til að réttlæta eftiröpun.

6) Ég tel ekki réttu leiðina til að auka veg verkmenntunar í landinu að lækka staðal allrar annarrar menntunar í landinu, þannig að hún verði í raun lítils virði.

7) Ég legg áherslu á gildi menntunar í sjálfri sér og tel, að ekki eigi sínkt og heilagt að einblína á notagildi, réttindi og þess háttar. Það sjónarmið á miklu fremur rétt á sér í skólum, sem veita starfsréttindi.

TILLAGA

Til þess að tryggja að þeir nemendur, sem best eru fallnir til bóknáms og líklegastir til afreka í háskólanámi, fái sem bestan undirbúning, legg ég til, að í væntanlegum lögum um framhaldsskóla verði kveðið svo á, að a. m. k. 2—3 héðbundnir menntaskólar skuli starfa í landinu, er taki inn nemendur eftir sérstökum reglum, sem ákveðnar verði í reglugerð. Stúdentar frá þessum skólum verði undanþegnir inntökuprófi í Háskóla Íslands, ef upp verður sett. Þar með væri tryggð hnökralaus inntaka íslenskra stúdenta í erlenda háskóla.

47. MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ

18. júní 1977.

I. Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

4. gr.

Heimildarákvæðið um lágmarkskröfur í einstökum greinum er þegar komið til framkvæmda. Mér virðist sú stefna, sem MH og fjölbrautaskólarnir eru að móta með núlláföngum og tvistum í fullu samræmi við þetta ákvæði. Sjá síðar um þetta.

8. gr.

„Sérhæft nám er tekur mið af sérstökum markmiðum . . .". Lítil málleg athugasemd: ég hnaut um þetta, en sýnist strax til bóta að fella niður annað hvort „sérhæft" eða „sérstökum". „Að nokkru nemi" aftast í sömu grein virðist einnig mega falla brott án þess að valda röskun.

9. gr.

„Jafngildir" er afdrifaríkt orð. Reglan er samt sjálfsögð að mínu viti, enda þótt alltaf megi búast við einhverjum mun á mismunandi námsbrautum. Sjá um þetta síðar, í sambandi við samræmingu.

11. gr.

„Um árlegan starfstíma". Þarna er spurning hvort ekki þarf að kveða fastar að orði, t. d. ákvæði um virkar kennsluvikur. Þess eru dæmi að virkar kennsluvikur séu mismargar í hliðstæðum skólum, þótt árlegur starfstími sé talinn jafnlangur (mislangur tími fer í próf, upplestrarleyfi o. fl.). Þetta snertir kjaramál og þarf að vera skýrt og ótvírætt.

16. gr.

Ég er ekki viss um nytsemi framhaldsskólaráðsins, þó er trúlega gott að geta vísað málum til þess og etv. getur það orðið nytsamlegur samráðsvettvangur, eins og nefndin tekur fram. Ég saknaði BSRB og BHM úr hópi þeirra aðila sem eiga skulu fulltrúa í ráðinu, jafnvel einnig fulltrúa Sambands íslenskra barnakennara, Sambands framhaldsskólakennara og Félags menntaskólakennara (eða fulltrúa hins almenna Kennarasambands, ef af stofnun þess verður). Mætti ekki hugsa sér fjölgun tilnefningaraðila og hafa aðeins einn fulltrúa frá hverjum?

22. gr.

Liður 4a heitir **skólasafn.** Eðlilegra væri að hafa fleirtölu, því að almennt munu þessi söfn fleiri en eitt: bókasafn, tækjasöfn ýmiskonar.

24. gr.

e-liður: „Nemendur greiði matargerðar og flutningskostnað í mötuneytum."

Að vísu hefur þessi regla verið í gildi í heimavistarskólum og annars staðar þar sem mötuneyti nemenda eru. En á þessu sviði búa nemendur við lakari kjör en kennarar, þar sem sú hefð hefur skapast, að ríkið greiði laun „kaffikonu" fyrir kennara. Þetta er ekki réttlátt og því hæpið að binda það í lögum að svo stöddu. Að vísu er hér um nokkurt fé að ræða, en mér finnst slíkir styrkir til nemenda, er lækka verð á nauðþurftum, eigi að ganga fyrir beinum fjárstyrkjum til þeirra, sem stundum er varið til miður gagnlegra hluta.

II. Almennar athugasemdir.

Meginstefna frumvarpsins: að framhaldsskólinn skuli skipulagður sem ein samræmd heild, er tímabær og líklega óhjákvæmileg. Henni fylgja ýmsir augljósir kostir, en einnig nokkrir annmarkar, ekki síst frá sjónarhóli þeirra framhaldsskóla sem fyrir eru og telja sig —með réttu eða röngu — merkisbera góðs „standards" í námi. Þetta munu sumir kollegar mínir áreiðanlega ræða rækilega, en ég vil samt ekki láta hjá líða að benda á þá hættu, að samræningin verði samræming „niður á við", ef miðað er við námskröfur menntaskólanna á bóklegu sviði. Þessi hætta er engin ímyndun, má t. d. rifja upp, að þegar gagnfræðaprófið var tekið úr höndum menntaskólanna á sínum tíma, kostaði það heilt ár til viðbótar á námi þeirra er héldu áfram menntaskólabrautina (Áður voru menntaskólarnir 6 ára samfelldir skólar, nú koma nem. úr 3. bekk gagnfræðask. og setjast í 3. bekk menntask.) Áður hafði verið inntökupróf í 1. bekk menntaskóla og vornámskeið undir það. Þessar inntökukröfur og úrval ásamt — væntanlega — hnitmiðaðri kennslu og jafnbetra kennarliði munaði heilu ári. Hliðstætt vandamál blasir við nú og vafasamt hvort það er miklu minna en þá.

Ég hygg að nú eins og þá sé það rétt stefna að hvika ekki frá kröfunum til stúdentsprófs (þótt það sé að vísu einnig sjónarmið sem til greina kemur, að draga úr valgreinum, m. a. sakir þess að háskólar leggi mesta áherslu á kjarna og svið), en bæta verður við menntaskólann, „að neðan", eftir því sem á þarf að halda. Og þar standa skólar áfangakerfis mun betur að vígi en hefðbundnir menntaskólar. Núlláfangarnir sem MH hyggst taka upp í haust eru í raun ekki annað en námshagræðing sem fyrir löngu er tímabær. Nemandi sem kemur í menntaskóla með lélegan undirbúning í grein (eða greinum) lendir oft í öðrum pyttinum af tveimur: 1) hann fellur og tefst um ár eða 2) hann slampast að vísu upp úr bekk en nær sér aldrei á strik í greininni, vegna þess að í kennslunni er sífellt verið að byggja ofan á undirstöðu sem ekki er til. Í núlláfanga fær nemandinn yfirferð þeirra frumatriða sem frekari kennsla byggir á, og ef sæmilega tekst til nægir það til að fleyta honum yfir upphafsörðugleikana og koma honum á réttan kjöl. Í áfangakerfi á nemandinn svo kost á því að vinna aftur þann tíma, er hann missti í núlláfanga, síðar á námsbrautinni.

Liðun náms í áfanga og gerð námsskrár marka djúp spor fram á við. Hvorttveggja kostar mikla vinnu og verður erfitt að fá gott starfslið til þess, en vonandi tekst það.

Eins og tekið var fram í upphafi þessara almennu athugasemda, virðist mér ljóst að sú braut sem hér er farin, ein rammalög fyrir allt framhaldsskólastigið í stað sérstakra laga um hverja gerð skóla, sé greinilegt og eðlilegt spor til einföldunar. En frumvarpið dregur aðeins grófar útlínur, eftir er að fylla út í myndina með námsskrá og reglugerðum um einstaka skóla. Þar verða mörg vandamál og ágreiningsatriði við að glíma, einkum að því er tekur til samræmingar einstakra skóla. Ég nefni hér aðeins einkunnastiga og einkunnabókhald. Ég held að þróunin hljóti að verða sú, a. m. k. í hinum stóru skólum á höfuðborgarsvæðinu, að einkunnabókhaldið verði fært í tölvum. Þá er einfaldast að nota einkunnastiga með grófum þrepum og tákna þau með bókstöfum eins og gert er í MH og fjölbrautaskólunum.

Í þessu samræmingarstarfi verða mörg ágreiningsatriði en um þau ætti samkomulag að geta fengist. Hinu kvíði ég meir, hversu þessum lögum (ef samþykkt verða) verður fylgt eftir með fjárlögum og fjárveitingum. Enn er í fersku minni að menntaskólalögin síðustu hefur ekki verið hægt að framkvæma að öllu leyti sakir fjárskorts. (*Hitt er þó kannske enn alvarlegra íhugunarefni að margt af því sem nú á að hrinda í framkvæmd með hinum nýju lögum, hefði verið hægt að gera innan ramma fræðslulaganna frá 1946 og hefur sennilega vakað fyrir þeim er þau lög sömdu.*) Aukin þjónusta kostar aukið fé og ný skólalög eru lítils virði sé þeim ekki fylgt eftir á fjárlögum.

Lokið 19. júní.

Guðmundur Arnlaugsson.

48. MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

I.
Upphafsorð.

Með bréfi dags. 4. maí 1977 fór menntamálaráðuneytið fram á það við mig, að ég segði álit mitt á Frumvarpi til laga um framhaldsskóla, er lagt var fram á Alþingi til kynningar í ofanverðum aprílmánuði s. l.

Ég er sammála þeirri stefnu, sem mörkuð er í frumvarpinu um heildarskipulag náms á framhaldsskólastigi, af eftirtöldum meginástæðum:

Sá skóli, sem hér um ræðir, er byggður á grundvelli hugsjónar um jafnrétti. Skólinn er fyrir alla. Hann er opinn öllum, sem eru færir um að stunda eitthvert nám, bóklegt og/eða verklegt. Nemendur, sem áður voru í ýmsum skólum aðgreindir (í höfuðatriðum) eftir stétt og uppruna, verða samkvæmt frumvarpinu saman í einni stofnun. Starfsemi samræmds framhaldsskóla mun því draga úr stéttaskiptingu í landinu og efla samvinnu milli einstaklinga. Slík samvinna í framhaldsskóla mun án efa stuðla að meira og betra samstarfi einstaklinga og stétta síðar í þjóðfélaginu.

Með þessum fyrirhugaða framhaldsskóla er ætlunin að hefja verknám til sömu virðingar og bóknám nýtur nú. Samkvæmt framansögðu er umræddur framhaldsskóli lýðræðislegri stofnun en þeir skólar, sem fyrir eru og starfa hver í sínu lagi.

Nú er grunnskólinn hefur tekið til starfa í landinu samkvæmt lögum frá 21. maí 1974, ber brýna nauðsyn til að samræma nám í grunnskóla og framhaldsskóla. Skapa þarf samræmda heild á framhaldsskólastigi úr þeim tætingslega glundroða, sem nú ríkir og endurskipuleggja að meira eða minna leyti allt innra starf framhaldsskólanna.

Best hefði verið að hefja endurskoðun framhaldsskólastigsins þegar að grunnskólalögum samþykktum 1974, því að hún mun taka langan tíma. Það verður ekkert áhlaupaverk að ljúka þessari óhjákvæmilegu endurskoðun og þeirri lagasetningu sem henni fylgir og inna af hendi allt það undirbúningsstarf, sem er því samfara. Skoðanir eru skiptar um framhaldsskólann, markmið hans, form og gildi. Einn erfiðasti hjallinn að settu marki verður ágreiningur um kostnaðaraðild milli ríkis og sveitarfélaga. Torveldir samningar eru og framundan milli forsvarsmanna ráðuneyta og atvinnulífs um þátt þess í starfsmenntun. Gífurlegt skipulagsstarf er óunnið.

II.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr.

Borið hefur á nokkrum ótta um, að nöfnum á gömlum og „virðulegum" stofnunum verði breytt, ef frumvarpið verður að lögum. Þessi ótti er að mínum dómi ástæðulaus, sbr. athugasemd við greinina á bls. 23. Einstakar skólastofnanir geta haldið nöfnum sínum. Ég geri t. d. ráð fyrir því, að Menntaskólinn í Kópavogi beri áfram sitt núverandi heiti, þegar hann verður orðinn að fjölbrautaskóla.

3. gr.

Hér er meginmarkmið framhaldsskólans greint: Að veita almenna menntun og starfsmenntun (sérmenntun). Ég legg áherslu á að auka beri frekar en minnka hinn almenna þátt menntunarinnar. Rannsóknir og reynsla sýna, að því meiri almenna menntun, sem einstaklingurinn hlýtur, því hæfari sérfræðingur verður hann og þeim mun betur getur hann notið menningarverðmæta.

4. gr.

Hér er byggt á þeirri grundvallarreglu eins og í Noregi, að allir hafi skilyrðislausan rétt til framhaldsnáms og eigi að hafa frelsi til að velja það nám, sem hugur þeirra stendur til. Reglan er réttmæt, en óframkvæmanleg við þær aðstæður, sem ríkja í íslensku þjóðfélagi í dag. Húsnæði er t. d. ekki fyrir hendi. Gerbreyta verður um stefnu í húsnæðis- og byggingarmálum skóla, svo að unnt sé að tryggja rétt til náms.

6. og 7. gr.

Þessar greinar eru tengdar og ber að skoða þær í samhengi, því að svo best njóta menn í reynd réttinda til framhaldsnáms að leiðir til þess opnist á öllum brautum. Beinasta leið til þessa virðist sú, að auka við allar styttri námsbrautir svo að þær geti náð til stúdentsprófs eða prófs, er jafngildir því að réttindum. Nemandi, sem t. d. velur matvælaiðjubraut, getur þá annaðhvort lokið tveggja ára námi á brautinni og fengið réttindi sem aðstoðarmaður sérfræðinga í matvælaiðju eða haldið áfram til stúdentaprófs og lokið síðan sérfræðinámi í greininni í háskóla.

9. gr.

Námsskrá fyrir allan framhaldsskólann verður að vera samræmd.

15. gr.

Nauðsynlegt verður að semja við atvinnufyrirtæki um, að þau annist tiltekna þætti verknáms. Verknámsaðstaða í öllum greinum innan skóla er dýr. Ríki og sveitarfélög telja sig ekki geta staðið straum af slíkum kostnaði. Það er enginn stórhugur ríkjandi hjá stjórnvöldum á Íslandi varðandi fjárframlög til skólahalds og ekki von til þess, að viðhorfin breytist í bráð. Skólinn verður að hafa tögl og hagldir varðandi skipulag og þjálfun á vinnustöðum. Koma verður í veg fyrir, að atvinnurekendur noti nemendur aðeins sem ódýrt vinnuafl.

16. gr.

Allar námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla eiga tvímælalaust að vera undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Þetta er að mínum dómi svo augljóst, að rökstuðningur er óþarfur. Ég tel, að framhaldsskólaráð hafi hlutverki að gegna um stefnumörkun, samræmingu, samvinnu og yfirsýn. Álitamál er, hverjir eiga að sitja í ráðinu. Það kemur manni spánskt fyrir sjónir, að þar skuli sérstökum fulltrúa samræmds framhaldsskóla ekki ætlað sæti.

17. gr.

Samkvæmt þessari grein og með tilvísun til grunnskólalaga skulu fræðsluráð fjalla um málefni framhaldsskóla að einhverju leyti, hvert í sínu fræðsluumdæmi. Þetta virðist hagkvæmt og liggja beinast við. Samkvæmt þessu mun fræðslustjóri hafa töluverð afskipti af málefnum samræmds framhaldsskóla. Ég tel því nauðsynlegt, að endurskoðuð verði ákvæðin um embættisgengi fræðslustjóra í 13. gr. laga um grunnskóla. Nauðsynlegt verður og að setja í reglugerð ákvæði um fundarsetu skólastjóra og kennara á framhaldsskólastigi.

22. gr.

Ráðgjöf og hjálp í námsvanda hefur verið of lítill gaumur gefinn í framhaldsskólum. Leggja þarf aukna áherslu í þennan þátt skólastarfsins. Veita verður nægilegt fé svo unnt sé að fá sérmenntað starfsfólk til að sinna honum. Reynsla mín er sú, að miklu fleiri ungmenni þurfa hjálp og leiðsögn en menn halda. Síðast liðinn vetur voru 260 nemendur í Menntaskólanum í Kópavogi, af þeim nutu 80 nemendur margs konar hjálpar og aðstoðar hjá skólastjóra og félags- og námsráðunaut og eflaust hafa fleiri verið hjálparþurfi.

24. gr.

Sem fyrr segir mun reynast örðugt og þar af leiðandi tímafrekt að semja um skólakostnaðaraðild ríkis- og sveitarfélaga. Fyrir skólastjóra er best að skipta við einn aðila, þegar um fjármál er að ræða, þ. e. að ríkið kosti alfarið allt framhaldsnám. En líta verður á málið frá fleiri hliðum. Augljóst er að ábyrgð forystumanna sveitarfélaga og áhugi á framhaldsnámi er meiri, ef sveitarfélögin greiða hluta skólakostnaðar. Kostnaðaraðili hefur stjórnunar- og íhlutunarrétt. Minni hætta er þá á ábyrgðarlausum þrýsingi og órökstuddri kröfugerð. Aðild sveitarfélaga á tvímælalaust að vera lögbundin. Annars er hætta á, að búið yrði misjafnlega að framhaldsnámi allt eftir efnahag sveitarfélaga, áhuga og skilningi einstaklinga, ekki síst forystumanna, á framhaldsnámi. Um tillögu nefndarinnar varðandi kostnaðarskiptinguna verð ég fáorður.

Höfuðatriðið er, að skiptingarákvæðin séu skýr. Lengi má t. d. deilda um það, hvað er rekstrarkostnaður. Sömu grundvallarreglur eiga að gilda um kostnað við allt skólahald á framhaldsskólastigi.

28. og 29. gr.

Margir hafa mælt svo, að í þessu frumvarpi væri allt of oft vitnað til reglugerða. Ég er á annarri skoðun. Svo mikil þörf er orðin á sameinuðum framhaldsskóla, að við höfum ekki tíma til að gera nákvæma tilraun með þetta skólaform, enda getum við að nokkru hagnýtt okkur reynslu annarra þjóða. Við neyðumst til að flýta okkur og verðum að endurskoða margt síðar. Slík endurskoðun er torveldari, ef flest ákvæði eru rígbundin í lögum, en auðveldari ef um reglugerðir er að ræða. Ekki þykir mér líklegt, að öll þau lög og lagabálkar, sem nefnd eru í 19. gr. falli úr gildi fyrst um sinn, t. d. lög um:

Hótel- og veitingaþjónaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Ljósmæðraskóla Íslands, Stýrimannaskólann og vélstjóranám.

III.

Námssvið.

Um námssvið og námsbrautir mætti margt segja, en verður ekki gert hér á þessu stigi málsins. Fyrirmyndirnar virðast teknar frá Svíþjóð, Noregi og engilsaxneska heiminum enda eru þær nærtækastar. Raunar er gert ráð fyrir að endurskoða þurfi tillögur um einstakar námsbrautir (sbr. inngang bls. 8) og að sérfróðir aðilar fjalli síðar um inntak einstakra brauta (sbr. inngang neðst á bls. 12). Merkasta nýmælið eru iðjubrautirnar. Óhjákvæmilegt er nú, ekki síst vegna þeirrar þróunar sem orðin er í verksmiðjuiðnaði, að veita mönnum menntun til ýmissa nýrra starfa, t. d. í matvælaiðnaði, fataiðnaði og rafmagnsiðnaði.

Námsskrá.

Nú er engin námsskrá til fyrir framhaldsskólastigið. Til eru í hverjum menntaskóla námslýsingar, sem kennarar í hverri grein hafa gert. Samvinna hefur verið með menntaskólunum um gerð þessara námslýsinga. Í þeim er markmið náms og kennslu ekki alltaf skilgreint. Þessar námslýsingar eru því oft ófullkomnar. Brýna nauðsyn ber til að semja námsskrá fyrir allt framhaldsskólastigið. Það verkefni ætti að fela Skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins, sem stjórnað hefur námsskrárgerð fyrir grunnskóla. Deildin fengi til liðs við sig reynda kennara á framhaldsskólastigi og sérfræðinga í námsskrárgerð.

Kennsluskipan.

Tvenns konar kennsluskipan tíðkast í menntaskólum og fjölbrautaskólum í dag: Bekkjarkerfi og námskeiðskerfi (áfangakerfi). Til að koma í veg fyrir misskilning vil ég taka það fram, að kjarnabekkjarskipan er ekki til í framhaldsskólum í dag. Eftir 1. árið í menntaskólanum skilja leiðir . Sumir nemendur kjósa að setjast í raungreinadeild en aðrir í máladeild. Eftir annað árið velja nemendur raungreinadeilda milli eðlisfræðideildar og náttúrufræðideildar. Þá leysist bekkjarkerfið upp, þegar valgreinakennsla fer fram. Það er fremur sjaldgæft að nemendur, sem ná litlum árangri í einni grein, þurfi að sitja tvisvar í sama bekk. Þeir fá að endurtaka prófið og ná því oftast. En bekkjarkerfið skortir sveigjanleika.

Helst hefur það verið talið áfangakerfinu til gildis, að nemendur gætu farið hraðferðir og lokið námi sínu á skemmri tíma en í skólum, þar sem bekkjarkerfi er. Þetta virðist vera mesti kostur kerfisins. En þó er hér hængur á. Sumir, sem fara hraðferðir, melta ekki efnið nógu vel og eru því verr búnir undir háskólanám, en ýmsir þeirra, sem hægar fara. Þess ber og að geta, að nemendum sem búa við áfangakerfi, hættir til að velja fleiri námseiningar á önn en þeir ráða við (sbr. reynsluna í Menntaskólanum í Hamrahlíð). Ég held það sé misskilningur, að valmöguleikar séu meiri í áfangakerfi en bekkjarkerfi. Þeir fara fyrst og fremst eftir fjölda nemenda, tiltækum kennslukröftum og húsnæði. Höfuðgalli áfangakerfisins er sá, að félagsheildir rofna. Hætta er á að nemendur verði utangátta og einmana. Stjórnun og skipulag allt er flókið og kostnaðarsamt. Örðugt er að gera samfellda töflu fyrir nemendur.

Ég er sammála nefndinni um það að finna beri leið milli þessara tveggja umræddu kerfa. Taka mætti t. d. til athugunar að kenna nemendum sem mest saman í höfuðnámsgreinum, svo sem íslensku, stærðfræði og erlendum málum, fyrstu tvö árin en síðan e. t. v. greinum eins og sögu og félagsfræði.

Menntun kennara.

Vel menntaðir kennarar eru burðarstoðirnar í starfi hvers skóla. Skipulag kennaramenntunar er í molum á Íslandi. Löggjöf um kennaramenntun er ófullkomin. Frumvarp til laga um kennaramenntun hefur nú legið mörg ár í menntamálaráðuneytinu. Hvenær skyldi eiga að leggja það fyrir Alþingi? Brýna nauðsyn ber til að setja ákvæði í lög um menntun verknámskennara nú þegar fjölbrauta-

skólar eru að komast í gagnið. Vegna ósamkomulags og skipulagsleysis innan Háskóla Íslands, stunda verðandi raungreinakennarar í menntaskólum yfirleitt ekki nám í uppeldis- og kennslufræðum og koma því réttindalausir inní skólana. Kennarar í Heimspekideild og Verkfræði- og raunvísindadeild ræða ekki saman um þessi mál! Ég tel að efla beri Kennaraháskóla Íslands til þess að verða forystustofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Þessi fræði ættu að verða aðall Kennaraháskólans. Verðandi kennarar í framhaldsskólum fengju þá menntun í kennslugreinum sínum við Háskóla Íslands en í uppeldis- og kennslufræðum við Kennaraháskólann.

Ef vel á að fara í skólastarfinu, þarf kennarastéttin að njóta meiri virðingar og öðlast betri sess í samfélaginu en hún hefur í dag. Til að svo megi verða, þarf hún fyrst og fremst að gera miklar kröfur til sjálfrar sín, t. d. um góðan starfsundirbúning og mikla starfshæfni. Kennarastétt með réttindalaust fólk innan borðs rís ekki undir nafni. Hún veldur ekki hlutverki sínu. Í annan stað verður afstaða stjórnvalda til stéttarinnar að gjörbreytast og ekki einungis til hennar heldur líka til skólahalds í landinu yfirleitt.

Þau stuðla beinlínis að því með launamálastefnu sinni, að réttindalausir menn streymi inn í skólana beint af götunni. Hér þarf að treysta grunninn.

IV.

Lokaorð.

Námsgagnastofnun vinnur að því að íslenskir grunnskólar eigi kost á sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum, þar á meðal prentuðu máli, hljóð- og myndrituðu efni, tækjum, hlutum og margvíslegum efnivið til þess að vinna með.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Námsgagnastofnun annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsefnis og kennslutækja og fylgist með nýjungum á því sviði.

Stofnunin skal hafa náið samstarf við þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins, svo og við Kennaraháskóla Íslands og Æfingaskóla hans og aðrar stofnanir er veita kennaramenntun.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögra ára í senn fimm manna Námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a) einn úr hópi skólastjóra á grunnskólastigi,
b) einn úr hópi kennara á grunnskólastigi,
c) einn úr hópi kennara á framhaldsskólastigi,
d) einn tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
e) einn fulltrúa fyrir menntamálaráðuneytið.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

4. gr.

Námsgagnastjórn ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar, staðfestir fjárhagsáætlanir, tekur ákvarðanir um meiri háttar framkvæmdir og um megindrætti í verkefnum deilda. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum námsgagnastjóra, sbr. þó 6. gr.

Stjórnin löggildir námsbækur, svo sem fyrir er mælt í 9. gr. þessara laga.

5. gr.

Námsgagnstofnun skiptist í tvær aðaldeildir: útgáfu- og framleiðsludeild og sölu- og kynningardeild. Að öðru leyti skal starfsskipting innan stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 11. gr.

Verkefni deilda eru í megindráttum þessi:

a) **Útgáfu- og framleiðsludeild** framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún annast útgáfu námsbóka, handbóka, kennsluleiðbeininga og ýtarbóka. Deildin gefur út íslenskt nýsiefni og erlent í íslenskri aðlögu. Hún lætur gera fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra svo og setja íslenskt tal eða texta við erlendar myndir.
b) **Sölu- og kynningardeild** annast innkaup, innflutning, dreifingu, útlán og sölu á hvers konar náms- og kennslugögnum. Hún vinnur að hagkvæmri notkun nýsitækja í skólum landsins, aflar nýsitækja og veitir leiðbeiningar um notkun þeirra. Deildin hefur einnig með höndum kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutækni í samstarfi við þá aðila sem taldir eru í 2. gr.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn sem hún framleiðir til sölu á frjálsum markaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar námsgagnastjóra að fengnum tillögum Námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar.

Námsgagnastjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar og samhæfir störf hinna ýmsu deilda.

7. gr.

Nemendur í grunnskóla skulu fá ókeypis námsgögn samkvæmt ákvörðun Námsgagnastjórnar og verða þau ýmist eign nemenda eða skólans. Að því skal stefnt, að tvennskonar námsbækur hið fæsta verði gefnar út í hverri grein.

Á þeim tíma árs, er Námsgagnastjórn ákveður, skulu fræðsluráð (skólanefndir) sjá um, að Námsgagnastofnun berist greinargerð um þau náms- og kennslugögn sem þörf er á til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna og unglinga í fræðsluumdæminu (skólahverfinu) ásamt skilagrein fyrir síðastliðið ár. Námsgagnastofnun hlutast síðan til um, að bókakostur miðaður við nemendafjölda sé sendur til réttra aðila. Nemendur fá bækurnar til afnota samkvæmt reglum, sem Námsgagnastjórn setur.

8. gr.

Kostnaður við rekstur Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði.

Tekjum stofnunarinnar má eingöngu verja í þágu þeirra verkefna sem lög þessi mæla fyrir um.

Námsgagnastjórn gerir fyrir ár hvert áætlun um útgáfu náms- og kennslugagna sem þörf er fyrir, og veitir Alþingi á fjárlögum fé til útgáfunnar. Þá skal á fjárlögum veita fé til annarra verkefna sem stofnunin hefur með höndum, sbr. 10. gr.

Alþingi veitir á fjárlögum stofnfé til að þeirri starfsemi, sem lög þessi gera ráð fyrir, verði haldið uppi.

9. gr.

Námsgagnastjórn annast um löggildingu námsbóka á skyldunámsstigi innan ramma aðalnámsskrár sem menntamálaráðuneytið setur.

Útgefendum námsbóka er heimilt að leita löggildingar fyrir þær.

Risi ágreiningur um löggildingu námsbókar má vísa honum til nefndar þriggja sérfróðra aðila, sem menntamálaráðherra skipar og skal úrskurður hennar vera endanlegur.

Námsgagnastjórn lætur skólum í té umsagnir um ýtarefni, handbækur, kennsluleiðbeiningar, nýsiefni og kennslutæki eftir því sem tök eru á.

Námsgagnastjórn kveður kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þau störf, sem fjallað er um í þessari gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er stjórninni heimilt að kalla slíka aðila til ráðuneytis um önnur verkefni stofnunarinnar.

10. gr.

Auk þeirra verkefna sem talin eru í öðrum greinum þessara laga skal Námsgagnastofnun stuðla að varðveislu gamalla skólagagna.

Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir framhaldsskóla.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1956, um Ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 54/1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, og 21. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, svo og önnur ákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um þetta efni hefur fjórum sinnum legið fyrir Alþingi en eigi orðið útrætt. Frumvarpið í sinni upprunalegu mynd var samið af nefnd sem Magnús Torfi Ólafsson, menntamálaráðherra, skipaði hinn 27. júlí 1972 til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins og fleira.

Í þau fjögur skipti sem frumvarpið hefur áður verið lagt fyrir Alþingi var það flutt óbreytt eins og nefndin gekk frá því. Nú hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu eftir athugun í menntamálaráðuneytinu.

Um helstu breytingar frá núgildandi lögum sem frumvarpið felur í sér skal þetta tekið fram.

1. Ríkisstofnanir sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna eru sameinaðar í Námsgagnastofnun er lúti daglegri stjórn eins forstjóra, námsgagnastjóra.
2. Í stað Námsbóknanefndar og stjórnar Fræðslumyndasafns ríkisins kemur óskipt Námsgagnastjórn og skal hún hafa með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum Námsgagnastofnunar.
3. Ákvæði eru um náið samstarf Námsgagnastofnunar og þeirra aðila er vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntamálaráðuneytisins, við Kennaraháskóla Íslands og aðrar þær stofnanir er kennaramenntun veita.
4. Námsgagnastofnun mun framleiða ýmiss náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður önnur en prentað mál.
5. Lögfest er að auk eiginlegra námsbóka skuli gefnar út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum, svo og ýtarbækur þ. e. viðbótarbækur fyrir nemendur, auk hverskonar nýsigagna.
6. Ákvæði er um löggildingu námsbóka og hlutverk Námsgagnastjórnar í því sambandi, svo og hversu fara skuli með ágreining í slíkum málum.
7. Ákvæði um fjármögnun deilda Námsgagnastofnunar eru einfölduð og samræmd miðað við það sem nú er. Er miðað við að allt ríkisfé til stofn- og rekstrarkostnaðar verði í formi venjulegra fjárveitinga í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar verði eðlilegar sölu- og leigutekjur af efni og tækjum.

Þær stofnanir sem nú gegna því hlutverki, sem Námsgagnastofnun er ætlað, eru Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúðin og Fræðslumyndasafn ríkisins. Horfur eru á að unnt verði að tengja starfsemi þessara stofnana í sameiginlegu húsnæði áður en langt um líður.

Um þróun náms- og kennslutækni á Íslandi og um þróun fyrrnefndra stofnana verður ekki fjallað í þessum athugasemdum. Þess í stað er vísað til álits hinnar stjórnskipuðu nefndar en það hefur áður fylgt frumvarpinu í heild.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um samfélagslegt meginhlutverk Námsgagnastofnunar — að vinna að því, að íslenskir grunnskólar hafi jafnan sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, nánar tiltekið prentað mál, hljóð- og myndritað efni, tæki, hluti o. s. frv.

Greinin kveður á um, að Námsgagnastofnun skuli heyra undir Menntamálaráðuneytið. Samkvæmt því er stofnunin ríkisfyrirtæki, sbr. einnig 8. grein. Ljóst er, að stofnun, sem ætlað er að tryggja íslenskum skólum sem best og fullkomnust

náms- og kennslugögn, hlýtur að verða á vegum ríkisins, eigi hún að veita öllu landinu og öllum grunnskólum (sjá einnig 10. gr.) almenna þjónustu á starfssviði sínu. Er hér raunar um að ræða eðlilegt framhald þeirrar stefnu til aðstöðujöfnunar á þessu sviði, sem löggjafarvaldið hefur markað frá og með árinu 1936, er fyrst voru sett lög um Ríkisútgáfu námsbóka.

Þess skal getið, að í frumvarpi þessu eru hugtökin námsgögn og kennslugögn notuð í víðtækri merkingu yfir hvers kyns efni til að vinna með, þar með talið prentað og fjölritað mál og hljóð- og myndritað efni, svo og um hluti og tæki, sem notuð eru við nám og kennslu. Námsgögn höfða til þess, sem nemandinn vinnur einkum með, en kennslugögn til þess sem sérstaklega snýr að kennaranum

Um 2. gr.

Verkefni Námsgagnastofnunar eru hér tilgreind í aðalatriðum — að annast framleiðslu, útgáfu og miðlun námsefnis og kennslutækja og fylgjast með nýjungum á því sviði.

Þá er í greininni ákvæði sem leggur stofnuninni þær skyldur á herðar að hafa náið samstarf við: 1) þá sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins (hér er um að ræða skólarannsóknadeild ráðuneytisins) og 2) stofnanir sem veita kennaramenntun.

Vissulega gefur það auga leið, að Námsgagnastofnun þarf að hafa samvinnu og samráð við marga aðila aðra en þá sem hér eru nefndir. Hins vegar er jafnframt ljóst, að starf Námsgagnastofnunar er mjög háð nánu samstarfi við hina tilgreindu aðila eigi átak hins opinbera á þessu sviði að geta orðið verulega gagnlegt og skilvirkt.

Á vegum Menntamálaráðuneytisins hefur á undanförnum árum verið unnið mjög mikið starf að endurskoðun námsefnis og námsskrár í barna- og gagnfræðaskólum. Er talsvert nýtt námsefni nú þegar komið út í kjölfar þessarar endurskoðunar og hefur náðst náið samstarf milli skólarannsóknardeildar ráðuneytisins og Ríkisútgáfu námsbóka um þá útgáfustarfsemi. Einnig hefur farið vaxandi samstarf deildarinnar og Fræðslumyndasafns ríkisins í þessu efni. Mjög náin samvinna milli Menntamálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar á þessu sviði er ófrávíkjanleg nauðsyn og koma þar til m. a. samstilltar ákvarðanir um meiri háttar verkefni, skýr verkaskipting og gott heildarskipulag allrar starfseminnar.

Náin samvinna Námsgagnastofnunar við kennaraskóla landsins er svo augljós nauðsyn, að rökstuðningur er óþarfur. Grundvallarnám kennaraefna í náms- og kennslutækni fer fram í menntastofnunum kennara sem þáttur í undirstöðuþjálfun fyrir kennarastarfið. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að Kennaraháskóli Íslands verði eins konar samnefnari kennaraskólanna varðandi skipulegt samstarf við Námsgagnastofnun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að fimm manna Námsgagnastjórn verði skipuð til að hafa yfirumsjón með störfum Námsgagnastofnunar. Er hér um að ræða fækkun frá því sem nú er, því að samkvæmt núgildandi lögum eiga samtals 10 manns sæti í Námsbókanefnd og stjórn Fræðslumyndasafnsins.

Gert er ráð fyrir, að fulltrúar frá samtökum skólastjóra og kennara á grunnskólastigi verði tveir í Námsgagnastjórn og auk þess einn starfandi skólastjóri eða kennari af framhaldskólastigi. Eins og sakir standa eru ekki til heildarsamtök kennara á grunnskólastigi og ekki heldur kennara eða skólastjóra á framhaldsskólastigi. Er því ekki gert ráð fyrir sérstakri tilnefningu frá þessum aðilum. Vafalaust þarf að endurskoða þessa tillögu síðar ef aðstæður breytast. Þá verði einn fulltrúi fyrir Kennaraháskóla Íslands og annar fyrir Menntamálaráðuneytið, og vísast um rökstuðning fyrir því til athugasemda við síðari málsgrein 2. greinar. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi formann og varaformann úr hópi áðurgreindra fimm stjórnarmanna.

Um 4. gr.

Hér er tilgreint hlutverk Námsgagnastjórnar. Er það að mestu í samræmi við tíðkanlegar venjur, en vert er þó að taka eftirfarandi sérstaklega fram:

a) Viðvíkjandi einstökum verkefnum er aðeins gert ráð fyrir að stjórnin taki ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir og megindrætti í verkefnum deilda. Rétt er að slík stjórn beri einungis ábyrgð á meginatriðum sem fela í sér stefnumörkun, en starfsmenn stofnunarinnar stjórni sjálfir framkvæmdum að öðru leyti.
b) Menntamálaráðherra ræður námsgagnastjóra, þ. e. forstjóra stofnunarinnar, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Allt annað starfslið ræður Námsgagnastjórn að fengnum tillögum námsgagnastjóra.
c) Stjórnin löggildir námsbækur, sbr. 9. grein frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Segja má, að greinin miði öll að því að ætla Námsgagnastjórn virkt og mikilvægt hlutverk.

Um 5. gr.

Hér eru taldar upp deildir Námsgagnastofnunar, þ. e. **útgáfu- og framleiðsludeild** og **sölu- og kynningardeild.** Einnig eru verkefni deildanna tilgreind í aðalatriðum.

Nýjar aðferðir við kennslu og nám og ný námsgögn af ýmsu tagi hafa leitt til þess að kennurum er nú meiri þörf en áður á ýmiss konar kennsluleiðbeiningum og handbókum. Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins og Ríkisútgáfan hafa sinnt þessu verkefni eftir því sem við varð komið og í greininni eru ákvæði um slíka útgáfu.

Þá er í greininni kveðið á um útkomu ýtarbóka, þar sem fá má meiri og nákvæmari vitneskju um tiltekið námsefni en er í sjálfum námsbókunum. Starf skóla beinist nú mjög í þá átt að nemendur læri að afla sér fróðleiks á eigin spýtur, geti sjálfir aukið þekkingu sína á ýmsum sviðum og verði þá síðar hæfari til að lifa og starfa í heimi sem virðist munu breytast því hraðar, því lengra sem líður. Ýtarbækurnar munu því þykja nauðsynlegar í hverri grein og verða að sínu leyti uppistaða í skólabókasöfnum.

M. t. t. breyttra starfshátta í skólum er nauðsynlegt að auka til muna framleiðslu og útgáfu á íslensku nýsiefni, bæði skyggnum, myndræmum, glærum og segulböndum. Einnig þarf að auka útgáfu á erlendu nýsiefni í íslenskri aðlögun.

Gildi þessara síðast töldu kennslugagna fer mjög vaxandi í skólastarfinu.

Í Námsgagnastofnun þarf að koma upp aðstöðu til að framleiða venjuleg kennslugögn en slík aðstaða er mjög takmörkuð hér á landi.

Útvegun hvers konar náms- og kennslugagna bæði utanlands frá og innan er mikilvægur þáttur í starfseminni. Krefjast þau stöðugt sífellt sérhæfðari þekkingar á þörfum skólanna og þeim vörum sem kostur er á hverju sinni.

Dreifing hvers konar námsgagna verður mjög gildur þáttur í starfi Námsgagnastofnunar. Verður þar bæði um að ræða bækur sem látnar verða ókeypis, seldar bækur og fjölmörg önnur námsgögn af hvers konar gerð. Má til að mynda geta þess að árið 1972 lét Ríkisútgáfan prenta yfir 600 þús. bækur og hækkar sú tala að mun með ári hverju, enda byggist hagkvæmni í rekstri Ríkisútgáfunnar mjög á stórum upplögum bóka, oft um 30 þús. eintökum.

Nauðsynlegt er að halda uppi fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutæki og er ráðgert að stofnunin geri þetta í samstarfi við þá aðila sem nefndir eru í 2. gr.

Loks er ákvæði um það að Ríkisútgáfunni sé heimilt að hafa þær bækur sem hún gefur út til sölu á frjálsum bókamarkaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Er efnislega svipað ákvæði í núgildandi lögum.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um forstjóra Námsgagnastofnunar sem verði skipaður af menntamálaráðherra að fenginni umsögn Námsgagnastjórnar. Starfsheiti forstjórans verði námsgagnastjóri.

Um 7. gr.

Við það er miðað að nemendur grunnskóla, þ e. skyldunámsskóla, fái ókeypis námsgögn, ýmist þannig að þau verði eign þeirra eða skólans. Þá er ákvæði um að stefnt skuli að því að gefa út tvenns konar námsbækur hið fæsta í hverri grein, en vísir að slíku ákvæði er í núgildandi lögum.

Sá háttur hefur verið hafður á frá upphafi að börn hafa fengið námsbækur sínar ókeypis og til eignar frá Ríkisútgáfunni og eftir 1956 hefur hið sama gilt um nemendur í unglingaskólum. Fyrstu áratugina voru bækurnar svo litlar og ódýrar (oftast 96 bls. eða minni, í litlu broti, vírheftar), að ekki þótti taka því að ætla fleiri en einum nemanda að nota hverja bók. Þá söfnuðust stundum á heimilum hlaðar af nothæfum bókum sem hvergi virtist vera þörf fyrir og er svo enn að nokkru leyti. En að frumkvæði framkvæmdastjóra Ríkisútgáfunnar eru margar námsbækur nú afhentar skólum til eignar, en ekki nemendum. Nemendur fá þá bækurnar að láni í skólunum meðan þær eru nothæfar og nota þá margir sömu bókina, þegar vel tekst til. Enda eru margar bækur útgáfunnar nú orðnar svo stórar og dýrar, að einsætt er að fleiri en einn nemandi noti sumar þeirra, til að mynda þær sem nemendur þurfa aðeins að nota um skamman tíma. Sparast á hverju ári stórfé með þessu móti.

Aðrar og meiri umbætur varðandi úthlutun námsbóka hafa einnig verið þeim í hug sem vinna í Ríkisútgáfunni og Skólavörðubúð. Hefur verið tekinn upp sá háttur að hver skóli á rétt til bóka í samræmi við tölu og aldur nemenda, eru bækurnar metnar til fjár, og telst það inneign skólans, er síðan sendir pöntun eftir þörfum og óskum.

Ef bækur nýtast vel og lengi í skóla — og það hefur ekki síður uppeldis- og menningargildi en sparnaðar — getur skólinn keypt þeim mun meira af bókum og námsgögnum sem ekki eru látin ókeypis.

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur kostnaður við Námsgagnastofnun verði greiddur úr ríkissjóði og verði hann ákveðinn í fjárlögum hverju sinni. Þetta á jafnt við um framlög til útgáfu námsbóka og námsgagna, svo og nauðsynlegt stofnfé og rekstrarfé til að halda uppi þeirri starfsemi sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður við Námsgagnastofnun greiðist beint úr ríkissjóði, enda er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur að undanförnu. Má þar til nefna að námsbókagjald var afnumið með lögum árið 1971 og síðustu árin hefur Menntamálaráðuneytið ekki innheimt það gjald af sveitarfélögum sem lög nr. 49/1967 um skólakostnað heimila og renna átti til Fræðslumyndasafns ríkisins.

Þá er skýrt tekið fram í greininni að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna sem lögin mæla fyrir um. Með tekjum stofnunarinnar er hér átt við væntanlegan hagnað af sölu margvíslegra náms- og kennslugagna annarra en þeirra sem úthlutað er ókeypis til nemenda eða skóla.

Verði frumvarp þetta að lögum, er ljóst að Námsgagnastofnun verður einhver mikilvægasta þjónustustofnun landsins fyrir skóla. Mjög brýna nauðsyn ber því til þess að fjárveiting til starfseminnar verði í samræmi við þarfir og starfsáætlanir sem gerðar eru á grundvelli þeirra þarfa. Ákvæði tveggja síðustu málsgreinanna miða að slíku samræmi. Þau eru röklegt framhald af því sem vakað hefur fyrir löggjafarvaldinu, þegar sett voru í 7. gr. laga nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka ákvæði um að fjárframlög til útgáfunnar skyldu ákveðin „með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.“

Um 9. gr.

Nú er það svo að enginn aðili eða stofnun er stjórnskipulega ábyrgur fyrir löggildingu kennslubóka. Að vísu má segja að Námsbókanefnd löggildi útgáfubækur Ríkisútgáfunnar í reynd, þegar hún samþykkir að gefa út handrit, enda er það samkvæmt lögum Námsbókanefnd sem „annast útgáfu námsbóka (. . .) og kveður á um efni þeirra og gerð.“ Hins vegar felur þetta ákvæði ekki í sér skýlausa löggildingarskyldu og einnig skortir öll lagaákvæði um það, hversu farið skuli með hugsanlegan ágreining í þessum efnum. Þá er vert að benda á það að áðurgreint lögbundið útgáfuhlutverk Námsbókanefndar tekur aðeins til skyldunámsstigsins, enda þótt einstaka sinnum sé farið út fyrir það skólastig, einkum að því er varðar útgáfu ritraða eða annars námsefnis sem er í nánum tengslum við námsbækur skyldunámsstigs.

Með þessari grein er tekinn af allur vafi um löggildingarhlutverk Námsgagnastjórnar. Fyrir námsbækur skyldunámsstigsins verður um að ræða löggildingarskyldu innan ramma aðalnámsskrár sem Menntamálaráðuneytið setur. Fyrir námsbækur framhaldskólastigs (sjá 10. gr.) verður um að ræða heimild fyrir ráðuneytið til að fela stjórninni löggildingu og má ætla að sú heimild verði einkum notuð, ef um einhvern vafa er að ræða. Þá verður öðrum útgefendum námsbóka heimilt samkvæmt greininni að leita löggildingar fyrir þær.

Sérstakt ákvæði er í greininni um að vísa megi ágreiningi um löggildingu námsbókar til endanlegs úrskurðar hjá yfirnefnd þriggja sérfróðra aðila sem menntamálaráðherra skipar. Er þetta ákvæði sett til þess að tryggja áfrýjunarrétt í ágreiningsmálum og til að löggildingarkerfið geti orðið sem sanngjarnast fyrir alla aðila.

Viðvíkjandi ýtarbókum, handbókum, kennsluleiðbeiningum, nýsiefni og kennslutækjum er ekki gert ráð fyrir að um nokkra löggildingu sé að ræða, heldur láti Námsgagnastjórn í té umsagnir eftir föngum og er slíkt eðlilegur þáttur í kynningarstarfi stofnunarinnar.

Helstu og mikilvægustu breytingarnar sem af ákvæðum þessarar greinar leiða, eru annars vegar þær, að heimilt verður að fela Námsgagnastjórn löggildingu fyrir bækur sem aðrir aðilar en Námsgagnastofnun, innlendir eða erlendir, hafa gefið út og hins vegar það að sett eru ákvæði um yfirnefnd sem vísa má ágreiningi til. Bækur annarra útgefenda eru vitaskuld fyrst og fremst gefnar út fyrir framhaldsskólastig, en í vissum tilvikum geta þær þó komið að notum fyrir skyldunámsstig, t. d. þegar námsskrá er breytt, námsefni fært til milli bekkja í ljósi fenginnar reynslu eða útlent efni er lagt til grundvallar kennslu í erlendum tungumálum. Þá er og mikilvægt ákvæði í greininni um að stjórnin kveðji kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þessi störf. — Gagnvart eigin útgáfubókum Ríkisútgáfunnar breytir greinin hins vegar litlu sem engu, ef yfirnefndarákvæðið er undanskilið því að þær bækur eru í reynd löggiltar þegar útgáfa þeirra er ákveðin, eins og áður greindi.

Þar sem samþykki og löggilding námsbóka — og vandaður, faglegur undirbúningur þar að lútandi — er eitt hið mikilvægasta stefnumarkandi starf sem vinna þarf í íslenskum menntamálum, er varla sæmandi að draga lengur að setja skýr lagaákvæði um það, hvernig með slík mál skuli farið.

Um 10. gr.

Á hverjum tíma eru í notkun náms- og kennslugögn sem úreldast smám saman og hverfa þegar ný koma til sögunnar. Hliðstætt má segja um starfshætti í skólum og ýmsar venjur og siði sem hafa skapast. Hér er um að ræða fjölmargt sem hefur bæði menningarlegt og sögulegt gildi og er hætt við að þessi verðmæti glatist ef ekki er að gert.

Eins og sakir standa er enginn sem hefur með höndum söfnun og varðveislu fyrrnefndra gagna og upplýsinga frá fyrri tímum og þykir rétt að fela Námsgagnastofnun að vinna að þessu verkefni.

Þá er, skv. greininni, heimilt að fela Námsgagnastofnun gerð og dreifingu náms- og kennslugagna fyrir framhaldsskóla, en sem stendur er enginn einn aðili sem sinnir þessum verkefnum fyrir skóla á framhaldskólastigi.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Sem dæmi um slík framkvæmdaratriði má nefna verkaskiptingu, greiðsluskyldur, samráð og samstilltar ákvarðanir Námsgagnastofnunar og Menntamálaráðuneytis, skólarannsóknadeildar varðandi undirbúning að nýju námsefni, sbr. 2. grein þess, frumvarps.

Þá er einnig nauðsynlegt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu starfa innan Námsgagnastofnunar og ýmiss atriði önnur er varða starfsemi stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 787. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur á undanförnum þingum flutt tillögur um gagngerar breytingar á núgildandi skattalögum. Meginefni tillagnanna hefur verið þrennt: Í fyrsta lagi hefur flokkurinn talið nauðsynlegt að hverfa frá því, að tekjuskatturinn sé fyrst og fremst skattur á launafólk, og því viljað stefna að afnámi tekjuskatts af venjulegum launatekjum. Í öðru lagi hefur þingflokkurinn talið nauðsynlegt að taka upp sérsköttun hjóna. Og í þriðja lagi hefur hann viljað láta atvinnureksturinn taka réttlátari hlutdeild í skattbyrðinni en átt hefur sér stað.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir sérsköttun hjóna. Ýmsar breytingar til bóta eru og gerðar á skattlagningu af tekjum atvinnurekstrar. Þessu ber að fagna. Hins vegar þarf að lækka tekjuskatt verulega á lægstu tekjum og raunar afnema hann við hærri tekjumark en frv. gerir ráð fyrir og stíga þannig fyrstu sporin til þess að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Að þessu miða þrjár fyrstu breytingartillögurnar, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Gert er ráð fyrir því, að frá útreiknuðum tekjuskatti, en ekki útsvari, skuli draga sérstakan viðauka við persónuafslátt, er nemi 50 000 kr. hjá hverjum manni, en að hann geti færst milli hjóna. Þá er gert ráð fyrir því, að 10% frádráttarheimildin í 30. gr. hækki í 12%.

Sem dæmi um áhrif þessara breytinga má nefna eftirfarandi:

1. Skattfrelsismörk einhleypinga hækka úr 1 550 þús. kr. í 1 870 þús. kr. og hliðstætt hjá hjónum.
2. Einhleypingur er skattfrjáls skv. ákvæðum frv. við 1 542 þús. kr. tekjur, en yrði skattfrjáls við 1 893 þús. kr. tekjur, en greiddi þó skv. ákvæðum frv. 57 þús. kr. í tekjuskatt.
3. Einhleypingur með 2 500 þús. kr. tekjur greiðir skv. frv. 175 þús. kr. tekjuskatt, en mundi greiða 112 þús. kr. Tekjuskattur hans mundi lækka um 63 þús. kr.
4. Hjón, þar sem annað hjóna aflar 3 500 þús. kr. tekna, en hitt engra, greiða skv. frv. 159 þús. kr. í tekjuskatt, en mundu greiða 41 þús. kr. Skattalækkun yrði 118 þús. kr. Þetta dæmi er nálægt meðaltali áætlaðra tekna þessa hóps á árinu 1978.

5. Hjón, þar sem annað aflar 3000 þús. kr., en hitt 1000 þús. kr. tekna, greiða skv. frv. 263 þús. kr., en mundu greiða 144 þús. kr. Tekjuskattslækkun þeirra yrði 119 þús. kr. Þetta dæmi er líka nálægt meðaltali áætlaðra tekna þessa hóps á árinu 1978.

Lagt er til að hlutfall fasts frádráttar af launatekjum, sem gjaldendur geta valið í stað þess að tíunda lífeyrissjóðsgjöld, stéttarfélagsgjöld, vaxtagjöld og gjafir til menningarmála, hækki úr 10% í 12%. Þessi breyting leiðir til þess, að mun fleiri gjaldendum verður hagstætt að nota heimildina til fasts frádráttar og þar með ætti að sparast vinna við framtalsgerð hjá fjölda gjaldenda. Um leið mundi þessi breyting draga úr vinnu á skattstofum við yfirferð framtala, og með henni ætti að nást aukin nákvæmni í staðgreiðslu opinberra gjalda, þegar staðgreiðslukerfið kemst til framkvæmda. Auk þess að horfa þannig til einföldunar leiðir tillagan einnig til réttlátari dreifingar á skattbyrðinni vegna þess að frádrátturinn kemur þeim að auknum notum sem ekki hafa notið verulegs frádráttar vegna vaxtagjalda, t. d. þeim er í leiguhúsnæði búa.

Framkvæmd þessara tillagna mundi jafngilda 5.5 milljarða tekjumissi ríkissjóðs. Útgjöld á fjárlögum eru sem næst 140 milljarðar, og nemur tekjumissirinn því tæpum 4%. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að lækka útgjöld almennt um tæp 4%. Útgjöld til félagslegra þarfa, svo sem félagsmála, heilsugæslu og skólamála, mega ekki lækka. En ýmis fjárfestingarútgjöld, sem nema um 40 milljörðum kr., svo og almenn rekstrarútgjöld ríkisins ættu að geta lækkað um samtals 5.5 milljarða, og verður nánar um það rætt í framsögu.

Um 4. breytingartillöguna er þetta að segja:

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að eftir gildistöku ákvæða þess séu eignir árlega hækkaðar samkvæmt verðbreytingarstuðli og fyrningar reiknaðar af þannig endurmetnu stofnverði. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þannig fengnar fyrningar séu skertar eftir tilteknum reglum, ef hluti af fyrnanlegum eignum er fjármagnaður með lánsfé. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því, að atvinnurekendur skuli einhliða hækka allar eldri eignir við gildistöku laganna, og er ekki gert ráð fyrir skerðingu á þeim auknu fyrningum, sem þannig fást vegna þess að þessar eignir hafi á sínum tíma verið fjármagnaðar með lánsfé. Í breytingartillögunni felst að á móti þessari endurmatsheimild skuli byggður upp stofn að mótvirðisreikningi fyrninga og þannig tekið tillit til þess, hvernig eignir þær, sem eins skiptis endurmatsreglna ákvæðisins nær til, voru fjármagnaðar í upphafi.

Alþingi, 28. apríl 1978.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 788. Breytingartillögur [282. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GÞG).

1. Við 30. gr. Í stað „10%“ í síðari mgr. greinarinnar komi: 12%.
2. Við 67. gr. Í stað orðanna „skal barn ekki njóta persónuafsláttar“ í 3. mgr. komi orðin: skal barn hvorki njóta persónuafsláttar né viðauka við persónuafslátt.
3. Aftan við 68. gr. komi ný málsgrein, 3. mgr., er orðist svo:

   Frá útreiknuðum tekjuskatti skv. 2. mgr. skal draga sérstakan viðauka við persónuafslátt, er nemi 50 000 kr. hjá hverjum manni. Óráðstafaður viðauki við persónuafslátt fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan viðauka við persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti viðaukans dragast frá reiknuðum skatti hins makans.

4. Við ákvæði til bráðabirgða IV bætast tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:
Þá skal á árinu 1979 mynda sérstakan stofn að mótvirðisreikningi fyrninga, sbr. 44. gr. Skal mótvirðisreikningsstofninn myndaður á þann hátt, að fyrir hvert ár frá og með árinu 1973 skal reikna mismun á heildarskuldum skattaðila í ársbyrjun og eignum hans tengdum atvinnurekstri öðrum en fyrnanlegum eignum á sama hátt og mælt er fyrir um í 44. gr. Af mismun þessum skal síðan reikna hlutfall, sem nemur hækkun byggingarvísitölu milli viðkomandi árs og ársins á undan, og færa þá fjárhæð, sem þannig fæst, í stofn mótvirðisreiknings fyrninga.
Þegar stofn að mótvirðisreikningi fyrninga hefur samkvæmt framansögðu verið reiknaður fyrir hvert ár skal lækka hann um 15%, en síðan hækka þá fjárhæð, sem eftir stendur, í hlutfalli við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar til næsta árs og leggja framlag næsta árs, reiknað samkv. síðustu málsgrein við þannig framreiknaða upphæð, og þannig koll af kolli, fyrir hvert ár fram til ársins 1979. Þannig fengin heildarfjárhæð skal vera stofnfjárhæð í mótvirðisreikningi fyrninga í byrjun ársins 1979 og um hana fer síðan að ákvæðum 44. og 45. gr.

Nd. 789. Lög [121. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Afgreidd frá Nd., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 475.

Nd. 790. Lög [253. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Afgreidd frá Nd., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 732 (sbr. 488).

Ed. 791. Frumvarp til laga [233. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 447 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að reka vátryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenskir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.
Innborgað hlutafé skal nema minnst kr. 65 000 000. Til innborgaðs hlutafjár teljast eingöngu peningagreiðslur. Eigið hlutafé telst ekki til innborgaðs hlutafjár við stofnun vátryggingarfélags.
Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir aug-

um að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins.

10. gr. hljóðar svo:

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenskir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 45 000 000. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Um hæfisskilyrði endurskoðenda skulu gilda sömu reglur og um endurskoðendur í hlutafélögum.

15. gr. hljóðar svo:

Erlent vátryggingarfélag, sem hér hyggst starfa, skal sanna, að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en kr. 35 000 000.

Skal félagið árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi framangreindri upphæð.

Eigin tryggingasjóður erlends vátryggingarfélags, sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtrygginga, skal ávaxtaður sem hér segir:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af brunabótamatsverði húseigna og mannvirkja.
6. Í fasteignum, sem félagið á allt að 60% af brunabótamatsverði.

Að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, er erlendu vátryggingarfélagi þó heimilt að ávaxta fé tryggingasjóðs á annan hátt.

Félagið skal sjá til þess, að á hverjum tíma séu fyrir hendi hjá því eignir af því tagi, sem hér greinir, og nemi minnst upphæð eigin tryggingasjóðs samanlagt.

22. gr. hljóðar svo:

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi séu vátryggð annars staðar en hjá íslenskum vátryggingarfélögum eða erlendum vátryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi.

Aðilar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru eign viðkomandi að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu vátryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi skv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til tryggingamálaráðherra, sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem skv. leyfi tryggingamálaráðherra tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaeftirlitinu skýrslu um

tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt vátryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.

23. gr. hljóðar svo:

Í nafni vátryggingarfélags skal koma fram að félagið reki vátryggingarstarfsemi. Aðrir en þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, mega ekki bera heiti, sem kunna að benda til eða gefa í skyn að vátryggingarstarfsemi sé rekin. Nafn vátryggingarfélagsins, eða skrásett firmamerki þess, skal koma skýrt fram í tilkynningum og öllu prentuðu máli, sem frá félaginu fer. Starfi félag eða annar aðili sem umboðsaðili fyrir vátryggingarfélag, skal koma fram, að um umboð sé að ræða. Erlent vátryggingarfélag, sem hér starfar, má nota nafn aðalumboðsaðilja og komi þá jafnframt fram, að um umboð sé að ræða og nafn hins erlenda vátryggingarfélags.

Sérhver umboðsmaður eða sölumaður, sem hefur með höndum sölu vátrygginga hér á landi skal bera skilríki útgefin og undirrituð af stjórn eða framkvæmdastjóra þess vátryggingarfélags, sem hann starfar fyrir, er sanni, að hann starfi á þess vegum.

Þegar um erlent vátryggingarfélag er að ræða, skulu skilríkin undirrituð af aðalumboðsmanni félagsins hér á landi.

40. gr. hljóðar svo:

Félög sem fá leyfi til vátryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þau ætla að nota.

Hyggist þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, breyta vátryggingarskilmálum sínum, eða semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu fyrirhugaða skilmála svo fljótt sem auðið er til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaeftirlitinu þegar í stað.

Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála vátryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjaldagrundvöll. Tryggingaeftirlitinu ber að athuga hvort iðgjöld vátrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Vátryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í vátryggingum og að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um að réttar upplýsingar séu gefnar um þær vátryggingar, sem á boðstólum eru hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaeftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

48. gr. hljóðar svo:

Nú rís ágreiningur milli tryggingaeftirlitsins og vátryggingarfélags um framkvæmd á lögum þessum, og er þá unnt að skjóta þeim ágreiningi til umsagnar nefndar, sem skipuð er af tryggingaráðherra.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga eða viðkomandi vátryggingarfélags, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.

Ed. 792. Frumvarp til laga [289. mál]

um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 612 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

7. gr. hljóðar svo:
Stofnunin hefur sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeinir um meðferð þeirra. Skal þetta gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Sama gildir um sérdeildir heyrnadaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk.

Ed. 793. Frumvarp til laga [280. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

70. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:
Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 24 000 000 fyrir bifreið og kr. 12 000 000 fyrir önnur ökutæki.
b. Í stað „kr. 600 000“ í 2. gr. komi: kr. 1 200 000.
c. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Heimilt er dómsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Í stað „1.25‰“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 11. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, komi: 1‰.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

Ed. 794. Frumvarp til laga [181. mál]

um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

Íslenskum stjórnmálaflokkum er óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar hérlendis frá erlendum aðilum.

2. gr.

Lög þessi taka til stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða.

3. gr.

Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

4. gr.

Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10 milljónum króna.

Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 795. Nefndarálit [286. mál]

um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Leggur nefndin til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 12. gr. 1. mgr. falli niður.

Alþingi, 28. apríl 1978.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.
Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.
Ingólfur Jónsson.
Benedikt Gröndal, með fyrirvara.
Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.
Eðvarð Sigurðsson.

Ed. 796. Frumvarp til laga [306. mál]

um breyting á lögum nr. 13 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi, 1977—1978)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. grein, svohljóðandi:

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hafa augu manna opnast fyrir þörf heyrnarskertra til aukinnar framhaldsmenntunar.

Strax og starfsaðstaða Heyrnleysingjaskólans batnaði um 1971 var hafist handa um að athuga þessi mál. Síðan 1972 hefur skólinn haldið uppi þeirri framhaldsmenntun fyrir heyrnarskerta sem unnt hefur verið.

Kennslan hefur að verulegu leyti byggst á fórnfúsu starfi áhugamanna, bæði starfsmanna Heyrnleysingjaskólans og annarra skóla. Hingað til hefur aðaláherslan verið lögð á iðnfræðslu. Bókleg fræðsla hefur farið fram í Heyrnleysingjaskólanum og hafa kennarar við Iðnskólann í Reykjavík annast þá kennslu, en kennarar við Heyrnleysingjaskólann túlkað kennsluna fyrir nemendur. Verklegt nám hafa nemendur stundað í Iðnskólanum eða hjá iðnmeisturum, sem þeir hafa gert námssamning við. Starfsemi þessi hefur verið rekin með samþykki og aðstoð menntamálaráðuneytisins, en lagaheimild hefur skort.

Frá 1939—1977 hafa útskrifast og farið frá skólanum 70 nemendur.

Í Heyrnleysingjaskólanum eru nú nemendur, sem skiptast þannig í aldursflokka:

Fæddir	drengir	stúlkur	samtals
1940	1		1
1954	1		1
1955	1	1	2
1956	2	1	3
1957	1	1	2
1959	4		4
1960		2	2
1962	1	1	2
1964	11	16	27
1965	1	1	2
1966	1		1
1967	1		1
1968	3		3
1970		1	1
1972	1		1
1973	5	3	8
			61

Samkvæmt þeim gögnum, sem fengist hafa, má ætla að árið 1978 komi 4 nemendur í skólann.

Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós, að ýmsar breytingar á framhaldsnámi heyrnarskertra eru nauðsynlegar og aukinnar kennslu er þörf, ef framhaldsdeildin á að geta þjónað tilgangi sínum.

1. Námsefni hinna ýmsu iðngreina er svo mismunandi að það krefst fleiri kennara en til þessa hafa verið.
2. Það hefur komið í ljós, að heyrnarskertir þurfa nauðsynlega miklu meiri undirbúning undir framhaldsnám en unnt er að veita þeim á skólaskyldutíma, enda má það öllum ljóst vera, að vegna þess að langmestum hluta af skólaskyldutíma heyrnarskertra verður að verja til þess að kenna þeim mál og skapa hjá þeim málskilning, hljóta þeir að þurfa lengri tíma og meiri hjálp til framhaldsnáms en þeir sem hafa fulla heyrn og læra málið af sjálfu sér.
3. Þótt iðnnám hafi oftast verið það, sem heyrnarskertir kjósa að leggja stund á, verða þeim að vera allar námsleiðir opnar. Heyrnarskertir verða venjulega að taka sérstakt tillit til sinnar hömlunar þegar þeir velja sér nám og ævistarf.

   Því fleiri leiðir sem standa þeim opnar til náms, þeim mun minni áhrif hefur þessi hömlun á val þeirra og framtíðaráform. Það ber því brýna nauðsyn til að opna heyrnarskertum allar færar leiðir til náms og minnka með því þau áhrif, sem heyrnarskerðing hefur á framtíð þeirra
4. Eins og að framan greinir voru engin ákvæði til um kennslumagn fyrir Heyrnleysingjaskólann og þá að sjálfsögðu ekki fyrir framhaldsdeild hans. Með reglugerð um sérkennslu, sem gefin var út 1977, er kennslumagn Heyrnleysingjaskólans ákveðið, en það miðast að sjálfsögðu aðeins við skólaskyldutíma heyrnarskertra nemenda eins og hann er lögum samkv.

Markmið framhaldsdeildar við Heyrnleysingjaskólann er að gefa öllu heyrnarskertu fólki kost á framhaldsnámi sambærilegu því sem þjóðfélagið býður hinum heyrandi upp á.

Heyrnarlaust og alvarlega heyrnarskert fólk getur ekki notfært sér þá kennslu, sem fram fer í almennum framhaldsskólum. Því miður hefur Heyrnleysingjaskólinn hvorki haft lagaheimild né nægilegt fjármagn til að veita heyrnarskertum framhaldsmenntun.

Með því að fá lagaheimild fyrir framhaldsdeild við Heyrnleysingjaskólann er stuðlað að því, að allir heyrnarskertir geti með góðu móti aflað sér menntunar á því sviði sem hugur þeirra stendur til og geta þeirra leyfir.

Framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans þarf að geta tekið á móti öllum heyrnarskertum, núverandi, fyrrverandi og verðandi nemendum skólans, svo og öðrum heyrnarskertum sem vegna heyrnarskerðingar sinnar geta ekki hagnýtt sér nám í almennum framhaldsskólum.

Kennslumagnsþörf í framhaldsdeild fyrir heyrnarskerta hlýtur að verða mikil.

Bæði er að deildin verður fámenn og kennslumagn nýtist því verr en ella og hver nemandi þarf miklu meiri aðhlynningu en gerist í almennum framhaldsskólum. Kennslumagnsþörfin getur orðið mjög mismunandi frá ári til árs og yrði nákvæmur útreikningur að koma til endurskoðunar árlega.

Góð skipulagning námsins og gott samstarf við aðrar kennslustofnanir skiptir hér verulegu máli. Þessi deild verður óhjákvæmilega dýrari en stofnanir fyrir heilbrigða ef miðað er við kostnað á nemanda. En þeir fjármunir, sem til deildarinnar yrði varið, munu örugglega skila sér aftur í þjóðarbúið.

Annar kostnaður en beinn kennslukostnaður mun verða nokkur, þegar framangreind lagabreyting kæmi til framkvæmda.

1. Kostnaður við gerð kennslugagna. Endursemja þarf að langmestum hluta þær kennslubækur, sem til eru í hinum ýmsu námsgreinum, með þarfir og getu hins

heyrnarskerta í huga. Þótt sá heyrnarskerti geti lesið bók eins og sá sem heyrir, er **málskilningur** hins heyrnarskerta oftast ekki nema örlítið brot af því sem hinn heyrandi skilur.

Kennslubækur þarf því að einfalda, eftir því sem hægt er, efnisins vegna. Erlendar kennslubækur þarf að þýða og/eða endursegja. Þetta verk verður að vinna í nánu samstarfi við skóla, fræðslunefndir og fulltrúa atvinnugreina sem við á hverju sinni.

2. Nemendur Heyrnleysingjaskólans munu stunda nám í öðrum framhaldsskólum eftir því sem geta þeirra leyfir.

   En til þess að sú kennsla komi hinum heyrnarskerta að notum þurfa viðkomandi framhaldsskólakennarar að njóta leiðbeininga og aðstoðar Heyrnleysingjaskólans. Einnig þurfa kennarar, sem starfa við framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans, að njóta tilsagnar í sérhverri starfsgrein hjá þeim framhaldsskólakennurum sem sérþekkingu hafa á viðkomandi sviði.

3. Verði frumvarp þetta að lögum, mun um verulega samvinnu verða að ræða milli framhaldsdeildar Heyrnleysingjaskólans og annarra menntastofnana. Ekki verður hjá því komist að nemendur og kennarar deildarinnar þurfi að ferðast milli Heyrnleysingjaskólans og þeirra stofnana. Af þessum ferðalögum leiðir nokkurn kostnað. Hér er um það að ræða að nemendur stunda hluta af námi sínu við framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans en sækja tíma í þeim námsgreinum sem mögulegt er í annan skóla.

4. Kostnaður við öflun kennslutækja verður nokkur.

5. **Túlkun:**

   Starfssvið túlks er að yfirfæra talmál yfir á mál heyrnleysingja og gagnkvæmt. Túlkur eykur möguleika þeirra heyrnarskertu til að fylgjast með þegar fyrirlestrar eru haldnir, t. d. fyrir heyrandi og heynarskerta í sameiningu. Túlkur er einnig nauðsynlegur við alla félagslega og sálfræðilega hjálp.

6. Framanskráðar ábendingar gefa vísbendingu um þann kostnað sem framhaldsdeild hlýtur að hafa í för með sér, enda erfitt að áætla hann nákvæmlega fyrirfram.

Ed. 797. Frumvarp til laga [307. mál]

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

Markmið.

1. gr.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands (M.H.Í.) skal vera fræðslustofnun er veitir þekkingu og þjálfun í hverskonar myndlista-, listiðna- og myndmenntagreinum.

M.H.Í. skal leitast við að glæða með nemendum listræn viðhorf og vinnubrögð, efla með þeim sjálfstæði og samfélagsþroska, skyldurækni og alúð í starfi.

Jafnframt skal M.H.Í beita sér fyrir almennri fræðslu, tilraunum og rannsóknum á sviði myndlista, listiðna og myndmennta.

M.H.Í. skal hafa samráð og samstarf við þá skóla landsins, er veita menntun í greinum er skara námsefni M.H.Í. til þess að nýta sem best þann tækjakost og kennslukraft sem fyrir eru í landinu.

Deildaskipan og námstími.

2. gr.

Í M. H. Í. skulu vera þessar deildir:
Myndlistadeild.
Listiðna- og iðnhönnunardeild.
Myndmenntadeild.
Listfræðsludeild.

3. gr.

M. H. Í. er heimilt að starfrækja undirbúningsdeild í myndlist og listiðn, þar til öðru vísi verður ákveðið.

4. gr.

Myndlistadeild skiptist í eftirfarandi skorir:
Málunarskor.
Mótunarskor.
Grafíkskor.
Myndvefnaðarskor.
Veggmyndaskor.
Nýlistaskor.

5. gr.

Listiðna- og iðnhönnunardeild skiptist í eftirfarandi skorir:
Auglýsingaskor.
Leirsmíðaskor (keramikskor).
Veftaskor (textilskor).

Svo fljótt sem aðstæður leyfa skal stefnt að því að koma á fót eftirtöldum skorum:
Fatahönnunarskor.
Húsgagnaskor.
Málmsmíðaskor.
Leikmyndaskor.
Ljósmyndaskor.
Iðnhönnunarskor.

6. gr.

Listfræðsludeild skiptist í eftirfarandi skorir:
Barna- og unglingaskor.
Fullorðinsskor.
Fræðsluskor fyrir starfandi mynlista- og listiðnaðamenn.

Í listfræðsludeild fer námið fram í styttri áföngum, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

7. gr.

Námið í myndlistadeild, listiðna- og iðnhönnunardeild tekur þrjú ár. Nemandi getur síðan, ef hann óskar þess, valið sér framhaldsnám í sérgrein sinni og tekur það eitt ár.

Námið í myndmenntadeild tekur eitt ár og veitir rétt til kennslu í myndlistagreinum við hinn samræmda framhaldsskóla (sjá gr. 19, 4.a.). Menntamálaráðuneytið getur falið myndmenntadeild að annast kennslu í sérgreinum myndmennta fyrir nemendur K.H.Í. sem valið hafa þær greinar.

Námið í undirbúningsdeild tekur hið minnsta eitt ár.

Að hverjum námsáfanga loknum fær nemandi vitnisburð er segir til um hvort hann hafi staðist lágmarkskröfur þær er M.H.Í. gerir til námsárangurs.

8. gr.

Í öllum skorum mynlistadeildar skulu þessar kennslugreinar vera sameiginlegar: teiknun, myndbygging, form- og litfræði, listasaga, listsálfræði og listheimspeki.

9. gr.

Helstu kennslugreinar í skorum myndlistadeildar skulu vera þessar:

Í **málunarskor** olíu- og vatnslitamálun, myndgerðartækni og efnisfræði.

Í **mótunarskor** þrívíddarmótun hvers konar, mótunartækni, steypa, logsuða, járn- og trésmíði og efnisfræði.

Í **grafíkskor** háþrykk, lágþrykk, djúpþrykk, þrykktækni og efnisfræði.

Í **myndvefnaðarskor** myndvefnaður, efnisfræði og aðferðarfræði.

Í **veggmyndaskor** veggmyndagerð hvers konar og sú tækni er slíkri myndgerð fylgir.

Í **nýlistaskor** skal einkum sinnt þeim kennslugreinum í myndlist, sem ekki falla að hinni hefðbundnu skiptingu hér að framan. Jafnframt skal leitast við að kynna nýjar túlkunarleiðir og þau viðhorf sem efst eru á baugi hverju sinni.

10. gr.

Í öllum skorum listiðna- og iðnhönnunardeildar skulu þessar greinar vera sameiginlegar: teiknun, málun, mótun, listasaga, fagsaga, bókfærsla og áætlanagerð.

11. gr.

Helstu kennslugreinar í skorum listiðna- og iðnhönnunardeildar skulu vera þessar:

Í **auglýsingaskor** letrun (skrift og stafagerð) gerð auglýsinga, merkja, veggspjalda og umbúða, bókagerð og lýsing bóka, grafík og prenttækni, uppsetning sýninga, markaðs- og auglýsingafræði og ljósmyndun.

Í **veftaskor** (textílskor) vefnaður, vefprent, prjón, hnýting, spuni, saumur, litun, mynsturteiknun, vefnaðar-, efnis- og vefjarefnafræði.

Í **leirsmíðaskor** (keramikskor) leirmótun, rennsla, steypa, brennsla, mynstur- og skreytiteiknun, fagteiknun, glerjunargerð og efnis- og efnafræði greinarinnar.

12. gr.

Helstu kennslugreinar í myndmenntadeild skulu vera þessar: teiknun, málun, mótun, grafík, lit- og formfræði, undirstöðuatriði byggingarlistar, kvikmyndunar og sjónvarpsmyndagerðar, listasaga, kennslufræði myndmenntagreinanna og kennsluæfingar.

13. gr.

Helstu kennslugreinar í undirbúningsdeild skulu vera teiknun, málun, myndmótun, grafík, lit- og formfræði, myndbygging, myndgreining, anatómía, letrun og listasaga.

14. gr.

Í skorum listfræðsludeildar skal fólki á öllum aldri gefinn kostur á almennri myndlista- og listiðnakennslu í formi lengri eða styttri námskeiða.

Auk þess er listfræðsludeild heimilt að annast námskeið fyrir starfandi myndlista- og listiðnaðarmenn í sérgreinum þeirra þegar henta þykir.

15. gr.

Auk þeirra greina, sem taldar eru upp hér að framan, skal gefa rúm í stundaskrá í öllum deildum skólans fyrir eftirfarandi: vettvangsfræðslu, námsferðir, þar með taldar ferðir á söfn og sýningar, umræður og sjálfvalið efni.

16. gr.

Heimilt er að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

17. gr.

Árlegur starfstími M.H.Í. skal vera 9 mánuðir.

Inntaka nemenda.

18. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

19. gr.

Inntökuskilyrði í M.H.Í. skulu vera þessi:

1. Umsækjandi skal hafa lokið námi á myndlistabraut hins samræmda framhaldsskóla, eða stundað hið minnsta tveggja ára nám í hinum samræmda framhaldsskóla og lokið ákveðnum fjölda námseininga í myndlistagreinum sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.
2. Umsækjandi skal hafa lokið námi í undirbúningsdeild M.H.Í., enda hafi hann lokið tilskildu námi á almennu bóknámssviði í hinum samræmda framhaldsskóla.
3. Hver sá er sækja vill um skólavist í M.H.Í. og fellur ekki undir 1. og 2. tölulið en er fullra 20 ára er heimilt að þreyta inntökupróf, þar sem kannaðir eru hæfileikar hans og þroski á myndlistarsviði og hvort almenn menntun hans svari kröfum skólans.
4. Þeir sem sækja vilja um inngöngu í myndmenntadeild skulu hafa:
   a. lokið námi við Kennaraháskóla Íslands með valgrein í mynd- og handmennt eða
   b. lokið námi við M.H.Í. í myndlista- eða listiðnadeildum og hafi auk þess tilskilið nám í uppeldisskor frá K.H.Í. enda þurfa þeir ekki að taka þær greinar myndmenntadeild er þeir hafa þegar lokið námi í.

Stjórn skólans.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með æðstu stjórn skólans.

21. gr.

Skólastjóri er yfirmaður skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart einstaklingum og stofnunum. Hann annast almennt eftirlit með daglegum rekstri skólans og vinnur sérstaklega að stefnumótun í málnefnum hans.

Menntamálaráðherra skipar skólastjóra til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum skólaráðs. Heimilt er að endurskipa skólastjóra einu sinni án lotuskila.

22. gr.

Stjórn skólans er falin skólastjóra og skólaráði. Í skólaráði eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara og þrír fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði. Skólastjóri er í forsæti á fundum skólaráðs. Skólaráð skal halda fundargerðarbók og kýs sér ritara. Á fundum skólaráðs verður ályktun því aðeins gild að tveir þriðju hlutar sæki fund hið fæsta. Á fundi skólaráðs ræður afl atkvæða. Ef atkvæði verða jöfn, sker atkvæði skólastjóra úr. Rísi ágreiningur um það, hvort tilteknu máli skuli ráðið til lykta af skólaráði eða skólastjóra, sker menntamálaráðuneytið úr.

23. gr.

Hlutverk skólaráðs skal einkum vera:

a. að vera skólastjóra til ráðuneytis um daglegan rekstur skólans.
b. að hafa eftirlit með því ásamt skólastjóra að reglur skólans séu haldnar.
c. að annast ásamt skólastjóra skipulag kennslu og hafa forgöngu um nýjungar í skólastarfi.
d. að halda uppi tengslum við samtök myndlista- og listiðnamanna í því augnamiði að skapa gagnkvæman skilning milli M.H.Í. og starfandi myndlista- og listiðnamanna.

24. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra, fasta kennara svo og annað fastráðið starfsfólk samkv. 27. gr. að fengnum tillögum skólaráðs.

25. gr.

Til þess að hljóta skipun sem kennari við skólann skal umsækjandi fullnægja þeim kröfum, sem lög og reglugerðir kveða á um.

26. gr.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað lausráðið starfslið skólans í samráði við skólaráð.

27. gr.

M.H.Í. skal auk skólastjóra og kennara vera búinn því starfsliði er hér segir:

1. **Aðstoðarskólastjóri** skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Deildarstjórar** skulu hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum einstakra deilda skólans.
3. **Námsráðunautur** liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda.
4. **Félagsmálaráðunautur** er nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hefur umsjón þeirra.
5. **Bókavörður** hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsal.
6. **Skólaritari** aðstoðar skólastjóra og/eða aðstoðarskólastjóra við daglegan rekstur skólans. Honum skal fengin aðstoð eftir því sem þarfir skólans krefjast og fé verður veitt til.
7. **Húsvörður** skal hafa umsjón með húsnæði skólans, húsmunum og tækjum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.

Starfsmenn þeir, sem taldir eru upp í 1. og 4. lið, mega allir vera úr hópi kennara og má fela sama starfsmanni fleira en eitt starf, ef henta þykir.

Nemendaráð.

28. gr.

Innan M.H.Í. skal starfa nemendaráð. Tilgangur þess er að:

a. Hvetja nemendur til ábyrgrar afstöðu til skólans, listar og þjóðfélags.
b. Efla félagsþroska og félagslíf innan skólans.
c. Vera skólastjóra og skólastjórn til ráðuneytis í málefnum er skólann varða.

Kjósa skal í nemendaráð eftir ákvæðum er nánar verður kveðið á um í reglugerð. Nemendaráð setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Skulu þær háðar samþykki meirihluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Kostnaður o. fl.

29. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

30. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 29. apríl 1965.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 27. maí 1970 skipaði þáverandi menntamálaráðherra Gylfi Þ. Gíslason nefnd til þess að endurskoða lög frá 29. apríl 1965 um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Í nefndinni áttu í upphafi sæti Hörður Ágústsson formaður, Bragi Ásgeirsson og Knútur Hallsson. Í nefndina bættist 15. september 1971 Jónas B. Jónsson. Knútur Hallsson baðst lausnar 10. júní 1975. Í hans stað var Stefán Ólafur Jónsson skipaður 9. júlí 1976. Nefnd þessi hefur nú lokið störfum og samið frumvarp til laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands ásamt greinargerð.

Frumvarpið ásamt greinargerð er lagt fram með lítilsháttar orðalagsbreytingu.

Myndlista- og listiðnakennsla hefur að sjálfsögðu farið fram með ýmsu móti í tímans rás. Í stórum dráttum dregið má þó skipa sögu hennar í Vestur-Evrópu a. m. k. í tvö meginskeið, í tímabil verkstæðiskennslu og tímabil skólakennslu. Allt fram á 17. og 18. öld voru ungmenni send í verkstæði meistara, hygðu þau á listnám. Með breyttum framleiðsluháttum og í kjölfar iðnbyltingar færðist myndlista- og listiðnakennslan af verkstæðisvettvangi í nýstofnaða fagurlista- og listiðnaskóla. Þróun þessi mun hafa tekið tvær aldir. Hún hefst með stofnun fagurlistaskólans franska á miðri 17. öld og endar með stofnun listiðnaskóla víða um Evrópu á ofanverðri 19. öld. Greiningin í fagurlistir og nytjalistir kemur einmitt fram í þessu tímaskeiði. Á miðöldum til dæmis að taka var steinsmiður og húsameistari einn og sami maður eða gullsmiður og myndhöggvari. Á Íslandi ríkti andi miðalda alveg fram á síðustu öld. Seytjándualdarmaðurinn Guðmundur Guðmundsson frá Bjarnastaðahlíð gerði hvort tveggja að smíða dómkirkju og höggva út skírnarsá. Ámundi smiður Jónsson, sem lifði fram á 19. öld, var allt í senn húsameistari, tréskurðarmaður og málari.

Á Íslandi hefur verkstæðis- eða vettvangskennsla ríkt fram á þessa öld og gera má ráð fyrir að hún hafi að mestu farið fram hérlendis. Hins vegar hefur ávallt eitt og eitt stórhuga listmannsefni sótt frekari menntun á erlenda grund. Við höfum spurnir af þeim í Noregi, Englandi, Þýskalandi og Danmörku.

Þegar þjóðin tekur að rétta úr hinum efnahagslega kút á ofanverðri 19. öld gerist það æ tíðar að myndlista- og listiðnamenn sæki menntun sína til Kaupmannahafnar, sem raunar varð höfuðsetur Íslendinga í listuppeldismálum alveg fram undir 1939.

Þrátt fyrir þetta útstreymi listelskrar æsku bar fljótt á tilraunum til stofnunar listaskóla þótt í smáum stíl væri. Þorsteinn Guðmundsson, sem numið hafði málaralist í fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn, auglýsir í tímaritinu „Bóndi“ árið 1851 kennslu í „uppdráttarlist“ og eitthvað mun Torfhildur Hólm og Benedikt Gröndal hafa sagt til í teikningu. Engin mörk hefur þessi vísir að myndlistarkennslu skilið eftir sig svo vitað sé. Annað má segja um framtak Stefáns Eiríkssonar myndskera, sem fyrstur hélt kvöldskóla í teikningu. Í skjóli Stefáns hófu ýmsir af merkustu listamönnum þessarar aldar listferil sinn. Með stofnun Iðnskólans í Reykjavík bættist teiknikennslu góður liðsauki einnig.

Fyrsta tilraun til stofnunar eiginlegs listaskóla var gerð árið 1921 og frumkvæðið átti hinn góðkunni listamaður Guðmundur Thorsteinsson. Ekki mun sú tilraun hafa staðið nema einn vetur. Þar hleyptu þó heimdraganum þrír ungir menn, sem seinna áttu eftir að verða víðkunnir, þeir Gunnlaugur Scheving, Jón Engilberts og Sveinn Þórarinsson. Nú varð hlé um hríð, en á fjórða áratug þessarar aldar voru stofnsettir og starfræktir tveir kvöldskólar í teiknun og málun. Annars vegar skóli þeirra Björns Björnssonar gullsmiðs og Marteins Guðmundssonar myndhöggvara, hins vegar skóli Finns Jónssonar og Jóhanns Briem, sem báðir eru kunnir listmálarar.

Árið 1939 skall heimsstyrjöldin á og ári síðar var Ísland hernumið. Þar með rofnuðu þau tengsl, er verið höfðu milli Íslands og Danmerkur í aldaraðir, í myndlist og listiðnaði eins og svo mörgu öðru. Þessi misseri lokaðist inni álitlegur hópur ungs fólks, sem hug hafði á listnámi erlendis. Gera má ráð fyrir að sögulegra raka fyrir stofnun M.H.Í. sé einmitt að leita í því ástandi er við þessar aðstæður skapaðist. Hvort sem sú tilgáta er röng eða rétt er raunin sú að Lúðvíg Guðmundsson stofnaði M.H.Í. árið 1939 og hét skólinn í upphafi Handíðaskólinn.

Tilgangur með stofnun skólans var að efla og bæta hvers konar verkmennt og efla skilning manna á uppeldislegri þýðingu myndlista og listiðna. Smíðakennaradeild mun hafa verið starfrækt strax fyrsta árið. Auk þess voru rekin kvöldnámskeið í teiknun og málun, enda var skólinn fyrstu tvö árin kvöldskóli. Árið 1941 voru stofnaðar myndlistadeild og teiknikennaradeild og skólinn gerður að dagskóla. Aukið var við hvers konar námskeiðshaldi.

Lúðvíg Guðmundsson rak Handíðaskólann fyrstu tvö árin sem einkaskóla, en árið 1942 varð hann að sjálfseignarstofnun. Að hinu nýja skólafélagi stóðu ásamt Lúðvíg átta skólastjórar og sjö aðrir áhugamenn um listir og verkmennt. Nú var nafni skólans breytt og hét hann næstu árin Handíða- og myndlistaskólinn. Árið 1947 var stofnuð handavinnudeild kvenna og 1956 var sett reglugerð fyrir listiðnadeildir, sem var upphaf að listiðnadeild skólans. Árið 1959 var stofnuð enn ein deild við skólann fyrir verðandi vefnaðarkennara. Þess ber þó að geta, að á árinu 1951 varð sú breyting á rekstri kennaradeildanna, að tvær þeirra, smíðakennaradeildin og handavinnudeild kvenna, voru sameinaðar Kennaraskóla Íslands.

Árið 1969 var stofnuð keramikdeild og 1970 textíldeild, en auglýsingadeild hafði verið starfrækt frá árinu 1962.

Öll starfsárin hefur skólinn rekið umfangsmikla fræðslustarfsemi í búningi námskeiða, þar sem kennt hefur verið teiknun, málun, vefnaður af ýmsu tagi, vefþrykk, bókband, leirkerasmíð, fjarvíddarteiknun, letrun, grafík, tréskurður o. fl. svo að eitthvað sé nefnt.

Við skólann hefur kennt fjöldi af fremstu myndlista-, listiðna- og handíðakennurum landsins.

Árið 1961 lét Lúðvíg Guðmundsson af störfum sem skólastjóri, en við tók Kurt Zier, en sá síðarnefndi hafði verið yfirkennari skólans fyrstu tíu árin í sögu hans. Kurt Zier setti á laggirnar forskólann árið 1962 og lengdi þar með námið úr tveimur árum upp í fjögur. Skólanum voru sett lög árið 1965, þar sem hann var felldur inn í skólakerfi íslenska ríkisins og laut nú yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, enda þótt Reykjavíkurborg greiddi tæplega helming kostnaðar við rekstur hans. Nafni skólans var enn breytt og hét nú Myndlista- og handíðaskóli Íslands. Kurt Zier lét af embætti árið 1968, en við skólastjórn tók Hörður Ágústsson og gegndi henni til 31. ágúst 1973 er honum var veitt launalaust leyfi og lausn úr starfi frá 31. ágúst 1976 að telja.

Skólaárin 1973—74 og 1974—75 gegndi Gísli B. Björnsson skólastjórn og Hildur Hákonardóttir skólaárið 1975—76 og síðan.

Við skólann starfa nú auk skólastjóra 9 fastir kennarar og 8 stundakennarar.

Skólinn er til húsa í Skipholti 1.

II.

Víðast hvar erlendis hafa myndlistir og listiðnir til skamms tíma átt sér sína skóla. Þannig er málun, mótun og grafík kennd í svonefndum fagurlistaháskólum, akademium, en listiðnir hvers konar eins og t. d. auglýsingateiknun, keramík, textíll, húsgagna- og fatahönnun, málmsmíð hvers konar, ljósmyndun, leikmyndagerð og iðnhönnun kenndar á listiðnaskólum nefndir á þjóðtungum nágranna okkar kunsthåndværkerskoler, kunstgeherbeschüler, arts and crafts schools og ecoles des arts decorative svo nokkur dæmi séu nefnd frá Norðurlöndum, Þýkalandi, Englandi og Frakklandi. Aðstæður á Íslandi hafa hins vegar ráðið því að þessar greinar hafa safnast undir einn hatt. Í landi eins og okkar, þar sem listmenntafræðsla hefur vart slitið barnsskónum, verður að telja æskilegt að hafa mjög nána samvinnu milli hinna ýmsu greina listfræðslunnar. Á síðari tímum hafa reyndari erlendir listskólamenn bent á kosti slíkrar samvinnu og hvatt til hennar. Í svo fámennu landi sem Íslandi verður að telja skaðlegt að dreifa þeim kröftum um of, er vinna að listuppeldi. Það er líka þjóðhagsleg nauðsyn og fyrirhyggja að nýta sem best húsnæði, tæki og kennslukrafta. Samvinna myndlista- og listiðnagreina eykur bæði skilning nemenda og kennara á því að í raun er öll sjónlist af sömu rót. Mörgum finnst nú að þau skil er mynd-

uðust á milli svokallaðra fagur- og nytjalista séu ekki svo mikil sem 18. og 19. aldar menn vildu vera láta. Reynslan af þessari samvinnu milli listgreina hefur gefið góða raun innan M. H. Í. og í þessu frumvarpi er fyrri stefnu haldið.

Myndlistadeild M. H. Í. hefur alla tíð gegnt mjög mikilvægu hlutverki innan skólans enda þótt fámenni hafi verið á stundum. Þar hafa flestir þeir myndlistamenn, er sett hafa svip á íslenska myndlist síðan eftir stríðslok, fetað sín fyrstu spor á listabrautinni. Seinustu árin hefur hins vegar aðsókn að deildinni vaxið mjög og með betri aðbúnaði ætti hún í framtíðinni að geta slagað hátt í erlenda fagurlistaháskóla.

Listiðnadeildir M. H. Í. eiga sér ekki eins langa sögu og myndlistadeildin og sumar hverjar eru nánast enn í mótun. Langelst er auglýsingadeild, sem stofnuð var árið 1961. Vöxtur og viðgangur þessarar deildar hefur þegar markað drjúg spor í listmenntasögu þjóðarinnar og sýnir hvers er að vænta ef fleiri slíkar listiðnakennslugreinar fengju að dafna við M. H. Í. Óhætt mun að fullyrða að umtalsverð breyting hafi orðið á sviði bókagerðar, auglýsinga og umbúða á því skeiði er auglýsingadeild M. H. Í. hefur starfað. Flestir þeir er að hafa unnið fengu meginhluta menntunar sinnar við M. H. Í.

Enn sér ekki fyrir áhrif þau er keramík- og textíldeildir munu hafa, þær hafa starfað svo skamman tíma. Áhrifa er þó þegar farið að gæta og sáust þau m. a. á hinni miklu listiðnasýningu, sem haldin var í tilefni seinustu listahátíðar, og á texíltrienalnum í Kjarvalsstöðum nú í vetur.

Enn skortir þó mjög á að M. H. Í. sinni öllum greinum listiðna. Að margra dómi stendur það íslenskum listiðnaði fyrir þrifum að eiga ekki völ á fleira sérmenntuðu fólki. Ætti íslenskur iðnaður að standast erlenda samkeppni, verður hann m. a. að taka æ meir í þjónustu sína listiðnaðarmenn. Hér er einkum átt við ullar- og fataiðnað en benda má á húsgagnaiðnaðinn og hvers konar iðnhönnun. Það er því brýnt að komið verði sem fyrst á fót kennsluaðstöðu í fleiri greinum listiðna en nú er við M. H Í.

Kennaradeildir M. H. Í. eiga sér langa sögu við skólann, einkum þó teiknikennaradeildin. Hún hefur ávallt verið ein af kjölfestum M. H. Í. Við hana hafa löngum starfað brautryðjendur í teiknikennslu hérlendis og þaðan hafa vel flestir teiknikennarar sótt menntun sína. Óhætt mun að fullyrða að með tilkomu hennar hafi orðið straumhvörf í teiknikennslu hérlendis.

Vefnaðarkennaradeildin gegndi mjög mikilvægu hlutverki á sínum tíma, en vegna hnignunar húsmæðraskóla hefur heldur dofnað yfir aðsókn í þá deild. Hins vegar var mjög mikilvægt að eiga að starfsreynslu hennar og tækjakost, þegar textíldeild var stofnuð á sínum tíma.

Eins og áður segir var starfrækt smíðakennaradeild og handavinnudeild kvenna við skólann um langan tíma. Klofningur sá er varð í myndíðakennslu árið 1951 var mjög umdeildur á sínum tíma. Myndíðagreinarnar eiga það mikið sameiginlegt að þær vinna betur saman en í sitt hvoru lagi. Um það hafa staðið deilur hvar sú sameiginlega kennsla ætti að fara fram. Menn hafa í því sambandi haft uppi þrenns konar sjónarmið. Í fyrsta lagi eru þeir, sem telja slíkri kennslu best borgið innan M.H.Í. Í öðru lagi eru aðrir, sem vilja þá sömu kennslu innan Kennaraháskóla Íslands. Í þriðja lagi er svo sá hópur er stofna vill sérstaka skóla um myndíðafræðin. Í frumvarpi til laga um K.H.Í., sem lagt hefur verið fram á Alþingi er gert ráð fyrir að kennsla í myndíðum, sem þar er nefnd mynd- og handmennt, verði alfarið við K.H.Í. Rökin eru þau m. a. að best hæfi að öll menntun kennaraefna grunnskólans fari fram á einum stað. Þessi mun og vera vilji ráðuneytisins og mikils hluta grunnskólakennara. Í þessu frumvarpi er því gert ráð fyrir að teiknikennara- og vefnaðarkennaramenntunin verði lögð niður við M.H.Í. en fari í þess stað fram við K.H.Í.

Námskeiðahald hvers konar í myndlist-, listiðnum og handíðum hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í starfi M.H.Í. Þar hefur fólki á öllum aldri gefist kostur á þroskandi tómstundaiðju, um leið og það hefur getað þroskað listrænan smekk sinn. Námskeiðin hafa og undirbúið margan til náms í dagdeildum M.H.Í. og hjálpað öðrum sem farið hafa erlendis til náms í myndlist og byggingarlist. Í frumvarpi þessu er sú stefna sem skólinn hefur markað enn sú sama.

III.

Helstu nýmæli í frumvarpi því sem hér liggur fyrir eru þessi:

1. Gert er ráð fyrir að sú undirbúningsmenntun í sjónlistum, sem forskóli M.H.Í. hefur annast, verði í framtíðinni falin hinum samræmda framhaldsskóla. Af því leiðir m. a. að M.H.Í. mun fyrst og fremst annast framhaldsmenntun í myndlistagreinum.
2. Á meðan hinn samræmdi framhaldsskóli er ekki að fullu kominn í gagnið, er áætlað að M.H.Í. sé heimilt að reka undirbúningsdeild fyrir þá nemendur framhaldsskólans, sem ekki eiga kost á myndlistarbraut, en hafi að öðru leyti lokið tilskildu námi á bóknámssviði.
3. Ráðgert er að setja á laggirnar myndmenntadeild er annist menntun þeirra er hyggja á kennslu í myndmenntun við hinn samræmda framhaldsskóla.
4. Stefnt er að því að K.H.Í. annist í framtíðinni myndmenntakennslu fyrir verðandi grunnskólakenara. Á meðan K.H.Í. hefur ekki húsrými fyrir slíka kennslu er lagt til að M.H.Í. annist sérgreinamenntunina en uppeldis- og kennslufræðin komi alfarið í hlut K.H.Í.
5. Námið í myndlista- og listiðnadeildum lengist úr tveimur í þrjú til fjögur ár.
6. Kveðið er nánar á um stjórn skólans og starfslið.
7. Gert er ráð fyrir að innan M.H.Í. starfi nemendaráð sem taki m. a. þátt í stjórn skólans.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Nafn skólans.

Um nafngiftina fór fram nokkur umræða í nefndinni. Til greina komu nöfn á borð við Myndlistaskóli Íslands og Listaskóli Íslands. Orðið „listaskóli“ þótti of almenns eðlis, gat eins merkt tónlistar- eða leiklistarskóla eins og myndlistaskóla. Orðið „myndlistaskóli“ þótti hins vegar of þröngt þar sem annar meginþáttur M.H.Í. er ofinn úr listiðnum eða handíðum. Að vísu þykir nafn skólans nokkuð óþjált í munni, en þar sem ekkert betra var tiltækt þótti rétt að halda fyrri nafngift.

Markmið.

Í 1. gr. sést strax í upphafi að M.H.Í. er ofinn úr þrem meginþáttum. Hann gegnir hlutverki fagurlistaskóla, listiðnaskóla og kennaraskóla. Honum er ætlað að vera æðsta menntastofnun hérlendis í sjónlistum, ef undan er skilin byggingarlist. Lögð er og áhersla á samstarf og samvinnu við þær menntastofnanir sem að einhverju leyti skara starfssvið M.H.Í. Hér er átt við Háskóla Íslands og þá haft í huga að þar verði innan skamms tíma hafin fræðsla í listasögu. Átt er við iðnskóla og Tækniskóla Íslands, þangað sem listiðnamenn geta sótt marga gagnlega hluti og síðast en ekki síst Kennaraháskóla Íslands, þar sem stofnun myndmenntadeildar innan M.H.Í. krefst mjög náinnar samvinnu milli skólanna.

Deildaskipan og námstími.

Myndlistadeild heldur fyrra nafni. Hins vegar er nafn listiðnadeildar lengt á listiðna- og iðnhönnunardeild. Þetta er gert m. a. til þess að leggja áherslu á að M.H.Í. sinni þeim þætti listiðnar, sem að fjöldaframleiðslu snýr.

Með orðinu myndmenntadeild er átt við, að þar verði sinnt fræðslu um myndina sem svo mjög hefur aukið svigrúm sitt í nútíma þjóðfélagi, ekki einungis hina listrænu mynd heldur og þær myndir sem móta hug okkar nútímamanna á vegum fjölmiðla. Það er og falið í þessu orði að nemendur, er í þessa deild sækja menntun sína, séu færir um að miðla myndlistarfræðslu á framhaldsskólastigi.

Listfræðsludeild er ætlað að annast hina almennu fræðslu í formi námskeiða þar sem fólk á öllum aldri geti sótt þekkingu á myndlist og listiðnum án þess að til þess séu gerðar sérfræðikröfur.

Í 3. gr. er kveðið á um heimild til að reka undirbúningsdeild meðan hinn samræmdi framhaldsskóli getur ekki að fullu sinnt skyldum sínum á listasviði. Hins vegar er gert ráð fyrir að þessi deild hverfi með tímanum.

Um 4., 5. og 6. gr. er þetta að segja. Hver deild greinist í skorir. Nafnið skor hefur verið notað til samræmis við notkun þess við H.Í. og K.H.Í.

Í myndlistadeild eru að heita sömu skorir og fyrir eru í skólanum nú og samkvæmt lögum hans frá árinu 1965, að því undanskildu að nafngiftin er önnur þá en nú og lagt er til að tveim nýjum verði bætt við, myndvefnaðarskor og nýlistaskor.

Staða myndvefnaðar var nokkuð á reiki innan skóla og utan fyrr meir. Með hinni miklu endurvakningu, sem átt hefur sér stað síðustu áratugina í myndvefnaði í heiminum, hefur myndvefnaður tekið sér sess með svonefndum frjálsum listum, en fjarlægst nytjalistir. Því þótti sjálfsagt að ætla myndvefnaði stað í myndlistadeild.

Síðustu ár og áratugi hafa myndlistamenn sífellt verið að taka í þjónustu sína fjölbreyttari tjáningarform og efni, sem falla utan hinna hefðbundnu greina myndlistar. Af þeim sökum þótti einsýnt að tillit yrði að taka til þessarar þróunar, þegar móta skal framtíðarstefnu myndlistarskóla. Því er lagt til, að svonefnd nýlistaskor verði sett á laggirnar við M. H. Í. til þess að mæta þeim þörfum er hér var lýst.

Innan M. H. Í. eru nú starfandi þrjár skorir í listiðnaði, auglýsingaskor, keramíkskor og textílskor. Eins og segir hér að framan, er það brýn nauðsyn íslenskum iðnaði að hann fái sem fyrst hæft listiðna- og iðnhönnunarfólk til starfa. Því er lagt til að sem fyrst verði sett á fót kennsla í þeim greinum er telja verður að mest þörf sé fyrir. Er þá sérstaklega haft í huga fata- og húsgagnahönnun. Engu að síður verður þörf fyrir kennslu í listmálmsmíð hvers konar, leikmyndateiknun, listrænni ljósmyndagerð og iðnhönnun í náinni framtíð.

Listfræðsla í formi námskeiða fyrir unga og aldna hefur verið fyrir hendi frá stofnun M. H. Í. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum í þeim efnum. Sú fræðsla hefur þegar unnið sér góða hefð. Hins vegar hefur M. H. Í að mestu vanrækt svokallaða endurmenntun eða viðbótarmenntun þeirra er lokið hafa námi við skólann. Því er lagt til í 6. gr., að sá þáttur verði tekinn á dagskrá M. H. Í.

Í 7. gr. er kveðið á um námstíma og er það helsta nýjung hér að námið í myndlista- og listiðnadeildum lengist frá því sem nú er úr tveimur árum í þrjú. Síðan er gert ráð fyrir að nemandi ráði því sjálfur hvort hann tekur fjórða árið eða ekki og myndi nám hans verða með öðrum hætti á fjórða árinu, hann ynni meira sjálfstætt. Hér er haft í huga, að enn sem komið er og í nánustu framtíð, er vert að hvetja nemendur M. H. Í. til framhaldsnáms erlendis. Í 7. gr. er einnig sett inn heimildarákvæði um að myndmenntadeild geti annast kennslu í sérgreinum myndmennta fyrir nemendur K. H. Í. Meðan yfirstjórn menntamála hefur ekki að fullu skorið úr því hvort myndmenntakennsla fyrir kennaraefni grunnskóla eigi að fara fram í M. H. Í. eða K. H. Í. með hliðsjón af því að enn sem komið er hefur K. H. Í. ekkert húsnæði fyrir myndmenntakennsluna, þykir rétt að veita M. H. Í. þessa heimild þangað til línur skýrast í þessu máli.

Í 8. og 10. gr. er gert ráð fyrir að hinar einstöku skorir eigi sér sameiginleg námsferli. Reynslan hefur sýnt að þetta er mögulegt og gagnlegt. Húsnæði og kennslukraftur nýtist betur og nemendur hinna einstöku skora kynnast nánar. Það gerir þeim og ljósar að myndlistir eru af sameiginlegri rót.

Um kennslugreinar í hinum ýmsu skorum er það að segja að val þeirra er byggt á fenginni reynslu, einnig hefur verið tekið tillit til óska sérgreinakennara.

Um magn hinna ýmsu námsgreina er verra að kveða á um í lögum, sem gilda eiga til langs tíma. Því er talið heppilegra að kveðið verði á um það í reglugerð. Alltaf er von á nýjungum í myndlist og listiðn eins og öðrum menningargreinum. Því er sá varnagli sleginn í 17. gr. að fjölga eða fækka megi í kennslugreinum.

Inntaka nemenda.

Hér er gert ráð fyrir að meginhluti nemenda, sem í M. H. Í. sækja, hafi lokið aðfararnámi í myndlist í hinum samræmda framhaldsskóla og sett verði í reglugerð ákvæði um þær lágmarkskröfur er M. H. Í. gerir til nemenda sinna við upphaf náms.

Á meðan framhaldsskólinn getur ekki að fullu sinnt skyldum sínum er gert ráð fyrir eins og áður segir að M. H. Í. reki undirbúningsdeild er komi í stað myndlistabrautar framhaldsskólans. Engu að síður er talið æskilegt að nemendur, sem í undirbúningsdeild koma, hafi lokið almennu námi í framhaldsskólanum.

Reynslan sýnir að sumir eru nokkuð seinir að átta sig á því hvort þeir hyggi á nám í myndlist og listiðnum. Dæmi eru um það á undanförnum árum, að menn hafi komið til náms í M. H. Í. hátt á fertugsaldri. Þriðji liður 19. gr. er miðaður við slík undantekningartilfelli og önnur, sem upp kunna að koma.

Um inntöku í myndmenntadeild er kveðið á um í 4. lið 19. gr. Þar er gert ráð fyrir að leiðir inn í deildina séu tvenns konar. Annars vegar frá K. H. Í. og hins vegar frá M. H. Í. Þeir sem lokið hafa námi í K. H. Í. með valgreininni mynd- og handmennt er hér gefinn kostur á viðbótarnámi í eitt ár og fái þar með réttindi til að kenna myndmenntir á framhaldsskólastigi. Í annan stað er gert ráð fyrir að nemendur, sem lokið hafa þriggja ára námi við M. H. Í. í myndlist eða listiðn, geti einnig öðlast þessi réttindi að því tilskildu að þeir hafi lokið uppeldisskor við K. H. Í. Sú er og megin stefna með þessu ákvæði að þeir sem frá K. H. Í. koma leggi aðal áherslu á myndlist í námi sínu en þeir, er frá M. H. Í. koma, leggi aðaláherslu á uppeldisfræði.

Stjórn skólans.

Eitt af nýmælum þessa frumvarps kemur fram í 21. gr. Gert er ráð fyrir að skólastjóri sé einungis skipaður til fjögurra ára í senn og að fengnum tillögum skólaráðs. Þó skal heimilt að skipa skólastjóra fjögur ár í viðbót ef því er að skipta.

Um stjórn skólans er að öðru leyti höfð hliðsjón af lögum K. H. Í. og skýra lagagreinarnar sig að öðru leyti sjálfar. Sama er að segja um 23., 24., 25. og 26. gr.

Nýjung er það í þessum lögum að gert er ráð fyrir að skipaðir séu fleiri starfsmenn við M. H. Í. en verið hefur, þ. e. a. s. aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, námsráðunautur og félagsráðunautur. Skólinn hefur stækkað það mikið undanfarin ár, að brýna nauðsyn ber til þess að skipa í þau embætti er hér er gert ráð fyrir. Kostnaðarauki ætti þó ekki að verða ýkja mikill þar sem starfsmenn þessir munu verða úr hópi kennara og þeir sinna kennslu eftir sem áður.

Nemendaráð.

Það er í samræmi við kröfur tímans að við M. H. Í. starfi nemendaráð sem taki að hluta til ábyrgð á stjórn skólans og daglegu starfi hans. Þetta er nýjung frá því sem verið hefur.

Kostnaður.

I.

Í núgildandi lögum M. H. Í. nr. 38, 1965, er kveðið á um að Reykjavíkurborg beri að hluta til kostnað við rekstur skólans á móti ríki. Árið 1977 var hlutur ríkisins 31.6 milljónir eða 64.4%, en hlutur borgarinnar 17.4 milljónir eða 31.6%. Samkvæmt núgildandi venju greiðir ríkissjóður hins vegar allan kostnað af rekstri háskóla og flestra framhaldsskóla. Því þykir nefndinni rétt að leggja til að sá háttur verði á hafður um M. H. Í. í framtíðinni.

II.

Eins og 27. gr. frumvarpsins ber með sér er gert ráð fyrir að starfslið M. H. Í. verði aukið í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegum skólum. Hér er einkum um að ræða aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra og ráðunauta. Þess ber þó að gæta að hér er ekki um fullar stöður að ræða heldur er áætlað, eins og í öðrum skólum, að þeir kennarar sem fyrir eru gegni þessum stöðum að hluta til.

III.

Enda þótt að því sé stefnt í frumvarpinu að lengja sérnámskennsluna um eitt til tvö ár, ætti það ekki að hafa mikinn aukakostnað í för með sér, þar sem gert er ráð fyrir að forskólinn, sem nú er og hefur tekið tvö ár, falli smátt og smátt niður. M. H. Í. hefur verið fjögurra ára skóli og verður það áfram.


IV.

Þörf er á að myndmenntadeildin taki strax til starfa. Stofninn að þessari deild er raunar fyrir hendi við M. H. Í., þar sem er teiknikennaradeild hans. Engu að síður er nauðsyn á því að auka kennaralið hennar, tækjakost og húsrými til þess að hún geti í senn sinnt þjónustu við K. H. Í. og veitt menntun þeim kennurum er ætla sér að kenna myndmenntir við framhaldsskólann.

Nemendafjöldi einstakra deilda og skólans alls á tímabilinu 1962—77.

	1962–3	1963–4	1964–5	1965–6	1966–7	1967–8	1968–9	1969–70	1970–71	1971–72	1972–73	1973–74	1974–75	1975–76	1976–77
Forskóli I	22	17	23	17	23	34	35	29	27	29	31	44	45	47	51
Forskóli II		12	13	16	14	15	26	27	23	20	22	29	38	39	39
Myndlistadeild	5	3	2	4	3	2	1	3	1	6	9	13	17	23	28
Teiknikennaradeild	4	3	4	12	8	11	12	23	23	19	18	18	18	22	22
Vefnaðarkennaradeild	8	7	3	6	7	9	5	3	4	4	4	5	1	3	3
Auglýsingadeild	8	7	3		7	12	10	9	11	9	7	4	7	12	6
Keramikdeild								3	5	4	4	5	6	9	7
Textíldeild									4	8	4	3	5	3	6
Dagdeildir alls	47	50	48	55	62	84	89	97	98	99	99	121	137	158	162
Námskeið	192	214	185	195	220	212	306	307	294	372	542	563	526	538	504
Skólinn alls	239	264	233	240	282	296	395	404	392	471	641	684	663	696	666

Fjöldi nemenda sem sótt hafa um inngöngu og þeirra sem hafa verið teknir á árabilinu 1962—77.



Aðfararnám nemenda í M. H. Í. 1963—77.

	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Framhaldsdeild gagnfræðaskóla									1	2	2		4	7	3
Gagnfræðaskóli	8	9	6	13	20	14	15	14	11	13	7	25	16	18	17
Miðskóli	1		1	2	2	1	1	1	1	3	1	1	2	1	
Landspróf	2	4	2	2	2	2	4	1	5		2	2	8	8	10
Menntaskóli		1			1	1				1	4	3	2	6	4
Stúdent	1	1	1	2	1	1	4	4	3	3	5	8	7	8	10
Kennaraskóli			1		1	1	3	3		1	4	1		1	
Iðnskóli	1		1	1		1		1	1		1	2	4	2	3
Háskóli								1	1	1				1	1
Hjúkrunarskóli										1				1	1
Verslunarskóli					1	1				1	2		2	1	1
Kvennaskóli						1			2		2				
Íþróttaskóli									1						
Húsmæðraskóli		1		1									1		
Tónlistarskóli				1											
Dansskóli							1								
Barnaskóli					2										
Útlendingur	1									1			3		
Óvíst	3	7	5	1	4	11	2	1	3	1	4		1		2
Alls	17	23	17	23	34	35	29	27	29	28	33	42	50	54	52

Meðalaldur nemenda í M. H. Í. við inngöngu í forskólann á árunum 1962—77.

Ár	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Aldur	19 ár	19 ár	20 ár	20 ár	19 ár	18 ár	19 ár	19 ár	20 ár	19 ár	20 ár	21 ár	20 ár	20 ár	21 ár	21 ár

Nd. 798. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til byggingarlaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og auk þess átt tvo sameiginlega fundi með félagsmálanefnd Ed.

Frv. til byggingarlaga var lagt fram á síðasta Alþingi og var þá afgreitt frá Nd., en hlaut ekki afgreiðslu í Ed.

Frv. var lagt fram á öndverðu þessu þingi lítið breytt frá því eins og það var samþ. í Nd. í fyrra, og verður nánar gerð grein fyrir því í framsögu. Ed. gerði á því ýmsar breytingar og vísast þar til nefndarálits og breytingartillagna á þskj. 368 og 369. Efnislega er um þrjú atriði að ræða, þ. e. breytingu á 6. gr. að því er varðar byggingarnefndir, þar sem horfið er frá því að lögbjóða svæðisbyggingarnefndir, breytingu á 12. gr. að því er tekur til hverjir hafa rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti og breytingu á ákvæðum um byggingarstjóra.

Félagsmálanefnd Nd. hefur fallist á tvær fyrrnefndar breytingarnar og það atriði að ákvæðin um byggingarstjóra verði heimildarákvæði. Hins vegar hefur nefndin fært þann kafla að öðru leyti í fyrra form.

Ólíkar hugmyndir hafa verið uppi um það, hvað fælist í hugtakinu byggingarstjóri samkvæmt frv. Nefndin vísar til nefndarálits á þingskjali 509 á síðasta Alþingi og framsögu fyrir nál. og ítrekar að staða byggingarstjóra sem framkvæmdastjóra er ekki réttindastaða, sem menn fá í eitt skipti fyrir öll með löggildingu, heldur nær viðurkenning byggingarnefndar á byggingarstjóra afmarkaðrar framkvæmdar aðeins til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig sem byggingarleyfi er veitt fyrir.

Niður eru felldar 4 greinar og aðrar breytingartillögur eru um orðalagsbreytingar eða til samræmingar vegna breyttrar greinaröðunar.

Nefndin varð sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fylgja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson.	Gunnar J. Friðriksson.	Eðvarð Sigurðsson.

Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Nd. 799. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til byggingalaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 9. gr. 2. töluliður 4. mgr. orðist svo:
   Þeir, sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum, hafa undirritað yfirlýsingu, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr.
2. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðing-

ar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynslu að baki. Þeir, sem hlotið hafa til þess rétt, áður en lög þessi gengu í gildi, halda þeim rétti.

3. Við 15. gr. Í stað „40. gr.“ komi: 36. gr.
4. 16., 17., 18. og 19. gr. falli niður og breytist tala síðari greina í samræmi við það.
5. 20. gr., sem verður 16. gr., orðist svo:
   Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.
6. Við 23. gr., sem verður 19. gr. Í upphafi málsgreinar í stað „20—23. gr.“ komi: 16.—18. gr.
7. Við 30. gr., sem verður 26. gr. Í stað „40. gr.“ komi: 36. gr.
8. Við 33. gr., sem verður 29. gr. Í stað „33. gr.“ komi: 28. gr.
9. Við 37. gr., sem verður 33. gr. Í stað „16. og 20. gr.“ í niðurlagi 2. mgr. komi: 16. gr.
10. Við 41. gr., sem verður 37. gr. Í stað „24. gr.“ komi 20. gr.

Nd. 800. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 28. apríl 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. | Stefán Valgeirsson. | Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. | Gunnar J. Friðriksson. | Eðvarð Sigurðsson.
Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Nd. 801. Breytingartillögur [282. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Við 16. gr. 3. málsliður 1. málsgr. orðist svo:
   Stærðarmörk þau, sem gilda fyrir hjón, gilda einnig um sölu eftirlifandi maka á íbúðarhúsnæði, sem var í eigu hjónanna.
2. Við 67. gr. Í stað „18%“, „26%“ og „34%“ í 2. mgr. komi: 16%, 24% og 36%.

Nd. **802. Frumvarp til laga** [282. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 600 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Á því ári sem skattskyldur söluhagnaður eigna skv. 11. gr. færist til tekna er skattaðila heimilt að fyrna eignir, sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr., um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Eigi skattaðili ekki eignir, sem hann getur fyrnt á þennan hátt á því ári þegar sala fer fram, getur hann farið fram á frestun skattlagningar á söluhagnaði um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna sem fyrna má skv. 32. gr. innan þess tíma og fyrni þær um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef eignanna er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

14. gr. hljóðar svo:

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í ársbyrjun 1979 að teknu tilliti til verðbreytinga frá þeim tíma, í stað stofnverðs.

Skattaðila er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr.

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar í stað hinnar seldu innan þess tíma, og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem er undir stærðarmörkum þeim er greinir í 16. gr. og er í eigu manna, sbr. 5. mgr. þeirrar greinar.

16. gr. hljóðar svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt hið selda húsnæði skemur en fimm ár, en hafi hann átt hið selda í fimm ár eða lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna. Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins um sölu íbúðarhúsnæðis sem er í eigu manna og aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis seljanda fer ekki fram úr 600 m³ á söludegi ef um einstakling er að ræða en 1 200 m³ ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut. Stærðarmörk þau sem gilda fyrir hjón gilda einnig um sölu eftirlifandi maka á íbúðarhúsnæði sem var í eigu hjónanna, enda fari salan fram innan þriggja ára frá andláti þess skammlífara. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr. Ákvæði þeirrar greinar gilda einnig um meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði í eigu hvers konar lögaðila.

Maður getur farið fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi hann annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færist söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., hins vegar þegar stofnverðið og söluhagnaðurinn hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

Þegar maður selur íbúðarhúsnæði, sem hann hefur byggt eða endurbætt og salan fer fram innan fimm ára frá því síðast var lagt í byggingarkostnað, skal einungis sá hluti söluhagnaðarins teljast skattskyldur sem svarar til þess hlutfalls af heildarbyggingarkostnaði sem í var lagt innan fimm ára frá söludegi. Áður en þetta hlutfall byggingarkostnaðar er reiknað skal umreikna hann samkvæmt ákvæðum 26. gr.

Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli heildarrúmmáls hins selda húsnæðis og þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m³ á söludegi eða 1 200 m³, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr.

Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki fyrirmælum laganna um skattskyldu þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðarhúsnæðis.

18. gr. hljóðar svo:

Hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu eignarhluta telst mismunur á söluverði hans annars vegar og kaupverði hins vegar. Kaupverð eignarhluta í hendi seljanda ákveðst sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun þess árs sem salan fer fram á eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 55% af skattalegum varasjóði, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.

27. gr. hljóðar svo:

Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma og er honum þá heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum, sem svarar til hlut-

deildar skuldaviðurkenninganna af heildsöluverðmætinu, til tekna hlutfallslega eftir afborgunartíma skuldaviðurkenninganna, þó ekki á lengri tíma en sjö árum. Til skuldaviðurkenninga í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Skattstjóra skal tilkynnt um notkun þessarar heimildar með fyrsta framtali eftir söludag. Þessa heimild má skattaðili þó aðeins nota að því marki sem hann hefur ekki getað notað hinn skattskylda söluhagnað til að fyrna aðrar eignir eða lækka stofnverð sams konar eigna, í samræmi við ákvæði þessara laga.

Þrátt fyrir dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Sé heimild skv. 1. mgr. notuð kemur hún í stað annarra heimilda laga þessara til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari grein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

D-liður 30. gr. hljóðar svo:

1. Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristryggingin keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og séu þar m. a. fyrirmæli um vörslu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en 11% af þeim launum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum. Hafi atvinnurekandi greitt hluta iðgjaldsins skerðist réttur launþega til frádráttar sem því nemur.

   Fjármálaráðherra getur veitt heimild til að víkja frá framangreindu hámarki iðgjaldsfrádráttar þegar sérstaklega stendur á.
2. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% af þeim tekjum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum.
3. Iðgjald af lífsábyrgð sem maður hefur keypt sér. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 40 000 kr.

31. gr. hljóðar svo:

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.

   Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt. Hafi það verið greitt skiptir beldur ekki máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða í hlunnindum eða með vinnuskiptum.

   Frá tekjum má enn fremur draga gjafir þær sem um ræðir í 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.
2. Aðstöðugjöld og landsútsvör sem ákvörðuð eru samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Gjöldi þessi má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn gjaldanna myndaðist.
3. Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Nafnverð útistandandi viðskiptaskulda í árslok er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum, sbr. 2. mgr. 5. tl. 74. gr.
4. Veittan afslátt og verðbætur af vörum eða þjónustu.
5. Fé það er innlend vátryggingarfélög færa í árslok í iðgjaldasjóð vegna þess hluta iðgjalda sem fellur á næsta reikningsár og í bótasjóð til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við vátryggingartaka.

6. Þær eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum sem eigi hefur náðst að jafna með færslu úr varasjóði, sbr. 53. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.
7. Þann hluta vaxtatekna, sbr. 1. tl. 8. gr., sem umfram er vaxtagjöld, verðbætur og afföll, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 51. gr., enda stafi þessar tekjur og gjöld af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Með vaxtatekjum í þessu sambandi skal telja gengishagnað af innstæðum í innlendum bönkum í erlendum verðmæli þegar frá honum hefur verið dregið gengistap af sams konar innstæðum.
8. Helming þess arðs sem félög þau sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. fá úthlutað frá sams konar félögum.
9. Helming þeirrar fjárhæð er félög sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 5% af nafnverði hlutafjár. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.
Á undanförnum árum, þegar tollar hafa verið felldir niður milli landa og fríverslun aukist milli þjóða, hefur ótvírætt gætt vaxandi tilhneigingar, m. a. hjá þjóðum, sem keppa í ríkum mæli við iðnaðarframleiðslu Íslendinga, að ríkisvaldið í viðkomandi löndum leggi beint eða óbeint fram fjármuni og fyrirgreiðslu til þess að auðvelda framleiðendum iðnaðarvara að standast harðnandi samkeppni. Dæmi eru um að viðkomandi ríkisstjórnir veiti óafturkræf framlög, styrki, hagstæð lán og bein fjárframlög til þjálfunar, eflingar útflutningsstarfsemi o. s. frv. Íslendingar hafa ekki haft bolmagn til þess að fara inn á þessa braut, enda a. m. k. ekki æskilegt frá þeirra sjónarmiði, að slíkar beinar niðurgreiðslur á framleiðslukostnaði verði ríkjandi þáttur í samkeppni milli þjóða. Slíkt mundi einungis hafa það í för með sér, að hinar ríkari og fjölmennari þjóðir bæru sigur úr býtum. Á hinn bóginn er einsýnt, að ekki er stætt á því, á sama tíma sem hið opinbera erlendis léttir beint og óbeint undir með erlendum keppinautum framleiðenda íslenskra iðnaðarvara, að áfram haldist sá ójöfnuður, sem uppsöfnunaráhrif söluskatts valda fyrir íslenska framleiðendur.

Að öllu framansögðu athuguðu leggur meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1978.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr., frsm. Ólafur B. Óskarsson.
Sverrir Bergmann. Tómas Árnason.

Sþ. 839. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um leit að nýjum karfamiðum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1978.

Páll Pétursson, form. Sverrir Hermannsson, frsm. Karl G. Sigurbergsson.
Jón G. Sólnes. Steingrímur Hermannsson. Guðmundur H. Garðarsson.
Karvel Pálmason.

Ed. **840. Frumvarp til laga** [308. mál]

um viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Viðskiptabankar, sem reknir eru í hlutafélagsformi, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar, eru Iðnaðarbanki Íslands hf., Verslunarbanki Íslands hf., Samvinnubanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf.

Viðskiptabankar, aðrir en viðskiptabankar í eigu ríkisins, verða ekki reknir nema í hlutafélagsformi og til stofnunar þeirra þarf sérstaka lagaheimild hverju sinni. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka, brjóti þau ekki í bága við lög þessi.

2. gr.

Heimili og varnarþing hlutafélagsbankanna er í Reykjavík, en auk þess geta þeir haft útibú og umboðsskrifstofur og fer um stofnun þeirra eftir b-lið 12. gr.

3. gr.

Hlutverk hlutafélagsbanka er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í III. kafla laganna.

Hlutafélagsbönkum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi nema lög heimili annað.

Seðlabanka Íslands, viðskiptabönkum í eigu ríkisins, og hlutafélagsbönkum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „Banki“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur seðlabanka eða almenns viðskiptabanka sé að ræða. Ráðherra þeim, sem fer með bankamál, er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum málsgreinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

4. gr.

Mál er varða hlutafélagsbanka falla stjórnarfarslega undir ráðherra þann, er fer með bankamál. Þó skal iðnaðarráðherra hafa forræði hlutafjáreignar ríkisins í Iðnaðarbanka Íslands hf. Einnig skipar iðnaðarráðherra menn í bankaráð Iðnaðarbankans, sbr. 7. gr. Á hluthafafundi Iðnaðarbankans skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er varðar hlutafjáreign ríkissjóðs.

5. gr.

Um starfsemi Iðnlánasjóðs, Stofnlánadeildar verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóðs) og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um þessar stofnanir gilda.

Við Iðnaðarbanka Íslands hf. og Alþýðubankann hf. starfa veðdeildir. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skal setja í samþykktir.

II. KAFLI
Stjórn.

6. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka með þeim hætti sem lög ákveða og samþykktir bankans, sbr. 48. gr. þessara laga.

7. gr.

Bankaráð fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda. Bankaráð skal kosið af hluthöfum á aðalfundi, sbr. þó 3. mgr. Nánari reglur um kosninguna skal setja í samþykktir.

Í samþykktum, sbr. 48. gr., skal kveðið á um fjölda bankaráðsmanna, sbr. þó 3. mgr. Bankaráð skal skipað minnst 3 mönnum og jafnmörgum til vara.

Bankaráð Iðnaðarbanka Íslands hf. skipa fimm menn. Iðnaðarráðherra skipar tvo þeirra til eins árs í senn, en þrír skulu kjörnir á aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir og kjörnir á sama hátt.

8. gr.

Bankaráð hefur yfirstjórn á málefnum hlutafélagsbanka í samræmi við lög og samþykktir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

Bankaráði er heimilt að ráða sér starfsmann, er ekki hafi með höndum önnur störf í þágu bankans. Starfsmaður þessi hafi aðstöðu til að fylgjast með starfsemi bankans eftir nánari ákvörðun bankaráðs.

9. gr.

Framkvæmdastjórn hlutafélagsbanka er í höndum eins eða fleiri bankastjóra. Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi.

Bankaráð ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

10. gr.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segir þeim upp starfi.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

11. gr.

Bankaráð ákveður hverjir hafi heimild til að rita firma bankans svo skuldbindandi sé fyrir hann.

12. gr.

Bankaráð skal ávallt taka ákvarðanir um eftirtalda málaflokka, að fengnum tillögum bankastjórnar:

a. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum bankans.
b. Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa, sbr. þó ákvæði 10. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.
c. Yfirtöku á starfsemi (eignum og skuldum) annarra innlánsstofnana.
d. Afskriftir af eignum bankans í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.
e. Ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða bankans.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál, sem bankastjórn leggur fyrir það eða það skal annast lögum samkvæmt.

13. gr.

Bankastjórn hlutafélagsbanka annast daglega stjórn bankans. Hún ráðstafar fé bankans í samræmi við fyrirmæli bankaráðs og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum, samþykktum bankans og ákvörðunum bankaráðs.

14. gr.

Bankastjórn undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hag bankans.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en nánari ákvæði um fundafjölda skal setja í samþykktir.

15. gr.

Bankastjórar og aðstoðarbankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði, en þeir skulu sitja bankaráðsfundi nema fjallað sé um mál, er varða þá sjálfa.

16. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir mega ekki heldur án leyfis bankaráðs taka þátt í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana en bankans, sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt.

17. gr.

Hluthafafundur (aðalfundur) ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra skulu ákveðin af bankaráði.

Bankaráð kemur fram fyrir hönd bankans við samningagerð um laun og kjör annarra starfsmanna.

III. KAFLI

Starfsemi.

18. gr.

Starfsemi hlutafélagsbanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Hlutafélagsbanka er ekki heimil önnur starfsemi en um getur í 1. mgr. Um frekari afmörkun á starfsvettvangi hlutafélagsbanka fer eftir öðrum ákvæðum í lögum þessum og samþykktum settum skv. þeim, sbr. 48. gr.

19. gr.

Hlutafélagsbanka er ekki heimilt að versla með erlendan gjaldeyri nema til komi heimild frá bankastjórn Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ráðherra, sbr. 19. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961.

Nú er hlutafélagsbanka veitt leyfi til að versla með erlendan gjaldeyri og getur Seðlabankinn þá bundið slíkt leyfi þeim skilyrðum, sem nauðsynleg teljast.

20. gr.

Hlutafélagsbanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Hlutafélagsbanka er óheimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum og má ekki á neinn hátt taka þátt í eða bera ábyrgð á rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 21. gr. Þrátt fyrir þetta er hlutafélagsbanka heimilt að eiga aðild að fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bókhalds- og tölvuþjónustu í þágu innlánsstofnana.

21. gr.

Hlutafélagsbanka er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar, sbr. a-lið 12. gr.

22. gr.

Úr innlánsskilríki, þ. e. sparisjóðsbók eða öðru slíku skilríki fyrir innláni, getur bankinn greitt hverjum þeim, sem hefur skilríkið undir höndum og gefur þær upplýsingar, sem bankinn almennt krefst eða um kann að hafa verið samið, sbr. þó 2. mgr. Ef sérstök ástæða er til, getur bankinn þó jafnframt krafist þess, að handhafi sanni rétt sinn til að taka fé út úr reikningnum.

Eigandi innlánsskilríkis getur mælt svo fyrir, að annar en hann sjálfur megi ekki leggja inn eða taka út fé úr því.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár skal setja í samþykktir, sbr. 48. gr.

23. gr.

Hlutafélagsbönkum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabankinn samþykkir.

24. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í hlutafélagsbanka.

25. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskirteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleitt í Lögbirtingablaði, og ef enginn gefur sig fram, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim aðila fjárhæðina, sem fengið hefur innlánsskilríkið eða viðtökuskirteinið, án þess að nokkur annar, er skjölin kunna að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

26. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart hlutafélagsbanka, skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankaráðs eða bankastjórnar í umboði þess, sbr. 13. gr.

Heimilt er að stofna til skuldbindinga við hlutafélagsbanka án veðs eða ábyrgðar annarra, hafi bankinn aflað sér upplýsinga um viðkomandi viðskiptaaðila, sem sýna að mati bankaráðs eða bankastjórnar, sbr. 13. gr., að slíkra trygginga sé ekki þörf. Á meðan slík skuldbinding stendur, skal bankinn fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, hann ig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans, ef þörf krefur.

Þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans, er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

27. gr.

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við hlutafélagsbanka mega ekki nema meiru en 25% af bókfærðu eigin fé bankans. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra við bankann í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við bankann b. m. t. ábyrgðir, sem bankinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Til heildarskuldbindinga skal einnig telja eignaraðild, sem hlutafélagsbanki kann að eiga í viðkomandi fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 2. mgr. 20. gr.

Eftir umsókn hlutafélagsbanka getur bankaeftirlitið heimilað, að allt að 50% af tilteknum ábyrgðarskuldbindingum ákveðins viðskiptaaðila séu ekki talin með heildarskuldbindingum skv. 1. mgr.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Skuldbindingar ríkissjóðs ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.
4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati eða öðru öruggu mati, sem bankaráð samþykkir.
5. Afurðalán eða framleiðslulán iðnaðar allt að 50% af nettóverði veðsettra afurða eða iðnaðarvara.

Með einróma samþykki bankaráðs má um stundarsakir hækka hámark samkvæmt 1. mgr. gagnvart tilteknum viðskiptaaðila eða viðskiptaaðilum í allt að 50%. Slík samþykkt skal þegar tilkynnt ráðherra, bankaeftirlitinu og endurskoðendum bankans. Framlenging slíkrar undanþágu umfram eitt ár er háð samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

28. gr.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, endurskoðendur, bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki vera skuldskeyttir viðkomandi banka, hvorki sem skuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra, sem hér eru taldir.

Aðrir starfsmenn, en um getur í 1. mgr., mega vera skuldskeyttir viðkomandi banka eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar.

Ekki mega bankaráðsmenn, varamenn þeirra, endurskoðendur né starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir né reka á nokkurn hátt erindi annarra við bankann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem bankaráðsmenn, varamenn þeirra eða endurskoðendur kunna að hafa stofnað til, áður en þeir eru kjörnir til starfans, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma að mati hlutaðeigandi bankastjórnar. Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar skulu greiða slíkar skuldbindingar upp, þegar er þeir taka við starfi.

IV. KAFLI.
Lausafjárstaða og eiginfjárstaða.

29. gr.

Hlutafélagsbanki skal gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

30. gr.

Bókfært eigið fé hlutafélagsbanka má ekki vera lægra en sem svarar 10% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í Seðlabankanum, innstæðum í viðskiptabönkum og þeim kröfum, sem taldar eru í 5. mgr. 27. gr. þessara laga, en að viðbættum 50% af þeim ábyrgðum, sem bankinn hefur tekið að sér fyrir viðskiptaaðila sína.

V. KAFLI
Reikningsskil.

31. gr.

Reikningsár hlutafélagsbanka er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gerður ársreikningur.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar uppsetningu reikningsins, mat á hinum ýmsu liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

32. gr.

Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en í febrúarlok.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri fram að færa athugasemdir við ársreikning, skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

33. gr.

Ársreikningur hlutafélagsbanka skal liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum bankans og skal afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum. Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaðinu í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður.

VI. KAFLI
Endurskoðun.

34. gr.

Endurskoðun hjá hlutafélagsbanka skal framkvæmd af tveimur endurskoðendum, sem aðalfundur kýs hlutbundinni kosningu til eins árs í senn. Annar endurskoðenda skal vera löggiltur endurskoðandi. Endurskoðendur má jafnt kjósa úr hópi hluthafa sem utan hans.

Nú hefur löggiltur endurskoðandi, sem aðalfundur kýs, í þjónustu sinni menn, sem vinna endurskoðunarstörf undir stjórn og á ábyrgð hans og er honum þá heimilt að láta þessa starfsmenn sína taka þátt í framkvæmd endurskoðunar hjá viðkomandi banka.

Endurskoðandi hlutafélagsbanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun. Ekki má hann heldur vera í þjónustu bankaráðsmanns, bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Þóknun endurskoðenda er háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

Skylt er að veita endurskoðendum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skal bankaráð og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

35. gr.

Við hlutafélagsbanka skal starfa endurskoðunardeild, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 10. gr.

36. gr.

Kjörnum endurskoðendum er heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar og öðru innra eftirliti bankans. Þeir skulu gefa gaum að því, að starfsemi endurskoðunardeildar og annað innra eftirlit bankans sé í fullnægjandi horfi. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma endurskoðun í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

37. gr.

Endurskoðendur skulu árita ársreikning. Einnig skulu þeir semja endurskoðunarskýrslu, sem fylgi ársreikningi, þar sem gerð sé grein fyrir endurskoðun á árinu og athugasemdum við ársreikning, ef einhverjar eru.

Bankaráð skal fá skýrslu endurskoðenda í hendur hæfilegum tíma, áður en ársreikningur er lagður fyrir aðalfund. Skal bankaráð semja svar við athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru.

Endurskoðendur skulu færa endurskoðunarbók yfir störf sín. Þeir skulu með reglubundnum hætti, og ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, gera bankaráði grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar.

Endurskoðendum er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni bankans og framkvæmd endurskoðunar, sem það kann að óska eftir og þeir geta í té látið Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri bankans, varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu bankans eða viðskiptatraust hans, skulu endurskoðendur gera bankaeftirlitinu viðvart.

38. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gera bankaráði og kjörnum endurskoðendum reglulega grein fyrir störfum deildarinnar. Hann skal jafnframt árita ársreikning bankans.

VII. KAFLI
Slit hlutafélagsbanka.

39. gr.

Hafi bankaráð, bankastjórn eða endurskoðendur ástæðu til að ætla, að hlutafélagsbanki fullnægi ekki eiginfjárákvæðum í 30. gr. laga þessara, skal viðkomandi aðili begar í stað gera bankaeftirlitinu viðvart.

Fáist við uppgjör bankans eða bankaeftirlitsins staðfesting á því, að eiginfjárstaðan sé ekki í tilskildu horfi, skal bankaráð þegar gera bankaeftirlitinu grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem það hyggst gera til úrbóta.

Bankaeftirlitið leggur greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni fyrir ráðherra og getur hann þá veitt bankanum frest til að koma eiginfjárstöðunni í tilskilið horf. Þennan frest má framlengja, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi og það getur orðið án óhæfu fyrir þá, sem kröfur eiga á bankann. Sé eiginfjárstöðunni ekki komið í tilskilið horf innan þess lokafrests, sem veittur verður, skal bankinn stöðva greiðslur sínar og skiptameðferð hefjast í samræmi við ákvæði 41. og 42. gr.

Stöðvi hlutafélagsbanki greiðslur sínar af öðrum ástæðum en að framan greinir, skal skiptameðferð hefjast í samræmi við ákvæði 41. og 42. gr. Að fengnum tillögum bankaeftirlitsins getur ráðherra þó tekið ákvörðun um frestun skiptameðferðar og heimilað bankanum að hefja viðskipti á ný að uppfylltum skilyrðum um fjárhagslega endurskipulagningu.

40. gr.

Ákvörðun um slit á starfsemi hlutafélagsbanka í öðrum tilvikum en greinir í 39. gr. fer eftir ákvæðum laga um hlutafélög.

Eigi að ljúka starfseminni með skuldaskilum, fer um skiptameðferð eftir ákvæðum 41. og 42. gr. laga þessara.

Sé um að ræða slit á starfseminni án skuldaskila með þeim hætti að bankinn sé yfirtekinn af annarri innlánsstofnun, eða sameiningu tveggja eða fleiri innlánsstofnana hannig að stofnað sé nýtt félag um reksturinn, gilda ákvæði laga um hlutafélög að því er varðar slit á starfsemi hlutafélagsbankans.

41. gr.

Skiptameðferð á búi hlutafélagsbanka skal framkvæmd af þriggja manna skilastjórn, sem ráðherra skipar. Skilastjórn tekur við öllum heimildum bankaráðs og bankastjórnar og jafnframt falla niður heimildir bankaráðsmanna og bankastjóra. Skilastjórn skal þegar kalla saman hluthafafund og kynna hluthöfum, hvernig komið er.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum bankans sem krafa utan skuldaraðar.

Ráðherra setur nánari reglur um störf skilastjórnar, þ. á m. um innköllun til þeirra, sem kröfur eiga á bankann.

42. gr.

Bú hlutafélagsbanka verður eigi tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum, sem um þau skipti fjalla. Þó skulu eftirfarandi ákvæði gjaldþrotalaga gilda um greiðslustöðvun skv. 3. mgr. 39. gr. eftir því sem við á: 24. gr., 2. mgr. 30. gr., 31.—67. gr., 69.—76. gr., svo og 77. gr., sbr. 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878. Alla fresti skal miða við upphaf greiðslustöðvunar. Riftunarmál skv. 51.—67. gr. gjaldþrotalaga skal höfða innan árs frá því greiðslustöðvun hefst.

VIII. KAFLI.
Refsiákvæði.

43. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

44. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

45. gr.

Hlutafélagsbanki er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum.

Bækur hlutafélagsbanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

46. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn hlutafélagsbanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett hlutafélagsbanka og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

48. gr.

Samþykktir hlutafélagsbanka skulu staðfestar af ráðherra þeim, er fer með bankamál, að fenginni umsögn bankaeftirlitsins. Í samþykktum skulu vera nánari ákvæði um félagið og starfsemi bankans.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1979.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög:

nr. 113 frá 29. desember 1951 um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf,

nr. 46 frá 10. júní 1960 um Verslunarbanka Íslands hf,

nr. 46 frá 21. apríl 1962 um Samvinnubanka Íslands hf,

nr. 71 frá 12. maí 1970 um Alþýðubankann hf. og síðari breytingar á ofangreindum lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Hlutafélagsbankar skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara hafa samræmt samþykktir sínar og starfsemi ákvæðum laganna. Þar til svo hefur verið gert skulu gildandi reglugerðir og samþykktir halda gildi sínu.
2. Hlutafélagsbankar skulu innan eins árs frá gildistöku laga þessara hafa komið eiginfjárstöðu sinni, sbr. 30. gr., og lánum til einstakra aðila, sbr. 27. gr., í tilskilið horf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Viðskiptaráðuneytið hefur látið semja frumvarp þetta. Unnið hefur verið að endurskoðun löggjafar um innlánsstofnanir undanfarið og er þetta frumvarp hluti af því verki. Fyrir Alþingi hafa verið lögð frumvörp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins og sparisjóði.

Nauðsynlegt er að setja nýja löggjöf um bankastofnanir. Eina heilsteypta löggjöfin á þessu sviði eru lögin um Seðlabanka Íslands frá árinu 1961. Sú löggjöf uppfyllir í flestu þær kröfur, sem gerðar eru nú á dögum til seðlabankalöggjafar. Um viðskiptabankana er hins vegar ekki til nein samstæð löggjöf. Starfar hver þeirra samkvæmt sérstökum lögum, sem að sumu leyti eru ósamstæð og að mörgu leyti ófullkomin.

Sparisjóðir búa við lög frá árinu 1941, sem á sínum tíma voru fullnægjandi, en eru nú mjög úrelt orðin.

Bankamál hafa oft komið til kasta Alþingis, sem hefur stundum varið miklum tíma í þessi mál. Hefur sérstökum milliþinganefndum nokkrum sinnum verið falið að athuga þessi mál og gera tillögur um þau. Slíkar bankamálanefndir störfuðu árin 1925—26, 1937—40 og 1951. Þrátt fyrir þetta og miklar opinberar umræður og ýmiss konar athuganir, hafa þessi mál ekki í heild verið tekin til almennrar meðferðar, ef frá eru skilin störf milliþinganefndar þeirrar, er starfaði árin 1937—40, og gerði heildstæðar tillögur um þetta svið allt. svo og störf bankamálanefndar, sem skipuð var af viðskiptaráðherra í maí 1972 í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar til að endurskoða allt bankakerfið. Nefnd þessi skilaði lokaskýrslu í formi greinargerða og tillagna í janúar 1973.

Auk viðskiptabanka og sparisjóða eru innlánsstofnanir hér á landi innlánsdeildir samvinnufélaga, Söfnunarsjóður Íslands og Póstgíróstofan. Af þessum síðastnefndu innlánsstofnunum skipta innlánsdeildir samvinnufélaga mestu máli. Starfsemi þeirra byggist á ófullkomnum ákvæðum í samvinnufélagalögunum. Ekki er gert ráð fyrir að tillögur til breytinga á skipulagi innlánsdeilda verði lagðar fram nú samhliða frumvörpum um viðskiptabanka og sparisjóði, en hins ber að gæta, að ný löggjöf um sparisjóði gæti haft verulega þýðingu fyrir innlánsdeildirnar á þann hátt, að hugsanlega yrðu stofnaðir sparisjóðir upp úr einhverjum þeirra.

Þótt frumvörp þau, sem lögð eru fyrir Alþingi nú, þ. e. um ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóði, nái þannig ekki til allra starfandi innlánsstofnana, taka þau til þeirra innlánsstofnana, sem mestu máli skipta og sem höfðu 96.5%

af heildarinnlánum í árslok 1976. Má því til sanns vegar færa, að hér sé um að ræða nýja heildarlöggjöf um innlánsstofnanir, þ. e. a. s. almenna löggjöf um hverja tegund þessara innlánsstofnana. Draga frumvörp þessi dám hvert af öðru, enda er reynt að hafa samræmd ákvæði um almenn atriði varðandi þessar stofnanir. Frávik eru þó óhjákvæmileg, m. a. vegna mismunandi rekstrarforms, þ. e. ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóði, og ólíkra sögulegra og félagslegra forsendna.

Eins og áður er sagt hafa viðskiptabankar, bæði viðskiptabankar í eigu ríkisins og viðskiptabankar í hlutafélagsformi, starfað samkvæmt sérlögum um hvern fyrir sig og reglugerðum settum samkvæmt þeim og eru ákvæði sumra sérlaganna að sumu leyti hin sömu, en ýmissa frávika gætir og margt er mjög ófullkomið. Má í því sambandi nefna, að þörf er á nútímalegum ákvæðum um eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu, töku greiðslutrygginga, hámarkslán til einstakra viðskiptaaðila, endurskoðun og önnur slík atriði. Ný og samræmd löggjöf ætti því að geta orðið til verulegra bóta í þessum efnum. Með setningu nýrrar og samræmdrar löggjafar er stefnt að því að setja fyllri og skýrari ákvæði um ýmis tæknileg atriði í rekstri bankanna auk endurskoðunar á öðrum ákvæðum.

Meginhlutverk viðskiptabanka, bæði hér á landi og í öðrum löndum, er móttaka á innlánsfé frá almennum viðskiptaaðilum og ávöxtun þess fjár í útlánum, einkum í þágu atvinnuveganna. Er nú tekið fram í lögum um bankana, bæði banka þá, sem reknir eru í hlutafélagsformi og viðskiptabanka í eigu ríkisins, að undanteknum Landsbanka Íslands, að þeir skuli sérstaklega „styðja“ tilteknar atvinnugreinar og það sama kemur fram í nöfnum stofnananna. Í lögum um Iðnaðarbanka Íslands hf. segir þannig, að bankinn „sérstaklega hafi að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu“. Um hlutverk Verslunarbanka Íslands hf. segir svo í lögum þeim, sem um hann gilda, að hann „ hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verslun landsmanna“. Með sama hætti er markmið með starfrækslu Samvinnubanka Íslands hf. „ að styðja samvinnurekstur landsmanna“. Yngsti hlutafélagsbankinn, Alþýðubankinn hf., hefur samkvæmt lögum um hann það markmið „að efla atvinnuþróun og treysta atvinnuöryggi launafólks, svo og að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi“. Með svipuðum hætti er kveðið á um sérhæfingu Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í þeim lögum, sem um þá banka gilda. Í Landsbankalögunum, er eins og áður segir, annar háttur á hafður. Er þar tekið fram, að bankinn „skuli stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna“.

Fallið er frá þessari lögfestingu sérhæfingar í frumvarpinu og svo hefur einnig verið gert í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem lagt var fram fyrr á þessu þingi. Sú stefna er eðlilegri, að viðskiptabankar geti veitt almenna og alhliða þjónustu í öllum atvinnugreinum. Að auki má benda á, að tenging útlánaviðskipta við ákveðið svið atvinnulífsins er ekki í samræmi við þá meginreglu öruggs bankarekstrar að dreifa útlánaáhættunni eins og kostur er.

Hér að framan hefur verið farið nokkrum orðum um helstu innlánsstofnanirnar, enda er eðlilegt að gefa stutt yfirlit yfir þau mál í heild hér, þar sem þetta frumvarp er einungis hluti endurskoðunar löggjafar um þessar stofnanir og tengist því með ýmsum hætti frumvörpum til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins og sparisjóði.

Með frumvarpi þessu, sem hér liggur fyrir, um viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi, er stefnt að því, að setja hlutafélagsbönkunum sameiginlega og nútímalega löggjöf, er leysi af hólmi gildandi lög um einstaka banka.

Bankamálanefnd sú, sem starfaði á árunum 1972—1973 gerði m. a. drög að tillögum að nýrri löggjöf um viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi. Við samningu þessa frumvarps hafa þessi drög verið höfð til hliðsjónar. Margt í frumvarpinu er þó frábrugðið því, sem greinir í þessum drögum.

Hlutafélagsbankarnir eru fjórir svo sem kunnugt er. Hinn elsti þeirra, Iðnaðarbanki Íslands hf., var stofnaður með lögum nr. 113/1951, sem enn gilda um bankann. Hann tók til starfa árið 1953. Ríkissjóður á allverulegan hlut í Iðnaðarbankanum og

er það eini hlutafélagsbankinn, sem að nokkru er í eigu ríkisins. Verslunarbanki Íslands hf. var stofnaður með lögum nr. 46/1960. Hann tók til starfa árið 1961. Ári síðar voru sett lög um Samvinnubanka Íslands hf., lög nr. 46/1962. Tók bankinn til starfa árið 1963. Yngsti hlutafélagsbankinn og jafnframt yngsti viðskiptabankinn er Alþýðubankinn hf., sem stofnaður var með lögum nr. 71/1970 og hóf starfsemi sína árið 1971. Þess skal getið, að fyrsti viðskiptabankinn hér á landi er Landsbanki Íslands. Hann hóf starfsemi sína árið 1886.

Um alla hlutafélagsbankana hafa verið settar reglugerðir og einnig starfa þeir sem hlutafélög eftir samþykktum sínum, sem háðar eru staðfestingu ráðherra.

Í einhvers konar tengslum við alla hlutafélagsbankana eru fjárfestingarlánasjóðir, einn eða fleiri. Er hér um að ræða Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 68/1967 með síðari breytingum, veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf., stofnuð árið 1970, sbr. nú reglugerð nr. 435/1975, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (Verslunarlánasjóður), sbr. lög nr. 48/1966 og reglugerð nr. 85/1967, Stofnlánadeild samvinnufélaga, sbr. lög nr. 45/1972 og reglugerð nr. 278/1972 og veðdeild Alþýðubankans hf., sbr. reglugerð nr. 119/1973 um breytingu á reglugerð nr. 330/1972 fyrir Alþýðubankann hf.

Þrír hlutafélagsbankar hafa verið stofnaðir úr starfandi sparisjóðum, þ. e. Verslunarbanki úr Verslunarsparisjóði, Samvinnubanki úr Samvinnusparisjóðnum og Alþýðubankinn úr Sparisjóði alþýðu.

Hlutafélagsbankarnir hafa allir aðalaðsetur í Reykjavík, en reka allir nema Alþýðubankinn hf., útibú og umboðsskrifstofur bæði í Reykjavík og utan hennar.

Enginn hlutafélagsbankanna hefur heimild til verslunar með erlendan gjaldeyri.

Til viðmiðunar um hlut hlutafélagsbankanna í heildarstarfsemi bankakerfisins má nefna, að hlutdeild þeirra í heildarinnlánum innlánsstofnana var í árslok 1977 17,8%.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Hér er tekið fram, hvaða viðskiptabankar séu reknir í hlutafélagsformi. Er hér um að ræða Iðnaðarbanka Íslands hf., Verslunarbanka Íslands hf., Samvinnubanka Íslands hf. og Alþýðubankann hf. Í almennum athugasemdum hér að framan er fjallað nokkuð um hlutafélagsbankana og er vísað til þess.

Í 2. mgr. er svo kveðið á, að viðskiptabankar, aðrir en ríkisviðskiptabankar, verði ekki reknir nema í hlutafélagsformi og til stofnunar nýrra banka þurfi sérstaka lagaheimild hverju sinni. Í þessu sambandi skal þess getið, að við stofnun þeirra hlutafélagsbanka, sem nú starfa, hefur í lögum um þá verið áskilin sérstök lágmarksfjárhæð hlutafjár. Ef Alþingi heimilaði stofnun nýrra banka, þyrfti því í viðkomandi lagaheimild fyrir stofnuninni m. a. að taka fram um lágmark hlutafjár.

Í 2. mgr. i. f. er vísað til almennra laga um hlutafélög. Skulu þau gilda um hlutafélagsbanka, nema annað leiði af ákvæðum þessa frumvarps. Gildir í þessum efnum því hið sama og t. d. um vátryggingarhlutafélög, sbr. 9. laga nr. 26/1973, um vátryggingarstarfsemi.

Um 2. gr.

Þessi grein þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Lagt er til, að hlutverk hlutafélagsbanka sé að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, sbr. 1. mgr., sem er nánar skilgreind í III. kafla frumvarpsins, og vísast til athugasemda við greinar þess kafla. Rétt þykir að benda á, að hér er lagt til, að fallið verði frá þeirri stefnu, að bankarnir sérhæfi sig í þjónustu við tilteknar atvinnugreinar eins og verið hefur hingað til, með það

fyrir augum, að þeir geti veitt almenna og alhliða bankaþjónustu öllum greinum atvinnuvega landsmanna. Nánar er fjallað um þetta í hinum almennu athugasemdum hér að framan og vísast til þess.

Í 2. mgr. er lagt til, að hlutafélagsbönkum einum sé heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög ákveði annað. Með ákvæði þessu er ætlunin að girða fyrir það, að nýir viðskiptabankar geti hafið starfsemi hér á landi, án þess að fyrir liggi samþykki löggjafarvaldsins. Ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á starfsemi ríkisviðskiptabanka, sem nú eru reknir skv. sérstökum lögum né heldur á starfsemi sparisjóða, en skilgreining á sparisjóðsstarfsemi og viðskiptabankastarfsemi er eins samkvæmt frumvörpunum.

Í 3. mgr. er lagt til, að Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í formi hlutafélaga verði veittur einkaréttur á orðinu „Banki“ til notkunar í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni og öðrum ótilgreindum orðum, sem benda til þess, að um seðlabanka- eða viðskiptabankastarfsemi sé að ræða. Ennfremur er lagt til, að ráðherra sá, sem fer með bankamál, geti veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. Nái ákvæði þetta fram að ganga, er ljóst, að nokkrir aðilar verða sviptir rétti til að nota orðið „Banki“ í firma sínu. Má sem dæmi nefna, að til eru fyrirtæki hér, utan hins almenna bankakerfis, sem skírð hafa verið „Eignabankinn hf.“, „Hugmyndabankinn“ og „Verðbréfabankinn“. Eðlilegt þykir, að þeir aðilar, sem heimild hafa lögum samkvæmt, til að reka almenna bankastarfsemi hér á landi, fái einkarétt á orðinu „Banki“, þó að það svipti nokkra aðila rétti til orðsins, sem ekki sunda almennan bankarekstur. Eins og fram kemur hér að framan er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu. Ástæðan fyrir því er sú, að sérstakar ástæður geta mælt með því, að fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru bankar í almennum skilningi þess orðs, geta átt erfitt eða ómögulegt með að finna annað jafngott orð yfir starfsemi sína, og var t. d. „Blóðbankinn“ hafður í huga í því sambandi. Ennfremur kæmi „Hjálpartækjabankinn“ til álita í þessu sambandi.

Um 4. gr.

Samkvæmt reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, fer viðskiptaráðuneytið með mál, er varða banka og sparisjóði, sem eigi ber undir annað ráðuneyti. Í gildandi lögum um Verslunarbanka Íslands hf., Samvinnubanka Íslands hf. og Alþýðubankann hf. kemur og fram, að þeir heyra stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra. Í áðurgreindri reglugerð er Iðnaðabanki Íslands hf. hinsvegar lagður til Iðnaðarráðuneytisins. Í lögum um bankann er einnig tekið fram, að reglugerð hans og samþykktir skuli liggja undir samþykki iðnaðarráðherra.

Í þessari grein er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi skipan, að málefni Iðnaðarbankans almennt falli undir viðskiptaráðherra, enda er eðlilegast, að sami ráðherra, þ. e. a. s. ráðherra sá, sem fer með bankamál, hafi yfirstjórn allra hlutafélagsbankanna. Er hér um hliðstæða breytingu að ræða og ráðgerð er í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins varðandi yfirstjórn Búnaðarbankans. Samkvæmt því frumvarpi færist yfirstjórn Búnaðarbankans frá landbúnaðarráðherra til viðskiptaráðherra.

Varðandi Iðnaðarbankann er þó í greininni gert ráð fyrir afskiptum iðnaðarráðherra í tveimur tilfellum. Annars vegar fer hann með hlutafjáreign ríkisins í bankanum og hinsvegar hefur hann áfram með höndum skipun tveggja manna í bankaráð bankans, sbr. og 3. mgr. 7. gr. þessa frumvarps.

Í síðasta málslið greinarinnar er haldið því ákvæði, sem nú er í lögum um Iðnaðarbankann, varðandi atkvæðisrétt vegna hlutafjár ríkisins í bankanum.

Um 5. gr.

Í hinum almennu athugasemdum hér að framan er vikið að fjárfestingarlánasjóðum þeim og veðdeildum, sem eru í tengslum við bankana. Hér er tekið fram, að

engu verði breytt í þeim efnum með frumvarpi þessu að því fráteknu, að nánari ákvæði um veðdeildirnar skuli setja í samþykktir, en þær starfa á grundvelli ófullkominna ákvæða í reglugerðum nú.

II. KAFLI

Um 6. gr.

Hér er einungis áréttuð sú almenna regla, að hluthafafundir fari með æðsta vald í málefnum hlutafélags. Greinin er því í samræmi við ákvæði almennrar hlutafélagalöggjafar um vald hluthafafunda.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um bankaráð hlutafélagsbanka og kosningu þess. Bankaráð er stjórn hlutafélagsbanka og fer með málefni hans milli hluthafafunda. Samkvæmt greininni skal það kosið hlutfallskosningu af hluthöfum á aðalfundi. Bankaráð skal skipað minnst þrem mönnum og jafnmörgum til vara.

Rétt er að víkja að gildandi fyrirkomulagi í þessum efnum:

a) Iðnaðarbanki Íslands h/f.

Skv. gildandi lögum um Iðnaðarbankann skulu stjórn félagsins skipa fimm menn. Iðnaðarráðherra skipar tvo stjórnarmenn til eins árs í senn. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á árlegum aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Varastjórn skal skipuð og kjörin á sama hátt. Samskonar ákvæði eru í 22. gr. samþykkta fyrir bankann nr. 434/1975. Í 3. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir, að þetta fyrirkomulag haldist, enda er það sérstakt fyrir Iðnaðarbankann og stafar af hlutafjáreign ríkissjóðs í honum.

b) Verslunarbanki Íslands h/f.

Skv. gildandi lögum nr. 46/1960 um Verslunarbankann skal stjórn félagsins kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð a. m. k. þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt. Með lögum nr. 93/1973 var lögum um Verslunarbankann breytt og svofelldu ákvæði bætt við 5. gr.: „Nú er ákveðið í samþykktum félagsins, að stjórnin skuli skipuð fleiri en þremur aðalmönnum og er þá einnig heimilt að ákveða, að stjórnarmenn skuli kosnir til lengri tíma en eins árs í senn og á víxl, þannig að tveir aðalmenn hið fæsta ásamt jafnmörgum varamönnum verði í kjöri á aðalfundi hverjum.

Heimilt er og að ákveða, að formaður stjórnarinnar skuli kosinn sérstakri kosningu á aðalfundi til eins árs eða fleiri í senn.“ Ákvörðun hefur verið tekin um þetta og samþykktum fyrir bankann breytt, sbr. 23. gr. gildandi samþykkta nr. 154/1974. Ennfremur hefur reglugerð fyrir bankann nr. 20/1961 verið breytt í samræmi við þetta með reglugerð nr. 123/1974.

c)Samvinnubanki Íslands h/f.

Skv. gildandi lögum um Samvinnubankann skal stjórn félagsins kosin með hlutfallskosningu á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð a. m. k. þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt. Samsvarandi ákvæði er í 23. gr. samþykkta fyrir bankann nr. 12/1963, en þar er ákveðið, að þrír menn sitji í bankaráði. Í 2. gr. reglugerðar fyrir bankann nr. 11/1963 er þetta endurtekið.

d) Alþýðubankinn h/f.

Skv. gildandi lögum um Alþýðubankann skal stjórn félagsins (bankaráð) kosin á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt. Hér er ekki tekið fram um, að hlutfallskosningu eða annað sérstakt fyrirkomulag skuli hafa við kjör bankaráðs. Hins vegar er í 23. gr. samþykkta fyrir bankann nr. 329/1972 talað um „bundna kosningu“. Að öðru leyti

er ákvæði laganna tekið þar upp og ennfremur í 2. gr. reglugerðar fyrir bankann nr. 330/1972.

Rétt þykir að samræma eftir föngum reglur um þessi efni og er það gert í greininni. Taka verður þó tillit til sértilvika, sem lýst hefur verið hér að framan.

Um 8. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er ekki sérstaklega kveðið á um meginhlutverk bankaráðanna. Í samþykktum og reglugerðum fyrir þá eru hinsvegar ákvæði, er að þessu lúta. Þar er talað um, að bankaráð hafi „æðstu forstöðu“ og „yfirstjórn“ bankans. Rétt er að kveða á um meginhlutverk bankaráðanna í lögum og er það gert í 1. mgr. þessarar greinar.

Í 2. mgr. er mikilvægt nýmæli, sem ætlað er að styrkja bankaráðin og bæta starfsskilyrði þeirra. Þar er um að ræða heimild fyrir bankaráðin til að ráða sér sérstakan starfsmann, er ekki hafi með höndum önnur störf í þágu bankans. Ætti að vera til bóta, að bankaráðin hafi sérstakan starfsmann á sínum snærum, er eingöngu vinni á þess vegum og í þágu þess. Hér er um heimild að ræða og sé hún notuð fer eftir frekari ákvörðun bankaráðs um aðstöðu þessa starfsmanns til að fylgjast með starfsemi bankans eins og tekið er fram í greininni.

Um 9. gr.

Í 6. gr. allra gildandi laga um hlutafélagsbankana er ákvæði um, að stjórn félagsins (bankaráð) ráði bankastjóra, ákveði ráðningarkjör þeirra og setji þeim erindisbréf. Í reglugerðum og samþykktum fyrir bankana eru nánari ákvæði um hlutverk bankastjóra.

Hér þykir rétt að setja almennt ákvæði um hlutverk bankastjóra og er hér um svipað ákvæði að ræða og í 6. gr. frumvarpsins til laga um ríkisviðskiptabanka.

Um 10. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er einungis mælt fyrir um, að bankaráð ráði bankastjóra. Hins vegar er í samþykktum og reglugerðum kveðið á um, að bankaráð ráði forstjóra útibúa og umboðsskrifstofa svo og aðalbókara og aðalgjaldkera. Í Iðnaðarbankanum ennfremur aðstoðarbankastjóra skv. samþykktum bankans.

Rétt þykir að kveða á um það í lögum, að bankaráð ráði helstu starfsmenn bankans. Eru þeir starfsmenn taldir upp, sem ráðnir skulu af bankaráði. Er þar um að ræða aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumenn endurskoðunardeilda.

Um 11. gr.

Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi lögum um hlutafélagsbankana. Hins vegar eru reglur um þetta efni bæði í samþykktum og reglugerðum fyrir bankana. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 12. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er ekki neinna þeirra málaflokka sérstaklega getið, sem bankaráð skal ávallt taka ákvörðun um. Í reglugerðum og samþykktum fyrir bankana eru þau verkefni talin upp í 11 liðum, sem bankaráð ber að annast.

Hér er lagt til, að helstu verkefni bankaráðs verði ákveðin í lögum. Taldir eru upp fimm málaflokkar, sem lagt er til, að bankaráð skuli ávallt taka ákvarðanir um að fengnum tillögum bankastjórnar. Þessir málaflokkar eru það mikilvægir fyrir starfsemi og stefnumótun bankanna, að ástæða þykir til að nefna þá sérstaklega. Að sjálfsögðu fjalla bankaráð um önnur mál, er varða starfsemi bankanna annað hvort að sjálfsdáðum eða samkvæmt tillögum bankastjórna, sbr. 2. mgr. greinarinnar og önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 13. gr.

Ekki eru í gildandi lögum sérstök ákvæði um starfssvið og hlutverk bankastjóra hlutafélagsbanka. Í samþykktum fyrir bankana nema Iðnaðarbankans segir hins vegar, að framkvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hafi á hendi daglega stjórn bankans í samræmi við reglur þær, sem honum eru eða verða settar af bankaráði samkvæmt samþykktunum. Í reglugerðum sumra bankanna eru svipuð ákvæði. Í samþykktum og reglugerð Iðnaðarbankans eru nútímalegri og ítarlegri ákvæði um þetta.

Hér er lagt til, að tekið verði í lög sérstakt ákvæði um hlutverk bankastjórnar. Hér er ennfremur talað um bankastjórn og er það í samræmi við það, sem nú gildir varðandi ríkisviðskiptabankana og haldið er í frumvarpi til nýrra laga um þá.

Um 14. gr.

Um það hlutverk bankastjórnar, sem greint er í 1. mgr., eru ekki ákvæði í gildandi lögum. Í reglugerðum fyrir bankana eru hins vegar ákvæði um skýrslugjöf bankastjóra til bankaráðs.

Um fundi bankaráðs eru engin ákvæði í gildandi lögum. All ítarleg ákvæði eru hins vegar um fundi bankaráðs í reglugerðum bankanna, þ. á m. ákvæði um, hversu oft fundir skulu haldnir.

Hér er lagt til, að kveðið verði á um þessi efni í megindráttum í lögum, enda er það í samræmi við það, sem ráðgert er í þessum efnum í frumvarpi til laga um ríkisviðskiptabankana og er reyndar í gildandi lögum um þá. Nánari ákvæði væri eðlilegt að setja í samþykktir.

Um 15. gr.

Grein þessi, sem er nýmæli, er samhljóða hliðstæðri grein í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Um 16. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um þetta efni. Í reglugerðum og samþykktum er hins vegar að þessu vikið. Í samþykktum segir, að bankastjóri megi ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækis. Þetta ákvæði er endurtekið í reglugerðum, en að auki er þar mælt fyrir, að starfsmenn megi ekki án leyfis bankastjóra taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

Í lögum um ríkisviðskiptabankana eru all ítarleg ákvæði um þetta efni og í 17. gr. frumvarps til laga um ríkisviðskiptabankana er gert ráð fyrir, að þau ákvæði haldist. Þessi grein er hliðstæð áðurnefndri grein í frumvarpi til laga um ríkisviðskiptabankana með þeirri undantekningu, að ekki þarf leyfi ráðherra auk bankaráðs samkvæmt þessari grein til þátttöku í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana en bankans, enda er hér um banka í einkaeign að ræða og gegnir því öðru máli en um banka í eigu ríkisins.

Í greininni er lagt fortakslaust bann við því, að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Til þátttöku í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana en bankans sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt þurfa þeir leyfi bankaráðs.

Um 17. gr.

Samkvæmt samþykktum fyrir hlutafélagsbankana ákveður aðalfundur þóknun til bankaráðs. Ákvæði um þetta eru ekki í lögum um bankana. Hinsvegar eru í gildandi lögum ákvæði um, að bankaráð ákveði ráðningarkjör bankastjóra. Í samþykktum er ennfremur tekið fram um þetta og þar talað um, að bankaráð ákveði laun og ráðningarkjör bankastjóra.

Hér er lagt til, að skýrari reglur verði settar um þetta. Einnig er hér tekið fram, að bankaráð komi fram fyrir hönd bankans við samningsgerð um laun og kjör annarra starfsmanna.

III. KAFLI

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið bankastarfsemi. Þessi skilgreining sýnist komast næst því, sem almennt er álitið felast í hugtakinu bankastarfsemi. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, sbr. einnig hinar almennu athugasemdir hér að framan, hefur verið fallið frá þeirri stefnu að afmarka starfsemi bankanna við ákveðnar atvinnugreinar, heldur eru þeir gerðir að alhliða viðskiptabönkum, sem eiga að geta þjónað landsmönnum og atvinnuvegum þeirra á öllum sviðum bankastarfsemi.

Með ákvæðum 1. mgr. er fallið frá þeirri venju að tíunda, hvernig hlutafélagsbankar leysi hlutverk sitt, sbr. t. d. eftirfarandi upptalningu, sem er 9. gr. laga nr. 46/1960 um Verslunarbanka Íslands h/f: „Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, eða sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.“

Með ákvæðum 1. mgr. er síður en svo verið að þrengja starfsvettvang hlutafélagsbanka frá því sem nú er og má segja að í ákvæðum 1. mgr. felist öll þau atriði, sem talin eru í 1.—6. lið 9. gr. laga um Verslunarbankann, en samsvarandi greinar eru í lögum um hina hlutafélagsbankana. Í 1. mgr. felast að auki önnur atriði, sem fólgin eru í banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

2. mgr. takmarkar starfsvettvang hlutafélagsbankanna innan ramma frumvarps þessa.

Þessi grein er alveg hliðstæð 22. gr. í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Um 19. gr.

Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að hlutafélagsbankar öðlist rétt til þess að versla með erlendan gjaldeyri. Í 1. mgr. er vísað til þeirra reglna, sem nú gilda, þ. e. í lögum um Seðlabankann, varðandi rétt til verslunar með erlendan gjaldeyri. Í 19. gr. seðlabankalaganna er svo kveðið á, að auk Seðlabankans hafi Landsbankinn og Útvegsbankinn rétt til að versla með erlendan gjaldeyri, en bankastjórn Seðlabankans sé heimilt að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa öðrum bönkum svo og póststjórninni að versla með erlendan gjaldeyri innan takmarka, sem bankastjórnin ákveður. Með þessu frumvarpi verður því engin breyting á núverandi skipan þessara mála.

Í 2. mgr. er tekin upp heimild til þess að binda leyfi til verslunar með erlendan gjaldeyri skilyrðum, ef ákveðið verður að veita hlutafélagsbanka slík réttindi.

Um 20. gr.

Hér er um nýmæli að ræða bæði í 1. og 2. mgr. Lagt er til, að hlutafélagsbönkunum sé óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirra eða vegna líklegrar aukningar á starfseminni. Rök fyrir þessu ákvæði

eru þau, að óeðlilegt þykir, að bankarnir geti fest laust fé sitt í fasteignum, enda samrýmist það ekki hlutverki þeirra skv. 18. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að bankarnir geti leigt út húsnæði, enda sé það í byggingu, sem sé að megintilgangi ætluð starfsemi bankans. Sérstaklega á þetta við um byggingar útibúa bankanna, þar sem opinberir aðilar eru oft leigjendur.

Í 2. mgr. er hlutafélagsbönkunum bannað að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum.

Undantekningar frá þessum ákvæðum eru annars vegar í 21. gr. um yfirtöku eigna til fullnustu kröfu og í 2. málsl. 2. mgr. þessarar greinar, þar sem hlutafélagsbönkunum er veitt heimild til að eiga aðild að fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bókhalds- eða tölvuþjónustu fyrir innlánsstofnanir og er Reiknistofa bankanna höfð hér sérstaklega í huga.

Engin ákvæði eru um þessi efni í reglugerðum eða samþykktum fyrir hlutafélagsbankana að undanskildu ákvæði í reglugerð Iðnaðarbankans, þar sem veitt er heimild til þátttöku í Reiknistofu bankanna.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að yfirtaka eigna sé heimil, t. d. þegar banki eignast fasteign á nauðungaruppboði. Óraunhæft þykir að setja ákveðna fresti fyrir bankana til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torseljanlegar.

Engin ákvæði eru um þessi efni í gildandi lögum um hlutafélagsbankana.

Um 22. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru í samræmi við núverandi framkvæmd á þessu sviði hjá innlánsstofnunum og þarfnast greinin því ekki nánari skýringa.

Rétt er þó að taka fram, að til álita gæti komið að setja í lög ákvæði eins og tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum, að krafist sé fullkominnar nafnskráningar við opnun innlánsreikninga. Ekki þótti þó rétt að gera tillögu um það hér, þar sem núverandi fyrirkomulag í þessum efnum hefur tíðkast hérlendis um langt skeið og vandséð er hvaða áhrif breyting á því mundi hafa.

Á það má þó minna, að nýlega hafa verið tekin upp hér á landi sérstök innlánsform, svonefndir vaxtaaukareikningar og gjaldeyrisreikningar, þar sem krafist er nafnskráningar.

Um 23. gr.

Æskilegt er, að innlánsstofnanir leiti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxtaákvörðunarvalds bankans.

Um 24. gr.

Samsvarandi ákvæði er ekki í gildandi lögum um hlutafélagsbankana. Ríkisviðskiptabankarnir búa hins vegar við þesskonar ákvæði. Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er vísað til nokkurra greina í landsbankalögunum og mælt svo fyrir um, að hlutafélagsbankarnir skuli njóta sömu réttinda og Landsbankanum eru veitt í greinum þessum. Ákvæði það, sem um ræðir í þessari grein, er ekki þar á meðal. Eðlilegast er, að sömu reglur gildi um alla viðskiptabankana í þessum efnum og að þeir njóti sömu réttinda að þessu leyti.

Um 25. gr.

2. gr. laga nr. 14/1905 kveður m. a. svo á, að kröfur á hendur banka um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í bankann, fyrnist á 20 árum. Tilkynningarfrest mætti setja í reglugerð.

2. mgr. er efnislega í samræmi við gildandi ákvæði.

Um 26. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana segir (9. gr.) m. a., að þessum bönkum sé heimilt að: Kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir, að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda, að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð, að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg, auðseljanleg verðbréf.

Önnur ákvæði, sem varða tryggingar fyrir útlánum er ekki að finna í gildandi lögum um hlutafélagsbankana.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart hlutafélagsbanka, skuli að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð, sbr. 2. mgr.

Á síðari árum hefur það farið í vöxt, að bankarnir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag og noti þessar upplýsingar til að meta almennt lánshæfi viðkomandi aðila. Ljóst er, að í framtíðinni verður slíkum vinnubrögðum beitt í vaxandi mæli við afgreiðslu á lánsumsóknum. Með hliðsjón af þessari þróun, sem telja verður eðlilega og æskilega, er hlutafélagsbanka í 2. mgr. heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati bankans á afkomu og efnahag lántaka. Í slíkum tilfellum skal bankinn fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru ekki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem bankinn aflar um afkomu og efnahag lántaka né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati bankans og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans, enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Hér eru t. d. höfð í huga svokölluð IB-lán Iðnaðarbankans og önnur hliðstæð lán, sem fyrir kynnu að koma, þar sem bankinn byggir lánveitinguna á því, að lántakinn hefur sparað reglulega í bankanum og sýnt fyllstu reglusemi í þeim viðskiptum.

Um 27. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum, reglugerðum eða staðfestum samþykktum um hámark heildarskuldbindinga eins viðskiptaaðila við hlutafélagsbanka. Í reglugerð Iðnaðarbankans er almennt ákvæði um þetta. Reglur um þetta efni eru einn mikilvægasti þáttur almennrar viðskiptabankalöggjafar. Þær eru til komnar vegna þeirrar áhættu, sem í því getur falist, að innlánsstofnun láni einum viðskiptaaðila mjög háar upphæðir miðað við eigið fé stofnunarinnar. Mikilvægt er, að ekkert beri út af í þessum, enda getur slíkt haft afar afdrifaríkar afleiðingar fyrir rekstur innlánsstofnunar eins og dæmin sanna.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu, að heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við hlutafélagsbanka megi ekki nema meiru en 25% af bókfærðu eigin fé bankans og gildi hið sama um heildarskuldbindingar fleiri en eins aðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra við bankann í einu lagi. Í 2. og 3. mgr. eru nánari skýringar á því, hvað telja beri til heildarskuldbindinga.

Frá hinni almennu reglu í 1. mgr. eru gerðar nokkrar undantekningar, sem greindar eru í 4. og 5. mgr. Í fyrsta lagi er í 4. mgr. bankaeftirlitinu heimilað að ákveða, allt að 50% af tilteknum ábyrgðarskuldbindingum ákveðins viðskiptaaðila séu ekki talin með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. Í öðru lagi eru í 5. mgr. ýmsar skuldbindingar undanþegnar því að teljast með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. Í þriðja lagi er í 6. mgr. veitt heimild til þess að hækka hámark samkvæmt 1. mgr. í allt að 50% um stundarsakir með nánar tilteknum skilyrðum.

Með reglum þessarar greinar er verið að tryggja sem best rekstraröryggi án þess þó að leggja óeðlileg höft á bankana í þessum efnum.

Ákvæði þessarar greinar eru alveg hliðstæð ákvæðum um sama efni í frumvarpi til laga um sparisjóði.

Um 28. gr.

Í gildandi reglugerðum og samþykktum hlutafélagsbanka eru ákvæði um þetta efni. Þau eru að ýmsu leyti ófullkomin og nauðsyn að kveða skýrar á um þetta.

Í 1. mgr. er lagt til, að bann við skuldskeytingu nái til allrar yfirstjórnar banka og útibúa, hvort sem þeir aðilar séu kjörnir eða ráðnir til starfa, endurskoðenda og maka allra þeirra, sem taldir eru í málsgreininni. Ákvæðinu er ætlað að koma m. a. í veg fyrir, að þessir aðilar getið notað aðstöðu sína innan viðkomandi banka í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn, er lagt til í 2. mgr., að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér, að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinna hjá eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar. Ákvæði hliðstæð þessu er að finna í viðskiptabankalögum á Norðurlöndum.

Ákvæði, er svara til 3. mgr., eru að finna í reglugerðum fyrir bankana. Hér er lagt til, að ítarlegar verði kveðið á um þetta.

Í 4. mgr. er lagt til, að hlutaðeigandi bankastjórn meti í hverju tilviki, hvort ástæða sé til að breyta áður gerðum skuldbindingum bankaráðsmanna, varamanna þeirra eða endurskoðenda við hlutaðeigandi banka. Ákvæði þetta kemur m. a. í veg fyrir framlengingu á áður umsömdu láni, á meðan aðilar þessir eru í tengslum við bankann.

IV. KAFLI.

Um 29. gr.

Í gildandi lögum um hina einstöku hlutafélagsbanka eru ákvæði, sem miða að því að tryggja lausafjárstöðu þeirra. Í þessum ákvæðum er m. a. að finna fyrirmæli um, að bankarnir skuli eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í „í tryggum og auðseldum verðbréfum“.

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lausafjárstöðu banka og annarra innlánsstofnana.

Með frumvarpsgreininni er reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé bankans, sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

Um 30. gr.

Í gildandi lögum og reglugerðum fyrir hlutafélagsbanka eru engar lágmarkskröfur gerðar um eigið fé þeirra. Slíkar kröfur eru samt sem áður einn mikilvægasti þáttur löggjafar um innlánsstofnanir. Ber því brýna nauðsyn til að setja reglur um lágmarks eigið fé bankanna.

Sá frumstofn, sem eigið fé skal miðast við samkvæmt greininni, er niðurstöðutala efnahagsreiknings. Þó má draga ákveðnar eignir frá niðurstöðutölu efnahagsreiknings, þegar eiginfjárhlutfall er reiknað út. Hér er um að ræða peninga í sjóði, innstæður í Seðlabankanum, innstæður í viðskiptabönkum og þau útlán, sem talin eru í 5. mgr. 27. gr. Á hinn bóginn bætast við 50% af þeim ábyrgðum, sem bankinn hefur tekið að sér fyrir viðskiptaaðila sína. Skal bókfært eigin fé hlutafélagsbanka nema minnst 10% af þeirri viðmiðunarfjárhæð, sem fæst samkvæmt þessum útreikningsreglum.

Það skal tekið fram, að þessi eiginfjárákvæði eru samhljóða eiginfjárákvæðum í frumvarpi til laga um sparisjóði.

V. KAFLI

Um 31. gr.

Að miða reikningsárið við almanaksárið er í samræmi við gildandi ákvæði.

Í 2. mgr. eru settar fram almennar reglur um gerð ársreiknings og er vísað til laga og hugtaksins góð reikningsskilavenja. Þetta hugtak er þegar til í lögum hér á landi, þ. e. a. s. lögum nr. 51/1968, um bókhald. Segja má, að með þessu hugtaki sé einkum átt við, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma. Þau lög, sem átt er við, eru fyrst og fremst lög um bókhald.

Í 3. mgr. er ráðherra gert skylt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Fyrirmynd þessa ákvæðis er í lögum nr. 26/1973, um vátryggingarstarfsemi, þar sem tryggingamálaráðherra ákveður form ársreikninga vátryggingarfélaga og hefur verið gefin út reglugerð (nr. 77/1975) um ársreikninga þessara félaga. Eðlilegt er að gera ráð fyrir tillögugerð bankaeftirlitsins varðandi reglur um gerð ársreikningsins. Vegna eftirlitsstarfa sinna og skýrslugerða hefur bankaeftirlitið innheimt um nokkurt skeið rekstrar- og efnahagsreikninga frá viðskiptabönkunum í samræmdu formi. Engu að síður mun enn þá nokkuð mismunandi, hvernig einstakir bankar setja reikninga sína upp og birta þá opinberlega.

Um 32. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um ársreikning. Um ársreikning og reikningsskil eru hins vegar settar reglur í samþykktum og reglugerðum fyrir bankana.

Ekki eru í gildandi fyrirmælum reglur um undirritun ársreiknings og skráningu athugasemda, ef um þær er að ræða af hálfu bankaráðsmanna eða bankastjóra nema í samþykktum Iðnaðarbankans varðandi undirritun. Um þetta eru ákvæði í 2. mgr., sem eru alveg hliðstæð ákvæðum um sama efni í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Um 33. gr.

Í gildandi samþykktum hlutafélagsbankanna eru ákvæði þess efnis, að ársreikningur skuli liggja frammi hluthöfum til sýnis í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund. Hér er einungis um upplýsingaskyldu að ræða gagnvart hluthöfum og framlagningu gagna fyrir aðalfund. Ákvæði vantar því, er mæla fyrir um, að ársreikningur skuli almennt vera aðgengilegur svo og hvaða þjónustu hlutafélagsbanka ber að veita viðskiptaaðilum sínum í þessum efnum. Í 1. mgr. er lagt til, að settar verði reglur um þetta.

Samkv. gildandi reglum um hlutafélagsbankana, nema Iðnaðarbankans, skal birta reikningsyfirlit í Stjórnartíðindum eftir hverja sex mánuði. Engin glögg ákvæði eru í gildandi lögum, reglugerðum eða samþykktum um birtingu sjálfs ársreikningsins nema í samþykktum fyrir Iðnaðarbankann. Í 2. mgr. er reynt að bæta úr þessum annmörkum og skýrari reglur settar um þessi efni. Auk ársreikningsins skal birta ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit. Skal bankaeftirlitið ákveða í hvaða formi yfirlitið birtist.

VI. KAFLI

Um 34. gr.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um endurskoðun eða endurskoðendur bankanna. Þar segir einungis, að ákvæði um endurskoðun á reikningum bankanna skuli setja í samþykktir og reglugerðir þeirra.

Í reglugerðum og samþykktum Verslunarbankans, Samvinnubankans og Alþýðubankans er að finna samhljóða ákvæði um þetta efni, en endurskoðunarákvæði í reglugerð og samþykktum Iðnaðarbankans eru verulega frábrugðin þeim reglum, sem um þetta efni gilda hjá hinum bönkunum þremur.

Í Verslunarbanka, Samvinnubanka og Alþýðubanka kýs aðalfundur tvo endurskoðendur til eins árs í senn og skulu þeir vera „bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga“. Ekki mega þeir vera í þjónustu viðkomandi banka að öðru leyti, en þá má kjósa jafnt úr flokki hluthafa sem utan hans. Jafnframt tilnefnir viðskiptaráðherra einn endurskoðanda að loknum aðalfundi ár hvert til eins árs í senn. Í Iðnaðarbankanum kýs aðalfundur tvo endurskoðendur til eins árs í senn og gilda sömu skilyrði um bókhaldsþekkingu o. fl. og áður var lýst varðandi hina hlutafélagsbankana. Í Iðnaðarbankanum er hins vegar ekki um að ræða endurskoðanda tilnefndan af ráðherra en kjörnum endurskoðendum er heimilt með samþykki bankaráðsins að kveðja sér til ráðuneytis og aðstoðar löggiltan endurskoðanda.

Þessi ákvæði mæla þannig ekki fyrir um neina skyldu fyrir hlutafélagsbanka til að hafa löggilta endurskoðendur. Í framkvæmd hefur svo ekki orðið. Í hópi átta aðalfundarkjörinna endurskoðenda hlutafélagsbankanna er enginn löggiltur endurskoðandi Af þeim þrem endurskoðendum, sem viðskiptaráðherra tilnefnir hjá hlutafélagsbönkunum er einn löggiltur endurskoðandi.

Í þessari grein er það mikilvæga nýmæli, að annar þeirra endurskoðenda, sem aðalfundur kýs, skal vera löggiltur endurskoðandi. Við þessa breytingu þykir ekki ástæða til þess, að ráðherra tilnefni þriðja endurskoðandann svo sem nú gildir og er því lagt til, að sú skipan falli niður. Samkvæmt frumvarpinu skulu því endurskoðendur við hlutafélagsbanka vera tveir, kosnir af aðalfundi hlutbundinni kosningu, og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þetta nýmæli verður að skoða í ljósi þeirra staðreynda, að fjölþættari starfsemi og vaxandi umsvif banka og annarra innlánsstofnana, ásamt breyttri tækni við bókhald og á fleiri sviðum, krefst aukinnar faglegrar þekkingar þeirra, sem við endurskoðun fást í þessum stofnunum og breyttrar skipulagningar þessara starfa. Má benda á, að á Norðurlöndum hafa kröfur til faglegrar þekkingar þeirra, sem ábyrgð bera á endurskoðun hjá innlánsstofnunum, farið sífellt vaxandi og inn í flest þau lög, sem slíkar stofnanir varða, er nú komið ákvæði um, að löggiltur endurskoðandi skuli eiga aðild að endurskoðuninni. Endurskoðun hjá innlánsstofnunum verður því ekki komið í fullnægjandi horf nema gerðar séu skýrar kröfur um faglega kunnáttu þeirra, sem að þessum verkefnum starfa.

Um 35. gr.

Samkvæmt reglugerðum fyrir hlutafélagsbankana annarra en Iðnaðarbankans skal sérstök endurskoðunardeild framkvæma hina daglegu endurskoðun allra deilda hvers banka og skulu reglur um endurskoðunina settar af bankaráði. Einnig er tekið fram, að bankaráði sé rétt að setja endurskoðendum erindisbréf. Í reynd er þróun innri endurskoðunar hjá bönkum mislangt á veg komin.

Hér er lagt til, að tekið verði í lög ákvæði um, að við hlutafélagsbanka skuli starfa endurskoðunardeild, sem annist um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns og samkvæmt 10. gr. frumvarpsins ræður bankaráð forstöðumann deildarinnar. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði sama efnis í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Um 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Í síðasta málslið greinarinnar er vísað til hugtaksins „viðteknar endurskoðunvenjur.“ Skulu endurskoðendur framkvæma endurskoðun í samræmi við þær venjur eins og þær eru á hverjum tíma.

Í gildandi reglugerðum og samþykktum fyrir hlutafélagsbanka eru nokkrar efnislegar reglur um framkvæmd endurskoðunar. Slíkar reglur geta að vísu stuðlað að því, að viss lágmarks endurskoðun fari fram. Ókostir slíkra reglna eru hins vegar ýmsir, einkum þeir að slíkar reglur úreldast tiltölulega fljótt. Það er því talið rétt að hverfa frá föstum opinberum reglum um þetta efni, en vísa í staðinn til endurskoðunarvenju eins og almennt er gert nú í lagaákvæðum varðandi framkvæmd endurskoðunar.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð ákvæðum um þetta efni í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sem eru nýmæli, svara til ákvæða sama efnis í frumvarpi til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Hér er kveðið á um áritun endurskoðenda á ársreikninginn og um það, hvernig þeir skuli gera frekari grein fyrir endurskoðun á árinu og niðurstöðum hennar. Ennfremur er hér almennt fjallað um störf og skyldur endurskoðendanna, þ. á m. um upplýsingaskyldu þeirra gagnvart bankaeftirlitinu.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 38. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VII. KAFLI.

Um 39. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um hlutafélagsbankana um slit þeirra. Reglugerðir hafa heldur ekki ákvæði, sem að þessu lúta. Hins vegar eru ófullkomin ákvæði um félagsslit í samþykktum. Þar segir, að þyki ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, fari þá um tillögur þar að lútandi sem lagabreytingar, þ. e. a. s. sem breytingar á ákvæðum samþykkta. Skuli fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveða á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda. Í samþykktum þriggja hlutafélagsbankanna er síðan vísað til 39. gr. gildandi laga um hlutafélög nr. 77/1921, en sú grein fjallar um frjáls slit hlutafélags.

Rekstur innlánsstofnunar er sérstaks eðlis, flókinn, viðkvæmur og áhættusamur. Í löggjöf um þær er ávallt talin þörf á sérreglum um slit þeirra. Þótt innlánsstofnun sé rekin í formi hlutafélags, er ekki talið nægilegt að láta ákvæði almennrar löggjafar um slíkar stofnanir gilda alfarið um slitin.

Nú skortir alveg reglur um þetta efni eins og að framan er lýst. Í þessum kafla (39.—42. gr.) eru ýmsar sérreglur um slit hlutafélagsbanka. Aðalákvæðið er í þessari grein (39. gr.), þar sem einkum er fjallað um skyldu til félagsslita, þegar eiginfjárákvæði 30. gr. eru ekki uppfyllt.

Þessi grein er í tengslum við hin nýju eiginfjárákvæði 30. gr. frumvarpsins. Hér er í 1.—3. mgr. mælt fyrir um hvernig með skuli fara, ef út af eiginfjárákvæðunum er brugðið og mælt fyrir um þau úrræði, sem grípa skal til. Þar er í fyrsta lagi um að ræða upplýsingaskyldu bankaráðs, bankastjórnar og endurskoðenda gagnvart bankaeftirlitinu, ef þessir aðilar hafa ástæðu til að ætla, að bankinn fullnægi ekki eiginfjárákvæðum. Því næst fer fram athugun á eiginfjárstöðunni og ef staðfest verður, að athugun lokinni, að hún sé ekki í tilskildu horfi, skal bankaráð gera bankaeftirliti grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem það hyggst gera til úrbóta. Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild með ákveðnum skilyrðum til að veita fresti. Sé eiginfjárstöðunni ekki komið í tilskilið horf að þessari málsmeðferð lokinni og eftir atvikum að frestum liðnum, kemur til greiðslustöðvunar og skiptameðferðar skv. ákvæðum 41. og 42. gr.

Sérreglur eru í 4. mgr. komi til greiðslustöðvunar og skiptameðferðar af öðrum ástæðum en ófullnægjandi eiginfjárstöðu.

Um 40. gr.

Hér er mælt fyrir um, að ákvörðun um slit hlutafélagsbanka fari í öðrum tilfellum en þeim, sem um ræðir í 39. gr., eftir ákvæðum almennrar löggjafar um hlutafélög. Getur hér bæði verið um tilfelli að ræða, þegar skylt er að slíta félaginu og ákvörðun um frjáls slit. Sé um að ræða full slit á starfsemi hlutafélagsbanka, þ. e. a. s. enginn tekur við rekstri bankans, skal skiptameðferðin fara eftir ákvæðum 41.—

42. gr. Renni bankinn hins vegar saman við aðra innlánsstofnun, sem þannig yfirtekur hann eða sameinist annarri eða öðrum innlánsstofnunum með þeim hætti, að úr stofnununum er mynduð ný innlánsstofnun, gilda ákvæði almennrar löggjafar um hlutafélög alfarið um slit hlutafélagsbankans.

Um 41. gr.

Hér eru sett ákvæði um sérstaka skilastjórn, sem annast skal skiptameðferð á búi hlutafélagsbanka. Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 42. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um, að bú hlutafélagsbanka verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum lögum um gjaldþrotaskipti. Rekstur hlutafélagsbanka sem annarra innlánsstofnana er þess eðlis, að nauðsynlegt er talið að hafa sérstakt opinbert eftirlit með honum. Margvíslegar reglur eru settar til að tryggja sem heilbrigðastan rekstur þeirra, þ. á m. um lausafjár- og eiginfjárstöðu. Ef út af þessum reglum er brugðið, kemur til sérstakrar málsmeðferðar og úrræða, sbr. einkum 39. gr. Reglur almennrar gjaldþrotaskiptalöggjafar eru því einar sér ekki fullnægjandi. Hins vegar er heppilegt, að beitt sé tilteknum ákvæðum almennrar gjaldþrotaskiptalöggjafar við meðferð bús hlutafélagsbanka, þ. e. þeim reglum, sem með góðu móti eiga við. Er vísað til þeirra reglna í greininni og er tilvísun gerð í frumvarp það til gjaldþrotalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi. Hér er einkum um að ræða ákvæði frumvarpsins um kröfur á þrotabú, gagnkvæma samninga, riftun ráðstafana þrotamanns og fullnustu sérstakra réttinda. Frestur til höfðunar riftunarmáls er hér hafður lengri en í frv. til gjaldþrotalaga eða eitt ár í stað sex mánaða.

VIII. KAFLI.

Um 43. og 44. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

IX. KAFLI

Um 45. gr.

Grein þessi er í samræmi við ákvæði gildandi laga um hlutafélagsbankana.

Um 46. gr.

Ákvæði um þagnarskyldu eru nú í reglugerðum og samþykktum hlutafélagsbankana.

Um 47. gr.

Grein þessi er í samræmi við ákvæði gildandi laga um hlutafélagsbankana.

Um 48. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ekki verði gefnar út sérstakar reglugerðir um starfsemi hlutafélagsbankana eins og nú er, ef frumvarp þetta verður að lögum. Sömu ákvæðin eru að miklu leyti í samþykktum og reglugerðum. Einfaldara er því, að bankarnir starfi einungis á grundvelli laganna og staðfestra samþykkta.

Um 49. gr.

Ekki þykir ástæða til að láta líða langan tíma þar til lögin koma til framkvæmda.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Hlutafélagsbönkunum er veittur tveggja ára frestur frá gildistöku talið til að samræma samþykktir sínar og starfsemi ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður.
2. Hér er bönkunum veittur eins árs frestur frá gildistöku til að koma eiginfjárstöðu sinni og lánum til einstakra aðila í rétt horf.

Nd. 841. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 2. maí 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Ingólfur Jónsson. Friðjón Þórðarson.
Kristján Ármannsson. Sighvatur Björgvinsson. Páll Pétursson.
Svava Jakobsdóttir.

Nd. 842. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Ingólfur Jónsson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Friðjón Þórðarson. Kristján Ármannsson.
Páll Pétursson. Svava Jakobsdóttir.

Ed. 843. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt, í fullu trausti þess, að sveitarstjórn Mosvallahrepps sjái fyrir því, að áformuð jarðasala raski ekki búskaparaðstöðu bænda í sveitarfélaginu.

Alþingi, 29. apríl 1978.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Axel Jónsson. Ingiberg J. Hannesson. Ásgeir Bjarnason.
Ragnar Arnalds.

Ed. 844. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1978.

Steinþór Gestsson, form.	Ingi Tryggvason, fundaskr., frsm.	Jón Árm. Héðinsson.
Axel Jónsson.	Ingiberg J. Hannesson.	Ásgeir Bjarnason.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 845. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til laga um breytingu á mörkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Stefán Valgeirsson.	Eðvarð Sigurðsson.
Geirþrúður Hildur Bernhöft.	Gunnar J. Friðriksson.	Magnús T. Ólafsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 846. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til laga um sáttastörf í vinnudeilum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og þær breytingar sem gerðar voru á því í Ed. Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 2. maí 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form.	Eðvarð Sigurðsson, frsm.	Stefán Valgeirsson.
Geirþrúður Hildur Bernhöft.	Gunnar J. Friðriksson.	Magnús T. Ólafsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 847. Frumvarp til laga [309. mál]

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

1. gr.

7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Orðið „fæðingarstyrks“ í 10. gr. falli niður.
16. gr. laganna falli niður.

3. gr.

25. gr. laganna orðist svo:
Framlagi atvinnurekenda, sbr. 20. gr., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 29. gr., með iðgjaldi, reiknuðu sem hundraðshluta af greiddum launum. Nær gjaldskylda til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum, skal meta þau til peninga eftir sömu reglum og gilda um launaskatt. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Við f-lið 29. gr. laganna bætist:
Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.

5. gr.

36. gr. laganna orðist svo:
Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr., skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömuleiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 30. gr. standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal með reglugerð ákveða árlegt framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra, sem getur í f-lið 29. gr.
Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár, að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.
Iðgjald af launþegum, sbr. a-lið 29. gr., skal reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum, eins og þau eru skilgreind í 25. gr. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.
Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, vélsleða, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla.
Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau, sem nefnd eru í 3. og 4. málsgr., skulu ákveðin sem hundraðshluti af hæfilega áætlaðri stofnfjárhæð vegna hvers einstaklings.

6. gr.

Í stað b-liðar 1. málsgr. 39. gr. laganna komi þrír stafliðir, er orðist svo:

b. Að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.

c. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
d. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun.

Stafliðir c-f í 1. málsgr. 39. gr. verði stafliðir e-h, og aftan við málsgreinina bætist: Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja, samkv. stafliðum b—d. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

7. gr.

Á eftir orðinu „sjúkrahúsi“ í 1. málsgr. 42. gr. laganna komi „þ. á m. fæðingarstofnun“.

8. gr.

Í stað stafliða f-h í 1. málsgr. 43. gr. laganna komi stafliðirnir f-j, er orðist svo:

f. Við fæðingu í heimahúsum, kostnað vegna aðstoðar ljósmóður, ákveðinn með þeim hætti, sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.
g. Tannlækningar samkvæmt 44. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að ¾ hlutum.

i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast ¾ af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað, eftir reglum er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.

Í stað 3. og 4. málsgr. 43. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin er í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða, með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar, hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

9. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, veitta af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við, greiða sjúkrasamlög svo sem hér segir:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6—15 ára 50% af kostnaði við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerðir og tannréttingar, en 37.5% af þessum aðgerðum. Sveitarfélögum skal skylt að leggja fram jafnmikið á móti. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.
3. Fyrir 16 ára unglinga 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.

4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 75% kostnaðar við tannréttingarmeðferð, sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára, þar til meðferð er lokið.

   Heimilt er að greiða 75% aðgerðar á 17—18 ára unglingi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda sé tryggingayfirlækni gerð grein fyrir því, þegar þörfin kemur upp eða a. m. k. áður en unglingurinn verður 17 ára, að rétt sé að fresta aðgerðinni og tryggingayfirlæknir samþykki það.
5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

   Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingaráð setur, í 75%, eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%.

   Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar.

10. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrasamlag greiðir sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur, sé um þær að ræða, falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verði að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en 3 mánuði.

Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. í 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, er óvinnuhæfni er staðreynd af lækni.

Fullir dagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar skv. 33. gr. og ekki lægri en kr. 1647 fyrir einstakling og kr. 448 fyrir hvert barn á framfæri innan 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiði með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Ekki skal þó telja með barn, er sjálft nýtur dagpeninga.

Fullra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður launaða vinnu, sem nemur minna en heils dags vinnu, en a. m. k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna, sem nemur minna en hálfs dags starfi, greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema fjórðungi fullra dagpeninga, að viðbættum ¾ hlutum sannaðra greiðslna fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp ½ dag í viku allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum, er tilgreini vinnutíma, greidd laun og nafnnúmer viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. — Umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki fjórðung dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda, samkvæmt framanskráðu.

Það skal ekki talna greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu samkv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í 3 mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða, hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu 2 mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót, sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

11. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 25. og 36. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 68 1971, og skulu ákvæði 40.—43. gr. þeirra laga gilda um iðgjöld eftir því, sem við á. Þó skulu iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár.

Í reglugerð samkvæmt 4. málsgr. 36. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

12. gr.

66. gr. laganna falli niður.

13. gr.

1. málsgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 65. gr. um iðgjöld af ökumönnum bifreiða og ákvæði næstu málsgreina hér á eftir. Ákvæði laga nr. 68 1971, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda, svo og um innheimtu framlags sveitarfélaga til sjúkrasamlaga.

14. gr.

2. málsliður 1. málsgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 2. málsgr. 36. gr.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu iðgjalda gjaldárið 1979 vegna gjaldstofna ársins 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laga þessara skulu höfuðstólsandvirði slysalífeyris og annað fé slysatrygginga renna til varasjóðs slysatrygginga. Úr þeim sjóði skal síðan inna af hendi eingreiðslur og greiðslur sjúkrahjálpar vegna bótaskyldra slysa, sem orðið hafa fyrir árslok 1978, svo og lífeyris og dagpeninga vegna tímabils fyrir árslok 1978.
2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við tiltekin atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu einn eða fleiri 75% öryrkja sem hafa vinnugetu, en nýtast ekki á vinnumarkaðinum, og hafa ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur lífeyristrygginga. Meðan vinnusamningurinn

stendur greiðir vinnuveitandinn öryrkjanum fastakaup, en Tryggingastofnunin endurgreiðir:

75% af þeim launum sem öryrkinn fær greidd fyrsta starfsárið,
50% af þeim launum sem hann fær greidd annað starfsárið, og
25% af þeim launum sem hann fær greidd þriðja starfsárið og telst þá samningstímabili lokið.

Bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

Greinargerð.

Í meðfylgjandi lagafrumvarpi um breytingar á almannatryggingalögum eru tekin upp þrjú höfuðatriði úr þeim tveimur stjórnarfrumvörpum um almannatryggingar, sem nú liggja fyrir Alþingi:

1. Gert er ráð fyrir breyttum fjárhagsgrundvelli slysatrygginga þannig, að horfið verði frá sjóðmyndun (að undanskildu tillagi til varasjóðs) og skiptingu í áhættuflokka og í stað vikugjalda komi iðgjald reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum.
2. Í stað vikugjalda atvinnurekenda til lífeyristrygginga komi iðgjald reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum.
3. Ákvæði eru um greiðslu ferðakostnaðar vegna ítrekaðrar læknismeðferðar.
4. Ákvæðum um greiðslu tannlækniskostnaðar er breytt.

Að öðru leyti er yfirleitt ekki um efnisbreytingar að ræða, ef undan eru skildar smávægilegar breytingar á ákvæðum, sem breyta þarf hvort sem er í sambandi við ofangreindar breytingar.

Um einstakar greinar skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Í stað þess að fella niður 7. gr. laganna mætti gera á henni breytingar. Hins vegar verður vart séð, að hennar sé þörf eftir breytingar þær, sem í frumvarpinu felast.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við framlagt stjórnarfrumvarp.

Um 3. gr.

Greinin er í samræmi við framlagt stjórnarfrumvarp.

Um 4. gr.

Vegna breytinga á 36. gr. laganna er hér reglugerðarheimild til að auðvelda slysatryggingu íþróttamanna.

Um 5. gr.

Um ákvæði þessarar greinar skírskotast til almennra athugasemda hér að framan. Gert er ráð fyrir hærra varasjóðstillagi í 36. gr. laganna en í 21. gr., enda eru meiri sveiflur í útgjöldum slysatrygginga en lífeyristrygginga.

Um 6. gr.

Grein þessi er samhljóða ákvæðum í framlögðu stjórnarfrumvarpi. Vísast til athugasemda með því frumvarpi.

Um 7. gr.

Efni þessarar greinar leiðir af 2. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Sjá almennar athugasemdir, svo og athugasemdir með framlögðu stjórnarfrumvarpi. Í i-lið hefur verið fellt niður ákvæði þess frumvarps um flutning slasaðra manna, sem sett var vegna breytinga, sem ekki eru í þessu frumvarpi.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða tilsvarandi grein í framlögðu stjórnarfrumvarpi, að öðru leyti en því, að í 4. tölulið stendur „tryggingayfirlæknir“ í stað „trúnaðartannlæknir“.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. í framlögðu stjórnarfrumvarpi að öðru leyti en því, að aldursmark og upphæð dagpeninga er hið sama og gildir um sjúkradagpeninga nú.

Um 11.—14. gr.

Breytingar þær, sem í greinum þessum felast, eiga rót sína að rekja til þeirra breytinga, sem nefndar eru í 1. og 2. lið almennra athugasemda, svo og til breytinga, sem gerðar hafa verið á skattalögum.

Um 15. gr.

Gildistökuákvæðin eru orðuð í samræmi við ábendingu frá vararíkisskattstjóra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Hér er kveðið á um skil milli eldri fjárhagsgrundvallar slysatrygginga og hins nýja, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
2. Hér er kveðið á um heimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins til að reyna nýja leið í atvinnumálum öryrkja.

Sþ. 848. Nefndarálit [201. mál]

um till. til þál. um framhald Inndjúpsáætlunar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþ. svo

BREYTT

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli hlutast til um að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar skuli næstu fimm ár eftir að starfstíma áætlunar lýkur halda þeirri lánafyrirgreiðslu til ræktunar, sem þeir hafa notið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggðasjóði, enda verði unnið samkvæmt endurnýjaðri áætlun.

Alþingi, 2. maí 1978.

Páll Pétursson, form.
Steingrímur Hermannsson, frsm.
Guðmundur H. Garðarsson.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Karl G. Sigurbergsson.
Sverrir Hermannsson.
Jón G. Sólnes.

Sþ. 849. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um tafarlausar ráðstafanir til aukinnar leitar og rannsókna á djúprækjumiðum fyrir Norðurlandi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á fundum sínum. Aflaði nefndin sér umsagna Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar. Báðar þessar stofnanir telja málið brýnt, en álíta þýðingarmikið að könnunin fari fram sem víðast á landgrunninu — ekki eingöngu fyrir Norðurlandi.

Nefndin varð sammála um að leggja til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar til fyrirgreiðslu með eftirfarandi áliti:

Um leið og nefndin leggur til, að **tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar,** vekur hún athygli á mikilvægi þess, að leitað verði að djúprækjumiðum sem víðast umhverfis landið.

Alþingi, 2. maí 1978.

Páll Pétursson, form. **Karl G. Sigurbergsson,** frsm. **Jón G. Sólnes.**

Steingrímur Hermannsson. Sverrir Hermannsson. Karvel Pálmason.

Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 850. Þingsályktun [271. mál]

um markmið og leiðir í flugöryggismálum.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 533.

Sþ. 851. Þingsályktun [54. mál]

um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að hafinn verði nú þegar af hálfu menntamálaráðuneytisins skipulegur undirbúningur af tónmenntafræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum lögboðnum

Áhersla verði lögð á að tengja starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntafræðslu grunnskólanna.

Þá verði og tónmenntafræðsla felld, svo fljótt sem unnt er, sem valgrein inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna.

Sþ. 852. Þingsályktun [197. mál]

um vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 387.

Nd. 853. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja samþykkja frumvarpið, en við, sem skipum minni hl., viljum fella það.

Samkvæmt frv. er lagt til að upp verði tekið nýtt innflutningsgjald — 3% — á svonefndar EFTA-vörur, þ. e. a. s. vöruflokka sem innflutningstollar hafa verið lækkaðir á í samræmi við EFTA-samning og viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið. Talið er að gjald þetta muni nema um 1080 milljónum króna á ári og leiða af sér hækkun verðlagsvísitölu um 0.7—1%. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, „að hluti" af gjaldinu eigi að renna til eflingar iðnþróunar. Ljóst er þó, að verulegur hluti gjaldsins á að renna í ríkissjóð.

Minni hl. viðurkennir réttmæti þess, að ríkissjóður endurgreiði svonefndan uppsafnaðan söluskatt í því skyni að jafna samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Frv. fjallar hins vegar ekki um endurgreiðslu ríkissjóðs á ofinnheimtum söluskatti, heldur það að lagt verði á nýtt innflutningsgjald, sem óhjákvæmilega mundi leiða til verðlagshækkana og síðan kaupgjaldshækkunar sem að sjálfsögðu yki á útgjöld iðnaðarins eins og annars atvinnurekstrar.

Minni hl. er andvígur frv. og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1978.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 854. Breytingartillaga [240. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Helga F. Seljan og Halldóri Ásgrímssyni.

Við 14. gr. 7. Austurlandshérað. 2. Norðfjarðarumdæmi. 2. undirliður orðist svo:

2. Eskifjörður H 2, Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

Ed. 855. Breytingartillaga [240. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Helga F. Seljan og Stefáni Jónssyni.

Við 42. gr. Aftan við greinina bætist:

Heilbrigðisráðuneytinu er skylt að gera árlega áætlun um það, á hvern hátt megi best nýta þessa heimild og dreifa sérfræðiþjónustunni sem mest um landið allt.

Nd. 856. Frumvarp til laga [170. mál]

um Þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 335 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Jafnframt skal það árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans.
Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

12. gr. hljóðar svo:
Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félaga, sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.
Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda allt að einu ári.

Nd. 857. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Tveir nefndarmanna skrifa þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 2. maí 1978.

Jón Skaftason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Vilborg Harðardóttir, með fyrirvara.	Ragnhildur Helgadóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.
	Karvel Pálmason, með fyrirvara.	

Nd. 858. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til lyfjalaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Hún er sammála um að mæla með því. Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 2. maí 1978.

Jón Skaftason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson.
Ragnhildur Helgadóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Vilborg Harðardóttir.
	Karvel Pálmason.	

Nd. 859. Frumvarp til byggingarlaga [14. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 390 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deildarskipulag, sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga.

Í sambandi við niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969, um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Byggingarleyfi skal vera skriflegt og öðlast gildi, þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað aðaluppdrátt.

Samhljóða þskj. 514.

Ed. **864. Lög** [249. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, og lögum nr. 50 frá 26. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 469.

Nd. **865. Lög** [15. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Afgreidd frá Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 391.

Ed. **866. Frumvarp til lögréttulaga.** [187 mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 365 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Vera skulu tveir dómstólar, sem nefnast lögréttur: Lögrétta suður- og vesturlands í Reykjavík og lögrétta norður- og austurlands á Akureyri. Mörk umdæmanna eru mörk Suður- Múlasýslu og Skaftafellssýslu og mörk Strandasýslu og Húnavatnssýslu.
Regluleg dómþing skulu haldin utan Reykjavíkur og Akureyrar, þar sem þörf krefur.

12. gr. hljóðar svo:
Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum viðkomandi lögréttu, hvaða daga, hvar og hvenær dags halda skuli dómþing, og skal þar m. a. kveðið á um þingleyfi. Aukadómþing í Reykjavík og á Akureyri ákveður formaður dóms. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um regluleg dómþing utan Reykjavíkur og Akureyrar, sbr. 2. mgr. 1. gr. Dómsformaður getur ákveðið, að einstök þing skuli háð utan þessara staða og að þar skuli farið með tiltekið mál eða hluta þess. Þeirri ákvörðun má hrinda með meiri hluta atkvæða í dómi. Ákvarðanir ráðherra um efni þessarar greinar skal birta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Ed. **867. Frumvarp til laga** [209. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 406 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:
Í lögin bætist ný grein á eftir 37. gr. Hin nýja grein verði 37. A. grein og hljóði þannig:

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómendur telja þörf sérkunnáttu í dómi, skal dómari skipa 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

2) Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómara, eða tvo embættisdómara. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

3) Ef meðdómari hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

4) Öllum, sem fullnægja lögmæltum skilyrðum, er skylt að gegna meðdómendastörfum. Þó gildir þetta ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, aðra embættisdómara og dómarafulltrúa, ráðherra og ráðuneytisstjóra, biskup og presta þjóðkirkjunnar, lögmenn og fulltrúa þeirra, ríkissaksóknara, saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara, embættislækna og ljósmæður og forstöðumenn ríkisstofnana, ef málsefnið varðar starfssvið stofnunarinnar.

5) Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru: nægilegur þroski og líkamleg og andleg heilbrigði, óflekkað mannorð, lögræði og fjárforræði. Skilyrði til þátttöku í meðferð einstaks máls eru hin sömu og hjá embættisdómurum skv. 36. gr.

6) Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómenda, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómenda.

7) Þegar meðdómari tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8) Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómara, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.

Ed. 868. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist þannig:

Sakadómur annast sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963, og fara þau fram að hætti opinberra mála.

2. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðist þannig:

Þegar halda skal sjóferðapróf, ber sakadómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, aðvart um það.

3. gr.

Í 5. mgr. 40. gr. laganna komi orðið sakadómari í stað orðanna formaður sjódóms.

4. gr.

1. mgr. 41. gr. laganna orðist þannig:

Sakadómur fer með rannsóknir og dæmir í opinberum málum út af sjóslysum og brotum á lögum þessum. Saksóknari getur þó ákveðið, að mál, er hann telur

sérstaklega mikilvæg, skuli dæmd af siglingadómi. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms, getur hann farið með rannsókn í því, hvort heldur af sjálfsdáðum eða að fyrirlagi saksóknara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Nd. 869. Frumvarp til laga [136. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Aðalsteinsdóttir, barn á Akureyri, f. í Suður-Kóreu 10. janúar 1977.
2. Beers, Christa, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Þýskalandi 8. mars 1924.
3. Calatayud, Miguel Casanova, verkamaður í Mosfellssveit, f. á Spáni 16. september 1928.
4. Druzina, Alevtina Valeryevna, cand. mag., Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 18. nóvember 1938.
5. Falkvard, Eydna Sólbrún, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 22. september 1938.
6. Fannberg, Yrsa Roca, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 22. nóvember 1973.
7. Gicheva, Evgenia Peneva, arkitekt í Reykjavík, f. í Búlgaríu 22. mars 1947.
8. Haagensen, John, málari í Reykjavík, f. í Danmörku 1. október 1946.
9. Hansen, Agnes, kennari í Hveragerði, f. á Íslandi 13. júní 1954.
10. Honkanen, Anja Iris Katarina, húsmóðir í Kópavogi, f. í Finnlandi 19. janúar 1933.
11. Hübner, Herdís Magnea, gjaldkeri á Ísafirði, f. á Íslandi 22. janúar 1954.
12. Kankam, Kankaew, húsmóðir í Kópavogi, f. í Thailandi 8. júlí 1953. Fær réttinn 10. júlí 1978.
13. Kim, Hyun Jin, barn í Mosfellssveit, f. í Suður-Kóreu 25. apríl 1977.
14. Koo Man Suk, barn á Hólmavík, f. í Suður-Kóreu 27. desember 1973.
15. Loebell, Maja, kennari í Keflavík, f. í Þýskalandi 25. nóvember 1949.
16. Marti, Maria Teresa, húsmóðir í Reykjavík, f. á Spáni 17. apríl 1950.
17. Mekkinó Björnsson, flugmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 20. mars 1953.
18. McGinley, Eleanor Beatrice, húsmóðir í Reykjavík, f. í Skotlandi 6. nóvember 1930.
19. Newman, Jón Róbert, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 5. febrúar 1954.
20. Nielsen, Meinert Johannes, hafnarvörður í Njarðvík, f. í Færeyjum 23. ágúst 1922.
21. Niemenen, Laila Björt, húsmóðir í Laufási í Víðidal, Vestur-Húnavatnssýslu, f. í Danmörku 24. apríl 1943.
22. Oldfield, Richard, nemandi í Sandgerði, f. í Englandi 5. nóvember 1959.
23. Ólöf Viktorsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Danmörku 28. febrúar 1977.
24. Ómar Þorsteinn Árnason, barn á Akureyri, f. í Suður-Kóreu 17. mars 1976.
25. Pedersen, Else Lilian, húsmóðir í Kópavogi, f. í Danmörku 26. ágúst 1937.
26. Poulsen, Johanne Sofie, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 19. júlí 1942.
27. Ramos, Ernesto Hilmar, barn í Reykjavík, f. á Kúbu 13. júní 1975.
28. Sunna Björk Gylfadóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 6. apríl 1977.
29. Tegeder, Edda, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýskalandi 7. apríl 1939.
30. Veronika Sigríður Bjarnadóttir, barn í Reykjavík, f. í Suður-Kóreu 23. september 1973.
31. Vignir Már Runólfsson, barn í Grundarfirði, f. í Suður-Kóreu 24. desember 1976.
32. Vinther, Jóhanna Birgitta, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 25. apríl 1932.

33. Yamagata, Nobuyasu, verkamaður í Borgarnesi, f. í Japan 11. október 1950.
34. Yoo, Jin-Sung, barn á Akranesi, f. í Suður-Kóreu 24. apríl 1977.
35. Zharova, Tatyana Borisovna, barn í Kópavogi, f. í Ráðstjórnarríkjunum 8. september 1966.
36. Þórunn Gísladóttir, húsmóðir í Sandgerði, f. á Íslandi 24. apríl 1918.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 870. Breytingartillaga [255. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr. Í stað „25. apríl 1978“ komi: 15. maí 1978.

Ed. 871. Nefndarálit [282. mal]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og flyt ég því eftirfarandi

BREYTINGATILLÖGUR:

1. Við 30. gr. **(Frádráttur manna frá tekjum utan atvinnurekstrar).**
   a. 3. liður B (Frádráttur vegna fengins arðs) falli niður.
   b. Við C bætist nýr liður, sem verður 5. liður, svo hljóðandi:
      Sannanlegt leigugjald fyrir íbúðarhúsnæði, þó aldrei hærri fjárhæð en 300 þús. kr. á ári fyrir einstakling.
2. Við 38. gr. **(Fyrningarhlutföll).** Greinin orðist svo:
   Fyrning skal að vali skattaðila ákveðin sem árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignaflokks. Árlegt fyrningarhlutfall skal eigi vera hærra en sem hér segir:
   1. Skip og skipsbúnaður 10%.
   2. Loftför og fylgihlutir þeirra 10%.
   3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1. eða 2. tl., 15%.
   4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði, 2%.

      Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hærra hámark fyrningarhlutfalls einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulið eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi hærra en 5%.

5. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari grein má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.
6. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir sem um er rætt í 4. og 5. tl. 32. gr., 10%.

   Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulið er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

   Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulið er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

   Stofnkostnað skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast.

3. Við 42. gr. Greinin falli niður. **(Viðbótarfyrning á skattskyldum hluta söluhagnaðar).**
4. Við 67. gr. **(Skattstigi manna)**
   a. Í stað „18%“ komi: 15%.
   b. Í stað „26%“ komi: 24%.
   c. Í stað „34%“ komi: 38%.
5. Við 68. gr. **(Persónuafsláttur).**
   a. Í stað „250 000 kr.“ komi: 300 000 kr.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Þeir sem eru 67 ára eða eldri á skattárinu fá tvöfaldan persónuafslátt.
6. Við 69. gr. **(Barnabætur).**
   a. Í stað „65 000 kr.“ komi: 85 000 kr.
   b. Í stað „100 000 kr.“ komi: 120 000 kr.
7. Við 72. gr. **(Tekjuskattur lögaðila).** Í stað „45“ komi: 53%.
8. Við 116. gr. **(Skattvísitala).** Í stað orðanna „í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1980“ komi: í samræmi við skattvísitölu, sem miðuð sé við breytingu á launatekjum milli ára samkvæmt mati Hagstofu Íslands.
9. Við 118. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Við álagningu skatta 1978 og 1979 af tekjum áranna 1977 og 1978 skal gera eftirfarandi frávik frá ákvæðum gildandi laga, sbr. seinustu málsgrein:
   a. 5. mgr. C-liðar 15. gr. **(um verðstuðulsfyrningu)** fellur niður.
   b. 1. og 2. mgr. D-liðar 15. gr. **(Um flýtifyrningu)** fellur niður.
   c. 5. mgr. D-liðar 15. gr. **(Um viðbótarfyrningu vegna skattskylds hluta söluhagnaðar)** fellur niður.

Almennt um frumvarpið vil ég segja þetta:

Það skal viðurkennt, að viss atriði þessa frumvarps horfa til bóta, en gallarnir eru miklu fleiri.

Megingallar frumvarpsins eru einkum þeir, að allar horfur eru á, að skattlagning fyrirtækja og rekstraraðila verði áfram smávaxin. Frumvarpið býr yfir fjölmörgum smugum frá fyrri tíð, sem ætlað er það hlutverk að lækka tekjuskatta rekstraraðila, og þó er nokkrum nýjum bætt við.

Fyrningarhlutföll eru í flestum tilvikum hærri en áður.

Endurmat eigna hækkar fyrningargrunninn stórkostlega.

Söluhagnaður verður sjaldnast skattlagður vegna víðtækrar heimildar til viðbótarfyrningar, sbr. 42. gr.

Skattstigi félaga við álagningu tekjuskatts er lækkaður úr 53% í 45%.

Fenginn arður af hlutabréfum eða hlut í fyrirtæki, allt að hálfri milljón króna hjá hjónum, verður skattfrjáls.

Andvirði vörubirgða allt að 30% af reiknuðu matsverði vara, kemur til lækkunar á skattskyldum tekjum.

Fjórðung af hagnaði félaga er heimilt að leggja til hliðar, áður en skattur er lagður á.

Ýmsar fleiri ívilnunarreglur mætti nefna. Samanlögð áhrif af öllum þessum smugum hljóta að verða þau, að verulegur hluti atvinnurekstrar í landinu sleppur með að borga lítinn sem engan tekjuskatt.

Í breytingartillögum, sem áður eru nefndar, er áhersla lögð á eftirfarandi:

1. að skattlagning rekstraraðila verði með eðlilegum hætti, sbr. það sem áður var sagt;
2. að lækka skatt af lágum tekjum og hækka á háum tekjum með brattari skattstiga;
3. að hækka persónuafslátt, sem leiðir til hækkunar á skattleysismörkum, og auka barnabætur;
4. að undanþiggja nær alla tekjuskatti, sem náð hafa 67 ára aldri, með því að veita þeim tvöfaldan persónuafslátt;
5. að gera leigu fyrir íbúðarhúsnæði frádráttarbæra frá skatti, allt að 25 þús. kr. fyrir einstakling og 50 þús. kr. fyrir hjón, enda er eigin leiga ekki talin lengur til tekna hjá íbúðareigendum;
6. að lögbinda að hækkun skattvísitölu skuli fylgja hækkun tekna milli ára, en þessi regla, sem oftast hefur verið fylgt í reynd, er brotin á þessu ári og leiðir það til stórhækkunar skatta í sumar.

Eins og flestir hafa vonandi áttað sig á, tekur frumvarpið ekki gildi, hvað álagningu varðar, fyrr en komið verður fram á mitt næsta kjörtímabil.

Þess vegna er hér gerð tillaga um breytingu á núgildandi lögum, en skv. ákvæði 118. gr. eiga gömlu lögin að gilda við álagningu tekjuskatts á þessu ári og því næsta.

Þessar seinast nefndu tillögur miða að því að fylla nokkrar stærstu glufurnar í núgildandi skattalögum, til þess að atvinnureksturinn taki á sig eðlilegan hluta af skattabyrðinni. Samþykkt þessara tillagna mundi sennilega auka tekjur ríkissjóðs á þessu ári um nokkur þúsund milljóna króna, og má merkilegt heita, ef þingmenn telja að ríkissjóður megi sjá af þessum tekjum, eins og afkomu hans er nú háttað.

Alþingi, 2. maí 1978.

Ragnar Arnalds.

Nd. 872. Lög [233. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Afgreitt frá Nd. 2. maí)

Samhljóða þskj. 791 (sbr. 447).

Nd. 873. Lög [280. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

(Afgreidd frá Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 793.

Nd. **874. Lög** [284. mál]

um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

(Afgreidd frá Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 603.

Nd. **875. Lög** [285. mál]

um sáttastörf í vinnudeilum.

(Afgreidd frá Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 758 (sbr. 604).

Nd. **876. Lög** [289. mál]

um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Afgreidd frá Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 792 (sbr. 612.)

Nd. **877. Lyfjalög.** [242. mál]

(Afgreidd frá Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 816 (sbr. 457.)

Ed. **878. Nefndarálit** [38. mál]

um frv. til iðnaðarlaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Hún hefur aflað umsagna frá Iðnnemasambandi Íslands, Sveinafélagi skipasmiða, Múrarafélagi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Málm- og skipasmiðasambandi Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda. Einnig mættu fulltrúar Landssambands iðnverkafólks og Iðnsveinaráðs A.S.Í. á fundi nefndarinnar. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögu á sérstöku þingskjali. Albert Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1978.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.
Ingi Tryggvason, fundaskr.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Jón G. Sólnes.
Bragi Sigurjónsson.
Stefán Jónsson.

Ed. 879. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til iðnaðarlaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 3. gr. Orðin „karl eða kona“ falli burt.

Nd. 880. Breytingartillögur [309. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, sem orðist svo:

a. (3. gr.) Þriðja málsgrein í 12. gr. laganna orðist svo:
Tryggingayfirlæknir metur ásamt lífeyrisdeildarstjóra og félagsráðgjafa örorku þeirra sem sækja um örorkubætur.

c. (4. gr.) Niður falli í 14. gr. laganna, fyrstu málsgrein, orðin „enda eigi barnið lögheimili hér á landi“.

d. (5. gr.) Niður falli í 17. gr. laganna, fyrstu málsgrein, orðin „innan 67 ára aldurs“.

Nd. 881. Frumvarp til laga [310. mál]

um grænfóðurverksmiðjur.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélaga um eignaraðild og rekstur þeirra grænfóðurverksmiðja, sem nú eru í eigu ríkissjóðs.

Til samvinnu um stofnun hlutafélaga samkvæmt 1. mgr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.

2. gr.

Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að stofnun hlutafélaga um eignaraðild og rekstur nýrra grænfóðurverksmiðja.

Áður en staðarval nýrrar verksmiðju er ákveðið, skal umsögn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda liggja fyrir.

Ríkisstjórninni skal heimilt að greiða stofnfjárframlög til grænfóðurverksmiðja. Stofnfjárframlög mega að hámarki vera ⅓ hluti áætlaðs stofnkostnaðar.

Framlög ríkissjóðs skulu vera ákveðin í fjárlögum.

3. gr.

Heimilt er að selja grænfóðurverksmiðjur í ríkiseign á leigu, til allt að 4ra ára í senn.

4. gr.

Meðan eignaraðild að grænfóðurverksmiðjum er alfarið á hendi ríkissjóðs, skal stjórn fimm manna fara með málefni þeirra. Landbúnaðarráðherra skipar þrjá stjórnarmenn og skal einn þeirra vera formaður stjórnar. Fjármálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn. Stjórnin skal skipuð til 4ra ára í senn.

5. gr.

Stjórnin ræður verksmiðjustjóra fyrir hverja verksmiðju sem annast daglega stjórn hennar.

6. gr.

Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga þeirra verksmiðja, sem eru að öllu leyti eign ríkissjóðs.

7. gr.

Stjórn grænfóðurverksmiðjanna ákveður verð á framleiðsluvörum þeirra, svo og söluskilmála, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið. Verðið skal miðað við, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þ. á m. vöxtum og afskriftum af fjármagnskostnaði.

8. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi 4. tl. 28. gr. og 55.—60. gr. 10. kafla laga nr. 45/1971, svo og önnur lagaákvæði, er fara kunna í bága við lög þessi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér á landi eru starfræktar 5 grænfóðurverksmiðjur, að Gunnarsholti á Rangárvöllum, á Stólólfsvelli, að Flatey á Mýrum, í Dalasýslu og á Brautarholti á Kjalarnesi.

Verksmiðjan í Brautarholti er í einkaeign, hinar eru í eigu ríkissjóðs.

Mikill áhugi hefur verið fyrir því á undanförnum árum að efla innlendan fóðuriðnað.

Sýnt hefur verið fram á, að innlendar grænfóðurverksmiðjur, geti framleitt úr innlendum hráefnum fóður, sem hefur fóðurgildi á við innflutt kjarnfóður.

Árlegt magn af innfluttu kjarnfóðri undanfarin ár er 60—70 þús. tonn. Hámarksframleiðslugeta núverandi grænfóðurverksmiðja er 12 000 tn.

Öll rök hníga að því að stuðla beri að sem mestri innlendri fóðuröflun og draga að sama skapi úr magni aðflutts fóðurs.

Til þess þarf að tryggja rekstraraðstöðu grænfóðurverksmiðja.

Undanfarin ár hefur engin verksmiðja í einkaeign eða eign félagssamtaka verið reist og sem stendur er ekki vitað til að áform sé um byggingu slíkrar verksmiðju.

Hinsvegar er sótt um byggingu nýrra verksmiðja í ríkiseign.

Telja verður eftirsóknarvert að einstaklingar og félagssamtök eigi aðild að rekstri grænfóðurverksmiðja og að ríkissjóður taki því aðeins þátt í byggingu þeirra og rekstri að það sé í samvinnu við fleiri, sem hafa hagsmuna að gæta af slíkum rekstri.

Þessvegna er frumvarp þetta flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að stofna hlutafélög um þær verksmiðjur, sem ríkissjóður á nú og rekur.

Um 2. gr.

Ríkissjóði er samkvæmt greininni því aðeins heimilt að eiga aðild að nýjum verksmiðjum að stofnast hafi til samtaka um slíkan rekstur við einstaklinga og/eða félagssamtök, sem öðlast réttindi og bera skyldur á móti ríkissjóði.

Um 3. gr.

Greinin er nýmæli.

Um 4. gr.

Fimm manna stjórn er ætlað að fara með málefni grænfóðurverksmiðja í ríkiseign í stað þess að hafa stjórn fyrir hverja verksmiðju, eins og nú er.

Fóðuriðnaðarnefnd, sem rannsakaði framtíðarmöguleika íslensks fóðuriðnaðar gerði tillögu um eina stjórn yfir öllum ríkisverksmiðjum, skyldi hún skipuð þremur mönnum.

Um 5.—8. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Nd. 882. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 29. maí 1972, um orlof húsmæðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leitaði álits Magnúsar E. Guðjónssonar framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 3. maí 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Stefán Valgeirsson. Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Ólafur G. Einarsson. Eðvarð Sigurðsson. Magnús T. Ólafsson.

Ed. 883. Breytingartillögur [240. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Helga F. Seljan.

1. Við 6. gr. bætist 3. töluliður, svo hljóðandi:
   Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.
2. Við 8. gr. bætist 3. töluliður:
   Ráðherra setur héraðshjúkrunarfræðingum erindisbréf að fengnum tillögum Hjúkrunarfélags Íslands.
3. Við 10. gr. bætist 2. töluliður:
   Um laun hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, sem jafnframt eru héraðshjúkrunarfræðingar, fer eftir launasamningi fjármálaráðherra og Hjúkrunarfélags Íslands á hverjum tíma.

Ed. 884. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til laga um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Davíð Scheving Thorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri sama félags, Haraldur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar

byggingariðnaðarins, Gunnar Björnsson, formaður Meistarasambands byggingamanna, og Sigurður Kristinsson, formaður Landssambands iðnaðarmanna.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. maí 1978.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Stefán Jónsson, með fyrirvara.	Bragi Sigurjónsson, með fyrirvara.	Jón G. Sólnes.
	Albert Guðmundsson.	

Ed. 885. Breytingartillögur [268. mál]

við frv. til laga um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 13. gr. Út falli „Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins".
2. Við 15. gr. Út falli „og VII".
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðsins „Gjöld" komi: Gjald, út falli „og 53. gr.", og í stað „skulu" komi: skal.

Ed. 886. Breytingartillaga [200. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Á eftir orðunum „sem um semst" komi: enda raski áformuð jarðasala ekki búskaparaðstöðu bænda í sveitarfélaginu.

Ed. 887. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Hún fékk Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra á sinn fund og veitti hann nefndarmönnum veigamiklar skýringar og upplýsingar um frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. maí 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr., með fyrirvara.	Bragi Sigurjónsson.
Helgi F. Seljan, með fyrirvara.	Ásgeir Bjarnason, með fyrirvara.	Steinþór Gestsson.
	Albert Guðmundsson.	

Ed. 888. Breytingartillögur [240. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „og Árnessýslu“ komi: Árnessýslu og Selfosskaupstað.
2. Við 14. gr.
   a) Við 14.6.4. Þórshafnarumdæmi. Liðurinn orðist svo:
      1) Þórshöfn H1, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.
      2) Raufarhöfn H1, starfssvæði Raufarhafnarhreppur.
   b) Við 14.7.1. Egilsstaðaumdæmi. Í stað 4. töluliðar komi tveir liðir:
      4) Vopnafjörður H1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.
      5) Bakkafjörður H, starfssvæði Skeggjastaðahreppur.
   c) Við 14.8.3. Árnesumdæmi. Í stað „Selfosshreppur“ í 3. tölulið komi: Selfosskaupstaður.
   d) Við 14.10. Við málsgreinina bætist:
      Ráðherra getur í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir fellt niður einn eða fleiri af málsliðum þessarar greinar.
3. Við 19. gr. 1.5.10. Í stað „sjúkdómsleit“ komi: sjúkdómaleit.

Ed. 889. Frumvarp til laga [202. mál]

um embættisgengi kennara og skólastjóra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 397 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Kennarar, sem hafa lokið B.A.- B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 4. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar. Þó skal umsækjandi með cand. mag.- próf eða annað hliðstætt því ganga fyrir að öðru jöfnu.

Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 4 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

Ed. 890. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 3. maí 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Jón G. Sólnes.	Geir Gunnarsson.	Bragi Sigurjónsson.
	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 891. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og mælir með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

Bragi Sigurjónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Jón G. Sólnes.	Geir Gunnarsson.	Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 892. Breytingartillaga [295. mál]

við till. til þál. um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá o. fl.

Frá Geir Hallgrímssyni, Ólafi Jóhannessyni, Lúðvík Jósepssyni, Benedikt Gröndal og Magnúsi T. Ólafssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, að þar sem 6 ár eru liðin síðan stjórnarskrárnefnd var kosin, og það er lengri tími en venjulegur kjörtími þingkjörinna nefnda og ráða, skuli að loknum kosningum til Alþingis tilnefna að nýju 9 menn í stjórnarskrárnefnd af

hálfu þeirra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á nýkjörnu Alþingi, og í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög.

Sþ. 893. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndinni hafa borist umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Sláturfélagi Suðurlands, Seðlabanka Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landsbanka Íslands, Mjólkursamsölunni, Sambandi ísl. samvinnufélaga og Stéttarsambandi bænda.

Í flestum ef ekki öllum umsögnunum eru settar fram margvíslegar athugasemdir við tillöguna, sem of langt yrði að rekja hér í nefndarálitinu.

Afstaða þessara aðila virðist ráðast ýmist af tæknilegum, fjárhagslegum eða stjórnmálalegum viðhorfum, enda snertir tillagan flókið og viðkvæmt hagsmunamál bænda og þeirra annarra, sem hér eiga hlut að máli.

Við undirritaðir teljum þá hugsun, sem að baki tillögunni liggur, allrar athygli verða, og viljum fyrir okkar leyti mæla með, að hún fái frekari athugun, og leggjum því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi, að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur.

Alþingi, 3. maí 1978.

Ellert B. Schram, form., frsm. Ólafur G. Einarsson. Lárus Jónsson.

Jónas Árnason.

Nd. 894. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið. Við undirritaðir nefndarmenn mælum með samþykkt þess.

Ingólfur Jónsson tók ekki afstöðu til málsins. Sighvatur Björgvinsson skilar séráliti.

Alþingi, 3. maí 1978.

Ellert B. Schram, form. Ingvar Gíslason, fundaskr., frsm. Svava Jakobsdóttir.

Páll Pétursson. Friðjón Þórðarson.

Ed. 895. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

1. gr.

Önnur mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 20%.
2. Viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga, er séu hin sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1978.

Ed. 896. Lög [62. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 68.

Ed. 897. Lög [170. mál]

um Þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 856 (sbr. 335).

Ed. 898. Lög [272. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 720.

Ed. 899. Byggingarlög. [14. mál]

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 859 (sbr. 390).

Ed. 900. Frumvarp til iðnaðarlaga. [38. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 39 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptaþekkingu svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

Ed. 901. Lög [245. mál]

um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 675 (sbr. 462).

Ed. 902. Lög [200. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 395.

Sþ. 903. Nefndarálit [74. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til varnar gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt hennar. Ellert B. Schram var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. maí 1978.

Steinþór Gestsson, form., frsm. — Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. — Sighvatur Björgvinsson.
Helgi F. Seljan. — Pálmi Jónsson. — Gunnlaugur Finnsson.
Ingi Tryggvason. — Lárus Jónsson. — Geir Gunnarsson.

Ed. 904. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1978.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson.	Geir Gunnarsson.	Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 905. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til laga um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þar sem í ráði er að undirbúa og setja rammalöggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna, virðist einsýnt að þetta mál eigi erindi inn í þann undirbúning og athugun, og er því hér með lagt til, að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til athugunar í sambandi við fyrrgreinda fyrirhugaða rammalöggjöf.

Alþingi, 3. maí 1978.

Sighvatur Björgvinsson.

Sþ. 906. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin leitaði umsagnar um tillöguna hjá mörgum aðilum og verður hér á eftir drepið á nokkur atriði úr þeim sem bárust.

Landsbanki Íslands segir m. a.:

„Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að í framkvæmd eru miklir annmarkar á þeirri tilhögun, sem tillagan gerir ráð fyrir, og hafa þeir ekki verið kannaðir til hlítar.“

Í umsögn Búnaðarbanka Íslands stendur:

„Það er því ekki sjáanleg leið til að framkvæma núverandi afurðalánakerfi, ef greiða ætti lánin beint til bænda án milligöngu þeirra fyrirtækja, sem hafa afurðirnar í sinni vörslu og annast sölu þeirra.“

Frá Búnaðarfélagi Íslands barst eftirfarandi ályktun Búnaðarþings:

„Búnaðarþing mælir gegn því, að tillaga til þingsályktunar um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda (108. mál 99. löggjafarþings) verði samþykkt.“

Frá Stéttarsambandi bænda barst eftirfarandi bókun stjórnarinnar:

„Stjórn Stéttarsambands bænda telur framkvæmd slíkrar lánabreytingar sem hér um ræðir miklum vandkvæðum bundna og ekki líklegt að hún verði bændum

almennt til hagsbóta. Ekki hafa komið fram óskir frá samtökum bænda um slíka breytingu og getur stjórnin ekki mælt með samþykkt tillögunnar.“

Mjólkursamsalan bendir á að bændur og mjólkurbú fái ekki kerfisbundin rekstrarlán, en segir síðan:

„Um afurðalánin gildir annað. Þar hafa mjólkurbúin fengið lán út á vinnsluvörubirgðir. Æskilegt væri að þau lán yrðu hækkuð í 90% heildsöluverðs varanna. En útilokað er að breyta greiðslufyrirkomulagi þessara lána, því mjólkurbúin ein geta veðsett birgðirnar.“

Umsögn stjórnar Sláturfélags Suðurlands hljóðar þannig:

„Af þessu tilefni vill stjórn Sláturfélags Suðurlands taka fram, að hún telur ekki þörf skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi afurðagreiðslna frá Sláturfélaginu til bænda. Í áratugi hefur sá háttur verið á hafður hjá Sláturfélagi Suðurlands, að andvirði afurða er greitt til bænda með þeim hætti, að peningar eru lagðir inn á bankareikninga á nöfnum framleiðendanna, sem þeir geta síðan að sjálfsögðu ráðstafað að vild. Það sem einkum hefur háð því, að þetta fyrirkomulag teljist fullnægja þörfum búvöruframleiðenda innan Sláturfélagsins, er að lán út á afurðabirgðir hafa verið allt of lág hlutfallslega miðað við verðmæti afurðanna. Af þeim sökum hafa framleiðendurnir orðið að bíða eftir fullnaðaruppgjörum of lengi eða þar til að afurðirnar eru að fullu seldar, og getur þetta vegna eðlis framleiðslu sauðfjárafurða oft tekið á annað ár. Því ber að leggja höfuðáherslu á hækkun afurðalánanna hlutfallslega miðað við verðmæti, svo að framleiðendur geti fengið sem mestan hluta afurðanna greiddan í bankareikninga sína, sem fyrst eftir afhendingu afurðanna til vinnslustöðvanna. Stjórn Sláturfélags Suðurlands telur, að það fyrirkomulag, að bankar mundu greiða afurðaandvirði beint til bænda, yrði mjög þungt í vöfum, einkanlega þegar kæmi að endurgreiðslum lánanna frá framleiðendum til viðskiptabankanna.

Ef um væri að ræða, að bændur fengju afurða- og rekstrarlánin beint til sín, mundu greiðslur til þeirra frá afurðafélögunum ekki geta farið fram fyrr en jafnóðum eftir sölu, væntanlega þá mánaðarlega og aðeins að litlum hluta andvirðis hvern mánuð, en hver bóndi yrði þá væntanlega einnig að endurgreiða bönkunum hlutfallslegan hluta lána mánaðarlega eins og afurðafélögin gera nú.“

Umsögn Sambands íslenskra samvinnufélaga er þannig:

„Vegna þess, að umræður um þessi mál undanfarið hafa verið mjög almenns eðlis og stundum yfirborðskenndar, er nauðsynlegt, að menn fái rétta mynd af afurða- og rekstrarlánum landbúnaðarins. Þess vegna verður þetta álit nokkru lengra en ella.

Þingsályktunartillagan fjallar raunverulega um tvö mál:

1. Annars vegar afurðalánin, sem veitt eru út á birgðir búvara og greiðast upp eftir því sem vörurnar seljast, og
2. hins vegar svonefnd rekstrarlán út á sauðfjárafurðir, en líta má á þau sem fyrirframgreiðslu upp í afurðir, sem til falla í sláturtíð, en rekstrarlánin greiðast upp með afurðalánunum.

Afurðalánin.

Reglur Seðlabankans miðast við það, að hann endurkaupi afurðalánavíxla frá viðskiptabönkunum að hámarki 52% af heildsöluverði búvara og eru birgðir í mánaðarlok lagðar til grundvallar. Ofan á þessa upphæð lána viðskiptabankarnir 15.6% af heildsöluverði, þannig að afurðalánin eru samtals um 67.6% af heildsöluverði. Afurðalánin eru veitt sláturleyfishöfum og mjólkursamlögum út á birgðir og bera þessir aðilar ábyrgð á því að skila bönkunum niðurgreiðslu á lánunum af söluandvirði.

Hvað varðar Sambandskaupfélögin, þá hafa þau greitt afurðalánin beint til bænda (og annarra innleggjenda) og í svo til öllum tilfellum hafa þau sjálf bætt við bankalánin með því að greiða 75—85% af innleggi í lok sláturtíðar og eftirstöðvar

þegar afurðir eru seldar. Kaupfélögin hafa greitt þessar upphæðir inn á viðskiptareikninga innleggjenda, sem er hliðstætt því að fjárhæðirnar hefðu verið greiddar inn á bankareikninga viðkomandi aðila. Kaupfélögin eru hluti af bankakerfinu, og staðfestir Seðlabankinn þann skilning með því að gera innlánsdeildum skylt að greiða í Seðlabankann bindingu af spariinnlánum. Ekki virðist ástæða til að gera greinarmun á reikningsinnstæðu í Sambandskaupfélögunum, sem nú annast slátrun, og innstæðu í viðskiptabanka.

Þingsályktunartillagan er því óþörf hvað varðar afurðalán Sambandskaupfélaganna.

En það er annað atriði, er snertir afurðalánin, sem ástæða er til að leggja áherslu á, og það er að taka undir ályktanir bændafundanna, að afurðalánin verði hækkuð úr 67.6% í 90—100%. Það er þetta atriði, sem bændur leggja höfuðáherslu á. Fyrirkomulag greiðslunnar hefur ekki, svo vitað sé, verið ágreiningsatriði á bændafundum.

Rekstrarlánin.

Kaupfélögin hafa lengst af, frá því fyrsta félagið var stofnað árið 1882, verið aðalbankastofnanir bænda. Kaupfélögin hafa haft þá reglu í nær heila öld að gefa bændum kost á að fá lán út á væntanlegt haustinnlegg. Rekstrarmál bænda hefðu vart orðið leyst á annan veg. Kaupfélögin hafa einnig veitt bændum lán til uppbyggingar og er ekki ofsagt, að félagsmenn kaupfélaganna hafi beitt félögunum fyrir uppbyggingu í sveitunum, eftir því sem kostur var á í hverju félagi. Þessi bankastarfsemi kaupfélaganna var félagsmönnunum ekki aðeins nauðsynleg heldur einnig mjög hagstæð, samanborið við aðra möguleika.

Á seinni áratugum hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði hér á landi. Vélar hafa leyst handafl af hólmi. Rekstrarvörur, svo sem áburður og kjarnfóður, hafa orðið æ þýðingarmeiri þættir í landbúnaðinum og landbúnaðurinn í dag er rekinn sem fjármagnsbúskapur. Það er ekki síst sauðfjárbúskapurinn, sem þarf mikið rekstrarfé vegna þess m. a. hve langan tíma tekur að fá afurðir af búrekstrinum. Rétt er í þessu sambandi að bregða upp mynd, er skýrir þetta betur.

Bóndi, sem kaupir áburð á tún sitt nú í vor, heyjar túnið í sumar og gefur búfénu heyið ásamt kjarnfóðri veturinn 1978—1979. Í maí 1979 fæðast lömbin fyrst, en afurðir þeirra eiga að greiða allan rekstrarkostnaðinn við sauðfjárbúskapinn og þá koma aftur áburðarkaup og heyöflun til næsta vetrar. Í sept./okt. 1979 er dilkunum slátrað og verið er að selja afurðirnar til hausts 1980. Þannig líða nær tvö ár frá því byrjað er að eyða verulegu fjármagni í rekstrarkostnað, sem er margþættur, þar til afurðaverðið skilar sér endanlega. Hér verður líka að vekja athygli á hinum mikla fjármagnskostnaði, en vextir hér í verðbólgunni eru bændum mjög þungir í skauti og auka á misræmi framleiðslukostnaðar hér miðað við samkeppnislöndin.

Á árunum 1955—1956 byrjaði bankakerfið að veita sérstök rekstrarlán vegna sauðfjárframleiðslu. Má segja, að með þessu hafi verið greitt fyrir því, að samvinnufélögin og aðrir sláturleyfishafar gætu haldið áfram að veita bændum lán út á haustinnlegg sitt.

Árið 1958 voru rekstrarlánin, sem Seðlabankinn veitti, 53.8% af heildsöluverði sauðfjárafurða og voru lánin veitt á tímabilinu mars til ágúst. Þessi lán fóru svo lækkandi næstu árin og árið 1977 voru þau 17.5% af heildsöluverði (miðað við ágúst 1977). Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að til viðbótar hafa komið lán út á áburð frá Áburðarverksmiðjunni.

Þrátt fyrir það, að rekstrarlánin fóru hlutfallslega svo mjög lækkandi, reyndu kaupfélögin að halda hinni áratugagömlu reglu, að veita bændum lán út á haustinnlegg sitt. Þetta hefur þó orðið kaupfélögunum ofraun. Sveiflan í fjárhagsstöðunni frá mars til nóvember hefur verið meiri en félögin gætu ráðið við.

Til þess að útskýra þetta nánar er rétt að nefna dæmi:

Á árinu 1976 (tölur fyrir 1977 liggja ekki enn fyrir) kom í ljós, að skuldir

viðskiptamanna Sambandskaupfélaganna, að frátöldum innstæðum, hækka frá 1. janúar til 31. ágúst 1976 um 4.1 milljarð króna (4 100 millj.), en lækka svo aftur þegar haustafurðalánin koma til skila, og staðan er jákvæð um áramót. Til frádráttar á þessari sveiflu koma svo rekstrarlánin til landbúnaðarins, sem veitt voru frá Seðlabankanum, þar með lán til áburðarkaupa, á tímabilinu frá mars til ágúst, 1.1 milljarður. Sveiflan frá janúar til ágúst er þannig 3 milljarðar. Þessa upphæð þurftu kaupfélögin að fjármagna. Að sjálfsögðu gátu félögin ekki axlað þessa byrði án þess að fá til þess aðstoð. Sambandið hefur á undanförnum áratugum komið inn í myndina og árið 1976 er talið, að af 3 milljörðum hafi lent á Sambandinu 1.3 milljarðar. Mismunurinn 1.7 milljarðar lenti á félögunum sjálfum. Það gefur auga leið, að auðvitað þurftu félögin og Sambandið að leita til bankanna til þess að geta axlað þessa byrði. En þrátt fyrir nokkra fyrirgreiðslu þaðan varð staðreyndin sú, að það varð félögunum og Sambandinu ofraun að veita hina miklu lánafyrirgreiðslu til landbúnaðarins á s. l. ári eins og reyndar undangengin ár, og óhagstæð lausafjárstaða hjá flestum félaganna og Sambandinu varð dragbítur á reksturinn.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því, að það hefur komið í hlut kaupfélaganna að leysa að stærstum hluta rekstrarlán landbúnaðarins vegna sauðfjárbúskaparins.

Frá sjónarhóli samvinnuhreyfingarinnar yrði það mjög hagstætt ef bændum yrði, með fyrirgreiðslu úr bankakerfinu, gert kleift að staðgreiða kostnaðinn við búreksturinn. Slíkt mundi leysa stóran fjárhagsvanda samvinnufélaganna og losa þau við þá klemmu, sem þau hafa lent í vegna rekstrarlána til bænda.

En þessi mál eru kannske ekki svo einföld í framkvæmd. Fyrsta spurningin verður sú, hvort bankakerfið sé reiðubúið að taka að sér að leysa rekstrarlánin, sem mundi þýða margföldun lánanna frá því sem nú er.

Yrði þá lágmarkið að vera það, að bændur ættu kost á rekstrarlánunum sem svaraði 65% af heildsöluverði sauðfjárafurða og væru þau lán veitt á tímabilinu mars til september, og afurðalánin yrðu þá einnig að hækka mjög verulega. Önnur spurning er trygging til viðskiptabankanna. Þriðja spurningin er stóraukinn kostnaður fyrir bændur vegna breytts fyrirkomulags. Lánafyrirgreiðsla kaupfélaganna til bænda hefur verið ódýr, að henni hefur verið tímasparnaður fyrir bændur, þeir hafa verið, í flestum tilfellum, leystir undan því að sitja í biðstofum til lánsútvegunar og þeir hafa ekki þurft að greiða lántökukostnað. Fjórða spurningin hlýtur þó að vega mest: Vilja bændur sjálfir gera á þessu breytingu, treysta á að bankakerfið leysi rekstrarlánin, en kaupfélögin hætti að lána út á haustinnlegg?

Þessi lánamál landbúnaðarins eru afar þýðingarmikil og vandasöm viðfangs og þurfa að athugast í samhengi.

Sambandið telur, að breyta ætti tillögunni á þessa lund:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að bændur eigi kost á rekstrarlánum, sem geri þeim kleift að staðgreiða reksturskostnað sinn. Jafnframt verði hlutast til um, að afurðalán út á birgðir verði hækkuð verulega og þar með komið á móti óskum bænda. Tilhögun lánveitinganna verði ákveðin í samráði við Stéttarsamband bænda.“

Með tilliti til þessara umsagna leggur minni hluti nefndarinnar til, að hún verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem tillögu þessari er andmælt einróma af öllum þeim, sem þar eiga hlut að máli og leitað hefur verið umsagna hjá, þá telur sameinað Alþingi ekki fært að samþykkja hana og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. maí 1978.

Jón Helgason, fundaskr., frsm. Jón Skaftason. Magnús T. Ólafsson.

Ed. 907. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og átt sameiginlegan fund með fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar.

Varðandi meðferð málsins á sameiginlegum fundum vísast til nefndarálits frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. á þskj. 838.

Auk þess kom á fund nefndarinnar Klemens Tryggvason hagstofustjóri og skýrði verðhækkunaráhrif jöfnunargjaldsins.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 5. maí 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Nd. 908. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 13 31. mars 1962, um heyrnleysingjaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það barst frá efri deild. Gunnlaugur Finnsson og Ellert B. Schram voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1978.

Ingvar Gíslason, form., frsm.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.
Ólafur B. Óskarsson.
Magnús T. Ólafsson.
Svava Jakobsdóttir.

Ed. 909. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, en við sem skipum minni hl., viljum fella það.

Samkvæmt frv. er lagt til að upp verði tekið nýtt innflutningsgjald — 3% — á svonefndar EFTA-vörur, þ. e. a. s. vöruflokka sem innflutningstollar hafa verið lækkaðir á í samræmi við EFTA-samning og viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið. Talið er að gjald þetta muni nema um 1 080 milljónum króna á ári og leiða af sér hækkun verðlagsvísitölu um 0.7—1%, þegar bein víxlverkandi áhrif eru höfð í huga. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, „að hluti“ af gjaldinu eigi að renna til eflingar iðnþróunar. Ljóst er þó, að verulegur hluti gjaldsins á að renna í ríkissjóð.

Þetta fyrirhugaða jöfnunargjald veldur verulegum ágreiningi við launþegasamtökin og er enn einn vottur þess, hvernig að málum er staðið af hálfu núverandi ríkisstjórnar. Þá hefur Verslunarráð Íslands einnig varað við samþykkt gjaldsins.

Minni hl. viðurkennir réttmæti þess, að ríkissjóður endurgreiði svonefndan uppsafnaðan söluskatt í því skyni að jafna samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Frv. fjallar hins vegar ekki um endurgreiðslu ríkissjóðs á ofinnheimtum söluskatti, heldur það, að lagt verði á nýtt innflutningsgjald, sem óhjákvæmilega mundi leiða til verðlagshækkana og síðan kaupgjaldshækkunar sem að sjálfsögðu yki á útgjöld iðnaðarins eins og annars atvinnurekstrar. Minni hl. telur réttlætanlegt að tekið sé til athugunar, að lágt gjald yrði sett á sama grunn og frv. gerir ráð fyrir til eflingar íslenskum iðnaði, iðnþróun, og til að skapa ný atvinnutækifæri í iðnaði, ásamt því að styrkja verkþjálfun hjá iðnverkafólki.

Minni hl. er andvígur frv. og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 5. maí 1978.

Jón Árm. Héðinsson, Ragnar Arnalds. Albert Guðmundsson.

Nd. 910. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við fræðslustarfsemi MFA og bréfaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Meiri hluti menntamálanefndar telur að þetta mál þurfi meiri umræðu og undirbúnings áður en samþykkt verður. Eftir atvikum telur meiri hlutinn rétt að leggja til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1978.

Ingvar Gíslason, form., frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ólafur B. Óskarsson.

Ellert B. Schram. Gunnlaugur Finnsson.

Nd. 911. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Guðmundi H. Garðarssyni.

1973	2.85
1974	2.00
1975	1.33
1976	1.00

Jafnvel með slíkri tilfærslu til fasts verðlags er byggir á breytingu vísitölu vöru og þjónustu milli ára, eru óvissu mörk á öllum tölum tilfinnanleg.

Við þessa óvissu bætist önnur, sem sé sú, sem stafar af því að allar tiltækar kostnaðartölur eru á ársgrundvelli, þ. e. frá 1. jan. —31. des. hvert ár, en breytingar til hækkunar eða lækkunar í raunútgjöldum til flestra þessara málaflokka eiga sér stað milli skólaára, þ. e. frá hausti til hausts. Í hverju reikningsári er því seinni hluti skólaárs að viðbættum fyrra hluta nýs skólaárs, breytingar koma því frekar óljóst fram, nema þær taki til fleiri reikningsára í senn.

Um töflurnar.

Hinar tilfærðu tölur ná til rekstrarútgjalda vegna starfsemi viðkomandi stofnana þannig er ekki talinn gjaldfærður stofnkostnaður, viðhald né sértekjur stofnana til frádráttar.

Til þess að auðvelda samanburð við ríkisreikninga og við fjárlög er tölum raðað að mestu í samræmi við flokkun ríkisbókhalds. Tölur eru tilfærðar í heilum þúsundum króna svo sem venja hefur verið undanfarin ár, bæði hvað viðvíkur ríkisreikningi og fjárlögum, nema í yfirlitstöflum þar sem fjárhæðir eru í milljónum króna.

Tafla 1.

Taflan gefur heildaryfirlit yfir menntamálaútgjöld 1971—1976, að stofnfjárframlögum og viðhaldi fasteigna undanskildum.

Um raunverulega þróun þessara mála er aðeins neðri hluti töflunnar (Á verðlagi 1976) marktækur.

YFIRLIT

Mál þau er undir menntamálaráðuneytið heyra má flokka á ýmsa vegu.
Hér er flokkað þannig:

Allar tölur í m.kr.	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs						
1) Menntamálaráðuneytið* – yfirstj. menntam.	62,0	72,9	98,2	151,3	190,7	206,9
2) Fræðslumál, skólar, lán og styrkir vegna náms o. fl.	1 575,9	2 143,2	3 013,5	4 689,9	6 339,8	8 823,5
3) Menningarmálefni önnur en 1) og 2)	200,8	282,3	362,0	616,0	835,1	1 104,2
Alls	1 838,7	2 498,4	3 473,8	5 457,3	7 365,6	10 134,6
Á verðlagi 1976						
1) Menntamálaráðuneytið – yfirstj. menntamála	252,4	258,9	280,0	302,7	253,7	206,9
2) Fræðslumál, skólar, lán og styrkir vegna náms o. fl.	6 413,8	7 608,5	8 588,6	9 379,9	8 432,0	8 823,5
3) Menningarmálefni önnur en 1) og 2)	817,4	1 002,0	1 031,7	1 232,0	1 110,7	1 104,2
Alls	7 483,7	8 869,4	9 900,3	10 914,6	9 796,3	10 134,6

*Fræðslumálaskrifstofa meðtalin 1971.

Tafla 2.

Hér er tilfærð nánari sundurliðun á línu (2) í töflu 1, þ. e. upptalning þeirra málaflokka er falla undir „Fræðslumál, skólar o. s. frv."

Í undirtöflum (2 a) til (2 i) er gerð grein fyrir þeim liðum ríkisreikninga er undir hvern málaflokk heyra.

RÍKISREIKNINGUR

Rekstrarútgjöld ríkisins til fræðslumála o. fl.
Talið í þús. kr.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs						
a) Barna- og gagnfræðaskólar*	848 538	1 107 035	1 512 929	2 223 583	2 846 862	3 889 859
b) Menntaskólar og fjölbrautaskólar	123 159	166 222	224 524	352 277	501 406	727 753
c) Héraðsskólar	46 931	54 772	74 282	126 230	162 509	204 536
d) Kennaraskólar og kennaramenntun	49 422	58 008	73 577	115 215	158 783	205 477
e) Ýmsir sérskólar	182 446	252 891	345 617	555 932	828 325	1 116 572
f) Háskólinn og stofnanir hans	173 747	252 757	355 124	577 225	791 600	1 054 789
g) Lán og styrkir til íslenskra námsmanna og framlög til fræðimanna	107 507	203 082	340 098	517 294	745 609	1 270 597
h) Vernd barna og ungmenna	8 620	9 431	14 651	112 834	149 576	161 692
i) Önnur útgjöld, ekki annarsstaðar tilfærð	35 495	39 032	72 737	109 369	155 147	192 186
Samtals	1 575 865	2 143 230	3 013 539	4 689 959	6 339 817	8 823 461
Á verðlagi 1976	6 413 770	7 608 466	8 588 586	9 379 918	8 431 956	8 823 461

*Frá og með ársbyrjun 1975, sbr. lög um grunnskóla, eru tilfærð útgjöld ríkisins til þeirra skóla.

2a

Útgjöld ríkisins til rekstrar barna- og gagnfræðastigsskóla.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs						
02–700 Barna- og gagnfræðastigsskólar í Rvík	295 648	376 033	497 496	722 378	895 664	1 171 693
02–710 Barna- og gagnfræðastigssk. í Kópavogi	53 111	67 721	90 725	132 533	164 182	212 337
02–711 Barna- og gagnfræðast.sk. á Seltjarnarn.	–	–	–	–	32 260	49 937
02–712 Barna- og gagnfræðastigssk. í Garðabæ	–	–	–	–	69 251	92 860
02–714 Barna- og gagnfræðastigssk. í Hafnarf.	41 625	56 374	83 187	124 966	152 193	184 017
02–722 Barna- og gagnfræðastigssk. í Keflavík	23 371	30 560	40 724	64 030	77 476	100 952
02–723 Barna- og gagnfræðastigssk. í Grindavík	–	–	–	–	17 477	26 829
02–724 Barna- og gagnfræðastigssk. í Njarðvík	–	–	–	–	–	27 924
02–730 Barna- og gagnfræðastigssk. á Akranesi	19 271	22 760	29 748	43 868	52 322	68 268
02–740 Barna- og gagnfræðastigssk. á Ísafirði	10 264	15 278	21 757	30 228	39 169	50 438
02–741 Barna- og gagnfræðastigssk. í Bolungarv.	–	–	–	–	11 207	14 088
02–751 Barna- og gagnfræðastigssk. á Sauðárkr.	6 104	8 338	9 936	15 354	19 487	27 921
02–750 Barna- og gagnfræðastigssk. á Siglufirði	8 998	11 648	13 723	20 405	23 302	33 393
02–762 Barna- og gagnfræðastigssk. á Ólafsfirði	6 233	7 669	10 113	15 821	20 025	28 548
02–763 Barna- og gagnfræðastigsskólar á Dalvík	–	–	–	–	15 469	24 398
02–760 Barna- og gagnfræðastigssk. á Akureyri	41 322	49 954	68 699	103 982	131 402	174 864
02–761 Barna- og gagnfræðastigssk. á Húsavík	8 442	10 326	13 937	22 217	28 211	38 680
02–770 Barna- og gagnfræðastigssk. á Seyðisfirði	3 951	5 263	7 089	9 285	12 673	18 694
02–771 Barna- og gagnfræðastigssk. í Neskaupst.	7 014	8 170	10 399	16 169	21 756	31 142
02–772 Barna- og gagnfræðastigssk. á Eskifirði	–	–	–	–	11 638	16 612
02–780 Barna- og gagnfr.stigssk. í Vestmannaey.	17 820	23 146	22 845	27 961	45 125	61 790
02–788 Barna- og gagnfræðastigssk. utan kaupst.	304 976	413 795	554 626	842 173	952 119	1 292 613
02–798 Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt	388	–	16 925	27 083	52 780	141 861
02–799 Framlög til skólabygginga og íbúða skólastjóra (ósundurliðað)	–	–	21 000	5 130	1 674	–
Samtals	848 538	1 107 035	1 512 929	2 223 583	2 846 862	3 889 859
Á verðlagi 1976	3 453 549	3 929 974	4 311 847	4 447 170	3 786 326	3 889 859

Frá og með ársbyrjun 1975, sbr. lög um grunnskóla, eru tilfærð útgjöld ríkisins til þeirra skóla.

2b

Útgjöld ríkisins til rekstrar menntaskóla og fjölbrautaskóla.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs						
02-301 Menntaskólinn í Reykjavík	37 739	47 260	56 940	78 532	97 433	119 787
02-302 Menntaskólinn á Akureyri	22 638	28 095	34 901	54 696	76 037	95 302
02-303 Menntaskólinn á Laugarvatni	8 741	10 872	14 017	19 603	30 834	36 463
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	33 461	42 655	53 284	85 397	115 293	150 677
02-305 Menntaskólinn við Tjörnina	16 894	29 282	40 632	60 775	88 011	115 110
02-306 Menntaskólinn á Ísafirði	3 686	6 258	11 862	22 166	29 345	43 139
02-315 Menntaskólinn í Kópavogi	–	–	3 394	13 100	23 023	35 881
02-307 Menntaskólinn á Austurlandi	–	–	–	595	255	–
02-308 Menntaskólar almennt	–	–	2 963	4 036	1 438	2 344
02-309 Víghólaskóli, menntadeild	–	712	1 536	–	–	–
02-311 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	–	649	2 896	9 941	25 827	45 327
02-312 Neskaupstaður, menntadeild	–	–	272	577	–	–
02-313 Vörðuskóli (Austurb.sk.), menntadeild	–	439	1 827	2 859	2 757	3 589
02-316 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	–	–	–	–	11 103	64 930
02-317 Fjölbrautaskólinn í Keflavík	–	–	–	–	–	15 204
Samtals	123 159	166 222	224 524	352 277	501 406	727 753
Á verðlagi 1976	501 257	590 088	639 893	704 554	666 869	727 753

Auk hinna eldri menntaskóla eru hér meðtaldar menntadeildir og fjölbrautaskólar.

2c

Útgjöld ríkisins til rekstrar héraðsskóla o. fl.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02-601	Héraðsskólinn í Reykholti	5 474	6 737	9 568	13 688	16 989	23 750
02-602	Héraðsskólinn á Núpi	6 942	7 838	10 342	15 846	24 770	30 622
02-603	Héraðsskólinn í Reykjanesi	4 518	5 466	7 216	11 224	15 517	17 545
02-604	Héraðsskólinn á Reykjum	5 465	6 818	8 547	13 196	18 296	22 265
02-609	Héraðsskólinn á Laugum	4 442	–	3 189	13 533	16 662	24 243
02-605	Alþýðuskólinn á Eiðum	7 725	8 751	11 548	17 621	24 752	30 269
02-606	Héraðsskólinn í Skógum	5 457	7 627	9 699	14 923	20 064	26 443
02-607	Héraðsskólinn á Laugarvatni	5 280	5 819	7 080	10 345	15 500	18 948
02-679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	1 628	1 716	2 093	2 854	2 959	4 233
02-608	Héraðsskólar almennt	–	–	–	–	–	1 218
02-621	Skálholtsskóli	–	4 000	5 000	7 000	7 000	5 000
	Samtals	46 931	54 772	74 282	126 230	162 509	204 536
	Á verðlagi 1976	191 009	194 440	211 703	252 460	216 136	204 536

2d

Rekstrarútgjöld vegna kennaraskóla og kennaramenntunar.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02-321	Kennaraháskóli Íslanús og						
02-322	Æfinga- og tilraunaskólinn	44 552	50 694	64 952	101 572	141 740	185 418
02-331	Íþróttakennaraskóli Íslands	2 357	3 751	5 094	7 375	11 023	12 586
02-336	Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	2 513	3 563	3 531	6 268	6 020	7 473
	Samtals	49 422	58 008	73 577	115 215	158 783	205 477
	Á verðlagi 1976	201 147	205 928	209 694	230 430	211 181	205 477

2e

Útgjöld ríkisins til rekstrar ýmissa sérskóla.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02-514 / 02-516	Iðnskólar	39 038	52 139	77 154	133 235	191 462	266 662
02-507 / 02-582	Stýrimannaskólar	10 396	13 282	13 606	18 873	24 493	34 686
02-571	Sjómannaskólahús, rekstur	1 816	17 094	8 126	15 743	25 757	29 537
02-506	Vélskóli Íslands	18 798	22 947	26 853	42 353	59 440	81 515
02-501	Tækniskóli Íslands	15 614	20 303	27 771	43 534	66 620	93 908
02-518	Fiskvinnsluskólinn	413	2 606	6 017	9 957	12 762	20 719
02-517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	3 844	4 541	8 441	14 850	18 248	26 934
02-541 / 02-553	Húsmæðraskólar (Hússtjórnarskólar)	21 087	29 160	35 690	48 621	59 336	66 040
04-501 / 04-503	Búnaðarskólar og garðyrkjuskóli	21 028	24 248	32 208	46 980	110 257	156 998
02-581	Verslunarskólar	13 167	18 000	29 842	38 306	67 954	83 881
02-521 / 02-552	Hjúkrunarskólar	19 302	25 507	40 661	67 563	89 143	114 975
02-789	Heyrnleysingjaskóli	12 284	14 810	18 300	25 301	34 429	43 459
02-561 / 02-982	Myndlista- og handíðaskóli o. fl.	5 389	6 960	13 332	23 577	32 326	41 826
02-800 / 02-797	Skólar fyrir fjölfötluð börn	–	1 294	5 940	19 440	22 330	26 074
02-523	Fóstruskóli Íslands	–	–	1 676	7 599	9 292	12 812
02-562	Leiklistarskóli Íslands	–	–	–	–	4 476	16 546
	Samtals	182 446	252 891	345 617	555 932	828 325	1 116 572
	Á verðlagi 1976	742 555	897 763	985 008	1 111 864	1 101 672	1 116 572

Hér eru meðtaldir búnaðar- og garðyrkjuskólar, þótt þeir heyri ekki undir menntamálaráðuneytið.

2f

Rekstur Háskóla Íslands og stofnana hans.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–201	Háskóli Íslands	103 066	160 357	235 017	382 764	528 717	716 114
02–202	Tilraunastöð Háskólans á Keldum	21 745	26 163	37 512	49 304	69 137	94 387
02–203	Raunvísindastofnun Háskólans	16 821	23 613	34 104	56 603	79 091	112 331
02–205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	5 473	10 905	12 558	26 242	25 422	41 222
02–206	Orðabók Háskólans	2 825	3 775	4 073	6 710	8 217	10 343
02–231	Náttúrufræðistofnun Íslands (talin annars staðar)						
02–232	Rannsóknarráð ríkisins	9 862	11 039	18 140	15 411	18 516	27 802
02–271	Reiknistofnun Háskólans	1 467	3 405	–[1]	–	–	–
02–276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	12 488	13 500	13 720	40 191	62 500	52 590
	Samtals	173 747	252 757	355 124	577 225	791 600	1 054 789
	Á verðlagi 1976	707 150	897 287	1 012 103	1 154 450	1 052 828	1 054 789

[1]) Talin með Raunvísindastofnun H. Í.

2g

Framlög ríkisins til lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	93 588	190 439	325 112	489 800	723 902	1 245 869
02–881	Náms- og fræðimenn, framlög	13 919	12 643	14 986	27 494	21 707	24 728
	Samtals	107 507	203 082	340 098	517 294	745 609	1 270 597
	Á verðlagi 1976	437 553	720 941	969 279	1 034 588	991 059	1 270 597

2h

Útgjöld ríkisins vegna verndar barna og ungmenna o. fl.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–801	Vistheimilið í Breiðavík	4 261	4 053	4 866	10 464	11 979	18 398
02–802	Vernd barna og ungmenna	1 200	1 439	1 734	1 766	2 050	2 681
02–803	Dagvistunarheimili	–	–	–	79 577	112 434	82 031
02–804	Öskjuhlíðarskóli	–	–	–	–	–	36 111
02–805	Sumardvöl afbrigðilegra barna	–	–	–	–	–	4 834
02–871	Upptökuheimilið í Kópavogi	3 159	3 939	8 051	21 027	23 113	17 637
	Samtals	8 620	9 431	14 651	112 834	149 576	161 692
	Á verðlagi 1976	35 083	33 480	41 755	225 668	198 936	161 692

2i

Ýmis útgjöld ekki annars staðar tilfærð.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–431	Iðnfræðsluráð	2 125	2 603	4 187	6 711	16 531	20 666
02–883	Til lektora í íslensku við erlenda háskóla	382	658	221	737	848	1 160
02–884	Jöfnun námskostnaðar	19 116	22 539	49 849	79 144	108 172	130 809
02–885	Fullorðinsfræðsla	–	–	–	–	–	2 631
02–988	Æskulýðsmál	–	3 111	3 457	6 540	8 201	11 330
02–999	Ýmislegt	13 872	10 121	15 023	16 237	21 395	25 590
	Samtals	35 495	39 032	72 737	109 369	155 147	192 186
	Á verðlagi 1976	144 464	138 563	207 300	218 738	206 345	192 186

Tafla 3.

Hér er — á sama hátt og í töflu 2 — tilfærð upptalning þeirra málaflokka er heyra undir línu (3) í töflu 1.

Í undirtöflum (3 a) til (3 ó) er gerð grein fyrir þeim liðum ríkisreikninga er undir hvern málaflokk heyra.

Útgjöld ríkisins til menningarmála, annarra en yfirstjórnar og fræðslumála.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs						
a) Bókasöfn	21 386	25 967	30 940	48 267	57 938	61 497
b) Þjóðminjasafn	8 618	11 162	14 867	22 783	37 488	44 921
c) Listasöfn o. fl.	14 089	21 790	21 474	45 860	58 815	90 622
d) Náttúrugripasöfn o. fl.	7 716	9 905	10 943	16 981	23 380	29 483
e) Leiklist	31 546	49 701	72 842	162 459	192 363	216 478
f) Tónlistarmál	29 060	39 155	47 796	83 175	104 255	159 404
g) Náttúruverndarráð o. fl.	644	2 952	6 254	14 039	23 641	31 236
h) Menningarsjóður	3 761	5 645	7 947	10 841	14 158	18 325
i) Íþróttamál	10 425	22 047	29 061	55 040	86 921	120 390
j) Félagsheimilasjóður	15 686	21 012	29 310	42 849	58 516	73 510
k) Norræn samvinna	3 873	3 747	4 348	7 273	9 343	12 236
l) Vísindasjóður o. fl.	1 833	2 354	4 360	5 383	1 364	14 335
m) Ríkisútvarp, sjónvarp	24 043	24 657	34 659	34 164	72 397	87 806
n) Ríkisútgáfa námsbóka og fræðslumyndasafn	26 006	39 544	40 589	63 490	89 768	134 443
o) Þjóðarbókhlaða, Viðeyjarstofa o. fl.	2 160	2 616	6 622	3 406	4 747	9 550
Samtals	200 846	282 254	362 012	616 010	835 094	1 104 236
Á verðlagi 1976	817 443	1 002 001	1 031 734	1 232 020	1 110 675	1 104 236

3a

Útgjöld ríkisins til bókasafna.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02-901	Landsbókasafn	8 436	10 494	14 344	23 797	26 704	33 520
02-903	Þjóðskjalasafn	4 026	5 379	7 773	11 634	15 160	17 273
02-904	Safnahúsið	1 376	1 911	1 971	3 615	5 416	6 304
02-981	Almenningsbókasöfn	7 548	8 183	6 852	9 221	10 658	4 400
	Samtals	21 386	25 967	30 940	48 267	57 938	61 497
	Á verðlagi 1976	87 041	92 182	88 179	96 534	77 057	61 497

3b

Útgjöld ríkisins til Þjóðminjasafns.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02-902	Rekstrarkostnaður Þjóðminjasafns	8 618	11 162	14 867	22 783	37 488	44 921
	Á verðlagi 1976	35 075	39 625	42 370	45 566	49 859	44 921

3c

Útgjöld ríkisins til listasafna o. fl.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02-905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	422	508	872	1 178	1 505	1 910
02-906	Listasafn Einars Jónssonar	677	852	998	1 418	1 736	1 446
02-907	Listasafn Íslands	2 975	3 714	5 302	6 877	9 645	14 737
02-982	Listir, framlög	10 015	16 716	14 302	36 387	45 929	72 529
	Samtals	14 089	21 790	21 474	45 860	58 815	90 622
	Á verðlagi 1976	57 342	77 354	61 200	91 720	78 223	90 622

3d

Útgjöld ríkisins til náttúrufræði og til náttúrugripasafna.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02-231	Náttúrufræðistofnun Íslands	7 141	9 205	10 288	14 247	19 700	25 283
02-999	Önnur náttúrugripasöfn	575	700	655	2 734	3 680	4 200
	Samtals	7 716	9 905	10 943	16 981	23 380	29 483
	Á verðlagi 1976	31 404	35 162	31 187	33 962	31 095	29 483

3e

Útgjöld ríkisins til leiklistar.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–973	Þjóðleikhús	30 151	46 251	65 195	149 420	176 910	199 059
02–982	Önnur leiklistarstarfsemi	1 395	3 450	7 647	13 039	15 453	17 419
	Samtals	31 546	49 701	72 842	162 459	192 363	216 478
	Á verðlagi 1976	128 392	176 438	207 599	324 918	255 842	216 478

3f

Útgjöld ríkisins vegna tónlistarmála.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–102	Tónlistarskólinn í Reykjavík	–	–	5 628	7 835	9 904	7 914
02–103	Aðrir tónlistarskólar	–	–	17 275	23 391	39 701	76 579
02–104	Barnamúsikskólinn	531	818	1 066	2 335	2 846	8 218
02–105	Styrkir til tónlistarstarfsemi	2 056	2 160	1 716	1 819	2 417	1 480
02–974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	15 324	20 018	22 111	47 795	49 387	65 213
02–982	Tónlistarskólar	11 149	16 159	–	–	–	
	Samtals	29 060	39 155	47 796	83 175	104 255	159 404
	Á verðlagi 1976	118 274	139 000	136 218	166 350	138 659	159 404

3g

Útgjöld ríkisins til náttúruverndarráðs og þjóðgarða.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–931	Náttúruverndarráð	550	2 479	6 254	14 039	23 641	31 236
02–931	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	94	473	–[1]	–	–	–
	Samtals	644	2 952	6 254	14 039	23 641	31 236
	Á verðlagi 1976	2 621	10 479	17 823	28 078	31 442	31 236

1) Þjóðgarðar ekki tilgreindir

3h

Framlög ríkisins til menningarsjóðs.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–976	Menningarsjóður	3 761	5 645	7 947	10 841	14 158	18 325
	Á verðlagi 1976	15 307	20 039	22 648	21 682	18 830	18 325

3i

Útgjöld ríkisins til íþróttamála.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–989	Íþróttasjóður	5 000	13 000	21 608	44 000	69 821	94 895
02–989	Íþróttasamband Íslands	5 093	6 819	6 887	9 393	14 880	20 818
02–989	Annað	332	2 228[1])	566	1 647	2 220	4 677
	Samtals	10 425	22 047	29 061	55 040	86 921	120 390
	Á verðlagi 1976	42 429	78 266	82 823	110 080	115 604	120 390

1) Styrkur vegna þátttöku í Ólympíuleikum meðtalinn.

3j

Útgjöld ríkisins til félagsheimilasjóðs.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–985	Félagsheimilasjóður	15 686	21 012	29 310	42 849	58 516	73 510
	Á verðlagi 1976	63 842	74 598	83 533	85 698	77 826	73 510

3k

Útgjöld ríkisins vegna norrænnar samvinnu.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–984	Norræn samvinna	3 873	3 747	4 348	7 273	9 343	12 236
	Á verðlagi 1976	15 763	13 301	12 391	14 546	12 426	12 236

3l

Framlög ríkisins til Vísindasjóðs og ýmissar vísindalegrar starfsemi.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–975	Framlag úr ríkissjóði til Vísindasjóðs	540	–	1 400	3 400	–	9 750
02–983	Ýmis vísindaleg starfsemi	1 293	2 354	2 960	1 983	1 364	4 585
	Samtals	1 833	2 354	4 360	5 383	1 364	14 335
	Á verðlagi 1976	7 460	8 356	12 426	10 766	1 814	14 335

3m

Ríkisútvarp, sjónvarp.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–972	Aðflutningsgjöld yfirfærð	24 043	24 657	34 659	34 164	72 397	87 806
	Á verðlagi 1976	97 855	87 532	98 778	68 328	96 288	87 806

3n

Útgjöld ríkisins til Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafns.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–421	Fræðslumyndasafn	3 278	4 173	4 353	5 584	8 581	9 558
02–422	Ríkisútgáfa námsbóka	22 728	35 371	36 236	57 906	81 187	124 885
	Samtals	26 006	39 544	40 589	63 490	89 768	134 443
	Á verðlagi 1976	105 844	140 381	115 678	126 980	119 391	134 443

3o

Framlög ríkisins til Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu og Viðeyjarstofu o. fl.

		1971	1972	1973	1974	1975	1976
Verðlag hvers árs							
02–908	Kjarvalshús	–	110	438	625	547	–
02–977	Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu	600	2 450	6 000	2 662	4 023	4 913
02–987	Endurbætur á Viðeyjarstofu	1 560	56	184	119	177	521
02–991	Húsafriðunarsjóður	–	–	–	–	–	4 116
	Samtals	2 160	2 616	6 622	3 406	4 747	9 550
	Á verðlagi 1976	8 791	9 286	18 872	6 812	6 313	9 550

Framhaldsdeildir

Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 84/1969 og síðan lögum nr. 21/1970 og reglugerð nr. 99/1970 um heimild til að stofna eins til tveggja ára framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla tóku fyrstu deildirnar til starfa haustið 1969.

Til þessara deilda var stofnað vegna þess, að eftirspurn eftir framhaldsnámi var orðin heldur meiri en þeir framhaldsskólar, er fyrir voru, gætu annað.

Jafnframt var það álit ýmissa forsvarsmanna sérskólanna, að æskilegt væri að væntanlegir nemendur hefðu meiri almenna menntun og betri undirstöðu áður en nám við sérskóla yrði hafið.

Fyrsta árið störfuðu þessar deildir á fjórum stöðum, þ. e. Reykjavík, Akranesi, Akureyri og Neskaupstað með um 170 nemendur, en af þeim luku öllum prófum 135. Skiptust þeir á fjögur kjörsvið sem voru: uppeldis-, hjúkrunar-, tækni- og viðskiptakjörsvið.

Síðan hefur framhaldsdeildum fjölgað jafnt og þétt og á þessu skólaári eru framhaldsdeildir við 31 skóla með um 1450 nemendur. Fjölmennustu hóparnir eru á viðskiptakjörsviði, uppeldis- og hjúkrunarkjörsviði.

Framhaldsdeildirnar hafa á þessum árum sem þær hafa starfað skapað sér ákveðinn og fastan sess í skólakerfinu. Þær eru orðnar hluti af framhaldsskólanum og tengiliður milli grunnskólans og ýmissa sérskóla svo sem hjúkrunarskóla og fósturskóla. Benda má á að vaxandi fjöldi nemenda stundar 2ja ára viðskiptanám til undirbúnings starfs í atvinnulífinu og með þeim hætti hafa framhaldsdeildirnar bætt úr brýnni þörf á viðskiptamenntun í landinu.

Það hefur háð starfi framhaldsdeilda að náms- og kennslugögn hafa verið ófullkomin og að ekki hefur fengist nægur mannafli eða fjármagn til þess að skipuleggja starfið nægilega vel og taka saman og gefa út nýtt kennsluefni, heldur hefur orðið að notast við eldra efni sem betur hefði verið lagt til hliðar.

Framhaldsdeildir starfa nú við eftirtalda skóla:

Reykjavík:

Ármúlaskóla, Hagaskóla, Kvennaskólann, Laugalækjarskólann, Vörðuskóla.

Kópavogur:

Víghólaskóla, Þinghólsskóla.

Annars staðar á landinu:

Valhúsaskóla, Seltjarnarnesi, Gagnfræðaskóla Garðabæjar, Grunnskólann Borgarnesi, Héraðsskólann Reykholti, Grunnskólann Stykkishólmi, Grunnskólann Ólafsvík, Héraðsskólann Núpi, Héraðsskólann Reykjum, Grunnskólann Blönduósi, Gagnfræðaskólann Sauðárkróki, Gagnfræðaskólann Siglufirði, Gagnfræðaskólann Ólafsfirði, Gagnfræðaskólann Akureyri, Héraðsskólann Laugum, Gagnfræðaskólann á Húsavík, Miðskólann Egilsstöðum, Alþýðuskólann Eiðum, Grunnskólann Seyðisfirði, Gagnfræðaskólann á Neskaupstað, Heppuskóla, Höfn í Hornafirði, Héraðskólann Skógum, Gagnfræðaskólann á Selfossi, Gagnfræðaskólann Hveragerði, Gagnfræðaskólann Vestmannaeyjum.

Héraðsskólar

Eftir að lög um gagnfræðanám voru sett 1946 breyttist starf héraðsskólanna í landinu frá því sem áður var á þann veg að þeir gengdu hlutverki gagnfræðaskóla einvörðungu og kenndu í 1.—4. bekk.

Með byggingu margra nýrra skóla víðsvegar um landið og margir þeirra með heimavistir samfara fækkun fólks í dreifbýli hefur aðsókn að héraðsskólum farið minnkandi, og það svo mjög að þeir hafa ekki allir verið fullsetnir síðustu árin þrátt fyrir það að þeir hafa leitað nýrra verkefna á framhaldsskólastigi. Mestu munar þó um það að 4. bekkur gagnfræðastigs fellur niður við tilkomu grunnskólalaga.

Ekki gildir hið sama um þá alla og fer það eftir skólaskipulagi þess byggðarlags sem þeir eru í að hve miklu leyti þeir eigi að þjóna því, t. d. að nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla skuli sækja þangað nám.

Tafla sú sem hér fer á eftir sýnir nemendafjölda sem skólinn rúmar, nemendafjölda skólaárið 1977—78 og hvernig hann skiptist milli grunnskóla og framhaldsskóla:

	Nemarými í skólanum	Nem.fj. 1977/78	Grunnsk. nem.	Framh. deildir	Nýting í %
Héraðsskólinn Reykholti	132	132	71	61	100
Héraðsskólinn Núpi	120	79	69	10	66
Héraðsskólinn Reykjanesi	90	48	48		53
Héraðsskólinn Reykjum	130	130	111	19	100
Héraðsskólinn Laugum	120	107	75	32	89
Alþýðuskólinn Eiðum	120	119	80	39	100
Héraðsskólinn Skógum	120	102	90	12	84
Héraðsskólinn Laugarvatni	120	56	56		47
	952	773	600	173	81

Taflan sýnir nemendafjölda í skólunum fyrri hluta skólaársins. Þess skal getið að nemendafjöldi sem kom inn í framhaldsskóla s.l. haust er um það bil einn og hálfur aldursárgangur sem er vegna síðasta hóps gagnfræðinga sem lauk námi vorið 1977.

Því miður bendir ýmislegt til þess að aðsókn að héraðsskólum aukist ekki á næstunni heldur fari minnkandi og það svo mjög að vart verði unnt að halda öllum skólunum starfandi. Munar þar mestu um að sífellt fleiri skólahverfi vilja fá að hafa 8. og 9. bekk grunnskólans heima hjá sér. Með auknu námsframboði á framhaldsskólastigi hafa skólarnir reynt að hamla gegn nemendaflokkun og með þeim hætti að reyna að nýta húsnæði og kennslukrafta eftir föngum.

Ráðuneytið hefur haft frumkvæði að fundum með skólastjórum, kennurum og forsvarsmönnum sveitarstjórna og sýslunefnda til að finna héraðsskólunum eðlileg verkefni sem einkum miðuðust við þarfir þeirra landshluta þar sem skólarnir starfa.

Ráðuneytið skipaði 16. febrúar s.l. sérstaka nefnd til þess að gera tillögur um skólahald á Laugarvatni og hlutdeild Laugarvatns í framhaldsskólakerfi Suðurlands. Nefndin hefur nú skilað tillögum um skólahald á Laugarvatni næsta ár. Miða tillögurnar að því að allir skólarnir á staðnum taki upp samvinnu um námsskipulag og kennslu með þeim hætti að nýta kennsluaðstöðu og kennslukrafta sem best jafnframt því að geta boðið fram fjölbreyttara nám.

Nefndin setti fram tillögur um nýjar námsbrautir sem hún taldi æskilegt að reyndar yrðu og lagði til breytingar á öðrum.

Ákveðið hefur verið að gera þessar tilraunir og sjá til hvort aðsókn að Laugarvatni ykist við það. En aðsókn að héraðsskólanum og húsmæðraskólanum hefur farið ört minnkandi og því nauðsynlegt að gera tilraun til að auka aðsóknina aftur.

Að því er varðar ýmsa aðra héraðsskóla þarf að athuga stöðu þeirra á sama hátt og var gert með Laugarvatn.

Iðnskólar.

Iðnskólar starfa samkvæmt lögum nr. 68/1966 og reglugerð um iðnfræðslu frá 1975. Löggiltar iðngreinar eru nú 67 og skráðir nemar á námssamningi eru í 44 greinum, samtals um 2550.

Hlutfallsleg skipting þeirra á fræðsluumdæmi er sem hér segir:

Vesturland	7%	Suðurland	2%
Vestfirðir	1%	Vestmannaeyjar	3%
Norðurland vestra	4%	Hafnarfjörður	5%
Norðurland eystra	12%	Reykjanes	15%
Austurland	4%	Reykjavík	47%

Sé fjöldi nema á einstakar iðngreinar athugaður sést að nemendafjöldi er misjafn.

Í 24 iðngreinum eru frá	1– 25	nemar
Í 10 iðngreinum eru frá	26– 50	nemar
Í 4 iðngreinum eru frá	51–100	nemar
Í 6 iðngreinum eru frá	100	nemar

Eftir greinaflokkum verður skiptingin þannig:

Bókagerðargreinar	88	nemar eða	3%
Bygginga- og tréiðngreinar	1 143	nemar eða	46%
Fata-, skinn- og leðuriðngreinar	10	nemar eða	0,4%
Matvælaiðngreinar	158	nemar eða	6%
Málmiðngreinar	776	nemar eða	30%
Rafiðngreinar	282	nemar eða	11%
Þjónustuiðngreinar	95	nemar eða	4%

Ekki þurfa allir iðnnemar að vera á námssamningi heldur geta þeir nú stundað iðnnám í verknámsskólum til sveinsprófs í 18 iðngreinum. Fer þetta ósamningsbundna iðnnám fram í 6 skólum á landinu: Iðnskólanum í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri. Ennfremur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þá eru örfáir í iðnnámi í Héraðsskólanum á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu.

Verknámsskólar greinast þannig:

Verknámsskóli í tréiðnaði, Framhaldsdeild í húsgagnasmíði, Framhaldsdeild í húsasmíði, Verknámsskóli í rafiðnum, Framhaldsdeild I og II í rafvirkjun, Framhaldsdeild I og II í útvarpsvirkjun, Verknámsskóli í háriðnum, Verknámsskóli í fataiðn, Verknámsskóli í bókagerð.

Alls eru við nám í þessum skólum 811 nemendur skólaárið 1977/78.

Þeir skiptast eftir iðngreinum:

	Fj.	%
Bókiðngreinar	21	3
Bygginga- og tréiðngreinar	192	24
Fataiðngreinar	21	3
Málmiðngreinar	291	35
Rafiðngreinar	208	25
Háriðngreinar	78	10
	811	100

Samanlagður fjöldi í verknámsskólum og samningsbundnu iðnnámi er u. þ. b. 3350, sem skiptist þá á milli iðngreinaflokka:

	Fj.	%
Bókaiðnir	109	3
Bygginga- og tréiðnir	1 335	39
Fata-, skinna-, leðuriðngreinar	31	1
Matvælaiðngreinar	158	5
Málmiðngreinar	1 057	32
Rafiðngreinar	490	15
Þjónustugreinar	173	5
Alls	3 353	100

Á landinu eru starfandi 12 iðnskólar, en auk þess er iðnbraut við 5 skóla sem hafa framhaldsdeildir og þar er kennt námsefni 1. námsáfanga iðnnáms og í hluta skólanna 2. áfanga.

Tveir iðnskólar hafa horfið inn í fjölbrautaskóla, þ. e. Iðnskólinn í Keflavík og Iðnskólinn á Akranesi.

IÐNFRÆÐSLURÁÐ.

Iðnfræðsluráð er skipað 9 mönnum. Það fer með mál er varða framkvæmd á iðnfræðslu samkvæmt lögum nr. 68/1966. Formaður ráðsins er Óskar Hallgrímsson, en framkvæmdastjóri þess er Óskar Guðmundsson. Skrifstofa Iðnfræðsluráðs er á Suðurlandsbraut 6 í leiguhúsnæði sem er um það bil 200 m², en þangað flutti Iðnfræðsluráð í maí 1975. Fimm starfsmenn vinna á skrifstofunni og lausráðið fólk við einstök verkefni.

Skrifstofa Iðnfræðsluráðs annast skráningu og staðfestingu námssamninga, færslu spjaldskrár yfir iðnnema, afgreiðslu mála er upp koma vegna kvartana eða slita á námssamningi, skipun prófnefnda, fræðslunefnda einstakra iðngreina og mörg önnur mál er snerta framkvæmd iðnfræðslulaga. Umfangsmesta verkefni Iðnfræðsluráðs síðustu þrjú árin hefur þó verið við námskrárgerð fyrir iðnskóla og verknámsdeildir fjölbrautaskóla.

Ný áfangaskipting í iðnnámi.

Þegar lög um skólakerfi og lög um grunnskóla voru samþykkt á árinu 1974, var þegar ljóst að taka yrði ákvarðanir um breytt fyrirkomulag í iðnskólum. Einnig lá fyrir úttekt Kristrúnar Ísaksdóttur á kennslu í iðnskólunum, en samkvæmt þeirri úttekt þurfti margt að bæta. Vorið 1975 var ákveðið nýtt áfangakerfi fyrir iðnskólana, og tók sú ákvörðun mið af hvernig áætlað var að þeir nemendur yrðu í stakk búnir er lykju prófi með einkunnum til inngöngu í framhaldsskóla. Gert var ráð fyrir 3ja áfanga kerfi, og skyldu nemendur sem hefðu próf og einkunnir til inngöngu í framhaldsskóla sleppa við 1. áfanga, en 1. áfangi var samræmdur fyrir alla iðnnema.

Samkvæmt þessari ákvörðun var unnið vorið og sumarið 1975 og unnar út námskrár í almennum greinum (íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, bókfærslu, félagsfræði), sérgreinum (grunnteikningu, hjálp í viðlögum) og fyrir 20 iðngreinar.

Þá var gengið frá reglugerð um iðnfræðslu sem endurspeglaði þessa ákvörðun (reglugerð um iðnfræðslu nr. 554/1975, þ. 1. 10. 1975.)

Námskrárgerð.

Frá árinu 1975 hefur Iðnfræðsluráð haft umsjón með námskrárgerð fyrir iðnfræðsluna. Það er umfangsmikið verkefni og aðkallandi að leysa, en fjármagn takmarkar hve hratt þetta verk verður unnið. Stuðst hefur verið við erlendar námskrár í ýmsum faggreinum sem svipaðar eru að eðli og viðfangsefnum því sem er hér eins og t. d. bifvélavirkjun og fleiri tæknigreinum. Af viðfangsefnum sem unnið hefur verið að má nefna:

1. Málmiðnir.

Árið 1975 var samin námskrá fyrir grunnnám í málmiðnum og hún endurskoðuð á seinasta ári, verkefnum fjölgað og þau endurbætt. Einnig var samin rammanámskrá fyrir framhaldsdeild á seinasta ári og hefur hún verið notuð við Iðnskólann í Reykjavík og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Undirbúningsvinnu er ýmist lokið eða hún langt komin fyrir blikksmíði, rennismíði, vélvirkjun.

2. Húsgagnasmíði/tréiðnir.

Árið 1975 var gerð námskrá fyrir verknámsskóla tréiðna og hún endurskoðuð á seinasta ári og samin með henni verkefni. Undirbúningsvinnu að námskrá fyrir framhaldsnám í húsgagnasmíði, þ. e. a. s. framhaldsdeild verknáms og samningsbundið iðnnám er lokið. Stefnt er að því að ljúka gerð hennar á þessu ári.

3. Bílgreinar.

Á seinasta ári var unnin undirbúningsvinna við námskrárgerð í bifvélavirkjun og bifreiðasmíði og stefnt að því að ljúka gerð þeirra á þessu ári.

4. Rafiðnir.

Á síðastliðnu ári var samin námskrá fyrir grunnnám í rafiðnum og fer fram tilraunakennsla samkvæmt henni í verknámsskólum. Unnið hefur verið að samningu námsgagna í vetur, en tveir kennarar við Iðnskólann í Reykjavík fengu skerta kennsluskyldu til þeirra starfa.

Sterkstraumur.

Gagnasöfnun og undirbúningsvinna unnin á árunum 1975 og '77. Gerð námsskrár og námsgagna verður haldið áfram á þessu ári.

Veikstraumur.

Menntamálaráðuneytið skipaði árið 1976 nefnd til þess að gera tillögur um nám og réttindi þeirra er vinna við smástraumstæki. Nefndin hefur skilað ítarlegu áliti ásamt mannaflaspá og tillögum um framtíðarskipulag. Nefndin leggur til samræmt nám í veikstraumsgreinum og námslokum með starfsheitinu rafeindavirki — sérhæfing í einstökum sviðum verði þó á síðari hluta námstímans.

5. Byggingariðnaður.

Gerð námskrár fyrir húsasmíði er verulega á veg komin. Tveir menn vinna auk þess að gerð námsgagna fyrir byggingariðngreinar í samvinnu við fræðslunefndir.

Undirbúningur er hafinn að gerð námskrár í múrun.

Hugmyndir um byggingariðnskóla hafa verið í athugun allra fræðslunefnda, sem hlut eiga að því máli.

6. Bókagerð.

Að undangenginni ítarlegri könnun á störfum í bókagerðargreinum, var gerð tillaga að námsskrá fyrir grunnskóla í bókagerð, og hefur verið kennt samkvæmt henni við bókagerðardeildina við Iðnskólann í Reykjavík.

Samkomulag hefur orðið á milli aðila vinnumarkaðarins um skipulag náms í þessum greinum að loknu grunnnámi og er það nú í athugun hjá Iðnfræðsluráði. Að þeirri athugun lokinni verður hafist handa við gerð framhaldsnámskrár.

7. Fataiðnaður.

Gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins könnun á menntunarþörf fataiðnaðarins árið 1975.

Samin hefur verið námskrártillaga á grundvelli þeirrar könnunar og verður tilraunakennsla samkvæmt henni í fataiðndeild Iðnskólans í Reykjavík. Undirbúningur er þegar hafinn að skipulagningu framhaldsnáms á þessu sviði og námsskrárgerð fyrir það.

8. Hársnyrtiiðnir.

Gagnasöfnun og undirbúningsvinna hefur verið unnin og gerðar tillögur um framtíðarskipan menntunar í þessum greinum. Bráðabirgðanámskrá hefur verið í notkun síðan 1975, en vinna hefst við nýja ítarlegri námskrá, strax og ofangreindar tillögur hafa verið afgreiddar, en í þeim er gert ráð fyrir sameiginlegu grunnnámi beggja iðngreina, hárgreiðslu og hárskurðar, jafn löngu námi í þeim báðum, með samfléttun verknáms í skóla og á vinnustað.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Þetta er langstærsti iðnskóli landsins með hátt í 15. hundrað nemenda í föstu námi og námskeið að auki. Fjöldi kennslustunda skólaárið 1977—78 er á fjórða þúsund á viku.

Húsakostur sá sem skólinn hefur til ráðstöfunar er orðinn allmikill og sæmilega búinn kennslugögnum. Hann hefur verið í byggingu undanfarin ár og snemma skólaárs 1974—75 „afhenti“ byggingarnefnd skólans 2. áfanga skólabyggingarinnar formlega til afnota fyrir verknámsdeildir. Húsnæðið er um 1000 m² viðbygging á þrem hæðum og lenging á svonefndri miðálmu o. fl., alls um 4400 gólfferm.

Þar eru til húsa:

Tréiðnadeildir, málmiðnadeildir, bifvélavirkjadeild, hluti rafiðnaðadeilda og útvarpsvirkjadeild, prentskóli auk samkomusalar, sem tekur nokkur hundruð manns í sæti, en skiptist í 4 til 5 kennslu- og fyrirlestrastofur meðan kennsla í skólanum stendur yfir. Við afhendingu þessa húsnæðis hafði hluti þess þá þegar verið tekinn í notkun en innréttingar héldu áfram allt fram á árið 1977 og útvegun véla og tækja í deildirnar sömuleiðis.

Vegna hinnar hröðu þróunar og rýmisþarfar verkmenntunar svo og skipulagsbreytinga í iðnfræðslu, aukinnar aðsóknar nemenda í ósamningsbundið verklegt nám o. fl. var byggingaráfanga 2 fullráðstafað jafnóðum og húsnæðið varð nothæft. Varð því að leita nýrra úrræða. Með samkomulagi við skólayfirvöld Rvíkurborgar fékkst hluti verknámsálmu Ármúlaskóla til nota fyrir framhaldsdeild verknámsskóla málmiðnaðarins haustið 1976 og haustið 1977 allt húsnæði Vörðuskóla fyrir 1. áfanga iðnnáms, nám og faggreinar í 2. og 3. áfanga sem eru nær eingöngu bóklegar og annast kennarar þess skóla þá fræðslu.

Auk þess sem skólinn veitir samningsbundnum iðnnemum kennslu og gengst fyrir námskeiðum fyrir sveina og meistara, rekur hann sérstakan skóla fyrir iðnmeistara og verknámsskóla fyrir ósamningsbundna iðnnema í málm-, tré- og rafiðnum, bókagerð og hársnyrtingu. Þessir verknámsskólar hafa verið að þróast síðustu árin og greinast í ýmsar framhaldsdeildir sem eru:

Bifvélavirkjadeild sem tók til starfa fyrst árið 1972, fyrri hluti, en á árunum 1975—76 fengust vélar og tæki fyrir framhaldsdeild, reglulegt bílaverkstæði, þar sem heilir bílar eru teknir til meðferðar og tók hún til starfa í ársbyrjun 1976. Starfar deildin nú í þrem námsönnum í framhaldi 9 mánaða náms í almennri málmiðnadeild.

Rafiðnadeild er í stöðugri uppbyggingu. Á fyrstu árum deildarinnar voru einungis teknir í hana nemar sem lokið höfðu prófi frá verknámsskóla málmiðnaðarins (9 mánuðum) og þá starfrækt undir nafninu framhaldsdeild rafiðna, bæði í sterk- og veikstraumsgreinum, en fyrir upphaf skólaárs haustið 1977 var stofnuð svokölluð „grunndeild rafiðna“. Nemendur með fullgilt grunnskólapróf, eða að loknu prófi úr 1. áfanga iðnnáms geta innritast í deildina án þess að fara fyrst í almenna málmiðnadeild. Eftir fyrsta skólaárið skiptast nemendur aðallega í tvær námsbrautir, rafvirkja- og rafvélavirkjabraut og veikstraumsgreinabraut, (útvarp,

sjónvarp o. fl.) Alls taka námsbrautirnar þá 3 skólaár, 6 annir, að viðbættum þjálfunartíma í atvinnulífinu og lýkur með stuttu námskeiði í skóla fyrir sveinspróf. Umtalsverðir fjármunir hafa verið lagðir í áhalda- og tækjakaup, breytingar á húsnæði og námsgagnagerð á vegum skólans fyrir þessa nýju námsbraut.

Hársnyrtiiðnir. Haustið 1975 varð talsverð aukning í rekstri hársnyrtideildar með auknu húsnæði og fjölgun nemenda, en sumarið 1977 varð búið í haginn fyrir reglulegan verknámsskóla fyrir þessar iðngreinar. Tók hann formlega til starfa haustið 1977 með 47 nemendum, eftir að verulegt átak hafði verið gert í útvegun tækja og búnaðar og húsnæði aukið og endurbætt. Deildin starfar nú sem eins árs sameiginlegur verknámsskóli fyrir báðar greinarnar, hárskurð karla og hárgreiðslu, síðan gert ráð fyrir þjálfun nemenda í atvinnulífinu. Ráðgert er að þeir komi svo síðar í sérgreint verknám í skóla í eina önn og loks í verklegt námskeið fyrir sveinspróf.

Endanlegar ákvarðanir eru þó ekki enn fengnar um skipulag námsins eftir fyrsta skólaárið, en málið er til meðferðar hjá Iðnfræðsluráði.

Fataiðndeild tók fyrst til starfa, sem sérstök námsbraut, haustið 1977 með 20 nemendum. Var lagt undir deildina um 160 ferm. húsnæði í eldri hluta hússins, samin námskrá fyrir fyrsta skólaárið og keyptar vélar og tæki til viðbótar við fáeinar saumavélar sem til voru. Námsbrautin er ekki fullmótuð enn, en umræður hníga í þá átt að alls verði um 4 annir í skóla að ræða auk tveggja 6—7 mánaða þjálfunarskeiða í atvinnulífinu áður en kæmi til lokanámskeiðs fyrir sveinspróf. Rætt er um möguleika þess að deildin taki upp námskeið í sérhæfum saumaaðferðum, en þróun þessa þáttar er óljós.

Bókiðnadeild. Upp úr hinum svokallaða prentskóla sem starfað hefir síðan 1956 hefur nú þróast „Bókiðnadeild", sem tók formlega til starfa haustið 1977, sem fastur sameiginlegur verknámsskóli fyrir allar löggiltar iðngreinar í bókiðnagreinum. Undir deildina hafa verið lagðir um 350 ferm. húsnæðis, keypt áhöld til bókbands og offsetvélar ásamt öðrum búnaði, til viðbótar því, sem til var.

Húsgagnasmíði. Framhaldsdeild, eftir hið hefðbundna verknámsskólaár í tréiðnum, hófst haustið 1976 og eru fyrstu nemendur deildarinnar nú í 12 mánaða verkþjálfun í atvinnulífinu. Þeir koma síðan í 2.—3. vikna námskeið í skólanum áður en þeir gangast undir sveinspróf. Námsbrautin er þá 4 annir, eða 2 skólaár í skóla, verknámi og faglegu bóknámi, eitt ár í verkþjálfun auk námskeiðs.

Vélvirkjun. Haustið 1976 tók til starfa eins árs framhaldsdeild fyrir vélvirkja og rennismiði, með svipuðu fyrirkomulagi og námsbrautin fyrir húsgagnasmiði, nema að verkþjálfun í atvinnulífinu er ráðgerð lengri eða 18 mánuðir.

Tækniteiknaraskóli. Veturinn 1974 til 1975 voru gerðar verulegar endurbætur á búnaði tækniteiknideildar til þess að hægt verði að framkvæma námskrá sem samin var en húsnæðismál deildarinnar teljast varla hafa verið leyst fyrr en Barnamúsikskólinn flutti úr skólahúsinu. Hófst kennsla svo í endurbættum húsakosti um haustið 1977.

Gull- og silfursmíði. Á skólaárinu 1975—76 var innréttað húsnæði í þakhæð Vitastígsálmu til verknámskennslu fyrir þessa iðngrein og tæki keypt nokkru síðar. Verklegir kennsluþættir hófust síðan fyrir þessa iðngrein, sem „ívaf" iðnnáms skólaárið 1976—77.

Nemendafjöldi í einstökum deildum skólaárin 1974—1978.

Deildanöfn	1974–75	1975–76	1976–77	1977–78
Gamla kerfið				
1. bekkur iðnskóla	206			
2. bekkur iðnskóla	194	172		
3. bekkur iðnskóla	255	306	225	
4. bekkur iðnskóla	217	221	210	144
2. bekkur iðnskóla C. Háriðnir		16		
Nýtt kerfi				
I. áfangi iðnnáms		100	98	NB. 270
II. áfangi iðnnáms		95	251	196
III. áfangi iðnnáms			76	239
Verknámsdeildir				
Tréiðnir (1. ár)	76	56	45	72
Málmiðnir	277	221	197	159
Háriðnir			22	47
Rafiðnir				64
Bókiðnir				21
Fataiðnir				21
Framhaldsverknámsdeildir				
Bifvélavirkjun	18	17	29	37
Rafvirkjun	49	59	59	61
Útvarpsvirkjun og sjónvarpsvirkjun	54	45	52	40
Húsgagnasmíði			7	10
Vélvirkjun og rennismíði			11	15
Tækniteiknun	87	83	61	50
Meistaraskóli	50	50	35	36
Rafsuðunemar	12	10		
Samtals	1 495	1 451	1 378	1 482

NB. í Vörðuskóla

Námskeið eru ekki meðtalin.

IÐNSKÓLAR UTAN REYKJAVÍKUR

Skólarnir starfa í samræmi við iðnfræðslulög nr. 68/1966 með síðari breytingum svo og reglugerð sem sett er með heimild í lögunum.

Reglugerðin hefur verið endurskoðuð nokkrum sinnum og er síðasta útgáfa frá 1. október 1975, nr. 264.

Iðnskólanámsefninu hefur verið um allmörg ár skipt niður í fjóra bekki eða áfanga og mun það hafa verið nauðsynlegt þegar skólarnir voru að öllu leyti eða að hluta kvöldskólar. Nú er kvöldskólafyrirkomulagið fyrir mörgum árum niðurlagt og aðstreymi ungmenna með töluverða almenna menntun, gagnfræða- eða landspróf og nú síðast grunnskólapróf, hefur aukist stórlega.

Að þessu athuguðu þótti rétt að breyta skipulagi skólanna og var námsáföngunum fækkað úr fjórum í þrjá og námsefnið þannig fært til að í fyrsta áfanga er eingöngu almennt námsefni, í öðrum áfanga álika mikið af hvoru og í þriðja áfanga eru nær eingöngu kenndar faglegar greinar.

Þetta hefur þann kost að nemendur með góðan undirbúning (landspróf, gagnfræðapróf eða gott grunnskólapróf) geta nú sest beint í annan bekk (áfanga) og

losna þar með að mestu við að endurtaka efni er þeir höfðu þegar lært í öðrum skólum.

Iðnskólar hafa víða verið stofnaðir, oft í tengslum við gömlu gagnfræðaskólana og í sumum tilfellum voru það sömu aðilar er veittu þeim forstöðu.

Fjöldi iðnskóla mun hafa orðið um 17 talsins og voru þeir mjög misjafnir, en hafa þó allir leitast við að sinna þeim þörfum, er voru á viðkomandi stöðum, og hafa þar af leiðandi verið til mikils hagræðis fyrir fólk út um landsbyggðina. Skólarnir sinntu og sinna enn yfirleitt fáum iðngreinum, en höfða þó yfirleitt til þess atvinnulífs er fyrirfinnst á viðkomandi stað.

Nú þegar hafa sumir þessara litlu iðnskóla verið felldir inn í nýstofnaða fjölbrautaskóla og auðsjáanlega mun svo fara um fleiri þeirra, og er það án efa rétt stefna, því við það fást sterkari stofnanir, sem verða færari að takast á við fleiri og margbreytilegri verkefni. Iðnskólar og iðnbrautir við aðra framhaldsskóla eru nú starfræktar á rúmlega tuttugu stöðum.

HJÚKRUNARSKÓLAR.

Hjúkrunarskóli Íslands starfar samkvæmt lögum frá 18. apríl 1962, nr. 35/1962 og reglugerð er sett var árið 1966 samkvæmt lögunum (nr. 279/1966).

Námstíminn er þrjú ár og fer um það bil einn þriðji hluti tímans í bóklegt nám í skólanum sjálfum en hinn hlutinn er vinnustaðanám er fer fram á sjúkrahúsum og ýmsum heilbrigðisstofnunum, aðallega hér á höfuðborgarsvæðinu.

Inntökuskilyrði í skólann er m. a., að umsækjandi hafi lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.

Mikil aðsókn hefur verið að skólanum og ekki mögulegt að veita öllum skólavist er um hafa sótt. Meðal umsækjenda undanfarin ár hefur verið mikill fjöldi einstaklinga með töluvert mikla undirbúningsmenntun, m. a. stór hluti sem hefur lokið stúdentsprófi og er nú svo komið að ekki er mögulegt að komast í skólann með minna en tveggja vetra nám úr framhaldsskóla, sem lokið hefur verið með sæmilega góðum árangri.

Skortur á fagkennurum hefur töluvert háð starfsemi skólans. Úr því hefur verið reynt að bæta með því að styrkja hjúkrunarkonur til framhaldsnáms erlendis, en árangur af því ekki eins mikill og í fyrstu var vonast eftir. Á síðastliðnu hausti var tekin upp ný stefna til þess að ráða bót á umræddum kennaraskorti með því að skipuleggja framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands fyrir hjúkrunarfræðinga sem síðan er vonast eftir að vilji leggja fyrir sig kennslu. Í fyrrnefndu námi eru nú um 30 hjúkrunarfræðingar og munu þeir væntanlega ljúka því vorið 1979 og fá þá fullkomin kennsluréttindi.

Inntaka nemenda í skólann hefur verið um 75—100 einstaklingar á ári, sem hefur þótt of fámennur hópur miðað við álit heilbrigðisyfirvalda. Með tilliti til þessa hefur ráðuneytið látið athuga hvernig auka megi afköst skólans og hefur þegar áunnist nokkuð í þeim efnum. Inntaka nemenda fer nú orðið fram tvisvar á ári og ákveðnu skipulagi hefur verið komið á verklegt og bóklegt nám í skólanum og ákveðnar reglur settar um vinnuþjálfunina, sem fer fram á heilbrigðisstofnunum eins og áður greinir, hefur verið komið á, sem gerir það að verkum að nú er hægt að taka inn um 60 nemendur á hálfs árs fresti, eða 120 á ári. Með auknum og betri kennslukröftum svo og aukinni skipulagningu er vonast til þess að hægt verði að auka nemendastreymi skólans meira.

Þá má geta þess að verið er að athuga tengsl skólans við aðra skóla, m. a. námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands.

Nýi hjúkrunarskólinn var stofnaður árið 1972 með heimild í lögum nr. 81/1972. Hann var fyrst til húsa í Grensásdeild Borgarspítalans, en fluttist síðar í leiguhús-

næði að Suðurlandsbraut 18. Húsnæðið rúmar allt að sextíu nemendur. Fyrsti hópurinn sem stundaði nám í skólanum voru 23 ljósmæður.

Annar hópur ljósmæðra, 21 að tölu, auk tveggja þroskaþjálfa, hóf nám í skólanum sumarið 1975 og luku 20 prófi í desember s. l. (1977). Þriðji hópur nemenda, tuttugu að tölu hóf almennt hjúkrunarfræðinám í skólanum í janúar 1976, og af þeim eru enn við nám fjórtán, og munu væntanlega ljúka námi í janúarbyrjun 1979.

Nýi hjúkrunarskólinn átti upphaflega að starfa á svipuðum grundvelli og Hjúkrunarskóli Íslands og samkvæmt sömu reglugerð. Brátt kom þó í ljós, að mikil eftirspurn og ákveðnar óskir komu frá hjúkrunarfræðingum um, að þessi skóli yrði fremur rekinn sem framhaldsskóli fyrir hjúkrunarfræðinga en venjulegur hjúkrunarskóli.

Með hliðsjón af þessu heimilaði ráðuneytið að veitt yrði framhaldsnám í ýmsum sérgreinum hjúkrunarfræða.

Fyrsta framhaldsnámið sem skólinn skipulagði var nám í geðhjúkrun. Það stóð yfir í 15 mánuði og því luku 22 hjúkrunarfræðingar í byrjun janúar 1977. Fyrir voru starfandi 7 geðhjúkrunarfræðingar, er allir höfðu numið erlendis.

Annað sérfræðinám, sem skólinn hefur séð um, er hjúkrun sjúklinga á handlækninga- og lyflækningadeildum, 12 mánaða nám í skurðhjúkrun, sem einnig er 12 mánaða nám og svæfingarhjúkrun, tveggja ára nám. Allar þessar námsbrautir eru skipulagðar í náinni samvinnu við hjúkrunarfræðinga og lækna þeirra sjúkrahúsa, er sjá nemendum fyrir verknámsstöðum.

Í marsbyrjun 1978 hófst framhaldsnám í ýmsum greinum, umsækjendur voru 26.

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að gefa þriðja hópi ljósmæðra kost á hjúkrunarfræðinámi um áramót 1978—1979.

Við nám í Nýja hjúkrunarskólanum eru:

I	Framhaldsnám í hjúkrun sjúklinga á hand- og lyflækningadeildum		8 hjúkrunarfræðingar
	Svæfingahjúkrun		7 hjúkrunarfræðingar
	Skurðhjúkrun		4 hjúkrunarfræðingar
	Gjörgæslu		1 hjúkrunarfræðingur
	Geðhjúkrun		11 hjúkrunarfræðingar
		Samtals	31 hjúkrunarfræðingur
II	Almennt hjúkrunarfræðinám	14 nemar	

HÚSSTJÓRNARSKÓLAR

Á undanförnum árum hefur aðsókn að hússtjórnarskólunum farið stöðugt minnkandi. Skýring á þessari þróun fæst ef athugað er hve miklum breytingum atvinnuhættir og öll þjóðfélagsbyggingin hefur tekið hin síðari ár.

Þróun þessi virðist halda áfram og virðist því ekki um annað að ræða, en að breyta starfsemi skólanna allverulega frá því sem hefur tíðkast til þessa, eða ef til vill öllu fremur reyna að bjóða námsefni í hússtjórnarfræðum sem valgrein innan samræmds framhaldsskóla og jafnframt tryggja þeim er þetta námsefni taka rétt til frekara framhaldsnáms, sem síðar veitir fullkomin starfsréttindi á einu eða öðru sviði.

Af hússtjórnarskólunum sem voru orðnir tíu að tölu, hafa þrír hætt starfsemi, þ. e. Staðarfell, Húsmæðraskólinn að Laugalandi í Eyjafirði og Kvennaskólinn á Blönduósi. Þá er rétt að upplýsa að nokkrir skólanna hafa tekið að sér að kenna námsefni grunnskóla í hússtjórnarfræðum. Margir hafa breytt starfseminni á þá lund að fyrri hluta vetrar hafa verið haldin stutt námskeið, en síðari hluta vetrar hefur verið samfelld kennsla.

Vorið 1975 samþykkti Alþingi ný lög um hússtjórnarskóla, þ. e. lög nr. 53/1975, en samkvæmt þeim skulu umræddir skólar verða ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Lög þessi koma þó ekki til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, fyrr en samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á eignum þeirra og skuldum, en til þess að svo megi verða þurfa viðkomandi sameignaraðilar ríkissjóðs að skólunum að óska eftir því.

Fjórir aðilar hafa óskað eftir yfirtöku, þ. e. Reykjavík vegna Húsmæðraskóla Reykjavíkur, sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Dalvíkur vegna Húsmæðraskólans að Lauglandi, Austfirðingar vegna Húsmæðraskólans á Hallormsstað og sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslna vegna Húsmæðraskólans að Varmalandi.

Samningum um eignayfirtöku er lokið vegna skólans í Reykjavík og á Hallormsstað, en unnið er að samningagerð um hina tvo.

Einn húsmæðraskóli hefur ávallt verið í ríkiseign, en það er skólinn að Staðarfelli, sem ekki er nú starfræktur, eins og áður segir, þá er rétt að geta þess að húsmæðraskólinn að Löngumýri í Skagafirði tilheyrir Þjóðkirkjunni, en um rekstrarhliðina hefur menntamálaráðuneytið séð að nokkru.

Virk þátttaka af íslenskri hálfu í því samstarfi sem hér um ræðir hefur mjög aukist með tilkomu menningarmálasamningsins og þeirra samstarfshátta sem til hans eiga rætur að rekja. Ýmis starfsemi á þessu sviði er nú kostuð úr sameiginlegum sjóði samkvæmt „norrænu menningarfjárlögunum" og verður aðild Íslendinga þar með fjárhagslega auðveldari. Óhjákvæmilega eru íslenskri þátttöku í starfi sem fram fer erlendis þó skorður settar, bæði fjárhagslegar og mannaflalegar. Oft er t. d. svo í sambandi við norræn námskeið að einungis sjálft námskeiðshaldið er greitt að nokkru eða fullu af samnorrænu fé, en ekki ferða- og dvalarkostnaður einstakra þátttakenda. Menntamálaráðuneytið ver á ári hverju nokkru fé til aðstoðar við þátttöku í norrænu samstarfi af þessu tæi, en því fer að sjálfsögðu fjarri að unnt sé að fullnægja öllum þörfum í því efni.

Aðild menntamálaráðuneytisins að menningarlegum samskiptum við hin Norðurlandaríkin er hvergi nærri einskorðuð við það starf sem beinlínis er tengt norræna menningarmálasamningnum. Beint samband er milli menntamálaráðuneytanna um ýmis erindi og gagnkvæm skipti á upplýsingum. Þá er og vert að geta námsstyrkja sem Norðurlandaríkin veita íslenskum námsmönnum og fyrirgreiðslu um námsvist í ýmsum greinum sem ekki er unnt að nema hér á landi. Ráðuneytið veitir einnig árlega a. m. k. einum námsmanni frá hverri hinna Norðurlandaþjóðanna styrk til náms í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og þar eru að jafnaði nokkrir norrænir stúdentar við nám í öðrum greinum, aðallega læknisfræði. Yfirlit um veiting námsstyrkja undanfarin ár er að finna annars staðar í þessari skýrslu.

EVRÓPURÁÐIÐ.

Ísland gerðist aðili að menningarsáttmála Evrópuráðsins árið 1956, og hefur menntamálaráðuneytið síðan tekið þátt í menningarmálastarfi þess.

Um þessar mundir standa yfir miklar breytingar á skipulagi Evrópuráðsins. Þær fela m. a. í sér, að aðeins verður um eina fastanefnd að ræða á sviði menningarmála, menningarmálaráðið (Council for Cultural Co-operation). Því er ætlað að skipuleggja allt starf Evrópuráðsins á menningarmálasviðinu. Ríki þau, 22 að tölu, er undirritað hafa menningarsáttmála Evrópuráðsins greiða árleg framlög í menningarsjóð Evrópuráðsins sem er undir stjórn menningarmálaráðsins og er ætlað að standa undir kostnaði við þetta starf. Menningarmálaráðið er stjórnunarlega og fjárhagslega sjálfstætt innan þeirra marka, er menningarsáttmálinn setur. Þó hefur sérhver aðili Evrópuráðsins og framkvæmdastjóri þess heimild til að vísa ákvörðunum menningarmálaráðsins til utanríkisráðherranefndarinnar, ef þær teljast ekki samrýmast markmiðum Evrópuráðsins.

Á síðasta fundi menningarmálaráðsins var gerð áætlun um 6 aðalverkefni sem unnið verður að á næstunni. Þau eru:

1. **Undirbúningur fyrir lífið:** Þetta verkefni varðar menntun á framhaldsskólastigi, sem á að auðvelda unglingum félagslega aðlögun og þátttöku í atvinnulífi.
2. **Umbætur og þróun á sviði háskólamenntunar:** Áformað er að gera samanburð á athyglisverðum nýjungum í háskólakennslu í nokkrum löndum.

3. **Þróun fullorðinsfræðslu:** Ályktanir verða gerðar varðandi fyrirkomulag, kennsluefni og aðferðir við fullorðinsfræðslu, er skipulögð sé sem þáttur í ævimenntun.
4. **Nútímatungumál:** Tilgangurinn er að ýta undir nám í nútímatungumálum með því að auðvelda nemendum aðgang að sveigjanlegu kerfi, er sé sniðið fyrir þarfir og markmið hvers einstaklings.
5. **Áætlanir um menningarmál:** Aðalmarkmiðið er að aðstoða yfirvöld byggðalaga við mótun menningarstefnu sem geri öllum borgurum kleift að taka þátt í skapandi starfi af margvíslegu tæi.
6. **Menning og fjölmiðlun:** Nýjustu tilraunir á sviði fjölmiðlunar verða metnar í því skyni að efla menningarhlutverk fjölmiðla.

Menntamálaráðuneytið tekur þátt í starfi Evrópuráðsins á fleiri sviðum en þeim er heyra undir menningarmálaráðið. Má þar m. a. nefna náttúruvernd, dýravernd og íþróttamál.

GEYSISSVÆÐIÐ Í HAUKADAL.

Geysir í Haukadal er frægastur goshvera. Eftir honum eru slíkir hverir kallaðir „geysers“ á enskri tungu. Um hríð, eða frá 1894 til 1935, var Geysir í eigu erlendra manna, uns Sigurður Jónasson, forstjóri, hlutaðist til um að íslenska ríkið eignaðist hverinn, ásamt nokkurri landspildu umhverfis hann, svo og hverina Strokk, Blesa og Litla-Geysi, en greiddi sjálfur kaupverðið og gaf ríkissjóði.

Árið 1953 skipaði forsætisráðuneytið nefnd til þess að gera tillögur um endurbætur við Geysi og stýra þeim framkvæmdum. Nefndin heyrir nú undir menntamálaráðuneytið. Alþingi hefur árlega að undanförnu veitt fé til umbóta við Geysi og hefur það gert nefndinni kleift að láta girða hverasvæðið mjög vandaðri girðingu, koma fyrir hringsjá, leggja veg meðfram girðingunni og gera stórt bifreiðastæði til þess að beina bifreiðaumferð út af sjálfu hverasvæðinu, leggja gangstíga um svæðið og afmarka og merkja staði, sem hættulegir geta verið umferðar. Innan girðingarinnar eru 15.3 ha lands. Ingólfur Davíðsson, grasafræðingur, athugaði gróðurfar svæðisins í júlí 1960 til þess að unnt væri að fylgjast með hvaða breytingum það kynni að taka við friðunina. Hefur hann framkvæmt slíkar athuganir við og við síðan á vegum nefndarinnar. Þá hefur birki verið gróðursett í Laugarfelli innan girðingarinnar.

Síðsumars 1963 lét Geysisnefnd í samráði við dr. Gunnar Böðvarsson, yfirverkfræðing, bora 40 metra djúpa holu niður úr botni Strokks með þeim árangri að hverinn tók að gjósa á ný. Strokkur var áður fyrr mesti goshver í Haukadal, næst á eftir Geysi, og er gosum hans lýst í sumum hinna eldri ferðabóka. Á seinni hluta 19. aldar urðu gos hans treg, uns nýtt líf færðist í hann við jarðskjálftana miklu á Suðurlandi árið 1896. Eftir aldamótin dró aftur úr gosunum, uns þau hættu alveg upp úr 1915 eða um líkt leyti og gos Geysis. Við borunina 1963 jókst uppstreymi heits vatns, vatnið steig upp í hina fornu skál, sem er svipuð Geysisskálinni, og hverinn tók að gjósa á ný og hefur haldið því áfram síðan. Gosin eru mishá. Sum hafa mælst 35 metrar.

Geysir gýs mjög sjaldan nú orðið. Á tímabilinu 1915—1935 lá hann að mestu í dvala eins og Strokkur, en þá örvuðu þeir dr. Trausti Einarsson, Jón Jónsson frá Laug og Guðmundur Gíslason, læknir, gosmátt hans á ný með því að höggva rauf í skálarbarminn og létta þannig nokkru af vatnsbunganum af hvernum, en svipuð aðferð hafði verið reynd með góðum árangri við Ystahver í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu laust fyrir 1918. Hafði þetta mjög örvandi áhrif á gostíðni Geysis um tveggja áratuga skeið, þótt síðan hafi sótt í sama horf og áður og eru Geysisgos nú orðin fátíð. Er svæðið að jafnaði opið frá kl. 8 til 22 og er gangandi fólki frjáls umferð um það. Óheimilt er að aka bifreiðum inn á svæðið, nema með sérstöku leyfi umsjónarmanns.

Sigurður Greipsson, bóndi í Haukadal, annast daglega umsjón Geysissvæðisins, og hefur gert langa hríð.

RISNUKOSTNAÐUR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS TÍMABILIÐ 1974—1977.

Hér er aðallega um að ræða matar- eða kaffiboð fyrir innlend félög eða landsamtök og erlenda gesti, sem sitja hér ráðstefnur, stundum á vegum ráðuneytisins eða á starfssviði þess.

Fer hér á eftir risnukostnaðurinn ofangreint tímabil:

Árið 1974	kr.	4 618 813
Árið 1975	—	4 474 210
Árið 1976	—	9 138 015
Árið 1977	—	14 119 983

Í tíð núverandi menntamálaráðherra hafa eigi verið veittir áfengir drykkir í boðum, sem menntamálaráðuneytið efnir til.

ÍSLENSK STAFSETNING.

Hinn 3. maí 1974 gaf menntamálaráðuneytið út auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu og sama dag auglýsingu nr. 133/1974 um greinarmerkjasetningu. Áður hafði ráðuneytið gefið út auglýsingu nr. 272/1973 um afnám z. Þær reglur voru síðan endurskoðaðar og felldar inn í áðurgreinda auglýsingu frá 3. maí 1974. Loks gaf ráðuneytið út auglýsingu nr. 261/1977 um breyting á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu. Sú breyting var eingöngu um, hvar rita ætti stóran og lítinn staf.

Þess má geta í þessu sambandi að tvívegis áður á þessari öld hafa verið birtar stjórnvaldaauglýsingar um stafsetningu. Hin fyrri er frá 27. mars 1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum, og hin síðari frá 25. febrúar 1929, um íslenska stafsetningu.

Menntamálaráðherra hefur borið fram á Alþingi frumvarp til laga um setningu reglna um íslenska stafsetningu, en það hefur ekki orðið útrætt. Með því frumvarpi er stefnt að því að setja ákveðin fyrirmæli um hvernig standa skuli að því að setja reglur um íslenska stafsetningu.

Ráðuneytið gekkst fyrir ráðstefnu um íslenska stafsetningu að Hótel Sögu 30. október 1976. Sátu þá ráðstefnu rúmlega 50 manns. — Ræður, sem fluttar voru á ráðstefnunni, voru síðan fjölritaðar og m. a. sendar öllum alþingismönnum.

Lagafrumvörp er lögð hafa verið fyrir Alþingi 1974—1978 að tilhlutan menntamálaráðherra og afgreiðsla þeirra.

1974—1975.

(96. löggjafarþing).

1) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. — Frumvarpið fjallaði m. a. um embætti kennslustjóra og stofnun námsbrauta. — Afgreitt sem lög (nr. 3/1975).
2) Frumvarp til laga um Launasjóð rithöfunda. — Efni frumvarpsins var að breyta um form á stuðningi við rithöfunda og auka hann. — Afgreitt sem lög (nr. 29/1975).
3) Frumvarp til laga um Leiklistarskóla Íslands. — Efni frumvarpsins var að koma fastari skipan á skólahald fyrir leiklistarnema. — Afgreitt sem lög (nr. 37/1975).
4) Frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum nr. 52/1969. — Efni frumvarpsins var að stofna húsafriðunarsjóð og ákveða honum tekjur og verksvið. — Afgreitt sem lög (nr. 42/1975.

5) Frumvarp til laga um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands. — Afgreitt sem lög (nr. 26/1975).
6) Frumvarp til laga um hússtjórnarskóla. — Efni frumvarpsins var m. a. að afla heimildar til að ríkissjóður tæki við eignum og rekstri húsmæðraskólanna. — Afgreitt sem lög (nr. 53/1975).
7) Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. — Efni frumvarpsins var skipulag og fjárhagslegur stuðningur við fullorðinsfræðslu. — Ekki útrætt.
8) Frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. — Frumvarpið fjallaði um skipulag og greiðslu kostnaðar við viðskiptamenntun, þ. á m. voru ákvæði um Verslunarskólann og Samvinnuskólann. — Ekki útrætt.
9) Frumvarp til laga um Námsgagnastofnun. — Frumvarpið fól í sér nýtt skipulag á Ríkisútgáfu námsbóka og sameiningu hennar og Fræðslumyndasafns. — Ekki útrætt.
10) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Frumvarpið fól í sér ýmsar breytingar á gildandi lögum um Þjóðleikhús, m. a. um tímabundna skipan þjóðleikhúsráðs og ráðning þjóðleikhússtjóra til ákveðins árafjölda. — Ekki útrætt.
11) Frumvarp til laga um almenningsbókasöfn. — Frumvarpið fól í sér að sveitarfélög tækju meiri þátt í rekstri almenningsbókasafna en áður. — Ekki útrætt.
12) Frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. — Frumvarpið fól í sér aukinn fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og m. a. ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi til handa tónlistarkennurum.—Afgreitt sem lög (nr. 22/1975).
13) Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971. — Frumvarpið fjallaði um breytta skipan útvarpsráðs. — Afgreitt sem lög (nr. 8/1975).
14) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands. — Frumvarpið fjallaði um breytta skipan skólanefndar. — Afgreitt sem lög (nr. 109/1974).

1975—76 (97. löggjafarþing).

15) Frumvarp til laga um sálfræðinga. — Frumvarpið fól í sér ákvæði um að leyti menntamálaráðuneytisins þurfi til þess að nota starfsheitið sálfræðingur og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að öðlast slíkt leyfi. — Afgreitt sem lög (nr. 40/1976).
16) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. — Frumvarpið fjallaði m. a. um kosningu háskólarektors, stofnun félagsvísindadeildar og breytingu á prófdómendatilhögun. — Afgreitt sem lög (nr. 45/1976).
17) Frumvarp til laga um almenningsbókasöfn. — Afgreitt sem lög (nr. 50/1976).
18) Frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. — Afgreitt sem lög (nr. 51/1976).
19) Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki. Frumvarpið fól í sér endurskipulagningu námslána- og námsstyrkjakerfisins. — Afgreitt sem lög (nr. 57/1976).
20) Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. — Ekki útrætt.
21) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Ekki útrætt.
22) Frumvarp til leiklistarlaga. Frumvarpið fól m. a. í sér ákvæði um leiklistarráð. — Ekki útrætt.
23) Frumvarp til laga um dagvistunarheimili. — Ekki útrætt.
24) Frumvarp til laga um Námsgagnastofnun. — Ekki útrætt.
25) Frumvarp til laga um skylduskil til safna. — Ekki útrætt.
26) Frumvarp til laga um íslenska stafsetningu. — Frumvarpið felur í sér hvernig skuli unnið að setningu stafsetningarregla. — Ekki útrætt.
27) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. — Frumvarpið fól m. a. í sér ákvæði um gerð námsskrár

iðnbrauta og að um atvinnuréttindi iðnnema frá fjölbrautaskóla gildi sömu ákvæði og um aðra iðnnema. — Ekki útrætt.

28) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 39/1972, um breyting á þeim lögum. — Frumvarpið fól í sér bráðabirgðaákvæði um afgreiðslu lána á vormisseri 1976. — Afgreitt sem lög (nr. 7/1976).
29) Frumvarp til laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. — Afgreitt sem lög (nr. 112/1976).
30) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. — Afgreitt sem lög (nr. 21/1977).

1976—77 (98. löggjafarþing).

31) Frumvarp til laga um skylduskil til safna. — Afgreitt sem lög (nr. 43/1977).
32) Frumvarp til laga um Skálholtsskóla. — Frumvarpið fól m. a. í sér lögfestingu á lýðháskólastarfsemi sem fram hafði farið í Skálholti með ríkisstyrk og ákvæði um greiðslur til skólans af ríkisfé. — Afgreitt sem lög (nr. 31/1977).
33) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Ekki útrætt.
34) Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. — Ekki útrætt.
35) Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands. — Frumvarpið fól m. a. í sér að öll kennsla í uppeldisfræðum skyldi fara fram í Kennaraháskólanum. — Ekki útrætt.
36) Frumvarp til laga um Námsgagnastofnun. — Ekki útrætt.
37) Frumvarp til laga um framhaldsskóla. — Frumvarpið felur í sér hugmyndir um heildarskipan mála á framhaldsskólastigi. — Ekki útrætt.

1977—78 (99. löggjafarþing).

38) Frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands. — Frumvarpið felur m. a. í sér ákvæði um fjárframlög til hljómsveitarinnar og hámarksstærð hennar. — Ekki útrætt.
39) Frumvarp til laga um tannsmiði. — Frumvarpið felur í sér ákvæði um menntun tannsmiða. — Ekki útrætt.
40) Frumvarp til laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands. — Frumvarpið felur m. a. í sér að skólinn annist framhaldsmenntun á myndlistasviði til viðbótar þeirri grunnmenntun sem hann hefur veitt. — Ekki útrætt.
41) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Afgreitt sem lög.
42) Frumvarp til laga um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð. — Frumvarpið felur í sér stofnun kvikmyndasafns og myndun sjóðs til stuðnings kvikmyndagerð. — Afgreitt sem lög.
43) Frumvarp til laga um embættisgengi kennara og skólastjóra. — Frumvarpið felur í sér ákvæði um hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til skipunar í kennara- og skólastjórastöður, svo og ákvæði um möguleika þeirra til réttindaöflunar, er stundað hafa kennslu um hríð, en skortir á um full kennsluréttindi. — Afgreitt sem lög.
44) Frumvarp til laga um framhaldsskóla. — Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar frá fyrri gerð. Lagt fram til kynningar. — Ekki útrætt.
45) Frumvarp til laga um breyt. á lögum nr. 13 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla. — Frumvarpið felur í sér stofnun framhaldsdeildar við skólann til þess að veita heyrnleysingjum undirbúning og aðstoð við að afla sér frekari menntunar og þjálfunar. — Afgreitt sem lög.
46) Frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun. — Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 33/1966 um þetta efni. Frumvarpið gerir m. a. ráð fyrir breyttri skipan fuglafriðunarnefndar. — Ekki útrætt.

Ed. 929. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem samþ. voru við meðferð málsins í Nd. Minni hlutinn, Ragnar Arnalds, skilar séráliti. Jón Árm. Héðinsson og Albert Guðmundsson tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Til fundar við nefndina kom, Björn Hafsteinsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu og svaraði fyrirspurnum.

Alþingi, 5. maí 1978.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.

Axel Jónsson.

Ed. 930. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fjórir nefndarmenn vilja samþykkja frv. óbreytt, en ég tel nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á því.

Gildandi tollskrá er fyrir löngu orðin óviðunandi vegna misræmis í tolltöxtum, og hefur þetta misræmi farið vaxandi, síðan EFTA-samkomulagið var gert.

Meðal annars er aukið ósamræmi ríkjandi í tollmeðferð á vélum og tækjum til hinna ýmsu atvinnugreina. Þannig eru ýmsar vélar og tæki til landbúnaðar tollaðar hærra en hliðstæðar vélar til iðnaðar. Hið sama má segja um vélar og tæki til fiskiðnaðar og útgerðar.

Ég vil gera tilraun til að koma fram nokkrum leiðréttingum á tollskránni sem að því stefna að lækka tolla á vélum og tækjum til landbúnaðar og fiskiðnaðar, þannig að þessar atvinnugreinar búi við sömu tollakjör og iðnaður.

Einnig tel ég óforsvaranlegt með öllu, að fæðutegundir sem gerðar eru sérstaklega fyrir sykursjúka, séu með 20% tolli á sama tíma og sykur og almennar sykurvörur eru tollfrjálsar.

Þess vegna flyt ég eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

1. Í 13. tölulið bætist nýr liður:
   21.07.03 orðist svo:

Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum svo og fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka.

2. Við 54. tölulið bætist:

	1978	Frá 1/1 1979	Frá 1/1 1980
Eftirtaldir liðir breytist þannig:			
a) 84.10			
31 Fiskidælur	0	0	0
b) 84.17			
21 Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu	0	0	0
22 Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur)	0	0	0
c) 84.18			
11 Mjólkurskilvindur	0	0	0
d) 84.22			
11 Kraftblokkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta	0	0	0
12 Vindur, þar með talin akkeris- og skipavindur	0	0	0
21 Lyftikranar	0	0	0
31 Heyblásarar (til að færa hey)	0	0	0
62 Pallalyftur á bifreiðar (sturtur)	0	0	0
e) 84.24			
10 Plógar	0	0	0
20 Vélar til sáningar, plöntunar og umplöntunar; áburðar og mykjudreifarar	0	0	0
31 Herfi	0	0	0
41 Áburðardreifarar	0	0	0
f) 84.25			
31 Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar	0	0	0
32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	0	0	0
41 Flokkunarvélar	0	0	0
g) 84.26			
Mjaltavélar	0	0	0
21 Mjólkurvinnsluvélar	0	0	0
h) 84.30			
15 Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	0	0	0
i) 84.59			
83 Stýrivélar til skipa	0	0	0
j) 84.65			
01 Skipsskrúfur, skrúfuásþéttar og skiptiskrúfubúnaður	0	0	0

Alþingi, 5. maí 1978.

Ragnar Arnalds.

Ed. 931. Breytingartillögur [309. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá Helga F. Seljan.

Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, sem orðist svo:

a. (3. gr.) Þriðja málsgrein í 12. gr. laganna orðist svo:

Tryggingayfirlæknir metur ásamt lífeyrisdeildarstjóra og félagsráðgjafa örorku þeirra sem sækja um örorkubætur.

c. (4. gr.) Niður falli í 14. gr. laganna, fyrstu málsgrein, orðin „enda eigi barnið lögheimili hér á landi".
d. (5. gr.) Niður falli í 17. gr. laganna, fyrstu málsgrein, orðin „innan 67 ára aldurs".

Ed. 932. Nefndarálit [309. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur eindregið til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1978.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Steinþór Gestsson.
Albert Guðmundsson.
Helgi F. Seljan, með fyrirvara.
Ásgeir Bjarnason.
Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 933. Fjáraukalög [293. mál]

fyrir árið 1976.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 623.

Sþ. 934. Þingsályktun [68. mál]

um öryggisbúnað smábáta.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um eftirlit með opnum smábátum og öryggisbúnaði þeirra.

Sþ. 935. Þingsályktun [165. mál]

um leit að nýjum karfamiðum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 329.

Sþ. 936. Þingsályktun [171. mál]

um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um, að kennsla og fræðsla í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins verði efld.

Sþ. 937. Þingsályktun [201. mál]

um framhald Inndjúpsáætlunar.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli hlutast til um að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar skuli næstu fimm ár eftir að starfstíma áætlunar lýkur halda þeirri lánafyrirgreiðslu til ræktunar, sem þeir hafa notið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggðasjóði, enda verði unnið samkvæmt endurnýjaðri áætlun.

Nd. 938. Lög [202. mál]

um embættisgengi kennara og skólastjóra.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 889 (sbr. 397).

Nd. 939. Lög [255. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22 .mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 895.

Nd. 940. Lög [292. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1976.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 622.

Nd. 941. Lög [301. mál]

um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972, um orlof húsmæðra.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 817.

Ed. 942. Lög [136. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 869.

Nd. 943. Frumvarp til iðnaðarlaga. [38. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 39 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptaþekkingu svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

8. gr. hljóðar svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

Í sveitum, kauptúnum og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.

Nd. 944. Lög [124. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 920.

Nd. 945. Lög [268. mál]

um Iðntæknistofnun Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 918 (sbr. 757).

Ed. 946. Tillaga um að vísa til ríkisstjórnarinnar [282. mál]

málinu: Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Ragnari Arnalds.

Þar sem frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt er ófullkomið og í mörgum atriðum stórgallað, en breytingartillögur minni hlutans hafa verið felldar, og með það í huga, að ekkert kallar á, að frumvarpið sé afgreitt fyrir komandi kosningar, en eðlilegast er, að sú ríkisstjórn, sem verður við völd að kosningum loknum, endurskoði frumvarpið og leggi nýtt skattafrumvarp fyrir Alþingi næsta haust, samþykkir efri deild að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Ed. 947. Lög [240. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 927 (sbr. 824).

Ed. 948. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til iðnaðarlaga.

Frá Stefáni Jónssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 8. gr. Í stað orðanna „að nota megi ólært verkafólk“ komi: ráða megi ólært verkafólk.

Nd. 949. Frumvarp til iðnaðarlaga. [38. mál]

(Eftir eina umr. í Ed., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 39 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptaþekkingu svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

8. gr. hljóðar svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að ráða megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

Í sveitum, kauptúnum og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.

Ed. 950. Lög [299. mál]

um jöfnunargjald.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 717.

Ed. 951. Lög [217. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 917.

Ed. 952. Lög [309. mál]

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 925 (sbr. 847).

Ed. 953. Lög [181. mál]

um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 924.

Ed. **954. Lög** [282. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 803 (sbr. 600 og 802).

Nd. **955. Lög** [306. mál]

um breytingu á lögum nr. 13 31. mars 1962, um heyrnleysingjaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 796.

Nd. **956. Lög** [237. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 452.

Nd. **957. Iðnaðarlög.** [38. mál]

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 949 (sbr. 39).

Ed. **958. Lög** [199. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 393.

Sþ. **959. Þingsályktun** [67. mál]

um atvinnumöguleika ungs fólks.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 73.

Sþ. 960. Þingsályktun [74. mál]

um aðgerðir til varnar gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 86.

Sþ. 961. Þingsályktun [295. mál]

um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Alþingi ályktar, að þar sem 6 ár eru liðin síðan stjórnarskrárnefnd var kosin, og það er lengri tími en venjulegur kjörtími þingkjörinna nefnda og ráða, skuli að loknum kosningum til Alþingis tilnefna að nýju 9 menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á nýkjörnu Alþingi, og í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög.

Sþ. 962. Þingsályktun [180. mál]

um könnun á atvinnulegri og félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 347.

Sþ. 963. Þingsályktun [178. mál]

um endurnýjun og uppbyggingu strandferðaþjónustunnar.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 344.

Sþ. 964. Nefndaskipun.

(99. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd:*
   Steinþór Gestsson, formaður,
   Gunnlaugur Finnsson,
   Pálmi Jónsson,
   Geir Gunnarsson,
   Þórarinn Sigurjónsson, fundaskrifari,
   Lárus Jónsson,
   Ingi Tryggvason, varaformaður,
   Ellert B. Schram,
   Helgi F. Seljan,
   Sighvatur Björgvinsson.

   Mál er til nefndarinnar var vísað:
   A. Lagafrumvörp:
   1. Fjárlög 1978 (1, n. 149 (meiri hl.), n. 230 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Steinþór Gestsson.
      Frsm. minni hl.: Geir Gunnarsson.
   2. Fjáraukalög 1975 (123, n. 273).
      Frsm.: Lárus Jónsson.
   3. Fjáraukalög 1976 (623, n. 778).
      Frsm.: Lárus Jónsson.

   B. Þingsályktunartillögur:
   1. Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum (22).
      Nefndarálit kom ekki.
   2. Varnir gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa (86, n. 903).
      Frsm.: Steinþór Gestsson.
   3. Lagning bundins slitlags á þjóðvegi (66).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Vegáætlun 1977—80 (281, n. 579).
      Frsm.: Steinþór Gestsson.
   5. Söluskattur af útfluttum iðnaðarvörum (96).
      Nefndarálit kom ekki
   6. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði (92).
      Nefndarálit kom ekki.
   7. Hafnaáætlun 1977—1980 (67).
      Nefndarálit kom ekki.
   8. Flugöryggismál (533, n. 776).
      Frsm.: Steinþór Gestsson.

2. *Utanríkismálanefnd:*

Jóhann Hafstein, varaformaður,
Þórarinn Þórarinsson, formaður,
Friðjón Þórðarson, fundaskrifari,
Gils Guðmundsson,
Tómas Árnason,
Guðmundur H. Garðarsson,
Gylfi Þ. Gíslason.

Varamenn:

Ragnhildur Helgadóttir,
Steingrímur Hermannsson,
Eyjólfur K. Jónsson,
Magnús Kjartansson,
Ingvar Gíslason,
Pétur Sigurðsson,
Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði (13).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Efling útflutningsstarfsemi (17, n. 491).
   Frsm.: Tómas Árnason.
3. Gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga (184, n. 206).
   Frsm.: Þórarinn Þórarinsson.
4. Uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands (466).
   Nefndarálit kom ekki.

3. *Atvinnumálanefnd:*

Guðmundur H. Garðarsson, varaformaður,
Steingrímur Hermannsson,
Jón G. Sólnes,
Gils Guðmundsson, fundaskrifari,[1])
Páll Pétursson, formaður,
Sverrir Hermannsson,
Karvel Pálmason.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Rannsóknir á djúpsækjumiðum fyrir Norðurlandi (31, n. 849).
   Frsm.: Karl G. Sigurbergsson.
2. Skipulag orkumála (30).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Atvinnumöguleikar ungs fólks (73, n. 810).
   Frsm.: Guðmundur H. Garðarsson.
4. Iðnaður á Vesturlandi (85, n. 916).
   Frsm.: Sverrir Hermannsson.
5. Karfamið (329, n. 839).
   Frsm.: Sverrir Hermannsson.
6. Lifnaðarhættir æðarfugls (387, n. 752).
   Frsm.: Páll Pétursson.
7. Framhald Inndjúpsáætlunar (396, n. 848).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
8. Raforkusala á kostnaðarverði til stóriðju (95).
   Nefndarálit kom ekki.

---

[1]) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. apríl til 6. maí, tók sæti hans í nefndinni Karl G. Sigurbergsson.

9. Þjónustu- og úrvinnsluiðnaður í sveitum (416).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Reiðskóli (147).
   Nefndarálit kom ekki.
11. Suðurnesjaáætlun (342).
   Nefndarálit kom ekki.
12. Réttindi bænda, sem land eiga að sjó (384).
   Nefndarálit kom ekki.
13. Lax- og silungsveiði (422).
   Nefndarálit kom ekki.
14. Notkun raforku í atvinnufyrirtækjum (656).
   Nefndarálit kom ekki.

4. *Allsherjarnefnd:*

Lárus Jónsson,
Jón Skaftason, varaformaður,
Ólafur G. Einarsson,
Jónas Árnason,
Jón Helgason, fundaskrifari,
Ellert B. Schram, formaður,
Magnús T. Ólafsson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Starfshættir Alþingis (6, n. 643).
   Frsm.: Ellert B. Schram.
2. Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum (5).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Kosningalög (4, n. 642).
   Frsm.: Ellert B. Schram.
4. Sérfræðileg þjónusta á heilsugæslustöðvum (42, n. 595).
   Frsm.: Ellert B. Schram.
5. Íslensk stafsetning (64, n. 615 (meiri hl.), n. 624 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ellert B. Schram.
   Frsm. minni hl.: Magnús T. Ólafsson.
6. Tónmenntafræðsla í grunnskóla (59, n. 394).
   Frsm.: Ellert B. Schram.
7. Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi (45, n. 617).
   Frsm.: Ellert B. Schram.
8. Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls (60, n. 492 (meiri hl.), 553 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ellert B. Schram.
   Frsm. minni hl.: Jón Helgason.
9. Flugsamgöngur við Vestfirði (40, n. 594).
   Frsm.: Ellert B. Schram.
10. Öryggisbúnaður smábáta (77, n. 596).
   Frsm.: Ellert B. Schram.
11. Rekstrar- og afurðalán bænda (127, n. 893 (meiri hl.), n. 906 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ellert B. Schram.
   Frsm. minni hl.: Jón Helgason.

12. Rekstrar- og afurðalán til bænda (140).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Þjóðaratkvæði um prestskosningar (50).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Hámarkslaun o. fl. (111).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra (121).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Sami kjördagur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar (89, n. 644).
    Frsm.: Ellert B. Schram.
17. Uppbygging strandferðaþjónustunnar (344, n. 922).
    Frsm.: Jón Skaftason.
18. Hagstofnun launþega og vinnuveitenda (392).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Íslenskukennsla í fjölmiðlum (336, n. 836).
    Frsm.: Ellert B. Schram.
20. Kortabók Íslands 8340).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Sparnaður í fjármálakerfinu (141).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Velfarnaður sjómanna (307).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Endurskoðun skattalaga (311).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Launakjör og fríðindi embættismanna (112).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Orkusparnaður (308).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Lagning aðflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar (508).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Húsnæðismál (525).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna (565).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Atvinnuleg og félagsleg aðstaða byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar (347, n. 923).
    Frsm.: Jón Skaftason.
30. Atvinnu- og félagsmál á Þórshöfn (483).
    Nefndarálit kom ekki.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Sverrir Hermannsson, formaður,
Ingvar Gíslason, varaformaður,
Friðjón Þórðarson,
Helgi F. Seljan, fundaskrifari,
Gunnlaugur Finnsson,
Sigurlaug Bjarnadóttir,
Eggert G. Þorsteinsson.

6. *Kjörbréfanefnd:*
   Friðjón Þórðarson,
   Jón Skaftason, varaformaður,
   Pálmi Jónsson, fundaskrifari,
   Jónas Árnason,
   Tómas Árnason, formaður,
   Eyjólfur K. Jónsson,
   Karvel Pálmason.

   Nefndin rannsakaði kjörbréf Halldórs Blöndal, 10. landsk. (vara)þm., og lét uppi munnlegt álit um það.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
   Albert Guðmundsson,
   Halldór Ásgrímsson, formaður,
   Jón G. Sólnes, varaformaður,
   Ragnar Arnalds,
   Jón Helgason, fundaskrifari,
   Axel Jónsson,[1])
   Jón Árm. Héðinsson.

   Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:
   1. Kjarasamningar opinberra starfsmanna (47, n. 52).
      Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
   2. Hlutafélög (51, n. 476).
      Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
   3. Tekjustofnar sveitarfélaga (38).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Innkaupastofnun ríkisins (69, n. 484 (meiri hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
      Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
   5. Launaskattur (87, n. 157 (meiri hl.), n. 158 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
      Frsm. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
   6. Tekjuskattur og eignarskattur (88, n. 155).
      Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
   7. Söluskattur (93).
      Nefndarálit kom ekki.
   8. Skráning og mat fasteigna (97, n. 108).
      Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
   9. Kjarasamningar opinberra starfsmanna (113, n. 128).
      Frsm.: Jón G. Sólnes.
   10. Ríkisreikningurinn 1975 (130, n. 180).
      Frsm.: Jón G. Sólnes.

[1]) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 22. nóv. til 21. des., tók sæti hans í nefndinni Halldór Blöndal.

11. Lífeyrissjóður bænda (138, n. 181).
    Frsm.: Jón Helgason.
12. Innheimta gjalda með viðauka (167, n. 182).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
13. Tímabundið vörugjald (168, n. 213 (minni hl.), 214 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
14. Fjáröflun til vegagerðar (169, n. 211 (minni hl.), n. 215 (meiri hl.).
    Frsm. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
    Frsm. meiri hl.: Jón Helgason.
15. Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum (170, n. 254).
    Frsm.: Jón G. Sólnes.
16. Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978 (266 (sbr. 174), n. 281 (minni hl.), n. 282 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
17. Vörugjald (291, n. 293).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
18. Geymslufé (302, n. 388).
    Frsm.: Jón Helgason.
19. Samkeppni, verðmyndun og samruni fyrirtækja (312, n. 524 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Helgason.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
20. Viðskiptabankar (330).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Ráðstafanir vegna breytinga á gengi íslenskrar krónu (341, n. 352 (meiri hl.), n. 353 (1. minni hl.), n. 354 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
22. Ráðstafanir í efnahagsmálum (355, n. 373 (meiri hl.), n. 374 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
    Frsm. minni hl.: Ragnar Arnalds.
23. Framkvæmdastofnun ríkisins (400).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Bókhald (434, n. 485).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
25. Stimpilgjald (435, n. 486).
    Frsm.: Jón G. Sólnes.
26. Aukatekjur ríkissjóðs (436, n. 487).
    Frsm.: Jón G. Sólnes.
27. Sala notaðra lausafjármuna (430).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn (442).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Samningur milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um aðstoð í tollamálum (509, n. 560).
    Frsm.: Jón G. Sólnes.

30. Upplýsingaskylda banka og annarra lánastofnana (443).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Sparisjóðir (537)
    Nefndarálit kom ekki.
32. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga (551, n. 621).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
33. Ríkisreikningurinn 1976 (662, n. 686).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
34. Ríkisendurskoðun (409).
    Nefndarálit kom ekki.
35. Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir verslunarhættir (675 (sbr. 462), n. 769 (meiri hl.), n. 770 (1. minni hl.), n. 829 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Helgason.
    Frsm. 1. minni hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
36. Tekjuskattur og eignarskattur (803 (sbr. 600), n. 837 (meiri hl.), n. 871 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
    Frsm. minni hl.: Ragnar Arnalds.
37. Söluskattur (490, n. 826 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
38. Jöfnunargjald (717, n. 907 (meiri hl.), n. 909 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
    Frsm. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
39. Tollskrá o. fl. (917, n. 929 (meiri hl.), n. 930 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
    Frsm. minni hl.: Ragnar Arnalds.

2. *Samgöngunefnd:*

Steinþór Gestsson,
Jón Helgason, formaður,
Jón G. Sólnes,
Stefán Jónsson,
Halldór Ásgrímsson, fundaskrifari,
Ingiberg J. Hannesson, varaformaður,
Eggert G. Þorsteinsson.

Í samvinnu við samgöngunefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabáta og fólks- og vöruflutninga. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 240 (frsm.: Friðjón Þórðarson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Steinþór Gestsson, formaður,
Ásgeir Bjarnason, varaformaður,
Axel Jónsson,
Ragnar Arnalds,
Ingi Tryggvason, fundaskrifari,
Ingiberg J. Hannesson,
Jón Árm. Héðinsson.

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Sala eyðijarðarinnar Kollsvíkur í Rauðasandshreppi (452, n 844).
   Frsm.: Ingi Tryggvason.
2. Búnaðarfræðsla (367, n. 669).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
3. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum (605, n. 673).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
4. Stofnlánadeild landbúnaðarins (720, n. 807 (meiri hl.) , n. 827 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Steinþór Gestsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
5. Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi (395, n. 843).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.

B. Þingsályktunartillaga:

Verðlagsmál landbúnaðarins (115).
Nefndarálit kom ekki.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
   Oddur Ólafsson, varaformaður,
   Steingrímur Hermannsson, formaður,[1])
   Jón G. Sólnes.
   Stefán Jónsson,
   Halldór Ásgrímsson, fundaskrifari,
   Ingiberg J. Hannesson,
   Jón Árm. Héðinsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum (98, n. 136).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
2. Fiskimálaráð (331, n. 501).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
3. Löndun á loðnu til bræðslu (114, n. 259).
   Frsm.: Ingiberg J. Hannesson.
4. Löndun á loðnu til bræðslu (272, n. 292).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
5. Verðlagsráð sjávarútvegsins (420, n. 535).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
6. Fiskimálasjóður (421, n. 536).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
7. Réttur til fiskveiða í landhelgi (575, n. 689).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.

---

[1]) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 10. til 23. apríl, tók sæti hans í nefndinni Ólafur Þ. Þórðarson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Þorv. Garðar Kristjánsson, varaformaður,
Steingrímur Hermannsson, formaður,[1])
Jón G. Sólnes,
Stefán Jónsson,
Ingi Tryggvason, fundaskrifari,
Albert Guðmundsson,
Eggert G. Þorsteinsson.[2])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Iðnaðarlög (39, n. 878).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
2. Verðjöfnunargjald af raforku (134, n. 162).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
3. Íslenskur iðnaður (139).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Sölustofnun lagmetisiðnaðarins (597 (sbr. 573), n. 687).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
5. Iðntæknistofnun Íslands (757, n. 884).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.

6. *Félagsmálanefnd:*

Þorv. Garðar Kristjánsson, formaður,
Steingrímur Hermannsson,[1])
Axel Jónsson,
Helgi F. Seljan,
Jón Helgason, varaformaður,
Steinþór Gestsson, fundaskrifari,
Eggert G. Þorsteinsson.[2])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Byggingarlög (14, n. 368).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
2. Skipulagslög (15, n. 370).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
3. Tekjustofnar sveitarfélaga (142, n. 202).
   Frsm.: Jón Helgason.
4. Lífeyrissjóður sjómanna (415, n. 581).
   Frsm.: Jón Helgason.
5. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (494, n. 583).
   Frsm.: Jón Helgason.
6. Lífeyrissjóður barnakennara (495, n. 584).
   Frsm.: Jón Helgason.
7. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna (496, n. 585).
   Frsm.: Jón Helgason.

---

[1]) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 5. til 18. des. og frá 10. til 23. apríl, tók sæti hans í nefndinni Ólafur Þ. Þórðarson.
[2]) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 10. apríl til 4. maí, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

8. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (512, n. 586).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
9. Leigumálar og söluverð landa Reykjavíkurkaupstaðar (513, n. 587).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.
10. Sveitarstjórnarlög (531, n. 607).
    Frsm.: Jón Helgason.
11. Sveitarstjórnarkosningar (381, n. 608).
    Frsm.: Jón Helgason.
12. Kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni (323, n. 606).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.
13. Sáttastörf í vinnudeilum (604, n. 713).
    Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
14. Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar (603, n. 716).
    Frsm.: Axel Jónsson.
15. Umhverfismál (620).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Orlof húsmæðra (721, n. 774).
    Frsm.: Axel Jónsson.
17. Erfðafjárskattur (469, n. 806).
    Frsm.: Jón Helgason.
18. Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar (514, n. 808).
    Frsm.: Axel Jónsson.

Lagafrumvarp er nefndin flutti:

Orlof húsmæðra (72, n. 774).
Frsm.: Axel Jónsson.

7. *Heilbrigðis- og tryggingnefnd:*
   Oddur Ólafsson, formaður,
   Ásgeir Bjarnason, varaformaður,
   Steinþór Gestsson,
   Helgi F. Seljan,
   Halldór Ásgrímsson, fundaskrifari,
   Albert Guðmundsson,
   Eggert G. Þorsteinsson.[1])

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Almannatryggingar (23, n. 74).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
2. Eftirlaun aldraða félaga í stéttarfélögum (24, n. 75).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
3. Almannatryggingar (25, n. 76).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
4. Gleraugnafræðingar og sjónfræðingar (103).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 10. apríl til 4. maí, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónson.

5. Iðjuþjálfun (104, n. 196).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
6. Matvælarannsóknir ríkisins (105, n. 197).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
7. Læknalög (207, n. 269).
   Frsm.: Albert Guðmundsson.
8. Almannatryggingar (232, n. 249 (meiri hl.), n. 250 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Oddur Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Helgi F. Seljan.
9. Varnir gegn kynsjúkdómum (338, n. 428).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
10. Þroskaþjálfar (410, n. 438).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
11. Vátryggingarstarfsemi (447, n. 747 (minni hl.), n. 755 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Helgi F. Seljan.
    Frsm. meiri hl.: Oddur Ólafsson.
12. Ónæmisaðgerðir (448, n. 626).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
13. Lyfjafræðingar (449, n. 628).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
14. Manneldisráð (456, n. 638).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
15. Lyfjalög (457, n. 761).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
16. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (612, n. 753).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
17. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum (488, n. 685).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
18. Heilbrigðisþjónusta (824, n. 887).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
19. Almannatryggingar (847, n. 932).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.

B. Þingsályktunartillaga:

Innlend lyfjaframleiðsla (20).
Nefndarálit kom ekki.

8. *Menntamálanefnd:*

Þorv. Garðar Kristjánsson,
Steingrímur Hermannsson,[1])
Axel Jónsson, formaður,
Ragnar Arnalds,
Jón Helgason, varaformaður,
Steinþór Gestsson, fundaskrifari,
Jón Árm. Héðinsson.

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 5. til 18. des. og frá 10. til 23. apríl, tók sæti hans í nefndinni Ólafur Þ. Þórðarson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Leiklistarlög (116).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Þjóðleikhús (335, n. 631).
   Frsm.: Axel Jónsson.
3. Kennaraháskóli Íslands (366).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Grunnskóli (68, n. 712 (meiri hl.), n. 715 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árm. Héðinsson.
   Frsm. minni hl.: Axel Jónsson.
5. Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður (334, n. 630).
   Frsm.: Axel Jónsson.
6. Embættisgengi kennara og skólastjóra (625 (sbr. 397), n. 834).
   Frsm.: Axel Jónsson.
7. Tannsmiðir (580).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Fuglaveiðar og fuglafriðun (780).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Heyrnleysingjaskóli (796, n. 820).
   Frsm.: Axel Jónsson.
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands (797).
    Nefndarálit kom ekki.

9. *Allsherjarnefnd:*

Oddur Ólafsson, fundaskrifari,
Ingi Tryggvason, formaður,
Jón G. Sólnes, varaformaður,
Geir Gunnarsson,
Halldór Ásgrímsson,[1])
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Eggert G. Þorsteinsson.[2])

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Alþjóðasamningur um ræðissamband (36, n. 109).
   Frsm.: Ingi Tryggvason.
2. Stjórnarskipunarlög (37).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Umferðarlög (84).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Rannsóknarlögregla ríkisins (100, n. 222).
   Frsm.: Ingi Tryggvason.
5. Eignarráð yfir landinu (65).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 16. febr. til 6. mars, tók sæti hans í nefndinni Þorleifur K. Kristmundsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 10. apríl til 4. maí, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

6. Áfengislög (146, n. 424).
   Frsm.: Ingi Tryggvason.
7. Þinglýsingalög (313, n. 538).
   Frsm.: Ingi Tryggvason.
8. Jarðalög (314, n. 540).
   Frsm.: Ingi Tryggvason.
9. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna (315, n. 541).
   Frsm.: Ingi Tryggvason.
10. Bæjanöfn (316, n. 542).
    Frsm.: Ingi Tryggvason.
11. Kyrrsetning og lögbann (317, n. 543).
    Frsm.: Ingi Tryggvason.
